Aðalskráning fornleifa í Rangárþingi ytra

Áfangaskýrsla III



I. BINDI

Ritstjóri: Kristborg Þórsdóttir

Höfundar efnis:

Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Kristborg Þórsdóttir,

Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Sólveig Guðmundsdóttir Beck

FS526-06193

Fornleifastofnun Íslands

Reykjavík

2014

Forsíðumyndin er af uppblásinni bænhúsþúst og kirkjugarði úr stuðlabergi í landi Akbrautarholts (RA-391:002)

Fornleifastofnun Íslands 2013

Bárugötu 3
101 Reykjavík
Sími: 551 1033
Fax: 551 1047
Netfang: fsi@instarch.is
Heimasíða: www.instarch.is

Efnisyfirlit

I. Bindi

I. INNGANGUR 7

II. SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF 9

III. SKÝRINGAR 11

IV. FORNLEIFASKRÁ 13

RA-367 Arnkötlustaðir 13

RA-380 Gíslaholt 36

RA-381 Kambur 50

RA-382 Raptholt 60

RA-383 Kvíarholt 69

RA-384 Hreiður 81

RA-385 Guttormshagi 97

RA-386 Saurbær 111

RA-387 Hagi 123

RA-388 Hagahjáleiga 137

RA-389 Ketilstaðir 138

RA-390 Kaldárholt 143

RA-391 Akbrautarholt (Akbraut) 165

RA-392 Lækur 178

RA-393 Stúfholt 184

RA-394 Þverlækur 197

RA-395 Skammbeinstaðir 208

RA-396 Mykjunes 227

RA-397 Pula 237

RA-398 Kaldakinn 248

RA-399 Ölvaðsholt 254

RA-400 Ölvaðsholtshjáleiga 270

RA-401 Marteinstúnga 280

RA-402 Bjálmholt 294

RA-403 Hallstún 302

RA-404 Gata 308

II. Bindi

IV. FORNLEIFASKRÁ (FRAMHALD)

RA-405 Nefsholt
RA-406 Hvammur
RA-407 Lýtíngstaðir
RA-409 Þjóðólfshagi
RA-410 Moldartúnga
RA-411 Rauðalækur neðri (syðri)
RA-412 Brekkur
RA-413 Rauðalækur efri
RA-414 Litla-Túnga
RA-415 Árbær
RA-416 Árbæjarhellir
RA-417 Árbæjarhjáleiga
RA-418 Gilsbakki
RA-447 Heysholt
RA-663 Laufaleitir
RA-671 Fornleifar á fl. en einni jörð

V. BYGGÐ Í HOLTAHREPPI

VI. MINJAFLOKKAR

Bæjarhólar og bæjarstæði
Kirkjur og legstaðir
Útihús og túngarðar
Stekkir, kvíar, réttir og smalakofar
Beitarhús, sel og fjárskýli
Beitarhús
Fjárskýli
Sel
Mógrafir, kolagrafir, torfrista, og hellutak
Samgönguminjar
Minjar tengdar þjóðsögum og þjóðtrú
Áveitur

VII. VARÐVEISLA OG KYNNING MINJA Á SKRÁNINGARSVÆÐINU

HEIMILDASKRÁ

VIÐAUKI 1: HNITASKRÁR Á ISN93

VIÐAUKI 2: ÖRNEFNAKORT INGÓLFS EINARSSONAR

VIÐAUKI 3: MINJAKORT

I. Inngangur

Aðalskráning fornleifa í Rangárþingi ytra er langt komin og er nú sex áföngum lokið af níu. Áfangaskýrsla III kemur út af því tilefni og í henni birtist afrakstur vettvangsvinnu fimmta og sjötta áfanga, sem fram fór sumurin 2010 og 2011. Hluti af skráningu sjöunda áfanga sem fram fór sumarið 2012 er einnig í þessari skýrslu en það var gert til þess að allar skráðar fornleifar í Holtahreppi kæmu út í sömu skýrslu og verður næsta áfangaskýrsla eilítið rýrari fyrir vikið.

Í fimmta, sjötta og hluta af sjöunda áfanga skráningarinnar voru samtals skráðar 1209 fornleifar; 488 árið 2010[1] og 622 árið 2011. Fornleifar úr sjöunda áfanga sem birtast í þessari skýrslu eru 136 talsins. Í skýrslunni eru því upplýsingar um 1246 fornleifar. Frá upphafi hafa verið skráðar 3104 fornleifar í sveitarfélaginu.

Árið 2010 voru fornleifar skráðar á eftirtöldum jörðum: Arnkötlustöðum, Gíslholti, Kambi, Raftholti, Kvíarholti, Hreiðri, Saurbæ, Haga, Hagahjáleigu, Ketilstöðum, Kaldárholti, Akbrautarholti, Læk, Stúfholti og Þverlæk. Árið 2011 voru fornleifar skráðar á eftirfarandi jörðum: Guttormshaga, Skammbeinsstöðum, Mykjunesi, Pulu, Köldukinn, Ölversholtshjáleigu, Marteinstungu, Bjálmholti, Hallstúni, Götu, Nefsholti, Hvammi, Lýtingsstöðum, Þjóðólfshaga, Syðri-Rauðalæk, Brekkum og Efri-Rauðalæk. Upphaflega stóð til að skrá eingöngu samfellt svæði í Holtahreppi en sveitarfélagið óskaði eftir að skráningaráætlun yrði breytt til hagræðis fyrir áætlanagerð. Orðið var við þeirri beiðni og var jörðin Heysholt í Landmannahreppi skráð fyrr en ráðgert var. Af þeim jörðum sem skráðar voru árið 2012 birtast upplýsingar um fornleifar á eftirfarandi jörðum í þessari skýrslu: Meiri-Tungu (Moldartungu), Litlu-Tungu, Árbæ, Árbæjarhjáleigu, Árbæjarhelli og Gilsbakka. Einnig var lokið við að skrá fornleifar í Laufaleitum, afrétt Rangvellinga og skráðar voru fornleifar á fleiri en einni jörð. Skráningu fornleifa á jörðum í Holtahreppi er nú lokið.

Flestar fornleifar voru skráðar í landi Arnkötlustaða eða 68 minjar. Einnig voru margar fornleifar skráðar í Meiri-Tungu og Syðri-Rauðalæk eða 50 minjar. Að jafnaði voru hins vegar skráðar tæplega 30 fornleifar á hverri jörð.

Uppbygging skýrslunnar er með hefðbundnum hætti. Á eftir inngangi eru tveir kaflar um fornleifaskráningu þar sem m.a. er gefið yfirlit um löggjöf (2. kafli) og aðferðir við fornleifaskráningu (3. kafli). Í fjórða kafla er svo ítarleg fornleifaskrá. Í henni er skrá yfir allar

[1] Inni í þessari tölu eru 37 fornleifar á jörðinni Ölversholti. Hún var að stóru leyti skráð árið 2003 að frumkvæði landeigenda (sjá: Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Fornleifaskráning í Ölversholti, 2004) en skráningin þar hefur verið aukin og endurbætt.

þekktar fornleifar á skráningarsvæðinu. Í 5. kafla er yfirlit um sögu byggðar á svæðinu og samantektir um helstu minjaflokka. Að lokum eru svo niðurstöður 5. og 6. áfanga dregnar saman og settar fram tillögur um verndun og kynningu fornleifa á því svæði sem skráð hefur verið (6. kafli). Aftast í skýrslunni eru fornleifakort sem sýna dreifingu minjastaða auk örnefnakorta Ingólfs Einarssonar. Minjastaðirnir eru merktir á loftmyndir af svæðinu frá Loftmyndum ehf. Örnefnakortin eru varðveitt hjá Örnefnasafni Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Sædís Gunnarsdóttir gerði svæðisskráningu (heimildakönnun) fyrir Rangárvallasýslu árið 1999 og vettvangsskráningin byggði á henni. Fornleifafræðingarnir Kristborg Þórsdóttir og Sólveig Guðmundsdóttir Beck skráðu minjar á vettvangi sumarið 2010 og 2012 og Kristborg og Ragnheiður Gló Gylfadóttir skráðu minjar á vettvangi sumarið 2011 auk Elínar Óskar Hreiðarsdóttur en hún skráði einnig fornleifar í landi Ölversholts. Kristborg sá um samantekt efnis og ritun áfangaskýrslu. Við undirbúning vettvangsrannsókna var rætt við ýmsa heimildamenn og er þeim þökkuð aðstoðin.

II. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein þjóðminjalaga (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað […].“ Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum,

mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.


Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

III. Skýringar

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SÞ o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi:RA-123:001). Fornleifaskrá hverrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þær fornleifar sem fundust innan hverrar jarðar.

Í skránni fær hver minjastaður eina grein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða nátttröll). Allir fornleifastaðir eru greindir til



Dæmi um skráningu á dæmigerðum minjastað

tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (stillingin WGS 84) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju er oftast ekki meira en 10 metrar að meðaltali. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar

hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta og 3) stórhætta. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu teljast minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum kunni að verða raskað vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórframkvæmda eða sem uppblástur ógnar.

Gerð er grein fyrir hver er hættuorsök hverju sinni. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

IV. Fornleifaskrá

Túnakort fyrir Arnkötlustaði



RA-367 Arnkötlustaðir

15 hdr. 1709. JÁM I, 355. 1270: Getið í máldaga Oddakirkju. DI II, 86-88. 1332: Getið í máldaga Árbæjarkirkju. DI II, 698. "Jörðin er um 270 ha, algróin, grasgefin, þurrlend að einum þriðja." SB V, 245.
1709: "Af landi jarðarinnar brýtur Rauðilækur so spjöllum nemur og ber uppá slægjulandið grjót og sand." JÁM I, 356. 1917: Tún 3,6 ha, þar af slétt 1,5 ha, garðar 940 m². "Til suðvesturs frá bænum liggja Brúnir. Þar eru engjar jaðarinnar. Þær halla móti suðri niður að læknum. Ekki þykja þær grasgefnar nema í góðum grasárum, en heyfall er þar létt og hollt." Ö-Arnkötlustaðir, 3.

RA-367:001 *Arnkötlustaðir* bæjarhóll bústaður 63°51.055N 20°31.933V



Gamli bærinn á Arnkötlustöðum um 1944
(Holtamannabók I, bls. 9)

Bærinn á Arnkötlustöðum er hátt í gamla túninu sem hallar til norðurs og austurs. Rauðalækur rennur um 165 m suðaustan við hann.



Bæjarstæði Arnkötlustaða 001, horft til vesturs. Gamall hestasteinn er í forgrunni

Bærinn er í sléttuðu túni.
Ekki sést greinilegur, skýrt afmarkaður bæjarhóll á Arnkötlustöðum en nýleg, samtengd íbúðarhús eru á bæjarstæðinu. Kjallari er undir hluta þeirra. Lystigarður er vestan við húsin. Bæjarstæðið er á náttúrulegri hæð og kann mögulegur bæjarhóll að hafa samlagast honum. Líklegt er að hann hafi raskast eitthvað við byggingaframkvæmdir, t.d. við gerð kjallarans. Í lystigarði fast sunnan við núverandi íbúðarhús er jarðhýsi og sambyggt hús sem notað er sem geymsla. Þessi mannvirki voru hluti af eldri bæ sem rifinn var þegar yngri hús voru byggð en yngstu húsin eru frá því um 1970. Brunnur var grafinn suðvestan við bæinn 1920 og þurfti að grafa langt niður á klöpp áður en komið var niður á vatn. Brunnurinn er grjóthlaðinn og er um 1 m í þvermál. Hann er byrgður. Vatn þar var nægilegt og notað þangað til sameiginleg veita kom í sveitina. Salvör Hannesdóttir, heimildamaður, taldi brunninn vera 6-8 m djúpan.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917



Á myndinni sést í hlaðið jarðhýsi sem tilheyrði eldri bæ á bæjarstæðinu, horft til vesturs


RA-367:002 hús fjós 63°51.072N 20°31.891V





Myndin til vinstri sýnir fjós, hús A, og bak við það sést í þak á húsi B, horft til austurs. Myndin til vinstri sýnir leifar af húsi E og sambyggðum heygarði, horft til vesturs.

"Austur af fjósi og heygarði, sem er spölkorn frá bænum, er Fjósflöt (fjós voru tvö áður fyrr)," segir í örnefnalýsingu. Húsaþyrping er um 50 m austan við bæ 001. Þar voru fjós og hlaða auk annarra húsa. Í örnefnaskránni er líklega átt við að tvö fjós hafi staðið á sama stað því ekki fengust heimildir eða upplýsingar um að fjós hafi verið á öðrum stað en þessum.
Húsin eru í sléttu túni, í austurjaðri þess.
Minjarnar ná yfir svæði sem er um 25x28 m að stærð og snýr austur-vestur. Í lýsingunni sem fylgir hér á eftir er hverju húsi og mannvirki gefinn bókstafur til aðgreiningar. Vestast á svæðinu er hús A með þrjár burstir. Veggir eru hlaðnir úr móbergi og torfi en stafnar og þök úr bárujárni og viði. Dyr eru inn í öll hólfin. Húsið allt er um 17x9 að stærð og snýr norður-suður. Hólf I er nyrst, það er um 6x6 m að stærð, Hólf II er sunnan við A, það er stærst, er um 7x9 m að stærð og snýr austur-vestur. Hólf III er syðst um 5x4 m að stærð og snýr austur-vestur. Mesta hæð veggja er um 1,3 m og hæst er um 2,5 m upp í mæni. Í þessu húsi hefur líklegast verið fjós og mjólkurhús. Fast austan við þetta hús er annað stórt hús B með sama byggingarlagi. Það er einfalt, um 8x9 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Bárujárnsgafl er á því og dyr til suðausturs. Mesta hæð veggja er um 1,7 m og eru um 3 m upp í mæni. Líklega hefur þetta hús verið hlaða. Norðaustan við það er þaklaus gryfja C sem er um 2x2 m að innanmáli, um 2 m á dýpt. Op er upp í hana úr suðaustri og er grjót í því. Hlutverk þess er óljóst. Norðaustan við þetta er grjóthrúga D á horni mannvirkjatorfunnar sem er um 2x2 m að stærð. Hús E er um 2 m ANA við hús A. Því tilheyra tvö sambyggð hús og einn heygarður. Alls eru þessi mannvirki um 20x10 m að stærð og snúa austur-vestur. Vestast er hólf I sem er um 7x6 m að stærð og snýr austur-vestur. Það er hlaðið úr




Fjós 002

torfi og grjóti og eru gaflar og þök úr bárujárni. Dyr eru á norðurhlið og austurhlið út í heygarð II sem er grjóthlaðinn og er um 8x8 m að innanmáli. Hann er um 1 m á dýpt þar sem dýpst er. Þá er hús III sem er fast austan við heygarð II. Það er um 5x8 m að stærð, snýr norður-suður. Timburþil er á því og dyr til norðurs. Veggir eru hlaðnir úr torfi og grjóti. Mesta hleðsluhæð er um 1,5 m. Mestur fjöldi umfara er í veggjum húss B en þar sjást 11 umför. Ekki er ljóst til hvers húsin voru notuð. Mannvirkin sem sjást á yfirborði eru líklega of ung til að teljast fornleifar en þarna hafa greinilega verið hús um langt skeið og eldri mannvistarleifar leynast því örugglega undir sverði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Arnkötlustaðir, 4

RA-367:003 heimild um útihús 63°51.003N 20°31.967V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 100 m SSV við bæ 001. Að sögn Salvarar Hannesdóttur, heimildamanns, voru tvö hringlaga fjárskýli, Borgir 064, á svipuðum stað í túninu og mögulega er um sama stað að ræða. Á örnefnakorti eru Borgir merktar neðan við Gömlutraðir 044 og er samkvæmt því ekki á sama stað og útihúsið en farið var eftir heimildamanni við staðsetningu fjárskýlanna.
Útihúsið var í sléttuðu túni, austan við afgerandi brekku.
Ekki sést til minja um útihúsið túninu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-367:004 *Tættur* þúst fjárhús 63°50.972N 20°31.984V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 150 m SSV við bæ 001. Þar sést nú þúst með þremur dældum. Samkvæmt Salvöru Hannesdóttur, heimildamanni, er þessi þúst þar sem "Tættur" eru merktar á örnefnakort. Að sögn hennar voru fjárhús á þessum stað.

Þústin er í sléttuðu túni. Hátt er fram af túninu til austurs.
Þústin er á dálítilli hæð í túninu og í henni eru þrjár dældir eða hólf. Þústin er um 15x7 m að stærð og snýr norður-suður. Hólf I er í norðurenda. Það er um 2,5x5 m að innanmáli, snýr austur-vestur. Innri brún hólfsins er skýr að vestanverðu. Hólf II er um 1,5x5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Hólf III er um 3x2,5 m að innanmáli, snýr norður-suður. Ekki sjást op inn í hólfin og er þústin um 0,3 m á hæð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar





Þústin, horft til suðurs á ljósmynd

Heimildir: Túnakort 1917; IE-Örnefnauppdráttur, Arnkötlustaðir

RA-367:005 heimild um lambhús 63°51.062N 20°31.993V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 40 m norðvestan við bæ 001. Að sögn Salvarar Hannesdóttur, heimildamanns, var það lambhús.
Útihúsið var í séttuðu túni á hæðarhrygg.
Ekki sést til minja og má ætla að þær hafi verið sléttaðar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-367:006 heimild um útihús 63°51.072N 20°31.962V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 60 m NNV við bæ 001.
Útihúsið var í sléttuðu túni á hæðarhrygg.
Ekki sést til minja og má ætla að þær hafi verið sléttaðar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917


RA-367:007 náma mógrafir 63°51.010N 20°30.574V
"Tittlingagil er stutt gilspræna, sem fellur í Rauðlæk. Það mun draga nafn af smæð sinni. Fyrir vestan það er Mógil, fremur jarðfall en gil. Þar var áður tekinn mór frá Arnkötlustöðum," segir í örnefnalýsingu. Mógil er sunnan við Rauðalæk í austurenda landareignar Arnkötlustaða, um 1,1 km austan við bæ 001 og um 60 m sunnan við Mógilsvað 022.
Mógil er 3-4 m djúpt, 20-40 m breitt og um 100 m langt gil sem liggur NNA-SSV inn í háan suðurbakka Rauðalækjar. Í gilinu er þýfður grasigróinn mói og deig mýri í hluta af botni þess.
Mógrafir eru í gilinu á svæði sem er um 100 x 50 m stórt og snýr NNA-SSV. Í botni gilsins er stök gryfja en flestar eru þó í suðvesturbrún þess. Gryfjan í botni gilsins er ferköntuð, um 14 x 4 m



Mógrafir 007, horft til norðausturs

stór, 0,2-0,4 m á dýpt og snýr norðaustur-suðvestur. Í suðvesturbrún gilsins eru að minnsta kosti 8 grafir beggja vegna gilsins, sem snúa á ýmsa vegu. Gryfjurnar eru 2-5 m breiðar, 3-6 m langar og 0,4-1,5 m djúpar. Ekki er óhugsandi að einnig hafi verið tekinn mór í hlíðum gilsins þó ekki sjáist þess nein merki.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Arnkötlustaðir, 2

RA-367:008 tóft beitarhús 63°50.955N 20°30.899V



Tóft 008, horft til suðausturs á ljósmynd

"Tittlingagil er stutt gilspræna, sem fellur í Rauðlæk. Það mun draga nafn af smæð sinni. Fyrir vestan það er Mógil, fremur jarðfall en gil. Þar var áður tekinn mór [007] frá Arnkötlustöðum. Þá koma Borgarhólar. Þar voru áður beitarhús frá Arnkötlustöðum, og þar var ám smalað saman um sauðburð, stíað og fært frá. ... Skörð, Jarðfall, Stekkjartúnsnef og Börð eru á leiðinni heim að bænum frá fjárhúsunum," segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt örnefnakorti var sauðahús við Borgarhóla. Fjórar grasigrónar tóftir eru í Borgarhólum um 900 m ASA við bæ 001 við suðurlandamerki Arnkötlustaða og Kastalabrekku RA-429. Aðeins ein var þó skráð sem beitarhús.
Borgarhólar eru þýfðir og grasigrónir hólar í og við 1-1,5 m háan og 10-20 m breiðan rana sem liggur ANA-VSV í gömlu túni á suðurbakka Rauðalækjar.
Beitarhústóftin og þrjár aðrar smærri tóftir (054A-C) eru í og við austurenda rimans á svæði sem er um 80 x 60 m stórt og snýr norður-suður. Tóft 008 er tvískipt beitarhústóft sem er um 14 x 9 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir tóftarinnar eru 2-3 m á breidd, 0,2-1 m á hæð og teknir að hlaupa í þúfur. Hleðslur eru signar og vel grónar því engar grjóthleðslur eru sjáanlegar fyrir utan hrun úr útveggjum. Gengið hefur verið inn í beitarhúsið eða hólf I að norðvestan. Hólfið er um 8 x 2 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Engar garðaundirstöður eru greinanlegar í botni hólfsins svo að húsið hefur hugsanlega verið jötuhús eða með timburgarða. Hlaðan, hólf II, er fast inn af hólfi I. Líklega hefur verið gengið inn í hlöðuna um timburþil. Hlaðan hefur verið að minnsta kosti um 0,3 m dýpri en beitarhúsið. Hlaðan er um 4 x 3 m að innanmáli og snýr einnig norðvestur-suðaustur. Tóftir 054A, B og C eru í hnapp á öðrum grasigrónum hól, um 70 m SSA við 008, en þar sem þær virtust eldri voru þær skráðar sér.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Arnkötlustaðir, 2, 3; IE-Örnefnauppdráttur, Arnkötlustaðir

RA-367:009 heimild um tjaldstæði 63°50.960N 20°31.005V
"Tittlingagil er stutt gilspræna, sem fellur í Rauðlæk. Það mun draga nafn af smæð sinni. Fyrir vestan það er Mógil, fremur jarðfall en gil. Þar var áður tekinn mór [007] frá Arnkötlustöðum. Þá koma Borgarhólar [sjá 054]. Þar voru áður beitarhús [008] frá Arnkötlustöðum, og þar var ám smalað saman um sauðburð, stíað og fært frá. Þar mátti og oft sjá tjöld og hesta ferðamanna, meðan gamli ferðamannavegurinn [671:010] lá með Rauðalæk," segir í örnefnalýsingu. Í greininni "Holtavegur hinn forni" eftir Guðlaug E.Einarsson segir: "Næst var Grænarimavað efra og syðra [032], þá Grænaflóðsvað [031] og Hrossaviksvað syðra [030], öll í landi Arnkötlustaða. Á móts við Arnkötlustaði rennur Rauðalækur í allmiklum boga, og tekur þá vegurinn beina stefnu úr Hrossaviki um holtabörð, en kemur aftur að læknum hjá Brattastíg [671:010], sem er móklapparbrekka nálægt sauðahúsum [008] hjá Arnkötlustöðum, er stóðu í svonefndum Borgarhólum [054]. Á þessum slóðum mátti oft sjá tjöld og hafthesta á vorin, einkum um lestirnar, og vil eg ekki segja, að það hafi bætt haga bændanna meðfram Rauðalæk, en um það var ekki að fást, einhversstaðar urðu hrossin að fá að bíta." Umræddur

áningarstaður var um 780 m ASA við bæ 001 og um 90 m VNV við beitarhústóft 008.
Á þessu svæði er sléttlent en þýft graslendi. Þar var áður gamla Stekkjartúnið.
Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Arnkötlustaðir, 2; G.E.E: Blanda VII, 320

RA-367:010 gerði 63°51.316N 20°31.621V
Stórt hólf eða gerði er um 550 m NNA við bæ 001, samsíða Skammalæk 15-20 m vestan hans.
Á þessu svæði er þýfður grasi- og mosagróinn mói sem nýttur er sem hrossahagi, trúlega nokkuð deigur þegar rignir. Við suðurenda hólfsins er 3-4 m hátt holt sem lokar gerðinu að SSA.
Gerðið er aflangt og gróflega ferkantað, um 240 x 90 m stórt og snýr NNV-SSA. Vegghleðslur gerðisins eru torfhlaðnar en nú (2010) nokkuð þýfðar og signar. Veggirnir eru 1-1,5 m á breidd, 0,4-0,8 m á hæð og eru þeir hærri að utan en innan. Ekki er ljóst hvað hefur verið á þessu svæði en stærð hólfs og staðsetning gæti gefið til kynna náttthaga.
Hættumat: engin hætta



Gerði 010, horft til NNV

RA-367:011 garðlag túngarður 63°50.945N 20°32.001V
Leifar af túngarði sem sýndur er á túnakorti frá 1917 sjást á einum stað við suðvesturenda túns, um 210 m suðvestan við bæ 001.
Túngarðsleifarnar sjást í brekku til suðausturs þar sem skurður hefur verið grafinn meðfram túngarðinum að hluta til.
Túngarðurinn er um 55 m á lengd og snýr suðaustur-norðvestur. Hann virðist vera torfhlaðinn, er um 1 m á breidd og hæstur um 0,5 m. Samkvæmt túnakorti frá 1917 virðist túngarður þá hafa afmarkað svæði sem er um 240x300 m að stærð og snýr norður-suður.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-367:012 náma mógrafir
63°50.754N 20°32.023V
Tvær mógrafir fundust á norðurbakka Rauðalækjar við skráningu, um 550 m sunnar við bæ 001 og um 30 m VNV við Krikavað syðra 029. Ekki er óhugsandi að fleiri mógrafir leynist á svæðinu.
Á þessu svæði er þýft graslendi á norðurbakka Rauðalækjar 10-15 m NNV við lækinn.
Mógrafirnar eru nokkuð samansignar og vel grasigrónar. Þær hafa trúlega verið ferkantaðar en eru nú (2010) óreglulegar en aflangar að lögun. Grafirnar eru 6x3 og 8x3 m að flatarmáli, um 0,3-0,5 m á dýpt og snúa norðaustur-suðvestur.
Hættumat: engin hætta



Mógrafir 012, horft til norðausturs

RA-367:013 *Torfhóll heimri* örnefni rista 63°51.042N 20°32.480V
"Næst bænum er Torfhóll heimri og ytri ...," segir í örnefnalýsingu. Mýri norðan við Torfhóla er um 450 m vestan við bæ 001. Líklegt er að hólarnir dragi nafn sitt af ristu í henni.
Mýrin er smáþýfð og allþurrlend.
Ekki sjást skýr ummerki um ristu í mýrinni.


Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Arnkötlustaðir, 3



hleðsla 014, horft til suðvesturs

RA-367:014 hleðsla varnargarður
63°50.669N 20°32.200V
Samkvæmt Salvöru Hannesdóttur heimildamanni var löng regluleg röð af litlum manngerðum þúfum á norðurbakka Rauðalækjar um 700 m SSV við bæ 001 þar sem engjar voru áður frá Arnkötlustöðum. Taldi hún að þúfurnar væru síðustu minjar um óvenjulegan varnargarð við Rauðalæk.
Á þessu svæði er þýft, vel gróið graslendi á norðurbakka Rauðalækjar.
Þúfurnar eru vel greinilegar og hring- og/eða egglaga. Þvermál þeirra er um 1 m og hæð þeirra er 0,3-0,5 m. Þúfurnar liggja norðaustur-suðvestur meðfram læknum á að minnsta kosti um 650 m löngum kafla, 5-20 m frá norðurbakka hans. Á milli þúfanna er víða 5-10 m bil. Að minnsta kosti 60-70 þúfur í misgóðu ástandi eru á svæðinu. Samkvæmt Salvöru voru þúfurnar trúlega hlaðnar upp til að þjóna sem staurar og svo var strengt á milli þeirra til að varna ágangi hrossa.
Hættumat: engin hætta

RA-367:015 tóft beitarhús
63°51.138N 20°32.703V
"Næst bænum er Torfhóll heimri og ytri [013] og nokkuð fjær Sandhóll, sem ekki tilheyrir Presthólum. Þá koma Þverhólar og Smáhólar. Þar eru nú fjárhús frá Arnkötlustöðum," segir í örnefnalýsingu. Beitarhúsatóftin er um 450 m norðvestan við bæ 001.






Tóft 015, horft til norðurs

Tóftin er á hólrima í þýfðu mólendi sem er allþurrt en hefur líklega verið deigara áður en farið var að framræsa landið.
Tóftin er um 20x9 m að stærð, snýr norður-suður. Hún er tvískipt og er að miklu leyti grafin inn í hól. Tóftin skiptist í hlöðu í suðurenda sem er um 3x4 m að innanmáli og snýr norður-suður. Fjárhúsin eru norðar og eru um 9x2,5 m að innanmáli. Þau snúa norður-suður. Ekki sjást skýr merki um garða eða jötur en nokkuð hefur hrunið inn í þau úr veggjum. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m. Inngangur er í norðurenda og gengt inn í hlöðu úr fjárhúsum. Að sögn Salvarar Hannesdóttur, heimildarmanns var brunnur fast við beitarhúsin. Brunnurinn var að öllum líkindum um 30 m norðan við beitarhúsin en þar er gróðurlaus og blautur blettur í mýrarjaðri. Blettur þessi er um 3 m í þvermál og sjást ekki önnur ummerki um brunninn sem hefur fyllst af jarðvegi úr mýrinni eða verið fylltur til að varna því að sauðfé færi ofan í hann.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Arnkötlustaðir, 3

RA-367:016 *Réttarhóll* þúst rétt 63°51.264N 20°32.779V



Dæld 016A, horft til SSA




Dældir við Réttarhól


"Næst bænum er Torfhóll heimri og ytri [013] og nokkuð fjær Sandhóll, sem ekki tiheyrir Presthólum. Þá koma Þverhólar og Smáhólar. Þar eru nú fjárhús frá Arnkötlustöðum [015]. Þá er langi-Presthóll, Réttarhóll eða Stóri-Presthóll [...]." segir í örnefnalýsingu. Engin greinileg ummerki eru um rétt á þessum slóðum nú (2010) vegna rasks í kring um hólinn. Samkvæmt Salvöru Hannesdóttur heimildamanni var gerður kartöflugarður inni í tóftinni. Kartöflugarður var gerður í Réttarhól suðvestanverðum í lítilli dæld um 790 m norðvestan við bæ 001 og um 30 m VNV við sumarbústað sem stendur í Rettarhól suðaustanverðum.
Búið er að gróðursetja mikið af trjám í Réttarhól og þar er nú (2010) sumarbústaður. Réttarhóll er vel grasigróinn, gróflega hringlaga og 2-4 m hár. Hóllinn er um 380 x 350 m stór.
Í Réttarhól eru tvær dældir á svæði sem er um 30 x 20 m stórt. Ekki er ólíklegt að mannvirki eða náttúruleg aðhöld gætu hafa verið á þessum slóðum. Í dæld A er kartöflugarður. Dældin virðist hafa verið grafin ofan í eða inn í hólinn. Fast sunnan við kálgarðinn er lítill trjárunni sem fyllir upp í dældina sunnanverða þar sem áður hefur hugsanlega verið gengið inn um 3 m breitt op. Enginn veggur er í suðurenda dældarinnar. Dældin er um 9 x 2-4 m að innanmáli og 0,5-1 m djúp. Bakkar dældarinnar eru nokkuð signir en vel grasigrónir. Engar greinilegar hleðslur eru sjáanlegar. Fast sunnan við dældina er vegslóði heim að sumarbústað. Um 10 m NNA við dæld A er önnur svipuð en ógreinilegri dæld B. Dæld B er vel grasi- og mosagróin, um 13x3 m að innanmáli, 0,3-1 m á dýpt og snýr NNA-SSV. Aðeins innanmál er greinanlegt. Engir veggir eða hleðslur sjást á svæðinu umhverfis dældina. Þó að líklegast sé að dældirnar séu manngerðar þyrfti frekari rannsóknir til að skera úr um það að fullu.
Hættumat: hætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Ö-Arnkötlustaðir, 3

RA-367:017 *Stöðulbarð* örnefni kvíar 63°51.113N 20°32.109V
"Nær bænum [en 016] annars vegar er Stöðulbarð, Tóttarhóll [018], Byrgishóll [019]. Þar voru lömb setin og byrgð um fráfærur, þá Stakkhóll og Vörðuhóll [020], sem ekki teljast til Presthóla," segir í örnefnalýsingu. Nákvæm staðsetning Stöðulbarðs er nú týnd en samkvæmt örnefnakorti var barðið um 185 m norðvestan við bæ 001.
Líklegast á örnefnið við lítinn hól í sléttuðu túni.
Ekki sést til minja um stöðul og hafa þær líklega verið sléttaðar í tún ef þær hafa verið þar á annað borð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Arnkötlustaðir, 3; IE-Örnefnauppdráttur, Arnkötlustaðir

RA-367:018 *Tóttarhóll* tóftir
63°51.093N 20°32.440V
"Nær bænum [en 016] annars vegar er Stöðulbarð [017], Tóttarhóll, Byrgishóll [019]. Þar voru lömb setin og byrgð um fráfærur, þá Stakkhóll og Vörðuhóll [020], sem ekki teljast til Presthóla," segir í örnefnalýsingu. Tóftir eru á tveimur stöðum á Tóttarhól. Annars vegar er tóft um 425 m norðvestan við bæ 001 og hins vegar eru tvær tóftir saman um 500 m norðvestan við bæ 001.



Tóftir 018B og C



Tóft A

Tóftirnar eru á lágum og löngum hól í hólaþyrpingu í þýfðum móa.
Minjarnar eru á svæði sem er um 90x10 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftirnar fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingunni hér á eftir. Tóft A er næst bæ, suðaustast á Tóttarhól. Hún er um 3x4 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin er líklega torfhlaðin og er mesta hleðsluhæð um 0,3 m. Hún er einföld og ekki sést inngangur inn í hana. Fast norðaustan við hana er þúst sem er m 2x2 m að stærð og í henni kunna að leynast mannvistarleifar. Tvær afar óljósar tóftir eru um 85 m norðvestan við tóft A. Þær eru norðvestast á sama hólrana. Tóftirnar, sem virðast torfhlaðnar, eru á svæði sem er um 14x6 m að stærð og snýr austur-vestur. Tóft B er um 6x7 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún skiptist óljóst í tvö hólf. Hólf I er um 1x3 m að innanmáli, snýr norður-suður. Hólf II er um 1x2 m að innanmáli og snýr eins. Hvorki sést op á tóftinni eða hólfunum. Mesta hleðsluhæð er um 0,4 m. Tóft C er um 6x5 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er einföld og mesta hleðsluhæð er um 0,5 m. Ekki sést op á tóftinni. Óvíst er hvaða hlutverki þessar tóftir hafa gegnt.




Á myndinni til vinstri eru tóftir B og C, hoft til vesturs. Á myndinni til hægri er tóft A, horft til norðausturs

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Arnkötlustaðir, 3

RA-367:019 *Byrgisholl* tóft rétt 63°51.212N 20°32.566V



Byrgi 019, horft til norðvesturs



Tóft 019

"Nær bænum [en 016] annars vegar er Stöðulbarð [017], Tóttarhóll [018], Byrgishóll. Þar voru lömb setin og byrgð um fráfærur, þá Stakkhóll og Vörðuhóll [020], sem ekki teljast til Presthóla," segir í örnefnalýsingu. Réttartóft er um 600 m norðvestan við bæ 001.
Tóftin er suðaustan undir Byrgishól í þýfðum mýrarmóa.
Réttin er einföld, um 7x6 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er breiðust til norðvesturs, næst Byrgishólnum, en þar er lítill hellisskúti sem er um 1 m á hæð, 1,5 m á lengd og 1 m á breidd. Hann snýr norðaustur-suðvestur. Mesta hleðsluhæð tóftarinnar er um 0,7 m og er rof víða komin í hana. Hún virðist vera torfhlaðin. Ekki sjást skýr op á tóftinni en þau kunna að hafa verið næst hólnum þar sem rof er í veggi hennar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Arnkötlustaðir, 3

RA-367:020 *Vörðuhóll* örnefni
63°51.322N 20°32.523V
"Nær bænum [en 016] annars vegar er Stöðulbarð [017], Tóttarhóll [018], Byrgishóll [019]. Þar voru lömb setin og byrgð um fráfærur, þá Stakkhóll og Vörðuhóll, sem ekki teljast til Presthóla," segir í örnefnalýsingu. Hundaþúfur eru á tveimur hólkollum á Vörðuhól sem er nærri merkjum móti Berustöðum, um 690 m norðvestan við bæ 001.
Hólkollarnir standa allhátt upp úr smáþýfðri og lítt blautri mýri. Ekki sést í grjót í hundaþúfunum og óvíst að þar hafi verið grjóthlaðnar vörður. Vera má að um torfhlaðnar vörður sé að ræða. Ekki er ljóst hvert hlutverk varðanna var en ólíklegt er að þær hafi verið landamerkjavörður því þær eru um 70 m suðaustan við merkin móti Berustöðum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Arnkötlustaðir, 3



Vörðuhóll 020, horft til norðausturs

RA-367:021 *Arnkötlustaðabrú* heimild um brú 63°50.786N 20°31.891V
Í greininni "Holtavegur hinn forni" eftir Guðlaug E.Einarsson segir: "Næst var Grænarimavað efra og syðra [032], þá Grænaflóðsvað [031] og Hrossaviksvað syðra [030], öll í landi Arnkötlustaða. Á móts við Arnkötlustaði rennur Rauðalækur í allmiklum boga, og tekur þá vegurinn beina stefnu úr Hrossaviki um holtabörð, en kemur aftur að læknum hjá Brattastíg, sem er móklapparbrekka nálægt sauðahúsum [008] hjá Arnkötlustöðum, er stóðu í svonefndum Borgarhólum [054]." Í greininni "Þjóðleiðir og vegaframkvæmdir frá Sandhólaferju að Ytri-Rangá í Holtamannahreppi hinum forna" eftir Guðjón Inga Hauksson segir frá Arnkötlustaðabrú sem var byggð á árunum 1880-1885 yfir Lambakeldu á þessum beina kafla Holtavegar [671:010] milli Hrossaviks og Brattastígs á suðurbakka Rauðalækjar. Um Lambakeldu segir í örnefnaskrá: "Lambakelda hefur upptök í Kelduklofningum. ... Hún fellur til vesturs í Rauðalæk. Hún bar nafn með rentu." Arnkötlustaðabrúin lá yfir Lambakeldu um 530 m sunnan við útihús 002 á svæði um 30 m austan við Rauðalæk.
Við Krikavað syðra 028 á suðausturbakka Rauðalækjar tengist Lambakelda læknum úr austri. Rauðalækur er á þessum slóðum 6-8 m breiður. Aflíðandi malareyri er á norðurbakka Rauðalækjar og 0,2-0,5 m hár grasbakki að sunnan. Bakkinn hækkar hratt í austur frá Rauðalæk norðan við kelduna á þessu svæði upp í 2-3 m hæð en aflíðandi upp í 1-2 m hæð sunnan við kelduna. Lambakelda er því um 1-3 m djúp og 10-30 m breitt lækjargil. Lækurinn í botni gilskorunnar er hins vegar aðeins um 0,5-1,5 m breiður. Landið er vel grasigróið á þessu svæði. Bakkar Rauðalækjar og Lambakeldu eru vel grasigróinir á þessu svæði.
Í grein Guðjóns I.Haukssonar segir meðal annars: "Um Arnkötlustaðabrúna og Ægisíðugilsbrúna er það að segja, að þær voru trébrýr yfir vatnsmiklar keldur; hlaðnir voru stöplar úr torfi og grjóti á bakkana báðum megin og tréhleri á bitum lagður yfir hafið á milli. Hleðslan sést enn mjög greinilega undan Arnkötlustaðabrúnni, þó tréverkið sé löngu horfið." Þegar skráning fór fram sumarið 2010 var ekki vitað af brúnni og heimildamaður minnist ekki sérstaklega á hana svo ekki var farið á staðinn og leitað eftir ummerkjum þegar Krikavað syðra 028 var skráð. Ekki er þó ólíklegt að ennþá sjáist einhverjar leifar á svæðinu af þeim torfhleðslum sem hlaðnar voru undir brúna en trébrúin sjálf er löngu horfin. Hún hefur trúlega verið um 3-5 m á lengd.
Heimildir: G.E.E: Blanda VII, 320; GIH: Saga XXI, 131-161; Ö-Arnkötlustaðir, 2

RA-367:022 *Mógilsvað* heimild um vað 63°51.043N 20°30.573V
"Vöð á Rauðalæk í Arnkötlustaðalandi eru þessi: Mógilsvað, Brattastígsvað [023], Gíslakotsvað [024], Grynningar [025] og Mýrarvað [026] niðri undan bænum," segir í örnefnalýsingu. Í greininni "Holtavegur hinn forni" eftir Guðlaug E.Einarsson segir m.a. "Hjá Brattastíg [671:010] sveigist vegurinn aftur að læknum, og taka aftur við vöð og eyrar. Fyrst er Mógilsvað," Mógilsvað var á Rauðalæk um 1,1 km austan við bæ 001 og um 50 m norðan við Mógil.

Rauðalækur er á þessum slóðum um 12 m á breidd, straumlítill og stígvélafær. Tvær malareyrar eru í læknum. Ofan við malareyrarnar, meðfram suðurbakka lækjarins, er um 2 m hár grasbakki, en í honum eru tvö skörð þar sem líklegast hefur verið farið upp á bakkann. Norðurbakki lækjarins er um 0,4 m hár grasbakki en þar hefur verið auðvelt að fara upp þar sem hann er aflíðandi á stöku stað. Lækurinn er dýpstur við norðurbakkann.
Engar hestagötur eða slóðar eru sjáanleg lengur (2010) til eða frá vaði. Yfir þetta vað var farið þegar mór var fluttur heim að bæ 001 úr Mógili en eins og kom fram hér að ofan var vaðið einnig hluti af Holtavegi hinum forna (sjá 671:010).
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Arnkötlustaðir, 4; G.E.E: Blanda VII, 321

RA-367:023 *Brattastígsvað* heimild um vað 63°51.028N 20°30.912V
"Vöð á Rauðalæk í Arnkötlustaðalandi eru þessi: Mógilsvað [022], Brattastígsvað, Gíslakotsvað [024], Grynningar [025] og Mýrarvað [026] niðri undan bænum," segir í örnefnalýsingu. Í greininni "Holtavegur hinn forni" eftir Guðlaug E.Einarsson segir: "Næst var Grænarimavað efra og syðra, þá Grænaflóðsvað og Hrossaviksvað syðra, öll í landi Arnkötlustaða. Á móts við Arnkötlustaði rennur Rauðalækur í allmiklum boga, og tekur þá vegurinn beina stefnu úr Hrossaviki um holtabörð, en kemur aftur að læknum hjá Brattastíg, sem er móklapparbrekka nálægt sauðahúsum [008] hjá Arnkötlustöðum, er stóðu í svonefndum Borgarhólum [054]." Brattastígsvað var yfir Rauðalæk á Brattastíg (sjá 671:010) um 840 m austan við við bæ 001 og um 280 m vestan við Mógilsvað 022.
Á þessum slóðum er Rauðilækur 6-8 m á breidd, straumlítill og stígvélafær. Á suðurbakka lækjarins er malareyri og lágur grasbakki ofan við hana. Á norðurbakka hans er einnig malareyri en bakkinn þar fyrir ofan er um 2 m hátt rofabarð. Aðeins neðar, 20-30 m vestar með læknum lækkar bakkinn niður í um 0,3 m háan aflíðandi grasbakka þar sem auðvelt er að komast upp á norðurbakka lækjarins.
Engar hestagötur eða stígar eru greinanleg til eða frá vaði líklegast hefur vaðið verið hluti af Holtavegi hinum forna (sjá 671:010 og RA-358:036).
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Arnkötlustaðir, 4; G.E.E: Blanda VII, 320

RA-367:024 *Gíslakotsvað* heimild um vað 63°51.077N 20°31.504V
"Vöð á Rauðalæk í Arnkötlustaðalandi eru þessi: Mógilsvað [022], Brattastígsvað [023], Gíslakotsvað, Grynningar [025] og Mýrarvað [026] niðri undan bænum," segir í örnefnalýsingu. Gíslakotsvað var á Rauðalæk um 350 m ANA við bæ 001 og um 500 m VNV við Brattastígsvað 023. Nafnið vísar trúlega til kots á Vetleifsholti í Ásahreppi sem hét Gíslakot (RA-430).
Rauðalækur er á þessum slóðum um 6 m breiður, stígvélafær og straumlítill. Malareyri er í læknum að sunnanverðu en 0,4-1 m hár og brattur bakki að norðanverðu. Mjó sandeyri er á norðurbakka lækjarins aðeins ANA um 20 m upp með læk þar sem auðvelt hefur verið að fara niður og upp frá læknum.
Engar greinilegar hestagötur eða stígar eru greinanleg til eða frá vaði. Gíslakotsvað er ekki nefnt í grein Guðlaugs E. Einarssonar um Holtaveg hinn forna (671:010) þar sem aðalleiðin virðist hafa sneitt fram hjá þessum hluta lækjarins. Í greininni segir m.a. "Á móts við Arnkötlustaði rennur Rauðalækur í allmiklum boga, og tekur þá vegurinn beina stefnu úr Hrossaviki um holtabörð, en kemur aftur að læknum hjá Brattastíg [sjá 671:010], sem er móklapparbrekka nálægt sauðahúsum [008] hjá Arnkötlustöðum, er stóðu í svonefndum Borgarhólum [sjá 054]." Ekki er þó ólíklegt að farið hafi verið um vaðið þegar komið var við á Arnkötlustöðum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Arnkötlustaðir, 4; G.E.E: Blanda VII, 320

RA-367:025 *Grynningar* heimild um vað 63°51.011N 20°31.741V
"Vöð á Rauðalæk í Arnkötlustaðalandi eru þessi: Mógilsvað [022], Brattastígsvað [023], Gíslakotsvað [024], Grynningar og Mýrarvað [026] niðri undan bænum," segir í örnefnalýsingu. Grynningar voru um 180 m ASA við bæ 001 og um 150 m suðvestan við Gíslakotsvað 024.
Á þeim slóðum sem vaðið var mætast Skammilækur og Rauðalækur á um 20 m breiðri malareyri. Rauðalækur er á þessum slóðumaðeins 3-5 m á breidd, stígvélafær og straumlítill. Bakkar hans eru lágir og aflíðandi svo auðvelt var að komast upp og niður að læk.
Engar greinilegar hestagötur fundust norðan við læk en hugsanleg óljós ummerki um götur eru á suðurbakka lækjarins. Grynningar eru ekki nefndar í grein Guðlaugs E. Einarssonar um Holtaveg hinn forna (671:010) þar sem aðalleiðin virðist hafa sneitt fram hjá þessum hluta lækjarins. Í greininni segir m.a. "Á móts við Arnkötlustaði rennur Rauðalækur í allmiklum boga, og tekur þá vegurinn beina stefnu úr Hrossaviki um holtabörð, en kemur aftur að læknum hjá Brattastíg [sjá 671:010], sem er móklapparbrekka nálægt sauðahúsum [008] hjá Arnkötlustöðum, er stóðu í svonefndum Borgarhólum [054]." Ekki er þó ólíklegt að farið hafi verið um vaðið þegar komið var við á Arnkötlustöðum.
Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Arnkötlustaðir, 4; G.E.E: Blanda VII, 320

RA-367:026 *Mýrarvað* heimild um vað 63°50.972N 20°31.812V
"Vöð á Rauðalæk í Arnkötlustaðalandi eru þessi: Mógilsvað [022], Brattastígsvað [023], Gíslakotsvað [024], Grynningar [025] og Mýrarvað niðri undan bænum. Það dregur nafn af því að þar fóru um heybandslestir á fyrri tíð, þegar Holtamenn sóttu almennt heyskap í Safamýri," segir í örnefnalýsingu. Mýrarvað var á Rauðalæk um 180 m suðaustan við bæ 001 og um 90 m SSV við Grynningar 025.
Rauðalækur er á þessum slóðum 6-15 m breiður, stígvélafær og straumlítill. Aflíðandi malareyri er á norðurbakka lækjarins en um 2 m hátt og bratt rofabarð að sunnan. Líklegast hefur verið farið yfir vaðið í SSV yfir á malareyri um 15 m neðar í læknum.
Engar hestagötur eru sjáanlegar til eða frá læknum á þessu svæði. Mýrarvað er ekki nefnt í grein Guðlaugs E. Einarssonar um Holtaveg hinn forna (671:010) þar sem aðalleiðin virðist hafa sneitt fram hjá þessum hluta lækjarins. Í greininni segir m.a. "Á móts við Arnkötlustaði rennur Rauðalækur í allmiklum boga, og tekur þá vegurinn beina stefnu úr Hrossaviki um holtabörð, en kemur aftur að læknum hjá Brattastíg [sjá 671:010], sem er móklapparbrekka nálægt sauðahúsum [008] hjá Arnkötlustöðum, er stóðu í svonefndum Borgarhólum [sjá 054]." Ekki er þó ólíklegt að farið hafi verið um vaðið þegar komið var við á Arnkötlustöðum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Arnkötlustaðir, 4; G.E.E: Blanda VII, 320

RA-367:027 *Guðnýjarvað* heimild um vað 63°50.860N 20°31.909V
"Steinkupyttur er neðan við túnið, en er nú miklu grynnri en áður var. Litlu sunnar er Guðnýjarvað, þá Krikavað heimra [028] og syðra [029], Hrossaviksvað [030], Grænaflóðsvað [031] og Grænarimavað [032]," segir í örnefnalýsingu. Guðnýjarvað var á Rauðalæk um 360 sunnan við bæ 001 og um 220 m SSV við Mýrarvað 026.
Rauðalækur er á þessum slóðum 6-8 m breiður, straumlítill og stígvélafær. Á norðurbakka lækjarins er aflíðandi malareyri en suðurbakki er um 0,5 m hár, grasigróinn og brattur. Trúlega hefur verið farið yfir á malareyri á suðurbakka um 10 m norðaustar.
Merkja má ógreinilega slóða við vaðið meðfram norðurbakka lækjarins í NNA en ekki er ljós hvort um er að ræða gamlar hestagötur eða nýlegar kindagötur. Guðnýjarvað er ekki nefnt í grein Guðlaugs E. Einarssonar um Holtaveg hinn forna (671:010) þar sem aðalleiðin virðist hafa sneitt fram hjá þessum hluta lækjarins. Í greininni segir m.a. "Á móts við Arnkötlustaði rennur Rauðalækur í allmiklum boga, og tekur þá vegurinn beina stefnu úr Hrossaviki um holtabörð, en kemur aftur að læknum hjá Brattastíg [sjá 671:010], sem er móklapparbrekka nálægt sauðahúsum [008] hjá Arnkötlustöðum, er stóðu í svonefndum Borgarhólum [sjá 054]." Ekki er þó ólíklegt að farið hafi verið um vaðið þegar komið var við á Arnkötlustöðum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Arnkötlustaðir, 4; G.E.E: Blanda VII, 320

RA-367:028 *Krikavað heimra* heimild um vað 63°50.774N 20°31.946V
"Steinkupyttur er neðan við túnið, en er nú miklu grynnri en áður var. Litlu sunnar er Guðnýjarvað [027], þá Krikavað heimra og syðra [029], Hrossaviksvað [030], Grænaflóðsvað [031] og Grænarimavað [032]." segir í örnefnalýsingu. Krikavað heimra var um 520 m sunnan við bæ 001 og um 160 m SSV við Guðnýjarvað 027.
Rauðalækur er á þessum slóðum 6-8 m breiður, straumlítill og stígvélafær. Aflíðandi malareyri er á norðurbakka lækjarins og 0,2-0,5 m hár grasbakki að sunnan. Auðvelt er að komast yfir á þessu svæði.
Engar greinilegar hestagötur eru á svæðinu. Hestamenn hafa trúlega haldið sig á malareyrunum. Krikavað heimra er ekki nefnt í grein Guðlaugs E. Einarssonar um Holtaveg hinn forna (671:010) þar sem aðalleiðin virðist hafa sneitt fram hjá þessum hluta lækjarins. Í greininni segir m.a. "Á móts við Arnkötlustaði rennur Rauðalækur í allmiklum boga, og tekur þá vegurinn beina stefnu úr Hrossaviki um holtabörð, en kemur aftur að læknum hjá Brattastíg [sjá 671:010], sem er móklapparbrekka nálægt sauðahúsum [008] hjá Arnkötlustöðum, er stóðu í svonefndum Borgarhólum [sjá 054]." Ekki er þó ólíklegt að farið hafi verið um vaðið þegar komið var við á Arnkötlustöðum til að fá kaffisopa.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Arnkötlustaðir, 4; G.E.E: Blanda VII, 320

RA-367:029 *Krikavað syðra* heimild um vað 63°50.750N 20°31.989V
"Steinkupyttur er neðan við túnið, en er nú miklu grynnri en áður var. Litlu sunnar er Guðnýjarvað [027], þá Krikavað heimra [028] og syðra, Hrossaviksvað [030], Grænaflóðsvað [031] og Grænarimavað [032]," segir í örnefnalýsingu. Krikavað syðra var um 570 m sunnan við bæ 001, um 30 m austan við mógrafir 012 og um 60 m suðvestan við Krikavað heimra 028.
Rauðalækur er um 6 m breiður á þessum slóðum, straumlítill og stígvélafær. Malareyrar eru beggja megin við lækinn og brattir um 0,5 m háir grasigrónir bakkar þar ofan við. Trúlega hefur verið farið yfir af malareyri yfir á malareyri í ASA og suðvestur. Auðvelt er að komast upp og niður að læknum.

Engir slóðar voru greinanlegir á svæðinu. Krikavað syðra er ekki nefnt í grein Guðlaugs E. Einarssonar um Holtaveg hinn forna (671:010) þar sem aðalleiðin virðist hafa sneitt fram hjá þessum hluta lækjarins. Í greininni segir m.a. "Á móts við Arnkötlustaði rennur Rauðalækur í allmiklum boga, og tekur þá vegurinn beina stefnu úr Hrossaviki um holtabörð, en kemur aftur að læknum hjá Brattastíg [sjá 671:010], sem er móklapparbrekka nálægt sauðahúsum [008] hjá Arnkötlustöðum, er stóðu í svonefndum Borgarhólum [sjá 054]." Ekki er þó ólíklegt að farið hafi verið um vaðið þegar komið var við á Arnkötlustöðum til að fá kaffisopa.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Arnkötlustaðir, 4; G.E.E: Blanda VII, 320

RA-367:030 *Hrossaviksvað* heimild um vað 63°50.718N 20°32.073V
"Steinkupyttur er neðan við túnið, en er nú miklu grynnri en áður var. Litlu sunnar er Guðnýjarvað [027], þá Krikavað heimra [028] og syðra [029], Hrossaviksvað, Grænaflóðsvað [031] og Grænarimavað [032]," segir í örnefnalýsingu. Í greininni "Holtavegur hinn forni" eftir Guðlaug E. Einarsson Í Blöndu VII segir m.a.: "Rauðalækur rennur í bugðum og krókum eftir eyrum og með bökkum, en til þess að vegurinn væri sem beinastur og styztur, var farið yfir vöð á læknum. Voru þau 18 á allri leiðinni [RA-358:036] sem farin var, og höfðu hvert sitt nafn. Hét fremsta vaðið Lækjarmótavað eða Ásmúlavað [RA-358:006]. Þá var Vörðuvað [RA-358:007], Engjavað [RA-363:024], Sigmundarvað [RA-363:025], Sauðavað [RA-363:027] og Ísleifsvað [RA-363:028], öll í landareign Áss og Hellatúns. Næst var Grænrimavað efra og syðra (032), þá Grænaflóðsvað [031] og Hrossaviksvað syðra, öll [fjögur] í landi Arnkötlustaða." Hrossaviksvað var á Rauðalæk um 640 m SSV við bæ 001 og um 90 m suðvestan við Krikavað syðra 029.
Rauðalækur er á þessu svæði 6-8 m breiður, stígvélafær og straumlítill. Malareyrar eru beggja megin við lækinn og ofan við þær um 0,5 m háir grasbakkar. Auðvelt er að komast niður að læknum.
Engar greinilegar götur eru í nágrenninu en farið var yfir vaðið þegar ferðast var um Holtaveg hinn forna 671:010. Holtavegur hefur einnig verið skráður í Ásahreppi undir númeri RA-358:036.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Arnkötlustaðir, 4; G.E.E.: Blanda VII, 320

RA-367:031 *Grænaflóðsvað* heimild um vað 63°50.495N 20°32.554V
"Steinkupyttur er neðan við túnið, en er nú miklu grynnri en áður var. Litlu sunnar er Guðnýjarvað [027], þá Krikavað heimra [028] og syðra [029], Hrossaviksvað [030], Grænaflóðsvað og Grænarimavað [032]," segir í örnefnalýsingu. Í grein eftir Guðlaug E. Einarsson um Holtaveg hinn forna (sjá RA-671:010 og RA-358:036) í Blöndu VII segir um vöðin á Rauðlæk: "Rauðalækur rennur í bugðum og krókum eftir eyrum og með bökkum, en til þess að vegurinn væri sem beinastur og styztur, var farið yfir vöð á læknum. Voru þau 18 á allri leiðinni [671:010 og RA-358:036] sem farin var, og höfðu hvert sitt nafn. Hét fremsta vaðið Lækjarmótavað eða Ásmúlavað [RA-358:006]. Þá var Vörðuvað [RA-358:007], Engjavað [RA-363:024], Sigmundarvað [RA-363:025], Sauðavað [RA-363:027] og Ísleifsvað [RA-363:028], öll í landareign Áss og Hellatúns. Næst var Grænarimavað efra og syðra (032), þá Grænaflóðsvað [031] og Hrossaviksvað syðra [030], öll [fjögur] í landi Arnkötlustaða." Grænaflóðsvað var um 1,2 km SSV við bæ 001 og um 570 m suðvestan við Hrossaviksvað 030.
Rauðalækur er á þessum slóðum 5-6 m á breidd, stígvélafær og straumlítill. Aflíðandi sendnar eyrar eru beggja megin við og auðvelt að komast yfir.
Engar greinilegar götur eru í nágrenninu en farið var yfir vaðið þegar ferðast var um Holtaveg hinn forna 671:010 (sjá einnig RA-358:036).
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Arnkötlustaðir, 4; G.E.E.: Blanda VII, 320

RA-367:032 *Grænarimavað efra* heimild um vað 63°50.421N 20°33.124V
"Steinkupyttur er neðan við túnið, en er nú miklu grynnri en áður var. Litlu sunnar er Guðnýjarvað [027], þá Krikavað heimra [028] og syðra [029], Hrossaviksvað [030], Grænaflóðsvað [031] og Grænarimavað," segir í örnefnalýsingu. Í grein eftir Guðlaug E. Einarsson um Holtaveg hinn forna í Blöndu VII segir um vöðin á Rauðlæk: "Rauðalækur rennur í bugðum og krókum eftir eyrum og með bökkum, en til þess að vegurinn væri sem beinastur og styztur, var farið yfir vöð á læknum. Voru þau 18 á allri leiðinni [671:010 og RA-358:036] sem farin var, og höfðu hvert sitt nafn. Hét fremsta vaðið Lækjarmótavað eða Ásmúlavað [RA-358:006]. Þá var Vörðuvað [RA-358:007], Engjavað [RA-363:024], Sigmundarvað [RA-363:025], Sauðavað [RA-363:027] og Ísleifsvað [RA-363:028], öll í landareign Áss og Hellatúns. Næst var Grænarimavað efra og syðra [032], þá Grænaflóðsvað [031] og Hrossaviksvað syðra [030], öll [fjögur] í landi Arnkötlustaða." Samkvæmt örnefnakorti var aðeins eitt Grænarimavað á Rauðalæk rétt austan við landamerki Arnkötlustaða 001 og Hellnatúns RA-363:001 um 1,5 km suðvestan við bæ 001 og um 500 m VSV við Grænaflóðsvað 031. Í lýsingu Guðlaugs E. Einarssonar eru hins vegar talin tvö vöð Grænarimavað efra og syðra. Í grein Guðjóns Inga Haukssonar í Sögu XXI um þjóðleiðir og vegaframkvæmdir á þessu svæði er talað um Grænarimavað efra og syðra. Samkvæmt Guðjóni var Grænarimavað efra miðja leið milli syðra vaðsins á landamerkjum Áss RA-358 og Arnkötlustaða

001 og Grænaflóðsvaðs 031.
Rauðalækur er á þessu svæði um 10 m á breidd, stígvélafær og straumlítill. Sandeyrar grynnka lækinn á köflum og eru sandeyrar einnig beggja megin lækjarins.
Engar greinilegar götur eru í nágrenninu en farið var um vaðið (vöðin) þegar ferðast var um Holtaveg hinn forna 671:010 (sjá einnig RA-358:036).
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Arnkötlustaðir, 4; G.E.E.: Blanda VII, 320

RA-367:033 *Skrokkhólsvað* heimild um vað 63°51.475N 20°31.728V
"Á Skammalæk eru þessi vöð: Skrokkhólsvað, Markhólsvað [034], Þvergilsvað [035], Kúabrot [036] og Messuvað [037]," segir í örnefnalýsingu. Skrokkhólsvað var á Skammalæk um 800 m NNA við bæ 001 og um 90 m suðaustan við landamerki Arnkötlustaða og Berustaða RA-368.
Skammilækur er 4-5 m á breidd á þessum slóðum, straumhægur, grunnur og stígvélafær. Botn lækjarins er grýttur og bakkar hans beggja megin lágir og aflíðandi. Auðvelt er að komast upp og niður að vaði. Bakkarnir eru hér grasigrónir að mestu en þó eru nokkuð stór rofabörð þar sem farið var yfir beggja megin við læk.
Ekkert sést til gatna á svæðinu. Ekki er ljóst á hvaða leið vaðið er en líklega var farið upp eftir Skammalæk frá Holtavegi 671:010 ef ferðin lá norður í land t.d. í Berustaði RA-368 eða Meiri-Tungu RA-410, og öfugt.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Arnkötlustaðir, 4

RA-367:034 *Markhólsvað* heimild um vað 63°51.229N 20°31.483V
"Á Skammalæk eru þessi vöð: Skrokkhólsvað [033], Markhólsvað, Þvergilsvað [035], Kúabrot [036] og Messuvað [037]," segir í örnefnalýsingu. Markhólsvað var á Skammalæk um 500 m norðaustan við bæ 001 og um 500 m SSA við Skrokkhólsvað 033.
Skammilækur er um 4 m á breidd á þessum slóðum, straumlítill og stígvélafær. Malareyrar eru beggja megin við lækinn og auðvelt að komast upp og niður að honum. Grasigrónir bakkar lækjarins eru annars 0,5-1,5 m á hæð ofan/norðan við vaðið. Sandeyri er neðan við vaðið að vestan og einnig norðan vaðið að austan.
Óljósir hestaslóðar eru meðfram bökkunum beggja vegna en þeir eru líklega nýlegir þar sem hestahagar eru á svæðinu. Ekki er ljóst á hvaða leið vaðið er en líklega var farið upp eftir Skammalæk frá Holtavegi 671:010 ef ferðin lá norður í land t.d. í Berustaði RA-368 eða Meiri-Tungu RA-410, og öfugt.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Arnkötlustaðir, 4

RA-367:035 *Þvergilsvað* heimild um vað 63°51.185N 20°31.552V
"Á Skammalæk eru þessi vöð: Skrokkhólsvað [033], Markhólsvað [034], Þvergilsvað, Kúabrot [036] og Messuvað [037]," segir í örnefnalýsingu. Þvergilsvað var á Skammalæk um 400 m norðaustan við bæ 001 og um 100 m SSV við Markhólsvað 034.
Skammilækur er á þessu svæði 2-4 m á breidd, straumlítill og stígvélafær. Malareyrar mjókka lækinn og bakkar hans eru lágir og aflíðandi. Auðvelt er að komast yfir lækinn. Ofan við malareyrarnar eru bakkar lækjarins annars grasigrónir, 0,4-2 m á hæð og frekar brattir.
Óljósar götur eru á vesturbakka Skammalækjar en ekki er víst að þær séu mjög gamlar enda talsverð umferð hrossa um svæðið og hestahagar í nágrenninu. Ekki er ljóst á hvaða leið vaðið er en líklega var farið upp eftir Skammalæk frá Holtavegi 671:010 ef ferðin lá norður í land t.d. í Berustaði RA-368 eða Meiri-Tungu RA-410, og öfugt.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Arnkötlustaðir, 4

RA-367:036 *Kúabrot* heimild um vað 63°51.106N 20°31.591V
"Á Skammalæk eru þessi vöð: Skrokkhólsvað [033], Markhólsvað [034], Þvergilsvað [035], Kúabrot og Messuvað [037]," segir í örnefnalýsingu. Kúabrot var á Skammalæk um 300 m ANA við bæ 001 og um 150 m SSV við Þvergilsvað 035.
Skammilækur er á þessu svæði 1-6 m breiður, straumlítill og stígvélafær. Malareyri mjókkar og grynnkar lækinn sem gerir það mjög auðvelt að komast fótgangandi yfir. Norðurbakki lækjarins er lág aflíðandi malareyri en suðurbakkinn er grasigróinn, um 0,5 m á hæð og frekar brattur. Þó hefur trúlega ekki verið erfitt að komast niður eða upp frá læknum á hesti.
Lítið sem ekkert sést til hestaslóða á svæðinu. Ekki er ljóst á hvaða leið vaðið er en líklega var farið upp eftir Skammalæk frá Holtavegi 671:010 ef ferðin lá norður í land t.d. í Berustaði RA-368 eða Meiri-Tungu RA-410, og öfugt.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Arnkötlustaðir, 4

RA-367:037 *Messuvað* heimild um vað 63°51.093N 20°31.672V
"Á Skammalæk eru þessi vöð: Skrokkhólsvað [033], Markhólsvað [034], Þvergilsvað [035], Kúabrot [036] og Messuvað. Þar lá leiðin [038], er farið var til kirkju að Árbæ [við Ytri-Rangá], en þaðan eiga Arnkötlustaðir kirkjusókn," segir í örnefnalýsingu. Messuvað var á Skammalæk um 230 m ANA við bæ 001 og um 70 m VSV við Kúabrot 036.
Skammilækur er á þessu svæði 1-4 m breiður, straumlítill og stígvélafær. Stór malareyri er í miðjum læk og hægt að komast yfir á skóm ef stokkið er yfir á eyrina. Bakkar lækjarins eru annars um 0,5 m á hæð, grasigrónir og aflíðandi til brattir. Frekar auðvelt er að komast niður og upp frá læk. Farið er hér yfir lækinn á traktor og öðrum farartækjum frá Arnkötlustöðum.
Engar götur eru sjáanlegar á svæðinu vegna rasks (sjá annars 038). Ekki er ljóst á hvaða leið vaðið er en hugsanleg er að einnig hafi verið farið um Messuvað upp eftir Skammalæk frá Holtavegi 671:010 ef ferðin lá norður í land t.d. í Berustaði RA-368 eða Meiri-Tungu RA-410, og öfugt.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Arnkötlustaðir, 4

RA-367:038 gata leið 63°51.089N 20°31.727V
"Á Skammalæk eru þessi vöð: Skrokkhólsvað [033], Markhólsvað [034], Þvergilsvað [035], Kúabrot [036] og Messuvað [037]. Þar lá leiðin, er farið var til kirkju að Árbæ, en þaðan eiga Arnkötlustaðir kirkjusókn," segir í örnefnalýsingu. Óljóst er hvar leiðin lá nákvæmlega áður frá bænum vegna rasks. Á vesturbakka Skammalækjar hefur leiðin þó líklega legið um 180 m ANA við bæ 001 og um 50 m VSV við Messuvað 037.
Leiðin hefur trúlega legið í austur frá bæ 001 niður að Messuvaði 037 um þýft graslendi niður brekku sem hallar 5-30° til suðurs eða um 5 m breitt og 2 m djúpt gil sem liggur norðvestur-suðaustur niður að læk. Þaðan hefur hún trúlega legið áfram um þýft graslendi og deigar mýrar í austur á milli Skammalækjar og Rauðalækjar, meðfram bökkum Rauðalækjar og seinna yfir og upp með læknum um Holtaveg 671:010 á leiðinni til Árbæjar.
Engin greinileg leið sést á þessu svæði milli Skammalækjar og Rauðalækjar vegna rasks en nokkru austar á norðurbakka Rauðalækjar má greina götuslóða sem hugsanlega lágu upp með læknum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Arnkötlustaðir, 4



Garðlag 039, horft til suðvesturs

RA-367:039 garðlag vörslugarður
63°50.932N 20°32.133V
Garðlag er á mörkum nýrra túna og móa um 280 m suðvestan við bæ 001.
Garðlagið er að miklu leyti á milli skurðar og skurðruðnings og liggur ruðningurinn að nokkru leyti yfir hann.
Garðurinn sést á um 85 m löngum kafla frá skurði og fjarar út undir skurðruðning. Hann snýr nálega norðaustur-suðvestur. Hann er líklega torfhlaðinn og um 1 m á breidd og um 0,7 m á hæð. Að öllum líkindum var garðurinn vörslugarður.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Arnkötlustaðir, 4



Upphlaðinn vegur 040, horft til vesturs

RA-367:040 vegur leið
63°51.099N 20°31.878V
Upphlaðinn vegur er frá túnjaðri að brunni 041 og var hann notaður þegar vatn var sótt í brunninn fyrir fjósið og bæinn þangað til brunnur var grafinn fast suðvestan við bæinn árið 1920 (sjá 001). Hann er um 90 m norðaustan við bæ 001.
Vegurinn er í mýri við norðausturjaðar túnsins.
Vegurinn er um 10 m á lengd og liggur í dálítinn seig frá suðvestri til austurs. Hann er um 1 m á


breidd og um 0,5 m á hæð og mjög hlaupinn í þúfur. Líklega er hann torfhlaðinn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-367:041 frásögn brunnur
63°51.101N 20°31.873V
Samkvæmt Salvöru Hannesdóttur, heimildamanni, var brunnur fyrir fjósið og bæinn um 90 m norðaustan við bæ 001.
Brunnurinn er í lítilli mýri norðaustan við túnið.
Ekki sést annað til brunnsins nú (2010) en viðarleifar og grjót í blautri mýrinni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-367:042 tóft hænsnakofi 63°50.914N 20°32.050V
Samkvæmt Salvöru Hannesdóttur, heimildamanni, var hænsnahús í Bjallanum, gert um 1935. Tóft þess er um 275 m suðvestan við bæ 001.



Tóft 042, horft til norðurs



Tóft 042

Tóftin er á hól í stórþýfðum móa við suðurenda túnsins. Hátt og bratt er niður að mýri við Rauðalæk til suðausturs.
Tóftin er hringlaga, einföld og hlaðin úr torfi og grjóti. Tóftin telst ekki til fornleifa samkvæmt laganna skilningi en er þó höfð með í fornleifaskrá þar sem hún er byggð með fornu bygginarlagi og úr hefðbundnum efnivið. Tóftin er um 3 m í þvermál. Inngangur er í hana úr suðri. Mesta hleðsluhæð er um 0,6 m. Ekki sést fjöldi umfara.
Hættumat: engin hætta

RA-367:043 *Lindarlækir* frásögn vatnsból 63°51.220N 20°31.582V
Samkvæmt Salvöru Hannesdóttur, heimildamanni, voru Lindarlækir notaðir sem vatnsból þegar vatnslaust varð. Þar fraus aldrei vatnið. Þeir eru um 420 m norðaustan við bæ 001.
Á vettvangi sást aðeins einn lækur sem rennur í hlykkjum um smáþýfða mýri.
Ekki sjást nein mannvirki við Lindarlæki.
Hættumat: engin hætta



Gömlutraðir 044, horft til norðausturs

RA-367:044 *Gömlutraðir* kantur traðir
63°51.008N 20°31.949V
"Gömlutraðir, löngu aflögð heimreið," segir í örnefnalýsingu. Gömlutraðir sjást í gamla túninu frá útihúsi 003 til norðausturs að bæ 001.
Traðirnar eru í brekku í sléttu túni. Brekkan horfir mót austri.
Frá hólnum sem útihús 003 var á (Skemmuhól) er kantur eða brún í brekkunni í túninu þar sem traðirnar lágu. Brúnin er um 2 m á breidd og hefur verið farið eftir henni. Hún sést á um 30 m löngum kafla. Ekki sjást skýr ummerki um upphlaðna garða og má ætla að löngu sé búið að slétta úr þeim ef

þeir hafa verið. Austan við brúnina er brött brekka niður á tún sem stendur lægra.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Arnkötlustaðir, 5

RA-367:045 *Kötlhóll* þjóðsaga legstaður 63°51.042N 20°32.008V



Kötlhóll 045, horft til suðausturs

"Þá er hinn einkennilega Kötlhóll. Segja munnmæli, að þar sé Arnkatla landnámskona heygð. Hóllinn snýr frá norðri til suðurs, nálægt 10 faðmar á lengd og einn faðmur á breidd að ofan, og álíka hár frá jafnsléttu," segir í örnefnalýsingu. Kötlhóll er um 65 m vestan við bæ 001.
Hóllinn er í sléttuðu túni.
Í Sýslu- og sóknalýsingum segir: " ... Kötluhóll eður Arnkötluheiði það er vestur á túnjaðrinum fyrir vestan bæinn Arnkötlustaði í Árbæjarsókn; það er 14 faðmar ummáls við jarðveginn og 10 faðmar að lengd, við 3 al. Að hæð. Þótt Landnáma ekki geti þess, er það í mæli, að Jólgeir, sem eftir Landnámu 5ta parti VIIIC eignaðist land milli Rauðalækjar og Steinslækjar og bjó á Jólgeirsstöðum, hefði átt tvær dætur, Arnkötlu og Beru, og hafi byggt Arnkötlu Arnkötlustaðina, en Beru Berustaðina, sem standa framar í aflendu holti í norður skammt frá Arnkötlustöðum." Kötlhóll er sérstæður. Hann er langur og mjór og snýr suðvestur-norðaustur. Efsti hluti hans er líkastur garðlagi að lögun en hann er þar um 26 m á lengd og 3 m á breidd. Sá hluti er um 1,5 m á hæð en allur hóllinn um 2 m á hæð. Engin mannaverk sjást á hólnum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Arnkötlustaðir, 5; SSR, 195


RA-367:046 *Gimbrahóll* heimild um fjárhús 63°51.040N 20°32.043V
"Vestan við Kötlhól [045] er Kötlhólssund og vestan við það Gimbrahóll. Þar var einu sinni fjárhús fyrir veturgamlar ær, gimbrar," segir í örnefnalýsingu. Hóllinn er um 95 m vestan við bæ 001.
Gimbrahóll er í sléttu túni.
Ekki sést til minja um fjárhús á hólnum og er líklegt að sléttað hafi verið úr því.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Arnkötlustaðir, 5

RA-367:047 *Gamlistöðull* þúst kvíar 63°51.013N 20°32.031V



Dæld þar sem Gamlistuðull 047var, horft til suðurs

"Gamlistöðull var þar rétt hjá áður fyrr, "utangarðs", en er nú tún," segir í örnefnalýsingu. Dæld er í túnjaðri sem kemur heim og saman við lýsingu á staðsetningu í örnefnalýsingu og á örnefnakorti auk þess sem lítið mannvirki er merkt á þessum stað á túnakorti frá 1917. Er um 110 m suðvestan við bæ 001.
Dældin er í sléttu túni, um 15 m austan við skurð í því.
Dældin er um 5x1,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Mesta dýpt er um 0,1 m.



Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Arnkötlustaðir, 5; Túnakort 1917; IE-Örnefnauppdráttur, Arnkötlustaðir

RA-367:048 *Stöðulgata* heimild um leið 63°51.016N 20°32.027V

"Gamlistöðull [047] var þar rétt hjá áður fyrr, "utangarðs", en er nú tún. Að honum lá Stöðulgata frá bænum," segir í örnefnalýsingu. Ætla má að leiðin hafi legið til norðausturs í átt að bæ 001 frá Gamlastöðli.
Gatan lá um sléttað tún.
Ekki sést til Stöðulgötunnar og hefur hún horfið í túnið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Arnkötlustaðir, 5

RA-367:049 frásögn kvíar 63°51.105N 20°31.946V
Samkvæmt Salvöru Hannesdóttur, heimildamanni, voru kvíar við enda traða 059. Kvíarnar hafa að líkindum verið um 90 m norðan við bæ 001.
Þar sem kvíarnar voru er nokkuð blautlent við túnjaðar og þýft. Kvíarnar kunna að hafa verið á tiltölulega sléttum bala innan um þúfurnar. Núverandi heimreið er til vesturs.
Ekki voru nein mannvirki þar sem kvíarnar voru í minni heimildamanns. Ekki sést til neinna minja á staðnum og kunna þær að hafa horfið við vegagerð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Arnkötlustaðir, 5

RA-367:050 heimild um kvíar 63°51.189N 20°31.944V
"Kvíaflöt var heima við Litlahól, í kvíarnar er farið norður Troðninga og yfir Rásina," segir í örnefnalýsingu. Kvíarnar voru að líkindum um 250 m norðan við bæ 001. Salvör Hannesdóttir, heimildamaður, man ekki eftir kvíum við Litlahól og þótti líklegt að þar hafi verði færikvíar.
Sléttað tún er umhverfis Litlahól sem er afgirtur og vaxinn trjám.
Ekki sést til minja um kvíar á Kvíaflöt eða við Litlahól.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Arnkötlustaðir, 5

RA-367:051 heimild um leið 63°51.182N 20°31.951V
"Kvíaflöt [050] var heima við Litlahól, í kvíarnar er farið norður Troðninga og yfir Rásina," segir í örnefnalýsingu. Leiðin lá á milli bæjar 001 og kvía við Litlahól 050 og var farið um traðir 059.
Leiðin liggur um sléttað tún.
Ekki sést til leiðarinnar í túninu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Arnkötlustaðir, 5


RA-367:052 *Egilsstaðagötur* gata leið 63°51.129N 20°32.226V
"Egilsstaðagötur heita uppgrónir götutroðningar, sem liggja í útnorður frá bænum [001]. Það nafn er frá þeim tíma, er ferja var á Þjórsá hjá Egilsstöðum í Flóa," segir í örnefnalýsingu. Göturnar sjást þegar komið er út fyrir tún um 300 m norðvestan við bæ 001.
Göturnar sjást í þýfðum móa.
Göturnar eru óljósar en 2-3 götur sjást saman á um 3 m breiðu svæði. Þær eru um 0,2 m á breidd og um 0,1 m á dýpt. Hjólför sjást á hluta leiðarinnar og virðist hún hafa verið farin á bílum eða dráttarvélum. Göturnar sjást á um 290 m löngum kafla í landi Arnkötlustaða og liggja norðvestur-suðaustur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Arnkötlustaðir, 5


Götur 052, horft til norðvesturs

RA-367:053 *Skemmuhóll* heimild um skemmu 63°51.071N 20°31.956V
"Skemmuhóll er austan við bæjarhornið. Þar var áður fyrr skemma," segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt örnefnakorti og heimildamönnum hét þessi hóll líka Eldiviðarhóll. Hann er um 35 m norðan við bæ 001, við flaggstöng.
Hóllinn er í sléttu túni, um 20 m NNA við núverandi íbúðarhús.
Hóllinn er lægstur við fánastöng en hækkar til vesturs. Ekki sjást ummerki um mannvirki á hólnum og hefur verið sléttað úr þeim. Ekki var skemma á hólnum í minni Salvarar Hannesdóttur, heimildamanns, en þar var þurrkaður mór og því var hóllinn kallaður Eldiviðarhóll.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Arnkötlustaðir, 5

RA-367:054 tóftir stekkur 63°50.924N 20°30.846V
"Tittlingagil er stutt gilspræna, sem fellur í Rauðlæk. Það mun draga nafn af smæð sinni. Fyrir vestan það er Mógil, fremur jarðfall en gil. Þar var áður tekinn mór [007] frá Arnkötlustöðum. Þá koma Borgarhólar. Þar voru áður beitarhús [008] frá Arnkötlustöðum, og þar var ám smalað saman um sauðburð, stíað og fært frá. ... Skörð, Jarðfall, Stekkjartúnsnef og Börð eru á leiðinni heim að bænum frá fjárhúsunum," segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt örnefnakorti var sauðahús [008] við Borgarhóla. Fjórar grasigrónar tóftir (008 og 054) eru í Borgarhólum um 900 m ASA við bæ 001 við suðurlandamerki Arnkötlustaða og Kastalabrekku RA-429. Yngsta húsið var skráð sér sem beitarhús undir númeri 008.
Borgarhólar eru þýfðir og grasigrónir hólar í og við 1-1,5 m háan og 10-20 m breiðan rana sem liggur ANA-VSV í gömlu túni á suðurbakka Rauðalækjar.





Tóft 054A, horft til suðvesturs

Beitarhústóft (008) og þrjár aðrar smærri tóftir (A-C) eru í og við austurenda rimans. Tóftir A-C eru á svæði sem er um 40 x 20 m stórt og snýr austur-vestur. Tóftirnar þrjár eru mun signari og líklega eldri en beitarhús 008. Nákvæmt hlutverk þeirra er óþekkt en þar sem fært var frá og stíað á þessu svæði og hólarnir heita Borgarhólar mætti halda því fram að hér hafi verið stekkir, réttir og/eða fjárborgir. Allar tóftirnar virðast einfaldar og eru mjög signar og vel grasigrónar. Tóft A er um 70 m suðaustan við tóft 008. Tóftin er um 10 x 8 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er mjög óljós en greinilega U-laga. Líklega hefur verið gengið inn í hana að norðaustan. Veggir tóftarinnar eru um 2 m á breidd og 0,2-0,4 m á hæð en engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Mögulegt er að tóftin sé af rétt eða einhvers konar aðhaldi. Tóft B er um 20 m VSV við tóft A. Tóft B er um 10 x 7 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin er ferköntuð og veggir hennar eru greinilegir en enginn inngangur er lengur sjáanlegur. Gamalt gróið rofabarð er í suðvesturvegg hennar. Innanmál tóftarinnar er 6x3 m. Veggir tóftarinnar eru um 2 m á breidd, 0,2-0,3 m á hæð og vel grasigróinir svo engar hleðslur eru sjáanlegar. Innanmál tóftarinnar er skýrara en utanmál. Mögulegt er að tóftin sé af stekk. Tóft C er um 15 m VNV við tóft B og um 35 m vestan við tóft A. Tóft C er svipuð tóft B í útliti og snýr einnig norðvestur-suðaustur. Tóft C er ferköntuð, um 9 x 7 m á stærð. Veggir hennar eru mjög signir og grasigrónir, um 2 m á breidd og 0,2-0,5 m á hæð. Engar grjóthleðslur eru greinanlegar. Innanmál tóftarinnar er um 5x3 m. Hugsanlega hefur verið gengið inn í tóftina að norðvestan. Tóftin gæti verið af stekk eða aðhaldi.
Hættumat: engin hætta

RA-367:055 náma mógrafir
63°51.324N 20°31.609V
Greinilegar mógrafir eru á vesturbakka Skammalækjar um 570 m NNA við bæ 001 fast austan við gerði 010.
Á þessu svæði er þýfður grasi- og mosagróinn mói og deig mýri.
Mógrafirnar eru samtals um 80 x 30 m stórar og snýr svæðið NNV-SSA. Þar eru að minnsta kosti 10 grafir og margar fleiri smádældir eru greinanlegar á svæðinu sem hugsanlega gætu einnig verið uppfylltar grafir. Flestar eru grafirnar eru ferkantaðar og snúa gróflega norður-suður eða austur-vestur. Grafirnar eru nokkuð samfallnar, 2-7 m á lengd, 0,5-4 m á



Mógrafir 055, horft til austurs

breidd og 0,2-0,5 m á dýpt.
Hættumat: engin hætta

RA-367:056 garðlag landamerki 63°51.453N 20°32.069V
Garðlag er á landamerkjum Arnkötlustaða og Berustaða RA-368 um 700 m NNV við bæ 001.
Sunnan við garðinn er sléttað tún og þýfður grasi- og mosagróinn mói en norðan hans er þýfður grasi- og mosagróinn mói.
Garðurinn er torfhlaðinn og vel mosa- og grasigróinn en þó rofinn á stöku stað vegna ágangs búpenings. Garðurinn er um 1,2 km á lengd, 0,5-1,2 m á breidd, 0,4-1 m á hæð og snýr ANA-VSV. Vírgirðing er eftir garðinum endilöngum og um 12 m op er á honum þar sem grindahlið er á heimreiðinni frá Ásvegi 275 í suður heim að bæ 001. Garðurinn endar í austri við Skammalæk um 840 m N við bæ 001 og í landamerkjaskurði í vestri um 300 m VSV við Réttarhól 016.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Arnkötlustaðir




Landamerkjagarður 056, horft til ASA

RA-367:057 hellir hlaða 63°51.118N 20°32.816V
Samkvæmt Salvöru Hannesdóttur, heimildamanni, var byrjað að gera helli í móbergshól árið 1935, um 100 m suðvestan við tóft 015 og um 730 m VSV við bæ 001. Nota átti hellinn fyrir fjárhús og hlöðu en aðeins var lokið við gerð hlöðunnar.
Hellirinn er í hólrana í þýfðri en fremur þurrlendri mýri.
Hellirinn er grafinn inn í hól og er upphlaðið dyraop inn í hann neðarlega á sunnanverðum hólnum. Sjö tröppur liggja niður í hellinn um leið og komið er inn úr dyrunum. Dyraopið er hlaðið upp með sniddu og er bárujárnsþak ofan á hleðslunni og timburþil til norðurs sem dyrnar eru á. Hellirinn er um 2 m á hæð og er hann um 5x5 m að innanmáli. Um 3 m eru niður á gólf frá inngangi. Um 20 m vestan við hellinn er ferköntuð

Forskáli hellis 057, horft til norðurs

lægð í mýrardragi sem er um 3x3 m að stærð og er stór þúfa í miðju hennar. Þúfan er um 1 m í þvermál og um 0,2 m á hæð. Lægðin er þurr að kalla. Mögulega hefur snidda í anddyri verið skorið á þessum stað. Hellirinn er ekki fornleif í lagalegum skilningi þar sem hann er ekki orðinn 100 ára gamall en hann ber fornu verklagi vitni og er því skráður.
Hættumat: engin hætta

RA-367:058 *Litlihóll* garðlag
63°51.192N 20°31.971V
Samkvæmt Salvöru Hannesdóttur, heimildamanni, var Litlihóll álagablettur en þar átti ekki að hrekjast hey. Hóllinn er um 255 m NNV við bæ 001 og á honum eru nokkur garðlög.
Hóllinn er í sléttu túni, skammt vestan við núverandi heimreið að bænum. Hann er afgirtur og innan girðingar er trjálundur.



Garðlög 058 á Litlahól

Garðlögin á hólnum hafa að líkindum verið hlaðin í tengslum við trjárækt á honum en þó er það óvíst. Þau eru á svæði sem er um 32x20 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Alls sjást fjórir garðbútar. Í suðvesturenda hólsins eru tvö garðlög sem afmarka trjálund til suðvesturs og er girt ofan á þau. Þau liggja norðvestur-suðaustur. Garðlag A er um 10 m langt, liggur til norðvesturs frá háhólnum og garðlag B er um 16 m langt, liggur til suðausturs frá háhólnum. Þessi tvö garðlög eru um 0,7 m á breidd og um 1 m á hæð. Um 7 m norðaustan við garðlag A er garðlag C. Það liggur eins og er um 9 m langt, 0,5 m á hæð og breidd. Dálítil gróf er á milli garðlaga A og C, í hólbrekkunni og kann að hafa verið kálgarður á milli þeirra en nú vaxa þar tré. Garðlag D er um 18 m norðaustan við garðlag B. Það er um 5 m langt og er um 0,3 m á hæð og breidd, liggur suðvestur-norðaustur.
Hættumat: engin hætta



Garðlag 058B á Litlahól, horft til norðurs

RA-367:059 garðlag traðir 63°51.074N 20°31.897V
Samkvæmt túnakorti og Salvöru Hannesdóttur, heimildamanni, lágu traðir sem sjást frá fjósi 002 til NNV en lágu frá bæ 001. Dálitlar leifar af tröðum sjást vestan við fjós 002, um 40 m norðaustan við bæ 001.
Traðirnar lágu um flatlent og sléttað tún.
Um 4 m vestan við hús 002 A er garðhorn sem er um 12x5 m að stærð og snýr norður-suður. Það er um 2 m á breidd og um 0,4 m á hæð. Stór steinn, líklega hestasteinn er á vegg sem liggur austur-vestur. Steyptur pallur er undir honum. Frá garðlaginu sést óljóst móta fyrir tröðunum út túnið til NNV á um 350 m löngum kafla.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Traðir 059, horft til suðurs


RA-367:060 *Lambhústún* örnefni lambhús
63°51.004N 20°32.029V
Samkvæmt örnefnakorti var Lambhústún um 125 m suðvestan við bæ 001 en ekki sjást nein ummerki um lambhús á þessum slóðum nú (2010).
Örnefnið er í sléttu túni.
Ekki sést til minja um lambhús og kannaðist Salvör Hannesdóttir, heimildamaður, ekki við örnefnið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-367:061 tóft
63°51.276N 20°32.673V



Tóft 061, horft til norðausturs


Ógreinileg tóft er um 730 m norðvestan við bæ 001.
Sumarbústaður er um 50 m vestan við tóftina innan afgirtrar lóðar. Tóftin er í lægð milli hóla í stórþýfðri en fremur þurri mýri.
Tóftin er um 20x7 m að innanmáli og snýr suðvestur-norðaustur. Hún hefur verið stungin inn í lágan hól og er um 0,5 m



Tóft 061

djúp þar sem hún er dýpst en ekki sjást hleðslur eða grjót í innanverðum veggjum. Tóftin virðist tvískipt. Í norðausturenda er hólf sem er um 8x4 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Op er á því til suðvesturs þar sem tekur við stærra hólf en ógreinilegra og kann það að vera náttúrulegt. Það er um 10x7 m að innanmáli og snýr einnig norðaustur-suðvestur. Á milli hólfa er um 2 m langur gangur. Hlutverk tóftarinnar er óljóst en mögulega hefur þetta verið rétt.
Hættumat: engin hætta

RA-367:062 tóft 63°51.280N 20°32.607V



Tóft 062




Tóft 062, horft til norðurs

Tóft er um 690 m norðvestan við bæ 001, norðan undir Stakkhól.
Tóftin er norðan undir hól í þýfðum og mýrarmóa.
Tóftin er tvískipt og torfhlaðin að því er virðist. Hún er um 8x7 m að stærð og snýr austur-vestur. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m. Hólf I er um 2x6 m að innanmáli, snýr eins og tóftin. Hólfið er nokkuð samansigið og suðurveggur orðinn óljós. Op er úr hólfi I inn í hólf II á norðurhlið þess. Hólf II er um 1,5x1 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op er á því og tóftinni til vesturs. Ekki er vitað hvaða hlutverki tóftin þjónaði en mögulega hefur þetta verið stekkur. Það getur verið að örnefnið Stakkhóll hafi einhvern tímann verið Stekkhóll.
Hættumat: engin hætta

RA-367:063 gerði 63°51.263N 20°33.864V



Gerði 063, horft til norðurs



Gerði 063

Hlaðið gerði er um 850 m norðvestan við bæ 001, nærri merkjum móti Berustöðum.
Gerðið er hlaðið út frá hól í mólendi um 115 m vestan við sumarhús.
Veggir gerðisins eru um 0,5 m á hæð og um 0,7 m á breidd. Gerðið er um 4x5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Nyrst í því hefur verið grafin hola niður í móberg sem er um 0,4 m í þvermál og um 0,3 m á dýpt. Gömlum bíl hefur verið lagt í gerðið. Mannvirkið virðist ekki vera gamalt en hlutverk þess er óljóst.
Hættumat: engin hætta

RA-367:064 *Borgir* heimild um fjárskýli 63°51.000N 20°31.966V
"Brekka liggur suður frá bænum. Yfir henni er Bjallinn. Þá koma fjárhústún með Borgum, tveim, önnur nú horfin og hin að falla saman," segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús 003 á svipuðum slóðum eða um 100 m SSV við bæ 001. Að sögn Salvarar Hannesdóttur, heimildamanns, voru tvö hringlaga fjárskýli á þessum stað í túninu. Ekki er útilokað að útihús 003 sé á sama stað og annað fjárskýlið, hitt gæti hafa verið horfið þegar túnakortið var gert eða það verið utan túns. Á örnefnakorti eru Borgir merktar neðan við Gömlutraðir 044, 50-100 m austan við þá staðsetningu sem heimildamaður gaf upp. Óvanalegt er að fjárskýli hafi verið í túni svo nærri bæ.
Fjárskýlin voru að líkindum á háum hól í túninu sem kann að vera manngerður að einhverju leyti. Hátt er niður af honum til austurs í átt að Rauðalæk.
Ekki sést til minja um fjárskýli í túninu. Hóllinn sem annað fjárskýlið eða þau bæði stóðu á er 10x8 m að stærð, snýr austur-vestur. Hann er um 2 m á hæð þar sem hæst er niður af honum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Arnkötlustaðir, 5

RA-367:065 garðlag túngarður 63°50.938N 20°31.914V
Greinilegt garðlag skammt norðvestan við Rauðalæk, um 110 m norðaustan við bæ 001. Það er líklega túngarður og hefur mögulega tengst túngarði 011 þó að það sjáist ekki í dag. Þessi garður er ekki sýndur á túnakorti frá 1917 og kann því að vera yngri en kortið.
Túngarðsleifarnar sjást á þýfðu flatlendi niður við Rauðalæk.
Garðurinn sést á tveimur stöðum meðfram austurhlið túnsins en rof hefur komið í hann og slitið hann í sundur. Hann er annars vegar um 205 m á lengd og snýr suðvestur-norðaustur. Hins vegar er hann um 10 m á lengd og snýr nálega norður-suður. Hann afmarkar svæði sem er um 10x280 m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur. Túngarðurinn virðist vera torfhlaðinn. Hann er um 1 m á breidd og hæstur um 0,5 m.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Túngarður 065, horft til austurs

RA-367:066 frásögn rétt
63°51.067N 20°31.978V
Að sögn heimildamanns, Salvarar Hannesdóttur, var rétt á milli útihúsa 005 og 006, um 40 m norðvestan við bæ 001.
Réttin var í túnjaðri.
Ekki sést til minja um réttina og hefur að líkindum verið sléttað úr henni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-367:067 heimild um kálgarð 63°51.053N 20°31.915V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður fast suðaustan við bæ 001.
Kálagarðurinn er þar sem nú er lystigarður suðaustan við núverandi íbúðarhús.
Ekki sést til minja um kálgarðinn og hefur hann að líkindum verið sléttaður. Að sögn Salvarar Hannesdóttur, heimildamanns, var torfhlaðið gerði umhverfis kálgarðinn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-367:068 heimild um kálgarð 63°51.069N 20°31.879V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður fast suðaustan við fjós 002.
Kálgarðurinn var þar sem nú er sléttað tún.
Ekki sést til minja um kálgarðinn og hefur hann verið sléttaður í tún. Samkvæmt Salvöru Hannesdóttur, heimildamanni, var torfhlaðið gerði umhverfis kálgarðinn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

Túnakort fyrir Gíslholt



Byggt á túnakorti frá 1917

RA-380 Gíslaholt

1708: 20 hdr. með hjáleigunni Kambi RA-381:001 og eyðihjáleigunni Sæld RA-381:009, báðar reiknaðar fjórðungur jarðarinnar. JÁM I, 346. "Gíslaholts getur í heimildum frá 17. öld ... Jörðin er landrík. Gíslholtsfjall sem rís upp frá bænum er um helmingur landareignar sem nær þar á kafla í Þjórsá. Vötnin Gíslaholtsvatn eystra og vestra eru að vænum hluta í landi Gíslholts og stendur bærinn milli vatnanna." SB V, 286.
1708: "Landi jarðarinnar hefur Þjórsá spilt, sjerdeilsi í nokkur umliðin ár, síðan húnfjell austur undir landið, so hún brýtur af árlega." JÁM I, 346. 1917: Tún 5 ha, þar af slétt 1,5 ha, garðar 900 m².

RA-380:001 *Gíslaholt* bæjarhóll bústaður 63°56.829N 20°30.136V

Bæjarhóllinn í Gíslholti var í túni á milli Gíslholtsvatna, sunnan undir bröttum hólum, syðst á Gíslholtsfjalli. Uppspretta sem rennur í Eystra-Gíslholtsvatn er fast sunnan við staðinn þar sem bærinn stóð.
Bærinn stóð þar sem nú eru sléttuð tún. Byggingar frá 20. öld eru austan við bæjarstæðið. Eitthvað er búið að rífa af þeim húsum sem byggð voru við komu ábúenda um 1924 eða síðar en enn standa skemmur og tvö íbúðarhús. Um 60 m eru á milli bæjarstæðisins og þess íbúðarhúss sem næst því stendur.



Mynd af Gíslholti frá seinni hluta 20. aldar (SB V, bls. 286)

Ekki sést til bæjarhóls á þessum slóðum en bæjarstæðið var í halla mót suðri. Faðir og afi Sverris Kristinssonar, heimildamanns, ruddu út tóftaleifum, sem sennilega hafa verið á bæjarstæðinu, ofan í lægð í túninu fast austan við það þegar þeir byggðu nýtt hús við komu á jörðina um 1924. Í byggingaleifunum var mikil aska og komu þeir niður á grjóthleðslur. Líklegt er að enn séu mannvistarleifar undir sverði á bæjarstæðinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-380:002 heimild um útihús 63°56.879N 20°30.049V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 100 m norðaustan við bæ 001.
Útihúsið var þar sem nú er slétt tún. Hólbarð er litlu austan við það. Til norðurs er lítill trjálundur.
Ekki sést til útihússins en ójöfnur eru í túninu þar sem ætla má að það hafi staðið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-380:003 heimild um útihús 63°56.883N 20°29.969V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 160 m norðaustan við bæ 001 og um 20 m vestan við túngarð 018.
Útihúsið var þar sem nú eru sléttuð tún og fast vestan við staðsetningu þess er hólbarð í túninu. Nokkuð bratt er til suðurs.
Ekki sést til minja um útihúsið en þó er dálítil dæld í túninu þar sem ætla má að það hafi verið. Líklega hefur verið sléttað úr útihúsinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-380:004 *Stekkhóll* örnefni stekkur 63°56.926N 20°30.219V
"Vestan í fjallinu heima undir túni eru tveir hólar; nær bænum Stekkhóll og Hölluhóll lítið eitt vestar. Umhverfis þá heita Troðningar. ... Niður undan Troðningum er Stekkjarflöt," segir í örnefnalýsingu. Stekkhóll er um 190 m norðan við bæ 001.
Hóllinn er í stórþýfðum móa sem hallar til vesturs að Vestara-Gíslholtsvatni.
Ekki sést til minja um stekk við hólinn eða í næsta nágrenni hans.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Gíslholt, 1



Kambsvað 005, horft til austurs

RA-380:005 *Kambsvað* gata vað
63°58.459N 20°28.405V
"Austan við bæinn er Eystra-Gíslholtsvatn, og úr því rennur lækur í Kaldárholtslæk og heitir Langilækur. Á honum er eitt vað, sem heitir Kambsvað," segir í örnefnalýsingu. Kambsvað var á Langalæk á landamerkjum Gíslholts og Ketilsstaða RA-389 um 3,3 km NNA við bæ 001 og um 950 m NNA við seltættur 007.
Á þessu svæði liggur Langilækur gróflega norður-suður en í talsverðum boga. Lækurinn er 2-5 m breiður og vel stígvélafær. Botn lækjarins er grýttur og <0,4 m á dýpt. Beggja megin við lækinn er stórt rofabarð. Bakkar hans eru aflíðandi en 5-20° halli er niður að læknum. Auðvelt er að komast yfir.
Greinilegir slóðar liggja til austurs austan við lækinn og til suðvestur vestan við hann. Trúlega hefur verið farið hér yfir að Ketilstöðum frá Gíslholti og Kambi RA-381 hugsanlega á alfaraleið 016.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Gíslholt, 2



Tóft 006D, horft til norðurs


RA-380:006 tóftir útihús
63°56.905N 20°30.167V
Fimm tóftir eru í hnapp um 130 m norðan við bæ 001.
Tóftirnar eru á hæð norðan við bæinn, syðst á Gíslholtsfjalli. Þær eru í grónum og fremur sléttlendum móa við norðurmörk gamla túnsins en þetta svæði er ekki sýnt á túnakorti.



Tóft 006A, horft til norðausturs



Tóft 006C, horft til vesturs



Tóftir 006

Minjarnar eru á svæði sem er um 28x20 m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur. Í lýsingunni hér á eftir er hverri tóft gefinn bókstafur til aðgreiningar. Tóft A er í suðvestast á svæðinu. Hún er heldur ógreinileg, er um 9x10 m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur. Hún er tvískipt og er á milli tveggja hóla sem hafa að hluta myndað norðaustur- og suðausturveggi hennar. Hrundar grjóthleðslur eru einnig með þeim hliðum en svo virðist sem tóftin hafi verið grafin niður að hluta. Um 4 m veggstubbur er frá norðurhorni til suðvesturs.
Í suðvesturenda er sýnilegur kantur sem afmarkar tóftina. Inngangur virðist hafa verið á norðvesturhlið. Einföld röð steina liggur frá suðvesturenda tóftar til austurs, er um 4 m á lengd. Í norðausturhluta tóftar er kantur yfir hana þvera sem virðist skipta henni og er þar innan (norðaustan) við svæði sem er um 5x3 m að innanmáli. Hitt svæðið er um 6x8 m að innanmáli. Bæði svæðin snúa norðvestur-suðaustur. Mesta hleðsluhæð tóftarinnar er um 0,6 m á kanti í suðvesturenda. Tóft B er um 3 m norðan við A. Hún er einföld og sigin. Hún er um 2x3 m að stærð og snýr austur-vestur. Mesta hleðsluhæð er um 0,2 m. Ekki sést skýrt op inn í hana. Um 5 m vestan við tóft B er tóft C. Hún er einföld, um 2,5x4 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Óljóst op er í austurenda. Mesta hleðsluhæð er um 0,3 m. Veggir eru ekki breiðari en 0,5 m. Tóft D er um 2 m norðaustan við tóft B. Hún er greinilegasta tóftin á svæðinu. Hún er um 4x5 m að stærð og snýr norður-suður. Tóftin er grjóthlaðin, gróin og einföld. Op er inn í hana á vesturhlið. Mesta hleðsluhæð er um 1 m. Fast austan við tóftina er óljós veggur sem er um 4x1 m að stærð og snýr eins og tóft. Möglega eru þetta leifar af heytóft eða -stæði. Í tóftinni sjást tvö umför hleðslu. Tóft E er um 2 m norðan við D. Hún er afar sigin, er um 3x6 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Í henni sjást tvær dældir. Sú sem er í norðvesturenda er um 1x1 m að innanmáli en hin er um 1,5x1 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Mesta hleðsluhæð er um 0,2 m. Ljóst er að tóftirnar eru af útihúsum en ekkert er vitað um nánara hlutverk þeirra.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-380:007 *Seltættur* tóftir sel
63°58.082N 20°29.171V
"Suðaustur af Drang er ás, sem heitir Selás, og gengur hann út í mýrina. Suður af honum er Selhóll og við hann Seltættur," segir í örnefnalýsingu. Selhóll er í NNA-enda Gíslholts um 2,4 km NNA við Gíslholtsbæ 001 og um 520 m ASA við Drang og beitarhús 012. Rétt og tvær þústir eru í og við hólinn.

Á þessu svæði er þýfður mói vel gróinn grasi, lyngi og mosa í brekku sem hallar 5-10° í austur.




Tóft 007A, horft til SSA



Tóft 007B, horft til suðausturs




Tóft 007C, horft til suðurs



Sel 007

Mannvirkin þrjú eru á svæði sem er um 80 x 30 m stórt og snýr NNA-SSV. Þúst A er um 60 m NNA við Selhól. Hún er afar óljóst en ekki er ólíklegt að mannvistarleifar leynist undir sverði. Þústin er einföld og egglaga, um 12 x 8 m stór og snýr austur-vestur. Ógreinilegt innanmál er um 4x3 m. Þústin er mosa- og grasigróin og engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Gata liggur norður-suður í gegn um þústina miðja. Frá dældinni í miðjunni út að meintri veggjabrún eru 3-4 m og þústin er aðeins 0,2-0,5 m á hæð. Enginn greinilegur inngangur er sjáanlegur. Tóft B er greinileg lítil rétt fast sunnan undir Selhól í 1-2 m djúpum og 3-5 m breiðum gömlum og grónum lækjarfarvegi. Réttin er einföld og grjóthlaðin, um 10 x 4-6 m stór, og snýr austur-vestur. Veggir tóftarinnar eru um 0,5 m á breidd, 0,2-0,5 m háir og nokkuð signir. Hleðslur eru vel grónar mosa, grasi og lyngi. Hluti af norðurvegg réttarinnar er um 1,2 m hár náttúrulegur bakki í hlíð Selhóls. Gengið hefur verið inn að vestan um 0,5 m breiðan inngang. Ekki ólíklegt að ærnar hafi verið mjólkaðar í þessari rétt og hugsanlega geymdar yfir nótt. Í suðurhlíð Selhóls, fast norðan og ofan við rétt B er þúst C. Þúst C er um 5 m ofar/norðar á bakkanum sem nýttur var sem norðurveggur réttar B. Þúst C er mjög óljós og vel grasi- og mosagróin. Þústin er einföld, um 5 x 3 m stór og snýr norður-suður. Óljós innanmál þústarinnar er 2x1 m. Veggir hennar eru ógreinilegir og mjög signir eða <0,3 m á hæð. Tóftin gæti verið af smalakofa. Ef fleiri tóftir voru á svæðinu eru þær horfnar. Ekki er útilokað að fleiri fornleifar leynist undir sverði.



Beitarhúsatóftir 008

Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Gíslholt, 2

RA-380:008 *Slöguhóll* tóftir beitarhús
63°57.826N 20°29.193V
"Innst í fjallinu að austan er hár hóll, sem heitir

Slöguhóll, og í honum gamlar fjárhúsatættur," segir í örnefnalýsingu. Þrjár beitarhúsatóftir eru við rætur Slöguhóls að austanverðu, um 2 km NNA við bæ 001 og um 450 m sunnan við Selhól 007.
Á þessu svæði er þýfð og grasigróin brekka eða hlíð sem hallar 5-20° í austur.
Tóftirnar þrjár eru á um 60 x 30 m stóru svæði sem snýr NNA-SSV meðfram hlíð Slöguhóls. Tóftirnar snúa allar




Á vinstri mynd eru tóftir 008A og 008B, horft til SSA. Á hægri mynd er tóft 008C, horft til vesturs

austur-vestur og gengið var inn í þær allar að austanverðu. Inngangar eru að mestu fallnir saman þó þeir séu enn merkjanlegir. Hleðslur standa grónar í tóftum A og B en veggir tóftar C eru svo til útflattir en þó einnig vel grasigrónir. Tóft A er nyrst og stærst. Hún er þrískipt, um 13 m á lengd og um 11 m á breidd. Tóftin er mjórri að norðan umhverfis hólf III en að sunnan umhverfis hólf I og II. Veggir tóftarinnar eru um 2 m á breidd og 0,5-1,5 m á hæð. Grjóthleðslur eru greinilegar innan í öllum hólfum (2-8 umför). Hólf I er stærst, um 6 x 2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Ógreinilegar 1 m breiðar, signar hleðslur eru þvert yfir hólfið og hafa þær hugsanlega skilið milli hólfa I og II. Greinilegar hleðslur undir jötur eru í hólfinu.. Hólf II hefur trúlega verið um 3 x 2 m að innanmáli og snýr einnig austur-vestur. Enginn hæðarmunur er á botni hólfa I og II. Hólf III er norðan við 2 m breiðan vegg hólfs I. Hólf III er um 3 x 2 m að innanmáli og snýr norður-suður, það gæti hafa verið hlaða. Tóft A hefur trúlega verið grafin inn í hlíðina að einhverju leyti því útveggur hennar að vestan hverfur í brekkuna. Tóft B er um 3 m sunnan við tóft A. Tóft B er einnig þrískipt og um 10 x 10 m stór. Veggir tóftarinnar eru um 2 m á breidd og 0,5-1,5 m á hæð. Hólf I er í suðausturhorni tóftar B. Hólf I er um 3 x 2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Hólf II er 1 m vestan við hólf I. Það er um 2,5 x 2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Aumur, 1 m breiðu,r hlaðinn veggur skilur á milli hólfanna en engar dyr eru greinanlegar á honum nú. Grjóthleðslur eru greinilegar innan í hólfum I og II (2-8 umför) en enginn hæðarmunur er á botni þeirra. Hólf III er um 2 m norðan við I og II. Það er um 4 x 2 m að innanmáli og mjög sigið. Aðeins glittir í grjóthleðslur í veggjum. Ekki er ólíklegt að hólf I hafi verið jötuhús og III hafi verið hlaða. Hleðslurnar eru 0,2-0,4 m á breidd og um 0,3 m á hæð. Tóft C er um 35 m SSV við tóft B. Tóftin er einföld og um 8 x 6 m stór. Veggir hennar eru mjög signir og ógreinilegir en vel grasi- og mosagrónir. Veggirnir eru 0,2-0,5 m á hæð og 1-2 m á breidd. Innri brún veggja er skýrari en ytri og hún er um 5 x 2 m að innanmáli. Inngangur er við norðausturhorn tóftar á austurvegg. Tóftin hefur verið grafin að hluta inn í brekkuna þar sem ekki er skýran útvegg að finna þar. Útlit og ástand gæti gefið til kynna að þessi tóft sé eldri en hinar tvær.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Gíslholt, 2

RA-380:009 *Borgargil* örnefni fjárskýli 63°57.571N 20°29.392V
"Út Illavatni liggur gil, sem heitir Borgargil. Fjallsbrúnin sunnan við það heitir Borgargrjót," segir í örnefnalýsingu. Borgargil er um 1,5 km norðan við bæ 001, um 480 m SSV við beitarhús 008 og liggur gróflega í austur niður á láglendi frá Illavatni.
Gilið er 20-50 m breitt og grasigróið að mestu en þó eru rofabörð hér og þar. Ennþá liggur smá lækjarspræna úr Illavatni niður á lálendi með gilinu miðju.
Ekkert sést til fornleifa á þessu svæði. Ekki er þó ólíklegt að fjárskýli hafi einhvern tíman verið í gilinu eða næsta nágrenni þó ekki sjáist það lengur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Gíslholt, 2

RA-380:010 *Pálsstekkatún* tóft beitarhús 63°57.002N 20°29.627V
"Suður frá Svartagili er tangi út í vatnið, sem heitir Svanhildartangi ... Vestan við hann er vik, sem heitir Dráttur;

upp af honum ofarlega í hlíðinni Pálsstekkatún ...," segir í örnefnalýsingu. Tóft er um 530 m austan við bæ 001. Tóftin stendur allhátt og er sunnan undir brattri brekku. Hún er í litlu túni en mikil jarðföll eru í túninu og sunnan og vestan við það. Allbratt er til suðurs niður að Eystra-



Tóft 010




Beitarhúsatóft 010, horft til suðurs

Gíslholtsvatni.
Tóftin er tvískipt og grjóthlaðin. Hún er um 5x13 m að stærð og snýr norður-suður. Tóftin er niðurgrafin í norðurenda og hefur verið hlaða þar. Niðurgrafna hólfið er um 2x1 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Það er mjög samansigið. Það er um 0,5 m dýpra en aðrir hlutar tóftar. Mesta hleðsluhæð tóftar er um 1,1 m og sjást 7 umför að innanverðu. Inngangur í tóftina er í suðurenda en hrunið hefur fyrir hann. Ekki sjást leifar af garða eða jötum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Gíslholt, 2

RA-380:011 *Byrgisheiði* tóft beitarhús 63°56.410N 20°30.240V



Tóft 011, horft til norðurs



Tóft 011

"Næst túninu er tangi út í eystra vatnið og heitir Höfði. Suðaustur af honum heitir Langalaut og skiptist þar heiðin; Heiði austan og Byrgisheiði vestan Löngulautar," segir í örnefnalýsingu. Tóft er um 780 m suðvestan við bæ 001.
Tóftin er nyrst í Byrgisheiði en hún er gróin og þýfð.
Tóftin er grjóthlaðin og tvískipt. Hún er um 12x6 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Í suðurenda er hólf I sem er um 3x1 að innanmáli og snýr austur-vestur. Hólf II er um 2x5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Ekki er að sjá að innangegnt hafi verið á milli hólfa. Inngangur hefur verið inn í hólf II á norðurgafli en mikið grjóthrun hefur fyllt upp í hann. Hleðslur eru hrundar að mestu en þó sjást 6 umför á einum stað. Mesta hleðsluhæð er um 0,8 m. Ekki sást til minja um byrgi í Byrgisheiði og heimildamaður, Sverrir Kristinsson, vissi


ekki um aðrar minjar í heiðinni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Gíslholt, 2

RA-380:012 tóftir beitarhús 63°58.173N 20°29.771V



Tóftir 012, yfirlitsmynd, horft til norðvesturs

Á örnefnakorti af Gíslholtslandi eru merktar sauðhústóttir við Drang. Í örnefnaskrá segir um Drang: "Norðast á fjallinu [Gíslholtsfjalli] er hóll með stuðlabergsklettum, og heitir hann Drangur. Vestan við hann lægri hóll, Litlidrangur," Sauðahústóftirnar eru um 2,5 km norðan við Gíslholtsbæ 001, um 780 m suðaustan við Kostholtshaus (sjá 381:014) og um 520 m VNV Selhól 007.
Á þessu svæði er þýfður grasigróinn móí sunnan undir Drang í brekku sem hallar um 5° í suður. Að sunnan er Drangur 6-8 m há klettaborg úr stuðlabergi.
Fjórar tóftir eru í nokkuð beinni röð í brekkunni sunnan undir Drang á svæði sem er um 40 m á lengd, um 20 m á breidd og snýr austur-vestur. Gengið var inn í allar tóftirnar að sunnan (A, C og D) eða suðvestan (B) verðu. Tóft A er einföld, um 10 m á lengd, um 7 m á breidd og snýr norður-suður. Veggir tóftarinnar eru grjóthlaðnir, um 2 m á breidd og 0,4-1,2 m á hæð. Innanmál er 6 m á lengd og 3 m á breidd. Hleðslurnar eru teknar að signa og hrynja inn í tóftina. Greinilegar jötuundirstöður eru beggja vegna við innri langveggi og eru þær um 0,3 m á hæð og 0,3 m á breidd. Inngangur í tóftina er hruninn saman en ennþá greinilegur. Hann hefur verið um 1 m á breidd á miðjum suðurvegg. Tóftin er grafin inn í brekkuna þar sem ytri veggur að norðan er ekki sjáanlegur. Tóft B er vestast, um 4 m VNV við tóft A. Tóft B er einföld, um 5 m á lengd, um 5 m á breidd og snýr norðaustur-suðvestur.



Tóftir 012

Veggir tóftarinnar eru 1-2 m á breidd og hleðslur eru signar eða 0,2-0,5 m á hæð. Hér og þar glittir í hleðslugrjót í grasinu. Innanmál tóftar er 3x2 m. Tóftin virðist vera eldri í útliti en tóftir A og D. Hér hefur hugsanlega verið hrútakofi. Tóft C er um 3 m austan við tóft A. Tóft C er einföld, um 7 m á lengd, um 7 m á breidd og snýr norður suður. Veggir eru um 2 m á breidd og mjög signir eða 0,2-0,5 m á hæð. Grjóthleðslur eru greinilegar í innri veggjum. Líklegast hefur verið gengið inn að sunnan en inngangur er að mestu fallinn saman. Tóft C gæti verið eldri en tóftir A og D. Hér hefur trúlega verið einhvers konar fjárkofi eða skýli.
Tóft D er austast, um 2 m austan við tóft C. Tóft D er þrískipt, 10-16 m á lengd, 6-12 m á breidd og snýr NNV-SSA. Tóftin er styttri að vestan umhverfis hólf III og mjórri í suðurenda við suðurvegg hólfs I þar sem gengið var inn í tóftina. Hólf I er stærst, um 8 m á lengd, um 2 m á breidd og snýr NNV-SSA. Gengið er inn í það að sunnan um 0,5 m breiðan inngang sem er fallinn saman. Hleðslur veggja sjást greinilega og hlaðnar

jötuundirstöður eru upp við langveggi beggja megin sem eru um 0,3 m á breidd og 0,3 m á hæð. Veggir eru um 0,4-1,5 m á hæð, hæstir í hólfi II sem hefur trúlega verið hlaða. Hólf II er um 2 m norðan við hólf I. Hólf II er um 5 m á lengd, um 2 m á breidd og snýr VSV-ANA. Innangengt hefur verið úr hólfi I á norðurvegg upp við norðvesturhornið en gangur er nú fallinn saman líkt og vesturendi hólfsins. Greinilegar grjóthleðslur eru þó ennþá í austurenda þess. Hólf III er minnst og er það við norðurenda hólfs I um 2 m vestar. Hólfið er miklu verr farið en hólf I og II og ekki er óhugsandi að það sé eldra. Hólfið er nú lítið annað en 2,5x2,5 m stór ferköntuð hola undir vesturvegg beitarhússins. Hleðslur eru aðeins greinilegar í innri norðurvegg. Trúlega einnig einhvers konar fjárkofi eða skýli.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Gíslholt og Kambur

RA-380:013 *Svartbakkavað* heimild um vað 63°58.786N 20°29.090V
Staðsetningu Svartabakkavaðs má sjá á örnefnakorti Gíslholts og Kambs. Vaðið er merkt inn á landamerkjum Gíslholts og Kaldárholts RA-390 á Kaldárholtslæk austan við Langarima, fast vestan við stóra bugðu í læknum. Ekkert segir um vaðið í örnefnaskrá. Svartbakkavað var á Kaldárholtslæk um 3,7 km norðan við Gíslholtsbæ 001 og um 820 m norðvestan við Kambsvað 005.
Kaldárholtslækur er um 5-10 m á breidd á þeim slóðum sem vaðið var. Sandbakki er beggja megin lækjar og er lækurinn stígvélafær. Bakkinn er <0,2 m á hæð á þessu svæði en annars er hann víða 0,5-3 m hár.
Beggja megin lækjarins eru djúpir troðningar en óljóst hvort þeir eru gamlir. Um þetta vað hefur trúlega verið farið á leið 016 frá Gíslholti yfir að Kaldárholti meðfram austurbakka Þjórsár.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Gíslholt og Kambur

RA-380:014 *Móhraukabrú* heimild um brú 63°57.871N 20°28.714V
Staðsetningu Móhraukabrúar má sjá á örnefnakorti við Langalæk austan við Slögumýri, miðja vegu milli Smárima og óss Langalækjar við Gíslholtsvatn eystra. Ekkert segir um brúna í örnefnaskrá. Samkvæmt Sverri Kristinssyni bónda í Gíslholti var Móhraukabrú torfhlaðin brú í mýrinni milli Gíslholts og Reiðholts um 2,3 km norðaustan við bæ 001 og um 400 m ANA við beitarhús 008.
Á þessu svæði er þýfð deig mýri gróin grasi, mosa og víði. Á þessu svæði mætast landamerki Haga RA-387, Ketilstaða RA-389 og Gíslholts. Langilækur er þar á landamerkjum Gíslholts og Ketilstaða og er hann um 0,5-2 m breiður og nokkuð djúpur á þessu svæði.
Engin greinileg ummerki eru um þessa brú á svæðinu. Líklegast hefur verið ferðast um þessa brú á leið frá Gíslholti yfir til Haga.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Gíslholt og Kambur

RA-380:015 *Stekkjarflöt* örnefni stekkur 63°57.006N 20°30.439V
Samkvæmt örnefnakorti var Stekkjarflöt við Vestra-Gíslholtsvatn. Stekkjarflöt er líklega þar sem sléttlendur blettur er vestan við veg um 410 m norðan við bæ 001 og um 230 m norðvestan við Stekkjarhól 004.
Dálítið sléttlent svæði er neðan vegar til vesturs, en stutt er frá veginum að Vestara-Gíslholtsvatni.
Ekki sást til minja um stekk á flötinni. Ekki er víst að stekkur hafi verið á Stekkjarflöt og kann hún að draga nafn sitt af stekk sem var við Stekkhól 004.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur af Gíslholti og Kambi.

RA-380:016 gata leið
63°57.827N 20°29.117V
Mikið er um hestagötur í austurhlíð Gíslholts og kann þar að hafa legið leið sem sameinaðist leið RA-671:017 sunnan við bæ 001. Ummerki um leiðina sjást líklega um 2 km NNA við bæ 001 og um 60 m austan við beitarhús 008. Líklega er þessi leið sýnd á túnakorti Gíslholts frá 1917 þar sem hún liggur til norðausturs úr túninu. Frá túninu og áfram til ANA er ruddur vegur sem telst ekki til fornleifa en eldri leið lá örugglega á sama stað.
Í austur- og suðurhlíðum Gíslholts er grasigróinn þýfður mói í brekku sem hallar 5-20° til austus og



Götur 016, horft til SSA

suðurs og er nýttur sem hagi fyrir hesta.
Ekki er ljóst hvort göturnar sem hér eru skráðar eru að stofni til fornar. Göturnar eru fjölmargar hlið við hlið á svæði sem er 10-30 m á breidd og eru þær 0,2-0,5 m djúpar og 0,3-0,5 m á breidd. Sumar eru grasigrónar, aðrar rofin moldarflög. Líklega hefur verið auðveldara að ferðast meðfram Gíslholti að austan en vestan. Heima við Gíslholtsbæ í suðri hverfa göturnar í tún en í norðri hverfa þær að mestu í Slögumýri en þó halda nokkrar áfram í norður meðfram Gíslholti alveg að landamerkjum. Hefur leiðin trúlega tengst leið RA-390:015 í Kaldárholtslandi og hugsanlega leiðinni sem lá yfir Móhraukabrú RA-380:014 í norðaustri.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1917

RA-380:017 huldufólksbústaður huldufólksbústaður 63°56.867N 20°30.170V
Huldufólksbústaður var talinn veraí klöpp um 75 m norðan við bæ 001.
Klöppin er í brekku norður af bænum, skammt norðan við núverandi túnmörk.
Afi Sverris Kristinssonar, heimildamanns, taldi huldufólk búa í hólnum og sagði sögu af því að huldukona sem þar bjó hafi bjargað sér frá drukknun í bæjarlæknum.
Hættumat: engin hætta


RA-380:018 garðlag túngarður 63°56.849N 20°29.931V




Túngarður 018 og áfast gerði A, horft til suðurs



Túngarður og áfast gerði B, horft til norðvesturs



Gerði og garður 018A



Gerði B

Gróinn túngarður liggur með túninu að austan og norðan og að hluta með vesturhlið þess. Ekki sést skýr garður sunnan við gamla túnið en þó er hryggur í sunnanverðu túninu sem afmarkaði það til suðurs.
Túngarðurinn er í halla mót suðri á mörkum túns og móa og í hæðum norðan við bæ en sléttað hefur verið úr þeim hluta garðsins sem nú er innan túns sunnan við bæ.
Garðurinn er gróinn og grjót sést óvíða en hann er líklega torf- og grjóthlaðinn. Hann er víða um 0,7 m á hæð og um 1 m á breidd og afmarkar svæði sem er um 300x270 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hlið er á garðinum í norðausturhorni og má ætla að það hafi verið lengi því leið 016 er sýnd liggja um það frá bæ á túnakorti frá 1917. Í brekku skammt norður af Eystra-Gíslholtsvatni er gerði A áfast garðinum og garður út frá því. Túngarðurinn hefur verið rifinn á kafla þar sem gerðið er við utanverðan túngarðinn. Það er um 9x8 m að stærð og snýr austur-vestur en veggir þess eru óskýrir nema að sunnan og austan þar sem kantur stendur lítið eitt upp úr jörðu. Ef til vill er þetta gömul útrækt en ekkert er vitað um hlutverk gerðisins. Frá suðausturhorni gerðis liggur um 18 m langur garður til vesturs. Hann er um 0,7 m á breidd og um 1 m á hæð. Norðan við hann eru dýjauppsprettur en tilgangur garðsins er óljós. Um 155 m norðan við bæ 001 er gerði B áfast utanverðum túngarði. Það er einfalt og grjóthlaðið. Það er um 4x14 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Sennilega hefur það verið rétt. Op er á því í suðausturenda, um 2 m breitt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917


RA-380:019 garðlag vörslugarður 63°56.801N 20°30.357V



Tóft við vörslugarð 019, horft til suðausturs



Vörslugarður 019, horft til SSA



Vörslugarður og tóft 019

Allmikill garður og tóft eru fast vestan vegar sem liggur til norðurs að Kambi RA-381, um 190 m vestan við bæ 001.
Garðlagið liggur í þýfðum móa vestur að Vestara-Gíslholtsvatni.
Garðurinn er um 42 m á lengd og snýr VNV-ASA. Hann er um 1,5 m á breidd og hæstur um 1,2 m. Garðurinn er gróinn og ekki sést í grjót í honum. Tveir veggstubbar liggja út frá báðum endum garðsins. Annars vegar 5 m langur veggur A til suðvesturs og hins vegar 6 m langur veggur B til NNV. Veggirnir eru um 1 m á breidd og um 0,6 m á hæð. Veggur A girðir fyrir skarð það sem hefur myndast við efnistöku í garðinn. Fast norðaustan við garðinn, við vatnið, er ógreinileg tóft. Hún er einföld og myndar móabarð alla veggi hennar nema suðvesturvegg. Tóftin er um 10x3 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m. Op er á tóftinni í vesturhorni. Óljóst er hvert hlutverk tóftarinnar var en hún gæti hafa verið naust. Garðurinn er líklega vörslugarður en hann hefur mögulega tengst túngarði 018 þar sem hann afmarkaði heimatúnið til suðurs. Garðarnir liggja í sömu stefnu en um 90 m bil er á milli þeirra þar sem sléttað hefur verið úr þeim.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-380:020 varða 63°57.488N 20°29.358V

Grjóthlaðin varða er á klettabrún í Gíslholtsfjalli um 1,4 km NNA við bæ 001 og um 160 m SSA við Borgargil 009. Á þessu svæði er grýtt mosagróin austurbrún Gíslholtsfjalls.

Varðan er grjóthlaðin, um 1 m á hæð, 1x1,2 m stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Grunnflötur vörðunnar er ferkantaður en varðan er illa hlaðin. Ekki er ólíklegt að varðan hafi skekkst í jarðskjálftunum sem orðið hafa á svæðinu síðustu ár en hún lítur þó ekki út fyrir að vera mjög gömul. Hlutverk er óþekkt en hugsanlega er þetta merki á hæsta punkti Gíslholtsfjalls.

Hættumat: engin hætta



Varða 020, horft til suðausturs


RA-380:021 tóft kvíar

63°56.916N 20°30.145V

Tóft er um 5 m norðaustan við túngarð 018 og um 160 m norðan við bæ 001.



Tóft 021, horft til ANA



Tóft 021

Tóftin er í allbrattri hlíð í grónum og þýfðum móa.

Tóftin er um 2,5x7 m og snýr ANA-VSV. Hún er einföld og gróin, ekki sjást hleðslur í henni. Op er á tóftinni í VSV enda og ANA endi er óljós. SSA veggur tóftarinnar er mun greinilegri en hinn langveggurinn. Hann er hæstur um 0,8 m. Lögun tóftar, staðsetning og fjarlægð frá bæ bendir einna helst til að tóftin sé af kvíum.

Hættumat: engin hætta

RA-380:022 garðlag varnargarður 63°57.620N 20°29.591V



Garðlag 022, horft til SSV

Á Gíslholtsfjalli á austurbakka Illavatns við vesturenda Borgargils (sjá 009) er torfhlaðinn varnargarður um 1,5 km NNA við Gílsholtsbæ 001 og um 480 m suðvestan við beitarhús 008.

Á þessu svæði er þýfð hálfdeig grasi- og mosagróin mýri og mói.

Varnargarðurinn er torfhlaðinn, 1-2 m á breidd, 0,3-0,5 m á hæð og um 180 m á lengd. Garðlagið sést fyrst í grasigróinni brekku ofan við norðausturenda Illavatns. Þaðan liggur það í SSA um 40 m. Þá beygir það í suður og liggur gróflega um 60 m í suður með beygju til vesturs. Þessi hluti garðlagsins liggur milli Illavatns og vesturmunna Borgargils. Þaðan heldur garðlagið í suðvestur um 70 m þar sem það hverfur í þúfur á suðausturbakka Illavatns. Garðlagið er illa farið vegna rofs en er breiðast og hæst ofan við Borgargil þar sem vatn rennur mikið úr dalverpinu sem Illavatn er í. Trúlega hefur garðlagið verið ætlað til þess að koma í veg fyrir flóð úr Illavatni niður Borgargil.

Hættumat: hætta, vegna rofs


RA-380:023 tóftir útihús 63°56.881N 20°30.160V



Tóft 023A, horft til suðurs




Tóft 023B, horft til suðurs



Tóftir 023

Um 100 m norðan við bæ 001 eru tvær tóftir.
Tóftirnar eru sunnan undir brekku á hæð norðan við bæinn.
Tóftirnar eru á svæði sem er um 14x6 m að stærð og snýr ANA-VSV.Tóft A er nær hringlaga, um 5 m í þvermál. Óljóst op er inn í hana úr ASA. Veggir tóftarinnar eru lítilfjörlegir, um 0,5 m á breidd og um 0,3 m á hæð. Um 4 m ANA við tóft A er tóft B. Hún er um 4x4 m að stærð og er einföld. Veggir hennar eru mjög signir. Ekki sést op á tóftinni. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m. Tóftirnar eru innan gamla heimatúnsins og líklegt að þær hafi verið einhvers konar útihús.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-380:024 tóft útihús 63°56.872N 20°30.188V



Tóft 024



Tóft 024, horft til suðurs


Einföld tóft er um 90 m norðan við bæ 001.
Tóftin er í brekku norðan við bæ.
Tóftin er um 4x5 m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur. Hún er einföld og virðist vera grjóthlaðin en er nokkuð gróin. Inngangur er á suðvesturhlið hennar. Viðarleifar úr þaki sjást enn í tóftinni. Mesta hleðsluhæð er um 1 m. Um 5 m suðaustan við tóftina er gryfja, um 2x0,5 m að innanmáli og snýr suðvestur-norðaustur. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en líklegt er að hún sé af útihúsi þar sem hún er innan gamla heimatúnsins.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-380:025 tóft útihús 63°56.879N 20°30.104V



Tóft 025, horft til austurs



Tóft 025

Lítil tóft er um 95 m norðaustan við bæ 001.
Tóftin er rétt utan við núverandi túnjaðar, sunnan undir hárri brekku.
Tóftin er um 4x2 m á stærð, snýr austur-vestur. Hún er einföld og ekki sést í grjóthleðslur. Að sögn Sverris Kristinssonar, heimildamanns, hefur grjót verið sett í hana úr kartöflugarði sem var í túnjaðrinum. Við það hefur hún orðið ógreinilegri. Óljós inngangur er í vesturenda. Mesta hleðsluhæð er um 0,3 m. Tóftin er innan gamla heimatúnsins og er líklega af einhvers konar útihúsi en ekkert er vitað nánar um hlutverk hennar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Renna 026, horft til vesturs

RA-380:026 renna
63°56.909N 20°30.316V
Renna er um 200 m norðvestan við bæ 001.
Rennan liggur um stórþýfðan móa í brekku mót vestri niður að Vestara-Gíslholtsvatni.
Rennan snýr austur-vestur og er um 85 m löng. Hún er víða um 1 m á breidd og um 0,5 m á dýpt. Óvíst er hvaða hlutverki hún hefur gegnt.
Hættumat: engin hætta



Túngarður 027, horft til suðurs

RA-380:027 garðlag túngarður
63°56.520N 20°30.006V
Túngarður liggur á milli Gíslholtsvatna norðan við Byrgisheiði um 580 m sunnan við bæ 001.
Garðurinn er á mörkum túns og móa á tiltölulega flatlendu svæði.
Garðurinn var hlaðinn til að afmarka nýrækt. Hann var líklega hlaðinn í kringum 1930 að sögn Sverris Kristinssonar, heimildamanns, og er því ekki fornleif í lagalegum skilningi en er skráð vegna forns byggingarlags. Garðurinn er um 1 m á hæð og um 0,6 m á hæð. Hann er gróinn og óvíst er að grjóthleðslur séu í honum. Garðurinn afmarkar svæði sem er um 470x65 m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar


RA-380:028 garðlag túngarður 63°56.741N 20°30.293V

Við norðurmörk sumarbústaðarlóðar við Eystra-Gíslholtsvatn er garðlag, um 200 m suðvestur af bæ 001. Líklega er það túngarður sem hefur afmarkað nýrækt.
Garðurinn er í flatlendu túni.
Garðurinn er um 100 m langur og liggur ASA-VNV. Það er um 1 m á breidd og um 0,7 m á hæð. Það er algróið og ekki sést grjót í því.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Túngarður 028, horft til ANA

RA-380:029 heimild um kálgarð
63°56.821N 20°30.136V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður fast sunnan við bæ 001.
Kálgarðurinn var þar sem nú er tún.
Ekki sést til minja um kálgarðinn og hefur hann verið sléttaður í tún.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917



RA-381 Kambur


1708: Gíslahollt. Jarðardýrleiki allrar jarðarinnar er xx c að meðreiknaðri hjáleigunni (nú bygðri) Kambe ... Kambur, Gíslaholts hjáleiga. Tíundast og reiknast fyrir ii c. Var fyrst bygð það menn til muna fyrir xx árum. Heyrt segjast menn og hafa að í fyrr tið skuli hjer hafa staðið hálfur heimabærinn og þykir líklegt satt sje af girðingum, sem þar til vottar verið hafi." JÁM I, 345-346. Bærinn stendur sunnan undir Kambsfjallli. Jörðin er meðaljörð á mælikvarða Holtamanna. Hún er þurrlend að hálfu. Ræktunarland gott með framræslu. Hagar skjólgóðir. ... Jörðin á land í Gíslaholtsvatni vestra." SB V, 287.
1917: Tún 2,4 ha, þar af slétt 0,5 ha, garðar 700 m².

RA-381:001 *Kambur* bæjarhóll bústaður 63°57.174N 20°31.332V



Hlaðinn veggur í útihúsi á bæjarhól 001, horft til suðurs

Bæjarhóllinn á Kambi er sunnan undir Kambsfjalli og norðan við grösugan hól þar sem gamalt íbúðarhús stendur enn en það var byggt 1930.



Minjar á bæjarhól Kambs 001

Malarplan er nú sunnan við bæjarhólinn og á hólnum sjálfum vaxa greni- og lauftré. Fast suðaustan við bæjarhólinn er stór skemma.
Lítið sést af bæjarhólnum og hefur orðið nokkurt rask á honum og við hann. Óvíst er hvort hann hafi verið umfangsmikill þar sem ekki hefur verið búið lengi á jörðinni. Eitt hús er eftir af bæjarröðinni, líklega það sem hefur verið í VNV endanum, en inni í því sjást hlaðnir veggir á SSA-hlið og í NNA-gafli en að öðru leyti er húsið bárujárnsklætt. Bæjarhóllinn er um 20x14 m að stærð og snýr ASA-VNV. Mörk hans eru hins vegar afar óskýr nema að norðan. Mesta hæð er um 0,7 m. Fast SSV við hólinn er nýleg grjóthleðsla sem myndar kant framan við hann. Húsið sem stendur enn og áður er nefnt er um 4,5x9 m að stærð og snýr NNA-SSV. Ekki er kjallari undir því. Áðurnefndar hleðslur sjást vel innanmáls og eru þar um 10 umför. Mesta hleðsluhæð utanmáls er um 1,3 m.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Túnakort 1917


RA-381:002 heimild um útihús 63°57.176N 20°31.265V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 60 m austan við bæ 001.
Útihúsið var þar sem nú (2010) er skógarlundur í brekku mót vestri.
Ekki sést til útihúsins og hefur að líkindum verið sléttað úr því. Nú er allmikill trjágróður þar sem útihúsið var og stafar þeim minjum sem undir sverði kunna að leynast hætta af honum.
Hættumat: hætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-381:003 heimild um útihús 63°57.184N 20°31.276V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 50 m norðaustan við bæ 001.
Þar sem útihúsið stóð er nú (2010) skógarlundur í brekku mót suðvestri. Skammt vestar er afleggjari að íbúðarhúsi sem byggt var 1975.
Engar leifar útihússins sjást á yfirborði og hefur líklega verið sléttað úr því. Mögulega leynast minjar útihússins enn undir sverði og stafar þeim hætta af trjágróðrinum sem vex á svæðinu.
Hættumat: hætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-381:004 þúst útihús 63°57.197N 20°31.211V



Þúst 004, horft til norðausturs



Þúst 004

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 100 m norðaustan við bæ 001. Þar sést nú óljós þúst.
Þústin er fast norðan undir Kambsfjalli og er á mörkum skógræktar og túns.
Þústin er um 6x2,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Óljós dæld er í þústina en ekki er hægt að greina inngang í hana. Hún virðist hafa verið einföld. Mesta hæð er um 0,4 m. Ekki sést í grjót í þústinni.
Hættumat: hætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Túnakort 1917


RA-381:005 heimild um útihús 63°57.205N 20°31.202V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 120 m norðaustan við bæ 001.
Útihúsið var fast NNA undir Kambsfjalli á mörkum trjáræktar og túns.
Engar leifar útihússins sjást og hefur líklega verið sléttað úr því.
Hættumat: hætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-381:006 *Kambsrétt* þúst rétt 63°56.807N 20°32.222V
Í grein Guðjóns Jónssonar í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags frá 1963 segir um Kambsrétt: "Sögn er til um það, að Kambsrétt hafi fyrst verið byggð í landi býlisins Kambs í Holtum, - sunnan í holtsjaðrinum í svonefndu Flatholti, 80 m frá landamörkum Kambs og Herríðarhóls (Herríðarhólslæk). Sunnan í holtinu sér vel fyrir 5 réttartóftum, sem eru þar hlið við hlið." Á þessu svæði er fjárskýli 025 enn greinanlegt en Kambsrétt er alveg horfin í þúfur og gras. Á loftmynd er þó vel hægt að sjá móta fyrir mannvirki á þessum stað fast sunnan undir Flatholti um 1 km suðvestan við bæ 001.
Flatholt er fremur lágt og sléttlent en til suðurs og vesturs af réttinni er sundurgrafin mýri sem er orðin þurr að því er virðist.
Í grein Guðjóns segir einnig: "Austasta tóftin er að stærð 4X12 m, næsta 6X14 m, hinar 3 eru 5X14 m hver, allar með milliveggjum. Um 5 m ofar (norðan) við réttirnar hefur verið hlaðinn 40 m langur garður. Allar hleðslur eru úr kökkum. Dyr hafa verið suður úr réttunum, en engar dyr eru milli þeirra eða norður úr þeim. Ekki er sjáanlegt neitt mannvirki annað, er bent geti til að "almenningur" hafi verið þar. Um 33 m vestur af tóftunum er hlaðinn hringur (borg) [025], um 10 m í þvermál. Áður fyrr voru slíkir hringir hlaðnir til skjóls fé og hrossum. Þótt réttir þessar séu nokkuð stórar, er ekki sennilegt, að þær hafi verið skilarétt fyrir allan hinn víðlenda og fjármarga Holtamannahrepp hinn forna. Til þess virðast þær of litlar og auk þess illa í sveit settar, á öðrum jaðri sveitarinnar, þar sem ekki var heldur um varanlegt byggingarefni að ræða. Líklegt er, að réttir þessar hafi verið sundurdráttarréttir fyrir vesturhluta sveitarinnar." Ekkert sést af réttunum undir Flatholti lengur (2010) á jörðu niðri. Greinilegar leifar hólfa sjást þó á loftmynd sunnan undir Flatholti á svæði sem er um 100 m á lengd, um 60 m á breidd og snýr norðvestur suðaustur. Mjög líklegt er að fornleifar finnist undir sverði á þessu svæði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: GJ: "Kambsrétt" Árbók 1963, 101

RA-381:007 tóft beitarhús 63°57.361N 20°31.415V
"Á sléttum grasbala suðaustur við Háegg [017] voru fjárhústóftir og fjárrétt og eru þar sjálfsagt enn," segir í örnefnalýsingu. Beitarhúsatóft og hugsanleg rétt eru um 350 m norðan við bæjarhól 001, fast suðaustan undir suðvesturenda Háeggjar.
Á þessu svæði er mosa- og grasigróinn þýfður móa í hlíð Háeggjar sem hallar 5-30° til suðurs og suðausturs.
"Voru munnmæli um það, að ekki hafi verið hægt að nota hús eða rétt, vegna þess að féð var svo styggt og fékkst ekki til að fara inn í húsin eða rekast inn í réttina, alltaf eins og einhver stæði fyrir því," segir í örnefnalýsingu. Tóftin er skiptist í beitarhús (A), rétt (B) og óljóst hólf (C) sem ekki er ljóst hvaða hlutverki hefur gegnt. Samtals er tóftin um 16 x 9 m stór og snýr ANA-VSV. Veggir hennar eru nokkuð signir og vel mosa- og grasigrónir en hleðslugrjótið er enn greinilegt. Veggirnir eru 0,4-1,5 m á hæð og 1-2 m á breidd. Hleðslur eru hæstar að NNV upp við Háegg. Hólf A er austast. Hólfið er um 5 x 2 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Gengið hefur verið inn í hólfið að SSA en inngangur er fallinn saman. Stærð og lag gefur til kynna að það sé sjálf beitarhúsin. Hólf B er um 7 m VSV við hólf A. Hólfið er um 7 x 2,5-3 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Gengið var inn að SSA en líklegast hefur verið þar timburþil eða -grind þar sem enginn grjótveggur er að sunnan. Lag og stærð hólfs bendir til að það gæti hafa verið fjárréttin. Á milli hólfa A og B hefur hugsanlega verið hólf C. Ógreinilegar útlínur innri veggja í norðurhorni hólfsins eru um 2 m VSV við miðju hólfs A. Full stærð hólfs er óljós og nákvæmt hlutverk er óþekkt.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kambur, 2



Tóft 007, horft til suðurs



Tóft 007

RA-381:008 heimild um mógrafir 63°57.369N 20°31.907V
"Frá Neðrikletti og vestur að Lágegg voru kallaðar Brúnir, en þaðan og vestur að Þjórsá voru kallaðar Flatir. Þar var oft slegið því það var greiðfært og því fremur fljótslegið. Fyrst þegar ég man eftir, þá var tekinn mór þarna

við Þjórsá, en mórinn þarna var ekki góður eldiviður og var því hætt. En þarna var mjög mikið af birkilurkum og sumir mjög sverir, en þeir molnuðu alveg niður, þegar þeir voru þurrkaðir," segir í örnefnalýsingu. Flatir eru um 590 m norðvestan við bæ 001.
Flatir eru fremur flatlent og smáþýft svæði sem hallar til vesturs að Þjórsá. Búið er að kílræsa það. Fremur þurrlent er á svæðinu en þó renna mýrarlænur um það víða.
Ekki sjást ummerki um mótekju á Flötum en vel getur verið að mótekjan hafi verið sunnar en það svæði sem skoðað var, nær Einbúa. Það svæði er hins vegar mikið raskað af skurðgrefti og litlar líkur til þess að ummerki sjáist frekar þar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kambur, 2

RA-381:009 *Sæld* garðlag býli 63°57.151N 20°30.954V
"Austan við túnið á Kambi eru nokkrir grjóthólar með mosaskófum. Þeir voru kallaðir Sældarhólar. Þeir munu hafa fengið nafn sitt af því að fjárhúsin, sem stóðu skammt austar hétu Sæld, en þar eru nú aðeins gömul tóftarbrot," segir í örnefnalýsingu. Afar líklegt er að fjárhúsin Sæld séu á sama eða svipuðum stað og hjáleigan Sæld frá Gíslholti RA-380 sem minnst er á í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708: "Sælld, Önnur hjáleiga frá Gíslaholti, liggur skamt frá hinni hjáleigunni [RA-381:001], og sem lángan stekkjarveg frá heimajörðinni. Dýrleiki er og var iii hdr. Er nú í eyði og hefur í eyði legið í næstu 7 eða 8 ár. Þar fyrir var hún bygð í 4 eða 5 ár, þar fyrir lá hún í eyði 2 ár. Hennar fyrstu bygð muna menn ekki vel, meinast þó verið hafi hjerum fyrir 50 árum," Fjárhúsin voru fast SSA við núverandi veg, um 315 m suðaustan við bæ 001 og um 900 m norðvestan við Gíslholt 380:001. Garðlag liggur vestan og sunnan við fjárhúsin.



Garðlag 009, horft til suðausturs

Fjárhúsin voru innan sumarbústaðarlóðar en tóft hennar var rutt út 2008 eða 2009 að sögn Þórdísar Ingólfsdóttur, heimildamanns, þegar gert var malarplan á lóðinni.
Ekki sést til minja um fjárhústóftina eða hjáleiguna en á loftmynd frá Loftmyndum ehf frá 1998-2000 sést tóftin og var hún um 10x20 m að stærð og sneri ANA-VSV. Ekki er hægt að segja neitt nánar um tóftina. Um 60 m VSV við þar sem tóftin var er garðlag sem liggur í L og ætla má að hafi verið í tengslum við tóftina. Garðlagið afmarkar svæði sem er um 50x120 m að stærð og snýr ANA-VSV. Það tengist garðlagi 022 í ANA-enda. Garðlagið er að öllum líkindum torfhlaðið og virðist efni í það hafa verið stungið upp sitthvorum megin við það. Því hefur verið raskað víða, t.d. með trjárækt og vegalagningu en það er enn vel greinilegt og er það líklega ekki mjög fornt. Mesta hæð og breidd garðlagsins er um 1 m og lengd þess er um 160 m.
Hættumat: hætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Ö-Kambur, 3; JÁM I, 346

RA-381:010 *Kerlingagötur* heimild um leið 63°57.252N 20°30.762V
"Vesturbrún dalsins og klettarnir austan vð Sæld heita Sældarklettar. Þar sem vegurinn liggur ofan í dalinn heitir Kerlingarstígur. Þar voru áður reiðgötur, sem eru sennilega horfnar, enda er kominn þar bílvegur," segir í örnefnalýsingu. Að öllum líkindum er Kerlingarstígur á sama stað og gamli bílvegurinn liggur til vesturs upp úr Sæludal, um 485 m austan við bæ 001.
Allhátt og bratt er niður af dalsbrún til austurs. Brekkan er grasi gróin og stórgrýtt. Vestan við hana er mikil grjótnáma en líklega er hætt að nota hana.
Ekki sést til gatna í brekkunni vestan við Sæludal og lítil ummerki eru einnig um bílveginn sem lá á sömu slóðum. Líklegast voru göturnar leið milli Gíslholts RA-380 og Kambs.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kambur, 3



Leifar af kálgarði 011, horft til norðausturs

RA-381:011 hleðsla kálgarður

63°57.168N 20°31.332V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður fast sunnan við bæ 001.
Kálgarðurinn var þar sem nú er malarplan suðvestan við leifar af bæjarhól og húsum.
Grjóthlaðinn kantur er suðvestan við hús sem enn stendur á bæjarhólnum 001 og kann hann að vera leifar kálgarðs sem sýndur er á túnakorti. Kanturinn er þá líklega norðvesturveggur kálgarðsins. Hann er um 10 m langur og snýr suðvestur-norðaustur. Kanturinn er um 0,7 m á hæð og sjást 6 umför.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-381:012 *Stóri- og Litli-Skiphóll* örnefni lending 63°57.796N 20°31.427V
"Nú förum við að hlaði heimleiðis og höldum skammt frá ánni, enda rennur hún með allri landareigninni. Við göngum upp á allstóra hæð með klettabelti ármegin. Það heitir Stóri-Skiphóll. ... Skammt framar er Litli-Skiphóll, sem fer nú ekki mikið fyrir. Hann stendur ekki alveg við ána og er ekki annað en lágt klettabelti, upphækkað á lítilli mosagróinni hæð," segir í örnefnalýsingu. Skiphólarnir eru um 1,2 km norðan við bæ 001 á austurbakka Þjórsár.
Hólarnir eru ávalir, þýfðir og vel grasi- og mosagrónir. Hólarnir liggja NNA-SSV samsíða Þjórsá og eru 300-400 x 50-100 m stórir.
Engar heimildir hafa fundist um ferjustað á þessu svæði. Ekki er ólíklegt að örnefnin tengist skipasiglingum upp Þjórsá en þó er alveg jafn líklegt að hólarnir hafi verið nefndir vegna útlits þar sem þeir líta nokkuð út eins og skip á hvolfi.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kambur, 4

RA-381:013 garðlag landamerki
63°56.708N 20°31.833V
Torfhlaðinn landamerkjagarður er á merkjum Kambs og Herríðarhóls RA-379 í Ásahreppi um 960 m SSV við bæinn í Kambi 001 og um 540 m norðaustan við Herríðarhól RA-379:001.
Á þessu svæði er sléttað tún norðan við garðlagið í Kambslandi en barrskógur og grasi- og mosagróin órækt sunnan við garðlagið í landi Herríðarhóls. Gaddavírsgirðing er eftir garðlaginu endilöngu.
Garðlagið er torfhlaðið og vel mosa- og grasigróið. Það er um 200 m á lengd, 1-1,2 m á hæð og 1-1,5 m á breidd. Í austri endar það við Gíslholtsvatn og þar er garðlagið nokkuð rofið. Í vestri endar garðlagið við Heiðarveg 284.
Hættumat: engin hætta




Landamerkjagarður 013, horft til suðausturs

RA-381:014 tóft rétt 63°58.476N 20°30.438V



Réttartóft 014, horft til NNV



Rétt 014

Grjóthlaðin rétt er í norðanverðum Kostholtshaus, um 3,1 km NNV við bæ 001 og um 290 m norðan við

beitarhús 020.
Á þessu svæði er grýtt mosa- og lyngigróin brekka sem hallar 2-45° til norðausturs. Staðsetningin réttarinnar er einkennileg. Hún er undir um 1,5 m háum kletti og eru nokkuð brattar brekkur í allar áttir á 10-30 m hárri öxl Kostholtshauss. Flatlendi á öxlinni er mjög lítið.
Réttin er grjóthlaðin, um 15 x 4 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir hennar eru 0,5-1 m breiðir og 0,2-1,7 m á hæð. Innanmál hennar er 13x2-3 m. Óljóst er hvar gengið hefur verið inn í réttina en trúlega hefur það annað hvort verið á austurvegg fast sunnan við norðausturhorn réttarinnar eða á suðurvegg við suðvesturhorn hennar. Vesturhlíð réttarinnar er 1-1,5 m hár náttúrulegur klettur sem hleðslugrjóti hefur verið hlaðið upp við og ofan á. Tóftin er gróin grasi, mosa og víði að innan. Nákvæmt hlutverk er óþekkt en fjarlægð frá bæ gæti gefið til kynna að hún hafi hugsanlega verið stekkur.
Hættumat: engin hætta

RA-381:015 vegur leið
63°57.174N 20°31.118V
Gamall vegur liggur fast austan við tóft 021 í Sældarhólum. Vegurinn er líklega gamla heimreiðin að Kambi en áður fyrr endaði vegurinn um sveitina við Kamb. Annar vegur, yngri að því er virðist, er um 20 m sunnan við þennan veg. Vegurinn er um 175 m austan við bæ 001.
Vegurinn liggur í skarði milli tveggja hóla í Sældarhólum.
Vegurinn liggur í sveig til suðausturs frá túni niður allbratta brekku. Vegurinn er um 2 m á breidd innanmáls og um 0,5 m djúpur. Honum var fylgt á um 60 m löngum kafla. Litlu sunnan við rudda veginn er upphlaðinn vegur, sunnan við suðaustasta hólinn í Sældarhólum, á milli vegar 015 og núverandi vegar. Mögulega er hann yngri en 015. Hugsanlega gæti verið hann einnig verið hluti af Kerlingarstíg 010.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar



Vegur 015, horft til ASA

RA-381:016 *Nátthagi* heimild um nátthaga 63°57.323N 20°31.506V
Á örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar af Gíslholti og Kambi er merktur Nátthagi suðaustan undir Lágegg. Nátthaginn hefur að líkindum verið um 310 m norðvestan við bæ 001.
Suðaustan undir Lágegg er tiltölulega sléttlent næst henni en þegar lengra dregur tekur við stórþýfður og sundurgrafinn mói.
Ekki er ljóst hvar nátthaginn var nákvæmlega en líklegt er að hann hafi verið á milli Lágeggjar og garðs 022 þar sem hann liggur til suðvesturs. Sá hluti garðsins sem heldur áfram til norðvesturs að Þjórsá myndar norðausturmörk nátthagans. Garðarnir og Lágegg afmarka svæði sem er um 60x25 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Mögulega hefur nátthagi verið innan þess svæðis. Ekki er ljóst hvað hefur lokað svæðinu til suðvesturs. Engin mannvirki eru skráð sem teljast tilheyra nátthaganum beint.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Gíslholt og Kambur

RA-381:017 *Háegg* huldufólksbústaður huldufólksbústaður 63°57.371N 20°31.429V
"Þegar gengið er inn eftir Kambsfjalli, en þar er mosagróður, en innst eru klappir og stórgrýti. Það heitir Grjótfjall. Þar vestan við rís sérkennilegur grjótkambur eins og hann hafi einhvern tíma í fyrndinni verið klofinn frá Grjóthfjallinu. Hann heitir Háegg ... Þegar gengið er eftir honum, er hann ekki breiðari en svo, að sést næstum jafnt niður beggja megin, en er þó snarbrattara að vestanverðu," segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt Þórdísi Ingólfsdóttur heimildamanni var talið að álfakirkja væri í Háegg, um 370 m NNV við bæ og 20 m ofan og NNV við beitarhús 007.
Háegg er hluti af umfangsmiklu náttúrulegu klettabelti sem liggur frá bakka Þjórsár í landi Kambs norðan við bæinn í norðaustur yfir í land Gíslholts. Háegg er hæsti kletturinn í suðvesturenda klettabeltisins og er hann 10-15 m á hæð. Toppur klettarins er mjög oddhvass (egg) og auðþekkjanlegur.
Engar ritaðar heimildir fundust um álfakirkjuna.




Háegg, huldufólksbústaður 017, horft til norðvesturs

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kambur, 1

RA-381:018 *Reiðingshólsmýri* örnefni rista 63°57.775N 20°30.699V
Á örnefnakorti Kambs er skráð örnefnið Reiðingshólsmýri. Reiðingshólsmýri er vestan við Gíslholtsfjall um 1,2 km NNA við bæ 001 og um 170 m norðan við fjárskýli 019.
Á þessu svæði er framræst mýri vel gróin mosa og grasi.
Engin ummerki um ristu eru sjáanleg á svæðinu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Örnefakort

RA-381:019 tóft fjárskýli 63°57.681N 20°30.709V




Tóft 019


Tóft 019, horft til suðvesturs

Óljóst fjárskýli er suðvestan undir Reiðingshól um 1,1 km NNA við bæ 001 og um 830 m norðaustan við beitarhús 007.
Reiðingshóll er 2-4 m hár vel grasi- og mosagróinn hóll við suðurenda Reiðingshólsmýrar.
Tóftin er utan í hólnum í brekku sem hallar um 5° til VSV niður í mýri.
Tóftin er einföld og hringlaga, um 11 x 10 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir hennar eru mjög signir, um 3 m á breidd og 0,2-0,4 m á hæð. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar og veggirnir eru teknir að hlaupa í þúfur. Trúlega hefur verið gengið inn að suðvestan á langhlið fjær hólnum en engin greinileg ummerki eru um dyr á tóftinni. Innanmál tóftarinnar er um 4x4 m. Lögun tóftar og fjarlægð frá bæ benda til að hún sé e.k. fjárskýli.
Hættumat: engin hætta

RA-381:020 tóft beitarhús 63°58.321N 20°30.452V




Tóft 020


Beitarhúsatóft 020, horft til vesturs

Beitarhús er á Kostholtshaus, um 2,3 km NNA við bæ 001 og um 1,2 km norðan við fjárskýli 019.
Á þessu svæði er þýfður grasigróinn mói í brekku sem hallar um 5° til vesturs.
Tóftin er tvískipt og byggð úr grjót- og torfi. Hún er um 16 x 6 m stór og snýr austur-vestur. Grjóthleðslur í innanverðum veggjum eru víða teknar að síga , sérstaklega í hólfi B, en veggirnir eru enn 1-2,5 m á hæð og 2-2,5 m á breidd. Ytri hlíðar tóftar eru vel grasigrónar. Hólf A er greinilegt jötuhús. Hólfið er um 8 x 3 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Gengið var inn í hólf A á vesturhlið um 0,5 m breiðar dyr. Greinilegar 0,4 m háar og 0,3-0,5 m breiðar grjóthlaðnar jötu undirstöður eru greinilegar undir bæði norður- og suðurvegg. Hólf B er fast austan við hólf A. Það er 0,5-1 m dýpra en hólf A og hefur líklega verið hlaða. Hólfið er um 3 x 2 m að innanmáli og snýr einnig austur-vestur. Timburþil hefur skilið að hlöðu og jötuhús.

Hættumat: engin hætta

RA-381:021 tóft 63°57.175N 20°31.141V



Tóft 021



Tóft 021, horft til suðurs

Lítil tóft er í Sældarhólum, um 155 m austan við bæ 001 og um 160 m VNV við býlið Sæld 009.
Tóftin er hlaðin norðan í suðaustasta hólinn í Sældarhólum. Norðan við hana er tún og vestan við hana er gamall vegur 015 í skarði milli hóla.
Tóftin er einföld, grjóthlaðin, og snýr austur-vestur. Hún er um 4x2 m að stærð og er inngangur á norður langvegg. Mesta hleðsluhæð er um 1 m og sjást 4 umför hleðslu innanmáls. Að sögn heimildarmanns, Þórdísar Ingólfsdóttur, hrundi talsvert úr hleðslum í jarðskjálftanum árið 2000. Við austurenda tóftar er dálítil geil sem er breiðust næst tóft og mjókkar til austurs. Óvíst er hvort hún er manngerð. Hún er um 4x2 m að innanmáli og um 0,3 m á dýpt. Mögulega eru þetta leifar eldri tóftar og kann tóftin sem nú sést að hafa verið byggð ofan í hana. Líklegt er að þetta sé útihústóft, ef til vill hesthús, en hún er um 50 m austan við mörk gamla heimatúnsins.
Hættumat: engin hætta

RA-381:022 garðlag vörslugarður 63°57.303N 20°31.074V



Garðlag 022, horft til suðausturs

Umfangsmikill torfhlaðinn vörslugarður er norðan, norðaustan og norðvestan við bæ 001.
Garðurinn liggur um þýft graslendi, þýfðar deigar mýrar og hálfgróinn mel.
Vörslugarðurinn er torfhlaðinn, um 1500 m á langd en 1 m á breidd og um 0,5-1 m á hæð. Garðurinn nær yfir svæði sem er um 1100 x 350 m stórt og snýr norðvestur-suðaustur. Garðurinn sést um 420 m ASA við bæ 001, á norðurbakka Gíslholtsvatns. Garðurinn liggur þaðan í NNV um 390 m upp á suðurbrún Kambsfjalls. Garðurinn er þó horfinn á um 45 m kafla þar sem Heiðavegur 284 er nú (2010). Á Kambsfjalli beygir garðurinn í vestur og liggur um 300 m í átt að Lágegg. Þar beygir garðlagið aftur í norðvestur. Um 40 m norðvestan við hornið skiptist garðlagið í tvennt. Einn angi heldur áfram í norðvestur en annar heldur áfram um 155 m niður í átt að Brúnum. Þar beygir sá angi aftur í átt að bæ í suðaustur og liggur um 175 m áður en það hverfur við Heimaklett. Efri angi garðlagsins heldur áfram í norðvestur um 430 m áður en það hverfur á austurbakka Þjórsár um 740 m norðvestan við bæ 001. Þetta garðlag passar enganveginn við útlínur heimatúns á túnakorti Kambs frá 1917 og er trúlega er garðurinn vörslugarður.
Hættumat: engin hætta


RA-381:023 tóftir útihús 63°57.174N 20°31.468V
Tvær litlar tóftir eru um 115 m vestan við bæ 001. Líklegt er að þær hafi verið útihús.
Tóftirnar eru vestan í Heimakletti í jaðri móa- og mýrarsvæðis. Trjálundur er á Heimakletti og umhverfis hann. Ung útihús eru suðvestan við tóftirnar.
Á þessu svæði eru tvær litlar tóftir og dæld og er hverju mannvirki gefinn bókstafur í lýsingu þessari til



Tóftir 023, lengst til vinstri er tóft A, horft til suðvesturs, þá tóft B, horft til vesturs, og loks dæld C, horft til norðurs

aðgreiningar. Tóftirnar eru á svæði sem er um 13x5 m að stærð og snýr NNV-SSA. Tóft A er einföld og grjóthlaðin. Hún er um 2,5x3 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Inngangur er á suðvesturlanghlið. Járnarusl og timburleifar úr þaki sjást inni í tóftinni. Að innan sjást 7-8 umför hleðslu. Mesta hæð tóftar er um 1,2 m. Tóft B er um 6 m norðvestan við tóft A. Hún er einföld, um 5x4 m að stærð, snýr austur-vestur. Hún er grjóthlaðin en gróin og ekki sést fjöldi umfara. Tóftin virðist að hluta grafin inn í hlíðar Heimakletts og er hún mjórri í þeim enda (austurenda) og sjást veggir lítið standa upp úr sverði nema vestast. Mesta hleðsluhæð er um 1,5 m. Inngangur er í vesturenda. Hrunið hefur ofan í hann. Járnrusli hefur verið safnað inn í tóftina. Dálítil dæld C C er um 1 m norðvestan við tóft A og kann hún að vera manngerð. Dældin er um 3x2 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er um 0,3 m á dýpt.

Hættumat: engin hætta



Tóftir 023A og B auk dældar C

RA-381:024 tóft útihús
63°57.164N 20°31.370V

Tvískipt tóft er vestan í hól þeim sem íbúðarhús (byggt 1930) stendur á, um 35 m suðvestan við bæ 001. Hún hefur að öllum líkindum verið útihús.

Tóftin er á grónu svæði þar sem er lítilsháttar trjárækt.


Tóftin er tvískipt, um 11x5 m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur. Tóftin er að hluta grafin inn í hólinn sem hún er við og sjást ekki veggjahleðslur upp úr jörðu á suðaustur-langhlið. Hólf A er í



Tóft 024, horft til SSV



Mynd frá 1960 sýnir útihús 024 þegar þau stóðu enn (SB V, bls. 206)




Tóft 024

norðausturenda tóftarinnar. Það er um 3x5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Í því sjást 6 umför hleðslu. Hólf B er um 4x3m að innanmáli og snýr suðvestur-norðaustur. Hólfið skemmdist í jarðskjálftanum árið 2000 og var það fyllt að einhverju leyti af jarðvegi af ábúendum. Það er enda mjög gróið. Kantur er á norðvesturhlið hólfs B sem er um 0,5 m hár. Líklega hefur verið timburþil á þeirri hlið og það sama má segja um hólf A en ekki er veggur fyrir norðvesturhlið þess. Mesta hleðsluhæð tóftar er um 1 m.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-381:025 tóft fjárskýli 63°56.829N 20°32.278V




Borgartóft 025, horft til vesturs



Tóft 025

Í grein Guðjóns Jónssonar í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags frá 1963 segir: "Um 33 m vestur af tóftunum [007] er hlaðinn hringur (borg), um 10 m í þvermál. Áður fyrr voru slíkir hringir hlaðnir til skjóls fé og hrossum." Hringlaga tóft er suðvestan undir Flatholti og er hún mögulega borgartóft sú sem nefnd er í tilvísun en ekki sáust aðrar tóftir þar hjá. Tóftin er um 1 km suðvestan við bæ 001.
Flatholt er fremur lágt og sléttlent en til suðurs og vesturs af réttinni er sundurgrafin mýri sem er orðin þurr að því er virðist.
Tóftin er hringlaga og mjög hlaupin í þúfur. Hún er um 14 m í þvermál. Ekki sjást skýrt afmörkuð hólf eða op inn í tóftina. Í austurhluta tóftar er dæld sem er um 6x4,5 m að innanmáli og snýr nálega norður-suður. Innan hennar eru tveir þúfulausir blettir en óvíst er að þar hafi verið hólf. Mesta hæð tóftarinnar eru um 0,7 m. Veggir eru 3-6 m breiðir og því mjög útflattir.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: GJ: "Kambsrétt" Árbók 1963, 101

Túnakort fyrir Raftholt



Byggt á túnakorti frá 1917

RA-382 Raptholt

10 hdr 1708. JÁM I, 345. Jarðarinnar getið í heimildum frá 17. öld. "Landrými er allgott og um helmingur þess þurrlendi. Ræktunarskilyrði góð og hagar skjólgóðir." Tvíbýli frá 1976.
1708: "Engjaslægjur eru ærið votunnar." JÁM I, 345
1917: Tún 3,5 ha, þar af slétt 1,5 ha, garðar 1080 m².

RA-382:001 *Raptholt* bæjarhóll bústaður
63°55.991N 20°28.602V
Bæjarhóllinn í Raftholti er í túni á milli vegar um sveitina til austurs og blautrar mýrar til vesturs. Hóllinn er í aflíðandi brekku mót vestri, um 150 m suðvestan við yngra íbúðarhús sem byggt var 1976.
Steinsteypt útihús er fast norðan við bæjarhólinn. Á hólnum sjálfum stendur gamalt bárujárnshús sem að sögn Hjalta Sigurjónssonar, heimildamanns var byggt fyrir 1900 en ekki er lengur búið í því. Tré og annar gróður er í suðurjaðri bæjarhólsins.
Bæjarhóllinn er ekki ýkja greinilegur en hann virðist vera um 30x30 m að stærð og mesta hæð hans er um 1 m. Fyrir utan áðurnefnt íbúðarhús er ein tóft í norðurenda hólsins og hleðslur eru norðan og vestan við gamla íbúðarhúsið. Tóftin, sem er einföld, er af fjósi sem notað var til 1947. Austan við tóftina var hlaða og heygarður. Tóftin er úr grjóti og torfi og er um 9x6 m að stærð. Hún snýr austur-vestur og er inngangur í hana á vesturgafli. Stórt grjót hefur hrunið í




Mynd frá 1944 af gamla bænum í Raftholti (Holtamannabók I, bls. 331)




Bæjarhóll 001 ásamt fjóstóft og gömlu íbúðarhúsi, horft til austurs

innganginn. Mesta hleðsluhæð í tóftinni er um 1,5 m og í henni innanverðri má sjá 6 umför grjóts. Grafið hefur verið úr bæjarhólnum þegar bárujárnshúsið var byggt. Grjóthleðslur eru um 4 m sunnan við fjósið, samsíða húsinu að norðanverðu á um 6 m kafla. Meðfram vestur- og suðurhliðum gamla íbúðarhússins er grjóthlaðinn kantur sem er hæstur til vesturs, um 0,6 m. Vestan við húsið er stallur sem er um 6x10 m að stærð og snýr norður-suður. Ekki er ljóst hvers konar mannvirki hefur verið þar. Mesta hæð stallsins er um 0,4 m. Íbúðarhúsið er um 17x6 m að stærð, snýr austur-vestur, og er steypt stétt meðfram því. Að sögn Hjalta Sigurjónssonar, heimildamanns, var hlóðaeldhús sem notað var fram á hans daga í yngsta hluta hússins sem er í vesturenda þess. Sunnan við húsið og bæjarhólinn eru leifar af kálgörðum 004 að því er virðist.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917



Minjar á og við bæjarhól Raftholts 001

RA-382:002 hús hesthús
63°56.016N 20°28.558V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús við traðir 016 heim að Raftholti 001. Útihúsið er um 50 m norðaustan við bæ og var hesthús en er líklega geymsla nú (2010).
Húsið er við gömlu heimreiðina að Raftholti en sunnan við húsið er malarplan og hlið heim að bænum. Norðvestan við það er bárujárnsbraggi og norðan við húsið og austan við braggann er hestarétt sem er að hluta hlaðin.



Hesthús 002


Hesthús 002 og rétt, horft til vesturs

Húsið er bárujárnshús undir þaki en grjóthleðslur eru í í öllum veggjum nema suðurvegg þar sem inngangur og gluggar eru á gaflinum. Samkvæmt Hjalta Sigurjónssyni, heimildamanni var það sennilega byggt um 1920 og kann það að hafa verið byggt á sama stað og eldra hús eða ofan í það. Húsið er um 9x7 m að stærð og snýr austur-vestur. Hleðslurnar eru greinilegastar á austur- og norðurhliðum. Þar eru þær um 1,6 m á hæð og sjást 8 umför af grjóti í hleðslunni. Hleðslan meðfram vesturhlið hússins er lægri en hinar og heldur hún áfram norðan við húsið og undir austurhlið braggans sem áður er getið. Hlaðinn veggur er um 1,5 m norðan við húsið. Timburgrindverk er ofan á þeirri hleðslu og á hleðslunni milli hússins og braggans. Einnig er timburgrindverk á milli braggans og norðurenda hlaðna veggjarins og er hestarétt úr timbri á milli braggans, hússins og veggjarins.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-382:003 heimild um hesthús 63°56.014N 20°28.550V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var tviskipt útihús um 50 m norðaustan við bæ 001, við traðir 016 heim að bænum.
Húsið var þar sem nú er gamalt malarplan við hlið heim að Raftholti 001.
Búið er að rífa húsið og ekki sjást nein ummerki um það en samkvæmt Hjalta Sigurjónssyni, heimildamanni var húsið hesthús.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-382:004 gerði kálgarður
63°55.990N 20°28.612V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður sunnan og vestan við bæjarhólinn í Raftholti 001. Ekki sést til kálgarðsins vestan við bæjarhólinn en leifar af hans sjást í garði sunnan við gamla íbúðarhúsið í suðurjaðri bæjarhólsins.
Kálgarðurinn er fast sunnan við gamla íbúðarhúsið, í sléttu túni sem hallar lítillega til vesturs.
Garðlög sjást á svæði sem er um 26x10 m að stærð og snýr austur-vestur. Garðlögin eru að mestu útflött og eru víðast um 2,5 m á breidd og um 0,3 m á hæð. Þau mynda eitt hólf sem er um 11x7 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Frá suðvesturhorni þessa hólfs heldur garður áfram til vesturs á um 10 m löngum kafla. Garðlögin er greinilegust í þessum vesturenda en þar er þau ekki útflött og eru um 0,7 m á hæð. Ekki sjást grjóthleðslur í garðlögunum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Leifar af kálgarði 004 eru innan um tré sunnan við gamla bæinn í Raftholti, horft til norðurs

RA-382:005 *Þrasabraut* vegur leið 63°56.447N 20°28.824V





Á mynd til vinstri er torfbrú á Þrasabraut 005, horft til suðvesturs. Á mynd til hægri eru götur á leiðinni, horft til suðurs

Þrasabraut er gömul vagnbraut sem liggur NNA-SSV frá Heiðarlandi RA-378 í gegn um Raftholtsland austur fyrir Gíslholtsvatn í átt að Haga RA-387. Samkvæmt Hjalta Sigurjónssyni, heimildamanni, var leiðin nefnd Þrasabraut vegna allra rifrildanna sem urðu yfir því hvar hún átti að vera. Hún var notuð fram til um 1930.
Leiðin liggur um mosa- og grasigróna móa og deigar mýrar í landi Raftholts.
Þrasabraut kemur inn í Raftholtsland fast austan við suðurenda Eystra-Gíslholtsvatns. Þar er mjög deig og þýfð mýri. Yfir mýrina var hlaðin upp torfbrú sem sést enn vel og voru tvær timburbrýr á hleðslunni yfir stærstu keldurnar. Hleðslan er um 650 m á lengd og snýr norðaustur-suðvestur en í suðvesturenda hennar er um 30 m breitt skarð vegna þjóðvegar 284 og ræsisskurðar í landi Raftholts. Hleðslan hefur staðið um 0,2-1 m upp úr mýrinni. Hleðslan er orðin nokkuð þýfð en í henni sjást ennþá um 0,2 m breiðar og 0,2-0,4 m djúpar rásir, 3-5 rásir hlið við hlið. Hleðslan/torfbrúin endar í þúfum um 170 m suðvestan við þjóðveg 284 þar sem 5-20 m hátt holt rís upp úr mýrinni. Leiðin heldur þar áfram upp á holtið og eru þar ennþá greinilegir götuslóðar sem áður voru vagnfærir. Leiðin er nú 3-5 grunnar rásir á um 4 m breiðu svæði en þó er hún á köflum orðin 0,4-0,6 m djúp og um 4 m breið rás vegna vatnsaga. Gatan heldur áfram í suðvestur upp á holtið og yfir það í gegn um norðurenda lands Sumarliðabæja RA-408:046 inn í land Heiðar í Ásahreppi RA-378 að Ferðamannalág RA-378:015. Um 420 m suðvestan við þjóðveg 284 eru krossgötur Þrasabautar og leiðar 020 sem liggur gróflega austur-vestur frá Raftholti yfir í Gíslholtsland. Um 1,3 km suðvestan við þjóðveg 284 eru svo krossgötur Þrasabrautar og leiðar RA-671:017. Þrasabraut liggur úr Raftholtslandi yfir í Sumarliðabæjaland í Ásahreppi um 1,4 km suðvestan við bæ 001 og um 1,7 km SSV við þjóðveg 284 í suðvesturhorni landareignar Rafholts. Leiðin er orðin nokkuð rofin á köflum vegna vatnsaga. Í landi Raftholts var Þrasabraut um 2,2 km löng.

Hættumat: engin hætta


RA-382:006 frásögn lambhús 63°55.984N 20°28.492V
Að sögn Hjalta Sigurjónssonar, heimildamanns, var lambhústóft í hans minni, austarlega í gamla heimatúninu, um 90 m austan við bæ 001.
Tóftin var í sléttuðu túni.
Búið er að slétta úr tóftinni og sjást engin ummerki um hana.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-382:007 frásögn útihús 63°56.012N 20°28.746V
Að sögn Hjalta Sigurjónssonar, heimildamanns, var útihússtóft í hans minni norðvestarlega í gamla túninu, um 125 m norðvestan við bæ 001.
Tóftin var í sléttuðu túni.
Búið er að slétta úr tóftinni og sjást engin ummerki um hana.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-382:008 tóft beitarhús 63°55.877N 20°29.424V




Beitarhúsatóft 008, horft til ANA, bærinn Raftholt í fjarska



Tóft 008

Tvískipt beitarhús er um 700 m VSV við bæ 001 og um 800 m norðaustan við suðausturhorn Raftholtslands (sjá landamerkjagarð 014).
Beitarhúsið er á þýfðu grasi- og mosagrónu holti sem er 5-20 m á hæð og liggur NNA-SSV.
Tóftin er um 17 x 6-10 m að stærð og snýr ASA-VNV. Hún skiptist í tvö hólf, fjárhús og hlöðu. Veggir hennar eru hlaðnir úr torfi og grjóti, um 2 m á breidd og 0,4-1,8 m á hæð. Hleðslur veggjanna standa grasi- og mosagrónar að mestu en eru þó byrjaðar að síga. Hleðslur eru greinilegar og sjást 5-9 umför innan í tóft. Fjárhúsið er um 12 x 2 m að innanmáli og snýr ASA-VNV. Gengið hefur verið inn að VSV um timburþil. Samkvæmt Hjalta Sigurjónssyni, heimildamanni var húsið jötuhús og voru jötur beggja megin á grjóthlöðnum undirstöðum en þær sjást ekki lengur vegna sigs hleðsla. Hlaðan er um 6 x 3 m að innanmáli og snýr NNA-SSV. Botn hennar er í sömu hæð og fjárhúsið en veggir eru þó hærri. Gengið hefur verið úr fjárhúsinu inn í hlöðu um timburþil. Samkvæmt Hjalta var húsið notað fram til um 1955.
Hættumat: engin hætta



Þústir 009

RA-382:009 þúst
63°56.374N 20°27.629V
Þrjár umfangsmiklar, þýfðar þústir eru um 1,1 km norðaustan við bæ 001 og um 960 m austan við Þrasabraut 005.
Á þessu svæði er þýft graslendi sem hallar um 5° til austurs, fast austan við sléttað tún. Nýtt sem hagi fyrir hross.
Þústirnar þrjár eru á um 60 x 50 m stóru svæði sem snýr gróflega norður-suður. Þúst A er stærst, aflöng og snýr austur-vestur. Hún er um 20 x 8 m stór og 1-1,5 m á hæð. Þústin er nokkuð flöt að ofan en engin hólf eru greinileg. Þúst B er um 35 m norðaustan við þúst A. Hún er egglaga, um 12 x 10 m stór, um 0,5 m á hæð

og snýr austur-vestur. Rofabörð eru byrjuð að myndast í þústunum vegna hrossabeitar. Þúst C er um 30 m suðaustan við þúst A og um 40 m sunnan við þúst B. Hún er nokkuð óljós og hlaupin í þúfur en þó mjög lík þústum A og B. Þústin er gróflega hringlaga, um 10 x 10 m stór, 0,2-0,5 m á hæð og snýr austur-vestur. Engin hólf eru heldur greinanleg í þústum B og C. Hlutverk þeirra er óþekkt.
Hættumat: hætta, vegna rasks



Þúst 009A, horft til austurs


RA-382:010 garðlag áveita
63°56.056N 20°28.858V



Garður C í áveitu 010, horft til suðausturs

Þrír garðar eru í mýri um 135 m VSV við bæ 001. Samkvæmt Hjalta Sigurjónssyni voru þeir áveitugarðar.
Minjarnar eru í flatlendri, þýfðri mýri sem hefur verið þurrkuð að miklu leyti með skurðum.
Garðarnir eru á svæði sem eru um 330x140 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Garður A er í suðurenda svæðisins og garður B er um 190 m norðan við hann. Garðarnir eru báðir afar ógreinilegir og hlaupnir í þúfur. Þeir snúa báðir norðvestur-suðaustur, eru um 0,5 m á hæð og breidd. Þeir eru torfhlaðnir. Garður A er um 140 m að lengd og garður B er um 75 m að lengd. Garður C er langgreinilegastur. Hann er um 130 m norðan við garð B og liggur eins og hinir garðarnir. Hann er hlaupinn í þúfur, er um 105 m langur, 1 m á breidd, um 0,5 m á hæð.
Hættumat: engin hætta

RA-382:011 *Byrgishóll* tóft fjárskýli 63°56.048N 20°29.733V



Tóft 011



Tóft 011, horft til austurs

Í suðurenda Byrgishóls norðvestan við deiga mýri er fjárskýli um 930 m vestan við bæ 001 og um 400 m norðvestan við beitarhús 008.
Byrgishóll er mosagróinn og grýttur hóll á grasi- og mosagrónu holti, vestan við bæ 001.
Byrgið er grjóthlaðið, um 7 x 5 m stórt og snýr norðvestur-suðaustur. Innanmál tóftar er um 5x3 m. Vegghleðslur eru útflattar og varla nema 0,2-0,4 m á hæð og 1-1,2 m á breidd. Óljóst er hvar gengið hefur verið inn. Tóftin er grasigróin að innan og eru vegghleðslur víð mosagrónar. Á vegg tóftar við austurhorn hennar hefur verið reist varða úr grjóti sem trúlega var áður hluti af veggnum. Varðan er um 1x1 m að stærð og um 0,6 m á hæð. Varðan er mjög greinileg á Byrgishól þegar komið er upp á holtið og gerir það að verkum að mjög auðvelt er að finna fjárskýlið.
Hættumat: engin hætta

RA-382:012 frásögn fjárhús 63°56.139N 20°28.378V
Samkvæmt Hjalta Sigurjónssyni, heimildamanni, voru fjárhús um 330 m norðaustan við bæ 001.
Fjárhúsin voru á lítilli hæð þar sem nú er tún austan við bæinn.
Ekki sést til minja um fjárhúsin og hefur verið sléttað úr þeim við túnrækt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-382:013 varða
63°56.228N 20°28.290V
Uppi á holti, um 510 m norðaustan við Raftholt 001 er varða.
Varðan er á háu holti og sést víða þaðan sem hún er. Holtið er stórgrýtt og hefur jarðveg blásið af því en það gróið aftur.
Varðan virðist ekki ýkja gömul en kann að vera endurhlaðin. Hún er um 1,5x1 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er ekki vandlega hlaðin en hægt er að sjá í henni 5 umför og er hún um 1,1 m á hæð. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan var hlaðin og ekki er vitað til þess að leið hafi legið nálægt henni önnur en Kvíarholtsleið 023 en hún hefur legið allnokkur austar.
Hættumat: engin hætta



Varða 013, horft til vesturs

RA-382:014 garðlag landamerki 63°56.088N 20°29.840V
Torfhlaðið landamerkjagarðlag er á merkjum Raftholts og Gíslholts RA-380, Sumarliðabæja RA-408 og Lýtingsstaða RA-407. Samkvæmt Hjalta Sigurjónssyni, heimildamanni, voru garðlögin á svæðinu hlaðin á árunum 1935-39.
Garðlagið liggur um mosa- og grasigróna móa, rofabörð og deigar mýrar.
Garðlagið er torfhlaðið, 0,5-1,5 m á breidd, 0,5-1,2 m á hæð og um 3 km á lengd. Girðing er eftir því endilöngu en garðlagið er í nokkuð góðu ásigkomulagi og lítið rofið. Garðlagið liggur frá Gíslholtsvatni neðan og norðan við þjóðveg 284 í norðvestri um 1,1 km frá bæ 001. Þaðan liggur það í SSV upp á hátt holt ofan við vatnið á merkjum Gíslholts og Raftholts í um 1,6 km áður en það beygir í ASA. Á öxl holtsins SSV við Gíslholtsvatn er um 25 m langur kafli þar sem garðlagið er aðeins grjóthleðsla undir girðingunni, 0,5 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð, en svo heldur torfhlaðna garðlagið áfram. Um 190 m NNA við SSV-enda garðlagsins tengist garðlagið landamerkjagarði á suðurmerkjum Gíslholts sem liggur í norðvestur út frá garðlagi Raftholts. Frá norðvesturhorni landareignar Raftholts liggur garðlagið í ASA um 45 m áður en það tengist aftur öðru landamerkjagarðlagi sem einnig var skráð undir númerinu RA-408:044 í landi Sumarliðabæja í Ásahreppi sem liggur í suður. Garðlagið heldur áfram í ASA um 1,1 km þar sem það endar í Mjóasundi á hornmerkjum Raftholts, Lýtingsstaða og Sumarliðabæjar en þar var áður markavarða RA-408:017. Á þeim kafla eru tvö skörð í garðinn sem eru samtals um 115 m á lengd, annars vegar vegna línuvegar og hins vegar vegna rofabarðs. Ekkert garðlag er í Mjóasundi. Garðlagið kemur þó aftur í ljós í brekkunni upp frá Mjóasundi að austan og liggur þaðan í ANA. Garðlagið heldur áfram í ANA um a.m.k 150 m áður en það hverfur milli Mjóasunds og þjóðvegar 286 að Lýtingsstöðum RA-407. Í lagalegum skilningi er hér ekki um fornleifar að ræða en þar sem garðlögin eru hlaðin án véla með gömlu byggingarlagi voru þau látin njóta vafans. Þau eru sannarlega minnisvarði um þrautseigju og lagni Holtamanna.
Hættumat: engin hætta



Landamerkjagarður 014 á merkjum Raftholts og Gíslholts, horft til NNA

RA-382:015 *Kvíarholtsleið* heimild um leið 63°56.043N 20°28.342V
Samkvæmt Hjalta Sigurjónssyni, heimildamanni, lá leið frá Raftholti að Kvíarholti RA-283 þar sem nú eru að

mestu tún austan við bæ 001. Lá leiðin til norðausturs frá Raftholti og var leiðin kölluð Kvíarholtsleið.
Í landi Raftholts lá leiðin að miklu leyti þar sem nú eru ræktuð tún austan við veg um sveitina. Ekki sáust ummerki um leiðina í landi Kvíarholts eða á loftmyndum.
Hættumat: engin hætta

RA-382:016 heimild um traðir 63°56.014N 20°28.569V
Samkvæmt túnakorti voru um 40 m langar traðir til norðausturs frá bæ 001.
Traðirnar voru frá hliði við útihús 002 og 003 og þar sem nú liggur vegur að Raftholti 001.
Ekki sést til ummerkja um traðirnar. Líklega hafa þær horfið við vegagerð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-382:017 garðlag túngarður 63°56.064N 20°28.676V
Garðlag er um 140 m norðvestan við bæ 001.
Garðlagið er í túnjaðri í brekku mót vestri.
Garðlagið er um 55 m á lengd og snýr suðvestur-norðaustur. Garðlagið er nokkuð útflatt, um 1 m á breidd og 0,5 m á breidd. Ekki sést í grjóthleðslur og er það trúlega torfhlaðið. Allar líkur eru á því að garðlagið sé hluti af túngarði sem sýndur er á túnakorti frá 1917. Hann afmarkaði hluta norðvesturhliðar túnsins. Aðrir hlutar túngarðsins eru horfnir vegna túnasléttunar eða byggingaframkvæmda.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar




Túngarður 017, horft til suðvesturs

RA-382:018 frásögn útihús
63°56.005N 20°28.701V
Að sögn Hjalta Sigurjónssonar, heimildamanns, var útihússtóft í hans minni vestarlega í túninu, um 85 m VNV við bæ 001.
Tóftin var í sléttuðu túni.
Búið er að slétta úr tóftinni og sjást engin ummerki um hana.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-382:019 gerði vörslugarður 63°55.809N 20°28.388V



Afgirtur nátthagi 019A, horft til suðurs



Þúst 019C norðaustan við suðausturhorn nátthaga 019A

Garðlög og þúst eru um 155 m suðaustan við bæ 001 og ná allt að landamerkjum 014 milli Raftholts og Lýtingsstaða.
Garðlögin eru í mýri við túnmörk í suðri, í þýfðri hlíð og upp á hæð í móa að merkjum. Þústin er í þýfðri hlíðinni.
Garðlögin ná yfir svæði sem er um 610x295 m að stærð og snýr norður-suður. Garðlögin mynda nátthaga A sem er um 130x125 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur í hlíðinni mót norðri. Garðurinn sem markar norðurhlið nátthagans liggur áfram til austurs og vesturs frá norðvestur- og norðausturhornum nátthagans og garðurinn sem markar vesturhlið nátthagans heldur áfram til suðurs að merkjum móti Lýtingsstöðum. Út frá þeim garði er lítið horn B um 50 m sunnan við suðvesturhorni nátthagans. Hornið er um

8x7 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Það er í mjög blautri mýri og hlutverk þess er óljóst. Í horninu er garðurinn um 1 m á breidd og um 0,6 m á hæð. Annars staðar eru garðarnir um 1 m á breidd og hæstir um 1 m. Í mýrinni nyrst á svæðinu eru garðarnir sokknir að miklu leyti. Þeir eru að mestu leyti grónir og að mestu leyti gerðir úr torfi en í suðausturhorni nátthagans sést í grjót. Um 10 m norðaustan við suðausturhorn nátthagans er mosagróin þúst C þar sem sést óljóst í grjóthleðslur. Líklegt er að þarna sé um mannvirki að ræða og kann þarna að hafa verið smalakofi, en ekkert er vitað um hlutverk þess. Þústin er um 3 m í þvermál og um 1,2 m á hæð.
Hættumat: engin hætta



Þúst 019C, horft til suðurs

RA-382:020 gata leið
63°56.215N 20°29.118V



Götur 020, horft til vesturs

Á háu holti, um 420 m suðvestan við þjóðveg 284 og um 600 m norðvestan við bæ 001 eru krossgötur Þrasabrautar 005 og leiðar sem liggur gróflega austur-vestur frá Raftholti yfir í Gíslholtsland. Þessi leið er nú (2010) að hluta bílvegur í landi Gíslholts.
Göturnar liggja um mosa- og grasigróna móa og deigar mýrar í landi Raftholts.
Leið 020 lá frá Raftholti 001, um 300 m í NNV um deigar mýrar og þaðan í VNV yfir holtin yfir í Gíslholt RA-380:001. Krossgötur Þrasabrautar 005 og götu 020 er eins og áður segir um 600 m norðvestan við bæ 001. Leiðin er mjög svipuð Þrasabraut á Raftholti nema hún er á um 3 m á breiðu svæði og grynnri, trúlega ekki fær vögnum. Götur á þessu svæði eru 2-3 hlið við hlið og 0,2-0,4 m djúpar. Leiðin er nú (2010) sumstaðar mjög rofin vegna vatnsaga og sumstaðar horfin undir bílveg. Leiðin er um 1,1 km á lengd í landi Rafholts frá bæ 001 að landamerkjum Gíslholts og Raftholts.
Hættumat: engin hætta

RA-382:021 garðlag túngarður 63°56.166N 20°28.356V




Túngarður 021, horft til austurs á báðum myndum. Á mynd til hægri er lítið gerði, líklega kálgarður, sem er áfast utanverðum túngarði

Túngarður er umhverfis hluta þeirra túna sem eru austan við bæ 001. Hann sést fyrst um 200 m NNA við bæ.
Túngarðurinn er á jaðri stórs túns á hæð fast austan við veginn um sveitina.
Túngarðurinn er hlaðinn umhverfis nýrækt og hefur verið færður út eftir því sem túnið stækkaði og eru þær garðleifar sem hér eru skráðar líklega síðustu viðbætur við hann verið gerðar á fyrri hluta 20. aldar. Garðurinn er

víða um 1 m á hæð og um 1 m á breidd þar sem hann er breiðastur. Hann er víðast gróinn og sennilega að mestu leyti úr torfi en þar sem hann liggur hæst á holtinu má sjá grjót í honum á stuttum kafla. Túngarðurinn afmarkar svæði sem er 670x320 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Gerði er áfast túngarðinum nærri norðvesturhorni hans, það er utan túns. Gerðið er í miklum halla mót vestri og erfitt hefur verið að heyja á því ef það hefur verið hluti af túni. Mögulega var kálgarður innan gerðisins. Gerðið er um 20x60 m að stærð og snýr austur-vestur. Austast í því eru veggir þess blásnir niður í grjót en vestar eru veggirnir grónir og skýrir.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Túnakort fyrir Kvíarholt



Byggt á túnakorti frá 1917

RA-383 Kvíarholt

15 hdr. 1708. Skáholtskirkjueign. JÁM I, 330. Jarðarinnar getið í heimildum frá 17. öld. Kvíarholt varð tvíbýlisjörð snemma á 19. öld og stóðu bæirnir saman. SB V, 283.
1917: Upplýsingar á túnakort vantar. "Þurrlendi um helmingjur landareignar. Hagar eru skjólgóðir. Ræktunarland er gott." SB V, 282.

RA-383:001 *Kvíarholt* bæjarhóll bústaður 63°56.580N 20°26.254V



Mynd af Kvíarholti frá 1929 (Holtamannabók I, bls. 226)



Bæjarhóll Kvíarholts 001, horft til vesturs

Bæjarhóllinn í Kvíarholti er ekki ýkja afgerandi og má ætla að nokkurt rask hafi orðið á honum við byggingarframkvæmdir og niðurrif, nú síðast árið 2000 eftir Suðurlandsskjálftann þegar gamli bærinn var rifinn vegna skemmda sem á honum urðu. Þá var flutt nýtt íbúðarhús á jörðina og er það staðsett fast vestan við bæjarhólinn eða í vesturjaðri hans. Lítil ummerki gamla bæjarins sjást á bæjarhólnum og hefur trjám verið plantað þar sem hann stóð.
Bæjarhóllinn er sunnan í samnefndu Kvíarholti, ofarlega. Holtið er breitt og stendur hátt.
Bæjarhóllinn er um 20x50 m að stærð en er í brekku og sjást norðurmörk hans ekki skýrt. Hann snýr nálega

austur-vestur. Austast á hólnum má sjá leifar af steyptum veggjum sem eru að líkindum úr útihúsum en að sögn Jónu Veigu Benediktsdóttur, heimildamanns, var austurbærinn þar sem síðar voru fjós og hlaða og íbúðarhúsið sem var rifið árið 2000 stóð þar sem vesturbærinn var. Hóllinn er hæstur í austurendanum en þar er hann um 1,5 m á hæð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: SB V, 283; Túnakort 1917

RA-383:002 heimild um útihús 63°56.584N 20°26.278V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 20 m vestan við bæ 001.
Útihúsið var í sléttu túni.
Engar leifar útihússins sjást og hefur að öllum líkindum verið sléttað úr því.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-383:003 heimild um útihús 63°56.612N 20°26.233V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 60 m NNA við bæ 001.
Útihúsið var í sléttuðu túni.
Engar leifar útihússins sjást og hefur að öllum líkindum verið sléttað úr því.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-383:004 heimild um útihús 63°56.611N 20°26.130V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 110 m norðaustan við bæ 001.
Á þessu svæði er sléttað tún og malarvegur heim að nýbýlinu Skinnhúfu.
Engar leifar útihússins sjást og hefur að öllum líkindum verið sléttað úr því.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917


RA-383:005 *Lambhúshóll* örnefni fjárhús 63°56.527N 20°26.176V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 140 m SSA við bæ 001. Samkvæmt örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar var Lambhúshóll fast norðvestan við Álfaklett 017. Þar er hóll í túninu, um 115 m SSA við bæ 001. Lambhúshóll er á hæðarrana í suðurjaðri túns.
Ekki sést til fornleifa á hólnum né næsta nágrenni. Líklegt er að sléttað hafi verið úr minjum. Ekki gat Jóna V. Benediktsdóttir heimildamaður staðfest að hér væri um einn og sama minjastað að ræða en staðsetningin er ekki fjarri lagi. Þó er ekki útilokað að fleiri tóftir hafi verið á svæðinu sem búið er að slétta.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917; IE-Örnefnauppdráttur, Kvíarholt

RA-383:006 heimild um útihús 63°56.529N 20°26.389V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 150 m suðvestan við bæ 001.
Útihúsið var í sléttuðu túni í halla mót suðri.
Engar leifar útihússins sjást og hefur að öllum líkindum verið sléttað úr því.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-383:007 *Fjárhústún* þúst fjárhús 63°56.606N 20°26.052V



Þúst 007, horft til suðvesturs




Þúst 007

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 170 m ANA við bæ 001. "Í túninu eru þessi örnefni: Austasti hluti túnsins heitir Fjárhústún og er það aðskilið frá aðaltúninu af smálægð, sem er víst gömul vatnsrás ...," segir í örnefnalýsingu. Hóll er í túni austan við veg að Skinnhúfu sem er líklega rústahóll og kann þar að hafa verið fjárhústóft. Hann

er um 170 m ANA við bæ 001.
Hóllinn er suðvestan við hæstu brún túnsins í sléttu túni.
Hóllinn er um 8x7 m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur. Hann er um 1,3 m á hæð. Dæld er í hann í miðju sem er um 3x2 m að innanmáli og snýr eins og hóllinn. Ekki gat Jóna V. Benediktsdóttir heimildamaður staðfest að hér væri um einn og sama minjastað að ræða en staðsetningin er sannarlega nokkuð sannfærandi.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Kvíarholt, 2-3

RA-383:008 heimild um útihús 63°56.622N 20°26.059V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 180 m norðaustan við bæ 001.
Á þessu svæði er sléttað tún og malarvegur heim að nýbýlinu Skinnhúfu.
Engar leifar útihússins sjást og hefur að öllum líkindum verið sléttað úr því.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-383:009 *Stekkatún* tóft stekkur 63°56.784N 20°26.383V



Tóftir 009 í Stekkatúni


Tóftir 009A og B, horft til vesturs


"Bærinn stendur sunnan í samnefndu holti, Kvíarholti. Vestan í því er stór hóll, sem heitir Stekkatúnshóll. Suðvestan í honum er slétt laut með tóttarbrotum og heitir Stekkatún," segir í örnefnalýsingu. Tóftir eru í Stekkatúni, um 390 m norðan við bæ 001.
Frá Stekkatúni til vesturs er snarbratt niður í blauta mýri. Sléttlendur blettur er í Stekkatúni sem að líkindum hefur verið sleginn.
Á þessum stað er tóft og gryfja á svæði sem er um 20x20 m að stærð. Stekkjartóftin A er tvískipt en hólfin eru ekki samföst og kann að vera að um tvær tóftir sé að ræða. Samtals er tóftin um 7x7 m að stærð. Hólf I er í suðurhluta tóftarinnar og er mun skýrara en hólf II. Það er um 3x4 m að utanmáli og snýr austur-vestur. Að innanmáli er það 2x1 m. Inngangur er í hólfið á vesturgafli. Um 1 m frá norðausturhorni hólfs I er hólf II. Það er um 4x3 m að utanmáli og snýr norður-suður. Að innanmáli er það 2x3 m. Ekki er veggur fyrir suðurhlið hólfsins. Mesta hleðsluhæð er um 0,7 m. Ekki sést í grjót í tóftinni. Um 4 m suðvestan við tóftina er hringlaga gryfja B sem er að líkindum manngerð og kann að hafa verið aðhald eða fjárskýli. Gryfjan er um 10 m í þvermál og vesturbrún hennar virðist vera hlaðin en það er óljóst.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kvíarholt, 1

RA-383:010 *Hangandar* heimild um mógrafir 63°56.785N 20°25.629V
"Syðst í gilbotninum [Suðurgils] eru brattar brekkur og gamlar mógrafir, sem heita Hangandar," segir í örnefnalýsingu. Mógrafirnar voru um 635 m austan við bæ 001.
Mógrafirnar voru í blautri mýri við vesturbakka Suðurgils.
Ekki sjást ummerki um mótekju í Suðurgili.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kvíarholt, 1

RA-383:011 tóftir beitarhús 63°56.979N 20°25.807V




Gerði 011A og beitarhúsatóft 011B, horft til norðvesturs



Tóft 011B



Þúst 011C, horft til ANA




Þúst 011C

"Á háholtinu nyrzt er ásmynduð hæð, sem heitir Byrgisás. Þar stóðu fjárhús," segir í örnefnalýsingu. Fjárhúsin á Byrgisási eru um 825 m norðaustan við bæ 001. Umhverfis tóftina til norðvesturs er gerði sem afmarkar lítið tún og uppi á Byrgisásnum er þúst sem kann að vera af smalabyrgi sem ásinn dregur nafn sitt af. Þessar minjar eru skráðar saman hér.
Minjarnar eru ofan á og norðvestan í Byrgisásnum sem stendur allhátt. Svæðinu hallar til norðvesturs. Túnið innan gerðisins er nokkuð sléttlent.
Minjarnar eru á svæði sem er um 80x95 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Gerðið A afmarkar svæði sem er um 80x90 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir þess eru um 1,1 m á breidd neðst en mjókka upp. Þeir eru víða um 1 m á hæð og sést að efni í hann hefur verið tekið sitt hvorum megin við hann. Lítilsháttar rof eru víða í gerðið. Tóft B er innan gerðisins, nærri austurhorni þess. Hún er grjóthlaðin og tvískipt. Hún er um 10x17 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hólf I er í norðausturhluta tóftarinnar. Það er um 14x2 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Inngangur í það er á norðvesturenda eins og í hólf II. Jötuleifar virðast vera meðfram langveggjum. Hólf II er um 5x1,5 m að innanmáli og snýr eins og hólf A. Mesta hleðsluhæð er um 1,3 m og sjást mest 6 umför hleðslu. Um 20 m austan við tóft B er þúst C sem kann að vera leifar af smalabyrgi. Hún er um 2x3 m að stærð og snýr ANA-VSV. Í þústinni miðri er lítil dæld sem er um 0,5x0,5 m að stærð. Mesta hæð þústarinnar er um 0,3 m. Ekki sjást hleðslur í þústinni en það finnst fyrir grjóti undir sverði.
Hættumat: engin hætta

RA-383:012 tóft beitarhús 63°56.155N 20°25.582V
"Sunnan við það [Nesið, engjarnar] eru hæðir, sem einu nafni heita Kambsheiði. Á henni eru þessi örnefni: "Nyrzt er hár hóll, sem Stórhóll heitir; þar voru fjárhús," segir í örnefnalýsingu. Fjárhústóft er svo til efst í norðanverðum Stórhól um 960 m suðaustan við bæ 001 og um 320 m norðaustan við áveitu 013.



Tóft 012, horft til norðurs



Tóft 012

Stórhóll er 15-20 m hátt grasigróið aflangt holt sem liggur norðaustur-suðvestur fast VSV við landamerki Hreiðurs og Kvíarholts.
Tóftin skiptist í þrjú hólf og er 12 x 11 m stór. Hún snýr NNV-SSA. Veggir hennar eru hlaðnir úr torfi og grjóti og hleðslurnar eru greinilegar en nokkuð signar. Veggirnir eru mosa- og grasigrónir, 1-2 m á breidd og 0,2-1,2 m á hæð. Hólf A er um 4 x 2 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Gengið var inn í hólfið að NNV en inngangur er fallinn saman. Hólf B er um 2 m SSA við hólf A. Hólf B er nokkuð óljóst vegna hruns en hefur verið um 3 x 2 m að innanmáli og snýr ANA-VSV. Gengið var inn í hólf B úr hólfi A en sá inngangur er einnig fallinn saman. Hólf A hefur trúlega verið sjálf fjárhúsin og hólf B hlaða. Hólf C er um 2 m ANA við hólf A. Það er um 6 x 3 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Gengið var inn að NNV en óljóst er hvort þar var grjótveggur eða timburþil þar sem hleðslur eru mjög signar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kvíarholt, 1

RA-383:013 garðlag áveita 63°56.321N 20°26.245V



Áveitugarður 013, horft til SSA

"Sunnan við það [Nesið, engjarnar] eru hæðir, sem einu nafni heita Kambsheiði. Á henni eru þessi örnefni: Nyrzt er hár hóll, sem Stórhóll heitir; þar voru fjárhús [012]. Vestan við hann skerst heiðin sundur af smálæk, er heitir Dýjalækur og á upptök sín á Skeiðavelli, sem er sunnan undir Stórhól, og á Kvíarholt sneið af henni. Þessi lækur hefir verið notaður til áveitu á nesið," segir í örnefnalýsingu. Illa rofið áveitugarðlag er á Nesinu um 500 m sunnan við bæ 001.
Þýfð grasi- og mosagróin mýri.
Garðlagið er torfhlaðið, 0,5-1,2 m á breidd, 0,4-1 m á hæð og tæpir 1000 m á lengd. Garðlagið er illa rofið vegna ágangs hrossa en allt að 4 m löng skörð eru hér og þar í garðinn. Vestan við garðlagið allt er um 0,5 m breið og 0,2-0,4 m djúp lægð þar sem torf hefur greinilega verið skorið. Garðlagið kemur í ljós í deigri mýri um 460 m sunnan við bæ 001. Þaðan liggur hann um 60 m í VSV þar sem hann beygir í ASA og heldur áfram um 50 m áður en hann beygir aftur. Þaðan liggur hann um 130 m í SSV en beygir svo í hásuður og heldur áfram um 20 m áður en hann heldur til SSA um 275 m. Eftir 275 m beygir garðurinn aftur í ASA og heldur áfram um 365 m upp á Stórhólstagl. Á þessum kafla er um 6 m breitt gat í garðlagið þar sem Dýjalækur streymir í gegn í NNA. Fast suðvestan við Stórhól beygir garðlagið í VSV og heldur áfram meðfram Stórhól ofan/austan við Dýjalæk í um 80 m áður en það hverfur við gamla girðingu en þar hefur búpeningur rofið gat á það. Dýjalækur er grýtt, 0,4-4 m breið lækjarspræna í grasi- og mosagrónu 0,5-4 m djúpu gili. Bakkar lækjarins eru að mestu grasi- og mosagrónir en þó rofnir hér og þar. Lækurinn liggur úr vestri af Dýjalækjarheiði niður á láglendið þar sem hann beygir í NNA út í mýri á Nesinu.
Hættumat: hætta, vegna rofs


Heimildir: Ö-Kvíarholt, 1-2

RA-383:014 heimild um túngarð 63°56.618N 20°26.258V
Á túnakorti Kvíarholts frá árinu 1917 er merktur hlaðinn túngarður umhverfis allt heimatún bæjarins (001) og er fjarlægð hans 70-250 m frá bæ.
Allt umhverfis bæinn að Kvíarholti er sléttað tún. Einnig er nýlegur malarvegur austan við bæinn heim að nýbýlinu Skinnhúfu.
Svæðið sem túngarðurinn afmarkaði var um 400 m á lengd, tæpir 300 m á breidd og snéri norðaustur-suðvestur. Ekkert sést til túngarðsins vegna sléttunar. Hugsanlega sjást leifar af honum um 240 m ANA við bæ 001 vestan við veginn heim að Skinnhúfu en það garðbrot var skráð með túngarði 028 sem trúlega er yngri þar sem garðbrotið virðist ná lengra í norður en sýnt er á túnakorti, líkt og 028.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-383:015 *Buna* hús vatnsból 63°56.574N 20°26.093V



Hús sem byggt var yfir vatnsból 015, horft til austurs



Hús yfir vatnsbóli 015

"Lind er í túninu fyrir austan bæinn, og kallast hún Buna, og er hún vatnsból jarðarinnar," segir í örnefnalýsingu. Vantsbólið er um 130 m austan við bæ 001.
Vatnsbólið er í túnjaðri vestan við veg að Skinnþúfu (nýbýli). Skurður er á milli vegar og vatnsbóls.
Yfir lindina hefur verið byggt lítið hús úr torfi grjóti og nýrra efni, timbri og járni. Húsið er um 3x3 m að stærð og hægt að komast inn í það í vesturenda. Byrgt er fyrir inngang. Mesta hæð hlaðinna veggja er um 1 m en húsið er um 1,5 m á hæð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kvíarholt, 3

RA-383:016 gata leið
63°56.952N 20°25.511V
Götur sjást suðaustan við Byrgisbjalla, um 800 m norðaustan við bæ 001. Þær eru á leið sem lá frá Kvíarholti að Hreiðri RA-384:002.
Göturnar liggja í þýfðum móa, í halla mót austri.
Ógreinilegar götur eru í landi Kvíarholts við Vaðhvamm RA-384:023 en sjást síðan aftur um 180 m suðvestan við það. Þaðan liggja þær áleiðs að Kvíarholti til suðvesturs. Leiðin sést á um 400 m löngum kafla. Næst Kvíarholti 001 er hún horfin í tún. Leiðin var skoðuð um 800 m norðaustan við bæ og þar sjást 4 götur saman á um 5 m breiðu belti. Þær eru um 0,3 m á breidd og dýpt að innanmáli. Göturnar eru grónar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Götur 016, horft til suðvesturs

RA-383:017 *Álfaklettur* huldufólksbústaður huldufólksbústaður 63°56.519N 20°26.165V
Samvæmt örnefnauppdræti Ingólfs Einarssonar er Álfaklettur sunnan við bæ 001. Kletturinn er um 135 m sunnan við bæ 001.
Kletturinn er á hólrana sem liggur austur-vestur í suðurjaðri túnsins.
Engar þekktar sagnir eru um hann.
Hættumat: engin hætta

Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Kvíarholt

RA-383:018 garðlag vörslugarður
63°56.665N 20°25.883V
Um 250 m norðaustan við bæ 001 er vörslugarður í framhaldi af túngarði 028 sem liggur fast sunnan undir Bjallanum til norðausturs.
Á þessu svæði er þýft graslendi og deig mýri.
Garðurinn sést á um 565 m löngum kafla og liggur hann norðaustur-suðvestur. Víða er rof á garðinum en hann er um 0,5 m á breidd og hæstur um 1 m. Hann er líklega torfhlaðinn en ekki sést grjót í hleðslum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-383:019 heimild um kálgarð 63°56.572N 20°26.255V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður fast suðaustan við bæ 001.
Kálgarðurinn var þar sem nú er sléttað tún.
Ekki sést til minja um kálgarðinn og hefur hann að líkindum verið sléttaður í tún.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917


RA-383:020 tóft+garðlag beitarhús 63°56.062N 20°26.424V



Tóft 020A, horft til norðvesturs



Tóft 020B, horft til SSA



Tóftir 020

Gerði og fimm tóftir eru um 950 m sunnan við bæ 001 á sunnanverðum Stórarima, um 200 m NNA við Einbúa.
Grasigróinn þýfður mói í brekku sem hallar 5-15° til norðurs.
Gerðið er um 90 m á lengd, um 55 m á breidd og snýr norður-suður. Garðlagið sem afmarkar gerðið er 0,4-0,6 m á hæð og 0,5-1 m á breidd. Fimm tóftir eru á svæðinu, tvær innan gerðis (A og B) og þrjár rétt vestan við gerðið (C, D og E) við suðurenda þess. Innan gerðis er sléttað tún en grasi- og mosagróinn þýfður mói utan þess. Tóft A er í suðurenda gerðis fyrir miðju. Hún er stærst og best varðveitt af tóftunum á svæðinu. Suðurveggur tóftarinnar er hluti af suðurvegg gerðisins. Veggir gerðisins tengjast suðurvegg tóftar A við suðausturhorn hennar og vesturvegg hennar um 2 m sunnan við norðvesturhorn. Tóft A er tvískipt, um 17 x 10 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Hleðslur hennar standa grónar og eru veggirnir 0,5-2 m háir og 2-3 m breiðir. Í veggjum innanverðum sjást 2-6 umför hleðsla og veggir eru vel grasi- og mosagrónar að utan en farnir að síga nokkuð vegna ágangs hrossa. Gengið var inn í hólf I, sem trúlega hefur verið garðahús fyrir fé, um 1 m breiðan inngang í grjóthlöðnum vegg á norðvesturhlið hússins en hann er að mestu fallinn saman. Hólfið er 9 x 5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Tvær grjóthlaðnar garðaundirstöður eru greinilegar og skipta þær beitarhúsinu í þrjú minni hólf sem eru 1-1,5 m á breidd. Garðaundirstöðurnar eru um 0,4 m á hæð og um 0,5 m á breidd. Gengið var inn í innra hólfið, sem líklega hefur verið hlaða, suðvestan við eystri garðaundirstöðu. Hlaðan er um 5 x 2 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er grafin ofan í brekku og er um 0,5 m dýpri en beitarhúsið. Tóft B er um 4 m vestan við tóft A og er garðlag gerðis hluti af



Á mynd lengst til vinstri er tóft 020C, horft til norðvesturs, þá er mynd af tóft 020D, horft til VSV, og lengst til hægri er tóft 020E, horft til norðvesturs

suðausturvegg tóftar B. Tóft B er einföld, um 6 x 6 m stór og gengið var inn að NNV. Innanmál hennar er um 4 x 2 m. Enginn veggur er greinilegur í norðvesturenda tóftar. Tóftin er grasi- og mosagróin og hleðslur eru signar til útflattar. Lítið sést í hleðslugrjót nema í suðausturvegg. Veggir tóftarinnar eru um 2 m á breidd og 0,2-1 m á hæð en þeir hafa hugsanlega verið rændir þegar tóft A var gerð. Hlutverk þessarar tóftar er óþekkt en ef miðað er við stærð gæti hún hafa verið hrútakofi. Tóft C er utan gerðis um 15 m VSV við tóft B. Tóft C er einföld, um 4 x 4 m stór og gengið var inn að VNV. Veggir hennar eru um 1 m á breidd og 0,2-1,2 m á hæð en hleðslur eru signar. Tóftin er vel grasi- og mosagróin en grjóthleðslur eru þó greinanlegar. Innanmál tóftar er 2x2 m. Inngangur hefur trúlega verið á norðurvegg tóftar við norðausturhorn hennar og um 1 m á breidd en hann er samfallinn. Hlutverk er óþekkt.Tóft D er um 2 m SSV við tóft C. Tóftin er einföld, um 7 x 6 m stór og snýr NNA-SSV. Gengið var inn að NNA, trúlega um timburþil, og er innanmál tóftar um 4 x 2 m. Aðeins vesturveggur tóftar stendur eftir og sér og er hann um 2 m á breidd og um 0,4 m á hæð en hleðslur eru signar. Tóftin hefur trúlega verið rænd grjóti og hún er vel mosa- og grasigróin. Víða glittir þó í hleðslugrjót. Um 1,8 m hár bakki (sem tóft E stendur á) þjónar sem suður- og austurveggur tóftar D en grjóti hefur verið þó hlaðið upp að brekkunni. Hlutverk óþekkt. Tóft E er um 2 m sunnan við tóft D. Tóft E er tvískipt, um 10 x 6 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin er mjög óskýr og aðeins um 0,2 m á hæð því hleðslur tóftarinnar eru útflattar. Víða glittir þó í hleðslugrjót. Óljóst er hvar gengið hefur verið inn og breidd veggja er óljós vegna hruns. Tóftin er grasi- og mosagróin og hugsanlegt er að veggir hafi verið rændir til að byggja tóftir A og B þar sem þær virðast mikið yngri og betur farnar. Hlutverk óljóst. Hugsanlega er hér um fleiri en eitt byggingarstig að ræða og ekki ólíklegt að á þessu svæði hafi hugsanlega verið stekkur áður en beitarhúsin voru byggð.

Hættumat: engin hætta



Þúst 021, horft til suðurs

RA-383:021 þúst
63°56.601N 20°26.281V

Fast sunnan við bæ 001 er reglulegur hóll, sléttur að ofan. Hann er gróskumikill og virðist líklegt að mannvistarlög leynist undir sverði. Mögulegt er jafnvel að hóllinn kunni að vera eldri bæjarhóll en ekki eru heimildir um að bærinn hafi verið fluttur. Hóllinn er um 30 m norðvestan við bæ 001.

Hóllinn er í sléttuðu túni en hluti hans er flag sem hefur verið tætt nýlega. Í suðausturhorni hans er lítill kofi, nýlegur sem virðist gerður að hluta úr torfi og grjóti og er sennilega einhvers konar geymsla.

Hóllinn er um 26x60 m og snýr nálega austur-vestur. Hann er alveg sléttur að ofan og er um 1,5 m á hæð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Gerði 022, horft til suðvesturs

RA-383:022 gerði nátthagi
63°55.981N 20°26.623V

Í Kimunum sunnan við Breiðuvík um 1,2 km SSV við bæ 001 er gerði sem gæti verið nátthagi.

Gerðið er í þýfðan grasi- og mosagróinn móa upp og milli hóla og hæða í Kimunum. Brekka innan gerðis hallar um

10-20° í norðvestur.
Gerðið er illa farið vegna ágangs hrossa. Gerðið er 150 x 120 m stórt og snýr austur-vestur. Gerðisveggurinn er 1-1,5 m á breidd og 0,4-0,6 m á hæð. Gerðið sést fyrst í norðanverðri brún Einbúa í þúfum og rofabörðum. Þaðan liggur það í ASA um 50 m áður en það beygir í suður. Á þeim kafla er um 5 m skarð vegna vegslóða. Garðlagið heldur áfram í suður um 90 m áður en það beygir í vestur.
Um 125 m vestar beygir það aftur og endar í þúfum og rofabörðum ofan við Breiðuvík um 30 m NNV um 130 m suðvestan við nyrðri enda garðlags.
Hættumat: engin hætta




Dæld þar sem traðir 023 lágu, horft til norðurs

RA-383:023 þúst traðir
63°56.629N 20°26.300V
Um 100 m norðan við bæ 001 er lítil geil í í túninu og er líklegt að traðir hafi verið þar. Staðsetning geilarinnar kemur heim og saman við leið sem merkt er heima ð bæ á túnakorti frá 1917.
Sléttað tún.
Geilin sést á um 15 m löngum kafla og er um 2 m breið og um 0,3 m djúp. Hún stefnir til norðurs frá bæ.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-383:024 þúst 63°56.009N 20°26.627V



Þúst 024, horft til ASA



Þúst 024


Óljós þúst er um 1100 m SSV við bæ 001, norðvestan undir Stórarima.
Þýfður mosa- og grasigróinn mói fast undir brekku sem hallar um 40-50° í VNV.
Undir Stórarima glittir í grjóthleðslur sem eru að hverfa í þýfðan móa. Þústin er um 6 x 4 m stór og snýr VNV-ASA. Ef um tóft er að ræða hefur hún verið grafin að hluta inn í Stórarima og eru veggir hennar svo til útflattir, eða <0,4 m á hæð, en botninn er vel grasigróinn. Breidd veggja er ógreinileg en hafa þeir trúlega verið um 1 m á breidd. Innanmál þústar er um 5 x 2 m. Gengið hefur verið inn að VNV. Hlutverk óþekkt.
Hættumat: engin hætta

RA-383:025 heimild um rétt 63°56.504N 20°26.451V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var rétt áföst túngarði 028 um 220 m suðvestan við bæ 001.
Þar sem réttin var er sléttað tún og hefur túnið verið fært út til vesturs.
Ekki sést til réttarinnar og hefur að líkindum verið sléttað úr henni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-383:026 garðlag landamerki 63°56.130N 20°25.317V
Garðlag er á landamerkjum Kvíarholts og Hreiðurs RA-384, um 1,1 km suðaustan við bæ 001.
Garðlagið liggur um grasi- og mosagróna móa.
Garðlagið er að mestu torfhlaðið með litlum grjóthlöðnum spotta í norðurbrún Láguheiðar. Garðlagið er 1-1,5 m á breidd, 0,4-1,2 m á hæð og um 1,1 km á lengd. Girðing er eftir öllu garðlaginu sem liggur norður-suður.

Garðurinn er nokkuð vel varðveittur en einstaka rof er þó í hann á köflum vegna ágangs búpenings. Til suðurs endar garðlagið með girðingu um 1,15 km suðaustan við bæ 001. Til norðursendar garðlagið fast sunnan við Kvíarholtsveg heim að Hreiðri 002 um 820 m suðvestan við bæ 001. Torf hefur verið tekið báðum megin við garð en þar eru um 0,2 m djúpar og 0,5 m breiðar dældir sem meðfram garðinum.
Hættumat: engin hætta

RA-383:027 gata leið °63°57.037N 20°25.981V



Á mynd til vinstri er varða við leið 027, horft norður, á mynd til hægri sjást götur á leið 027, horft til norðvesturs

Gata liggur frá gerði við beitarhús 011 til norðvesturs og er varða fast við leiðina, um 880 m norðaustan við bæ 001.
Leiðin liggur um þýfðan móa og vörðubrotið er á litlum hól. Jarðvegsrof hefur verið á hólnum og umhverfis hann en er allt gróið aftur.
Þar sem leiðin var skoðuð sjást 1-2 rásir, víða allt að 0,5 m djúpar og breiðastar um 0,4 m. Sem fyrr segir liggur leiðin úr norðvestri til suðausturs og endar við gerðið umhverfis fjárhús 011. Gerðið hefur verið hlaðið ofan á leiðina og er hún því eldri en það. Eftir að gerðið var reist liggur leiðin meðfram því að norðaustanverðu. Varðan við leiðina er grjóthlaðin, um 1x1 m að grunnfleti og er um 0,3 m á hæð. Hún er hrunin. Ekki er ljóst hvert leið þessi lá en líklegt er að hún hafi legið milli Haga RA-387 og áleiðis að Hreiðri RA-384.
Hættumat: engin hætta

RA-383:028 garðlag túngarður 63°56.593N 20°26.454V




Tóft 028B sambyggð túngarði 028, horft til norðurs



Tóft 028A sambyggð túngarði 028, horft til norðurs

Torfhlaðinn túngarður er í jaðri núverandi heimatúns að norðan, norðaustan og vestan við bæ 001. Tvær tóftir eru við túngarðinn, um 170 m vestan við bæ 001.
Túngarðurinn er í jaðri sléttaðs heimatúns. Tóftirnar tvær eru í grasigrónum móa utan og vestan við túngarð þar sem landi hallar til vesturs.
Túngarðurinn er torfhlaðinn, 1-2 m á breidd, 0,2-1 m á hæð og tæplega 890 m á lengd. Túngarðurinn afmarkar svæði sem er um 410 m á lengd, 380 m á breidd og snýr austur-vestur. Tóftir 028A og 028B eru áfastar




Tóftir 028A og B við túngarð 028

túngarðinum að utanverðu vestan við bæ 001. Í suðri endar garðlagið við þjóðveg 284. Frá þjóðveginum liggur það í norður framhjá tóftum A og B að austanverðu (sem eru áfastar) um 240 m norðan við suðurenda og heldur áfram um 390 m áður en hann beygir í austur. Garðlag er illa farið neðan/sunnan við tóftir 007 og 008 vegna sléttunar og um 100 m norðan við suðurenda er um 3 m gat í garð vegna vegslóða í túni. Um 45 m sunnan við norðvesturhornið er um 115 m langt garðlag sem liggur í vestur (hornrétt) út úr aðal túngarðinum niður bratta grasigróna og þýfða brekku niður í deiga mýri sem kallast Toppukelda þar sem það hverfur í þúfur. Frá norðurenda heldur garðlagið áfram í vestur um 290 m þar sem það hverfur við malarveg sem liggur í norður frá þjóðvegi 284 heim að bænum Skinnhúfu. Um 80 m vestan við austurenda eru tvö hlið í garðinn vegna vegslóða í túni báðir 4-5 m á breidd. Leifar af túngarðinum eru einnig sjáanlegar austan við þjóðveg 284 um 75 m austan við aðal túngarðinn. Þar er um 85 m langur garður sem liggur norður-suður. Þar í framhaldi af suðurenda túngarðsins er vörslugarður 034 sem liggur fast sunnan undir Bjallanum til norðausturs. Tóft A er einföld og er torf- og grjóthlaðin. Hún er um 7x5 m að stærð og snýr austur-vestur. Inngangur er á suðurlanghlið. Grjót hefur hrunið til vesturs úr vesturgafli. Tóftin virðist ekki gömul og í henni eru timbur- og bárujárnsleifar úr þaki, að líkindum. Mesta hleðsluhæð veggja er um 1,4 m. Tóftin tengist túngarði í norðvesturhorni og í suðausturhorni en á milli túngarðs og tóftar í suðausturhorninu er rof á garðinum fyrir hlið úr girðinganeti. Tóftin hefur hugsanlega verið fjárhús eða hesthús. Tóft B er um 12 m sunnan við tóft A. Hún er einföld, um 5 x 4 m stór og snýr NNA-SSV. Öll austurhlið tóftarinnar er túngarðurinn. Greinilegur inngangur er inn í tóftina í SSA-horni og sjást þar um 4 umför af hleðslum við túngarð 028. Að öðru leyti sést lítið í grjót. Mesta hleðsluhæð er um 1,2 m þar sem hún er hlaðin við túngarð en lægri annarsstaðar. Tóftin hefur hugsanlega verið fjárhús eða hesthús. Þar sem hvorki túngarðurinn né tóftir 028A og 028B eru sýnd á túnakorti Kvíarholts frá árinu 1917 er frekar ólíklegt að hér sé um lagalegar fornleifar að ræða en þar sem mannvirkin eru byggð úr torfi og grjóti að fornu byggingarlagi voru þau látin fljóta með.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-383:029 tóft 63°57.052N 20°25.575V



Tóft 029, horft til suðvesturs



Tóft 029

Einföld tóft er um 1 km norðaustan við bæ 001.
Tóftin er í stórþýfðum móa, vestan við mýri og austan við Byrgisás 011. Fjárgata liggur fast suðvestan við tóftina.
Tóftin er einföld og gróin. Hún er um 8x4 m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur. Inngangur er í norðausturenda en tóftin mjókkar lítillega í þann enda. Ekki sést í grjóthleðslur og er líklegt að tóftin sé torfhlaðin. Mesta hleðsluhæð er um 0,8 m. Ekki er vitað hvert hlutverk tóftarinnar var.
Hættumat: engin hætta

RA-383:030 náma mógrafir
63°57.149N 20°25.567V
Mógrafir eru í norðausturhorni jarðarinnar Kvíarholts, um 1,2 km norðaustan við bæ 001.
Mógrafirnar eru í nokkuð blautri og smáþýfðri mýri.
Mógrafir eru á svæði sem er um 100x80 m að stærð og snýr NNA-SSV. Þær eru hvorki eru mógrafirnar djúpar né blautar. Þær eru allgrónar og dýpstar eru þær um 0,5 m.
Hættumat: engin hætta




Mógrafir 030, horft til norðausturs

RA-383:031 varða



Varða 031, horft til norðurs


Varða er á Stekkjarholti (sjá 009) um 430 m norðan við bæ 001. Hún hrundi í jarðskjálftanum árið 2000.
Varðan er á háu holti og sést víða að. Holtið er grýtt og jarðveg hefur blásið af kolli þess en það hefur gróið aftur.
Varðan hefur verið stæðileg þegar hún stóð en grjóthrúgan sem nú sést er um 1,5 m í þvermál. Hún er um 0,5 m á hæð og sjást 2 umför í henni. Óvíst er hvert hlutverk vörðunnar var en ef til vill hefur hún vísað á stekk 009.
Hættumat: engin hætta



RA-384 Hreiður

10 hdr 1708. JÁM I, 330. 1270: Getið í máldaga Oddakirkju. DI II, 86-88. 1553: Ólafur Brandsson færði Marteini biskup jarðirnar Vindás og Hreiður í Holtum í sakferli og tíundargjöld sem dæmd höfðu verið af föður hans. DI XII, 605-606, Skálholtskirkjueign. "Hreiður er landrík jörð en drjúg spilda af landinu er á uppblásurssvæði í Kambsheiði. Hagar eru ágætlega skjólgóðir. Þurrlendi er um 1/3 jarðar." Í eyði frá 1964 en jörðin er nýtt. SB V, 281.
1708: "Engjaslægjur eru votunnar mjög í regnasumrum og varla að gagni. Land ærið þröngt." JÁM I, 330. 1917: Tún 2 ha, þar af slétt 1 ha, garðar 1200 m².

RA-384:001 *Forna-Hreiður* bæjarhóll bústaður 63°56.594N 20°23.916V



Bæjarhóll Forna-Hreiðurs 001



Bæjarhóll Forna-Hreiðurs 001, horft til suðvesturs


"Bærinn stendur á hæð norðan undir Kambsheiði. Forna-Hreiður heitir í holti austur af bænum. Þar eru bæjarrústir í skál eða dæld og svarar vel til bæjarheitisins. Ætla má að bærinn hafi verið fluttur sökum uppblásturs í Kambsheiði," segir í Sunnlenskum byggðum V. Í örnefnaskrá segir einnig um bæinn: "Áður fyrr mun bærinn hafa staðið suður undir Heiðinni og þá verið nálægt miðri landareigninni. Þar heitir enn Forna-Hreiður og Gamlibær, og sést þar móta fyrir tóftum." Í Sýslu- og sóknalýsingum segir frá munnmælum um að bærinn í Forna-Hreiðri hafi verið færður vegna reimleika en ekki er vitað hvenær það átti sér stað. Bæjarhóll Forna-

Hreiðurs er um 1,2 km suðaustan við Hreiður 002 og um 380 m austan við Stekkatún 017 í Einbúa.
Bæjarhóllinn er sunnanvert í þýfðu, grasigrónu holti sem kallast Forna-Hreiður. Holtið liggur NNA-SSV og tengist Sandskarðsheiði í norðaustri. Vestan við holtið er Stekkatúnsmýri og austan við holtið er Sandskarðsmýri og Murnardæluholt.
Bæjarhóllinn er aflangur, um 50 x 30 m stór, 0,2-1 m á hæð og snýr ANA-VSV. Hann er mikið til hlaupinn í þúfur og hleðslur eru útflattar en enn eru 4 óljósar dældir greinanlegar sem gætu hafa verið tóftir. Dæld A er austast og um 3x3 m að innanmáli. Dæld B er um 2 m VNV við dæld A, um 5x2 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Dæld C er um 3 m suðvestan við dæld B. Hún er um 6x2 m að innanmáli og snýr ANA-VSV. Dæld D er um 2 m VSV við dæld C en mjög ógreinileg. Hún er um 9x2 m að innamáli og snýr ASA-VNV. Um 4 m VNV við dæld D er 1-3 m breitt og um 1,5 m djúpt gil sem í hefur hugsanleg verið lækjarspræna. Gilið snýr NNV-SSA. Ekkert hleðslugrjót er greinanlegt á yfirborði en ekki er ólíklegt að umtalsverðar fornleifar finnist undir sverði. Allt svæðið er vel grasigróið.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: SB V, 281; Ö-Hreiður, 2; Túnakort 1917; SSR, 191


RA-384:002 *Hreiður* bæjarhóll bústaður 63°57.064N 20°24.940V



Mynd af Hreiðri frá 1946 (Þykkskinna I, bls. 113)



Uppdráttur eftir Auðun Einarsson af bænum í Hreiðri eins og hann var um 1930 (Holtamannabók I, bls. 173)



Minjar á bæjarhól Hreiðurs 002

"Bærinn stendur á hæð norðan undir Kambsheiði. Forna-Hreiður [001] heitir í holti austur af bænum. Þar eru bæjarrústir í skál eða dæld og svarar vel til bæjarheitisins. Ætla má að bærinn hafi verið fluttur sökum uppblásturs í Kambsheiði," segir í Sunnlenskum byggðum. Ekki er vitað hvenær bærinn var fluttur né af hvaða ástæðu. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1708 er ekki minnst á það að bærinn hafi verið fluttur. Mögulega er það vegna þess að mjög langur tími hafi liðið frá því að bærinn var fluttur og engar vofeiflegar sagnir um orsakir þess verið á sveimi, ólíkt sögnunum um Gömlu-Pulu RA-397:001. Bærinn var að öllum líkindum ekki færður eftir 1708, a.m.k. hafa ekki fundist heimildir um það. Bæjarhóllinn í Hreiðri er sunnan í háu holti sem stendur upp úr miklu mýrlendi. Bærinn fór í eyði árið 1964 en er jörðin er enn nytjuð frá Raftholti.



Á mynd til vinstri sjást tóftir hlöðu og fjóss á bæjarhól 001, horft til austurs. Á mynd til hægri sjást leifar af síðasta bænum í Hreiðri, horft til austurs



Á mynd til vinstri sést tóft hlóðaeldhúss á bæjarhól 001, horft til suðurs. Á mynd til hægri sjást leifar af grunni síðasta íbúðarhússins í Hreiðri, horft til norðurs

Bæjarhóllinn er í túni sem enn er í rækt.
Bæjarhóllinn er um 30x25 m að stærð og snýr norður-suður. Hann er í halla til suðurs og er hátt fram af honum niður á tún eða um 10 m, og mjög bratt. Líklegt er að hæðin sé að miklu leyti náttúruleg og er sjálfur bæjarhóllinn sennilega um 2 m á hæð. Á hólnum eru miklar byggingaleifar. Syðst á hólnum vestast er steypt hlandþró og kamar úr bárujárni, um 1x1 m að stærð. Hlaðið er meðfram vesturhlið hans. Þar austan við var blómagarður og um 6 m austan við kamarinn er hlaðinn kjallari íbúðarhúss sem byggt var um 1935. Torfbær stóð áður á sama stað. Kjallarinn er um 4x3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Mest sjást 4 umför hleðslu í kjallaranum en hann er um 1 m á dýpt. Steyptur strompur hefur hrunið ofan í kjallarann en húsið var rifið fyrir fáum árum þegar farið var að fjúka úr því efni. Gangur var úr norðausturhorni hússins í tóft A sem er einföld og grjóthlaðin. Þar var hlóðaeldhús gamla bæjarins og síðar eldiviðargeymsla og hænsnahús. Tóftin er um 9x6 m að stærð og inngangur inn í hana í norðvesturhorni. Hún snýr norður-suður. Í henni sjást um 6 umför hleðslu og er mesta hleðsluhæð um 1,4 m. Austan við tóft A var hjallur en hann er fokinn og sjást engin ummerki hans. Norðan við kjallarann er hlaðinn veggur og í hann hefur verið steyptur stokkur þar sem vatni af þaki hússins var safnað. Stokkur þessi er í suðausturhorni fjóstóftar B sem er á milli kamars og kjallara. Tóftin er einföld og grjóthlaðin, snýr austur-vestur. Ekki er hlaðið fyrir vesturgafl hennar. Tóftin er um 7x8 m að stærð og sjást 7 umför hleðslu. Mesta hæð er um 1,5 m. Fast norðan við fjóstóft er djúp hlaða sem er um 9,5x4 m að innanmáli. Hún hefur verið hlaðin að innan og sjást hleðslur í austurenda en aðeins 6 umför. Dýpst er hlaðan um 3 m í austurenda. Fast norðan við hlöðuna er fjós sem byggt var 1950. Hlaðinn grunnur er undir henni, a.m.k. Að hluta. Í suðurhluta hleðslunnar sjást 8 umför. Fjósið er um 10x4,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Steypt haughús er við norðvesturhorn þess. Steyptur flór er í húsinu. Þar voru 8 básar en í gamla fjósinu var plass fyrir 4 kýr en oftast hafðar 2. Norðaustan við norðausturhorn tóftar A var lítill kofi, líklega hrútakofi og sjást óljós ummerki hans. Þar er lítil dæld, um 0,5x1 m að innanmáli, snýr norður-suður og finnst óljóst fyrir grjóthleðslum undir sverði. Austan við fjós og hlöðu var heygarður og er þar dálítil lægð sem er um 5 m í þvermál.


Hættumat: engin hætta
Heimildir: SB V, 281; JÁM I, 330

RA-384:003 heimild um útihús 63°57.137N 20°24.902V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 130 m norðaustan við bæ 002.
Útihúsið var í sléttu túni, á flatlendum bletti norðan undir Bjalla.
Ekki sést til minja um útihúsið og líklegt að sléttað hafi verið úr því.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1917

RA-384:004 tóftir útihús 63°57.103N 20°24.872V




Tóftir 004, horft til suðvesturs



Tóftir 004

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 90 m norðaustan við bæ 002. Þar er hesthústóft auk tveggja eldri tófta.
Minjarnar eru suðvestan í Bjallanum, í túnjaðri.
Tóftirnar eru á svæði sem er um 10x13 m að stærð og snýr norður suður. Öllum mannvistarleifum verður gefinn bókstafur til aðgreiningar í lýsingu. Syðst er hesthústóftin A. Hún er einföld, snýr norður-suður og er inngangur á vesturhlið. Tóftin er um 4x7 m að stærð, gróin en sést í grjót innanmáls. Mesta hleðsluhæð er um 1 m. Um 2 m norðan við tóft A er tóft B sem virðist hafa verið grafin inn í hólinn að einhverju leyti. Hún er um 4x4 m að stærð og sést aðeins óljós veggur á suðurhlið. Mögulega hefur verið op inn í tóftina í suðausturhorni. Mesta hæð veggjar er um 0,3 m. Um 2 m austan við tóft B er lítil tóft C. Þar var lítill kofi sem systkini Jónu Heiðbjartar Valdimarsdóttur, heimildamanns, mundu eftir að væri samfallinn. Afar líklegt er að Brekkukofalaut dragi nafn sitt af þeim kofa. Tóftin er mjög ógreinileg en er um 2x2 m að innanmáli. Grjót sést í norðausturvegg en tóftin hallar til suðvesturs. Tóftir B og C virðast vera eldri mannvirki en hesthústóftin A.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1917



Fjárhústóft 005

RA-384:005 tóft fjárhús
63°57.106N 20°24.812V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 130 m austan við bæ 002 og sést tóft þess enn. Útihús var fjárhús og draga Fjárhústún og Fjárhúsflóð líklega nöfn sín af þeim.
Tóftin er suðaustan undir Bjalla og er hátt og bratt niður af honum að henni. Tún er fast suðaustan við tóftina.
Tóftin er grjóthlaðin og tvískipt. Hún er um 14x10 m að stærð og snýr suðaustur-norðvestur. Hólf I er í suðvesturhluta tóftarinnar. Þar voru hafðar ær samkvæmt Jónu Heiðbjörtu Valdimarsdótttur, heimildamanni. Hólfið er um 12x3 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Innst í norðvesturenda hólfsins var hlaða. Grjóthlaðinn garði

er í miðju hólfinu endilöngu og skiptir því í tvær krær. Hann um 7 m langur og um 0,7 m breiður. Hólf II var fyrir lömb og er það um 7x2 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Jötur voru meðfram langveggjum hólfsins. Hólfin eru bæði opin til suðausturs og virðast hafa verið timbur- eða bárujárnsþil á suðausturgöflum. Mesta hleðsluhæð tóftarinnar er 1,5 m og sjást mest 10 umför hleðslu í innanverðum veggjum. Norðvesturendi hlöðunnar í hólfi I er grafinn inn í brekkuna.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Hreiður, 1,3



Fjárhústóft 005, horft til suðvesturs


RA-384:006 frásögn landamerki
63°57.278N 20°25.247V
Samkvæmt Jónu Heiðbjörtu Valdimarsdóttur, heimildamanni, var landamerkjagarður á merkjum milli Hreiðurs og Guttormshaga RA-385. Hann hvarf við það að skurður var grafinn á merkjum. Garðurinn var um 470 m norðan við bæ 002.
Landamerkjagarðurinn var í smáþýfðri mýri.
Ekkert sést til garðsins í mýrinni og hefur hann horfið við það að skurðurinn var grafinn á sama stað.
Hættumat: engin hætta

RA-384:007 tóft+garðlag hesthús 63°57.118N 20°25.008V



Hesthústóft 007A, horft til norðvesturs

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 115 m norðan við bæ 002 og sést tóft þess enn. Samkvæmt heimildamanni, Jónu Heiðbjörtu Valdimarsdóttur, var þarna hesthús. Garðlag er áfast tóftinni sem afmarkar heimatúnið að litlum hluta en afmarkar stórt svæði utan túns að auki.
Tóftin er í túnjaðri, til norðvesturs er brekka að Norðurmýri. Garðurinn er á mörkum túns og móa næst tóftinni og heldur áfram út fyrir tún í þýfðu mýrlendi til austurs og svo suðurs.
Minjarnar eru á svæði sem er um 390x220 m að stærð og snýr norður-suður. Tóftin A er í norðvesturhorni svæðisins. Hún snýr suðvestur-norðaustur og er um 4x8 m að stærð, einföld og grjóthlaðin. Inngangur er á miðjum norðvesturvegg. Mesta hleðsluhæð er um 1,3 m og sjást 7 umför í innanverðum veggjum. Frá austurhorni tóftarinnar liggur garður B til norðausturs. Garðinn má rekja á svæði sem er um 220x390 m að stærð og snýr norður-suður.Túngarðurinn sést frá tóftinni til norðausturs á um 130 m löngum kafla. Þar er garðurinn um 0,7 m á hæð og um 0,6 m á breidd. Hann er gróinn og ekki sést í grjót í honum. Garðurinn heldur áfram niður af holtinu sem bærinn 002 stendur á til austurs en er þar mun lægri og óskýrari. Þegar komið er niður af holtinu beygir garðurinn til suðurs og heldur áfram að stóru túni á Langarima og liggur meðfram austurenda þess. Rafmagnsgirðing er ofan á garðinum. Þar sem garðurinn er greinilegastur er hann á svipuðum stað og gamli túngarðurinn 013 lá en litlu sunnan við hann. Garðurinn er yngri en túnakort frá 1917 og er því ekki fornleif samkvæmt lögum en er skráður hér þar sem hann er áfastur tóftinni og sýnir fornt byggingarlag. Ekki er ósennilegt að garðurinn hafi tengst garðlagi 030 sem er um 100 m SSA við suðurenda hans, fast SSA við framræsluskurð.
Hættumat: engin hætta



Tóft 007A og garður 007B

Heimildir: Túnakort 1917

RA-384:008 *Hreiðurs-Bjalli* varða huldufólksbústaður 63°57.130N 20°24.855V



Varða á Hreiðurs-Bjalla, horft til norðausturs

"Á meðan er að hitna á katlinum, göngum við bræður upp á Bjallann, Hreiðurs-Bjalla. Hann er efst í túninu, í norðaustur frá bænum. Þar bjó huldufólk í tíð foreldra okkar," segir í örnefnalýsingu. Varða er uppi á Bjallanum um 150 m norðaustan við bæ 002 og er hún skráð með huldufólksbústaðnum.
Bjallinn er hæsti punkturinn á holtinu sem bærinn 002 stendur á og er bratt fram af honum til suðurs og austurs. Í suðausturhlíðum hans er eggjagrjót og var leikstaður barna við vörðuna þar sem þau hlóðu sér hús úr grjótinu. Bjallinn er gróinn að ofan.
"Huldukonan kom til móður minnar í draumi og bað hana að lána sér kaffi í könnuna og borgaði henni ríflega aftur með "mjög bragðgóðu" kaffi. Einnig bað hún móður mína að ámálga við börnin að láta ekki illa upp við Bjalla. Þvott sinn þurrkuðu þær á sömu skógarhríslunum," segir í örnefnalýsingu. Að sögn Jónu Heiðbjartar Valdimarsdóttur, heimildamanns, mátti ekki velta steinum niður Bjallann. Amma hennar hafði samband við huldufólk. Varðan hefur lengi verið á sama stað. Hún hrundi í jarðskjálftanum árið 2000 en var endurhlaðin á ættarmóti fyrir fáum árum. Hún er nú strýtulaga, um 1 m að grunnfleti og um 1,5 m á hæð. Hlutverk hennar er ekki þekkt en hún kann að hafa vísað á bæinn.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hreiður, 1

RA-384:009 heimild um kálgarð 63°57.067N 20°25.023V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður fast suðvestan við enda traða 010 í túnjaðri. Kálgarðurinn var um 70 m vestan við bæ 002.
Kálgarðurinn var þar sem nú er sléttað tún. Landið lækkar til vesturs og hefur túnið verið fært út í þá átt.
Ekki sést til minja um kálgarðinn en Jóna Heiðbjört Valdimarsdóttir, heimildamaður, man eftir honum. Hann hefur að líkindum verið sléttaður.
Hættumat: engin hætta

RA-384:010 *Gömlutraðir* heimild um traðir 63°57.074N 20°25.039V
"Austan við bæinn Austurkinn og vestan við bæinn Vesturkinn, Niðurtún og Gömlutraðir niður frá bænum," segir í örnefnalýsingu. Traðirnar eru sýndar á túnakorti en lítið sést nú (2010) móta fyrir þeim. Þær voru um 85 m norðvestan við bæ 002, voru hlaðnar til beggja hliða og lágu ASA-VNV.
Traðirnar voru í sléttuðu túni.
Dálítil lægð er í túninu þar sem traðirnar voru en hún er ekki afgerandi.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hreiður, 1

RA-384:011 *Stöðullaut* örnefni kvíar 63°57.049N 20°24.993V
"Vestur af Vesturkinn er Stöðullaut, Vatnsgarðar [012] og Norðurtún ...," segir í örnefnalýsingu. Stöðullaut er um 70 m vestan við bæ 002.
Stöðullaut er í sléttuðu túni.
Stöðullaut er að líkindum í brekku sem snýr mót suðvestri. Ekki er um greinilega eða skýrt afmarkaða laut að ræða og ekki sjást nein mannvirki á þessum stað. Líklegt er að sléttað hafi verið úr kvíunum en mögulegt að þær hafi aldrei verið meira en færikvíar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hreiður, 1

RA-384:012 *Vatnsgarðar* frásögn vatnsból 63°57.066N 20°24.981V
"Vestur af Vesturkinn er Stöðullaut [011], Vatnsgarðar og Norðurtún ...," segir í örnefnalýsingu. Vatnsgarðar eru um 30 m vestan við bæ 002.
Vatnsgarðar eða Vatnsgarður er dálítill hóll í túni og austan við hann eru tvær steinsteyptar súrheysgryfjur.
Ekki sést til minja en garðurinn var rifinn og settur ofan í laut sem var austan við hann. Jóna Heiðbjört Valdimarsdóttir, heimildamaður, og systkini hennar telja að vatni hafi verið safnað þarna og minnir að garðurinn

hafi verið í hálfhring mót vestri.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hreiður, 1

RA-384:013 heimild um túngarð 63°57.127N 20°25.016V
Samkvæmt túnakorti var túngarður umhverfis gamla heimatúnið sem var um 300x200 m að stærð og sneri norður-suður. Samkvæmt heimildamanni, Jónu Heiðbjörtu Valdimarsdóttur, var sléttað úr túngarðinum þegar hún var barn.
Túngarðurinn lá eftir brúnum holtsins sem bærinn stóð en neðan við holtið að austanverðu.
Ekki sést til minja um túngarðinn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-384:014 þúst brunnur
63°57.049N 20°24.964V
Hlaðinn brunnur er um 30 m suðvestan við bæ 002, fast norðan við núverandi heimreið.
Brunnurinn er í túni við veg heim að bæ. Fast suðvestan við hann er gömul olíudæla.
Reft hefur verið yfir brunninn og er orðið grasi vaxið ofan á honum. Aðeins sést þúst sem er um 1 m í þvermál og um 0,3 m á hæð en að sögn Jónu Heiðbjartar Valdimarsdóttur, heimildamanns, er brunnurinn hlaðinn og þraut vatn ekki í honum. Faðir Jónu endurhlóð hann en hann er eldri en frá hans tíð. Kofi var yfir brunninum en hann hefur líklega verið rifinn.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Ö-Hreiður, 3



Þúst 014, horft til norðurs

RA-384:015 *Nýivegur* vegur leið 63°56.498N 20°24.563V



Nýivegur 015, horft til suðurs

"Nær bænum er Langirimi, nær hann vestur undir gil. Austar er Veita, þá Hrossarimi, vestur af honum Gamlabrú [020] og Nýivegur," segir í örnefnalýsingu. Hnit var tekið á Nýjavegi um 560 m VSV við Gamla-Hreiður 001 og um 1,1 km SSA við bæ 002.
Nýivegur lá um Gömlubrú yfir þýfða grasigróna mýri og um þýfða grasi- og mosagróna móa og rofabörð á holtunum SSA við bæ 002.
Nýivegur er enn mjög greinilegur. Vegurinn lá frá bæ 002 í suðaustur yfir Langarima. Þar eru sléttuð tún. Í mýrinni suðaustan við rimann er Gamlabrú. Norðan við brúna eru mjög vatnsrofnar götur. Göturnar eru 2-3 m breiðar og um 0,5 m á dýpt. Bakkar þeirra eru þýfðir og mosagrónir en rofabörð eru í botni þeirra vegna vatnsaga. Fast ANA við Grenshóla skiptist vegurinn í tvennt. Kirkjugötur RA-671:014 liggja í suðaustur upp í Klifhóla, um Kindalautir á meðan Nýivegur heldur áfram í suður upp á Kambsheiði um Láguheiði og yfir Moldir þar sem hann tengist Ferðamannagötum RA-671:007 fast norðan við landamerkjagarð 016. Í landi Hreiðurs er Nýivegur um 2 km og var hann fær hestvögnum samkvæmt örnefnakorti.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Hreiður, 3; IE-Örnefnauppdráttur, Hreiður

RA-384:016 garðlag landamerki 63°55.959N 20°24.627V
Bitastæður torfhlaðinn merkjagarður er um 2,1 km SSA við Hreiður 002, á landamerkjum Hreiðurs, Nefsholts RA-405 og Pulu RA-397, um 1,8 km ASA við Hreiður 002 á landamerkjum Hreiðurs og Mykjuness RA-396 og um 1 km austan við Hreiður 002 á landamerkjum Hreiðurs og Þverlækjar RA-394.
Garðlagið liggur um þýfða grasi- og mosagróna móa og deigar mýrar.
Garðlagið er torfhlaðið, 1-1,5 m á breidd, 0,5-1,2 m á hæð og alls um 2,8 km á lengd. Það sést fyrst á Sótás, um 100 m suðaustan við stórt rofabarð sem kallast Moldir og um 1300 m SSV við Gamla-Hreiður 001. Garðlagið




Landamerkjagarður 016, horft til ASA

liggur ASA-VNV. Í vestnorðvesturenda garðlagsins er um 5 m breitt hlið á garðinum þar sem götur 015 og RA-671:007 sameinast og halda áfram sem ein gata í suðvestur inn í land Nefsholts RA-405. Girðing er eftir endilöngu garðlaginu. Um 770 m ASA beygir garðlagið í norðaustur. Þar mætast fjögur garðlög á Grásteini, á landamerkjum Hreiðurs, Nefsholts, Götu RA-404 og Pulu RA-397. Þar er einnig op í garðlagið þar sem Kirkjugötur RA-671:014 halda áfram suður inn í land Nefsholts. Um 125 m norðaustan við hornið endar garðlagið í landamerkjaskurði í Pulumýri á landamerkjum Hreiðurs og Pulu. Landamerkjagarðurinn kemur aftur í ljós um 800 m NNA norðan við Pulumýri í suðurbrún Hellraheiði á austurlandamerkjum Hreiðurs og Mykjuneslands RA-396. Þaðan liggur hann í norður um 1,1 km að Markhól sem er hornmark á landamerkjum Mykjuness, Hreiðurs og Þverlækjar RA-394. Þar beygir hann í VNV yfir Sandskarðsheiði á landamerkjum Þverlækjar og Hreiðurs. Þar liggur landamerkjagarður VNV-ASA um 800 m á Sandskarðsheiði, frá Markahól í austri niður í Krossdý í vestri þar sem landamerkjaskurðir taka við og liggja þeir yfir Hreiðursflóðin vestan við Sandskarðsheiði milli Þverlækjar og Hreiðurs. Samkvæmt Hjalta Sigurjónssyni bónda í Raftholti voru garðlögin hlaðin með handafli á árunum 1935-39. Lögum samkvæmt teljast þessi garðlög því ekki eiginlegar fornleifar en þar sem þau eru byggð án véla og að gamalli byggingarhefð voru þau látin fljóta með.

Hættumat: engin hætta

RA-384:017 *Stekkatún* tóft+garðlag stekkur 63°56.632N 20°24.380V



Tóftir í Stekkatúni 017

"Nær bænum er Langirimi, nær hann vestur undir gil. Austar er Veita, þá Hrossarimi, vestur af honum Gamlabrú og Nýivegur [015]. Þá Stekkatúnsmýri; suður frá henni er Einbúi, vestan í honum Stekkatún," segir í örnefnalýsingu. Stekkatún er fast suðvestan í og við Einbúa, um 900 m SSA við Hreiður 002 og um 380 m VNV við Gamla-Hreiður 001. Þar eru fjórar



Stekkatún 017, yfirlitsmynd, horft til norðvesturs




Tóftir 017A og D, horft til SSV

tóftir og gerði.
Einbúi er náttúrulegur, stakstæður hóll sem er 6-8 m á hæð, um 65 m á lengd, um 35 m á breidd og snýr norðaustur-suðvestur. Umhverfis Einbúa er grasi- og mosagróinn þýfður móa en innan gerðisins er sléttað tún.
Stekkatúnsgerði er um 100 x 80 m stórt og snýr norðaustur-suðvestur. Innan gerðisins er tún sem sléttað var í tíð Valdimars, föður Jónu H. Valdimarsdóttur, heimildamanns. Gerðið er markað af með garðlagi sem er torfhlaðið, 0,5-1 m á breidd og 0,2-0,6 m á hæð en illa rofið vegna ágangs hrossa. Óljóst er hvar inngangur í gerðið var nákvæmlega vegna rofs en hugsanlegt er að það hafi verið á norðurhlið við norðvesturhorn þess. Fjórar tóftir eru í hnapp í austurhorni gerðisins og verður hverri þeirra gefinn bókstafur í lýsingu þessari til aðgreiningar. Tóft A er beitarhús. Hún er um 30 m vestan við austurhorn gerðis, suðvestan undir Einbúa. Tóftin er tvískipt, um 22 x 10 m stór og snýr NNA-SSV. Veggir hennar eru grjót og torfhlaðnir, um 2 m á breidd og 1-1,5 m á hæð. Hleðslur eru víða farnar að síga í fjárhúsum og veggir hlöðu eru mjög signir. Í veggjum eru 4-6 umför hleðslu greinileg. Hleðslur undir jötur eru greinilegar við vesturvegg fjárhúss en líklega hafa verið jötur beggja megin þó ekki sjáist undirstöður að austan vegna sigs. Hleðslurnar eru um 0,4 m á hæð og 0,2-0,4 m á breidd. Fjárhúsið (I) er um 12 x 2 m að innanmáli og snýr NNA-SSV. Hlaðan (II) er fast NNA við fjárhúsið og er hún um 1 m dýpri. Líklegast hefur verið timburþil á milli. Hlaðan er um 4 x 2 m að innanmáli og snýr ASA-VNV. Gengið var inn í húsið að SSV um 0,5-1 m breiðan inngang sem siginn er saman. Hætt var að nota beitarhúsin um 1940. Tóft A virðist vera nokkuð yngri en allar hinar tóftirnar svo ekki er útilokað að hér sé um fleiri en eitt byggingarstig að ræða. Tóft B um 25 m norðvestan við tóft A. Tóftin er einföld, um 20 x 7 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir hennar eru grjóthlaðnir, um 2 m á breidd og 0,5-1 m á hæð. Að innanmáli er tóftin um 11 x 2 m. Veggirnir eru vel mosa- og grasigrónir en gjróthleðslur eru þó greinilegar. Hrun hefur lokað tóftinni að norðvestan en þar hefur trúlega verið gengið inn. Náttúruleg hlíð Einbúa styður við norðausturvegg tóftar sem er um 6 m lengri en suðvesturveggur. Í norðvesturenda tóftar sveigir lengri veggurinn til vesturs og endar um 4 m norðan við norðvesturenda suðvesturveggs. Þessi hluti veggjarins hefur trúlega þjónað sem aðhald til að beina fé inn í tóftina. Stærð tóftar og gerð gæti bent til þess að hún sé stekkurinn sem Stekkatún dregur nafn sitt af. Tóft C er um 5 m norðan við tóft A og vel mosa- og grasigróin. Tóftin er tvískipt, um 9 x 7 m stór og snýr austur-vestur. Hólf I er greinilegt. Veggir þess eru um 1,5 m á breidd, um 0,6 m á hæð. Grjóthleðslur eru greinanlegar í grasinu. Innanmál hólfs I er 1,5x1 m og snýr norður-suður. Gengið var inn í bæði hólfin að sunnan. Hólf II er mjög ógreinileg dæld fast austan við hólf I. Innanmál dældar er 4x1 m og snýr hún eins og hólf I. Veggir hennar eru útflattir og <0,4 m á hæð. Tilgangur þessarar tóftar er óljós en vestari helmingur er trúlega yngri en sá eystri. Tóftin gæti hafa verið lítill hrútakofi. Tóft D er um 2 m NNA við tóft A. Tóft D er nú (2010) lítið annað en ógreinileg þúst en þó er hugsanlega hægt að greina óljósa útflatta veggi í þúfunum sem eru um 2 m á breidd og <0,4 m á hæð. Innanmál tóftar er 5x2 og snýr hún NNA-SSV. Gengið hefur verið inn að SSV. Greinilegt er að þessi tóft er mikið eldri en tóft A og gæti þess vegna hafa verið rænd þegar tóft A var byggð. Engar grjóthleðslur sjáanlegar en eystri veggur er greinilegastur. Hlutverk tóftar er óljóst.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hreiður, 3

RA-384:018 *Tjaldlaut* örnefni tjaldstæði 63°56.817N 20°23.951V
"Í austur frá F[orna]-Hreiðri [001] er Tjaldlaut og uppi á Heiðinni Sandskörð .," segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt örnefnakorti er Tjaldlaut um 420 m norðan við Forna-Hreiður 001 og um 930 m ASA við Hreiður 002.
Þýft mosa- og grasigróið flatlendi fast norðvestan undir Forna-Hreiðursholti norðaustan við Stekkatúnsmýri.
Tjaldað var við heyskap í lautinni þegar Nesið var heyjað. Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hreiður, 3, IE-Örnefnauppdráttur, Hreiður

RA-384:019 *Gamla-Kambsrétt* tóftaþyrping rétt 63°56.320N 20°23.803V
"Vestur þaðan [frá Forna-Hreiðri (holtinu)] er Sandskarðsmýri, Murnadæluholt, Murnadæla og Murnadæluhóll. Þá Kambsréttarholt með Skollagróf og sunnan í því Gamla-Kambsrétt, aflögð fyrir löngu," segir í örnefnalýsingu. Í Þykkskinnu hinni fyrri eftir Helga Hannesson segir svo um réttina: "Frá ómunatíð hefur Kambsrétt verið talin hin eina byggðasafnsrétt Holtamanna. Lengi stóð réttin í Hreiðurslandi, suðaustan í Kambsheiðinni. Síðar var hún sökum reimleika færð í Grjótin, skammt norður frá garði á Lýtingsstöðum [407:004]. ... Eitt sinn fyrir æði löngu tókst svo til að förukona tróðst undir til bana í dyrum almennings. Enginn veit nú hvort þessu olli óhapp eða annað verra. Hitt er í frásögur fært, að konan gekk brátt aftur og ástundaði að hefna sín sem mátti að réttargestum og öðru sem lögðu leið sína um nálægar slóðir. Var algengt að réttarfólkið félli til jarðar með forðufalli í dyrum almennings. En allan mátt dró úr öðrum. Þá þótti vera háskalega villugjarnt í grennd við réttina, einkanlega ef eitthvað var að veðri. Í þriðja lagi varð mönnum mjög óhægt, að reka inn í almenninginn. Það var eins og einhver stæði framan í fénu verði því réttina. Þetta með fleiru leiddi til þess, að réttin var færð um set, svo sem fyrr er getið. En lengi eftir það urðu menn draugsins varir í grennd við réttarbrotið," Gamla-Kambsrétt er í suðvesturenda Kambsréttarholts um 1700 m suðaustan við Hreiður 002 og

um 520 m SSA við Gamla-Hreiður 001 fast austan við Murnardælu.
Þýft graslendi í suðvesturbrún Kambsréttarholts. Brekka hallar um 5° til vesturs en holtið er á þessu svæði 2-5 m á hæð.



Gamla-Kambsrétt 019



Gamla-Kambsrétt 019, horft til ANA

"Þar þótti ekki "tryggt" fyrrum, er dimma tók. "Hafi ég nokkrun tíma orðið var við myrkra illan anda, þá var þar hjá Gömlu-Kambsrétt." Þetta voru orð séra Benedikt Eiríkssón, er lengi var prestur í Guttormshaga," segir í örnefnalýsingu. Í grein eftir Guðjón Jónsson í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags frá 1963 segir: "Fyrir löngu, enginn veit hvenær, hefur skilarétt verið byggð í landi Hreiðurs í Holtum, sem enn sér merki fyrir, þótt hún sé vallgróin. Hún var nefnd Kambsrétt, og er suðvestur af svonefndum Sandskörðum í holtsjaðrinum norðaustan við Sótás, skammt frá Murnardælu. Það lítur út fyrir, að þarna í holtsjarðinum hafi verið laut, eða skora, sem notuð hafi verið fyrir almenning, og dilkarnir hlaðnir í hallana, beggja megin, og hafi að mestu verið í jörðu. Ekki er hægt að sjá með vissu, hvað þeir hafa verið margir eða stórir; þeir hafa verið 12-14, kannske fleiri. Almenningurinn er bogadreginn og mjór, 40 m langur. Sitt hvoru megin almenningsdyranna, 5 m frá dilkunum, eru hringlaga tóftir (borgir), það geta verið fjárborgir, frá þeim tíma eða síðar. Þessi rétt hefir verið miklu stærri en réttirnar hjá Kambi, og ætluð fleiri notendum. Þó er varla hægt að ætla, að hún hafi verið fyrir allan hreppinn. Til þess sýnist hún of lítil, og eins og hin fyrrnefnda, mjög illa í sveit sett, á öðrum enda sveitarinnar. Sagt er, að þessi rétt hafi verið lögð niður, og byggð á öðrum stað vegna reimleika, eins og Guðlaugur Einarsson skrifar um í Ísl. sagnaþáttum 1951. Réttin var ekki flutt 1880, eins og þar segir, hún var færð miklu fyrr, nokkru eða löngu fyrir minni elztu manna, sem nú eru að falla í valinn." Gamla-Kambsrétt er aflöng, um 60 x 35 m stór og snýr gróflega austur-vestur. Í réttinni eru 22 greinileg hólf með almenningi. Hólfin eru ferköntuð til egglaga, vel gróin grasi og mosa. Hleðslur eru signar og engar grjóthleðslur eru sjáanlegar vegna gróðurs en þó eru hólf vel greinileg og er almenningur greinilegastur. Veggir réttarinnar eru 1-3 m á breidd og 0,4-1,2 m á hæð. Almenningur er um 20 m

á lengd, um 11 m á breidd og snýr gróflega austur-vestur. Inngangur í réttina er um 6 m á breidd í suðvesturhorni almennings en inngangar í hólfin eru nú mjög óljósir eða alveg horfnir. Í austurenda réttar er hólf I. Hólf I er stærsta hólfið og er innangengt í það úr almenningi. Hefur því trúlega verið lokað með timburgrindum. Hólfið er um 12 x 3 m að innanmáli og snýr líkt og réttin. Þó er það ekki alveg beint. Fyrstu 8 m liggur hólfið gróflega austur-vestur en svo beygir það í norðaustur síðustu 4 m austur fyrir hólf IV. Innangengt hefur trúlega verið í hólf II til VII úr hólfi I en þó er einnig hugsanlegt að gengið hafi verið inn í hólf V-VII að sunnanverðu. Öll þessi hólf snúa gróflega norður-suður og er 1-2 m þykkur veggur milli þeirra og hólfs I. Hólf II er norðan við hólf I við norðvestur horn þess. Það er um 1,5x3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Hólf III er um 2 m austan við hólf II. Það er um 1,5x4 m að innanmáli. Hólf IV er um 1 m austan við hólf III. Það er um 1,5x4 m að innanmáli. Hólf V er beint á móti hólfi II sunnan megin við hólf I. Það er um 1,5x3 m að innanmáli. Hólf VI er um 2 m austan við hólf V. Það er um 1x3 m að innanmáli. Hólf VII er um 1 m austan við hólf VI. Það er 2x2 m að innanmáli. Hólf VI er beint sunnan við hólf III og hólf VII er beint sunnan við hólf IV. Hólf VIII er um 3 m vestan við hólf II. Það er um 1,5x5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Gengið hefur verið inn að austan úr almenningi. Hólf IX er um 1 m vestan við hólf VIII. Það er um 2x7 m og snýr einnig austur-vestur. Gengið hefur verið inn í hólfið í suðausturhorni þess úr almenningi. Hólf X er um 1,5 m vestan við hólf IX. Það er um 3x4 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Gengið hefur verið inn að suðaustan úr almenningi. Hólf XI er um 2 m suðvestan við hólf X. Það er um 2x4 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Suður frá hólfi XI er um 4 m breið, um 6 m löng og um 0,5 m há tunga sem hálf lokar réttinni. Hugsanlegt er að í þessari tungu hafi einhvern tíman verið hólf en það er þá orðið alveg óskýrt. Hólf XIII er um 4 m norðan við tóft XIV áfast réttinni að utanverðu um 3 m vestan við hólf XI. Hólf XIII er 2x2 að innanmáli og er botn þess um 1 m neðar en botn hólf XI. Gengið hefur verið inn í hólfið utan við réttina. Hólf XII er einnig áfast réttinni að utanverðu og er einnig um 1 m hæðarmunur á botni hólfs X og hólfs XII. Um 3 m eru milli hólfanna. Hólf XII er 3x3 m að innanmáli og snýr ANA-VSV. Enginn inngangur er greinilegur. Hólf X, XI, XII, XIII, XIV og tungan mynda vesturenda réttarinnar. Suðurhlið réttarinnar er ein löng röð af 6 hólfum frá austri til vesturs. Hólf XV er austast um 3 m suðaustan við hólf VII. Það er 1x3 m að innanmáli og snýr gróflega austur-vestur. Hólf XVI er um 1 m vestan við hólf XV. Það er 1x2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Hólf XVII er um 1,5 m vestan við hólf XVI. Það er 1,5x1,5 m að innanmáli og snýr norður suður. Hólf XVIII er um 1 m vestan við hólf XVII. Það er 1,5x3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Hólf XIX er um 4 m vestan við hólf XVIII. Hólfinu hefur hugsanlega verið skipt upp í miðjunni en skiptingin er nú orðin frekar ógreinileg. Hólfið er um 2x4 m að innanmáli og snýr norður-suður. Hólf XX er um 1 m vestan við hólf XIX. Það er um 1,5x4 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Óljóst er hvar gengið hefur verið inn í þessi hólf en líklegt er að þau hafi tengst almenningi í norðri. Tvö stakstæð hólf er við suðvesturenda réttarinnar. Um 2 m vestan við tunguna suður frá hólfi XI er stakstæð tóft XIV. Tóftin er um 7 x 6 m stór og snýr austur-vestur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hreiður, 3; HH: Þykkskinna I, 113-114; GJ: "Kambsrétt" Árbók 1963,

RA-384:020 *Gamlabrú* brú samgöngubót 63°56.705N 20°24.673V
"Nær bænum er Langirimi, nær hann vestur undir gil. Austar er Veita, þá Hrossarimi, vestur af honum Gamlabrú og Nýivegur [015]," segir í örnefnalýsingu. Suðsuðausturendi Gömlubrúar er um 700 m SSA við bæ 002 og um 650 m VNV við Gamla-Hreiður 001.
Nýivegur lá um Gömlubrú yfir þýfða grasigróna mýri og um þýfða grasi- og mosagróna móa og rofabörð á holtunum SSA við bæ 002.
Í mýrinni suðaustan við Langarima er Gamlabrú. Gamlabrú er upphlaðin torfbrú í Nýjavegi í deigri mýri sem kallast Stekkatúnskelda, um 700 m sunnan við bæ 002. Brúin liggur NNV-SSA og hefur hún verið 350-400 m á lengd, um 4 m á breidd og 0,2-0,5 m á hæð. Brúin er mjög rofin vegna hrossabeitar. Norðan við brúna eru mjög vatnsrofnar götur.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Hreiður, 3


Gamlabrú 020, horft til NNV

RA-384:021 heimild um kálgarð 63°57.059N 20°24.927V
Samkvæmt túnakorti var þrískipur kálgarður fast suðaustan og suðvestan við bæ 001.
Kálgarðurinn var þar sem nú er sléttað tún.
Ekki sést til minja um kálgarðinn og man heimildamaður, Jóna Heiðbjört Valdimarsdóttir, ekki eftir kálgarði við bæinn. Líklega hefur hann verið sléttaður í tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-384:022 *Mógrafarstykki* náma mógrafir 63°56.994N 20°25.355V
"Upp frá þeim [Lönguhvömmum] Puntublettur, þá Mógrafarstykki, Vaðhvammur og Vaðrimi," segir í örnefnalýsingu. Mógrafir eru um 360 m vestan við bæ 002 og um 50 m suðvestan við vað í Vaðhvammi.
Mógrafirnar eru á bakka við Suðurgil.
Mógrafirnar eru á svæði sem er um 30x25 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Grafirnar eru misdjúpar en dýpstar eru þær um 1,5 m og stendur vatn í þeim dýpstu. Aðrar eru vatnslitlar eða þurrar og grónar. Margar grafirnar eru ferkantaðar að lögun, um 2x2 m að stærð. Greinilegustu grafirnar eru meðfram jarðvegsbrúnum syðst á svæðinu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hreiður, 4



Mógrafir 022, horft til suðvesturs

RA-384:023 *Vaðhvammur* örnefni vað 63°57.018N 20°25.331V
"Upp frá þeim [Lönguhvömmum] Puntublettur, þá Mógrafarstykki, Vaðhvammur og Vaðrimi," segir í örnefnalýsingu. Vað í Vaðhvammi er um 345 vestan við bæ 002.
Vaðið er við lækinn sem rennur eftir Suðurgili og eru bakkar þess víða nokkuð brattir og háir.
Samkvæmt Jónu Heiðbjörtu Valdimarsdóttur, heimildamanni, var brú yfir lækinn á síðari tímum á þessum stað en ekki sjást leifar hennar. Vaðið var á leið á milli Hreiðurs og Kvíarholts RA-383:033. Vaðið er ekki greinanlegt sem slíkt.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hreiður, 4

RA-384:024 *Lambhúsmói* örnefni lambhús 63°57.122N 20°24.932V
"... þá Norðurtún, þá Lambhúsmói og Brekkukofalaut [sjá 004] ...," segir í örnefnalýsingu. Lambhúsmói er um 105 m suður frá bæ 002. Líklegt er að hann dragi nafn sitt af útihúsi 003 en ekki er hægt að fullyrða um það.
Lambhúsmói er í sléttuðu túni.
Engar leifar lambhúss sjást í móanum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hreiður 2, 3

RA-384:025 *Lambhúsdý* frásögn lambhús 63°57.227N 20°25.103V
Á örnefnakort eftir Ingólf Einarsson er merkt örnefnið Lambhúsdý. Ekki er ljóst af hvaða lambhúsi dýið dregur nafn sitt og kann það að vera sama lambhús og Lambhúsmói [024] dregur nafn sitt af. Hinsvegar muna systkini Jónu Heiðveigar Valdimarsdóttur, heimildamanns, eftir því að tóft hafi verið í Litlarima sem er skammt norðaustan við dýið og töldu mögulegt að nafnið kæmi þaðan. Í örnefnaskrá segir að lömb hafi verið "setin" í Litlarima áður fyrr. Litlirimi er um 330 m sunnan við bæ 002.
Litlirimi er stórþýfð lítil hæð í þýfðri mýri.
Ekki sést til minja um lambhús eða önnur mannvirki í Litlarima. Mögulega er það horfið í þýfi.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Hreiður; Ö-Hreiður, 2

RA-384:026 frásögn rétt
63°57.078N 20°25.026V
Samkvæmt Jónu var stæðileg grjóthlaðin rétt norðvestan við enda traða 010, um 75 m norðvestan við bæ 002.
Réttin var þar sem nú eru sléttuð tún.
Ekki sést til minja um réttina og hefur verið sléttað úr henni.
Hættumat: engin hætta



Mógrafir 027, horft til suðurs

RA-384:027 náma mógrafir
63°56.754N 20°25.533V

Samkvæmt örnefnakorti voru mógrafir skammt norðan við núverandi veg heim að bæ 002. Mógrafirnar eru við Suðurgil, um 755 m suðvestan við bæ 002.
Mógrafirnar eru við allháan gilbakka í stórþýfðum móa.
Þrjár allstórar gryfjur eru sýnilegar á svæði sem er um 100x30 m að stærð og snýr norður-suður. Grafirnar eru 3-5 m á dýpt og 10-20 m í þvermál. Grafirnar eru nokkuð grónar en dálítil bleyta er neðst í þeim.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Hreiður

RA-384:028 hellir 63°56.628N 20°23.883V
"Forna-Hreiður [001] heitir bæjarrúst í Hreiðurslandi. Augsýnilega er þar hellir í hól austan við tóftarbrotin," segir í bókinni Manngerðir hellar. Samfallinn hellir er vestan í Forna-Hreiðri um 70 m NNA við bæjarhólinn 001 og um 1200 m suðaustan við Hreiður 002.
Þar sem hellirinn var er Forna-Hreiður (holtið) þýft grasi- og mosagróið og um 6 m á hæð. Hlíðin sem hellirinn var grafin inn í hallar 10-20° í vestur.
Hellirinn er nú (2010) ekkert annað en 1-2,5 m djúp hola með mjórri, um 6 m langri og 0,2-0,5 m djúpri rás til VNV þar sem gengið var inn í hellinn. Holan er um 1,5x1,5 m að innanmáli og nokkuð hringlaga. Hlutverk hellisins er óþekkt.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Manngerðir hellar, 197



Hellir 028, horft til ANA

RA-384:029 vegur leið
63°57.013N 20°25.302V
Upphlaðinn vegur liggur frá Vaðhvammi 023 til ASA og hefur að öllum líkindum verið á leið RA-383:033 sem lá á milli Kvíarholts RA-383 og Hreiðurs 002. Vegurinn er um 172 m suðvestan við bæ 002.
Vegurinn liggur í blautri og allþýfðri mýri.
Vegurinn sést á um 190 m löngum kafla og liggur ASA-VNV. Hann er um 3 m á breidd og um 0,5 m á hæð. Hann er hlaupinn í þúfur og er mjög gróinn. Ekki sést grjót í honum og er líklegt að hann sé nær eingöngu torfhlaðinn.
Hættumat: engin hætta



Upphlaðinn vegur 029, horft til ANA


RA-384:030 garðlag vörslugarður
63°56.819N 20°23.692V
Garðlag er í mýri í Krók norðaustan við Hrossarima. Hann er 1,2 km ASA við Hreiður 002 og um 460 m NNA við Forna-Hreiður 001.
Garðurinn liggur um þýfða grasi- og mosagróna móa og deigar mýrar.
Garðurinn er torfhlaðinn, um 1135 m á lengd, 1-1,5 m á breidd og 0,4-1 m á hæð. Hann kemur í ljós um 370 m suðaustan við Hreiður 002 fast suðaustan við ræsisskurð sem liggur norðaustur-suðvestur meðfram Langarima. Út frá norðvesturenda liggur garðurinn í SSA um 60 m. Þar beygir hann til suðaustur og heldur áfram í um 480 m að Forna-Hreiðri (holtinu). Í mýrinni er garðurinn að miklu leiti sokkinn og mjög rofinn vegna hrossabeitar. Garðurinn heldur áfram upp á brún holtsins í suðaustur um 100 m þar sem hann beygir í austur inn á holtið. Hann heldur áfram í um 140 m yfir holtið og endar við norðausturbrún þess. Norðaustan við brún holtsins er mjó grasigróin laut og stór rofabörð vegna vatnsaga sem liggja norðvestur-suðaustur og eru um 60 m á breidd. Fast NNA við lautina kemur garðlagið aftur í ljós og liggur þaðan í NNA um 355 m meðfram Ferðamannagötum RA-671:007 vestanverðum alla leið að landamerkjum milli Hreiðurs og Þverlækjar RA-394 þar sem það tengist nyrsta hluta



Vörslugarður 030, horft til VNV

landamerkjagarðs RA-384:016 á landamerkjum Hreiðurs og Þverlækjar RA-394. Hlutverk þessa garðlags er óþekkt en sennilega er hér um einhvers konar vörslugarð að ræða sem skildi að mýrarnar að norðaustan frá þurrari svæðum og holtum að suðvestan. Um 100 m NNV við NNV-enda þessa garðs er garðlag sem skráð er með hesthústóft 007 og er ekki ólíklegt að þeir hafi tengst áður en ræsisskurður var grafinn.
Hættumat: engin hætta

RA-384:031 *Eggjar* tóft stekkur 63°57.192N 20°24.905V






Stekkjartóft 031, horft til norðausturs

Grjóthlaðin tóft er norðaustan undir Háegg. Systkini Jónu töldu að lömb hafi verið þar og að kindur hafi verið mjólkaðar en þá var alllangt heim með mjólkina. Tóftin er um 240 m norðaustan við bæ 002. Sögn er um að í Eggjum sé huldufólksbyggð. Föðursystir Jónu Heiðbjartar Valdimarsdóttur, heimildamanns, man eftir því er hún var að gæta fjár hafi henni hitnað á fótunum ef hún setti þá á vissan stein.
Eggjar eru fallegir strýtulaga hólar norðaustan við túnið. Til norðurs og austurs eru blautar mýrar.
Tóftin er einföld, egglaga og grjóthlaðin. Hún er um 9x5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur, Líklega hefur verið inngangur í norðausturenda en það sést ekki lengur. Tóftin er mjórri í suðvesturenda og þar mótar óljóst fyrir litlu hólfi sem er um 1x2 m að innanmáli og snýr suðaustur-norðvestur. Hleðslur eru mjög signar og ekki stendur steinn yfir steini. Mesta hæð veggja er um 0,3 m.
Hættumat: engin hætta

RA-384:032 þúst brunnur 63°57.062N 20°24.837V






Brunnur 032, horft til suðurs

Brunnur er um 80 m austan við bæ 002.
Brunnurinn er á mörkum mýrar og túns, um 5 m vestan við upphlaðinn veg 035.
Reft er yfir brunninn en þúst er í kringum hann, líklega leifar af húsi. Brunnurinn var grjóthlaðinn, um 3-4 m á dýpt, samkvæmt Jónu Heiðbjörtu Valdimarsdóttur, heimildamanni. Þústin er um 3x3 m að stærð og er hæst um 0,7 m. Ekki sjást grjóthleðslur.
Hættumat: engin hætta

RA-384:033 *Hellishóll* álagablettur 63°57.084N 20°24.881V
Hellishóll er um 60 m austan við bæ 002. Ekki mátti hrófla við hólnum. Samkvæmt Jónu Heiðbjörtu Valdimarsdóttur, heimildamanni, er sögn um að maður hafi reynt að grafa inn í hólinn en hann hafi sofnað og dreymt fólk sem bað hann um að hætta því. Bræður Jónu reyndu að komast að því hvort hólinn væri holur að innan en hættu við þegar þeir heyrðu eitthvert hljóð úr honum.
Hellishóllinn stendur hátt í túnjaðrinum. Löng og brött brekka er suður af honum niður á tún.
Lítil aflöng dæld er í hólinn suðvestanverðan þar sem talið er að hafi verið grafið inn í hann. Dældin er um 3 m löng og um 1 m á breidd, snýr suðvestur-norðaustur.
Hættumat: engin hætta

RA-384:034 tóft fjárskýli 63°56.665N 20°24.824V





Tóft 034, horft til NNA

Óljós tóft er undir norðurbrún Grenshóla um 750 m sunnan við Hreiður 002 og um 360 m vestan við Stekkatún 017. Þýfður mosa- og grasigróinn mói.
Tóftin er einföld, um 11 x 8 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir hennar eru útflattir, um 3 m á breidd og um 0,6 á hæð. Innanmál er óljóst en gæti hafa verið um 2x1 m. Tóftin hefur trúlega verið torfhlaðin en hún er að hverfa í þúfur og gras svo að inngangur er horfinn. Staðsetning, stærð og lögun bendir helst til að tóftin sé fjárborg.
Hættumat: engin hætta

RA-384:035 vegur leið
63°57.057N 20°24.814V
Upphlaðinn vegur er um 90 m austan við bæ 002. Hann hlóð Valdimar Sigurjónsson, síðasti bóndinn í Hreiðri, til að komast á tún á Langarima á fyrri hluta síðari aldar.
Vegurinn er í þýfðri mýri á milli túnstykkja.
Vegurinn er um 70 m langur og snýr nálega norðvestur-suðaustur. Hann er hlaupinn í þúfur, er um 3 m á breidd og um 0,5 m á hæð. Vegurinn er ekki fornleif samkvæmt lögum en er skráður vegna þess að hann er til vitnis um samgöngubætur fyrri tíma og fornt verklag.
Hættumat: engin hætta



Upphlaðinn vegur 035, horft til suðausturs

RA-384:036 garðlag vörslugarður
63°56.985N 20°25.057V
Garðlag liggur til suðvesturs frá gamla heimatúninu að merkjum móti Kvíarholti RA-383, um 200 m suðvestan við bæ 002.
Garðlagið liggur um þýfðan móa, norðvestan við malarveg heim að bæ 002.
Garðlagið er að öllum líkindum vörslugarður. Það sést á um 580 m löngum kafla og snýr norðaustur-suðvestur. Garðlagið beygir lítillega til austurs í norðausturenda. Mesta hæð þess er um 0,8 m og breiðast er það um 0,7 m. Það er algróið og líklega torfhlaðið.
Hættumat: engin hætta




Vörslugarður 036, horft til norðausturs

RA-384:037 tóft hesthús
63°56.931N 20°24.942V
Hesthústóft er um 250 m sunnan við bæ 002. Hesthúsið byggði Valdimar Sigurjónsson, síðasta bóndans í




Hesthústóft 037, horft til suðurs



Hreiðri, á fyrri hluta 20. aldar. Tóftin er ekki fornleif samkvæmt lögum en er skráð hér vegna forns byggingarlags.
Tóftin er í sléttu túni á Langarima.
Tóftin er um 5x8 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er einföld og virðist vera torfhlaðin en ekki sést í grjót í veggjum hennar sem eru úttraðkaðir að hluta vegna ágangs búfjár. Mesta hleðsluhæð er um 1 m. Inngangur í tóftina er á norðurlanghlið.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

RA-384:038 tóft fjárhús 63°56.912N 20°24.906V





Fjárhústóft 038, horft til suðurs

Fjárhústóft er um 290 m sunnan við bæ 002 og um 50 m sunnan við hesthús 037. Valdimar Sigurjónsson, síðasti bóndinn í Hreiðri, byggði fjárhúsin á fyrri hluta 20. aldar og teljast ekki til fornleifa sökum lágs aldurs en eru skráð hér vegna forns byggingarlags.
Tóftin er í túni á Langarima.
Tóftin er tvískipt, um 19x6 m að stærð, og snýr norður-suður. Hún er grjóthlaðin að hluta en nyrsti hluti tóftarinnar er niðurgrafin hlaða. Mikið timburrusl er inni í tóftinni og er hluti þess að líkindum úr garða. Mesta hleðsluhæð er um 0,6 m. Hólf I, hlaðan, er um 9x4 m að innanmáli og snýr norður-suður en hólf II, sjálf fjárhúsin, eru um 10x2,5 m að innanmáli og snúa eins.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

RA-384:039 renna 63°56.990N 20°24.958V




Skurður 039, horft til norðausturs

Handgrafinn skurður er í mýri um 140 m sunnan við bæ 001.
Skurðurinn er í afar þýfðri mýri milli tveggja túnstykkja.
Skurðurinn er um 0,7 m á breidd og um 1 m á dýpt. Hann sést á um 200 m löngum kafla og liggur norðaustur-suðvestur. Hann liggur undir veg 035. Líklega var skurðurinn grafinn til framræslu mýrarinnar.

Hættumat: engin hætta

Túnakort fyrir Guttormshaga



Byggt á túnakorti frá 1917

RA-385 Guttormshagi

15 hdr 1708, tíundast til fátækra. Jörðin var lénsjörð presta í Efri-Holtaþingum. Eyðihjáleigan Guttormshagahjáleiga 006. JÁM I, 328-329. 1270: Getið í máldaga Oddakirkju. DI II, 86-88. "Hún var löngum með betri jörðum í Holtunum og átti engi allgott í Hagaleiru. Landið var vítt og hvarvetna vel gróið. Þurrlendi er um það bil helmingur landareignar með ágætu ræktunarlandi." SB V, 279.
1847: "Á prestsetrinu Guttormshaga má fóðra 4 kýr, 2 geldneyti, 2 reiðhesta, 120 fjár, 16 lömb og allt að 20 útigangs-hrossum. Jörðin er fremur landlítil og hagaþröng og létt fyrir búsmala; túnin eru að kalla slétt, og fást af þeim 150 hestar, en nautgæf hey fæst eigi utan túns, nema það orni og mygli." JJ, 52-53. 1917: Tún 6,5 ha, þar af slétt 5 ha, garðar 1140 m².

RA-385:001 *Guttormshagi* bæjarhóll bústaður
63°58.209N 20°25.590V
"Neðst í túninu er tættur, sem heita Gamlibær. Þar stóð bærinn áður, og suður af tóttunum heitir Gamlatún," segir í örnefnalýsingu. Í Sunnlenskum byggðum V segir að bærinn hafi verið fluttur árið 1897 um 300 m ofar (norðar) í túnið [sjá 004]. Timburhús sem byggt var þá stóð til 1979. Samkvæmt heimildamanni, Ólafi Þorsteinssyni, var sléttað úr tóftunum um 1953 en bærinn var fluttur um 200 m NNA við gamla bæjarhólinn.
Bæjarhóllinn er í túni sem verið var að endurrækta þegar skráningarmaður var á ferðinni. Túnið hallar til suðurs.



Bæjarhóll Guttormshaga 001, horft til suðausturs

Enn er allmikill hóll í túninu sem kann að vera náttúrulegur að einhverju leyti en mikið af honum er að líkindum uppsafnaðar mannvistarleifar. Hóllinn er um 25x20 m að stærð og um 3 m á hæð. Hóllinn snýr austur-vestur. Í flaginu á hólnum sést fjöldi smárra steina og einstaka hellublöð. Ljóst er að bæjarhóllinn er í mikilli hættu vegna jarðræktar og ábúðar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Guttormshagi, 2; SB V, 279; Túnakort 1917

RA-385:002 heimild um útihús 63°58.263N 20°25.448V
Samkvæmt túnakorti frá var útihús um 150 m norðaustan við bæ 001, í austurjaðri túnsins.
Útihúsið var í sléttu túni.
Ekki sést til minja um útihúsið og hefur það að líkindum verið sléttað.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-385:003 heimild um útihús 63°58.287N 20°25.459V
Samkvæmt túnakorti frá var útihús og áfast gerði eða kálgarður um 180 m norðaustan við bæ 001 og um 50 m norðan við útihús 002 í austurjaðri túns.
Útihúsið var þar sem nú (2010) er malarplan sunnan undir útihúsaþyrpingu (líklega fjósi).
Ekki sést til minja um útihúsið og hefur verið sléttað úr því eða það rifið við byggingarframkvæmdir.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-385:004 heimild um bústað 63°58.310N 20°25.531V
Gamli bærinn í Guttormshaga var fluttur af bæjarstæði 001 árið 1897. Þá var hann fluttur ofar í túnið, um 200 m til NNA frá bæ 001. Samkvæmt túnakorti var þrískipt hús á þessum stað um 90 m norðvestan við útihús 003 og 60 m suðaustan við útihús 005. Timburhús sem byggt var þá stóð til 1979.
Húsið var í sléttu túni og fast norðaustan við það er íbúðarhús núverandi ábúanda, Ólafs Þorsteinssonar.
Húsið sem byggt var eftir að bærinn var fluttur hefur verið rifið og engin ummerki um bæjarstæðið sjást. Litlar mannvistarleifar hafa náðst að safnast upp á þeim stutta tíma sem bærinn hefur verið á þessum stað auk þess sem ekki var byggt úr torfi og grjóti þannig að ekki er að vænta mikilla fornleifa á þessum stað.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917


RA-385:005 heimild um útihús 63°58.344N 20°25.585V
Samkvæmt túnakorti var tvískipt útihús um 250 m norðan við bæ 001, í norðurjaðri túnsins.
Útihúsið var þar sem nú hefur orðið nokkurt rask, líklega vegna niðurrifs útihúsa sem sjást á ljósmynd í Sunnlenskum byggðum. Verið er að græða svæðið upp.
Ekki sést til minja um útihúsið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-385:006 *Guttormshagahjáleiga* bæjarstæði býli 63°58.327N 20°25.493V
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708 segir: "Guttormshaga hjáleiga hefur heitið þar í túninu, er í fyrstu uppbygð fyrir nokkrum árum og 50 árum, en fyrir 7 árum er hún í eyði orðin. Kynni endilega byggjast ef vildi, en þar við minkaði heyskapur og hagar jarðarinnar, og lenti svo alt í sama stað." "Guttormshagahjáleiga stóð á hólnum sem er á milli bæjarins og nýja fjóssins." Sjá örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar. Samkvæmt Ólafi Þorsteinssyni, heimildamanni var hjáleigan að líkindum þar sem núverandi íbúðarhús á jörðinni stendur eða um 220 m NNA við gamla bæinn 001.
Íbúðarhúsið í Guttormshaga var byggt 1977-78 og steinsteypt án kjallara.
Þegar Ólafur Þorsteinsson gróf fyrir íbúðarhúsinu í Guttormshaga kom hann niður á miklar hleðslur og mannverk og telur hann líklegast að Guttormshagahjáleiga hafi staðið þar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: JÁM I, 329; IE-Örnefnauppdráttur, Guttormshagi

RA-385:007 *Bolatótt* heimild um útihús 63°58.289N 20°25.651V
Örnefnið Bolatótt er merkt inn á örnefnauppdrátt af jörðinni eftir Ingólf Einarsson. Örnefnið er merkt inn á kortið skammt norðvestan við núverandi bæjarstæði, rúma 50 m austan við Lind 030 og rúma 150 m NNV við bæ 001. Tæpum 10 m norðan við tóftina er gaddavírsgirðing sem afmarkar óræktað tún. Þar sem tóftin var er moldarflag eftir ýtu/dráttarvél í sléttu túni. Tóftin hefur líklega horfið við túnasléttun fyrir alllöngu.
Þar sem tóftin var eru nú (september 2011) mörk grasivaxins túns til suðurs og óræktaðs túns til norðurs.

Engin ummerki Bolatóttar sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Guttormshagi

RA-385:008 *Borg* tóft+garðlag býli 63°58.137N 20°24.505V



Tóftir og gerði sem tilheyra býlinu Borg 008

"Sunnan undir Borgarfelli, um 800 m austur af bænum stóð eyðibýlið Borg, og eru rústir þess friðlýstar," segir í Sunnlenskum byggðum V. "Austan Bæjarholts heitir að norðan Borgarfellskriki og Borgarfell. Sunnan í því eru fornar bæjartættur, og hét sá bær Borg," segir í örnefnalýsingu. Rústirnar eru enn vel greinilegar suðvestan í Borgarfelli og um 835 m ASA við bæ 001.
Vestar eru sléttuð tún. Nánasta umhverfi er hagi vaxinn grasi og mosa í aflíðandi halla til vesturs.
Tóftir Borgar eru enn vel greinilegar en ekkert friðlýsingaskilti er á þeim. Brynjúlfur Jónson kannaði þær rétt fyrir aldamótin 1900 og segir í Árbókargrein frá 1898: "Þar er tóft mjög fornleg og girðing í kring, fornleg og sterkleg, en eigi víðlend. Þetta býli mun ábúandi heimajarðar hafa lagt undir sig af frjálsum vilja." FRIÐLÝSTAR FORNMINJAR: "Borgar-fornleifar, túngirðing og bæjarrústir suðvestanundir Borgarfelli, norðaustur frá bænum." Minjarnar á Borg samanstanda af sporöskjulaga gerði eða túngarði, D, fjórum tóftum innan þess (A, B, C og E) og fimmtu tóftinni sem líklega hefur tengst býlinu og er um 28 m norðaustan við það F. Túngarðurinn markar af svæði sem er 105 x 70 m stórt og snýr norðaustur-suðvestur. Garðlagið er grasi gróið en nokkuð greinilegt víðast hvar. Túngarðurinn er víða 1,5-2,5 m á breidd en er mjög misskýr og allra vestast er tæplega 30 m rof í hann tæpum 10 m ofan við rafmagnsgirðingu sem girðir af tún



Á mynd til vinstri eru tóftir 008A og E, horft til suðausturs. Á mynd til hægri sést brot af túngarði D, horft til SSA.

sem eru vestar. Þar sem garðurinn er lægstur er hann aðeins 0,1 m að hæð en víðar er hann um 0,5-0,8 m á hæð. Vegur hefur verið lagður fast utan með túngarðinum að norðan. Innan túngarðs er eins og áður segir 3-4 fjórar tóftir. Tóft A er stærst og ber einna hæst og fast ofan í norðausturhorn hennar hefur önnur tóft E, verið byggð sem er líklega yngra byggingarstig. Tóftirnar tvær eru um 20 m norðvestan við norðausturhlið túngarðsins og um 15 m suðvestan við suðausturhlið hans.Tóft A er löng og mjó og um 22 x 7 m stór en nokkuð erfitt er að átta sig

á lagi hennar. Hún snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin stendur mjög hátt frá umhverfi sínu og nær a.m.k. 1,5 m hærra umhverfinu en talsvert af því er sjálfsagt uppsöfnun undir veggjum hennar. Frá tóftarbotni og upp á veggjarbrún eru mest 0,8 m . Veggir eru allt að 3 m breiðir. Tóftin skiptist í fjögur hólf. Allra syðst er hólf I sem er um 4-5 x 2 m að stærð og snýr eins og tóftin. Ekki er greinilegur suðurveggur fyrir tóftinni. Norðaustar er hólf II sem er svipað að stærð (4-5 x 2 m). Ekki eru greinileg op á milli hólfa I og II. Norðvestan við hólf II er hólf III. Það er um 3 m á kant og frá miðjum norðausturvegg þess er op inn í hólf IV. Hólf IV er um 2-3 m á kant og virðist mögulegt að op hafi verið á því í norðausturhorni en það er þó mjög óskýrt enda hefur tóft E verið byggð þar ofan á. Tóft A er algróin grasi og er sigin og fornleg. Þó hún sé mikil um sig er talsvert erfitt er að átta sig á lagi hennar og hún virðist eitthvað gengin til, mögulega að hluta til vegna tóftar E. Erfitt er að ákvarða hvar norðausturveggir tóftar enda en þeir verða talsvert óskýrir þar sem tóft E hefur verið byggð. Tóft E virðist byggð ofan á norðausturhorn tóftar A og frá veggtoppi tóftar E og niður á veggtopp tóftar A eru 0,8 m. Tóftin E er nokkurn vegin hringlaga en er þó 9,5 x 8,5 m að stærð og snýr næstum beint norður-suður. Veggir tóftarinnar eru eru mikið hrundir inn og mjög aflíðandi, sérstaklega vesturveggur. Innanmál tóftar er 1,5-2 m á kant og hún virðist einföld. Op hefur mögulega verið syðst í tóftinni. Tóftin er fagurgræn og vaxin grasi. Tóft E kann að hafa verið byggð eftir að bærinn leggst í eyði, þá mögulega sem fjárborg eða -skýli. Tóft B er byggð fast upp við túngarðinn D og tæpum 30 m NNV við A. Tóftin er merkjanleg sem stallur út frá túngarðinum að innanverðu. Stallurinn rís 0,7-0,8 m upp úr túninu og er um 13 x 5 m að stærð. Hann snýr norðaustur-suðvestur. Innri brúnir veggja tóftarinnar/stallsins eru nærri því alveg ógreinileg þó miðjan sé örlítið lægri en jaðrarnir. Engin hólfaskipting er greinileg. Tóftin verður ógreinilegri eftir því sem suðvestar dregur. Erfitt að átta sig á tengslum tóftar og túngarðs. Túngarður liggur í áttina að tóftinni en verður svo óskýr síðustu 2 m að henni úr norðaustri. Mögulegt er að tóftin hafi verið byggð ofan á túngarð og sé því yngri hann. Hún er þó fornleg og er vaxin snöggu grasi. Tóft C er 6 x 5 m stór, er sporöskjulaga og snýr nálega NNA-SSV. Tóftin er einföld og op er á syðst á suðvesturvegg allra syðst. Veggir tóftarinnar ná mest 0,2-0,3 m upp úr umhverfinu en innri brún veggja er mjög óskýr og víða bara 0,1 m á hæð. Tóftin er óskýr og vaxin grasi og mosa og það ber lítið á henni. Tóft F er um 28 m norðaustan við túngarð D. Hún er aflöng og fornleg um 20 x 7 m stór. Tóftin snýr NNA-SSV og skiptist í þrjú hólf. Tóftin er í brekku ofan við sjálft býlistúnið og er í talsverðum halla þannig að SSV-endi hennar er 0,7 m lægri en NNA-endi. Vestasta hólfið er stærst, um 6 x 1,5-2 m á breidd. Op hefur verið á því á miðjum suðurvegg og mögulega annað op norðarlega á vesturvegg þess. Ekki er lengur hægt að greina op milli hólfa í tóftinni. Norðaustar er hólf II. Það er 2,5 x 2 m að stærð og snýr eins og tóftin. Ekkert op er greinilegt á því. Allra norðaustast er svo þriðja hólfið. Það er rúmlega 1,5 m á kant og ekki er greinilegt op á því. Veggir eru grasi grónir og signir. Ekkert grjót er í tóftinni.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: SB V, 279; Ö-Guttormshagi, 1; ÁG: Friðlýsingarskrá, 69; B J: "Skrá yfir eyðibýli ..." Árbók 1898, 27


RA-385:009 tóftir beitarhús 63°58.195N 20°24.344V
Tvískipt tóft af beitarhúsum er um 1 km austan við bæ 001 í Borgarfelli. Beitarhúsin eru um 130 m austan við túngarð Borgar 008.
Beitarhúsin eru í aflíðandi halla til suðausturs.



Beitarhúsatóftir 009. Á mynd til vinstri er tóft A og á mynd til hægri er tóft B, horft til suðausturs á báðum myndum

Á þessum stað er beitarhúsatóft A, lítil tóft fast norðaustan hennar, B á svæði sem er 25 x 18 m stórt og snýr norður-suður. Út frá tóftunum tveimur gengur garður sem afmarkar svæði til suðurs. Garðurinn var ekki hlaðinn

í tengslum við beitarhúsin heldur í tengslum við yngri hús, Ærhús sem eru fast vestan við Borg 008 og var hvort tveggja byggt milli 1920-1930. Þær minjar teljast því ekki til fornleifa og eru því ekki skráðar. Beitarhúsatóftin er stórskorin og um 18 x 14 m stór. Hún snýr NNV-SSA og skiptist í tvö hólf. Sjálf fjárhúsin I, snúa norður-suður og eru um 11 x 5 m að innanmáli. Suðurveggur er ekki greinilegur og kann að hafa verið þil fyrir suðurhlið. Aðrir veggir eru greinilegir en mikið hrundir. Eftir fjárhúsunum endilögum gengur garði. Veggir eru mikið hrundir og grónir og ekki sér mikið í eiginlegar grjóthleðslur í sjálfu fjárhúsinu. Veggir beitarhúsanna eru alveg 2 m á breidd og garðinn alveg 3 m. Veggir eru ekki sérstaklega háir eða 0,5 m á hæð. Að baki fjárhúsum er hlaðan II, sem snýr þvert á fjárhúsin eða austur-vestur. Ekki er veggur á milli húsanna. Hlaðan stendur svolítið hærra en fjárhúsin og er 10 x 3 m að innanmáli. Hlöðutóftin gengur um 2 m lengra til austurs en beitarhúsin. Norðurveggur hlöðunnar er alveg grafinn inn í brekkuna og því ekki að sjá neina ytri brún veggja. Austurhliðin er líka niðurgrafin að stóru leyti. Greinileg hleðsla er í austurvegg hlöðu en þeir eru annars talsvert hrundir. Fast austan og ofan við hlöðuendann er lítil tóft, einföld og 3 x 3 m að stærð. Hún er gróin og op er á suðurvegg hennar.



Tóftir 009

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar


RA-385:010 tóft stekkur 63°58.544N 20°25.503V


Stekkjartóft 010, horft til norðurs

"Norður af Dammi heitir Hjáleigumýri. Þar eru tættur í hvammi, sem heitir Stekkatún [...], " segir í örnefnalýsingu. Stekkurinn er tæpa 630 m norðan við bæ 001 og tæpa 80 m suðvestan við tóft 029. Stekkurinn er í grasivöxnum hvammi, rúma 100 m vestan við malarveg að bænum.

Stórþýft mólendi er í hvamminum. Stórhóll er með 10 m háum, aflíðandi brekkum niður í hvamminn að vestan og sunnan en til austurs er brekka niður frá malarveginum. Hvammurinn opnast til norðurs yfir í Hjáleigumýri

Stekkurinn er 10x10 m að stærð. Líklega voru fjárhús byggð ofan á hann, stærð og lögun tóftarinnar bendir til þess. Stekkurinn skiptist í 2 hólf og mögulega mótar fyrir því þriðja. Hólf 1 er austast. Það er 6x4 m að innanmáli og snýr ASA-VNV. Hólfið er opið til VNV og er grasivaxið að innan. Veggirnir eru 0,5 m á hæð, 2 m á breidd, grasivaxnir og hvergi mótar fyrir grjóthleðslu í þeim. Suðurveggurinn er óskýrastur og fallinn inní hólfið að hluta. Þetta eru fjárhúsin sem líklega voru byggð ofan á stekkinn. Hólf 2 er suðvestan við hólf 1. Það er 3x3 m að innanmáli og opið til vesturs. Veggirnir eru 0,3 m á hæð og grasivaxnir. Þeir eru smærri en í hólfi 1, áttahorf hólfsins frábrugðið og líklega tilheyrði það stekknum. Norðurveggurinn er verst varðveittur og ekki sjást bein tengsl á milli hólfanna tveggja. Til vesturs frá hólfi 1 og 2 er grasivaxin og smáþýfð þúst með dæld í miðjunni. Þústin er 4x3 m, 0,5 m á hæð og snýr austur-vestur. Líklegt er að frekari mannvistarleifar leynist undir sverði.



Stekkjartóft 010

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Guttormshagi, 1

RA-385:011 *Áveita* örnefni áveita 63°58.587N 20°25.909V

Örnefnið Áveita er við Högnalæk á svæðinu norðan við Litla-Reiðholt en vestan við Stórhól. Það er er um 720 NNV við bæ 001.

Grösugar og deiglendar engjar eru á árbakka Högnalækjar á þessum slóðum. Næst Stórhóli er bakkinn vaxin grasi og stráum en eftir því sem nær dregur læknum verður meira um kjarr og runna.

Engin áveita sést á þessum slóðum. Girðing liggur um svæðið og undir henni virðist aðeins hafa verið hlaðið. Stór og nýlegur skurður liggur einnig austur-vestur um sunnanvert svæðið. Ólafur Þorvaldsson, heimildamaður man aldrei eftir að hafa heyrt talað um eiginleg áveitumannvirki á þessum slóðum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Guttormshagi.

RA-385:012 *Lindargata* örnefni leið 63°58.298N 20°25.650V
Lindargata er merkt inn á örnefnauppdrátt eftir Ingólf Einarsson. Hún lá til suðvesturs frá yngra bæjarstæðinu 004, niður brekku til vesturs af bæjarholtinu, framhjá Bolatótt 007 og að lind 030.
Gatan lá frá bæ 004, að hluta í túni og svo niður brekku til vesturs. Þar er óræktað tún nýtt til hrossabeitar.
Við Bolatótt 007 sést lág í grasivöxnu túni. Það eru líklega ummerki Lindargötu. Hún snýr norðaustur-suðvestur, er 0,2 m á dýpt og rúmlega 50 m löng. Lágin er grasivaxin og ekki sér til paldra. Hún er líklega horfin í stórþýfi í brekkunni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Guttormshagi

RA-385:013 *Reiðholtsvað* örnefni vað 63°58.209N 20°26.305V
Samkvæmt örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar sem byggir á upplýsingum Þorsteins heitins Daníelssonar í Guttormshaga var Reiðholtsvað um 580 m vestan við bæ 001 á Högnalæk.
Lækurinn er hér grýttur, um 4 m á breidd og stígvélafær. Bakkar hans eru 0,5-1 m háir og grasigrónir en við vaðið er rofabarð á bakkanum austan megin og 0,2 til 0,4 m á hæð hinu megin. Auðvelt er að komast upp úr læknum báðu megin en trúlega ekki vagnfært.
Engin greinileg merki um götur eru til eða frá vaði. Ólafur Þorsteinsson, telur hins vegar að Reiðholtsvað sé sama vað og Breiðavað og að það hafi verið um 270 m norðar á Högnalæk eða beint niður af Litla-Reiðholti og er sú staðsetning merkt með öðru hniti (B).
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Guttormshagi.

RA-385:014 *Gerði* örnefni 63°58.276N 20°25.763V
Gerði er merkt inn á örnefnauppdrátt eftir Ingólf Einarsson. Þar er nú mýrlent, framræst tún. Skurðir eru til allra átta nema austurs, þar er gaddavírsgirðing uppi á Bæjarholtinu. Engin mannvirki eru greinileg innan túnsins. Ekki er vitað um nánara lag, gerð eða stærð gerðisins. Samkvæmt uppdrættinum hefur það verið tæpa 190 m norðvestan við bæ 001 og 540 m suðvestan við stekk 010. Svæðið er nýtt til hrossabeitar.
Engin ummerki gerðisins sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Guttormshagi.

RA-385:015 *Garðabrot* örnefni 63°58.280N 20°25.400V
Örnefnið Garðabrot er merkt á örnefnauppdrátt eftir Ingólf Einarsson sem byggir á upplýsingum frá Þorsteini Daníelssyni. Garðabrotið er merkt suðvestan við núverandi bæjarstæði um 200 m norðaustan við bæ 001.
Örnefnið er í sléttuðu túni sem verið var að endurrækta að hluta þegar skráningarmaður var á ferð vorið 2010.
Engar leifar af garðlagi sjást lengur í túninu og ekki er vitað hvaða tilgangi það þjónaði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Guttormshagi.


RA-385:016 *Stöðull* örnefni kvíar 63°58.224N 20°25.388V
Örnefnið Stöðull var notað yfir svæði sem nú er búið að slétta í tún en það var um 170 m ANA við gamla bæinn 001. Það er merkt inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar.
Sléttuð tún eru nú á þessum slóðum og ekkert sést til fornleifa.
Ólafur Þorsteinsson, heimildamaður kannast ekki við mannvirki á þessum stað og efast um að nokkurn tíma hafi verið hafi verið hlaðið mannvirki þar.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Guttormshagi.

RA-385:017 *Gömlutraðir* gata traðir 63°58.172N 20°25.495V
Gömlutraðir eru merktar inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar neðst í gamla túninu.
Sléttuð tún í halla til suðurs eru nú á þessum slóðum. Talsvert er um hóla og hæðir í túninu, t.d. þar sem gamli bærinn 001 stóð.
Lítil ummerki sjást nú um traðirnar en þó má greina svolitla dæld í línu um túnið þar sem traðirnar voru. Dældin er greinanleg úr viki syðst í túninu þar sem annað tún liggur inn á það úr suðri. Hana má greina í svolítinn

aflíðandi boga til norðvesturs á um 120 m kafla að bæ 001 en þá er hún orðinn nærri því alveg ógreinileg.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Guttormshagi.

RA-385:018 *Dagmálavarða* örnefni eyktamark 63°58.147N 20°25.029V
Dagmálavarða er merkt inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar. Hún er 470 m VNV við bæ 001 og rúma 770 m sunnan við vað 028. Ekki sést til vörðunnar, þar er nú eingöngu fuglaþúfa og lítið sem ekkert grjót. Ekki er vitað hvort að varðan var torf- eða grjóthlaðinn.
Varðan var uppi á Bæjarholtinu, þar efst uppi. Þar er nú mólendi með moldarflákum.
Engin ummerki vörðunnar sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Guttormshagi.

RA-385:019 *Sauðahús* tóft beitarhús 63°58.072N 20°26.011V



Beitarhúsatóft 019


Beitarhúsatóft 019, horft til norðurs

Sauðahús eru á Heimasta-Nónhóli um 425 m suðvestan við bæ 001.
Húsin eru í svolítilli dæld eða bolla norðarlega á Nónhóli. Umhverfis er grasi gróið og smáþýft í kring.
Tóftin er um 16 x 6 m stór og snýr norður-suður. Hún er tvískipt og eru sjálf fjárhúsin A, norðar en hlaða, B að sunnan. Fjárhúsin eru 8 x 1,5 m að innanmáli og snúa eins og tóftin. Op er á miðjum norðurvegg þeirra en ekki er greinilegt op yfir í hlöðuna sunnar. Jötur hafa verið meðfram bæði austur- og vesturveggjum en hún er ógreinilegri að austan. Veggir í fjárhúsinu eru mest 1,3 m háir en allra nyrst eru þeir aðeins 0,3 m á hæð. Þeir eru víða 1,5 m breiðir. Hlaðan er sunnan við fjárhús og hún er 0,7-0,8 m dýpri en fjárhúsin. Hlaðan er 4 x 1 m að innanmáli og snýr norður-suður. Ekki er greinilegt op á hana. Tóftin hefur að stóru leyti verið hlaðin úr grjóti en er nú sigin og gróin þó talsverðar grjóthleðslur sjáist enn. Á einstaka stað má sjá leifar af bárujárni. Suðurhluti tóftarinnar (hlaðan) er alveg byggð inn í brekkuna sem tekur við sunnan við húsin og er ekki hægt að greina ytri brún veggja þar. Á þessum stað voru samkvæmt Ólafi Þorsteinssyni, heimildamanni, hafðir veturgamlir sauðir.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Guttormshagi.

RA-385:020 náma mógrafir
63°58.613N 20°25.370V
Niðurgröftur sem mest líkist grónum mógröfum er tæpum 770 m norðan við bæ 001 og fast vestan við núverandi heimreið.
Mógrafirnar eru alveg grónar og næsta þurrar.
Grafirnar eru um 48 x 31 m að stærð og snúa norðvestur-suðaustur. Suður- og vesturbakki grafanna eru aflíðandi. Að vestan sést í raun og veru engin skýr brún á gröfunum heldur er aflíðandi, gróin brekka ofan í grafirnar og


Mógrafir 020, horft til vesturs


bakkinn er víðar hruninn og gróinn. Dýpt svæðisins er 0,8-1 m.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Guttormshagi.

RA-385:021 heimild um mógrafir 63°57.999N 20°26.385V
Mógrafir eru merkar inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar, vestan við Mið-Nónhól. Þær eru rúma 750 m VSV við bæ 001 og rúma 330 m suðvestan við beitarhús 019. Að sögn Ólafs Þorsteinssonar, heimildamanns, gæti mögulega eitthvað sést af þeim en skrásetjari varð þeirra ekki var. Mótekjan var við austurbakka Högnalækjar.
Slétt, smáþýfð og framræst mýri er á þessum slóðum. Þar vex gras, strá og einstaka víðiplanta.
Engin ummerki mógrafanna sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Guttormshagi.

RA-385:022 *Grænhóll* tóftir 63°57.958N 20°25.289V



Tóft 022A á Grænhóli, horft til norðvesturs




Tóftir 022 á Grænhóli

Grænhóll er tæpum 500 m SSA við bæ 001, í móa milli tveggja túna og á honum eru fornlegar tóftir.
Tóftirnar eru neðarlega í grasi gróinni brekku. Til vesturs frá tóftunum en þar vestan við er mikil og sléttlend mýri að Högnalæk.
Svæðið er 62 x 23 m stórt og snýr norður-suður. Á því eru tvær tóftir (A og B) á stórum hól og sú þriðja er stuttu sunnar C. Allar eru tóftirnar signar og grónar og aðeins sést í glitta í grjóthleðslur á einum stað, sunnarlega í tóft A. Tóft A er stærsta tóftin á svæðinu og nær hún yfir stærsta hluta hólsins sem er gróinn og ræktarlegur og mjög líklegt að einhverjar mannvistarleifar leynist undir sverði í honum. Tóft A er 21 x 5-6 m stór en að auki eru 2-3 m stórþýft svæði fast norðan hennar þar sem mögulegt að þriðja hólfið eða heystæði hafi verið. Tóftin snýr nálega norður-suður og er tvískipt. Syðra hólfið, hólf I, er stærra eða um 9 x 1 m að stærð og snýr eins og tóftin. Op er á því syðst á miðjum suðurgafli. Dokk gengur eftir miðju hólfinu og má vera að jötur hafi verið meðfram veggjum þó nú sé ómögulegt að fullyrða um það. Norðan við hólf I er hólf II en ekkert op er greinilegt á milli eða nokkurs staðar á hólfi II. Hólf II stendur 0,5 m hærra en hólf I og gæti vel verið heystæði eða hlaða. Það er um 5 x 2 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Veggir tóftar A eru mest 1,5 m breiðir og 0,8 m háir en í hólfi II er hæð þeirra upp að innri brún veggja aðeins 0,2-,3 m. Rúmum 6 m norðan við tóft A er tóft B sem er nyrst á sama hól. Tóftin er 5 x 3 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er mjög óskýr og í raun er ekki lengur hægt að sjá greinilegt tóftalrag á norðvestur hluta hennar. Veggir eru grónir og mest 0,5 m á hæð. Tóftin er einföld og ekki er hægt að sjá hvar op hefur verið á henni. 12-14 m sunnan við Tóft A er lítil þúst C. Hún er 7 x 6 m stór og snýr austur-vestur. Ekki er

lengur hægt að greina veggjalag en mjög líkleg er að þarna leynist mannvistarlög undir sverði. Tóftirnar á Grænhól virðast nokkuð fornlegar og gætu verið beitarhús.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Guttormshagi.

RA-385:023 *Sauðahús* tóftir beitarhús 63°57.446N 20°25.785V



Beitarhúsatóftir 023



Tóftir 023A, B og C, horft til norðausturs



Tóft 023A, horft til ASA

Sauðahús eru merkt uppi á Miðmundarfelli á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar. Beitarhúsin eru 1,4 km sunnan við bæ 001 og 150 m vestan við námu 035, nánast á miðju fellinu.
Miðmundarfell er gróið en grjót kemur víða uppúr sverði. Það er fremur flatt að ofan með hólum og lægðum inn á milli.
Uppi á Miðmundarfelli er tóftaþyrping, í flatlendi á milli tveggja hólrima. Hún snýr norðaustur-suðvestur og er 40x30 m að stærð. Beitarhús A er syðst. Það er 20x6 m að stærð, snýr VNV-ASA og skiptist í tvö hólf. Hólf 1 er austar. Það er 16x3 m að innanmáli og snýr VNV-ASA. Veggirnir eru torf- og grjóthlaðnir og 1-1,5 m á hæð. Mest sjást 5 umför af grjóthleðslu innan í hólfinu en lítið sem ekkert af grjóti sést að utan vegna gróðurs. Grjóthlaðnar jötur liggja eftir báðum langveggjum. Þær eru 0,5 m á hæð. Op er á vesturvegg, yfir í hólf 2. Nokkuð hrun er í vesturhluta hólfsins, úr suðurveggnum og bárujárn var í þaki. Hólf 2 er vestan við hólf 1. Það er 3x3 m að innanmáli og veggjahæðin er 0,7 m. Veggirnir eru grjóthlaðnir og hólfið opið til vesturs. Líklega var timburþil þar til afmörkunar. Tóft B er 3 m norðan við beitarhús A. Tóftin er niðurgrafin og hefur líklega verið hlaða. Hún er 6x4 m að stærð og snýr ANA-VSV. Veggirnir eru 0,3-1,5 m að hæð, mesta veggjahæðin er til austurs. Op er á miðri vesturhlið. Að utan eru veggir tóftarinnar algrónir en að innan má greina 3 umför grjóthleðslu inná milli gróðurs og grjóthruns, líklega úr þaki. Timburleifar sjást í austurenda tóftarinnar. Tóft C er 4 m norðaustan við hlöðu B. Hún er 7x6 m að stærð, einföld og snýr austur-vestur. Veggjahæð tóftarinnar er 0,4-0,7 m og eru þeir hæstir að austan. Veggirnir eru algrónir og hvergi sést glitta í grjóthleðslu. Op var líklega á vesturhlið en það er ógreinilegt vegna þess hve veggirnir eru signir og tóftin nánast útflött. Tóft D er 14 m norðaustan við tóft C. Hún er 4x2 m að stærð, einföld og snýr austur-vestur. Tóftin er byggð inní hólhrygg til austurs og veggirnir því ekki greinilegir að utan. Að innan eru grjóthleðslurnar 0,6-1,2 m að hæð og sjást 10 umför af grjóthleðslu. Í austurenda er hleðslan bogadregin og tóftin mögulega hringhlaðin sem bendir til þess að um fjárborg sé að ræða.

Tóftin er opin til vesturs. Garðlag E liggur til SSA frá tóft C. Það sést á 5 m löngum kafla og hverfur 3 m NNV við beitarhús A. Garðlagið er 1,5 m á breidd og 0,4 m á hæð. Á einum stað sést glitta í grjót en að öðru leiti er það algróið.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Guttormshagi.

RA-385:024 *Lækjarmógrafir* náma mógrafir 63°58.536N 20°24.210V
Lækjarmógrafir voru um 310 m norðaustan við bæ 001, við merki Stúfholts. Raunar voru mógrafir víða við lækinn á þessum slóðum og hafa t.d. án efa verið vestar við lækinn neðan við Borgarfellskíl í Stórahvammi og mögulega einnig í Frímannshvammi og enn víðar og greinilegar grafir eru í Stúfholtslandi, hinum megin við læk.
Lækjarmógrafir eru við við lækinn norðan við Borgarfell. Grösugt smáþýfi er umhverfis en víða er mjög deiglent.
Niðurgröftur er á þessum stað á svæði sem er 65 x 40 m stórt og snýr austur-vestur. Ekki er skýrar eða ferkantaðar grafir í Lækjarmógröfum sem eru talsvert grónar. Það sést samt niðurgröftur í landinu og stallar sem lækka að læk. Þar sem lengst er niður á grafirnar eru þær allt að 1,5 m djúpar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Guttormshagi.


Lækjarmógrafir 024, horft til austurs

RA-385:025 *Nátthagi* heimild um nátthaga 63°58.184N 20°25.390V
Nátthagi var þar sem nú eru sléttuð tún um 170 m austan við gamla bæinn 001. Hann er merktur inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar.
Sléttuð tún í halla til suðurs. Eitthvað er um hóla og hæðir í túnunum.
Nátthaginn var afgirtur með garðlagi en hann er löngu horfinn í sléttað túnið.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Guttormshagi.

RA-385:026 *Stúfholtsvað* heimild um vað 63°58.556N 20°24.760V
Stúfholtsvað var á mörkum Guttormshaga og Stúfholts. Vaðið var um 930 m norðaustan við bæ 001 og var á leið 028 milli Stúfholts og Guttormshagabæjanna.
Bithagi hrossa er nú við lækinn á þessum slóðum. Graslendir, þýfðir og rótnagaðir hagar liggja að ánni og eru víða dældir í bakkann.
Lækurinn er á þessum slóðum víð 1-2 m á breidd og vel stígvélafær og víða má einfaldlega hoppa á milli bakkanna. Upp frá vaðinu er dældi til vesturs þar sem leiðin lá (sjá nánar 028).
Hættumat: engin hætta

RA-385:027 gata leið
63°58.226N 20°24.693V
Austan í Borgarfellskrika eru götuslóðar sem virðast fornir.
Tún eru ræktuð ofan á Borgarfellskrika og neðan í honum að austan eru mýrar. Talsverð hrossabeit er á þessum slóðum.
Göturnar liggja norður-suður í aflíðandi austurhlið Borgarfellskrika. Um miðja brekkuna er kverk og eftir henni liggja nokkrir samsíða slóðar, grónir. Gatan liggur inn í ræktað tún og er þar mjög óskýr. Í framhaldi, þar sem túnum sleppir til suðurs má greina framhald slóðanna til suðurs en þar er bara einn slóði í stað margra. Ekki er vitað hversu fornar göturnar eru en þær virðast klárlega mega telja til fornleifa. Þær verða ógreinilegar við norðurenda Borgarfellskrika en hafa náð talsvert langt til suðurs í landareigninni,


Leið 027, horft til norðurs


a.m.k. að Hádegisrima og mögulega að Hádegisfelli og mögulega yfir í land Hreiðurs.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

RA-385:028 heimild um leið 63°58.548N 20°24.775V
Að sögn Ólafs Þorsteinssonar, heimildamanns, lá leið milli Stúfholts og Guttormshaga. Farið var yfir lækinn á Stúfholtsvaði 026.
Bithagi hrossa er nú við lækinn á þessum slóðum. Graslendir, þýfðir og rótnagaðir hagar liggja að ánni og eru víða dældir í bakkann.
Að Stúfholtsvaði er lág í grónum túnum að sögn Ólafs. Þar lá leiðin en ekki sjást skýrir paldrar við vaðið né í næsta nágrenni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-385:029 tóft 63°58.569N 20°25.429V



Tóft 029, horft til vesturs




Tóft 029

Tóft er vestan við malarveg að Guttormshaga, í aflíðandi brekku að stekk 010. Ólafur Þorsteinsson, heimildamaður benti á tóftina sem er rúma 70 m norðaustan við stekk 010 og tæpa 700 m norðan við bæ 001.
Stórþýft mólendi í aflíðandi halla til vesturs er á þessum slóðum. Óræktað, kílræst tún er vestar, í svokallaðri Hjáleigumýri.
Tóftin er í neðst í aflíðandi brekku til vesturs. Tóftin er algróin og sker sig lítið úr nánasta umhverfi. Hún er 9x6 m að stærð, snýr austur-vestur og er einföld. Veggirnir eru algrónir, 0,3-0,6 m á hæð og stórþýfðir. Op er líklega á vesturhlið. Austurveggur tóftarinnar er nánast horfinn, líklega vegna rasks á svæðinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-385:030 þúst 63°58.206N 20°25.967V




Þúst 030, horft til suðurs



Þúst 031

Illa farin þúst er um 300 m vestan við bæ 001 og um 10 m norðan við túngarð 028.
Á þessu svæði er þýfður mosa- og grasigróinn mói milli tveggja ræsisskurða sem snúa austur-vestur.
Þústin er nokkuð rofin, um 10 x 9 m stór og snýr norður-suður. Þústin hefur trúlega verið lengri en búið er að troða í burtu suðurenda hennar í rofabarð. Hleðslur þústar eru útflattar og hlaupnar í þúfur, 0,2-0,4 m á hæð og um 3 m á breidd. Innanmál þústar er 4x3 m og er hún vel grasigróin og frekar slétt að innan. Enginn inngangur greinanlegur. Hlutverk þústar er óþekkt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-385:031 tóft fjárskýli 63°57.478N 20°25.696V



Tóft 031



Tóft 031, horft til vesturs


Lítil hringlaga tóft, mögulega fjárborg, er um 90 m norðaustan við beitarhúsatóft 023A. Tóftin er nyrst á hæsta hluta Miðmundarfells og um 1350 m sunnan við bæ 001.
Tóftin er mosagróin að utan, sérstaklega að sunnan en alveg grjóthlaðin. Hún hefur áreiðanlega verið topphlaðin en er nú þaklaus þó að veggir hennar halli allir inn á við og slúti sum staðar allt að 0,8 m yfir jaðar gólfflatar Tóftin er um 7-8 x 6-7 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir tóftarinnar eru allt að 2-2,5 m á breidd. Innanmál rústarinnar er 4 x 2 m og snýr hún ANA-VSV. Ekkert op er lengur að sjá á tóftinni en á miðjum NNV-vegg hennar er mikið hrun ofan í vegginn og er mögulegt að þar hafi verið op sem nú hefur alveg hrunið fyrir. Hæð veggja er mest 1,6 m mælt innanfrá. Talsvert af grjóti er innan í tóftinni, sérstaklega í línu norður-suður um miðbik hennar.
Hættumat: engin hætta

RA-385:032 lind vatnsból
63°58.285N 20°25.700V
Lindin er merkt inná örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar, vestan við yngri bæinn 004 í Guttormshaga. Lindin er neðan við vesturbrekku Bæjarholtsins, tæpum 170 m norðvestan við bæ 001 og tæpum 50 m vestan við Bolatótt 007. Borað hefur verið í Lindina og umhverfis hana eru lágir, steinsteyptir veggir.
Lindin er í grónu stórþýfðu túni nýtt til hrossabeitar.
Búið er að bora í lindina og steypa veggi umhverfis hana. Veggirnir er 3x3 m að stærð og 0,4 m á hæð. Innan þeirra er grasivaxinn jarðvegur. Lindin sjálf sést af þessum sökum ekki lengur á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Guttormshagi.

RA-385:033 þúst 63°57.924N 20°25.252V



Þúst 033, horft til suðurs




Þúst 033

Óljós tóft tæpum 600 m suðaustan við bæ 001 og rúmum 40 m suðaustan við rúst 022c. Tóftin er 2 m fast ofan (austan) við bílslóða sem liggur í gegnum voldugt stálhlið á þessum slóðum, 20-30 m sunnar.
Í aflíðandi brekku til vesturs, grösugri og þýfðri. Nokkuð neðar (vestar) tekur við mýri. Ofan við brekkuna eru sléttuð tún.
Tóftin er 7 x 4,5-5 m stór og snýr nálega austur-vestur. Hún virðist einföld og torfhlaðin en hestagata liggur skáhalt yfir hana og hún er því mikið úr lagi gengin og ógreinileg. Veggir eru lægri en 0,3 m á hæð en 1-1,5 m á breidd. Tóftin er 4 x 1 m að innanmáli og op virðist hafa verið á henni á vesturvegg miðjum.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

RA-385:034 tóft 63°57.420N 20°25.709V



Tóft 034, horft til SSA



Tóft 034

Um 1470 m sunnan við bæ er mjög sigin og fornleg rúst á Miðmundarfelli. Rústin er rúmum 60 m ASA við beitarhús 023A. Hún virðist þó ekki í tengslum við þær beitarhúsarústir heldur líklega talsvert eldri.
Rústin er í grösugum og mjög smáþýfðum en sléttum móa. Um 5 m austar tekur við uppblásið flag.
Tóftin er aflöng og snýr NNA-SSV. Hún er 13-14 x 5-6 m stór og kann að hafa skipst í tvö hól. Hún er hins vegar orðin afar óskýr og veggir hennar eru aðeins 0,1-0,2 m hærra en umhverfið og sjást aðeins í vissu ljósi. Ekkert grjót er í tóftinni. Ef tóftin hefur skipst upp í tvö hólf hefur það syðra líklega verið stærra eða um 3-4 x 1-2 m að innanmáli en það nyrðra 1 x 1 m. Breidd veggja er 2-2,5 m. Mögulegt er að tóftin séu eldri beitarhús en 022 en þó er ekkert hægt að fullyrða um hlutverk hennar.
Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

RA-385:035 náma 63°57.486N 20°25.640V



Grjóthrúga 034B, horft til ANA

Í norðausturhluta Miðmundarfells eru tvær grjóthrúgur með óreglulega lögun. Að sögn Ólafs Þorsteinssonar, heimildamanns, voru þær gerðar um 1890. Þá ákvað prestur í Haga að láta vinnumenn safna grjóti í undirstöður nýrrar kirkju í Miðmundarfelli. Af framkvæmdinni varð þó aldrei og grjóthrúgurnar eru ennþá á Miðmundarfelli. Náman er 1,3 km sunnan við bæ 001 og tæpum 150 m norðaustan við beitarhús 023. Tæpum 20 m fyrir sunnar hrúgurnar er klettabelti.

Grjóthrúgurnar eru í norðausturhluta Miðmundarfells, uppi á brún þess. Þar eru slétt svæði, hólar og lág klettabelti.

Grjóthrúgurnar eru á svæði sem er 40x15 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hrúga A er sunnar. Hún er 5x2 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 0,5-1 m á hæð. Hrúga B er 30 m norðaustan við hrúgu A. Hún er 8x6 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hrúgan er 1-1,5 m á hæð og grjótið er vaxið hvítum skófum og mosa. Fast norðaustan við hrúguna er brött brekka, til norðurs niður af Miðmundarfelli.

Hættumat: engin hætta

RA-385:036 varða 63°57.484N 20°25.620V




Varða 036, horft til vesturs

Vörðubrot er uppi á Miðmundarfelli, í norðaustushorni. Varðan er tæpum 20 m suðaustan við námu 035 og rúmum 1,3 km sunnan við bæ 001. Tilgangur vörðunnar er óljós.

Grjóthrúgurnar eru í norðausturhluta Miðmundarfells, uppi á brún þess. Þar eru slétt svæði, hólar og lág klettabelti.

Varðan er uppi á 1,3 m háu klettabelti sem liggur suðvestur-norðaustur. Hún er hrunin og má sjá grjótdreif í næsta nágrenni. Undirstöður vörðunnar er náttúrulegt berg og ofan á því eru þrjú umför af grjóti. Varðan er 1,5 m í þvermál og 0,4 m hæð.

Hættumat: engin hætta



RA-386 Saurbær

10 hdr 1708. JÁM I, 328. "Landrými er hér sæmilegt og algróið, þurrlendi um 1/3 landsins. Ræktunarland er gott. Allgóð skjól eru í högum." SB V, 278.
1917: Tún 4,6 ha, þar af slétt 1 ha, garðar 750 m².


RA-386:001 *Saurbær* bæjarhóll bústaður 63°59.180N 20°25.234V



Mynd frá 1940 af Saurbæ (Þykkskinna I, bls. 132)

"Íbúðarhúsið hefur við síðustu endurbyggingu verið flutt nokkuð upp frá hinu gamla bæjarstæði og er þar víðsýni meira," segir í Sunnlenskum byggðum. "Fyrir 1910 var bærinn í Saurbæ torfbær ofurlítið austan en það timburhús, sem flutt var úr 1976," segir í örnefnalýsingu. Bæjarhóllinn er fast sunnan við Hagabraut. Samkvæmt heimildamönnum, bræðrunum Elíasi og Ólafi Pálssonum, var hlaða og hjallur á bæjarhólnum, norðaustan við íbúðarhúsið. Hlaðan sést á mynd af bænum í Þykkskinnu I. Kjallari var undir íbúðarhúsinu sem byggt var 1910 og það var einangrað með heyi. Torfbærinn og timburhúsið stóðu á bæjarhólnum. Á túnakorti frá 1917 er





Bæjarhóll 001, ásamt kálgarði, horft til suðausturs

kálgarður sambyggður bæjarhúsum og er hann því skráður með bænum. Árið 1976 var flutt í steinsteypt hús sem er um 70 m norðaustan við bæjarhólinn. Þar búa Elías Pálsson og Guðfinna Þorvaldsdóttir. Annað íbúðarhús er í Saurbæ sem byggt var síðar. Það er um 30-40 m vestan við bæjarhólinn 001. Þar búa Ólafur Pálsson og Guðrún Hálfdánardóttir.
Bæjarhóllinn er vestan við útihúsaþyrpingu og tekur tún við vestan við hann.
Í Þykkskinnu I eftir Helga Hannesson segir: "Saurbær í Holtum var lengi lénsjörð léð til ábúðar aðstoðarprestum, prestsekkjum og uppgjafaprestum, þegar það fólk skorti jarðnæði." Bæjarhóllinn er ekki afgerandi og er í halla mót suðvestri. Norðvesturbrún hans sést vel, en hlaðin stétt var norðvestan við bæinn sem síðast stóð á þessum stað. Upphlaðinn lystigarður er suðvestan við hann sem kann að vera leifar kálgarðs. Hóllinn er um 10x16 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hann er um 1 m á hæð en mörk hans eru óljós nema til suðvesturs og norðvesturs. Síðasta íbúðarhúsið á bæjarhólnum, timburhús, var rifið upp úr 1990 og er þar nú malarplan og áburðarpokar geymdir á því. Í hleðslunni norðvestan við bæinn er einföld grjótröð, um 0,4 m á hæð en umhverfis garð er heðsla sem er um 0,5 m á hæð en ekki sést í grjót.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: SB V, 278; Ö-Saurbær, 7; Túnakort 1917; HH: Þykkskinna I, 132

RA-386:002 heimild um fjárhús 63°59.157N 20°25.467V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 190 m ASA við bæ 001. Samkvæmt Ólafi Pálssyni, heimildamanni, fauk þetta hús sem var fjárhús árið 1943 eða 1944. Húsin hafa verið endurbyggð á sama stað og voru lömb höfð í þeim, sbr. Örnefnaskrá: "Lambadý, í Niðurmýri, "uppsprettulind, nú í skurðarenda", í sundinu suður frá Kvíarima. "Dregur nafn af lambhúsum sem stóðu á Rananum. Þessi lambhús stóðu síðast 1972"."
Malarborið rúllustæði er þar sem útihúsið var. Frá því hallar til suðausturs.
Djúp grjóthlaðin hlaða var í húsinu en yngstu fjárhúsin voru úr timbri og járni. Á móstein í hlöðunni var rist ártalið 1934. Ekki sést til minja um útihúsið og hefur að líkindum verið sléttað úr því.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Saurbær, 4



Þúst 003, horft til austurs

RA-386:003 þúst brunnur
63°59.189N 20°25.264V
"Austurdý, öðru nafni Pyttur, Í Niðurmýri beint suður og niður frá bænum. "Gamalt vatnsból bæjarins áður en brunnur var grafinn vestan við gamla bæinn nokkru fyrir aldamót," segir í örnefnalýsingu. Brunnurinn er um 25 m norðvestan við bæ 001.

Brunnurinn er í túni, fast sunnan við Hagabraut.
Dæld er í túninu þar sem brunnurinn er og ósleginn blettur í kringum hana. Hún er um 1 m í þvermál innanmálsog um 0,3 m á dýpt. Á mynd sem birt er í Þykkskinnu sést að hús var ofan á brunninum og er sem kragi utan um brunninn, um 7x5 að stærð, opinn til norðvesturs. Hann hverfur inn í brekku til austurs. Mesta hæð er um 0,5 m.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Saurbær, 1

RA-386:004 *Áveitur* garðlag áveita 63°59.477N 20°25.222V



Áveitugarður 004, horft til suðvesturs


"Áveitur, Fremsta-, Mið- og Innstaáveita, voru sunnarlega á Saurbæjarengjum, vestur af Töglum," segir í örnefnalýsingu. Leifar áveitugarðlaga eru enn greinanlegar á engjunum um 600 m norðan við bæ 001 á láglendi vestan við Töglin. Samkvæmt Guðrúnu L. Magnúsdóttur heimildamanni í Kaldárholti voru áveitur sameiginlegar frá Saurbæ og Kaldárholti á þessu svæði og var hluti þeirra skráður í landi Kaldárholts undir númerinu RA-390:020.
Á þessu svæði er þýft graslendi og framræst mýri.
Garðlagið er torfhlaðið en hleðslur eru signar og við það að hverfa í þúfur. Garðlagið er um 1 m á breidd, 0,2-0,5 m á hæð og 1,5 km á lengd. Það kemur í ljós í þúfum um 400 m norðvestan við bæ 001. Þaðan liggur það í norðaustur um 1050 m áður en það beygir í NNA og heldur áfram þaðan norður á landamerki Akbrautar og Saubæjar um 850 m NNA. Að minnsta kosti eitt annað garðlag liggur út frá þessum megin garði í vestur um 60 m áður en það hverfur í ræsiskurð. Þetta garðlag hefur hugsanlega tengst áveitugörðum 390:020 í landi Kaldárholts RA-390. Samkvæmt bræðrunum Ólafi og Elíasi Pálssonum í Saurbæ voru garðlögin hlaðin um 1920-1930 svo að í lagalegum skilningi er hér ekki um fornleif að ræða en þar sem garðarnir voru hlaðnir með gömlu byggingarlagi án véla voru þeir skráðir með. Fleiri áveitugarðar leynast örugglega á svæðinu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Saurbær, 1

RA-386:005 gerði
64°00.207N 20°24.418V
Ólögulegt gerði er um 2 km NNA við bæ 001 og um 30 m NNV við garðlag 098 fast suðvestan við landamerki Akbrautar RA-391 og Saurbæjar.
Þýfð grasi- og mosagróin mýri innan og utan við gerði.
Gerðið er um 50 x 35 m stórt og snýr norðaustur-suðvestur. Gerðið er aflangt og opið í norðausturenda þar sem djúpur lækur lokar það af. Lækjargilið hefur trúlega verið dýpkað með vélum að hluta þegar landamerkjaskurðir voru grafnir. Gerðið er torfhlaðið, um 0,5 m á hæð, um 1 m á breidd og 120 m á lengd. Í VSV-enda gerðis er stór gryfja um 1 m breið og 1-1,2 m djúp. Hlutverk er óþekkt en ekki er ólíklegt að gerðið sé hluti af áveitukerfi 004.
Hættumat: engin hætta



Gerði 005, horft til SSA

RA-386:006 *Bjallarétt* tóftir rétt 63°59.390N 20°24.933V
"Bjallarétt " byggð af Elíasi Þórðarsyni um eða eftir 1910. Er norðaustan á Bjallanum," segir í örnefnalýsingu. Tóftir, rétt og veggjabrot eru um 450 m norðaustan við bæ 001. Elías og Ólafur Pálssynir, heimildamenn, sögðu að réttin hefði verið notuð sem rúningsrétt.
Minjarnar eru norðan undir hæstu brún Bjallans sem er allhátt og stórþýft holt. Réttin er vestan undir dálitlum hól en fjárhústóftin er norðan við hann.
Minjarnar ná yfir svæði sem er um 26x42 m og snýr norður-suður. Er hverju mannvirki gefinn bókstafur til aðgreiningar í lýsingunni. Norðaustast á svæðinu er fjárhústóft A sem er einföld og grjóthlaðin. Hún er um 5x12



Bjallarétt 006




Bjallarétt 006, horft til norðausturs

m að stærð og snýr austur-vestur. Inngangur er á vesturgafli. Í austurenda er svæði sem stendur lægra en aðrir hlutar tóftar. Það er um 2,5x2 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Hægt er að sjá 3 umför hleðslu í innanverðum veggjum. Mesta hleðsluhæð er um 0,6 m. Ekki sjást ummerki um jötur eða garða í tóftinni. Um 4 m norðan við tóftina er bogadreginn veggur B. Hann er um 10 m langur og snýr austur-vestur. Ef til vill hefur verið heystæði á milli veggjar og tóftar. Mesta hæð veggjarins er um 0,4 m og breiðastur er hann um 0,5 m. Réttin C er um 40x16 m að stærð og snýr norður-suður. Í suðurenda er hólf II sem er um 8x8 m að stærð. Hólf I er um 32x16 m að stærð. Réttin er grjóthlaðin en hleðslur eru víðast hrundar. Þær eru hæstar um 0,5 m og mest sjást 3 umför. Í hólfi II virðast vera 4 beðasléttur. Frá norðausturhorni hólfs II í rétt er um 5 m langur kantur til norðurs og í framhaldi af honum um 5 m langur ógreinilegur veggur D. Afar ógreinileg tóft E er fast innan við réttarvegg um 5 m norðan við suðausturhorn hólfs I. Hún er uppi á hól. Tóftin er um 5x2,5 m að stærð, snýr norður-suður. Í henni sjást 2 dældir. Sú í suðurenda er um 0,5 m í þvermál og hin um 1 m í þvermál. Mesta hæð tóftarinnar er um 0,2 m. Ekki er sýnilegur inngangur í tóftina og hlutverk hennar er ekki þekkt.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Saurbær, 2

RA-386:007 *Fornufjós* örnefni fjós 63°59.159N 20°25.207V
"Fornufjós, gamalt örnefni niður og suðaustur af gamla bænum sem flutt var úr 1976. Þar sem nefnt var Fornufjós er nú fjós Páls bónda Elíassonar," segir í örnefnalýsingu. Líklega hafa Fornufjós verið þar sem núverandi fjós er, um 45 m sunnan við bæ 001.
Stórt fjós með tilheyrandi hlöðu, haughúsi og fóðurgeymslum er þar sem Fornufjós voru.
Ekki sést til minja um Fornufjós og lítil von til þess að þau sé að finna vegna byggingaframkvæmda á svæðinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Saurbær, 2, 7

RA-386:008 *Geldingabæli* tóftir beitarhús
63°59.833N 20°24.047V
"Geldingabæli, allhátt holt eða hnúkur suður af Kýrholti en suðvestur af Hallsteinsholti. Þar eru fjárhús," segir í örnefnalýsingu. Fjórar tóftir og gerði eru í Geldingabæli um 1,5 km norðaustan við bæ 001.
Geldingabæli er grasi-, mosa- og lyngigróið holt sem rís 10-15 m upp úr mýrinni og liggur norðaustur-suðvestur. Tóftirnar eru í holtinu vestanverðu innan og umhverfis afgirt hólf þar sem trjálundur hefur verið gróðursettur. Þar er nú (2010) útivistarsvæði.
Gerðið er um 140 x 115 m stórt og snýr norður-suður. Svæðið er markað af torf- og grjóthlaðið garði sem er mjög illa farinn vegna rofs og ágangs búpenings. Garðurinn er 0,5-1 m á breidd, 0,2-0,5 m á hæð og samtals um 460 m á lengd. Tóftir A, B og C eru innan gerðis en tóft D er utan þess. Tóft A er nokkurn vegin í miðju gerðinu um 85 m norðan við suðurenda og um 50 m sunnan við norðurenda. Tóftin skiptist í fjárhús og hlöðu, og er 19 x 12 m stór og snýr ASA-VNV. Innanmál beitarhúss er 11 x 5 m. Gengið var inn um 1 m breiðan inngang á miðri



Tóftir 008



Tóft 008A, horft til norðvestus



Tóft 008B, horft til NNA



Tóftir 008, horft til austurs

VNV-hlið. Í miðju hólfi er um 1 m breið og um 0,3 m há grjóthlaðin garðaundirstaða en samkvæmt Ólafi og Elíasi, heimildamönnum, voru bæði jötur og garðar í húsinu. Ekkert sést til undirstaða fyrir jötur upp við veggina hugsanlega vegna sigs. Hlaðan er fast ANA við beitarhús en 0,3-0,5 m dýpri. Hlaðan er um 8 x 4 m að innanmáli og snýr NNA-SSV. Líklega hefur verið skilið milli hlöðu og fjárhúss með timburþili. Hlaðan hefur verið grafin inn í brekkuna og því er ASA veggur tóftarinnar mjög óljós að utanverðu. Veggir tóftarinnar eru annars um 2 m á breidd, 0,4-2 m á hæð og standa grónir. Nokkuð hefur hrunið úr veggjunum inn í tóftina en 4-10 umför eru sjáanleg. Mikið af hleðslugrjótinu er stuðlaberg. Tóft B er um 50 m suðaustan við tóft A. Að austan er hún byggð upp við gerðið sem umlykur svæðið. Tóftin er um 7 x 6 m stór og snýr NNA-SSV. Innanmál er 3x2 m. Veggir tóftarinnar eru grjóthlaðnir og hleðslur standa enn, vel grasigrónar að utan. Veggirnir eru um 2 m á breidd, 0,5-1,5 m á hæð og eru 4-8 umför greinanleg. Gengið var inn að SSV. Inngangur er skýr og tæpur 1 m á breidd. Tóftin gæti verið hrúta- eða sauðakofi. Tóft C er um 25 m norðan við tóft B og um 50 m ANA/ofan við tóft A. Hún er þrískipt, um 14 x 12 m stór og snýr VNV-ASA. Tóftin lítur út fyrir að vera eldri en tóftir A og B því veggirnir eru svo til útflattir og vel grasigrónir þó hólf séu enn greinileg. Hólf I er greinilegast, um 6 x 3 m að innanmáli, um 0,5 m á dýpt og snýr NNA-SSV. Hólf II og III eru mikið óljósari en þau snúa bæði VNV-ASA. Hólf II er fast VNV við hólf I. Hólf II er um 7 x 3 m að innanmáli en aðeins um 0,2 m á dýpt. Hólf III er um 2 m VSV við hólf II og ótengt hólfi I. Hólf III er um 6 x 2 m að innanmáli en einnig aðeins um 0,2 m á dýpt. Engir inngangar greinilegir. Veggir tóftarinnar eru 0,2-0,5 m á hæð og 2-3 m á breidd. Greinanlegt hleðslugrjót er stór stuðlabergbrot. Stærð og hólfaskipting tóftar gæti bent til að hún væri af eldri beitarhúsum. Tóft D er utan gerðis, um 30 m NNA við tóft C og um 60 m ANA við tóft A. Tóft D er einföld, um 5 x 4 m stór og snýr NNV-SSA. Tóftin er grjóthlaðin úr stuðlabergi. Hún er mosa- og lyngigróin og grasgræn í botni en hleðslur eru signar svo enginn inngangur er greinanlegur. Veggir tóftar eru um 1 m á breidd og <0,3 m á hæð. Gerðið sker vesturhorn hennar sem bendir til þess að hún sé eldri. Tóftirnar eru frá mismunandi byggingarstigum svæðisins. Tóftir A og

B eru ennþá vel greinilegar og hleðslur lítið signar, sem og garðlag, á meðan tóftir C og D eru mikið signari og meira grónar. Ekki er útilokað að eldri hús hafi staðið þar sem beitarhús A er nú en ekkert sést til slíks á yfirborði. Samkvæmt heimildamönnum, Ólafi og Elíasi Pálssonum, hafa húsin ekki verið notuð síðan fyrir 1950.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Saurbær, 2




Varða 009, horft til norðausturs

RA-386:009 varða
63°59.333N 20°24.995V
Vörðubrot er á Bjallanum þar sem hann er hæstur, um 340 m norðaustan við bæ 001.
Varðan stendur hátt á stórþýfðu holtinu.
Varðan er um 1,5 m í þvermál að grunnfleti en hún er mjög gróin neðst. Hún er um 0,8 m á hæð og sjást 4 umför af hleðslu. Hugsanlegt er að varðan hafi vísað á Bjallarétt 006.
Hættumat: engin hætta

RA-386:010 *Guðnatættur* tóft fjárhús 63°59.226N 20°25.054V



Tóft 010, horft til austurs




Tóft 010

"Guðnatættur, um 100 m norðaustan nýja íbúðarhússins frá 1976, kenndar við Guðna Jónsson í Skarði (á Landi); heyjaði á Saurbæjarengjum 1918 og byggði sauðahús, af því er nafnið dregið," segir í örnefnalýsingu. Einföld fjárhústóft er um 170 m norðaustan við bæ 001.
Sunnan við tóftina er malarvegur vestan frá aðalvegi austur á tún. Norðan og vestan við tóftina er Bjallinn, þýfð grasi- og mosagróin 5-10 m há hæð. Austan við tóftina er mosa- og grasigróinn þýfður mói.
Tóftin er einföld, um 20 x 8 m stór og snýr austur-vestur. Veggir hennar eru grjót- og torfhlaðnir, 2-3 m á breidd og 0,3-1,5 m á hæð. Þeir standa að mestu grasi- og mosagrónir en eru þó víða byrjaðir að síga, sérstaklega í norðvesturhorni. Innanmál tóftar er 15 x 4 m. Tóftin er stór en einföld svo trúlega hefur henni verið skipt upp frekar með viðarþiljum en engar slíkar leifar sjást þó lengur. Á tóftinni virðast hafa verið tveir inngangar í sitt hvorum enda, í suðvesturhorni á vesturvegg og norðausturhorni á austurvegg. Hugsanlega hefur hluti austurveggjar verið fjarlægður þegar girðing var sett upp fast austan við tóftina og að ekki hafi verið þar inngangur en þó er ekki hægt að segja neitt með vissu. Norðurhlið tóftar er alveg grafin inn í brekkuna. Í norður og suður út frá austurenda tóftar er torfhlaðinn túngarður 027. Við tóftina er garðlagið er 0,2-0,5 m á hæð, um 1 m á breidd og liggur NNV-SSA. Fast sunnan við tóftina hverfur garðlagið vegna malarslóða en heldur þó áfram sunnan við slóðann í suður um 30 m áður en það endar í skurði. Hleðslur signar og nokkuð rofnar vegna rasks. Nánari lýsingu á garðlagi má sjá undir númeri 027. Garðlagið liggur í NNV upp á Bjallann og endar um 410 m norðvestar við suðurenda áveitugarðs 004. Þessi tóft telst ekki fornleif í lagalegum skilningi en þar sem hún var byggð að gamalli hefði úr torfi og grjóti var hún látin fljóta með.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Saurbær, 3

RA-386:011 heimild um traðir 63°59.188N 20°25.265V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 lágu traðir frá bæ 001 til VNV, þar sem Hagabraut liggur nú.
Traðirnar lágu um flatlent tún en ofan á þær hefur verið lagður malarvegur.
Ekki sést til traðanna og hafa þær líklega verið jafnaðar út við vegagerð.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-386:012 *Holutótt* tóft fjárhús 63°59.278N 20°25.145V





Holutótt 012, horft til norðvesturs

"Holutótt, vestan í eða undir Bjallanum. Gömul fjárhústótt," segir í örnefnalýsingu. Tóft er um 200 m NNA við bæ 001.
Tóftin er á lítilli hæð í stórþýfðum móa.
Tóftin er um 2x2 m að stærð, einföld og gróin. Ekki sést inngangur inn í hana. Um 1 m breiður kragi er umhverfis tóftina sem kann að vera veggir eldra mannvirkis en einnig kann að vera að þetta séu uppblásnir veggir Holutóttar. Mesta hleðsluhæð tóftarinnar er um 0,4 m og mesta þykkt veggja er um 0,5 m.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Saurbær, 3

RA-386:013 *Klettur* huldufólksbústaður huldufólksbústaður 63°59.084N 20°25.603V
"Klettur" ranglega nefndur Standbergshamar í örnefnalýsingu Bergsteins Kristjánssonar. Þetta er lítill stuðlabergshóll við Saurbæjargil vestan Skinnhúfu. Gömul trú að í Klettinum sé byggð huldufólks. Þar má ekki gera neitt jarðraks, né taka nokkurn stein," segir í örnefnalýsingu. Um Klett segir í Þykkskinnu I eftir Helga Hannesson: "Vestan undir Saubæjartúni rennur lítill lækur í norður eftir Saurbæjargili. Það er á mörkum móti Guttormshaga. Við gilkjaftinn, Saurbæjarmegin, stendur grýttur hóll sem heitir Klettur. Það var gamalla manna mál, að huldufólk ætti híbýli í Kletti," Klettur er um 350 m vestan við bæ 001.
Klettur er í framhaldi af Rana og stendur allhátt upp úr umhverfinu. Nú liggur vegur að Guttormshaga á milli Kletts og Rana.
Í Þykkskinnu segir einnig um Klett: "Var tekinn strangur vari fyrir öllu raski í hólnum. Heitið var óhöppum eða slysi, ef það væri brotið. Saurbæjarbændur hafa varast, að hræra við hólnum Kletti. Allir nema Sigurður Sigurðsson. Hann virtist hafa verið geiglaus gagnvart huldufólki. Sigurður ákvað að stífla lækinn og veita honum á engjaflesjur fyrir norðan túnið. Á móts við klett var hlaðinn stíflugarður [024]. Og til þess að treysta garðinn var tekið grjót úr hólnum. Engar sögur fara af áveitunni. Hitt var fólki fast í minni, að um það bil sem teppt var í lækinn, veiktist Sigurgeir sonur bónda á hörmulegan hátt. Varð um tíma nálega albrjálaður og aldrei samur síðan. Sigurður bóndi í Saurbæ bjó þar lengi snotru búi. Þó varð hann að víkja þaðan að verra jarðnæði. Fyrr gengu þó efni af honum, svo að hann var orðinn bláfátækur, síðustu búskaparárin. Ekki fór það milli mála: Margir töldu ólán hans hefjast, þegar hann rændi huldufólkið og reif grjót úr Kletti." Ólafur Pálsson, heimildamaður, greindi frá því að þegar dóttir hans var lítil hafi hún viljað leika við lítinn dreng við klettinn sem var með bolta. Enginn annar en hún sá drenginn. Einnig kunni hann sögu af því að Valdimar nokkur hafi séð ljós í Klettinum þegar hann var að fara yfir Skinnhúfuvað 018. Hann horfði svo stíft í ljósið að hann missti nýju húfuna sína í lækinn.
Klettur er hömrum girtur, um 4 m á hæð og er um 6x20 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Saurbær, 4; HH: Þykkskinna I, 132

RA-386:014 frásögn fjós 69°59.199N 20°25.222V
Samkvæmt Elíasi og Ólafi Pálssonum, heimildamönnum, var sambyggt fjós og hesthús ofan við gamla bæinn 001, um 35 m norðan við hann. Húsin sjást á mynd af bænum frá 1940 í Þykkskinnu I, sjá 001.
Útihúsin voru við brekkurætur hóls sem íbúðarhús Elíasar Pálssonar, stendur á. Húsin voru nokkurn veginn þar sem afleggjari heim að því húsi liggur.
Að sögn heimildamanna tók fjósið 12-15 kýr en það brann árið 1948. Ekki sést til minja um húsin og hafa þau líklega verið rifin eftir brunann eða við vegagerð. Á myndinni í Þykkskinnu sjást þrjár burstir húsanna sem snúa til suðurs. Líklega hafa þau verið hlaðin að einhverju leyti en einnig voru þau byggð úr timbri og járni. Þessi hús virðast ekki vera merkt inn á túnakort frá 1917. Líklegasta skýringin á því er að þau séu yngri en túnakortið og eru þá ekki fornleifar samkvæmt lögum en eru skráð vegna forns byggingarlags.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Saurbær, 4; HH: Þykkskinna I, 132

RA-386:015 *Kvíahóll* örnefni kvíar 63°59.252N 20°25.245V
"Kvíahóll" í túnjaðri vestur af Bjalla", austan við Kvíarima. Kvíarimi "vestur af bænum"," segir í örnefnalýsingu. Kvíahóll er um 135 m norðan við bæ 001.
Hóllinn er nokkið afgerandi í túninu, nærri túngarði 027, í norðurjaðri túnsins.
Ekki er vitað hvar kvíar voru nákvæmlega en vera má að þær hafi verið á milli hólsins og túngarðs. Ekki sést til minja í túninu og heimildamenn könnuðust ekki við að hafa séð leifar af kvíum á þessum slóðum. Mögulegt er að þúst fast við túngarðinn (sjá 027), um 20 m norðan við Kvíahól, sé leifar af kvíum og hóllinn dragi nafn sitt af þeim.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Saurbær, 4

RA-386:016 garðlag 64°00.183N 20°24.400V
Lítið garðbrot er um 2 km NNA við bæ 001 og um 820 m NNA við áveitugarðlag 004.
Á þessu svæði er þýfð grasi- og mosagróin framræst mýri.
Garðlagið er torfhlaðið um 30 m á lengd, um 2 m á breidd, um 0,5 m á hæð og snýr norðaustur-suðvestur. Garðlagið er stutt og við það að hverfa í þúfur og mýri en ekki er ólíklegt að það hafi tengst áveitugarðlagi 004 einhversstaðar í suðri.
Hættumat: engin hætta



Garðlag 016, horft til VSV

RA-386:017 *Norðlingatangavað* gryfja vað 63°59.189N 20°25.698V



Norðlingatangavað 017, horft til norðvesturs

"Norðlingatangavað, "á læknum", í mörkum að Haga, um 100 m norðan við brúna þar sem Hagabraut liggur," segir í örnefnalýsingu. Vaðið er um 1,8 km vestan við bæ 001.
Í landi Saurbæjar er tún á bakkanum en hinum megin lækjar, í landi Haga RA-387, er mólendi. Bakkinn er allhár og þýfður en nokkuð aflíðandi.
Nokkurt skarð er í bakkann í landi Saurbæjar þar sem ætla má að vaðið hafi verið. Það er um 10x10 m að stærð og um 1 m á dýpt. Ekki sjást götur liggja frá vaðinu í landi Saurbæjar. Ekki er ljóst á hvaða leið vaðið var en það kann að hafa verið á leið á milli Haga og Saurbæjar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Saurbær, 4

RA-386:018 *Skinnhúfuvað* heimild um vað 63°59.095N 20°25.543V
"Skinnhúfuvað á Saurbæjargili "skammt fyrir ofan bú á vegi að Guttormshaga". Kennt við holtið Skinnhúfu, sem er í landi Guttormshaga," segir í örnefnalýsingu. Vaðið er um 300 m vestan við bæ 001.
Vaðið er í þýfðum móa og er skammt austan við brú á leið að Guttormshaga RA-385.


Ekki sést til vaðsins og engar götur sjást liggja að því.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Saurbær, 5

RA-386:019 *Torfrimi* heimild um ristu 63°59.440N 20°25.235V
"Torfrimi "norður af Kvíarima, norðvestur frá Saurbæ" [svo] ... Þar var þurrkað torf," segir í örnefnalýsingu. Óljóst er hvar torfið var rist en mjög líklega hefur það verið í grenndinni við Torfrima, mögulega norðan hans um 480 m norðan við bæ 001.
Á þessu svæði er þýft graslendi.
Ekkert sést af ummerkjum um ristu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Saurbær, 6

RA-386:020 tóftir beitarhús 63°59.501N 20°24.995V



Á mynd til vinstri er tóft 020A, horft til norðurs. Á mynd til hægri er tóft 020B, horft til norðvesturs



Tóftir 020

"Tögl, framhald Bjallans til norðaustus. Á suðvesturhorni Tagla eru sauðhústættur," segir í örnefnalýsingu. Beitarhústóft og þúst eru á Töglunum um 600 m NNA við bæ 001.
Töglin eru þýfður grasigróinn rimi sem stendur 5-6 m upp úr mýrinni og liggur í norðaustur frá bæ 001.
Tóft A og þúst B eru á um 40 m löngu og um 20 m breiðu svæði sem liggur NNA-SSV. Tóft A er einföld, um 9 x 6 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Gengið var inn að suðvestan um 1 m breiðan inngang sem nú (2010) er fallinn saman. Tóftin er vel grasigróin og veggir nú signir en innanmál er þó nokkuð greinilega 5 x 2 m. Veggir tóftarinnar eru 0,2-0,8 m á hæð og um 2 m á breidd. Í veggjunum glittir víða í grjóthleðslur en engar garðaundirstöður eru greinanlegar. Út frá tóftinni norðvestanverðri er um 8 x 6 m stór og <0,4 m há þúst þar sem hugsanlega hefur einnig verið hólf en þó er ekki hægt að fullyrða það með vissu án frekari rannsóknar. Þúst B er um 30 m suðvestan við tóft A. Þústin er 18 x 8 m stór, 0,2-1 m á hæð og snýr norðvestur-suðaustur. Þústin er þýfð og vel grasi- og mosagróin. Óljóst má sjá móta fyrir tveimur hólfum í þúfunum í norðvesturhelming hennar. Í suðausturhelmingi hennar er ekkert að sjá annað en þúfur. Veggir eru ógreinilegir og enginn inngangur eða grjóthleðslur eru sjáanlegar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Saurbær, 6

RA-386:021 heimild 63°59.174N 20°25.207V
"Þar fyrir austan [001] voru mikil tóttarbrot, og gamall öskuhóll. Áður nefnd Fornufjós [007] voru suður af þessu [...]," segir í örnefnalýsingu. Óvíst er hvar þessar minjar voru nákvæmlega því mikið rask hefur orðið austan við bæjarhól 001 vegna vegagerðar og byggingaframkvæmda. Líklegt er þó að þær hafi verið um 25 m austan við bæ 001.

Minjarnar voru að líkindum á röskuðu svæði, sunnan Hagabrautar, á milli núverandi fjóss og bæjarhóls 001.
Ekki sést til minjanna sem nefndar eru í örnefnaskrá en ætla má að eitthvað af þeim séu enn undir sverði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Saurbær, 7

RA-386:022 heimild um útihús
"Eins og títt var á bæjum, voru kofar á víð og dreif um tún og haga. Ellefu kofar voru í Saurbæjartúni þegar Elías Þórðarson hóf þar búskap," segir í örnefnalýsingu. Þar sem ekki er til nánari lýsing á staðsetningu þeirra kofa sem voru í Saurbæjartúni er ekki hægt að staðsetja þá en ekki sést til neinna tófta í túni. Líklegt er að eitthvað af þessum ellefu kofum séu þegar skráðir á önnur númer, til dæmis útihús 002.
Saurbæjartún er sléttað og hefur verið fært út síðan túnakort frá 1917 var gert.
Ekki sést til minja um útihús í Saurbæjartúni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Saurbær, 7; Túnakort 1917

RA-386:023 *Austurdý* heimild um vatnsból 63°59.135N 20°25.224V
"Austurdý, öðru nafni Pyttur, Í Niðurmýri beint suður og niður frá bænum. "Gamalt vatnsból bæjarins áður en brunnur [003] var grafinn vestan við gamla bæinn [001] nokkru fyrir aldamót," segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt Elíasi Pálssyni, heimildamanni, var dýið um 80 m sunnan við bæ 001.
Dýið er að sögn heimildamanns í skurðhorni sunnan við heimatúnið.
Ekki sjást nein ummerki um uppsprettuna í skurðinum en vatn er í honum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Saurbær, 1

RA-386:024 garðlag áveita 63°59.074N 20°25.591V




Áveitugarður 024, horft til norðvesturs

Í Þykkskinnu I eftir Helga Hannesson segir svo frá: "Sigurður [Saurbæjarbóndi] ákvað að stífla lækinn [í Saurbæjargili] og veita honum á engjaflesjur fyrir norðan túnið. Á móts við klett var hlaðinn stíflugarður. Og til þess að treysta garðinn var tekið grjót úr hólnum [Kletti 013]. Engar sögur fara af áveitunni," Ekki er ljóst hvar þessi stíflugarður hefur verið nákvæmlega en hann kann að hafa verið um 350 m vestan við bæ 001. Norðan við Klett er garðlag sem kann að hafa tilheyrt áveitunni.
Sunnan undir Kletti er dálítil flöt og rennur lækurinn þar sunnan við. Þar er lítill grjóttangi út í lækinn frá bakkanum í landi Saurbæjar og kunna það að vera leifar af stíflunni. Norðan við Klett er flatlendur og þýfður mói þar sem meintur áveitugarður er.

Grjóteyrin er um 1x1 m að stærð en aðallega sést þar smátt grjót. Garðlagið liggur til VNV frá norðanverðum Kletti. Það er um 100 m á lengd og um 0,5 m á hæð og breidd. Það er algróið og ekki sést í grjót í hleðslum.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

RA-386:025 tóft+garðlag
63°59.153N 20°25.581V
Tóft og garðlag eru vestan undir Rana um 290 m vestan við bæ 001.
Minjarnar eru í þýfðum móa í horni sem myndast milli Hagabrautar og vegar að Guttormshaga.
Minjarnar eru á svæði sem er um 55x15 m að stærð og snýr austur-vestur. Tóftin er að því er virðist einföld og gróin. Hún er nokkuð hlaupin í púfur og ekki sést í grjót í henni. Hún er um 6x4 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún mjókkar í norðausturenda þar sem inngangur er inn í hana. Mesta hleðsluhæð er um 0,4 m. Mögulega hefur verið annað hólf í




Tóft og garðlag 025

suðvesturenda en það er afar óljóst. Garðlagið er um 5 m suðvestan við tóftina. Það liggur nálega austur-vestur, niður brekku á Rana og með flatlendinu í móanum að Hagabraut þar sem það hverfur. Vegaslóðar skera það á tveimur stöðum. Það er algróið og ekki sést í grjót. Mesta hæð er um 0,5 m og mesta breidd er um 1 m. Það er nokkuð hlaupið í þúfur. Ekki er ljóst hvaða hlutverki tóftin og garðlagið gegndu en líklega var þetta útihús.
Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar



Tóft 025A, horft til suðvesturs

RA-386:026 tóft fjárskýli
64°00.147N 20°24.308V



Tóft 026



Tóft 026, horft til suðvesturs

Hringlaga tóft er um 1,9 km NNA við bæ 001 við nyrðri landamerki milli Saurbæjar og Akbrautar RA-391:001.
Tóftin er á litlum náttúrulegum, þýfðum og grasigrónum rima í grasi- og mosagróinni mýri. Riminn er um 25 m á lengd, um 15 m á breidd, um 1,5 m á hæð og snýr norðaustur-suðvestur.
Tóftin er einföld, hringlaga og um 11 m í þvermál. Innanvert þvermál hennar er um 5 m. Veggir tóftarinnar eru grasigrónir, um 3 m á breidd og um 0,5 m á hæð að utan en <0,3 m að innan. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar og ekkert hleðslugrjót í nágrenninu svo tóftin hefur líklega verið torfhlaðin. Enginn inngangur greinanlegur. Staðsetning og lögun gefur sterklega til kynna að tóftin sé fjárskýli.
Hættumat: engin hætta

RA-386:027 garðlag túngarður 63°59.258N 20°25.081V




Túngarður 027, horft til norðvesturs

Túngarður liggur með norðurmörkum túns sem er norðan Hagabrautar og vestan íbúðarhúss Elíasar Pálssonar. Þúst er áföst túngarðinum á einum stað, um 150 m norðan við bæ 001.
Túngarðurinn er á mörkum slétts túns og stórþýfðs móa. Samkvæmt túnakorti frá 1917 virðist túngarður hafa verið meðfram norður- og vesturhliðum gamla heimatúnsins en líklega hefur náttúleg afmörkun ráðið mörkum til annarra átta. Nú (2010) sjást aðeins leifar af túngarði meðfram norðurmörkum gamla heimatúnsins. Á túnakorti sést að túngarður var norðvestan við Rana (sjá 002) en sá hluti garðsins er horfinn, líklega vegna sléttunar. Túnið hefur verið fært út til norðvesturs og túngarðurinn lengdur til norðvesturs meðfram nýræktinni og áfram að áveitugarði 004. Túngarðurinn er tvískiptur. Annars vegar er hann um 180 m langur, lítillega bogadreginn en liggur nálega austur-vestur. Í austurenda greinist garðurinn í tvo garða. Sá endi sem er norðar er mögulega eldri garður en hann er signari og ógreinilegri en sá sem sunnar er. Þessi hluti



Þúst áföst túngarði 027, horft til ANA

túngarðsins er líklega elsti sýnilegi túngarðurinn. Frá vesturenda túngarðsins liggur garður sem er sambyggður til norðvesturs og er sá hluti hans um 240 m langur og tengist áveitugarði 004 í vestri. Þessi hluti er líklega frá því túnið var stækkað til norðvesturs. Garðurinn allur er gróinn og heillegur, er víða um 1 m á breidd og hæð. Áðurnefnd þúst er um 13x4 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er um 1 m á hæð og gróin. Hún er sýnu hæst í vesturenda. Þar sést lítillega í grjót og sunnan við hana er timbur og bárujárnsleifar sem benda til þess að mannvirkið sé ekki ýkja fornt ef þær tilheyrðu því. Að austan endar garðlagið við tóft 010.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



RA-387 Hagi

30 hdr 1708 með Ketilsstöðum. JÁM I, 327. Kirkjustaður c. 1200: Jarðarinnar er getið í kirknaskrá Páls biskups, DI XII, 7. 1397: "a prestskylld j heimalandi" DI IV, 63. 1539: Ögmundur biskup kvittar Jón Björnsson fyrir reikningsskap kirkjunnar. DI X, 439. 1575: Máldagi kirkjunnar DI XV, 659. 1708: "Engi er jörðunni eignað í Guttormshaga landi, kallað Stakksengi, og er það til forna reiknað í heyskap jarðarinnar." Þá voru tvær hjáleigur í landi Haga, Ketilsstaðir [RA-389] og Krosshús [RA-387:013], þá í eyði. JÁM I, 327. "Jörðin er landrík, algróin og grasgefin, um helmingur þurrlendi. Ræktunarland er hér gott og hagar skjólsælir. [...] Margbýli var á Haga framan af öldinni." SB V, 267.
1917: Tún 9,4 ha, þar af slétt 4,5 ha, garðar 850 m².

RA-387:001 *Hagi* bæjarhóll bústaður
63°58.900N 20°26.428V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var miðjan á bæjarhóll Haga um 30 m norðvestan við kirkju 002. Kálgarður var áfastur bæjarhúsum til austurs og kirkjugarði 002 til norðurs. Kálgarðurinn er skráður með bænum. Á ljósmynd af bænum frá um 1940 í Þykkskinnu II sést torfbær á bæjarhólnum en í Sunnlenskum byggðum kemur fram að nýtt íbúðarhús hafi verið byggt á bæjarhólnum árið 1942. Það var



Mynd af bænum í Haga frá um 1940 (Holtamannabók I, bls. 134)

með steyptum kjallara, hæð og risi. Engin ummerki um það hús sjást nú (2010). Í Haga er nú íbúðarhús sem byggt var 1979 á steyptum kjallara sem er um 70 m vestan við kirkjuna. Lystigarður er umhverfis það með trjágróðri. Skemmur tvær eru norðan við íbúðarhúsið.
Bæjarhóllinn var á tiltölulega sléttum og flötum bletti, skammt sunnan við Hagabraut.
Ekki sést til bæjarhólsins og kann honum að hafa verið rutt út að hluta við byggingu íbúðarhúss árið 1942 eða niðurrif þess en hann sést ekki glögglega á áðurnefndri ljósmynd frá því um 1940. Bæjarröðin sem sést á ljósmyndinni sneri austur-vestur og sneru stafnar framhúsa mót suðri. Fjórar burstir snúa til suðurs að hlaðinu og af bakhúsum sést a.m.k. Eitt hús sem er aftan (norðan) við vestasta framhúsið og snýr það austur-vestur. Timburgaflar eru á öllum húsum sem sjást. Hlaðinn kálgarður 029 var sunnan við bæinn.



Bæjarstæðið í Haga 2010, horft til vesturs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917; HH:Þykkskinna II, 68; SB V, 276

RA-387:002 kirkjugarður kirkja 63°58.887N 20°26.394V



Kirkja og kirkjugarður 002 í Haga, horft til ASA

Kirkja er í Haga og er hennar fyrst getið í kirknaskrá Páls frá um 1200. Samkvæmt túnakorti frá 1917 náði kirkjugarðurinn alveg að bæjarhól Haga 001 og kirkjan var í honum miðjum. Á ljósmynd af Haga frá því um 1940 í Þykkskinnu II sést kirkjan og gamli bærinn. Bæjarröðin sneri austur-vestur, eins og kirkjan og virðast suðurgaflar framhúsa vera nokkurn veginn í sömu línu og norðurveggur kirkju.
Kirkjan og kirkjugarðurinn eru efst í brekku mót suðaustri og rennur uppspretta í litlu gili til suðausturs frá suðausturhorni garðsins. Suðaustan við lækinn tekur við mýri en annars eru tún allt í kringum kirkjugarðinn. Vestan við hann er bílastæði og aðstöðuhús. Greiðfært hefur að líkindum verið að kirkju í Haga nema úr suðaustri en miklar mýrar voru suðaustan við kirkju og kirkjugarð. Þær hafa verið þurrkaðar að miklu leyti.
HAGI Í HOLTUM (R) -Pétri (HOLTAÞING)

c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 7
1397: a prestskylld j heimalandi
portio Ecclesiæ vm .vj. är .vc.
Hefur giefist til kirkiunnar sydann Justinus tok med [kvikfé og voð]
portio Ecclesiæ vmm .xij. är sydann biskup Michel reid .vijc. var hann skylldugur adur kirkiunne eitt hundrad; Máld DI IV 63
1575: Máld DI XV 659
1708: Þar er alkirkja og embættað Þriðja hvern helgan dag móts við Marteinstúngu og Árbæ; JÁM I: 326
16.11.1907: Holtaþing lögð niður og Marteinstungu- og Hagakirkjur lagðar til Landþinga; (PP, 68) [lög.].
Leiði sjást í kirkjugarðinum og er enn jarðsett í honum. Hlaðinn kantur er með suður- og austurhliðum hans en vandlega hlaðinn grjótgarður með öðrum hliðum hans. Þann garð hlóðu menn í sveitinni fyrir fáum áratugum en hann var endurhlaðinn eftir jarðskjálftann árið 2000. Kirkjugarðurinn er um 30x45 m að stærð og snýr norður-suður. Lítill trjágróður er í garðinum. Elstu legsteinar í garðinum eru frá upphafi 20. aldar en mörg leiði eru ómerkt. Núverandi kirkja er í miðjum garðinum en hún var upphaflega bárujárnsklædd timburkirkja, reist 1891. Miklar endurbætur hafa verið gerðar á henni og hún klædd að utan að nýju. Hún er um 6x8 m að stærð og snýr austur-vestur. Ekki sjást merki um eldri kirkju í kirkjugarðinum. Í Sunnlenskum byggðum kemur fram að meðal kirkjugripa sé gamall ljósahjálmur úr málmi og með kristalskrauti en annars er þar fátt gamalla, merkra gripa.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1917; DI XII, 7; DI IV, 63; DI XV, 659; JÁM I, 32; PP, 6; SB V, 226-227

RA-387:003 heimild um kálgarð 63°58.894N 20°26.393V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 voru tveir kálgarðar fast sunnan og vestan við bæ 001. Afar stutt er á milli kálgarðanna og eru þeir skráðir saman undir einu númeri. Kálgarðurinn sunnan við bæinn sést á ljósmynd af bænum frá um 1940 í Þykkskinnu II. Hlaðið gerði er umhverfis kálgarðinn en ekki sést á myndinni hvort það er grjót í hleðslum vegna þess hversu grónar þær eru.
Þar sem kálgarðurinn var er nú sléttað svæði, að hluta gróin lóð umhverfis núverandi íbúðarhús og að hluta bílastæði fyrir gesti kirkjunnar 002.
Ekki sést til minja um kálgarðinn og hefur verið sléttað úr honum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917; HH: Þykkskinna II, 68

RA-387:004 heimild um útihús 63°58.852N 20°26.543V
Samvkæmt túnakorti frá 1917 var útihús í túnjaðri um 120 m suðvestan við bæ 001.
Nú (2010) er æfingagerði fyrir hesta á flatlendi þar sem útihúsið stóð.
Ekki sést til útihússins og hefur það að líkindum verið sléttað út.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-387:005 heimild um útihús 63°58.891N 20°26.238V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 180 m suðaustan við bæ 001 og um 120 m ASA við kirkju 002.
Útihúsið var í túnjaðri á hárri brún. Brött brekka er til suðurs að mýri.
Ekki sést til annarra ummerkja um húsið en dálitillar dældar í túnjaðrinum sem er um 1x4 m að innanmáli og snýr norður-suður. Mesta dýpt er um 0,2 m. Líklegt er að útihúsið hafi staðið á þessum stað en verið sléttað út.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-387:006 heimild um útihús 63°58.756N 20°26.448V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 270 m norðan við bæ 001.
Útihúsið var í sléttuðu túni sem er að mestu leyti í brattri brekku mót austri.
Ekki sést til útihúsins og hefur það að líkindum verið sléttað út.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-387:007 heimild um fjárhús 63°58.727N 20°26.445V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 320 m norðan við bæ 001. Þarna voru fjárhús og voru þau jöfnuð út og fyllt upp í tóftina eftir jarðskjálftann 2000.
Útihúsið var í sléttu túni sem nýtt er til beitar. Brött brekka er niður af útihúsinu til austurs.
Ekki sést til fjárhúsanna en ummerki sjást um raskið sem varð þegar hún var sléttuð. Flatur stallur er þar í túninu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-387:008 garðlag túngarður 63°58.678N 20°26.519V




Túngarður 008, horft til suðvesturs

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús í suðurenda túns, fast við túngarð, um 380 m NNV við bæ 001. Túngarðurinn sést enn. Hann er skráður með útihúsinu. Einhvers konar gerði er einnig áfast innanverðum túngarðinum og er skráð með honum.
Túngarðurinn er á mörkum gamla túnsins og móa en hann er nú (2010) inni í beitarhólfi.
Á túnakorti frá 1917 virðist túnið hafa verið afmarkað af túngarði til vesturs, norðvesturs og norðausturs en náttúruleg afmörkun er meðfram austurhlið túnsins en þar er brekkurót. Túngarðurinn sést á kafla meðfram vesturhlið gamla heimatúnsins en aðrir hlutar hans eru horfnir vegna sléttunar. Minjar sjást á svæði sem er um 250x25 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Ekki sést til minja um útihúsið sem merkt er inn á túnakort en þar sem það stóð er túngarðurinn sérlega breiður. Túngarðurinn sést nokkuð vel á um 250 m



Gerði áfast túngarði 008, horft til norðausturs




Gerði áfast túngarði 008

löngum kafla. Hann virðist vera torf- og grjóthlaðinn og er víðast um 1 m á breidd og um 0,6 m á hæð. Einhvers konar gerði er innan (austan) við túngarð, fast við hann. Mannvirkið er um 23x5 m að stærð og snýr austur-vestur. Ekki er skýr inngangur í það en þó kann að hafa verið op í austurenda en þar er lágur og ógreinilegur veggur. Eins er rof á túngarði í vesturenda mannvirkisins og kann að hafa verið op þar. Mesta hleðsluhæð er um 0,7 m. Ekki sést hólfaskipting. Mannvirkið er mjög hlaupið í þúfur. Mögulega hefur þetta verið kvíar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-387:009 heimild um útihús 63°58.938N 20°26.479V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 80 m norðan við bæ 001 og um 110 m NNV við kirkju 002.
Útihúsið var í túni austan við heimreið.
Ekki sést til útihússins og hefur það að líkindum verið sléttað út.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-387:010 *Kot* tóftir býli 63°59.135N 20°26.817V



Minjar um býlið Kot 010

"Norðan við bæinn heitir Hagholt. Vestur af því eru tættur af eyðibýli sem hét Kot og hnúkurinn þar Kotsholt ...," segir í örnefnalýsingu. Í túni Kots er bæjarstæði, 3 tóftir, tvö gerði og ein þúst. Umhverfis hluta túnsins er túngarður. Þessar minjar eru allar skráðar undir sama númeri. Bæjartóftin er um 535 m norðvestan við bæ 001. Ekki fengust upplýsingar um það hvenær býlið var í byggð. Af tóftunum að dæma er það ekki mjög fornt og gæti verið frá 19. öld. Hins vegar er túngarðurinn mjög útflattur og gefur til kynna hærri aldur minja á þessum stað.
Túnið er fast vestan við lítið lækjargil í þýfðum móa. Hátt er niður að mýri til norðurs.
Minjarnar eru á svæði sem er um 115x70 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Minjarnar fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingunni hér á eftir.Túngarðurinn F liggur í hálfhring umhverfis túnið en sést ekki í lækjargilinu. Hann afmarkar allt minjasvæðið. Garðurinn er mjög útflattur. Þar sem hann sést er hann víða 2-3 m á breidd og um 0,4 á hæð Hann er gróinn og hlaupinn í þúfur. Rof er á honum á einum stað þar sem götur H liggja að bænum úr norðvestri, mögulega á leið að Kaldárholti RA-390. Frá rofinu á túngarðinum sjást 2-4 götur liggja að bænum. Á bæjarstæði Kots sem er nokkurn veginn í miðju heimatúninu er allstór tóft A sem er um 18x16 m að stærð og snýr austur-vestur. Sýnileg eru 8 hólf í tóftinni. Í norðausturhorni tóftar er hólf I sem er um 4x5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggir hólfsins til vesturs og suðurs eru ógreinilegir og ekki er skýr inngangur í það. Vestan við það er skýrt hólf (II) sem er um 2x3 m að innanmáli. Grjóthleðslur sjást í því og kann það að hafa verið endurhlaðið eftir að bærinn fór í eyði því það er langgreinilegast. Ekki er skýrt op inn í það. Óljóst hólf III er þar vestan við. Op er inn í það úr norðri en það er um 2x1,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Fast sunnan við það er óljóst hólf sem er um 3x2 m að innanmáli, snýr norður-suður. Ekki sést skýrt op inn í það. Sunnan við hólf I er hólf V sem er um 2x3 m að innanmáli, snýr austur-vestur. Ekki er veggur fyrir vesturhlið. Grjóthleðslur eru sýnilegar í því. Sunnan við það er hólf VI. Það er reglulegt og eins og það hafi nýlega verið stungið út úr tóftinni. Það er um 1x1 m að innanmáli, ekki sést inngangur. Þar sunnan við er hólf VII en það er óljóst, er um 1,5x1,5, opið til vesturs. Sunnan við hólf VI er hólf VIII sem er um 2x3 m að innanmáli, snýr austur-vestur, op er á því til austurs. Mesta hleðsluhæð í tóftinni er um 1,2 m en víðast er hún um 1 m. Tóftin er gróin. Fast sunnan við tóftina er tvískipt gerði I, líklega kálgarðsleifar. Vestara hólfið I er um 4x6 m að innanmáli og snýr norður-suður en hitt II er um 5x7 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Um 6 m norðan við kálgarða er djúp laut J sem er um 4x4 m að stærð og um 2,5 m á dýpt, mögulega hruninn hellir. Um 12 m vestan við bæjartóft er ógreinileg þúst B þar sem líklegt er að mannvistarleifar leynist. Þústin er um 4x4 m að stærð og er um 0,3 m á hæð. Tóft C er um 55 m suðvestan við tóft A. Hún er tvískipt, er um 4x3 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Hólf I er í suðurenda, það er um 1x1 m að innanmáli, op er á því til suðurs. Hólf II er um 1x1 m að innanmáli, op er á því til vesturs. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m. Ekki sést í grjót í hleðslum. Tóft D er fast við túngarð, um 15 m norðvestan við tóft C. Á milli þessara tveggja tófta er ruddur vegslóði G en hann er um 2 m á breidd og um 0,3 m djúpur. Slóðinn liggur til suðvesturs. Tóft D er um 4x7 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Hún er einföld og gróin, op er á henni á suðurgafli. Mesta hleðsluhæð er um 1 m. Norðan við hana er dálítill stallur sem er um 7x4 m að



Tóft 010A, horft til suðurs



Tóft 010E, horft til NNA



Túngarður F, horft til suðvesturs


stærð með túngarðinum. Tóftin er um 0,4 m á hæð innangarðs. Tóft E er um 50 m norðaustan við tóft A. Hún er um 5x5 m að stærð, einföld og gróin. Hleðslur sjást í innanverðu suðurhorni. Ekki sést inngangur en hann hefur mögulega verið í vesturhorni. Mesta hleðsluhæð er um 1,3 m.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hagi, 1

RA-387:011 *Brandsborgarbakki* örnefni fjárskýli 63°58.976N 20°26.072V
"Austur af bænum er uppblásinn melur, sem heitir Brandsborgarbakki ...," segir í örnefnalýsingu. Brandsborgarbakki er um 325 m austan við bæ 001.
Melurinn er uppgróinn af mosa og lynggróðri auk nokkurra trjáa. Til suðurs eru brattar brekkur, hömrum girtar efst. Til norðurs er Hagabraut.
Ekki sést til minja um borg á melnum og óvíst að hún dragi nafn sitt af slíku mannvirki.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hagi, 2

RA-387:012 *Akrar* örnefni akur 63°58.978N 20°25.991V
"Austur af bænum er uppblásinn melur, sem heitir Brandsborgarbakki, en austan við túnið er Hamrabelti, en neðan við það eru brekkur með fjölbreyttum og ilmríkum gróðri, sem heita Akrar," segir í örnefnalýsingu. Akrar erum um 385 m austan við bæ 001.
Undir Hamrabelti eru allbrattar brekkur til suðausturs og austurs og neðan við þær er lítið undirlendi áður en komið er ofan í þýfða mýri.
Ekki sést til minja um akurgerði eða akuryrkju og virðast allar aðstæður nokkuð þröngar til að teljast hentugar til slíkarar iðju.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hagi, 2

RA-387:013 *Krosshús* bæjarstæði býli
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708 segir: "Krosshús hjet önnur hjáleiga í Haga landi strax hjá túninu. Liggur nú í eyði og hefur í eyði legið í 11 ár, er fyrst bygð fyrir 24 árum, var svo ýmist bygð eður lá í eyði í 13 ár þar til hún eyðilagðist sem sagt er," Ekki fengust nánari heimildir um staðsetningu þessa eyðibýlis og ekki reyndist unnt að staðsetja hana með innan við 50 m skekkju. Ekki er útilokað að þetta sé sama býli og Kot 010 en það sem mælir gegn því er að Krosshús voru við gamla heimatúnið en Kot er langt utan þess, um 350 m NNV við það.
Í bókinni Manngerðir hellar segir: "Krosshús hét forn Hagahjáleiga norðan við Bæjarholtið. Þar sá eg [Helgi Hannesson] fyrir nær 60 árum, austan megin við bæjartóftina, tvö algróin jarðföll hlið við hlið, sem hljóta að hafa myndast við hellahrun."
Heimildir: JÁM I, 327; Manngerðir hellar, 197

RA-387:014 tóft beitarhús 63°58.296N 20°27.175V



Beitarhúsatóft 014


Beitarhúsatóft 014, horft til SSA

Sigin beitarhústóft er á ANA-verðum Ketilsstaðahnúk um 620 m SSA við Ketilsstaði RA-389:001 og um 1,2 km suðvestan við Haga 001. Óljóst er hvort um er að ræða beitarhús frá Ketilstöðum eða Haga en húsin eru í landi Haga.
Tóftin er hátt uppi í mosa- og grasigróinni austurhlíð Reiðholts sem hallar 5-20° í ASA.

Tóftin er þrískipt, um 14 x 12 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir hennar eru hlaðnir úr grjóti og torfi, 2-3 m á breidd, 0,2-2 m á hæð og vel grasigrónir að utan. Hleðslur eru fremur signar en þó eru vegghleðslur enn greinilegar (4-8 umför). Hólf A hefur verið gripahúsið. Engar garðaundirstöður eru í húsinu miðju en hugsanlega glitir í jötuundirstöður út við veggina beggja megin. Hólf A er um 5 x 3 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Gengið hefur verið inn að suðaustan en inngangur er hruninn saman. Inn af hólfi A er hólf B og hefur þar verið hlaða. Enginn grjótveggur skilur á milli hólfanna svo trúlega hefur verið timburþil. Hlaðan hefur verið um 0,5 m dýpri en gripahólfið. Hlaðan er um 3x3 m að innanmáli en veggir hennar eru mikið hrundir inn í hólfið. Hólf C er mun óljósara og hugsanlega eldra en aðrir hlutar tóftar. Hólfið er um 3 m norðaustan við hólf A og B. Veggir þess eru aðeins 0,2-0,5 m á hæð og 3-5 m á breidd (um 5 m að norðvestan). Innanmál hólfsins er 7 x 3 m og snýr norðvestur-suðaustur. Gengið hefur verið inn í það að suðaustan en enginn grjótveggur virðist hafa verið á suðausturhlið. Aðeins glittir í ógreinilegar hleðslur í grasinu. Hlutverk er óþekkt en hugsanlega hefur verið það lítið aðhald eða rétt.
Hættumat: engin hætta

RA-387:015 gata leið 63°58.292N 20°26.792V



Götur 015, horft til suðurs

Í örnefnaskrá Guttormshaga RA-385 segir: "Bærinn stendur sunnan í holti, sem heitir Stórholt. Vestur af því er lítill hóll, Litla-Reiðholt, en Stóra-Reiðholt er handan við markið. Bera holt þessi nöfn af reiðgötum, sem eru í stærra holtinu,"Götur sjást á Reiðholti um 1,1-1,2 km SSV og sunnan við bæ 001.
Á Reiðholti eru sléttuð tún en hlíðar holtsins eru ennþá þýfðar og mosagrónar. Vesturhlíð holtsins hallar um 5-10° í vestur og vestan við holtið er þýfð framræst mýri. Holtið liggur norður-suður fast vestan við landamerkin milli Guttormshaga og Haga.
Ógreinileg merki eru um gamlar hestagötur eru vestan í Stóra-Reiðholti, fast austan við deiga mýri. Göturnar liggja norður-suður eftir holtinu hlið við hlið á 10-20 m breiðu svæði. Göturnar eru 0,2-0,5 m djúpar og 0,3-1 m á breidd. Sumstaðar eru rofabörð í botni slóðanna. Reiðslóði er einnig efst á holtinu um 1,2 km sunnan við bæ. Slóðinn er einfaldur, 0,3-0,5 m á breidd, 0,2-0,4 m á dýpt og liggur einnig norður-suður. Á vestanverðu Stóra-Reiðholti sést leiðin á um 700 m löngum kafla. Á loftmynd má einnig greina götur meðfram austanverðu Selfjalli (sjá 024) á um 1,6 km löngum kafla. Líklegt er að þessi leið hafi legið á bæi sunnar í sveitinni og hefur ef til vill tengst leið RA-671:017 sem lá alla leið að Egilsstaðaferju RA-375:018 við Þjórsá.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Guttormshagi, 1

RA-387:016 þúst útihús
63°58.959N 20°26.531V
Heimildamaður, Ingibjörg Þórisdóttir, man eftir hleðslum fast við veginn NNV við heimreið að bænum. Á loftmynd af jörðinni frá um 1970 sjást á þeim stað einhverjar byggingaleifar en óvíst er að þær séu fornleifar. Þarna er nú grasi gróin þúst, um 135 m norðvestan við bæ 001.
Þústin er í túnjaðri fast NNV við Hagabraut og skammt norðan við gamla heimatún Haga.
Ekki sést annað eftir af þessum minjum en þúst sem sker sig úr hvað varðar gróður en dekkra gras vex á henni en umhverfis hana. Hún er um 15x15 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Mesta hæð er um 0,3 m. Líklegt er að þarna hafi verið útihús en ekkert er vitað um nánara hlutverk þess.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar



Þúst 016, horft til norðausturs


RA-387:017 garðlag vörslugarður 63°58.630N 20°26.527V
Garðlag liggur frá túni á Reiðholti, yfir lítið gil og ofan (vestan) við við túngarð 008. Garðurinn er um 380 m SSV við bæ 001.
Garðlagið liggur um smáþýfðan móa.

Garðurinn er um 155 m langur. Hann er torf- og grjóthlaðinn, víðast um 1 m á breidd og um 0,5 m á hæð. Garðurinn var að líkindum vörslugarður.
Hættumat: engin hætta



Garðlag 017, horft til suðausturs

RA-387:018 hús útihús
63°58.555N 20°26.542V
Torfhús undir þaki er um 630 m sunnan við Hagabæ 001 í norðvesturenda Reiðholts og um 1,1 km NNA við beitarhús 022.
Á þessu svæði umhverfis húsið er rofabarð en um 10 m austar er malarslóði og sléttað tún á holtinu. Annars er á svæðinu þýfður grasi og mosagróinn mói.
Húsið er einfalt, um 8 x 5 m stórt og 2-2,5 m á hæð en þakið er tekið að síga. Húsið snýr austur-vestur og gengið er inn um tæplega 1 m breiðar dyr á vesturvegg en dyrnar eru teknar að falla saman. Veggir hússins eru grjót og torfhlaðnir, 1-1,5 m á breidd og um 1,5 m á hæð. Innanmál er 5x3 m. Hleðslur eru teknar að hrynja inni í húsinu. Timburgrind undir um 1 m háu bárujárnsþaki sem hvílir að hluta á veggjunum er að hruni komin. Tíu stoðir halda bárujárninu uppi, fimm upp við hvorn langvegg. Þak hússins er flatt í toppinn, þ.e án burstar líkt og skorið hafi verið þvert ofan af því, og tíu sperrur eru undir þaki, fimm hvoru megin líkt of stoðirnar. Þrír þverbitar eru í þakinu, einn fyrir miðju og tveir á sitt hvorum vegg. Ein stoð er einnig fyrir miðju húsi. Undir bárujárninu eru reisifjalir samsíða langveggjunum en ekki þvert á þá. Ferhyrndur gluggi er á austurhlið þaksins þar sem heyi hefur hugsanlega verið hent inn. Hleðslur veggja eru farnar að hrynja að innan. Enginn greinileg ummerki eru um garða í húsinu svo hugsanlega gæti hafa verið hér hlaða en þó er ekki útilokað að þeir hafi bara verið fjarlægðir eftir að hætt var að nota húsið. Líklega er hér ekki um lagalega fornleif að ræða en þar sem húsið er byggð úr torfi og grjóti af gamalli byggingarhefð var það látið fljóta með.




Hús 018



Hús 018, horft til vesturs

Hættumat: engin hætta

RA-387:019 tóftir
63°59.241N 20°26.883V
Tvær tóftir eru um 205 m sunnan við Kot 010 og um 730 m suðaustan við bæ 001.
Tóftirnar eru á flatlendi í þýfðum móa en sléttlent er næst tóftunum.
Tóftirnar eru á svæði sem er um 17x8 m að stærð og snýr norður-suður. Tóft A er einföld, torfhlaðin, um 8x5 m að stærð og snýr austur-vestur. Mesta hleðsluhæð er um 0,7 m. Inngangur er á vesturgafli. Tóft B er um 8 m norðan við tóft A og er um 4x2,5 m að stærð og snýr norður-suður. Tóftin er torfhlaðin og tvískipt. Hólfin eru bæði um 1x1 m að innanmáli.




Tóftir 019



Á vinstri myndinni er tóft 019A, horft til austurs. Á hægri myndinni er tóft B, horft til austurs

Op er inn í tóftina á suðurgafli inn í hólf I en ekki er opið milli hólfa. Óljóst op er einnig í norðvesturhorni tóftarinnar inn í hólf II. Mesta hleðsluhæð er um 0,7 m. Ekki er ljóst hvaða hlutverki tóftirnar gegndu en líklegt er að þær hafi verið beitarhús eða stekkur.
Hættumat: engin hætta

RA-387:020 tóftir beitarhús 63°58.158N 20°26.546V



Tóftir 020

Fimm tóftir eru á sunnanverðu Stóra-Reiðholti um 1,4 km sunnan við Hagabæ 001 og um 570 m ASA við beitarhústóft 014. Fleiri tættur gætu leynst á svæðinu.
Á þessu svæði er holtið nokkuð grýtt en þó grasi- og mosagróinn mói. Tóftirnar liggja í lágum dældum og brekkum sem halla 2-5° til suðurs, suðvesturs og suðausturs. Tóftirnar eru á svæði sem er um 70 x 40 m stórt og snýr NNV-SSA. Þær eru líklega frá a.m.k tveimur byggingarstigum en hugsanlega var upphaflega stekkur á svæðinu áður en beitarhúsin voru reist. Tóft A er greinilegust og hefur hún líklegast verið beitarhús. Hún er tvískipt, um 12 x 6-7 m stór og snýr norður-suður. Veggir tóftarinnar eru um 2 m á breidd og 0,3-1,5 m á hæð. Grjóthleðslur eru ennþá greinilegar en signar og eru 2-5 umför af hleðslu sjáanleg í innveggjum. Veggir eru vel grasi- og mosagrónir að utan. Hólf I er um 6 x 2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Gengið hefur verið inn í hólf I á suðurvegg við suðausturhorn en inngangur er fallinn saman. Engar greinilegar garðaundirstöður eru greinanlegar í hólfinu svo annað hvort hefur verið hér jötuhús eða garðar voru úr timbri. Hólf II er fast norðan við hólf I og hefur þar trúlega verið hlaða. Enginn grjótveggur er á milli hólfanna svo trúlega hefur verið gengið inn í hlöðu um timburþil eða grind. Hlaðan er um 3 x 2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Hlaðan var að minnsta kosti um 0,3 m dýpri en gripahólfið og náði hún um 1 m lengra í vestur svo að tóftin er um 7 m á breidd í norðurenda en aðeins 6 m á breidd í suðurenda. Tóft B er um 6 m SSA við tóft A og aðeins meira sigin. Tóft B er tvískipt, um 14 x 6-7 m stór og snýr norður-suður. Veggir tóftarinnar eru 1-2 m á breidd og aðeins 0,2-1 m á hæð en þeir gætu hugsanlega hafa verið rændir þegar bygging A var reist. Vegna sigs veggja er óljóst hvar gengið var inn og engar gróthleðslur sjáanlegar í þéttu grasinu. Hólf I er um 3x2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Hólf II er um 2 m norðan við hólf I. Það er um 5x4 m að innanmáli og snýr norður-suður. Tóftin er um 7 m á breidd að norðan en aðeins um 6 m að sunnan. Nákvæmt hlutverk er óþekkt en trúlega hefur hún einnig verið beitarhús en þá hugsanlega eldra. Tóft C er um 4 m norðan við tóft A. Tóft C er einföld, um 8 x 6 m að stærð og snýr austur-vestur. Innanmál hennar er um 6x2 m. Hleðslur tóftarinnar eru mjög signar og vel



Á mynd til vinstri sjást tóftir 020A og B, horft til suðurs. Á mynd til hægri er tóft 020E, horft til austurs

mosa-og grasigrónar. Veggirnir eru 0,2-0,5 m á hæð og um 2 m á breidd. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Gengið hefur verið inn að vestan. Nákvæmt hlutverk er óþekkt en hún hefur verið aðhald eða útihús fyrir búpening. Tóft D er um 3 m norðan við tóft C. Tóft D er tvískipt, um 9 x 5 m stór og snýr austur-vestur. Tóftin er mjög óskýr og greinilega mun eldri en tóftir A og B. Vegghleðslur eru mjög signar og vel grasi- og mosagrónar en engar grjóthleðslur greinanlegar. Veggirnir eru 1-2 m á breidd og 0,2-0,4 m á hæð. Hólf I er austar. Hólfið hefur trúlega verið um 2x2 m að innanmáli en enginn greinilegur inngangur er sjáanlegur. Hólf II er opið til suðurs. Hólfið er um 3 x 2-2,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Nákvæmt hlutverk er óþekkt en hún gæti verið stekkur eða kvíar. Tóft E er um 30 m austan við tóft A. Hún er einföld, um 9 x 7 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin er ferköntuð og innanmál hennar er 5x3 m. Ekki er alveg ljóst hvar gengið var inn en trúlega hefur það verið að VSV. Suðurveggur tóftar er 0,5 m háir jarðfastir klettar en annars eru veggir torf- og grjóthlaðnir, um 2 m á breidd og 0,2-0,5 m á hæð. Nákvæmt hlutverk er óþekkt en líklega var tóftin rétt eða aðhald.

Hættumat: engin hætta




Garðlag 021, horft til norðurs

RA-387:021 garðlag
63°59.219N 20°26.979V
Ógreinilegt garðlag er um 200 m norðvestan við Kot 010A og um 740 m norðvestan við bæ 001.
Á þessu svæði er stórþýfður mói.
Garðlagið er 2-3 m á breidd, um 0,5 m á hæð og um 45 m á lengd og liggur norður-suður. Garðlagið er mjög hlaupið í þúfur og ekkert sést í grjóthleðslur. Hlutverk er óþekkt.

Hættumat: engin hætta

RA-387:022 tóftir beitarhús
63°58.015N 20°27.181V
Tvö beitarhús og rétt eru um 1,7 km SSV við Hagabæ 001 í norðurenda Selfjalls að austanverðu um 450 m norðan við sel 024A.
Á þessu svæði er grasi- og mosagróin brekka eða hlíð sem hallar um 5-10° í austur.
Tóftirnar eru á svæði sem er um 100 x 30 m stórt og snýr norður-suður. Tóft A er stærst og nyrst af tóftunum þremur. Lögun hennar og fjarlægð frá bæ benda til að hún hafi áður verið beitarhús og hlaða. Tóftin er tvískipt, um 16 x 6 m stór og snýr ASA-VNV. Veggir tóftarinnar eru hlaðnir úr grjóti og torfi, 2-3 m á breidd og 0,4-2 m á hæð. Hleðslur standa grónar grasi og mosa en hleðslur eru þó



Tóftir 022



Á mynd til vinstri er tóft 022A, horft til austurs. Á mynd til hægri er tóft 022C, horft til NNA


teknar að siga. Grjóthleðslur eru enn mjög greinilegar í innri veggjum (2-10 umför). Hólf I eru sjálf fjárhúsin. Þau eru um 10 x 2 m að innanmáli. Grjóthlaðnar jötuundirstöður eru greinanlegar í suðurvegg. Undirstöðurnar eru um 0,4 m á hæð og 0,3 m á breidd þar sem þær sjást. Inn af hólfi I er hólf II, sem var hlaða. Hlaðan er 4 x 2 m að innanmáli og um 0,5 m lægri en hólf I. Vesturveggur hlöðunnar er enn uppistandandi og um 2 m á hæð. Enginn grjótveggur er á milli hólfanna svo trúlega hefur verið timburþil eða grind á milli. Hlaðan er grafin að hluta niður í brekkuna svo ytri hlið vesturveggjar er svotil ósýnilegur. Á suðurhlið við suðvesturhorn hússins er svo lítil hringlaga dæld um 0,5 m í þvermál. Hugsanlega gæti dældin hafa verið brunnur. Tóft B er um 2 m SSV við VNV-enda tóftar A. Hefur tóft B einnig verið grafin að hluta inn í brekkuna að vestan. Tóft B er einföld, um 7 x 6 m stór og snýr VNV-ASA. Innanmál hennar er 4x2 m. Veggir tóftarinnar eru um 2 m á breidd, 0,2-1,5 m á hæð og vel grónir. Aðeins sést í grjóthleðslur í norðvesturhorni á norðurvegg (3 umför). Gengið var inn að ANA en inngangur er fallinn saman. Tóftin hefur trúlega verið e.k. gripahús en hvorki jötu- eða garðaundirstöður eru greinilegar. Fast ofan og vestan við tóftir A og B er brött grasigróin brekka Selfjalls. Rétt C er um 80 m sunnan við tóft B. Fast ofan við réttina er 3 m hár náttúrulegur klettur (stuðlaberg). Réttin er einföld og ferhyrnd, um 13 x 7 m stór og snýr norður-suður. Veggir réttarinnar eru grjóthlaðnir, um 1 m á breidd og 0,2-1,5 m á hæð (3-5 umför). Innanmál tóftarinnar er 11 x 4-5 m. Gengið var inn um 2 m breiðar dyr á austurvegg fast upp við norðurvegg/norðausturhorn réttar. Þar liggur angi af norðurvegg um 3 m lengra í austur en austurveggur og hefur þessi angi trúlega beint fénu inn í réttina þegar rekið var inn. Suðurveggur er því aðeins 7 m langur á meðan norðurveggur er 9 m langur. Réttin er um 4 m breið að innanmáli að norðan vegna útskots í klettaveggnum en um 5 m breið að sunnan.
Hættumat: engin hætta

RA-387:023 gata leið
63°59.061N 20°26.947V
Götur sjást í móa um 510 m norðvestan við bæ 001 og um 120 suðvestan við Kot 010.
Göturnar liggja um þýfðan móa niður brekku á flatlendi við Kaldárholtslæk.
Göturnar sjást á um 340 m löngum kafla og liggja norðvestur-suðaustur. Líklega hafa þær legið frá Haga áleiðis að Kaldárholti, yfir Messuvað RA-390:019 eða Laugavað RA-390:030 sem er um 130 m VNV við Messuvað. Leiðin var líklega farin frá Kaldárholti RA-390 til messu í Haga. Göturnar eru flestar um 5 talsins og eru á svæði sem er breiðast um 3 m. Þar sem leiðin liggur niður brekku á flatlendið hefur myndast alldjúpt skarð sem er um 0,5 m djúpt. Göturnar eru grónar.
Hættumat: engin hætta



Götur 023, horft til norðvesturs

RA-387:024 *Selfjall* tóftir sel 63°57.737N 20°27.257V
"Suður af Reiðholti er hátt fjall, sem heitir Selfjall," segir í örnefnalýsingu. Tóft sem gæti verið af seli er hátt í Selfjalli sunnanverðu um 2,2 km SSV við Haga 001. Þær eru um 1 km sunnan við beitarhús RA-389:004 á Ketilsstaðahnúk. Í sömu laut eru yngri beitarhús 024B. Í Þykkskinnu I eftir Helga Hannesson segir frá fjárhúsi



Seltóft 024A og beitarhúsatóft 024B



Seltóft 024A, horft til suðausturs



Beitarhúsatóft 024B, horft til NNV

Erlends Bjarnasonar sem bjó á Ketilsstöðum frá því um 1882-1894: "Hátt í suðuröxl Selfjalls í Holtum stóðu nýlega fjárhúsveggir vandlega hlaðnir úr fallegu eggjagrjóti. Óvanalega virðist þeim valinn staður. Þessi hús reisti Erlendur Bjarnason, þegar hann bjó að Ketilsstöðum fyrir um það bil áttatíu árum. Mælt er, að þau hús hafi enginn annar notað en hann. Tóftirnar geta enn um langt skeið verið hans minnismerki," Umrædd beitarhús frá Ketilsstöðum eru efst í sunnanverðu Selfjalli í landi Haga um 2,2 km SSV við Hagabæ 001, um 1,6 km sunnan við Ketilsstaði RA-389:001 og um 20 m suðvestan við sel 024A.


Selfjall er á þessu svæði grýttur grasi- og mosagróinn mói. Brekkan hallar 5-10° í suður og suðaustur. Fast umhverfis beitarhúsið er þétt graslendi.

Tóftirnar tvær eru á svæði sem er um 25 m á lengd, um 15 m á breidd og snýr norðaustur-suðvestur. Seltóft 024A skiptist í fjögur hólf. Hún er um 11 x 7-10 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Öll hólf snúa norðaustur-suðvestur. Í suðvesturenda er tóftin aðeins 7 m breið (mjórri til norðvesturs) og í norðausturenda um 8 m á breidd (mjórri til suðausturs). Fyrir miðju um hólf A er tóftin 10 m á breidd. Veggir tóftarinnar eru grjóthlaðnir en vel signir og mosagrónir. Veggirnir eru 1-2 m á breidd og 0,2-1,4 m á hæð. Hólf A er í miðju tóftar og er það stærsta hólfið. Það er um 6 x 2 m að innanmáli. Hólf B er um 2 m suðvestan við hólf A. Það er 3x1 m að innanmáli. Hólf C er um 2 m norðaustan við suðausturenda hólfs A. Það er 2x1 m að innanmáli. Trúlega hefur verið inn í hólf A-C að suðaustan en allir inngangar eru löngu fallnir saman. Hólf D er um 1 m norðvestan við hólf C. Gengið hefur verið úr hólfi C yfir í hólf D. Hólf D hefur trúlega verið 3x1 m að innanmáli en það er nú (2010) fullt af hleðslugrjóti.

Beitarhúsatóftir 024B eru einnig á þessu svæði um 20 m suðvestar en þær virðast þó nokkuð yngri. Beitarhúsin eru tvískipt, um 14 x 6-10 m að stærð og snúa norðvestur-suðaustur. Veggir hússins eru hlaðnir úr grjóti- og torfi, 0,3-1,5 m á hæð (2-9 umför) og um 2 m á breidd. Beitarhúsið er um 6 x 2 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Gengið var inn í það að suðaustan um 0,5 m breiðan inngang. Engar garða- eða jötuundirstöður sjást í húsinu. Gengið var inn í hlöðu í norðvestur um 0,5 m breiðar dyr sem fallnar eru saman. Hlaðan er um 5,5 x 2 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir tóftarinnar eru hæstir í hlöðunni og standa að mestu grónir en þó eru þeir teknir að hrynja. Hlaðan er ekki dýpri en beitarhúsin. Þar sem hlaðan snýr þvert á beitarhúsið er tóftin um 4 m breiðari að norðvestan (10 m) en suðaustan (6 m).

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hagi, 1; HH: Þykkskinna I, 180-181



Beitarhúsatóft 025

RA-387:025 tóft beitarhús
64°57.367N 20°27.210V

Greinileg beitarhústóft er á Flatholti um 2,9 km SSV við Hagabæ 001 og um 670 m sunnan við beitarhús 024 á Selfjalli.

Á þessu svæði er holtið vel grasigróið og flatt.



Beitarhúsatóft 025, horft til suðausturs

Beitarhúsið eru tvískipt, um 17 x 6-8 m stór og snúa norðvestur-suðaustur. Tóftin er um 8 m á breidd að norðvestan en aðeins um 6 m á breidd (hlaða) að suðaustan. Veggir eru grjót og torfhlaðnir, um 2 m á breidd og 0,4-1,5 m á hæð (a.m.k. 2-6 umför). Rofabörð hafa myndast í suðvesturvegg tóftarinnar. Hólf A er um 10 x 4 að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Gengið hefur verið inn um timburþil að norðvestan. Af stærð hólfsins að dæma hefur húsinu trúlega verið skipt upp með timburþiljum í tvö hólf/3-4 krær með einn garða í hvoru hólfi. Engar garðaundirstöður eru sjáanlegar í tóftinni. Inn af eystra húsinu hefur trúlega verið gengið inn í hlöðuna í suðaustur um timburþil. Hlaðan hefur verið um 5 x 2 m að innanmáli og að minnsta kosti 0,5 m dýpri en gripahúsin. Þessi beitarhús eru trúlega ekki mjög gömul og því ólíklega fornleif í lagalegum skilningi. Þau voru þó skráð engu að síður þar sem þau eru byggð á gamla mátann.
Hættumat: engin hætta


RA-387:026 tóft beitarhús 63°57.473N 20°27.530V



Á vinstri mynd er tóft 026A, horft til SSA. Á hægri mynd er tóft 026B, horft til NNV

Tvær beitarhúsatóftir eru á láglendinu sunnan undir Selfjalli um 550 m SSV við sel 009 og um 2,8 km SSV við Haga 001.
Á þessu svæði er grýttur og þýfður mosa- og grasigróinn mói í brekku sem hallar 2-5° til SSA.
Beitarhúsin tvö eru á flatlendi á svæði sem er um 40 x 20 m stórt og snýr ANA-VSV. Báðar tóftir eru hlaðnar úr torfi og grjóti og hafa trúlega verið í notkun á sama eða svipuðum tíma. Tóft A er tvískipt, um 13 x 6 m stór og snýr NNV-SSA. Hleðslur í veggjum eru signar (1-4 umför sjáanleg). Veggir eru um 2 m á breidd og 0,2-1,2 m á hæð. Líklega hefur verið gengið inn í hólf I að SSA en inngangur er fallinn saman. Hólf I er um 4 x 2 m að innanmáli. Innangengt var úr hólfi I inn í hólf II í NNV. Hólf II er um 3 x 2 m að innanmáli og a.m.k 0,3 m dýpra en hólf I. Tóftin er líklega af beitarhúsum og hlöðu. Tóft B er um 25 m VSV við tóft A.Tóft B er einföld, um 11 x 7 m stór og snýr einnig NNV-SSA. Gengið var inn að SSA um 0,5 m breiðar dyr. Innanmál tóftarinnar er um 6 x 2 m á breidd. Veggir tóftarinnar eru nokkuð signir og mosa- og grasigrónir, 2-3 m á breidd og 0,2-1 m á hæð (1-2 umför greinanleg). Tóftin var trúlega verið beitarhús.
Hættumat: engin hætta

RA-387:027 þúst 63°57.457N 20°27.317V
Fjórar illa signar þústir eru um 2,7 km SSV við Hagabæ 001, um 190 m NNV við beitarhús 025 og um 180 m ASA við beitarhús 026.
Þústirnar eru í suðausturhlíð holtsins sem Selfjall stendur á í dalverpi sem myndað er af umræddu holti og norðurenda Flatholts. Brekkan hallar 5-10° í suður og suðaustur. Dalverpið er nýtt sem hagi fyrir hesta og eru þústirnar mjög illa farnar vegna ágangs búpenings.
Þústirnar fjórar eru á svæði sem er um 70 x 50 m stórt og snýr NNA-SSV. Allar þústirnar eru vel mosa- og



Þústir 027



Þústir 027A-C, horft til ASA



Þúst 027D, horft til austurs

grasigrónar en engar hleðslur eru sjáanlegar. Þúst A er stærst. Hún er tvískipt, um 19 x 8 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þústin er 0,5-1,2 m á hæð en mjög sigin. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar og inngangar eru löngu fallnir saman. Veggir eru 3-4 m á breidd. Í þústinni eru tvær dældir. Dæld I er norðaustar, um 8 x 2 m að innanmáli. Dæld II er um 2 m suðvestan við dæld I. Dæld II er um 2 x 1 m að innanmáli. Þúst B er um 1 m norðaustan við þúst A. Þúst B er einföld, um 8 x 4 m að stærð og snýr einnig norðaustur-suðvestur. Þústin er 0,2-1 m á hæð og mjög sigin. Innanmál hennar er 2x1,5 m og veggir eru 1-2,5 m á breidd. Þúst C er um 20 m vestan við þúst A. Þúst C er mjög óljós og tekin að hlaupa í þúfur. Þústin er einföld, um 11 x 7 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Fast ofan og norðvestan við tóftina er brött 4 m há brekka. Trúlega hefur verið gengið inn að suðaustan en enginn inngangur er greinilegur. Innanmál þústarinnar er 6x2,5 m, veggir eru 2-3 m á breidd og hæð þeirra er 0,2-0,5 m. Þúst D er um 40 m SSV við þúst A. Þúst D er einföld, um 11 x 6 m stór og snýr austur-vestur. Veggir hennar eru þýfðir um 2 m á breidd og 0,2-0,5 m á hæð. Innanmál er 6x2 m og er þústin vel grasigróin og græn að innan. Enginn inngangur er greinanlegur og nýlegur hrossaslóði liggur þvert í gegn um austurenda tóftarinnar. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þessar þústir þjónuðu en líklega hafa þær verið beitarhús eða jafnvel sel. Þó er ekki útilokað að þær gætu verið leifar smábýlis. Fleiri mannvirki gætu leynst á svæðinu.

Hættumat: hætta, vegna rofs

RA-388 Hagahjáleiga

Ekki í byggð 1708. "Elsta heimild sem til er um þennan bæ er skrá frá 31. mars 1794 um byggðar jarðir og óbyggðar í Efriholtaþingum eftir Einar Þorleifsson prest í Guttormshaga. Bærinn er þar nefndur Suðurhjáleiga, en engar upplýsingar er þar að finna um það hvenær hann var í byggð." Holtamannbók I, 131. Síðustu ábúendur í Hagahjáleigu fluttu þaðan árið 1894. Holtamannabók I, 134.

RA-388:001 *Hagahjáleiga* bæjarhóll bústaður 63°58.660N 20°26.530V



Bæjarhóll Hagahjáleigu 001, horft til norðausturs

"Syðst í túninu [á Haga] eru tættur; þar var bær, sem hét Hagakot; sunnan við það er Hagakotsgil," segir í örnefnalýsingu.


Í Þykkskinnu II segir um Hagakot: "Hagatorfan var í þann tíma [um 1840] metin á 30 hundruð. Hagakot var rúmlega einn tíundi hluti jarðarinnar (340 álnir). Smábændur höfðu öðru hvoru hokrað á kotinu fram yfir 1800. Þegar Jón [Þorsteinsson frá Gaulverjabæjarsókn] tók það hafði það verið í eyði um fjórðung aldar. Hann hefur því líklega byrjað á því að reisa og refta sitt svolitla bæjarslot og aðra kofa." Ekki er vitað hvenær bærinn fór í eyði en líklega hefur það verið á seinni hluta 19. aldar. Hagahjáleiga hefur að líkindum verið á milli túngarðs RA-380:008 og vörslugarðs RA-380:017, um 455 m suðvestan við bæ Haga RA-380:001.

Býlið var í grasgefnu mólendi sem er tiltölulega slétt og hefur ef til vill verið að hluta í túni.

Bæjarhóllinn hefur að líkindum verið fast norðan við Hagakotsgil og er þar dálítill stallur á milli garða sem er um 20x15 m að stærð og snýr norður-suður. Mesta hæð er um 1 m í norðurenda. Ekki sjást nein mannvirki á stallinum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hagi, 2; HH: Þykkskinna I, 61-62



RA-389 Ketilstaðir

Árið 1708 var jörðin talin 5 hdr, hjáleiga Haga, byggð löngu fyrir manna minni. JÁM I, 327. "Landareignin er hvarvetna gróin og um það bil helmingur þurrlendi. Ræktunarland er gott. Hagar sæmilega skjólgóðir." SB V, 275.
1917: Tún 2,5 ha, þar af slétt 0,4 ha, garðar 640 m².

RA-389:001 *Ketilsstaðir* bæjarhóll bústaður 63°58.612N 20°27.426V



Bæjarhóll Ketilsstaða 001, horft til NNA


Ketilsstaðir eru á sunnanverðu Ketilsstaðaholti, um 930 m suðvestan við Hagabæ RA-387:001, um 1,7 km við Guttormshaga RA-385:001 og um 2,7 km austan við mót Kaldárholtslækjar og Þjórsár. Hrossarækt er enn stunduð á jörðinni en ekki er búið þar að staðaldri.
Ketilsstaðir eru fast norðvestan við Hagabraut (þjóðveg 286) í grasigróinni brekku sem hallar 5-20° í suðaustur að veginum. Holtið hefur mikið til verið sléttað í tún að sunnanverðu og horfið undir sumarbústaði og trjágróður tengda þeim að norðanverðu. Risastórt hesthús hefur verið reist á norðaustanverðum bæjarhólnum og fast suðvestan við bæjarhólinn er svo grunnur íbúðarhúss sem flutt var á Selfoss.
Bæjarhóll Ketilsstaða er aflangur, um 60 x 40 m stór og snýr gróflega norðaustur-suðvestur. Á bæjarhólnum miðjum er steinhús sem samkvæmt Sunnlenskum Byggðum V byggt var árið 1954. Trjálundur er bæði suðvestan og suðaustan við húsið. Stór hesthús eru við norðausturenda bæjarhólsins um 30 m norðaustan við steinhúsið. Mjög líklegt er að hluti

bæjarhólsins hafi horfið þegar hesthúsin voru byggð. Fast norðaustan við steinhúsið er steinsteyptur grunnur þar sem hugsanlega hefur staðið skemma eða útihús en búið er að rífa húsið. Óljósar grjóthleðslur eru við austurhorn gamla íbúðarhússins sem hugsanlega gætu hafa verið hluti af gamla bænum en þó er það ekki víst. Mikið hefur verið rótað suðaustan við steinhúsið en trén standa þó enn. Hleðslugrjót er þar á víð og dreif. Mestir möguleikar á að finna óraskaðar leifar af gamla bænum undir sverði eru suðvestan við steinhúsið en þar er bæjarhóllinn grænn og ávalur þrátt fyrir trén sem þar standa. Þessi hæð er sléttuð, um 25 x 20 m á breidd og snýr eins og allur bæjarhóllinn. Hóllinn er 1-2,5 m hár og þakinn trjám að hluta en engin greinileg merki eru um tóftir á svæðinu. Í bókinni Þykkskinnu eftir Helga Hannesson eru ljósmyndir af Ketilsstöðum frá árunum 1940 og 1948. Þar sést greinilega að um sjö hús, að minnsta kosti, með burstaþökum voru í bæjarröðinni á Ketilsstöðum árið 1940. Gamla baðstofan var svo rifin fyrir 1948 og timburhús byggt í staðinn. Samkvæmt Ólafi Sigfússyni voru hlaða og fjós fast norðaustan við íbúðarhúsið ennþá til staðar þegar hann kom í Ketilsstaði 1971.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917; SB V, 275

RA-389:002 heimild um útihús 63°58.653N 20°27.422V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 70 m NNV við bæ 001.
Útihúsið var í túni austan undir klettahamri.
Engar leifar hússins sjást og hefur það að líkindum verið rifið við túnasléttun.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-389:003 heimild um útihús 63°58.666N 20°27.371V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 100 m norðan við bæ 001.
Útihúsið var norðarlega í túni.
Engar leifar hússins sjást og hefur það að líkindum verið rifið við túnasléttun.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-389:004 tóft 63°58.649N 20°27.496V



Tóft 004


Tóft 004, horft til vesturs

Tvískipt útihús er efst á Ketilsstaðaholti um 75 m norðvestan við bæjarhól 001 og um 15 m norðan við tóftasvæði 008.
Á þessu svæði er sléttað illa farið graslendi sem nýtt er sem hrossahagi.
Tóftin er tvískipt, um 18 x 7 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir eru grjót- og torfhlaðnir, 1,5-2 m á breidd, 0,5-1 m á hæð og nokkuð rofnir vegna ágangs búpenings. Hólf A er um 9 x 4 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Botn hólfsins er svo til slétt og engar garða- eða jötuundirstöður eru sjáanlegar. Timburþil hefur verið á suðvesturenda þar sem gengið var inn í húsið. Hólf B er um 2 m norðaustar. Gengið hefur verið inn í hólfið úr hólfi A um dyr á 2 m breiðum grjótvegg. Dyr eru fallnar saman. Hólf B er um 5 x 3 m að innanmáli og snýr einnig norðaustur-suðvestur. Mikið hrun er inni í hólfi B en hólfið virðist ekki hafa verið dýpra en hólf A. Tóftin er án efa af e.k. útihúsi.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar


RA-389:005 hleðsla fjós 63°58.604N 20°27.427V
Ólafur Sigfússon, heimildamaður, greindi frá því að þegar hann hafi verið að grafa fyrir vatni á milli gamla íbúðarhússins og húss sem hann síðar flutti með sér til Selfoss hafi hann komið niður á hleðslur og kallaði að þar hefðu verið fornufjós. Enn sést móta fyrir lagnaskurðinum sem liggur til suðvesturs frá gamla húsinu.

Hleðslurnar komu upp mitt á milli gamla hússins og þess nýja, um 15 m suðvestan við bæ 001.
Til norðvesturs við skurðinn er trjálundur á hæðarbungu í gamla túninu og er líklegt að mannvirki leynist þar undir, ef til vill hluti af bæjarhól 001. Grunnur hússins sem flutt var burt er til suðvesturs og rask er í kringum hann frá því að gerður var stallur undir það. Tún eru niður að vegi til norðausturs.
Ekki sést til minja á yfirborði. Ekki er ljóst hversu langt var niður á hleðslurnar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-389:006 tóft rétt 63°58.393N 20°27.584V




Tóft 006, horft til norðvesturs



Tóft 006

Tóft er um 430 m suðvestan við bæ 001.
Tóftin er á sumarhúsalóð þar sem gamalt sumarhús er að hruni komið. Tóftin er á milli hás klapparhóls og Hagabrautar.
Tóftin er grjóthlaðin, er um 5x8 m að stærð og snýr suðaustur-norðvestur. Hún er hlaðin inn í brekkuna sem hún stendur undir. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m og sjást 3 umför hleðslu. Inngangur er í suðurhorni. Lag, efni og staðsetning tóftar bendir helst til að hún hafi verið rétt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-389:007 tóft stekkur 63°58.874N 20°27.396V



Tóft 007




Tóft 007, horft til suðurs

Lítil tóft er innan sumarbústaðarlóðar, um 485 m norðan við bæ 001.
Tóftin stendur hátt við klettaborg í grónu sumarbústaðarlandi innan um trjágróður. Tóftin er í aflíðandi brekku til norðurs.
Tóftin er um 6x5 m að stærð og snýr norður-suður. Inngangur er í tóftina í norðurenda. Tóftin er gróin en líklega er hún hlaðin úr grjóti. Mesta hleðsluhæð er um 1 m. Lítið grjóthlaðið hólf er í innanverðu suðausturhorni tóftarinnar sem virðist vera yngra en tóftin sjálf. Hólfið er um 1x0,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Ekki sést skýrt op á því. Óvíst er hvaða hlutverki tóftin hefur gegnt en útlit hennar, staðsetning og fjarlægð frá bæ bendir einna helst til að hún hafi verið stekkur. Tré vaxa innan tóftarinnar.
Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

RA-389:008 tóftir útihús 63°58.641N 20°27.491V
Tóftir og garðlag eru um 70 m norðvestan við bæ 001.
Minjarnar eru á klapparholti litlu ofar og norðvestan við gamla heimatúnið. Á þessu svæði er sléttað illa farið graslendi sem nýtt er sem hrossahagi.



Á mynd til vinstri er tóft 008A, horft til norðausturs. Á mynd til hægri er mynd af tóft 008E, horft til norðvesturs



Tóftir 008

Minjarnar eru á svæði sem er um 20x20 m að stærð og snýr suðaustur-norðvestur. Minjarnar fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Tóft A er lang greinilegust tóftanna. Hún er einföld, um 4x4 m að stærð, torf- og grjóthlaðin. Inngangur er á suðvesturhlið. Mesta hleðsluhæð er um 1 m. Fast vestan við tóft A er stutt garðlag B. Það er um 10 m á lengd, liggur norðaustur-suðvestur. Það er um 0,5 m á breidd og hæð, líklega torfhlaðið. Ógreinileg tóft C er um 1 m sunnan við tóft A. Hún er um 3x4 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin er einföld og virðist vera torf- og grjóthlaðin. Óljós inngangur er í suðvesturenda tóftarinnar. Mesta hleðsluhæð er um 0,3 m. Tóft D er óljós og lítið annað en dæld í aflíðandi brekku. Hún er um 11 m suðaustan við tóft A. Tóftin er einföld, um 2x1 m að innanmáli og snýr norður-suður. Inngangur er á suðurhlið. Um 1 m austan við tóft D er tóft E. Tóftin er óljós eins og tóft D og er líti annað en einföld dæld. Hún er um 2x1 m að innanmáli og snýr norður-suður. Ekki sést inngangur í tóftina en mögulega hefur verið gengið inn í hana að norðan. Ekki sjást veggir í tóftum D og E. Tóft F er raunar fremur þúst en tóft og er hún nyrst, fast norðan við túngarð 009. Þústin er mjög lítil og óskýr. Þústin er um 6 x 4 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Dæld er í miðri þústinni og er hún um 4x3 m að innanmáli. Mjög litlir veggir eru greinilegir, frekar aðeins lágar þúfur <0,3 m á hæð. Hlutverk er óþekkt en kollur Ketilsstaðarholts hefur þjónað sem suðausturveggur þústar. Ekki er vitað hvaða hlutverki tóftirnar þjónuðu en líklegt er að þær hafi verið útihús þar sem þær eru nálægt bæ.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar


RA-389:009 garðlag túngarður
63°58.677N 20°27.427V
Túngarður er merktur um 70 m norðvestan við Ketlisstaði 001 á túnakort frá 1917. Sigið garðlag sést enn á þessum slóðum.
Á þessu svæði er sléttað illa farið graslendi sem nýtt er sem hagi fyrir hesta.
Túngarðurinn er hlaðinn úr torfi og grjóti og er 0,2-0,5 m á hæð, 0,5-1 m á breidd og um 140 m á lengd. Hleðslur eru illa farnar vegna ágangs búpenings og hafa norðausturhluti og suðvesturhluti túngarðsins verið sléttaðir. Upphaflega hefur



Túngarður 009, horft til austurs

garðurinn afmarkað um 290 m langt og um 160 m breitt svæði/tún að norðaustan, norðvestan og suðvestan en nú (2010) er aðeins partur af honum eftir að norðvestan. Garðurinn liggur nokkuð beinn norðaustur-suðvestur efst á holtinu en er mjög rofinn. Við báða enda hverfur garðlagið í sléttað tún. Á um 20 m löngum kafla við tóft 004 er garðurinn einnig horfinn. Garðurinn hverfur um 3 m suðvestan við tóft 004, trúlega vegna sléttunar, en birtist aftur um 20 m norðaustan við hana efst á holtinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-389:010 heimild um kálgarð 63°58.610N 20°27.422V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður fast suðaustan við bæ 001.
Þar sem kálgarðurinn var er nú (2011) trjálundur.
Ekki sést til minja um kálgarðinn og hefur líklega verið sléttað úr honum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917



RA-390 Kaldárholt

30 hdr. 1708. JÁM I, 324. 1270: Getið í máldaga Oddakirkju. DI II, 86-88. Elsta orðmynd Kallaðarholt. Hannes Þorsteinsson segir Kaldárholt vera afbökun á gömlu nafni, Kallaðarholti. HÞ: "Rannsókn og leiðrjettingar ..." Árbók1923, 20. Eyðihjáleigan Kaldárholtshjáleiga 1708. "Hér er landrými gott. Ágangur sandfoks var allmikill inn með Þjórsá en það land er nú að mestu gróið, annað land algróið og ræktunarland er hér gott." SB V, 274. 1708: "Jörðin blæs upp stórlega og fordjarfast árlega meir og meir af sandi, sjerdeilis tún jarðarinnar, sömuleiðis blæs vindur engjarnar upp og ber á sand, svo sýnilegt er að þessi jörð muni með tíð eyðileggjast." JÁM I, 325. 1917: Tún 9,3 ha, þar af slétt 5 ha, garðar 1280 m².

RA-390:001 *Kaldárholt* bæjarhóll bústaður 64°00.225N 20°28.422V




Mynd af Kaldárholti frá 1944 (Holtamannabók I, bls. 197)



Bæjarhóll Kaldárholts 001, horft til vesturs

Bærinn í Kaldárholti er við suðurenda hæðar í landinu og er aflíðandi brekka til norðurs upp af bænum. Stutt er

vestur að Þjórsá. Íbúðarhúsið sem stendur á bæjarhólnum var byggt árið 1953 á sama stað og húsið sem sýnt er á túnakorti. Samkvæmt skýrslu um Forngripasafn Íslands I fundust gripirnir Þjms. 293, 296-297, 304-306 " í gömlum uppblásnum bæjarrústum [007] í ási fyrir austan Kaldárholt, þar sem Kaldárholts bær á að hafa staðið áður."



Bæjarhóll Kaldárholts 001 ásamt eldhústóft 002, hlöðutóft 003, fjóstóft, 004 og kálgarðs 054

Bærinn er í grónu túni. Framan við íbúðarhús til suðurs er afgirtur lystigarður en innan hans vaxa tré, rifsberjarunnar og rababari. Tóftir (002 og 003) eru norðvestur af íbúðarhúsinu og steyptar byggingar vestan við það. Húsið varð óíbúðarhæft eftir jarðskjálftann árið 2000 og var þá flutt í hús sem er um 30 m suðvestan við það.

Bæjarhóllinn er um 50x40 m að stærð og snýr austur-vestur. Norðurmörk hans hverfa í brekku. Mörkin eru greinilegust í suðausturhluta hans. Útihúsin eru á hólnum að hluta en þau eru sýnd stakstæð og ekki tengd bæjarhúsum á túnakorti. Þeim verða því gerð skil á sér númerum, þ.e. 002 og 003. Bæjarhóllinn er um 2 m á hæð. Íbúðarhúsið er nokkurn veginn á honum miðjum. Kjallari er undir því.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Skýrsla FÍ I; 130; Túnakort 1917

RA-390:002 tóft eldhús
64°00.232N 20°28.433V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús 5-10 m norðvestan við bæ 001. Þar er sést enn tvískipt tóft.

Tóftin er í norðurjaðri bæjarhóls 001. Umhverfis bæjarhólinn er tún.

Samkvæmt Guðrúnu Magnúsdóttur, heimildamanni, var hlóðaeldhús í stærra hólfinu I og í minna hólfinu II líklega mógeymsla sem síðar var notuð sem reykkofi. Alls er tóftin um 7,5x7 m að stærð, snýr austur-vestur. Tóftin er grjóthlaðin. Hlóðaeldhústóftin er um 3x2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Inngangur hefur verið á suðurgafli en sést orðið illa. Mesta hleðsluhæð er um 1,3 m og sjást 4 umför af hleðslu. Reykkofinn er byggður við norðvesturhorn eldhúss og er um 1x1 m að innanmáli. Inngangur er



Eldhústóft 002, horft til vesturs

á suðurgafli. Mesta hleðsluhæð er um 1,3 m en ekki sést í grjóthleðslur því þakið hefur hrunið ofan í tóftina. Fast norðan við eldhústóft er dæld sem er um 3x7 m að innanmáli og er um 0,2 m á dýpt, snýr austur-vestur. Hlaðinn kantur er frá suðvesturhorni eldhústóftar, um 23 m langur til austurs.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-390:003 tóft hlaða 64°00.232N 20°28.446V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 15 m VNV við bæ 001. Húsið var hlaða og hlöðutóftin sést enn fast vestan við tóft 002.
Tóftin er vestarlega á bæjarhól 001, á milli tóftar 002 og steypts fjóss (sjá 004).
Tóftin er um 9x9 m að innanmáli en hún er niðurgrafin og sjást litlir sem engir veggir upp úr jörðu. Hleðslur eru með suður- og austurveggjum. Af austurvegg er um 1 m niður á um 2 m breiðan stall sem liggur eftir öllum veggnum. Ekki sjást hleðslur í norðurvegg en þær kunna að hafa hrunið. Ekki er veggur á vesturhlið og kann það að stafa af því að hlaðan hafi verið stækkuð að steyptu fjósi sem leysti fjós 004 af hólmi. Steypt mannvirki sem eru samtengd steyptu fjósi ná frá norðvesturhorni hlöðu. Steypa er einnig í veggjum hlöðu. Um 4 m eru niður af norðurbrún á gólf hlöðunnar en víðast er 1,5 m niður á gólf. Mest má sjá 7 umför hleðslu í veggjum.



Hlöðutóft 003, horft til suðurs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-390:004 tóft fjós 64°00.235N 20°28.469V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 30 m vestan við bæ 001. Það var fjós að sögn Guðrúnar Magnúsdóttur, heimildamanns. Búið er að rífa fjósið sem sýnt er á túnakorti en nýtt fjós var steypt á sama stað og gamla fjósið rifið út úr því. Leifar af gamla haughúsinu eru enn norðan við fjósið.
Fjósið var vestan við jaðar bæjarhóls í sléttu túni.
Eins og fyrr segir var gamla fjósið rifið þegar nýtt var byggt á sama stað á síðari hluta 20. aldar. Norðan við nýja fjósið er þrískipt tóft sem er um 12x4 m að stærð og snýr norður-suður. Í norðurenda er hólf I undir þaki sem enn er í notkun sem reykkofi. Hann er um 3x4 m að utanmáli og snýr austur-vestur. Dyr eru á vesturgafli. Hólf II er um 6x1,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Ekki er veggur fyrir suðurenda. Næst fjósinu er lítið, reglulegt hólf III sem er um 2x2 m að innanmáli og er líklega yngra en hin. Ekki er op inn í það. Mesta hleðsluhæð er um 1,5 m og sjást 2 umför. Op hefur líka verið á vesturlangvegg hólfs II en hrunið hefur í það. Í hólfi III sjást 5 umför hleðslu.



Leifar af fjóstóft 004, horft til austurs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-390:005 heimild um útihús 64°00.318N 20°28.405V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 170 m norðan við bæ 001.
Útihúsið var að líkindum þar sem nú er mjó túnskák á milli brekku til austurs annars vegar og brekku niður að Þjórsá til vesturs hins vegar.
Engar leifar útihússins sjást nú (2010) og hefur það væntanlega verið sléttað í tún.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-390:006 garðlag túngarður 64°00.011N 20°28.763V



Túngarður 006, horft til suðvesturs


Túngarður sem sýndur er á túnakorti frá 1917 stendur enn á köflum suðvestan og sunnan við bæinn 001. Garðurinn liggur í sléttu túni.
Samkvæmt túnakorti var túngarður meðfram suðaustur-, suður- og norðurhliðum túnsins. Þjórsá afmarkaði túnið til norðvesturs og ekki virðist hafa verið garður meðfram þeirri hlið. Túngarðurinn sem sést er meðfram hluta af suðausturhlið gamla heimatúnsins og nýrækt sem er í framhaldi af því túni til suðvesturs. Garðurinn liggur til suðvesturs frá heimreið að bænum, sama stað og traðir 051 voru áður. Meðfram nýræktinni er að auki garðbútur á norðvesturhlið hennar, á bökkum Þjórsár en hann er aðeins um 15 m á lengd og liggur norðaustur-suðvestur. Aðrir hlutar túngarðsins sem sýndur er á túnakorti hafa verið sléttaðir. Túngarðurinn afmarkar svæði sem er um 470x125 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Garðurinn er gróinn, líklega torfhlaðinn. Hann er um 1,2 á hæð og um 1,1 m á breidd þar sem stæðilegastur.Stórt rof er á miðjum garðinum meðfram suðausturhlið túnsins á um 105 m breiðum kafla.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-390:007 gripir bústaður
Í skýrslu um Forngripasafns Íslands I segir að gripirnir Þjms. 293, 296-297, 304-306 hafi fundist "í gömlum uppblásnum bæjarrústum í ási fyrir austan Kaldárholt, þar sem Kaldárholts bær á að hafa staðið áður." Ekki liggja fyrir frekari heimildir um staðsetningu þessara gömlu uppblásnu bæjarrústa og Guðrún Magnúsdóttir, heimildamaður, vissi ekki hvar þær voru. Líklegasta staðsetningin er þar sem fjárhús 036 er skráð. Heimildamaður greindi frá því að "fornmaður" hefði birst dóttur sinni í draumi og beðið um að fjárhúsin yrðu ekki stækkuð til vesturs eins og til stóð. Hætt var við framkvæmdina. Ekki var hægt að staðsetja bæjarstæðið með innan við 50 m skekkju.
Austan við núverandi bæjarstæði Kaldárholts eru háir blásnir ásar og hefur þetta eldra bæjarstæði verið í þeim eða sunnan undir þeim.
Rannsókn á perlum sem fundust á bæjarstæðinu bendir til að það hafi verið frá víkingatíð. Um gripina segir í skýrslu Forngripasafns frá 1865: Þjms. 293: Lítill steinsnúður með auga, allur ávalur annars vegar og með hríng í kríng um augað, en hins vegar flatari, en þó með ávölum brúnum. Hann er úr útlendum steini (fidtsten?). Hann er 1 þumlúngur og 2 línur á breidd. Árni [Jónsson] fann snúð þenna í bæjarrústum á eyðijörð fyrir austan Kaldárholt, ásamt brotum af fleiri samskonar snúðum (sbr. Þjms. 306)." Þjms. 295: "Lítil tala úr grjóti (fidtsten?) í lagnu sem mylnusteinn. Hana fann Árni á sama stað og nr. 293." Þjms. 296: "Þrjár glertölur mjög litlar, hnöttóttar að mestu, með rákum, sem allar liggja eins. Ein þeirra er rauð og tvær eru samfastar. Þær hafa mjög fagran lit, líkastan lit á skygðu silfri. Þær fann Árni alveg á sama stað og nr. 293 og 295." Þjms. 297: "Hálf rafurtala eða glertala, að stærð og gjörð lík nr. 294, en mylnusteinslöguð. Hún er með hvítum og rauðum fléttíng utanum á einn veg. Sjálf talan hefir verið gul, en jörðin hefir getað verkað á hana og eins og feygt hana. Hana fann Árni á sama stað og hinar (nr. 293, 295 og 296) með nokkru millibili." Skýrsla FÍ I, 127-28. 1866: Þjms. 304: "Steinsnúður. Hann er mjög líkur nr. 293, en lítið eitt stærri og alveg ávalur báðumegin." Þjms. 305. "Annar steinsnúður líkur að stærð og gjörð." Þjms. 306: "Tvö brot af samskonar snúð. - Alla þessa snúða (nr. 304-306 fann Árni í gömlum uppblásnum bæjarrústum í ási fyrir austan Kaldárholt, þar sem Kaldárholts bær á að hafa staðið áður. Þar fundust fleiri snúðar smátt og smátt, alls nálægt 10, auk þeirra, sem fyrr er getið." Elín Ósk Hreiðarsdóttir hefur skoðað 4 perlur sem fundust á þessum stað, þar af þrjár glerperlur sem eru dæmigerðar víkingaaldarperlur og benda til 10. aldar eða upphafs 11. aldar. Ein perlan er úr gabbró sem er basískt djúpberg og finnst á nokkrum stöðum á landinu, gæti hæglega verið heimagerð.
Heimildir: Skýrsla FÍ I; 130; Elín Ósk Hreiðarsdóttir, munnleg heimild.

RA-390:008 *Naustanes* tóftir naust 64°00.843N 20°26.051V
"Norður og austur af Helguhól er mýri, sem heitir Naustanes ... Í Naustanesi var lengi ferjustaður á Þjórsá," segir í örnefnalýsingu. Tóft A var skráð árið 2010 á Naustanesi á suðurbakka Þjórsár um 2,2 km ANA við bæ 001 og um 980 m norðaustan við beitarhús 017. Tóft B var skráð af Bjarna F. Einarssyni árið 2002 við mat á umhverfisáhrifum vegna Urriðafossvirkjunar fyrir Landsvirkjun. Nákvæm staðsetning tóftar B er óljós en líklega er hún ekki meira en 10 m frá tóft A niður brekkuna til norðausturs.
Á þessu svæði er mosa-, grasi- og lyngigróin brún Svanhildartanga um 10 m ANA við Skjólhól. Um 4 m norðaustan við tóft A er há og brött brekka niður að bökkum Þjórsár. Brekkan hallar um 45° í NNA en þó eru



Tóft 008A, horft til austurs



Tóft 008A

bakkar í brekkunni stutt til austurs frá tóft A sem hugsanlega hefði verið hægt að bera bát upp nokkuð auðveldlega.
Tóft A er einföld, um 11 m á lengd, um 5 m á breidd og snýr NNA-SSV. Veggir hennar eru vel signir og því aðeins 0,2-0,5 m á hæð og 1-1,5 m á breidd. Innanmál er 0,5x7 m. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar og veggir eru farnir að hlaupa í þúfur. Erfitt hefur verið að koma bát upp frá ánni og í tóftina. Nákvæmt hlutverk tóftar er óþekkt en staðstetning og lag gætu gefið til kynna að hér hafi verið naust fyrir lítinn bát. Eins og kom fram hér að ofan er nákvæm staðsetning tóftar B óljós en líklega er hún í áðurnefndum bökkum við tóft A þar sem auðvelt er að komast upp. Af ljósmynd Bjarna F. Einarssonar má sjá að tóftin er staðsett ofarlega í brekkunni. Í skráningu hans segir um tóftina: "Aðalnr. 56 ... Rúst (naust?). 4 x 7,5 m (NA-SV). Veggir úr torfi, ca. 1 m breiðir og 0,2 - 0,4 m háir. Op eða dyr snúa að ánni mót NA. Dyr virðast vera við SV gafl og snúa mót NV. Niður af þeim er rás eða renna í átt að ánni. Rústin er ógreinileg og þarna hefur aldrei staðið mikið hús. Rústin bendir til þess að ferjustaðurinn hafi ekki verið langt undan."
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Kaldáholt, 1-2; BFE: Fornleifaskráning við Þjórsá_Urriðafossvirkjun

RA-390:009 *Kaldárholtshjáleiga* bæjarstæði býli
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1708 segir um hjáleiguna: "Hjáleiga ein hefur staðið í landi jarðarinnar kölluð Kalldarhollts hiáleiga. Er fyrst bygð hjer um fyrri 50 árum, var svo bygð nokkur ár og eyðilagðist síðan fyrri hjer um 35 árum. Verður aldrei aftur bygð, því túnið er komið í flag og fordjarfað af sandi," Nákvæm staðsetning Kaldárholtshjáleigu er óþekkt en af lýsingum að dæma má geta sér til um að hún hafi staðið nálægt/á bökkum Þjórsár í landi Kaldárholts og gæti hún þessvegna verið horfin með öllu í ána. Einnig mætti ímynda sér að býli gæti hugsanlega hafa staðið á svipuðum stað og Gömlutættur 048 norðan við Kaldárholtslæk.
Heimildir: JÁM I, 326

RA-390:010 vegur leið 64°00.080N 20°28.060V
Gamli vegurinn að bænum 001 lá norðan við votlendið, sunnan undir blásnum ásum, áður en malarvegurinn kom upp úr 1950. Vegurinn sést fyrst um 215 m austan við bæ 001.
Vegurinn liggur neðan við ása og holt í mýrarjaðri.
Þar sem vegurinn var skoðaður, á milli fjárhúsa 036 og heimatúns, sést hann á tveimur köflum, annars vegar rétt austan við tún á um 100 m löngum kafla og hins vegar norðvestan við gerði umhverfis fjárhús 036 á um 50 m löngum kafla. Þar sem vegurinn sést er hann ruddur og er um 1 m að breidd þar sem hann er breiðastur og um 0,3 m á dýpt. Vegurinn sést einnig austan við gerði umhverfis fjárhús 036 en var ekki skoðaður þar. Tengdafaðir Guðrúnar Magnúsdóttur, heimildamanns, vann að gerð vegarins, líklega á fyrri hluta 20. aldar. Vegurinn nær sennilega ekki 100 ára aldri og er því ekki fornleif



Vegur 010, horft til norðurs

samkvæmt lögum. Hann er engu að síður skráður þar sem hann er til vitnis um samgöngubætur fyrri alda og fornt verklag.
Hættumat: engin hætta

RA-390:011 *Miðmundarvarða* varða eyktamark 64°00.103N 20°27.948V
"Á há-Ásnum eru tvær vörður, sem heita Miðmundavarða og Dagmálavarða [012]," segir í örnefnalýsingu. Varðan er um 270 m suðvestan við Dagmálavörðu og um 450 m suðaustan við bæ 001.
Varðan stendur hátt á suðvesturenda ássins sem er grasi og mosa vaxinn.
Varðan er um 2x1,5 m að grunnfleti og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er um 1,2 m á hæð. Hún var endurhlaðin eftir jarðskjálftann árið 2000 en er ekki vandlega hlaðin.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kaldárholt, 1




Miðmundavarða 011, horft til suðvesturs

RA-390:012 *Dagmálavarða* varða eyktamark 64°00.239N 20°27.826V
"Á há-Ásnum eru tvær vörður, sem heita Miðmundavarða [011] og Dagmálavarða," segir í örnefnalýsingu. Dagmálavarða er um 490 m austan við bæ 001 og um 270 m norðaustan við Miðmundavörðu.
Varðan stendur hátt á Ásnum austan bæjarins. Ásinn er mosagróinn og grýttur.
Varðan var endurhlaðin eftir að hún hrundi í jarðskálftanum árið 2000. Hún er um 1,5 m í þvermál að grunnfleti og um 1,3 m á hæð. Varðan er ekki vandlega hlaðin.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kaldárholt, 1



Dagmálavarða 012, horft til suðvesturs

RA-390:013 tóft 63°59.138N 20°29.598V



Tóft 013

Einföld tóft er fast austan við áreyrar Þjórsár, um 2,2 km SSV við bæ 001 og 420 m VNV við Ferstiklu 021. Bjarni F. Einarsson skráði þessa tóft fyrst við umhverfismat fyrir Landsvirkjun vegna virkjunarframvkæmda við Urriðafossvirkjun.
Á þessu svæði er þýft grasi- og mosagrótið flatlendi á eyrum Þjórsár.
Í skráningu Bjarna F.Einarssonar segir um tóftina: "Aðalnr. 51 ... Rúst. 6 x 7 m (A - V). Veggir úr torfi, 1,5 - 2 m breiðir og 0,3 - 0,5 m háir. Ekki er hægt að greina dyr. Rústin er mosa- og grasigróin." Tóftin er einföld, um 9 x 8 m stór og snýr ASA-VNV. Innanmál tóftarinnar er um 4x2 m. Veggir tóftarinnar eru um 3 m á breidd og hleðslur eru nokkuð signar. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar en þar sem lítið virðist um hleðslugrjót á svæðinu gæti hún hafa verið eingöngu hlaðin úr torfi. Ytri hliðar tóftar eru vel greinilegar en veggir eru hærri að utan en innan. Veggir eru um 1 m á hæð að utan en aðeins tæpir 0,3 að innan verðu. Vegna sigs er enginn inngangur greinanlegur. Hlutverk er óþekkt en hugsanlega gæti tóftin hafa verið fjárskýli.



Tóft 013, horft til NNV


Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: BFE: Fornleifaskráning við Þjórsá_Urriðafossvirkjun (51:1)

RA-390:014 gripir
Í texta eftir Pál Sigursson í Safn til sögu Íslands segir m.a.: "Í skriðu norðan í Stóru-Dímon fannst fyrir stuttu hlekkjafesti með bogalöguðum hólk eða hespu í öðrum enda; það er líkast, að þetta verið hafi partr af fornum fjötri, en þessu var því miðr, eytt af þeim er fundu, áðr en það varð hljóðbært," Stóri-Dímon er um 2,4 km austan við bæ 001 og um 1,1 km suðvestan við Ósinn á suðurbakka Þjórsár á mörkum Akbrautar RA-391 og Kaldárholts. Nákvæm staðsetning gripafundar er óþekkt.
Stóri-Dímon er 5-15 m há, um 300 x 100 m stór stuðlabergsborg á sendnum og hálfgrónum bakka Þjórsár. Hlíðar hans eru grýttar og sendnar en rætur hans eru grónar mosa, lyngi og víði. Grýtt sandflag og rof er á flatlendinu allt í kring um borgina.
Ekkert sést til fornleifa.
Heimildir: PS: "Um forn örnefni" StSÍ II, 545

RA-390:015 heimild um leið 63°59.510N 20°29.114V
Leið lá frá Kaldárholti í SSV um árbakka Þjórsár yfir Ártangavað [027] á Kaldárholtslæk yfir að Gíslholti GK-380.
Á þessu svæði er þýft graslendi, sendnir árbakkar og mýrar.
Engar greinilegar götur sáust á svæðinu en ekki er ólíklegt að einhversstaðar á leið frá Kaldárholti að Kaldárholtslæk finnist óljósar leifar gatna. Samkvæmt skráningu Bjarna F. Einarssonar sem gerð var fyrir Landsvirkjun við mat á umhverfisáhrifum vegna Urriðafossvirkjunar má t.d. sjá leifar reiðgatna sunnan við tóft 013. Þjórsá hefur örugglega máð einhverjar í burtu. Göturnar hafa hugsanlega tengst götum RA-380:016 í suðri í landi Gíslholts.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: BFE: Fornleifaskráning við Þjórsá_Urriðafossvirkjun (51:1)

RA-390:016 *Selhvammur* örnefni sel 64°00.099N 20°26.717V
"Suður af Innstahól liggja svonefndar hellishæðir, austast í þeim er Selhvammur," segir í örnefnalýsingu. Selhvammur er í suðaustanverðum Hellishæðum ofan við Fláana um 1,4 m austan við bæ 001 og um 540 m sunnan við beitarhús 017.
Selhvammur er vel gróinn grasi, mosa og víðikjarri. Hvammurinn er um 100 x 50 m stór og snýr NNV-SSA frá Hellishæðum niður á flatlendi.
Ekkert sést til fornleifa í hvamminum eða næsta nágrenni. Ekki er vitað hvort sel var í Selhvammi en ekki er ólíklegt að selið sé horfið vegna landrofs.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kaldárholt, 2

RA-390:017 *Fjárhúsholt* tóft beitarhús 64°00.387N 20°26.668V



Beitarhúsatóft 017


Beitarhúsatóft 017, horft til suðausturs

"Suður af Innstahól liggja svonefndar Hellishæðir, austast í þeim er Selhvammur [016], en milli þeirra og Naustaness [008] er Fjárhúsholt," segir í örnefnalýsingu. Tvískipt beitarhús er á Fjárhúsholti um 1,5 km ANA við bæ 001 og um 310 m ASA við beitarhús 044.
Beitarhústóftin er í brattri brún stuðlabergsrana sem rís 3-4 m upp úr Fjárhúsholti og liggur NNA-SSV efst á

holtinu. Raninn er vel grasigróinn í toppinn þar sem tóftin er en rofabörð og bert stuðlaberg er allt um kring í hlíðum hans. Hlíðar ranans þar sem tóftin er halla 20-30° að norðan, sunnan og austan en aðeins 5-15° að vestan. Tóftin er tvískipt, um 12 x, 9-11 m stór og snýr VNV-ASA. Veggir hennar eru um 2 m á breidd, 0,2-1,2 m á hæð og nokkuð signir. Hólf A er stærst og greinilegast. Hólfið er um 9 x 2 m að innanmáli og snýr VNV-ASA. Veggir eru teknir að hrynja inn í tóftina í austurenda að innanverðu. Ytri veggur er þar illa rofin vegna vatns og vinda og einnig farinn að hrynja niður brekkuna að austanverðu. Veggir eru annars grasi- og mosagrónir en þó glittir víða í hleðslugrjót. Gengið var inn að vestan. Inngangur er enn greinilegur á hólfi A og er hann um 0,5 m á breidd. Hólf B er hins vegar orðið mjög óskýrt og sigið. Hólfið er um 3 m sunnan við hólf B. Innanmál þess virðist hafa verið um 6 x 2 m og snýr eins og hólf A. Hólf B virðist eldra en hólf A. Tóftin er um 3 m styttri í vesturendann að sunnan við hólf B en að norðan við hólf A. Austurhlið hólfs B er einnig tekin að hrynja niður brekkuna að austan vegna rofs. Húsin kunna að hafa verið jötuhús þar sem engar garðaundirstöður eru sjáanlegar og hólfin eru frekar mjó að innan Ekki er ólíklegt að eldri tóft á þessum stað hafi verið endurnýtt sem beitarhús.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Kaldárholt, 2

RA-390:018 *Stekkjabakkar* örnefni stekkur 64°00.319N 20°26.911V
"Suður og suðvestur af því [017] og austan í Ásnum eru valllendisbakkar, sem heita Ásbakkar; austast á þeim heita Stekkjabakkar," segir í örnefnalýsingu. Stekkjabakkar eru um 1,3 km austan við bæ 001. Þeir eru um 240 m suðvestan við beitarhús 017 og um 260 m SSA við beitarhús 044.
Á þessu svæði er smáþýft grasi- og mosagróið víðáttumikið flatlendi.
Ekkert sést til fornleifa og gæti stekkurinn hafa horfið vegna rofs en þó er ekki ólíklegt að stekkurinn hafi verið endurnýttur sem beitarhús (sjá 017).
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kaldárholt, 2

RA-390:019 *Messuvað* heimild um vað 63°59.369N 20°26.952V
"Suðausturhluti Kaldárholtsmýrar er kallað Messuvaðsmýri, og ber hún nafn af vaði á Kaldárholtslæk, sem heitir Messuvað," segir í örnefnalýsingu. Messuvað var líklega um 2 km suðaustan við bæ 001. Eins og nafnið gefur til kynna var líklega farið yfir lækinn á þessum stað á leið til messu í Haga. Líklega er það sama leið og sést í landi Haga RA-387:023.
Í landi Kaldárholts er allhár rofbakki þar sem líkur eru til að farið hafi verið yfir lækinn. Þar hefur mikið hrunið úr bakkanum ofan í lækinn og verið troðið niður af skepnum, liklega hrossum. Í landi Haga sunnan við lækinn er flatur og sléttlendur bakki. Greinilegt er að hross fara yfir lækinn á þessum stað.
Ekki sést til annarra ummerkja um vaðið en nýlegur troðningur hrossa (sjá leið 050).
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kaldárholt, 2



Messuvað 019, horft til suðurs

RA-390:020 *Kaldárholtsbót* garðlag áveita 63°59.636N 20°26.010V
"Ofan frá Melum og alla leið niður að Kaldárholtslæk ganga tvö hóldrög, sem heita Rimar, en svæðið milli þeirra heitir Milli Rima. Þar austur af, að landamerkjum Saurbæjar, sem markast af áveituskurði, heitir Kaldárholtsbót," segir í örnefnalýsingu. Leifar áveitugarðlaga eru enn greinanlegar á engjunum um 2,3 km ASA við bæ 001. Samkvæmt Guðrúnu L. Magnúsdóttur heimildamanni voru áveitur sameiginlegar frá Saurbæ og Kaldárholti á þessu svæði. Sá hluti áveitunnar sem hlaðinn var Saurbæjarmeginn við landamerkin var skráður undir númeri RA-386:004.
Á þessu svæði er þýfð grasi- og mosagróin framræst mýri.
Einn garður var skráður á engjunum rétt ofan og norðan við þjóðveg 2869 heim að bæ 001. Garðurinn er torfhlaðinn, um 390 m á lengd, 1-2 m á breidd og 0,2-0,5



Áveitugarður 020, horft til SSA


m á hæð. Hann er grasi- og mosagróinn en nokkuð rofinn vegna hrossabeitar og jarðskjálfta. Garðurinn kemur í ljós í NNV í rofabarði og liggur um 60 m í SSA áður en hann beygir í suðaustur. Um 240 m suðaustar beygir garðurinn aftur og heldur áfram um 90 m í ANA. Þar hverfur hann í skurð. Samkvæmt heimildamanni í Kaldárholti voru áveita í Saurbæ og Kaldárholti tengdar, þá voru engin skil sérstaklega merkt milli jarðanna með girðingu eða öðru slíku. Fleiri garðlög leynast örugglega á engjunum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kaldárholt, 2

RA-390:021 *Ferstikla* þúst fjárskýli 63°59.090N 20°29.097V



Á mynd til vinstri er þúst 021A, horft til norðausturs. Á mynd til hægri er þúst 021B, horft til suðvesturs

"Suðvestur í Breiðumýri, á Dragbakka, eru tóttarbrot, sem heita Ferstikla," segir í örnefnalýsingu. Ferstikla er um 2,2 km SSV við bæ 001 og um 420 m ASA við tóft 013. Þar eru tvær mjög þýfðar og grasigrónar hringlaga þústir. Bjarni F. Einarsson skráði einnig Ferstiklu fyrir Landsvirkjun við mat á umhverfisáhrifum Urriðafossvirkjunar.



Þúst 021B til vinstri og þúst 021A til hægri

Á þessu svæði er þýfður grasi- og mosagróinn mói. Þústirnar eru um 5 m suðaustan við djúpan ræsisskurð sem liggur NNA-SSV frá bæjartúnum Kaldárholts í norðri að Kaldárholtslæk í suðri 0,5-1 km austan við Þjórsá.
Í skráningu Bjarna F. Einarssonar segir um þústirnar: "Aðalnr. 50 ... Rústir. 1) Rúst. 12 x 15 m (NA-SV). Veggir úr torfi, ca. 2 - 3 m breiðir og 0,3 - 0,6 m háir. Rústin er þýfð og vel gróin. Ekki er hægt að greina einstök hólf svo öruggt sé, en ýmislegt bendir til þess að þau hafi verið nokkur. 7 m NA af 1) er 2): 2) Rúst. 15 x 17 m (NA - SV). Veggir úr torfi, ca. 2 m breiðir og 0,3 - 0,5 m háir. Rústin er þýfð og vel gróin. Ekki er hægt að greina einstök hólf í aðalrústinni (hólf A), en ofan á henni er yngri rúst (hólf B) ca. 5 x 9 m (NV - SA). Veggir hennar eru ca. 1 m breiðir og 0,2 - 0,4 m háir. Dyr eru á henni mót NV. Hugsanlega eru fleiri rústir NA og SV við rústirnar. Nafnið Ferstikla bendir til þess að hér hafi verið fjárborgir eða fjárskjól." Þústirnar tvær eru lítið annað en tveir stórir þúfnahringir hlið við hlið á svæði sem er um 35 m á lengd, um 20 m á breidd og snýr NNA-SSV. Mjög erfitt er að sjá út nokkur greinileg hólf í þústunum en eftir staðsetningu, stærð og lögun að dæma eru þústirnar líklega leifar fjárskýla eða -borga. Þústirnar eru gróflega hringlaga og vel grónar grasi og mosa. Þúst A er norðar. Hún er um 20 m í þvermál og snýr VNV-ASA. Þúst B er um 10 m SSV við þúst A. Þúst B er um 15 m í þvermál og snýr VSV-ANA. Þústirnar eru báðar um 0,3-1 m á hæð og illa niðurtroðnar vegna ágangs búpenings. Hugsanlega er hægt að sjá út óljós hólf í þústunum tveimur en vegna gríðarlegar þúfumyndunar var ekki hægt að lýsa þeim neitt nánar.
Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Kaldárholt, 2; BFE: Fornleifaskráning við Þjórsá_Urriðafossvirkjun

RA-390:022 *Steinbogi* heimild um vað 63°59.305N 20°26.502V
"Á Kaldárholtslæk eru þessu vöð: Austast er Steinbogi, næst Bæjarholtsvað [023], þá Messuvað [019] og svo Breiðabakkavað [024], þá Brúnkolluvað [025] og Brotið [026], en næst Þjórsá Ártangavað [027]," segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt Guðrúnu Magnúsdóttur, heimildamanni, er vaðið við klapparnef þar sem eru flúðir á læknum. Steinbogi er um 2,3 km suðaustan við bæ 001 og um 385 m ASA við Messuvað 019.
Bakkar lækjarins eru lágir við Steinboga og lækurinn er tiltölulega mjór, eða um 3 m breiður. Klöpp er í lækjarfarveginum og myndast flúðir á henni.
Ekki sést til gatna eða annarra ummerkja við Steinboga. Ekki er vitað á hvaða leið vaðið var (sjá leið 050).
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kaldárholt, 3; IE-örnefnauppdráttur, Kaldárholt

RA-390:023 *Bæjarholtsvað* heimild um vað 63°59.319N 20°26.197V
"Á Kaldárholtslæk eru þessu vöð: Austast er Steinbogi [022], næst Bæjarholtsvað, þá Messuvað [019] og svo Breiðabakkavað [024], þá Brúnkolluvað [025] og Brotið [026], en næst Þjórsá Ártangavað [027]," segir í örnefnalýsingu. Röð vaðanna á Kaldárholtslæk í örnefnaskrá annars vegar og á örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar hins vegar ber ekki saman. Við skráningu var farið eftir örnefnakorti og ábendingum Guðrúnar Magnúsdóttur, heimildamanns. Vaðið er skráð um 250 m austan við Steinboga og um 2,5 km suðaustan við bæ 001.
Lækjarbakkarnir eru fremur lágir en brattir þar sem líklegt er að Bæjarholtsvað hafi verið. Sunnan lækjarins tekur við hátt holt í landi Haga, Bæjarholt, en norðan lækjarins í landi Kaldárholts er Bótólfskelda.
Engin ummerki eða götur sjást við vaðið. Ekki er vitað á hvaða leið vaðið var (sjá leið 050).
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kaldárholt, 3; IE-örnefnauppdráttur, Kaldárholt

RA-390:024 *Breiðabakkavað* heimild um vað 63°59.278N 20°27.748V
"Á Kaldárholtslæk eru þessu vöð: Austast er Steinbogi [022], næst Bæjarholtsvað [023], þá Messuvað [019] og svo Breiðabakkavað, þá Brúnkolluvað [025] og Brotið [026], en næst Þjórsá Ártangavað [027]," segir í örnefnalýsingu. Röð vaðanna á Kaldárholtslæk í örnefnaskrá annars vegar og á örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar hins vegar ber ekki saman. Við skráningu var farið eftir örnefnakorti og ábendingum Guðrúnar Magnúsdóttur, heimildamanns. Breiðabakkavað var á Kaldárholtslæk um 1,8 km SSA við bæ 001.
Á þessu svæði er lækurinn um 4 m breiður og straumlítill en trúlega ekki stígvélafær. Bakkar hans eru 1-3 m há rofabörð en hægt hefur verið að fara yfir með því að ganga utan í bökkunum niður að læknum. Niður við lækinn eru sendnir bakkar báðum megin.
Götur [050] eru meðfram læknum endilöngum frá Þjórsá allt upp með læknum en virðast þó ekki tengjast vöðunum neitt sérstaklega. Ekki er vitað á hvaða leið vaðið var.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kaldárholt, 3

RA-390:025 *Brúnkolluvað* heimild um vað 63°59.317N 20°26.117V
"Á Kaldárholtslæk eru þessu vöð: Austast er Steinbogi [022], næst Bæjarholtsvað [023], þá Messuvað [019] og svo Breiðabakkavað [024], þá Brúnkolluvað og Brotið [026], en næst Þjórsá Ártangavað [027]," segir í örnefnalýsingu. Röð vaðanna á Kaldárholtslæk í örnefnaskrá annars vegar og á örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar hins vegar ber ekki saman. Við skráningu var farið eftir örnefnakorti og ábendingum Guðrúnar Magnúsdóttur, heimildamanns. Samkvæmt örnefnakorti er Brúnkolluvað skammt austan við Bæjarholtsvað 023. Vaðið var að líkindum um 2,5 km suðaustan við bæ 001 og um 70 m austan við Bæjarholtsvað.
Lágur bakki er við lækinn í landi Kaldárholts en hátt Bæjarholt er fast við lækinn í landi Haga.
Engin ummerki eða götur sjást við vaðið. Ekki er vitað á hvaða leið vaðið var (sjá leið 050).
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kaldárholt, 3; IE-Örnefnauppdráttur, Kaldárholt

RA-390:026 *Brotið* heimild um vað 63°58.804N 20°29.260V
"Á Kaldárholtslæk eru þessu vöð: Austast er Steinbogi [022], næst Bæjarholtsvað [023], þá Messuvað [019] og svo Breiðabakkavað [024], þá Brúnkolluvað [025] og Brotið, en næst Þjórsá Ártangavað [027]," segir í örnefnalýsingu. Röð vaðanna á Kaldárholtslæk í örnefnaskrá annars vegar og á örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar hins vegar ber ekki saman. Við skráningu var farið eftir örnefnakorti og ábendingum Guðrúnar Magnúsdóttur, heimildamanns. Brotið er á Kaldárholtslæk um 2,7 km sunnan við bæ 001 og um 300 m austan við Ártangavað 027.
Kaldárholtslækur er hér um 10 m á breidd, straumlítill og stígvélafær. Botn lækjarins er sendinn og bakkar hans

eru sendnir báðum megin. Auðvelt er að komast yfir.
Mjór sendinn slóði liggur niður að vaðinu í bakka sem hallar 10-20° niður að læknum. Ekki er vitað á hvaða leið vaðið var (sjá leið 050).
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kaldárholt, 3

RA-390:027 *Ártangavað* heimild um vað 63°58.839N 20°29.626V
"Á Kaldárholtslæk eru þessu vöð: Austast er Steinbogi [022], næst Bæjarholtsvað [023], þá Messuvað [019] og svo Breiðabakkavað, þá Brúnkolluvað [025] og Brotið [026], en næst Þjórsá Ártangavað," segir í örnefnalýsingu. Röð vaðanna á Kaldárholtslæk í örnefnaskrá annars vegar og á örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar hins vegar ber ekki saman. Við skráningu var farið eftir örnefnakorti og ábendingum Guðrúnar Magnúsdóttur, heimildamanns. Ártangavað er um 2,7 km SSV við bæ 001 þar sem Þjórsá og Kaldárholtslækur mætast.
Kaldárholtslækur er um 8 m breiður, straumlítill og hugsanlega stígvélafær á þessum slóðum. Aureyri er í miðjum læknum og sendinn botn. Bakkar hans eru einnig sendnir og auðvelt að komast upp og niður frá læknum.
Ekkert sést til fornleifa. Líklega hefur verið farið yfir Ártangavað á leið RA-390:015 frá Kaldárholti yfir að Gíslholti RA-381 og Kambi RA-381.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kaldárholt, 3

RA-390:028 *Fornufjós* heimild um fjós 64°00.188N 20°28.535V
"Suðvestur af bænum eru gamlar tættur, sem heita Fornufjós, en í suður er hóll, Akurhóll [029]," segir í örnefnalýsingu. Fornufjós eru um 115 m vestan við bæ 001.
Fornufjós voru á hrygg í túninu í framhaldi af Akurhól til suðausturs.
Að sögn Guðrúnar Magnúsdóttur, heimildamanns, var sléttað úr tóftunum í ásku Gísla Helgasonar sem var fæddur og uppalinn á jörðinni. Þar er nú slétt tún og sést ekki til neina ummerkja um þau.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Kaldárholt, 3

RA-390:029 *Akurhóll* örnefni akur 64°00.170N 20°28.619V
"Suðvestur af bænum eru gamlar tættur, sem heita Fornufjós [028], en í suður er hóll, Akurhóll," Segir í örnefnalýsingu. Akurhóll er um 190 m vestan við bæ 001.
Akurhóll er stór og afgerandi hóll í túni austan Þjórsár.
Eki sést til minja um akur sem hóllinn getur hafa dregið nafn sitt af. Guðrún Magnúsdóttir, heimildamaður, sagði frá því að hundur hefði veikst eftir að hafa grafið í hólinn. Að sögn Guðrúnar er hóllinn huldufólksbústaður en ekki er vitað um neinar sagnir um huldufólk í hólnum. Að sögn heimildarmanns segir Guðmundur Daníelsson, rithöfundur frá Guttormshaga, á einum stað í ritum sínum frá vinnumanni sem vildi grafa í hólinn til að vita hvort hann væri holur að hinnan og hálfdrapst við það. Ekki fengust upplýsingar um það hvar þessa frásögn er að finna.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kaldárholt, 3

RA-390:030 *Laugavað* gryfja vað
63°59.382N 20°27.112V
Laugavað er á Kaldárholtslæk um 60 m vestan við sundlaug 033 og um 1,9 km sunnan við bæ 001.
Rof er Hagamegin við lækinn og sandeyri neðan við það en annars er nokkuð hár bakkinn þeim megin.
Í landi Kaldárholts er troðin geil niður að vatninu þar sem farið var yfir á Laugavaði. Ekki er vitað fyrir víst á hvaða leið vaðið er (sjá 050) en líklegt er að það sé á leið milli Haga RA-387 og Kaldárholts RA-387:023. Sennilega var einnig farið yfir Kaldárholtslæk á Messuvaði 019 á þessari leið.
Hættumat: engin hætta



Yfirlitsmynd af áveitumannvirkjum 031 í Veitunni

RA-390:031 *Veitan* garðlag áveita
64°00.072N 20°28.105V
Áveitugarðar eru í Veitunni og þar sem heitir Rásir. Mannvirkin eru um 300 m suðaustan við bæ.

Samkvæmt Guðrúnu Magnúsdóttur, heimildamanni, voru skörð gerð í garðana og í þeim voru lok sem notuð voru til að stjórna vatnsflæðinu.
Áveitugarðarnir eru í flatlendu mýrlendi sem hefur verið ræst fram með skurðum og ræktað að hluta.
Áveitugarðarnir sjást á svæði sem er um 600x900 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þeir hafa raskast vegna skurðgraftar og túnræktunar á hluta svæðisins. Á svæðinu sjást a.m.k. 5 garðar. Eftir svæðinu endilöngu liggur garður A í hlykkjum frá suðvestri til norðausturs. Hann er um 930 m á lengd. Suðvestan við mitt áveitusvæðið er garðlag B sem liggur nokkurn veginn í L frá túni í norðvestri til suðausturs og svo beygir hann til norðausturs. Þessi garður er samtals um 670 m langur. Stuttur garður C liggur af miðjum þessum garði til norðausturs, er um 130 m langur. Garður D liggur til norðvesturs að túni af garði A, norðaustarlega á áveitusvæðinu. Hann er um 180 m á lengd. Að lokum sést garður F norðaustast á svæðinu en hann er sá eini sem skoðaður var nánar á vettvangi. Garðurinn liggur til norðvesturs frá gerði umhverfis fjárhús 035. Hann er um 260 m langur og er um 0,7 m á breidd og 0,5 m á hæð, torfhlaðinn og gróinn. Ekki sáust áveituskurðir á svæðinu.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

RA-390:032 þúst brunnur 64°00.211N 20°28.509V
Gamall brunnur er um 75 m vestan við bæ 001.
Brunnurinn er í túni, um 20 m norðvestan við núverandi íbúðarhús.
Búið er að fylla upp í brunninn og sést þar aðeins dæld sem er um 2 m í þvermál og um 0,1 m á dýpt. Að sögn Guðrúnar Magnúsdóttur, heimildamanns, er brunnurinn gamall og hlaðinn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-390:033 gryfja sundlaug 63°59.416N 20°27.057V




Gryfja 033


Leifar af sundlaug 033, horft til austurs

Guðrún Magnúsdóttir, heimildamaður, greindi frá því að sundlaug hefði verið hlaðin úr torfi þar sem heit uppspretta er við Kaldárholtslæk, um 1,9 m sunnan við bæ 001. Sund var kennt í lauginni á árunum 1900-1920 en hún skemmdist nokkuð árið 2004 þegar unnið var að gerð heits potts við laugina.
Sundlaugin er við bakka Kaldárholtslækjar innan gamallar sumarbústaðarlóðar. Hætt er að nota lóðina og hefur sumarhúsið verið flutt af henni.
Sundlaugin virðist að mestu niðurgrafin, er um 10x10 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Rof er í bakka hennar í suðausturhorni og með norðurhlið. Op er á lauginni til suðurs þar sem eru leifar af hlöðnum garði en líklega hefur verið e.k. spjald í gati þar til að stjórna rennslinu. Mesta dýpt laugarinnar er um 1 m en mikið hefur runnið í hana af sandi. Ekki rennur vatn í hana nú.
Hættumat: engin hætta

RA-390:034 frásögn brunnur 64°00.220N 20°28.197V
Brunnur sem ennþá er notaður fyrir neysluvatn á bænum er um 185 m austan við bæ 001.
Brunnurinn er skammt utan túns, norðan við afgirtan trjálund.
Brunnurinn hefur verið steyptur en á Guðrúnu Magnúsdóttur, heimildamanni, mátti skilja að brunnurinn hafi verið notaður lengi. Ekki er vitað hvort hann hefur verið hlaðinn.
Hættumat: engin hætta

RA-390:035 tóft þvottastaður 64°00.163N 20°28.739V
Uppsprettulind með um 60° heitu vatni er um 280 m vestan við bæ 001 og var þvottur þveginn og vambir




Tóft 035



Tóft 035, horft til suðausturs

skolaðar í laug skammt frá henni samkvæmt Guðrúnu Magnúsdóttur, heimildamanni. Laugin sést enn.
Lindin er að því er virðist í dæluhúsi en hún kemur upp undan háum bakka Þjórsár. Til norðurs eru grónar áreyrar og til suðurs eru tún.
Laugin sem þvotturinn var þveginn í er um 45 m suðvestan við dæluhúsið og sjást engin ummerki þess að rennsli úr lindinni hafi verið stýrt inn í hana. Hún er um 3x4 m að stærð, grjóthlaðin og snýr norðaustur-suðvestur. Aðeins sést einföld röð steina standa upp úr sverði. Rof hefur komið í veggi laugarinnar í báðum endum. Mesta hleðsluhæð er um 0,4 m.
Hættumat: engin hætta

RA-390:036 tóft+garðlag beitarhús 64°00.034N 20°27.978V



Beitarhúsatóft 036




Beitarhúsatóft og garðlag 036, horft til suðurs

Beitarhúsatóft er innan gerðis, um 500 m suðaustan við bæ 001. Innan gerðisins var einnig hesthús sem löngu er búið að rifa.
Minjarnar eru í aflíðandi brekku í góðu skjóli sunnan við endann á Ásnum. Mikil mýraflæmi eru til suðurs og vesturs.
Gerðið markar af svæði sem er um 130x75 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Beitarhúsatóftin A er fremur ungleg og óvíst að hún sé yfir 100 ára gömul en hún er þó skráð vegna forns byggingarlags og óvissu um nákvæman aldur. Beitarhúsin voru notuð í búskapartíð núverandi ábúanda. Tóftin er um 24x16 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún skiptist í tvö hólf; fjárhús I og hlöðu II. Hlaðan II er um 5x12 m að innanmáli og snýr norður-suður. Hún er grjóthlaðin að innan eins og öll tóftin og er mesta dýpt hennar um 2 m. Fjárhúsin I eru um 16x7 m að innanmáli og snúa austur-vestur. Í þeim eru tveir garðar sem eru hlaðnir og steypt plata ofan á þeim. Garðarnir eru langsum í hólfinu um 1 m frá veggjum. Þeir eru um 14x0,5 m að stærð og um 0,4 m á hæð. Mesta hleðsluhæð tóftarinnar er um 1,3 m og mest sjást um 5 umför af hleðslu. Fast norðan við tóftina er stór hóll, B

sem er um 20x30 m að stærð og snýr austur-vestur. Hann er um 1 m á hæð. Að sögn Guðrúnar Magnúsdóttur, heimildamanns, voru hesthús á hólnum sem voru rifin um miðbik 20. aldar þegar eiginmaður hennar, Gísli Helgason, var drengur. Líklegt er að frekari mannvistarleifar leynist þar undir sverði. Gerðið C umhverfis minjarnar er lítið annað en grjótröð í brekkunni til norðausturs en neðst í túninu sem það girti af er garðurinn gróinn og er um 0,5 m á hæð og breidd. Túnið var slegið í eina tíð en ekki með vélum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-390:037 tóftir fjárhús 64°00.273N 20°28.243V



Fjárhústóftir 037



Tóft 037A, hólf IV, horft til suðvesturs



Tóft 037B, hólf I, horft til suðvesturs

Tvær tóftir eru um 165 m austan við bæ 001. Það eru leifar fjárhúsa og hlöðu sem Guðrún Laufey Magnúsdóttir og Gísli Helgason reistu á sinni búskapartíð en Guðrún Laufey býr enn á bænum. Minjarnar eru skráðar vegna fornlegs byggingarlags þrátt fyrir að vera ekki fornleifar í lagalegum skilningi.
Tóftirnar eru í túnjaðri.
Tóftirnar eru á svæði sem er um 30x50 m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur. Tóft A er í norðausturenda svæðisins. Hún er torf- og grjóthlaðin og skiptist í fimm hólf. Tóftin eru um 19x18 m að stærð, snýr suðaustur-norðvestur. Hólf I er í suðaustur-enda, það er um 11x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Inn af því til norðausturs er ógreinilegt hólf II en ekki er veggur sem aðskilur þau. Það er um 1,5x6 m að innanmáli og snýr suðaustur-norðvestur. Lítið hólf III er við norðvestur-enda þess og er lágur veggur sem aðskilur þau. Hólfið er um 1,5x0,5 m að innanmáli, snýr norðaustur-suðvestur. Í austurhorni hólfs I er hrúga sem er um 2x2 m að stærð og er bárujárn í henni og leifar af grjóti og torfi. Í norðurhorni er gengið inn í hólf IV sem er um 5x2 m að innanmáli og snýr suðvestur-norðaustur. Vestan við vesturhorn hólfs I er hólf V sem er um 7x2,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á því í suðurhorni. Op er einnig á hólfi I í suðurhorni og í vesturhorni en sá inngangur er stór og breiður og líklegt að þar hafi orðið rask. Mesta hleðsluhæð tóftar er um 1 m og sjást mest 5 umför hleðslu. Tóft B er um 15 m suðvestan við tóft A. Hún skiptist í fjögur hólf, er torf og grjóthlaðin. Tóftin er um 20x18 m að stærð og snýr suðaustur-norðvestur. Hólf I er í suðvesturenda. Það er um 4x8 m að innanmáli og snýr suðvestur-norðaustur. Ekki eru veggir fyrir norðaustur- eða suðvesturendum. Tveir garðar eru meðfram hólfinu endilöngu. Þeir eru um 0,5x7 m að stærð og eru um 0,3 m á hæð. Þeir eru hlaðnir og er steypt plata ofan á þeim en mögulega hefur suðaustari garðinn allur verið steyptur. Um 2 m eru á milli garða. Hólf II er stór og

djúp hlaða sem er um 18x5 m að innanmáli, niðurgrafin. Hún snýr suðaustur-norðvestur. Mesta dýpt hlöðunnar er um 3 m en hún virðist ekki hafa verið hlaðin að innan. Utan við austurhorn fjárhúshólfs, í hlöðu er hólf III. Það er lítið og ógreinilegt. Er um 2x2 m að innanmáli, op inn í hlöðu til norðausturs. Dálítil dæld er fast við miðjan utanverðan vegg hólfs I til suðausturs sem er um 2x2 m að innanmáli, opin til suðausturs. Mesta hleðsluhæð tóftar er um 1,3 m og sjást mest um 5 umför hleðslu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar


RA-390:038 *Móbakkar* örnefni mógrafir 64°00.711N 20°26.672V
Móbakkar eru í suðurbakka Þjórsár sunnan og austan við Kríueyri um 1,5 m norðaustan við bæ 001. Kríueyri er smám saman að hverfa í Þjórsá. Kríueyri er um 1,7 km norðaustan við bæ 001 og um 560 m VSV við tóft 008.
Móbakkar eru nokkuð vel grasigrónar brekkur sem halla í norður, norðaustur og austur niður að Kríueyri og Þjórsá. Kríueyri eru nú aðeins lítið holt í sendnum farvegi Þjórsár og er áin smátt og smátt að rjúfa það í burtu. Eyrin liggur gróflega austur-vestur og er nú varla 2-3 m á hæð, 300 x 50-100 m stór. Hún er örlítið gróin grasi, lyngi og víði en að þó að mestu sendið rofabarð.
Í stóru þverhnýptu rofabarði í Kríueyrinni norðanverðri glittir í þykk lög af mó en engin ummerki um mótekju eru þó á svæðinu.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Kaldárholt

RA-390:039 frásögn huldufólksbústaður
64°00.518N 20°27.440V
Samkvæmt Guðrúnu L. Magnúsdóttur heimildamanni, býr huldufólk í Veiðibjölluhól sem eru háir stuðlabergsklettar um 950 m norðaustan við bæ 001 og um 100 m ASA við Einbúa.
Klettarnir eru mosa- og lyngigrónir, um 300 x 200 m að stærð, 10-30 m háir og liggja NNA-SSV meðfram bakka Þjórsár.
Ekkert sést til fornleifa. Gísla heitinn Helgason bónda í Kaldárholti, eiginmann Guðrúnar L. Magnúsdóttur heimildamanns, langaði að byggja sumarbústað í Helguhól sem er um 500 m austan við Veiðibjölluhól en var ekki viss hvort það væri óhætt vegna huldufólksbústaða í nágrenninu. Nótt eina dreymdi hann huldukonu sem gaf samþykki sitt fyrir byggingu bústaðarins.
Hættumat: engin hætta



Huldufólksbústaður 039, horft til norðvesturs

RA-390:040 hellir fjárskýli 64°00.224N 20°26.566V



Samkvæmt Guðrúnu L. Magnúsdóttur var hellir höggvinn í móbergið í Hellishólum um 1,5 km austan við bæ 001. Hellirinn er um 1,5 km austan við bæ 001, um 320 m SSA við beitarhús 017 og um 260 m NNA við Selhvamm 016.
Efst í Hellishæðum í suðausturbrún þeirra sjást margar fallegar veðrunarmyndarnir í móbergi í austurhorni stórs rofabarðs. Umhverfis hellaleifarnar eru bæði moldarbörð og grasi- og lyngigrónir móar.

Hellirinn er fullur af sandi og mold svo aðeins sést í þak hans sem farið er að brotna niður. Aðeins er nú tæpur




Á vinstri mynd er hellir 040, horft til NNV. Á hægri mynd er óljós hleðsla, horft til NNV

0,5-1 m upp í kúpt móbergsþak. Óljóst er hvorum megin gengið hefur verið inn en líklegra er að það hafi verið að suðaustanverðu þar sem að um 0,4 m djúp rás er í móberginu þar sem hugsanlega hefur mikið verið gengið. Hellisopið er um 3 m á breidd að norðvestan og 1,5 m breitt að suðaustan. Trúlega hefur hellirinn verið fjárskýli. Rétt norðvestan við hellisopið glittir í veggjahleðslur í grasinu en þær eru mjög óljósar. Tæpum 25 m suðvestar er eins og jarðfall hafi orðið í móbergið og er hugsanlegt að þar hafi verið annar hellir. Holan er um 4 x 2 m stór og í henni er beinagrind af dauðu hrossi (2010). Holan er 0,2-0,4 m djúp og snýr austur-vestur. Inn í þennan helli hefur trúlega verið gengið að norðvestan því norðvestan við holuna eru eldri yfirgróin jarðföll sem hgsanlega tilheyrðu áður einnig þaki hellis. Ólíklegt er að þessi ummerki séu manngerður hellir.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Kaldárholt


RA-390:041 heimild 64°00.091N 20°28.638V
Samkvæmt túnakorti var skurður við vesturenda heimatúnsins sem ætla má að hafi verið handgrafinn. Skurðurinn var um 30 m suðvestan við bæ 001.
Sléttað tún. Til norðvesturs er lækur sem rennur eftir gili að Þjórsá.
Búið er að fylla upp í skurðinn og hann er kominn í tún. Í túninu sést lægð þar sem hann hefur legið til norðvesturs að læknum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1917

RA-390:042 þúst 64°00.508N 20°27.665V
Óljós þúst er um 810 m norðaustan við bæ 001 og fast sunnan við nátthaga 043. Bjarni F. Einarsson skráði rúst á þessu svæði árið 2002 fyrir Landsvirkjun vegna mats á umhverfisáhrifum Urriðafossvirkjunar.
Á þessu svæði er þýfður mosa- og grasigróinn móa í brekku sem hallar 5-10° í VNV. Þústin er á um 8 m breiðum og 30 m löngum hjalla sem liggur norðaustur-suðvestur.
Í skráningu Bjarna F. Einarssonar segir um þústina: "Aðalnr. 54 ... Rúst. 14 x 23 m (SV - NA). Veggir úr torfi, ca. 0,5 - 1 m breiðir og 0,2 - 0,4 m háir. Tvö hólf eru á rústinni (hólf A og B). Austurhluti hólfs B er grafinn inn í bakkann og hallar hólfinu svolítið niður brekkuna. Trúlega hefur aldrei verið þak á þessu mannvirki (aðhald, stekkur, kvíar, tengt nátthaganum nr. 55?) [043]."



Þúst 042, horft til NNA

Þústin er einföld, um 14 m á lengd, um 6 m á breidd og snýr NNA-SSV. Hugsanlegir signir veggir eru 1-2 m á breidd og 0,2-0,5 m á hæð. Ekkert hleðslugrjót er sjáanlegt og þústin er tekin að hlaupa í þúfur. Innanmál er 10x3-4 m og enginn inngangur er sjáanlegur. Ekki er alveg víst að hér sé um mannvirki að ræða en þústin var skráð til vonar og vara. Líklegra þykir að hér sé aðeins um uppgróið rofabarð að ræða.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: BFE: Fornleifaskráning við Þjórsá_Urriðafossvirkjun (54:1)




Þúst 042

RA-390:043 *Nátthagi* örnefni nátthagi
64°00.544N 20°27.642V
Á örnefnakorti Kaldárholts er skráður Nátthagi sunnan við Einbúa og suðvestan við Veiðibjölluhól. Engar fornleifar fundust á svæðinu sem er um 870 m norðaustan við bæ 001.
Á þessu svæði er grasigróið flatlendi afmarkað af Einbúa í norðri og Veiðibjölluhól í Ásunum í austri.
Ekkert sést til fornleifa. Ekki er víst að nein eiginleg mannvirki hafi tengst nátthaganum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Kaldárholt

RA-390:044 tóft beitarhús 64°00.454N 20°27.016V



Beitarhúsatóft 044, horft til NNV



Beitarhúsatóft 044

Á örnefnakort Kaldárholts er sauðahús merkt rétt SSV við Helguhól. Tóftir húsanna eru 1,2 km ANA við bæ 001 og um 50 m sunnan við Helguhól.
Á þessu svæði er grasi- og mosagróið, þýft valllendi sem hallar 2-5° til austurs. Fast NNV við tóftina er vegslóði að sumarhúsi aðeins norðaustar við Helguhól. Tóftin er innan girðingar umhverfis sumarbústaðinn og Helguhól en NNV við girðinguna er víðáttumikið rofabarð.
Tóftin er tvískipt, um 18 x 8 m stór og snýr NNV-SSA. Veggir hennar eru hlaðnir úr grjóti og torfi, um 2 m breiðir en nokkuð signir. Í beitarhúsunum eru þeir 0,3-0,5 m á hæð en í hlöðu eru þeir allt að 2 m á hæð (2-8 umför) því hlaðan er a.m.k 1,5 m dýpri en beitarhúsin. Veggir eru grasi- og mosagrónir en þó glittir víða í grjóthleðslur og hleðslur í norðurvegg hlöðu eru mjög greinilegar. Beitarhúsin eru um 10 m x 3 m að innanmáli og snúa NNV-SSA. Grjóthlaðin undirstaða fyrir garða er í tóftinni miðri. Undirstaðan er um 1 m breið og um 0,3 m á hæð. Gengið var inn að sunnan um 1 m breiðan inngang. Hugsanlega er búið að ræna grjóti úr veggjum tóftarinnar. Hlaðan er fast norðan við beitarhúsin. Timburþil hefur trúlega skilið á milli. Hlaðan er um 4 x 3 m að innanmáli og snýr einnig NNV-SSA. Tóftin virðist ekki mjög gömul en þak er algjörlega horfið.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Kaldárholt

RA-390:045 tóft beitarhús 63°59.932N 20°25.768V
Samkvæmt örnefnakorti Kaldárholts var sauðahús norðvestan við Bót, um 2,2 km ASA við bæ 001 og um 840 m



Beitarhúsatóft 045




Beitarhúsatóft og garðlag 045, horft til norðausturs

ASA við Selhvamm 016.
Á þessu svæði rís upp úr mýrinni náttúrulegur, 1-3 m hár grasi- og mosagróinn þýfður rimi sem snýr norðaustur-suðvestur. Þetta svæði kallast Rimar og Milli Rima á Örnefnakorti.
Tvískipt beitarhústóft (A) og rýrt garðlag (B) eru á svæðinu sem er um 220 x 140 m stórt og snýr gróflega norður-suður. Beitarhústóft A er tvískipt, um 16 x 11 m að stærð og snýr ASA-VNV. Tóftin er grasi- og mosagróin en byrjuð að hlaupa í þúfur. Hleðslur tóftarinnar eru útflattar, trúlega vegna jarðskjálfta og hrossabeitar en þó hafa veggirnir hugsanlega verið frekar lágir sem tóftin virðist hafa verið niðurgrafin í rimann. Einnig er hugsanlegt að veggirnir hafi að mestu verið úr timbri og bárujárni sem síðar var fjarlægt eða fauk í burtu. Veggirnir eru 2-3 m á breidd en aðeins 0,2-1 m á hæð og eru þeir hærri að innan en utan. Einn eða tveir hleðslusteinar eru greinanlegir í grasinu í vesturhorni tóftar. Sjálf fjárhúsin eru að vestar. Þau eru um 8 x 5 m að innanmáli og snúa ASA-VNV. Gengið hefur verið inn í húsin að vestanverðu en opið er nú illgreinanlegt. Tvær garðaundirstöður eru greinanlegar í beitarhúsinu en þær eru vel grasigrónar og signar. Undirstöðurnar eru um 4 m á lengd að sunnan og um 7 m að norðan og snúa einnig ASA-VNV. Um 3 m eru á milli þeirra og þær eru um 0,5 m frá veggjum. Undirstöðurnar eru um 0,5 m breiðar, <0,3 m háar og hafa trúlega verið hlaðnar úr grjóti og torfi. Hlaðan var fast austan við beitarhúsin. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar svo trúlega hefur verið skilið á milli með timburþili eða grind. Hlaðan er um 5 x 3 m að innanmáli og snýr NNA-SSV. Hún er a.m.k um 0,5 m dýpri en beitarhúsið. Veggir eru hæstir í hlöðunni. Torfhlaðinn garður B liggur NNA-SSV framhjá austurenda beitarhústóftar. Garðurinn er um 340 m á lengd, 0,4-1 m á breidd og 0,3-0,5 m á hæð. Víða glittir í grjóthleðslur í garðinum en þó er hann að mestu torfhlaðinn. Garðurinn liggur um 220 m NNA-SSV. Um 180 m NNA við tóft A beygir garðlagið og liggur áfram í VSV um 120 m áður en það hverfur í þúfur og móa. Í suðri hverfur garðurinn um 30 m sunnan við tóft A einnig í þúfur og móa. Ekki er alveg ljóst hvaða tilgangi þessi garður þjónaði. Hugsanlega er hann aðeins leifar af hleðslu undir girðingu en einnig gæti hann þjónað sem vörslugarður í tengslum við beitarhúsin.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Kaldárholt

RA-390:046 *Þorláksstekkur* örnefni stekkur 63°59.925N 20°28.816V
Samkvæmt örnefnakorti var Þorláksstekkur um 640 m suðvestan við bæ 001, fast við Veituna 031.
Stekkurinn hefur sennilega þar sem nú eru mörk á milli túns og Veitunnar sem er framræst mýrarsvæði.
Ekki sést til stekkjartóftar á þessum stað en vera má að sléttað hafi verið úr honum við túnrækt eða hann verið grafinn burtu þegar verið var að framræsa mýrina.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Kaldárholt

RA-390:047 *Einarstóft* tóft beitarhús 63°59.569N 20°28.958V
Samkvæmt örnefnakorti var Einarstóft um 1,3 km suðvestur af bæ 001. Þar sést enn stór tóft.
Tóftin er í þýfðum en flatlendum móa austan við uppgróið uppblásturssvæði austan við Þjórsá. Skurður er vestan við tóft.
Tóftin er einföld og snýr nálega norður-suður. Hún er opin í báða enda, þ.e. ekki eru sýnilegir veggir fyrir suður-



Beitarhúsatóft 047




Beitarhúsatóft 047, horft til norðurs

og norðurgöflum og hafa mögulega verið timburþil fyrir þeim áður. Tóftin er um 20x6 m að stærð. Rof er víða komið í veggi hennar. Upphækkun er eftir miðri tóftinni endilangri og var líklega garði í henni. Tóftin virðist vera torfhlaðin og mesta hæð er um 1,2 m.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Kaldárholt

RA-390:048 *Gömlutættur* tóftir beitarhús 63°59.355N 20°28.199V



Gömlutættur 048



Tóft 048A, horft til ASA



Tóft 048B, horft til suðurs

Samkvæmt örnefnakorti Kaldárholts voru sauðahús sem kölluðust Gömlutættur við Breiðabakka í vestanverðri Snorramýri norðan við Kaldárholtslæk og sunnan við Kaldárholtsmýri. Gömlutættur eru fjórar signar tóftir um 1,6 km sunnan við bæ 001 og um 400 m VNV við Breiðabakkavað 024 á Kaldárholtslæk.
Á þessu svæði standa 1-3 m háir grasi- og mosagrónir og þýfðir rimar uppúr Snorramýri og Kaldárholtsmýri.
Tóftirnar fjórar eru í nokkuð beinni röð á svæði sem er um 80 x 30 m stórt og snýr ANA-VSV. Allar tóftirnar eru mjög signar og nokkuð illa farnar vegna ágangs búpenings en þó vel grasigrónar. Hverri tóft er gefinn



Á vinstri mynd er tóft 048C, horft til austurs. Á hægri mynd er 048D, horft til ANA

bókstafur í lýsingu þessari til aðgreiningar. Tóft A er stærst og austast í röðinni. Tóftin er tvískipt, um 16 x 15 m stór og snýr ASA-VNV. Hólfin eru hlið við hlið og svipuð á stærð eða 2-3x12 m að innanmáli og 0,2-0,5 m djúp. Trúlega hefur verið gengið inn að vestan en vegna sigs er það ójóst. Tóftarhóllinn er 1,5-2,5 m á hæð og veggir eru 2-4 m á breidd en ekkert hleðslugrjót er sjáanlegt vegna þúfumyndunar og sigs. Tóft B er um 20 m VSV við við tóft A. Hún er einföld, um 14 x 10 m stór og snýr NNV-SSA. Veggir tóftarinnar eru um 3 m á breidd en engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Veggir tóftarinnar eru 0,5-1 m á hæð að utan en að innan er tóftin <0,4 m djúp trúlega vegna hruns úr veggjum inn í tóftina. Innanmál er 8x4 m. Trúlega hefur verið gengið inn að sunnan en vegna sigs og hrossaslóða er það ekki alveg skýrt. Tóft C er um 15 m vestan við tóft B. Hún er einnig einföld, um 13 x 8 m stór og snýr austur-vestur. Veggir hennar eru 3-4 m á breidd en engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Veggir tóftar eru 0.5-1 m á hæð að utan en hún er <0,5 m djúp að innan trúlega vegna hruns úr veggjum inn í tóftina. Innanmál er 6x2 m. Gengið hefur verið inn að vestan 0,5-1 m breiðan inngang sem nú (2010) er að mestu siginn saman. Tóft D er um 10 m VSV við tóft C. Hún er einföld, um 13 x 8 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir hennar eru um 3 m á breidd en engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Tóftin er <1 m á hæð að utan og <0,4 m djúp að innan trúlega vegna hruns úr veggjum inn í tóftina. Innanmál er 7x2 m. Óljóst er hvar gengið var inn vegna sigs. Lítið sem ekkert framboð er á hleðslugrjóti í mýrunum í landi Kaldárholts svo ekki er ólíklegt að tóftirnar hafi verið alveg torfhlaðnar.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Kaldárholt

RA-390:049 *Vandræðavað* heimild um vað 63°59.302N 20°25.992V
Samkvæmt örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar var Vandræðavað við landamerki á móti Saurbæ RA-386, um 100 m ASA við Brúnkolluvað 025 og um 2,6 km suðaustan við bæ 001.
Lítill lækur rennur á merkjum milli jarðanna til suðvesturs í Kaldárholtslæk. Bakkar lækjarins eru þýfðir og fremur lágir en brattir.
Engin ummerki eða götur sjást við vaðið. Ekki er vitað á hvaða leið vaðið var (sjá 050).
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Kaldárholt

RA-390:050 gata leið
63°58.825N 20°29.383V
Meðfram öllum norðurbakka Kaldárholtslækjar er mikið um götur og slóða sem liggja norðaustur-suðvestur. Ein þeirra sést vel fast norðan við Brotið 026 um 2,7 km SSV við bæ 001.
Á þessu svæði er bakki Kaldárholtslækjar grasi- og mosagróið þýft flatlendi.
Norðan við Brotið sjást daufar reiðgötur upp með Kaldárholtslæknum. Göturnar eru 2-6 hlið við hlið á 5-10 m breiðum bakkanum. Göturnar eru 0,2-0,4 m á breidd og <0,3 m á dýpt. Norðaustar á bökkunum eru göturnar sumstaðar mjög djúpar en mjóar skorur, illa grónar og greinilega mikið notaðar. Dýpt var alveg upp í 0,5 m. Að



Götur 050, horft til SSA


svo stöddu fannst enginn staður þar sem göturnar tengdust greinilega vöðunum á Kaldárholtslæk en ekki er ólíklegt að ferðast hafi verið upp með læknum t.d. frá Gíslholti RA-380 á leið að Haga RA-387 eða Saurbæ RA-386.
Hættumat: engin hætta

RA-390:051 heimild um traðir 64°00.224N 20°28.400V
Á gamalli ljósmynd af bænum í Kaldárholti sem líklega var tekin stuttu fyrir miðja 19. öld sjást traðir liggja heim að bænum úr ASA, á svipuðum stað og heimreið er nú að gamla íbúðarhúsinu.
Vegur liggur um slétt tún þar sem traðir voru áður.
Ekki sést til minja um traðirnar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ljósmynd af bænum í Kaldárholti í einkaeigu ábúanda, Guðrúnar Laufeyjar Magnúsdóttur

RA-390:052 tóft 64°00.070N 20°28.001V



Tóft 052, horft til suðausturs



Tóft 052


Tvískipt tóft er um 445 m suðaustan við bæ 001.
Tóftin er í brekku suðvestan undir Ásnum. Suðaustan við hana er lítið gamalt tún umhverfis fjárhús.
Tóftin er orðin heldur ógreinileg, hún er um 12x4 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hólf I er í norðvesturenda. Það er um 3x4 m að innanmáli, snýr eins og tóftin. Ekki sést skýrt op. Hólf II er ógreinilegt en það er um 6x2 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Fast suðaustan við það er lægð inn í brekkuna sem er um 2x3 m að innanmáli og snýr suðvestur-norðaustur. Að sögn Guðrúnar Laufeyjar Magnúsdóttur, heimildamanns, liggur sprunga þarna. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m. Ekki er vegghleðsla upp í brekkuna og kann tóftin að hafa verið grafin inn í hana að hluta. Suðvesturveggur er hlaðinn á móbergsklöpp. Ekki sést fjöldi umfara og lítið sést í grjót.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-390:053 tóft
64°00.069N 20°28.043V
Lítil tóft er um 420 m suðaustan við bæ 001.
Tóftin er í mýrlendum móa suðvestan undir Ásnum. Gamalt tún er austan við hana.
Aðeins sést um helmingur tóftarinnar en hún er um 3x3 m að stærð. Gamli vegurinn 010 lá fast við hana og hefur að líkindum skemmt hana en einnig rennur uppsprettulækur til suðausturs frá henni og kann hann að hafa grafið undan henni. Ekki sést grjót í hleðslum en mesta hæð er um 0,5 m. Guðrún Laufey Magnúsdóttir, heimildamaður, var með þá tilgátu að þetta gæti hafa verið brunnhús. Fjárhústóft 036A er um 85 m suðaustan við



Tóft 053, horft til suðvesturs

tóftina og hesthús 036B voru um 70 m suðaustan við hana. Ef þarna hefur verið brunnur hefur vatn líklega verið sótt í hann fyrir skepnur í þessum húsum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Tóft 053


RA-390:054 kantur kálgarður
64°00.218N 20°28.414V


Kálgarður 054, horft til norðurs

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarðurinn fast sunnan við bæ 001 um 50x15 m að stærð og sneri austur-vestur.
Kálgarðurinn var að hluta þar sem nú er lystigarður í aflíðandi halla mót suðri.
Ekki sjást skýrir veggir umhverfis kálgarðinn en þó er hlaðinn kantur meðfram suðurhlið hans sem er gróinn og er líklega torf- og grjóthlaðinn. Hann sést á um 30 m löngum kafla, snýr austur-vestur. Mesta hæð hans er um 1 m.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-390:055 heimild um ferju
64°00.867N 20°26.051V
"Hjá Kallaðarholti [upprunalegt nafn á bænum 001] hefur verið ferja yfir Þjórsá, og dregur bærinn nafn af því. ... Norður og austur upp af Helguhól er mýri, sem heitir Naustanes ... Í Naustanesi [008] eru nokkrir hólar; næst Þjórsá er Skjólhóll, þá Skiphóll ... Í Naustanesi var lengi ferjustaður á Þjórsá." Hvar ferjan lagðist að á þessu svæði er óljóst en ekki er ólíklegt að ferjustaðurinn hafi verið í skálarlaga viki í norðanverðu Naustanesi milli Innstahóls og Svanhildartanga norðaustan við Skjólhól um 2,3 km norðaustan við bæ 001 og 10-20 m norðaustan við tóftir 008.
Í vikinu er nú (2010) sendin eyri. Upp frá eyrinni eru háar og brattar brekkur sem halla um 30°-50° í norðaustur, norður og norðvestur.
Ekkert sést til fornleifa við ána. Óþekkt er hvort ferjan hafi lagst að ákveðinni bryggju, náttúrulegri eða manngerðri. Ekki er ólíklegt að ef svo hefur verið að Þjórsá hafi tekið hana með sér fyrir löngu.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Kaldárholt, 1-2

RA-390:056 heimild um kálgarð 64°00.232N 20°28.484V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður fast vestan við útihús 004 og um 40 m austan við bæ 001.
Þar sem kálgarðurinn var er sléttað tún.
Ekki sést til minja um kálgarðinn og er líklegt að sléttað hafi verið úr honum við túnrækt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



RA-391 Akbrautarholt (Akbraut)

1708: 10 hdr áður en jörðin spilltist, Skáholtskirkjueign. JÁM I, 324. 1270: Getið í máldaga Oddakirkju. DI II, 86-88.
1708: "Jörðin er stórum fordjörfuð af sandi og fordjarfaðist árlega meir og meir, og vonlegt hann muni jörðina um síðir eyðuleggja." JÁM I, 324 . 1917: Tún 3,3 ha, þar af slétt 0,8 ha, garðar 480 m².


RA-391:001 *Akbrautarholt* bæjarhóll bústaður 64°00.504N 20°23.763V



Á vinstri mynd má sjá óblásna gróðurtorfu á bæjarhól Akbrautarholts 001, horft til suðurs. Á hægri mynd eru grjótundirstöður í tóft B, horft til vesturs

"Minjar elstu byggðar í Akbraut eru blásnar rústir bæjar, kirkju og kirkjugarðs [002] sunnan Kirkjuhóls sv. frá núverandi bæ. Ætla má að þar hafi staðið kirkja þegar á 11 öld. Er þarna einn merkasti minjastaður Rangárþings. Yngri byggðarminjar eru í svonefnda Gamla túni [006] þar skammt frá. Þaðan var bæinn fluttur af Daníel Jónssyni 1823 á núverandi bæjarstæði [007]," segir í Sunnlenskum byggðum. Bæjarhóllinn er um 180 m

VNV við Gamla tún 006 og um 1,9 km suðvestan við núverandi bæjarstæði 007. Bærinn var færður vegna uppblásturs. Bæjarstæði 007 er mun nær Þjórsá en elsta bæjarstæðið sem hér er skráð. Mikill uppblástur og gróðureyðing hefur orðið í nágrenni bæjarhólsins og ekki eru sýnileg útihús eða garðar sem hafa tilheyrt þessu bæjarstæði.
Bæjarhóllinn stendur hátt suðvestan undir Kirkjufelli sem er hömrum girt efst, en fellið er úr stuðlabergi. Víðsýnt er til allra átta nema þar sem fellið byrgir sýn til norðausturs. Hátt er fram af hólnum til vesturs og suðurs.
"Bærinn hefur staðið hátt uppi undir brún á ásnum, en bænhús og kirkjugarður austur frá bænum og litlu lægra. Kirkjugarðurinn er nál. 15 faðmar í þvermál. Bæði bænhúsið og norður- og vesturhlið kirkjugarðsins hefur verið bygt af dröngum. Hafa þeir, að því er virðist, staðið hver við annars hlið utanvert í veggjunum. Veggirnir hafa fyrst fallið innan til, og drangarnir svo á þá ofan. Hefir þessi bygging vissulega þótt merkileg á sínum tíma. ... Í bæjarrústinni er lítið um dranga, enda er hún mjög úr lagi gengin." Bæjarhóllinn er að mestu blásinn, þó er enn óblásin torfa á honum miðjum. Hann er um 45x20 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Gróðurtorfan á honum miðjum er um 15x18 m að stærð og snýr eins og hóllinn. Hóllinn er líklega um 3 m á hæð. Dálítil dæld A er í gróðurtorfuna í suðvesturhorni hennar sem er um 2x3 m að innanmáli og snýr eins og hóll. Í norðvesturhorni hólsins er skýr ferköntuð tóft B en ekkert sést af henni annað en einföld steinaröð. Hún er um 3x7 m að stærð og snýr norður-suður. Lítil hleðsla er út frá norðausturhorni hennar, um 1 m til austurs. Garðbrot C liggur til suðvesturs frá stuðlabergshamrinum í norðurjaðri hólsins. Hann er sem grjótröð, um 6 m löng og um 1 m á breidd. Ekki er steinn yfir steini. Annað samskonar garðlag D er um 20 m austan við hitt og er um 5 m langt, liggur til suðurs og er um 1 m á breidd og um 0,4 m á hæð. Ekki eru frekari mannvirki greinileg en mikið af gjalli og koparbrotum eru á bletti fast vestan við kirkju og kirkjugarð 002, um 30 m suðaustan við miðjan bæjarhólinn og kann þar að hafa verið smiðja.



Minjar á elsta bæjarstæði Akbrautarholts 001

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs
Heimildir: SB V, 273; Túnakort 1917; B J: "Skrá yfir eyðibýli ..." Árbók 1898, 22


RA-391:002 *Kirkjuhóll* þúst bænhús 64°00.501N 20°23.715V
"Minjar elstu byggðar í Akbraut eru blásnar rústir bæjar [001], kirkju og kirkjugarðs sunnan Kirkjuhóls sv. frá núverandi bæ. Ætla má að þar hafi staðið kirkja þegar á 11. öld. Er þarna einn merkasti minjastaður Rangárþings. Yngri byggðarminjar eru í svonefnda Gamla túni þar skammt frá. Þaðan var bæinn fluttur af Daníel Jónssyni 1823 á núverandi bæjarstæði," segir í Sunnlenskum byggðum. Þúst af bænhúsi og leifar af kirkjugarði eru fast austan við bæjarhól 001 og um 1,9 km suðvestan við núverandi bæjarstæði 007.



Bænhúsþúst og leifar kirkjugarðs 002, horft til norðurs á vinstri mynd og suðurs á hægri mynd

Minjarnar eru sunnan undir Kirkjufelli á uppblásturssvæði. Kirkjan stóð ívið lægra en bærinn en þó allhátt. Hallar frá henni til suðurs og suðausturs.
"Bærinn hefur staðið hátt uppi undir brún á ásnum, en bænhús og kirkjugarður austur frá bænum og litlu lægra. Kirkjugarðurinn er nál. 15 faðmar í þvermál. Bæði bænhúsið og norður- og vesturhlið kirkjugarðsins hefur verið byggt af dröngum. Hafa þeir, að því er virðist, staðið hver við annars hlið utanvert í veggjunum. Veggirnir hafa fyrst fallið innan til, og drangarnir svo á þá ofan. Hefir þessi bygging vissulega þótt merkileg á sínum tíma. Bænhústóftin lítur næstum út sem hrúga, og liggur einn mikill drangi yfirum hana þvera framan til. Er sagt að hann hafi verið yfir dyrum. Þaðan liggur drangastétt að sáluhliðinu, og heldur hún sér nokkuð, en sáluhliðið er fallið saman. Austur- og suðurhliðar kirkjugarðsins eru meira úr lagi gengnar." 1966: "Þarna var einu sinni kirkja, eins og nafnið bendir til. Sést kirkjurústin austan í hólnum, en lítt sést þar fyrir veggjum, heldur er þar allhá þúst, sandorpin og að nokkru vaxin melgrasi. Einkennilegt er, að víðarkol sjást á stöku stað í rústinni. Má vera, að kirkjan hafi brunnið. Leifar kirkjugarðsins sjást vel. Þessi garður hefur ekki átt sinn líka. Hann hefur verið hlaðinn úr stuðladröngum, sem eru flestir sexstrendir, sumir meira en 2 m langir. Hafa drangarnir staðið hlið við hlið, en eru nú allir fallnir. Hefur verið ærið erfiði að reisa þessa dranga upp af handafli. Beinaleifar má sjá víðs vega um krikjugarðinn, allmjög fúnar."
FRIÐLÝSTAR FORNMINJAR
AKBRAUTARHOLT Í HOLTUM (R) (HAGAÞING?) - BÆNHÚS
"Kirkju- og kirkjugarðsleifar í Gamla- Akbrautarholti" Friðlýstar 1927 - Þar sem kirkjan stóð er blásin þúst sem er um 4x6 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Hún er um 2 m á hæð og er hæst til suðurs og austurs undan halla. Grjót og beinaleifar sjást í hallanum suður af þústinni. Þústin er í norðvesturhorni hringlaga kirkjugarðs sem er örfoka og sést aðeins grjótdreifin sem eftir er af honum. Garðurinn er um 26 m í þvermál en steinadreifin þar sem veggurinn var er víða um 3 m á breidd. Garðurinn er greinilegastur í norðurhluta en annarsstaðar sígur jarðvegur undan honum. Stórir stuðlabergssteinar hafa verið notaðir við gerð garðsins, annað hvort hafðir neðst í torfhlöðnum vegg eða reistir upp en hafa þá allir fallið niður og raðað sér nokkuð þvert á garðinn. Ekki sést steinn yfir steini. Friðlýsingarstaur er í þústinni en minjarnar eru klárlega í mikilli hættu vegna rofs.
Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs
Heimildir: SB V, 273; ÁG: Friðlýsingarskrá, 69; B J: "Skrá yfir eyðibýli ..." Árbók 1898, 22; ÁFÍ 1966, 35

RA-391:003 þúst útihús 64°00.937N 20°21.729V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 80 m vestan við bæ 007.
Laut er suðvestan undir hólnum Kæsi þar sem útihúsið hefur að líkindum verið. Hún er nú utan túns og er steypt skemma um 15 m SSV við hana.
Við norðvesturenda lautarinnar er óljóst torfhlaðið horn sem kann að hafa tilheyrt



Þúst 003



Þúst 003, horft til suðvesturs

útihúsinu. Það er um 3x2 m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur. Mesta hleðsluhæð er um 0,3 m. Ekki sést í grjóthleðslur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-391:004 *Lambhúshóll* heimild um lambhús 64°00.913N 20°21.730V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 90 m suðvestan við bæ 007.
Útihúsið var þar sem nú er slétt tún sem nýtt er til beitar.
Ekki sjást minjar um húsið. Lambhúshóll er fast suðvestan við útihúsið og dregur líklega nafn sitt af því.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-391:005 heimild um útihús 64°00.848N 20°21.694V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús í suðurhorni heimatúnsins, um 200 m sunnan við bæ 007.
Útihúsið var í sléttu túni.
Ekki sést til minja.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-391:006 *Gamla tún* bæjarstæði bústaður 64°00.470N 20°23.552V
"Minjar elstu byggðar í Akbraut eru blásnar rústir bæjar [001], kirkju [002] og kirkjugarðs sunnan Kirkjuhóls sv. frá núverandi bæ. Ætla má að þar hafi staðið kirkja þegar á 11 öld. Er þarna einn merkasti minjastaður Rangárþings. Yngri byggðarminjar eru í svonefnda Gamla túni þar skammt frá. Þaðan var bæinn fluttur af Daníel Jónssyni 1823 á núverandi bæjarstæði," segir í Sunnlenskum byggðum V. Í grein Brynjúlfs Jónssonar Skrá yfir eyðibýli í Landsveit, Rangárvallasveit og Holtasveit í Rangárvallasýslu segir m.a.: "Þá [eftir 001] var hann settur suður og austur á túninu, og þar hélzt hann framyfir síðustu aldamót. En þá fór þar og alt í sand, og var bærinn þá setttur þar sem hann er nú,". Nákvæm staðsetning bæjarins er óþekkt en líklega hefur hann verið um 180 m ASA við bæjarleifar 001 og um 1,8 km suðvestan við bæ 007.
Á þessu svæði er sléttað tún og grasi- og mosagrónir sandmelar.
Mjög mikil jarðvegseyðing hefur verið á þessu svæði í gegn um tíðina. Þar sem bærinn stóð í Gamla túni er sléttað tún svo ekkert sést þar lengur til fornleifa. Ofan og og austan við túnið eru hálfgrónir sandmelar og hér og þar glittir í grjóthleðslubrot í og milli sandhólanna sem eru 0,2-0,8 m á breidd og 0,2-0,5 m á hæð. Mikið var reist af sandfoksvarnargörðum á þessu svæði og erfitt er að dæma um á yfirborði hvort hryggir í túninu eru varnargarðar eða leifar af byggingum.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: SB V, 273; BJ: "Skrá yfir eyðibýli ..." Árbók 1898, 26-27

RA-391:007 *Akbraut* bæjarhóll bústaður 64°00.953N 20°21.647V



Mynd af Akbraut 007 tekin laust fyrir 1930 (Holtamannabók I, bls. 3)

"Minjar elstu byggðar í Akbraut eru blásnar rústir bæjar [001], kirkju og kirkjugarðs [002] sunnan Kirkjuhóls sv. frá núverandi bæ. Ætla má að þar hafi staðið kirkja þegar á 11 öld. Er þarna einn merkasti minjastaður Rangárþings. Yngri byggðarminjar eru í svonefnda Gamla túni [006] þar skammt frá. Þaðan var bæinn fluttur af Daníel Jónssyni 1823 á núverandi bæjarstæði," segir í Sunnlenskum byggðum. Í skrá Brynjólfs Jónssonar yfir eyðibýli sem birtist í Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1898 segir: "Þá var hann [bærinn 001] settur suður og austur á túninu [sjá 006], og þar hélzt hann framyfir síðustu aldamót. En þá fór þar og alt í sand, og var bærinn þá setttur þar sem hann er nú .," Bærinn er um 1,9 km norðaustan við elsta bæjarstæðið 001. Hann er suðvestast á Hamrinum sem skagar út í Þjórsá og er hár hóll, Kæsir, vestan við bæinn.
Bærinn er í gömlu túni sem nýtt er fyrir kúabeit. Framan við bæinn til suðvesturs er malarplan og norðaustan við hann eru gamlar tóftir, sjá 011, 013 og 030.
Ekki er eiginlegur bæjarhóll sýnilegur, enda hefur ekki verið búið lengi á þessum stað og lítillar uppsöfnunar því að vænta. Fjöldi húsa er á bæjarstæðinu og snýr húsaröðin norðvestur-suðaustur. Í suðaustur-enda er íbúðarhús



Yngsta bæjarstæði Akbrautarholts 007, horft til norðausturs á mynd til vinstri og til suðvesturs á mynd til hægri

sem byggt var 1930 og viðbygging er norðaustan við það, byggt síðar. Þá er mjólkurhús eða skemma og svo fjós. Daníel Magnússon, heimildamaður, man eftir því að smiðja hafi verið þar sem mjólkurhúsið er og hefur Smiðjuhóll líklega dregið nafn sitt af henni. Hann er því skráður með bænum. Þessar byggingar ná yfir svæði sem er um 22x14 m að stærð. Samkvæmt túnakorti frá 1917 voru bæjarhúsin þá samtals 30x15 m að stærð. Dálítill hóll er norðan við húsin og er snarbratt niður af honum til norðvesturs og norðurs, líklega Smiðjuhóll. Fjós og hlaða 011, hrútakofi 030 og hesthús 013 eru norðaustan við bæinn. Á gamalli mynd af bænum sjást útihús úr torfi og grjóti í húsaröðinni á bæjarstæðinu. Tvær burstir eru á útihúsinu sem snúa fram á hlað til suðvesturs.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: SB V, 273; B J: "Skrá yfir eyðibýli ..." Árbók 1898, 26-27

RA-391:008 *Sönghóll* huldufólksbústaður huldufólksbústaður 64°00.371N 20°21.323V
"Suður frá bænum er Litlihóll og nef í austur, sem heitir Berjanef, og flöt, sem nefnist Fífukelduflöt, og þar austur af er hóll, Sönghóll. Þar býr huldufólk," segir í örnefnalýsingu. Sönghóll er náttúrulegur melhóll um 2 km austan við bæjarrústir 001 og um 1,1 km SSA við bæ 007.
Hóllinn er þýfður, mosa- og grasigróinn hóll sem stendur 3-4 m á hæð upp úr holtinu um 130 m suðaustan við nýjasta bæjarstæðið í Akbraut þar sem nú (2010) er verið að byggja nýtt íbúðarhús og útihús vegna virkjanaframkvæmda. Hóllinn er um 5 m SSV við djúpan skurð sem hefur verið grafinn nýlega vegna íbúðarhúss og liggur norðvestur-suðaustur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Akbraut, 1

RA-391:009 *Selholt* örnefni sel 64°00.366N 20°22.069V
"Austan við Nátthagann [012] er flatlendi að Selholti nokkru fyrir neðan bæinn," segir í örnefnalýsingu. Selholt er um 1,4 km ASA við bæjarhól 001, um 1,2 km SSV við bæ 007 og um 260 m vestan við beitarhús 018 og veg 2878 að Akbrautarholti 007.
Á þessu svæði er stór malarnáma. Holtið er sendið holt sem liggur norðvestur-suðaustur í norðvestur frá Nyrstahnúk og rís upp úr mýrinni eina 10-15 m. Rætur holtsisns eru grasigrónar.
Ekkert sést til fornleifa og Daníel Magnússon heimildamaður kannaðist ekki við neinar seltóftir á svæðinu. Ekki er ólíklegt að þær séu horfnar í sandfok eða að þær hafi staðið þar sem beitarhús 017 eru nú.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Akbraut, 1




Götur 010, horft til suðvesturs

RA-391:010 gata leið
64°00.102N 20°23.049V
"Í suðvestur frá bænum er Brunurimi, og þar austur af

eru Kirkjurimar, reiðgötur til Hagakirkju [RA-387:002] liggja eftir þeim," segir í örnefnalýsingu. Kirkjurimar eru fast norðan við landamerki Saurbæjar RA-386, Stúfholts RA-393 og Akbrautar um 2 km suðvestan við bæ 007 og um 1 km suðvestan við Selholt 009. Aðeins einn Kirkjurimi er merktur á örnefnakort Akbrautar.
Rimarnir eru náttúrulegir þýfðir, mosa- og grasigrónir rimar sem standa 1-4 m upp úr Hnúkakeldu. Þeir snúa norðaustur-suðvestur.
Í mýrinni eru óljós gata sem liggur upp á rimann að norðaustanverðu. Gatan liggjur í vestur yfir rimann. Hún er um 2 m breið og 0,2 m djúpt óskýr braut. Einnig eru margar greinilegar götur meðfram Hnúkabrún og Nyrstahnúk vestanverðum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Akbraut, 2; Örnefnauppdráttur, Akbraut

RA-391:011 tóft fjós 64°00.963N 20°21.630V



Fjóstóft 011 auk hrútakofa 030 og kálgarðs 032 í kringum bæjarstæði 007

Grjót- og torfhlaðin tóft er fast norðaustan við íbúðarhús á bæjarstæði 007. Að sögn heimildamanns, Daníels Magnússonar, var hún fjós og hlaða.
Tóftin er suðvestarlega á Hamrinum í hæðóttu, gömlu túni.
Tóftin er tvískipt. Hún er um 19x11 m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur. Hlaða var í hólfi I í suðvesturenda tóftar. Hún er um 11x4 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki eru veggir á norðvestur- eða



Fjóstóft 011, hólf I á mynd til vinstri, hólf II á mynd til hægri, horft til norðvesturs


suðaustur-göflum. Möl hefur verið sett í gólf hólfsins þannig að fært yrði með vélar í gegnum það. Hólf II er fjósið og er það um 7x6 m að innanmáli og snýr suðvestur-norðaustur. Ekki er greinilegur veggur á suðausturhlið en þar er kantur og grjóthrun. Steypt stétt er meðfram norðausturvegg og er hún um 2x6 m að stærð. Rof er í norðvesturvegg, um 2 m breitt. Mesta hleðsluhæð er um 1,3 m og sjást 7 umför í hleðslum. Líklega var hætt að nota þessi hús á síðari hluta 20. aldar.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

RA-391:012 *Nátthagi* örnefni nátthagi 64°00.875N 20°23.644V
Á örnefnakorti Akbrautarholts er Nátthagi merktur um 1,6 km vestan við bæ 007 og um 700 m norðan við bæjarrústir 001.
Á þessu svæði er þýfð grasi- og mosagróin deig mýri í brekku sem hallar 5-10° til norðurs. Hún þakinn trjágróðri og kjarri.
Ekkert sést til mannvirkja sem tengst gætu nátthaga en svæðið er að miklu leyti afmarkað af holtum, hæðum og Þjórsá svo aðhaldið hefur trúlega aðeins verið náttúrulegt. Svæðið er um 300x200 m að flatarmáli og snýr norðaustur-suðvestur.
Hættumat: engin hætta

RA-391:013 tóft hesthús 64°00.972N 20°21.615V



Hesthústóft 013 í forgrunni, horft til suðvesturs. Fjær er fjóstóft 011



Tóft 013

Tóft er um 40 m norðaustan við bæ 007 og um 6 m norðaustan við tóft 011. Að sögn Daníels Magnússonar, heimildamanns, var hún hesthús.
Tóftin er í hæðóttu túni sem nýtt er til beitar.
Tóftin er einföld, um 7x6 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin er torf- og grjóthlaðin. Inngangur er á suðvesturgafli. Mesta hleðsluhæð er um 0,7 m og sjást mest 4 umför af hleðslu í veggjum. Að sögn Daníels Magnússonar, heimildamanns, gróf Bjarni F. Einarsson fornleifafræðingur í norðvestur-langvegg tóftarinnar

þegar hann vann að fornleifaskráningu vegna mats á umhverfisáhrifum Núpsvirkjunar. Í skráningarskýrslu Bjarna kemur fram að hann telji hana vera yngri en 100 ára. Tóftin er í stórhættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda við byggingu stöðvarhúss.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: BFE: Fornleifaskráning við Þjórsá_Núpsvirkjun (22:1)

RA-391:014 þúst
64°00.467N 20°22.342V
Neðarlega í gamlatúni eru tvær þústir (sjá líka 015) þar sem hugsanlega gætu leynst fornleifar undir sverði. Þúst 014 er um 50 m NNA við þúst 015, um 170 m austan við horfið bæjarstæði 006 og um 350 m ASA við bæjartóft 001.
Á þessu svæði er Gamla tún sem er sléttað.
Þústin er aðeins óljós hæð í túni sem er um 12 x 8 m stór, <0,5 m á hæð og snýr NNV-SSA. Óljós dæld er í hæðinni miðri sem er um 4x2 m að innanmáli og <0,3 m djúp. Hlutverk er óþekkt en ekki er óhugsandi að leifar einhvers konar útihúsa gætu leynst undir sverði.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar



Þúst 014, horft til SSA


RA-391:015 þúst 64°00.443N 20°23.373V
Neðarlega í gamlatúni eru tvær þústir (sjá einnig 014) þar sem hugsanlega gætu leynst fornleifar undir sverði. Þúst 015 er um 50 m SSV við þúst 014, um 150 m ASA við horfið bæjarstæði 006 og um 340 m ASA við bæjartóft 001.
Á þessu svæði er Gamla tún sem er sléttað.
Þústin er aðeins óljós hæð í túni sem er um 12 x 9 m stór, <0,3 m á hæð og snýr NNV-SSA. Óljós dæld er í hæðinni miðri sem er um 4x2 m að innanmáli og <0,3 m djúp. Hlutverk er óþekkt en ekki er óhugsandi að leifar einhvers konar útihúsa gætu leynst undir sverði.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

RA-391:016 frásögn útihús 64°00.875N 20°21.696V
Að sögn Daníels Magnússonar, heimildamanns, var þúst í gömlu túni, um 150 m sunnan við bæ 007. Hann taldi líklegt að þar hefði verið útihús.
Þústin var í túni sem komið er í órækt en er notað sem beitarhólf fyrir kýr.
Ekki sást þústin á vettvangi og hefur hún líklega horfið við túnasléttun. Mögulega leynast þó enn mannvistarleifar undir sverði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-391:017 tóftir beitarhús 64°00.288N 20°22.072V



Beitarhúsatóftir 017. Tóft A er á mynd til vinstri, horft til norðausturs. Tóft B er á mynd til hægri, horft til SSV




Tóftir 017

Tvær beitarhúsatóftir eru vestan undir Nyrstahnúk um 1,3 km SSV við bæ 007 og um 1,4 km ASA við bæjartóftir 001. Vel getur verið að á þessu svæði hafi sel 009 staðið áður en enginn vottur af því er sjáanlegur lengur (2010).
Á þessu svæði er þýft grasi- og mosagróið um 6 m hátt holt norðvestan undir Nyrstuhnúkum ofan við sléttlendið í Nýgræðum, fast suðaustan við suðurhorn Selholts.
Tóftirnar tvær eru á svæði sem er um 50 x 20 m stórt og snýr NNA-SSV meðfram Nyrstahnúk. Tóftirnar eru illa farnar vegna hrossabeitar og jarðskjálfta. Þær eru að mestu hlaðnar úr stuðlabergi. Veggir standa grónir en eru þó víða teknir að síga. Tóft A er tvískipt, um 17 x 10-12 stór og snýr ANA-VSV. Veggir hennar eru grasigrónir, 2-3 m á breidd og 0,4-1,5 m á hæð (2-8 umför). Gengið var inn í hólf I að NNV um 0,5 m breiðar dyr sem fallið hafa saman. Hólf I er um 8 x 3 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Eystri veggur hólfsins hefur hrunið nokkuð inn svo hólfið virðist nú (2010) aðeins um 2 m á breidd. Greinilegar jötuundirstöður eru undir vesturvegg og eru þær um 0,3 m á hæð og 0,4 m á breidd. Ekki er ólíklegt að jötur hafi einnig verið undir austurvegg. Hólf II er um 6 m austan við hólf I. Það er um 5 x 3 m að innanmáli og snýr einnig NNV-SSA. Gengið var inn að NNV en inngangur er óljós vegna sigs og ágangs búpenings. Veggir hólfs II eru að hlaupa í þúfur og hleðslur eru signar. Fáar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Þessi hluti tóftarinnar virðist eldri sem gæti gefið til kynna að önnur eldri tóft hafi verið endurnýtt á þessum stað (hugsanlega sel 009). Tóft B er um 35 m NNA við tóft A. Hún er einföld, um 11 x 6 m stór og snýr NNA-SSV. Veggir hennar eru 2-3 m á breidd, 0,4-1 m á hæð (3-7 umför) og nokkuð vel grasigrónir en þó víða teknir að síga. Gengið var inn í tóftina á á SSV-hlið um 0,5 m breitt op fast upp við vesturvegg en það er fallið saman. Innanmál tóftar er 5x2 m. Engar garðaundirstöður eru sjáanlegar.
Hættumat: engin hætta

RA-391:018 tóftir beitarhús 64°00.371N 20°21.747V



Beitarhúsatóftir 018. Á vinstri mynd er tóft A, horft til suðurs. Á hægri mynd er tóft B, horft til suðvesturs




Tóftir 018

Tvær beitarhúsatóftir eru suðaustan í norðausturenda Nyrstahnúks rétt vestan við veg 2878. Tóftirnar eru um 1,1 km sunnan við bæ 007 og um 1,7 km ASA við bæjarhól 001.
Á þessu svæði er grasi- og mosagróinn mói meðfram endilöngum Nyrstahnúk suðaustanverðum við þjóðveginn sem liggur í norður að Akbraut.
Tóftirnar tvær eru á svæði sem er um 30 x 20 m stórt og snýr norðaustur-suðvestur. Tóft A er einföld, um 12 x 6-7 m stór og snýr norður-suður. Veggir hennar eru grasigrónir, 2-3 m á breidd og

0,5-1,5 m á hæð (3-8 umför). Þeir eru farnir að siga nokkuð, m.a. vegna jarðskjálfta. Innanmál er 8x2 m. Helmingur austurveggjar stendur enn að mestu óhreyfður. Gengið var inn í tóftina að sunnanverðu um 0,5 m breiðan inngang sem siginn er saman. Tóftinni hefur verið skipt upp í hlöðu og beitarhús með timburþili. Hlaðan hefur verið í norðurenda og er hún um 3x2 m að innanmáli. Gólf hennar er um 0,3 m lægra en í sunnanverðri tóftinni þar sem beitarhúsið hefur sjálfsagt verið. Engin hlaðin undirstaða fyrir garða er sjáanleg í tóftinni. Veggirnir eru mikið hrundir inn í tóft þar sem hlaðan var áður. Tóft B er einföld og ferköntuð, um 9 x 8 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin er illa farin og trúlega mun eldri en tóft A og jafnvel er hugsanlegt að tóft B hafi verið rænd þegar tóft A var byggð. Veggir eru útflattir, eða aðeins 0,2-0,3 m á hæð, og rétt glittir í stóra steina í grasinu. Innanmál hennar er óljóst og enginn inngangur er sjáanlegur. Trúlega hefur þó verið gengið inn að suðaustan. Hlutverk er óþekkt.
Hættumat: engin hætta

RA-391:019 tóft beitarhús 64°00.549N 20°21.922V



Beitarhúsatóft 019


Beitarhúsatóft 019, horft til suðausturs


Tóft sem líklega er af beitarhúsum, er um 780 m suðvestan við bæ 007, sunnan undir hól sem kallast Snúður.
Tóftin er í kvos á milli hólsins Snúðs og túns. Til vesturs er þýfður mói.
Tóftin snýr suðaustur-norðvestur. Hún er um 10x5 að stærð og skiptist í tvö hólf. Hólf I er í norðvesturenda. Ekki er veggur fyrir norðvesturgafli þess og hefur líklega verið timburþil fyrir því. Það er um 2x7 m að innanmáli. Hólf II er í suðausturenda, er um 2x1 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Óljóst op er á milli hólfanna. Frá langveggjum tóftarinnar liggja veggir, mögulega til innrekstrar. Sá veggur sem liggur frá norðaustur-langvegg liggur til norðurs og er um 3 m langur. Hinn liggur til vesturs og er um 10 m langur. Mesta hleðsluhæð tóftar er um 0,8 m. Ekki sést í grjóthleðslur. Staðsetning og lögun tóftarinnar gefur til kynna að þetta hafi verið beitarhús þó að hvorki sjáist leifar af garða eða jötum í tóftinni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-391:020 náma mógrafir 64°00.895N 20°22.640V
Samkvæmt Daníel Magnússyni var tekinn mór fast sunnan við Þjórsáreyri, um 820 m VSV við bæjarhól 007 og um 1,2 km norðaustan við bæjartóftir 001.
Á þessu svæði er þýfður grasi- og mosagróinn mói og birkikjarr á sendnum bakka Þjórsár.
Engin greinileg merki um mótekju fundust. Ekki er vitað hvenær síðast var tekinn mór á svæðinu.
Hættumat: hætta, vegna rofs

RA-391:021 tóft 64°00.872N 20°21.901V
Tvískipt tóft er um 255 m suðvestan við bæ 007.
Tóftin er vestan við hólinn Skyggni, í gömlu túni sem tilheyrði yngsta bæjarstæðinu 007. Niður af henni til vesturs og norðurs er allhár bakki, gamalt rofabarð sem búið er að græða upp.
Tóftin er um 7x4 m að stærð og snýr ASA-VNV. Hún er líklega torfhlaðin, ekki sést í grjót í henni. Hún skiptist í tvö hólf en op sjást ekki á þeim. Hólf I er í VNV-enda, er um 1,5x1,5 m að innanmáli. Hólf II er um 2x2 m að innanmáli, Dæld er SSV við hólf II sem er um 3x3 m að innanmáli. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m. Ekkert er vitað um hvaða hlutverki þessi tóft kann að hafa gegnt.




Tóft 021, horft til ASA



Tóft 021

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-391:022 tóft 64°00.652N 20°22.259V



Tóft 022



Tóft 022, horft til norðausturs

Tóft er um 750 m suðvestan við bæ 007.
Tóftin er suðvestan undir túnbrún. Til suðvesturs er smáþýfður mói.
Tóftin er um 11x5 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Hún skiptist að því er virðist í þrjú hólf. Tóftin er gróin og hvergi sést í hleðslur. Hólf I er í norðvesturenda. Það er um 6x3 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Óljóst op er á því í vesturhorni. Hólf II er í suðausturenda. Það er óljóst, er um 2x2 m að innanmáli en rof kann að að hafa afbakað það. Op eru á því inn í hólf I til norðvesturs og óljós op til norðausturs og suðvesturs. Hólf III er í austurhorni tóftar. Það er um 2x1 m að innanmáli, snýr eins og tóft og op er á því til suðvesturs. Til móts við það er annað op á tóftinni. Mesta hleðsluhæð er um 0,7 m. Tóftin er hlaðin utan í brúnina og myndar hún norðausturvegg tóftarinnar að einhverju leyti. Ekki er vitað hvaða hlutverki tóftin gegndi.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-391:023 garðlag túngarður 64°00.926N 20°21.790V
Túngarður sem afmarkaði túnin á yngsta bæjarstæðinu 007 sést á köflum á milli hólanna Kæsis og Skyggnis, um 100 m suðvestan við bæ 007, og uppi á Skyggni en hefur að öðru leyti verið jafnaður út.
Garðurinn liggur að hluta í móa utan núverandi túna og að hluta í gömlu túni sem nýtt er til beitar.
Ekki er augljóst af túnakorti hvort túngarður hafi afmarkað allt túnið á yngsta bæjarstæðinu en útlínur túnsins eru mjög óreglulegar í suðurenda og mögulegt að þar hafi það verið afmarkað af landslaginu. Í norðurenda túnsins eru útlínur þess reglulegri og líklegt að túngarður hafi afmarkað suðurmörk túnsins og austur- og vesturhluta þess hluta túnsins sem er sunnan við bæinn. Túngarðurinn sést á svæði sem er um 160x50 m að stærð og snýr

norður-suður. Hann afmarkaði vesturhlið túnsins sunnan við bæ 007 sem er litlu vestan við túnið eins og það er sýnt á túnakorti. Garðurinn er heillegastur á milli Kæsis og Skyggnis. Þar er hann um 1 m á hæð þar sem hæstur. Garðurinn er víðast gróinn, torf- og grjóthlaðinn og er um 1 m á breidd.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Túngarður 023, horft til norðausturs

RA-391:024 frásögn huldufólksbústaður
64°00.937N 20°21.691V
Hóllinn Kæsir er um 35 m vestan við bæ 007. Daníel Magnússon, heimildamaður, sagði hólinn vera huldufólksbústað og greindi frá eftirfarandi því til stuðnings. Tvær bestu kýrnar hans urðu eitthvað slappar fyrir um tveimur árum. Þá hringdi í hann dóttir miðils sem sagði honum að girða umhverfis Kæsi því kýrnar höfðu verið að bíta gras á hólnum. Kýrnar urðu albata þegar þær hættu að komast á beit á hólnum. Daníel taldi það skýra slappleika kúnna að þær hefðu verið að bíta gras á bústað huldufólksins í óþökk þess.
Hóllinn er í túnjaðri. Vestan við hann er hátt niður á gróðurlitlar malareyrar.
Hóllinn er hár og hömrum girtur. Gróinn að neðanverðu og eins og grár kollur á honum efst. Er mjög afgerandi í landslaginu.
Hættumat: engin hætta

RA-391:025 álagablettur 64°00.537N 20°21.903V
Að sögn Daníels Magnússonar, heimildamanns, mátti ekki raska hólnum Snúð sem er fast við tóft 019. Hann er um 800 m suðvestan við bæ 007. Ekki fylgdi sögunni hvað myndi gerast ef það yrði gert.
Hóllinn er gróinn að norðaustan en blásinn að suðvestan. Tún liggur að honum að austan. Hóllinn er allhár en sker sig ekki mikið úr umhverfinu.
Ekkert sést til fornleifa og engar heimildir fundust um Snúð sem álagablett.
Hættumat: engin hætta

RA-391:026 *Bótvað* frásögn vað 64°01.131N 20°22.370V
Samkvæmt Daníel Magnússyni, heimildamanni, er Bótvað á Þjórsá um 670 m norðvestan við bæ 007.
Í landi Akbrautar er farið yfir ána af grónum áreyrum yfir í Árnes og þaðan er stefnt á aflíðandi bakka en annars er hann víðast brattur hamar á þesum slóðum.
Ekki sjást skýr ummerki um vaðið á áreyrunum í landi Akbrautar. Ekki er vitað á hvaða leið þetta vað var.
Hættumat: engin hætta

RA-391:027 frásögn vað 64°00.929N 20°21.563V
Samkvæmt Daníel Magnússyni, heimildamanni, var vað yfir Þjórsá, um 80 m suðaustan við núverandi bæ 007.
Bött og löng brekka er niður að ánni. Þar er áin allbreið en vaðið hefur verið neðan við hólma eða eyri. Ekki sjást miklar flúðir í ánni á þessum stað.
Ekki sést til ummerkja um vað. Ekki er vitað á hvaða leið þetta vað var.
Hættumat: engin hætta

RA-391:028 frásögn 64°00.653N 20°21.870V
Daníel Magnússon, heimildamaður, greindi frá því að varða hefði verið um 590 m SSV við bæ 007.
Varðan var á bungu í túni.
Ekki sést til minja um vörðuna og hefur hún verið rifin við túnaræktun. Ekki er ljóst hvaða hlutverki varðan gegndi.
Hættumat: engin hætta

RA-391:029 frásögn landamerki 64°00.721N 20°20.732V
Samkvæmt Daníel Magnússyni, heimildamanni, er lítil landamerkjavarða í Kríuhólma í miðri Þjórsá. Nákvæm staðsetning er ekki ljós en hnit var tekið af loftmynd í Kríuhólma um 860 m ASA við bæ 007.
Kríuhólmi er ógróið 400 m langt og um 120 m breitt sand- og klapparrif í miðri Þjórsá.
Ekki var farið út í Kríuhólma en samkvæmt Daníel er varðan lítil grjóthrúga.
Hættumat: hætta, vegna rofs

RA-391:030 tóft hrútakofi 64°00.961N 20°21.651V

Lítið grjóthlaðið hús með bárujárnsþaki er um 6 m norðvestan við fjós 011 og um 8 m norðaustan við nýlegt fjós á bæjarstæði 007.
Húsið er í dálitlu hólbarði í gömlu túni sem nýtt er til beitar.
Húsið er um 4x3 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Inngangur er á norðurhlið en hrunið hefur fyrir hann. Aðeins eitt hólf er í því og taldi Daníel Magnússon, heimildamaður, að þarna hefði verið hrútakofi. Mesta hleðsluhæð er um 1,1 m og sjást 5 umför. Þakið er hrunið í heilu lagi ofan í tóftina.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar




Leifar af hrútakofa 030 sjást hægra megin við miðja mynd, horft til suðvesturs

RA-391:031 þúst útihús
64°00.989N 20°21.601V
Þúst er í gamla túninu um 80 m norðaustan við bæjarstæði 007.
Þústin er í hæðóttu túni sem nýtt er til beitar.
Þústin er um 6x5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er um 0,3 m á hæð, flöt að ofan og grasi gróin. Ekki sést í hleðslur. Í suðurhorni er ferkantað rof eða far eftir mannvirki, sem er um 2x1,5 m að innanmáli og



Þúst 031, horft til suðausturs



Þúst 031


snýr suðaustur-norðvestur. Ekki er vitað hvaða mannvirki hefur verið þarna en líklegt er að það hafi verið útihús.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-391:032 garðlag kálgarður 64°00.952N 20°21.661V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður fast suðvestan við bæ 007. Leifar kálgarðsins sjást enn fast norðvestan við bæjarstæðið.
Kálgarðsleifarnar eru norðvestan undir jarðvegsbarði fast norðvestan við húsin á bæjarstæðinu. Kálgarðurinn náði áður lengra til suðausturs en sá hluti hans er horfinn vegna bygginga á bæjarstæði.
Um 7 m norðvestan við húsin á bæjarstæði 007 er lítilsháttar kálgarður undir barði sem er um 8x4 að stærð og snýr suðvestur-norðaustur. Veggir eru um 0,4 m á þykkt og hæð. Barðið myndar norðaustur-vegg. Á gamalli mynd af bænum sjást útihús úr torfi og grjóti í húsaröðinni á bæjarstæðinu. Tvær burstir eru á útihúsinu sem snúa fram á hlað til suðvesturs. Framan við þetta hús var kálgarður sem sést að hluta og er torfhlaðið gerði umhverfis hann.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917



Kálgarður 032, horft til norðurs

Túnakort fyrir Læk



Byggt á túnakorti frá 1917

RA-392 Lækur

1708: "Jarðadýrleiki var fyrir 40-(45) árum haldinn x hdr, nú helst hún fyrir v hdr." Skálholtskirkjueign. JÁM I, 323. "Landareign liggur á kafla meðfram Árnesarkvísl Þjórsár. Samföst Árnesi nú. Austur af Lækjarbjalla, sem bærinn stendur undir, er Lækjarey, eigna Lækjar og er í henni heit lind. Þetta er líklega Kolbeinsey sem um getur í Jarðabókinni 1708, slægjuland frá Læk nær öreytt." SB V, 272.
1708: "Á jörðina gengur sandur til stórs skaða, eru slægjur jarðarinnar í Kolbeinsey svo gott sem öreyddar og túnið fordjarfast jafnlega af sandfjúki. Hagar skemmast og að nokkrum parti, og sýnist líkast að þessi jörð muni eki lengi bygð verða." JÁM I, 324. 1917: Tún 2,5 ha, þar af slétt 2 ha, garðar 520 m².

RA-392:001 *Lækur* bæjarhóll bústaður 63°59.470N 20°20.454V



Mynd af Læk frá 1940 (Holtamannabók I, bls. 259




Bæjarhóll 001, horft til norðurs

Bærinn á Læk er skammt vestur af Þjórsá, undir háu felli sem nefnist Stóri Bjalli og skýlir honum fyrir norðanáttinni.
Miklar breytingar hafa orðið á bæjahólnum en vestan og norðvestan við hann er mikið af útihúsabyggingum. Sunnan við hann er grasflöt og lítið íbúðarhús auk nokkurra smáhýsa.
Á bæjarhólnum stendur hús sem búið er að gera upp en var byggt um 1958. Það var byggt eftir að timburhús á sama stað brann og hús úr torfi og grjóti rifin sem voru sambyggð timburhúsinu. Kjallari var undir timburhúsinu og er einnig á því húsi sem nú stendur. Á mynd af bænum sem tekin var árið 1939 eða 1940 sést bæjarröðin. Samkvæmt Ólafi Sigfússyni, heimildamanni, sneri hún suðaustur-norðvestur. Í suðausturenda var baðstofa, þá smiðja og hlóðaeldhús. Gengið var inn í bæinn í gegnum smiðju. Við hliðina á hlóðaeldhúsinu var líklega hesthús, þá hlaða, fjós og kálfafjós. Alls voru 7 burstir á bænum. Hlaðan, fjósið og kálfafjósið voru rifin þegar nýtt fjós var byggt árið 1952. Gengið var inn í hlöðuna úr fjósi. Hlaðan var endurnýtt sem fjárhús utan túns þegar hún var rifin úr bæjarröðinni. Lystigarður er nú umhverfis húsið. Ekki sést skýr bæjarhóll en íbúðarhúsið stendur aðeins hærra en önnur hús og eru hlaðnir kantar meðfram vesturhluta garðsins og á milli útihúsa og íbúðarhúss. Þetta eru ekki gamlar hleðslur en þær gefa til kynna hæð hólsins, um 1 m. Erfitt er að áætla mörk hans. Framan við húsið til suðvesturs er mikil gróf sem gerð hefur verið og í henni er leiksvæði barna.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-392:002 þúst útihús 63°59.513N 20°20.445V




Þúst 002, horft til suðvesturs



Þúst 002

Samkvæmt túnakorti af Læk frá því um 1917 var útihús um 80 m NNA við bæ 001. Það var á Bjalla um 80 norðan við bæ 001. Á þessu svæði NNV í Bjallanum er graslendi sem nýtt er til hrossabeitar.
Þúst sést þar sem útihúsið stóð. Hún er ferköntuð, grasigróin og mjög sigin. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Þústin er um 9 x 7 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Að utan er þústin 0,2-1 m á hæð. Í miðri þústinni er lítil 0,2 m djúp egglaga dæld sem er um 3x2 m að innanmáli.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-392:003 heimild um útihús 63°59.521N 20°20.476V



Þúst, mögulega leifar af útihúsi 003



Þúst, mögulega leifar af útihúsi 003, horft til suðvesturs

Á túnakorti af Læk frá því um 1917 var merkt útihús um 95 m NNA við bæ 001 og um 20 m NNV við útihús 002.
Á þessu svæði er grasigróin dæld þar sem nú (2010) er steypt rör niður í jörðina, trúlega vatnsból.
Ekkert sést til fornleifa vegna sléttunar. Áttavísan á túnakorti virðist ekki allskostar rétt því að það sem ætla mætti að væri norður á því (upp) er í raun norðvestur. Um 4 m VNV við þúst 002 er þúst sem hugsanlega gæti verið útihúsatóft 003 en hún er þó of nærri 002 ef miðað er við túnakort því þar eru um 20 m á milli húsanna. Þústin var skráð undir númeri 003b. Þústin er aflöng og grasigróin, um 8 x 7 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Hæð hennar er 0,4-1 m. Ekkert hólf er

greinanlegt í þústinni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917


RA-392:004 heimild um hesthús 63°59.437N 20°20.597V
Samkvæmt túnakorti af Læk frá því um 1917 var útihús um 130 m VSV við bæ 001.
Á þessu svæði er sléttað tún.
Ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt Ólafi Sigfússyni, heimildamanni, var á þessum stað hesthús fyrir 4-5 hesta en það hefur nú (2010) verið sléttað.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-392:005 heimild um lambhús 63°59.450N 20°20.602V
Samkvæmt túnakorti af Læk frá því um 1917 var útihús um 120 m VSV við bæ 001.
Á þessu svæði er sléttað tún.
Ekker sést til fornleifa. Samkvæmt Ólafi Sigfússyni, heimildamanni, var lambhús á þessum stað en það hefur nú (2010) verið sléttað.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-392:006 tóftir beitarhús 64°00.070N 20°20.466V



Beitarhúsatóft 006A, horft til suðurs



Tóftir 006

Beitarhúsatóftir eru við Mógil eða Mókeldu, eru um 1,1 km norðan við bæ 001.
Beitarhúsin eru hátt uppi á bökkum Þjórsár í smáþýfðum móa.
Tvær tóftir sjást á svæði sem eru um 19x8 m að stærð og snýr austur-vestur. Stærri tóftin A er um 9x8 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er orðin ógreinileg en virðist eingöngu hlaðin úr torfi. Inngangur í tóftina er á suðurhlið. Óvíst er hvort tóftin hefur skipst í fleiri en eitt hólf en í norðvesturhorni er lítið hólf sem er um 0,5 m á kant að innanmáli og í norðausturhorni er lítið hólf sem eru um 1 m á kant að innanmáli. Þessi hólf kunna að hafa myndast vegna rofs í veggjum en þó er hólfið sem er í norðausturhorni nokkuð sannfærandi hólf. Mesta hleðsluhæð tóftarinnar er um 1 m. Tóft B er einföld, um 2x4 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Mesta hleðsluhæð er um 0,2 m. Op er á tóftinni til norðausturs.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Lækur, 1



Túngarður 007, horft til suðurs


RA-392:007 garðlag túngarður
63°59.385N 20°21.190V
Tún- og vörslugarður sem hlaðinn var um 1940 og nær alla leið norðaustur að Mógili og enn lengra, sést í túni um 600 m vestan við bæ 001 og svo aftur um 800 m norðvestan við bæ.
Garðurinn er annars vegar í sléttu túni en hins vegar í

smáþýfðum móa.
Garðurinn afmarkar svæði sem er um 1500x470 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Garðurinn er vel stæðilegur í túni vestan við bæ frá vegi heim að bæ til norðurs inn í mitt tún en hefur þar verið rifinn á stórum kafla. Hann sést einnig á stóru svæði í óræktuðum móa norðan við svokallaða Tjörn. Garðurinn er um 1,1 m á hæð og er um 1 m á breidd neðst en mjókkar upp. Garðurinn er að öllum líkindum torfhlaðinn og var tvöfaldur gaddavírsstrengur ofan á honum. Garðurinn er skráður vegna þess að hann er til vitnis um gamalt verklag þó að hann sé ekki nógu gamall til að teljast til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Lækur, 1

RA-392:008 *Fornufjós* þúst fjós 63°59.463N 20°20.534V



Þúst 008, horft til norðvesturs



Þúst 008

"Fornufjós heita hólar eða tóttarbrot í túninu vestan við bæinn," segir í örnefnalýsingu. Þúst Fornufjósa er um 65 m vestan við bæ 001.
Stór skemma er fast norðaustan við þústina, líklega hlaða eða fjós. Vegir liggja umhverfis þústina og er hún í dálítilli lægð sem að líkindum hefur myndast við vegagerðina.
Þústin er um 14x4 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er um 1 m hæð þar sem hæst er. Þústin er algróin og er ekki hægt að greina útlínur hólfa í mannvirkinu. Andrés Eyjólfsson, heimildamaður, greindi frá því að fyrst eftir að hann og kona hans komu á jörðina hafi þau verið að reyna að fylla upp í lægðina sem þústin er í og sett þarna moð og annað tilfallandi. Þá gerðist það að kýrnar urðu trylltar, vildu ekki fara inn í hús og þar fram eftir götunum. Þá kom til þeirra maður sem sagði þeim að taka draslið af Fornufjósum og gerðu þau það og urðu ekki vör við neitt slíkt aftur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Lækur, 1

RA-392:009 *Lækjarvað* heimild um vað 63°59.701N 20°20.206V
Lækjarvað er yfir Árneskvísl í Þjórsá um 480 m NNA við bæ 001. Það er merkt inn á örnefnakort fyrir svæðið.
Á þessu svæði er Árneskvísl straumlítil og 10-20 m á breidd. Lágir sandbakkar eru beggja megin árinnar og malareyri er á þessum stað út í miðja á. Áin er ekki stígvélafær og óljóst er hversu djúp hún er vegna þess hve vatnið er grátt. Auðvelt er að komast að og frá ánni beggja megin.
Ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt Ólafi Sigfússyni, heimildamanni, óð hann oft þarna yfir ána til að leika sér á Árnesi, m.a. í heitum laugum 014. Ekki er vitað hvort vaðið var á e-i sérstakri leið en auðvelt er að komast yfir á Árnesið á þessu vaði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Lækur

RA-392:010 *Mógil* náma mógrafir
64°00.037N 20°20.545V
Mókelda er á vesturbakka Árneskvíslar í Þjórsá um 1,1 km norðan við Læk 001 og um 150 m vestan við ána.
Vesturbakki Árneskvíslar er á þessu svæði 10-20 m hár. Mókelda liggur ANA-VSV í litlu lækjargili fast SSV við beitarhús 006. Keldan er vel gróin mosa, grasi og víði og mjög deig.

Efst og vestast í keldunni eru tvær greinilegar mjög djúpar mógrafir, 3x7 og 2x4 m að flatarmáli. Grafirnar liggja norðaustur-suðvestur. Svæði sem keldurnar eru á er um 160 x 60 m stórt. Samkvæmt Ólafi Sigfússyni, heimildamanni, var aðeins tekinn einu sinni mór á þessu svæði í hans tíð. Mjög langt var niður á móinn og því illvinnandi að ná til hans.
Hættumat: engin hætta




Mógrafir 010, horft til norðausturs

RA-392:011 tóft beitarhús
63°59.007N 20°21.008V
Samkvæmt Ólafi Sigfússyni, heimildamanni, voru beitarhús austan undir Flatholti, um 960 m suðvestan við bæ 001.
Tún er á Flatholti sem nær niður á uppgróið sandflæmi.
Ógreinileg tóft er austan við Flatholtið. Hún er einföld, um 10x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Líklega hefur verið op inn í hana í suðausturenda. Mesta hleðsluhæð er um 0,3. Tóftin er mjög ógreinileg og kann að



Tóft 011, horft til VNV



Tóft 011

vera að sandfok, sem nú hefur verið heft, hafi orsakað það að einhverju leyti.
Hættumat: engin hætta

RA-392:012 garðlag áveita 63°58.862N 20°20.235V
Áveitugarðlög eru í Hnúðholtskeldu um 1,2 km SSA við bæ 001 og 0,5-1 km austan við Flatholt. Þau eru á vesturbakka Hjallaneslækjar sem rennur í suður úr Árneskvísl. Bakki lækjarins kallast á þessu svæði Tangi.
Á þessu svæði er mjög deig mýri og þýft graslendi.
Að minnsta kosti fimm garðlög liggja sitt á hvað (N-S, NA-SV, ANA-VSV) um mýrina á svæði sem er um 470 x 450 m stórt og snýr austur-vestur. Garðlögin eru torfhlaðin og nokkuð sigin. Þau eru 0,2-1 m á hæð og 0,5-1 m á breidd. Samanlögð lengd garðlaganna er að minnsta kosti um 3 km og halda þau einnig áfram í mýrunum suður inn í Skammbeinsstaðaland RA-395. Margar náttúrulegar keldur eru í mýrinni og svæðið er afmarkað í austri af Hjallaneslæk. Ekki er hægt að greina nein sérstök hólf. Búið er að ræsa fram svæðið með stórum skurðum. Í landi Skammbeinsstaða voru áveitur skráðar undir númeri RA-395:043.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Skammbeinsstaðir

RA-392:013 heimild um ristu 63°58.923N 20°20.700V
Samkvæmt Ólafi Sigfússyni, heimildamanni, var torfrista í mýrunum um 400 m austan við Flatholt og um 1,1 km SSV við bæ 001.
Á þessu svæði er grasigróin deig mýri og þýft graslendi.
Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: engin hætta

RA-392:014 frásögn þvottalaug 64°00.124N 20°20.063V
Samkvæmt Ólafi Sigfússyni, heimildamanni, var þvottastaður frá Læk á vesturbakka Árness þar sem eru heitar uppsprettur. Þær eru um 1,3 km NNA frá bæ 001.


Ekki var farið út í Árnes en það er að miklu leyti uppblásið og er farin að vaxa þar lúpína og annar gróður.
Ólafur man ekki eftir að mannvirki hefðu verið á staðnum í tengslum við þvottinn en þvotturinn var þveginn í uppsprettunum.
Hættumat: engin hætta

RA-392:015 frásögn túngarður 63°59.449N 20°20.472V
Samkvæmt Ólafi Sigfússyni, heimildamanni, var túngarður umhverfis gamla túnið á Læk.
Túngarðurinn er horfinn í tún.
Ekki sést til minja um túngarðinn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-392:016 heimild um kálgarð 63°59.464N 20°20.447V
Samkvæmt túnakorti var kálgarður fast suðvestan við bæ 001.
Kálgarðurinn er innan skrúðgarðs suðvestan við núverandi íbúðarhús.
Ekki sést til minja um kálgarðinn en samkvæmt heimildamanni, Ólafi Sigfússyni, var torfhlaðið gerði umhverfis hann. Líklega hefur kálgarðurinn horfið vegna sléttunar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-392:017 heimild um kálgarð 63°59.469N 20°20.472V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður fast vestan við bæ 001.
Sléttað plan er þar sem kálgarðurinn var áður.
Ekki sést til kálgarðsins og hefur hann að líkindum verið sléttaður. Líklega hefur verið torfhlaðið gerði umhverfis kálgarðinn eins og kálgarð 016.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

Túnakort fyrir Stúfholt



Byggt á túnakorti frá 1917

RA-393 Stúfholt


20 hdr., 1708. JÁM I, 322. 1270: Getið í máldaga Oddakirkju. DI II, 86-88. Bænhús var á jörðinni. 1708 tvær eyðihjáleigur. "Skógarítak á jörðin ofarlega á Landi, nær Mörk, þar sem heitri Stúfholts-torfa." JÁM I, 322. Samkvæmt Holtamannabók I (380) hefur verið tvíbýli á jörðinni frá því snemma á 19. öld en þá er farið að gera greinarmun á því hvort ábúendur búa á Vestubæ eða Austurbæ. Enn er tvíbýli í Stúfholti.
1708: "Jörðinni spillir á eina síðu sandur, sem ágengur meir og meir ár frá ári." JÁM I, 322. 1917: Tún 6,2 ha, þar af slétt 3,5 ha, garðar 920 m². "Jörðin er með gott landrými til búskapar, öll grasi gróin, þurrlend að hálfu og gnægð af góðu ræktunarlandi. Hagar eru skjólgóðir." SB V, 269.

RA-393:001 *Stúfholt* bæjarhóll bústaður 63°59.007N 20°23.006V



Mynd af Stúfholti frá 5. áratug 20. aldar (Holtamannabók I, bls. 376)

Bæjarhóllinn í Stúfholti er sunnarlega í gamla túninu en því hallar til suðurs. Allvíðsýnt er af honum til suðurs og suðvesturs. Samkvæmt túnakorti frá 1917 voru tveir kálgarðar sambyggðir bæjarhúsunum. Annar austan við bæjarröðina og hinn vestan við hana. Þeir eru skráðir með bænum.
Húsaröð stendur enn á hluta bæjarhólsins og eru nýlegt fjós og skemmur austan við hann. Vegur að bænum liggur meðfram húsaröðinni að sunnanverðu.



Bæjarhóll Stúfholts 001

Bæjarhóllinn er ekki mjög afgerandi en það er líklega að hluta til vegna þess að hann er í halla og mörk hans til norðurs ekki skýr, auk þess sem byggt hefur verið austan við hann og það hefur væntanlega breytt ásýnd hans. Talsverðar breytingar hafa






Austurbær Stúfholts, horft til norðurs

einnig orðið á honum á vesturhlið en fjós og hlaða sem þar stóðu voru rifin 1967-68 og eru tveir grasstallar á þeim kanti. Líklega hefur bæjarhóllinn verið um 35x35 m að stærð og um 2 m á hæð. Á hólnum eru frá vestri: Upphlaðin flöt sem er um 8x26 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er um 1 m á hæð. Hús vesturbæjarins, byggt 1927, er fast austan við flötina. Það er um 9x7 m að stærð, snýr austur-vestur. Lágur, hlaðinn kantur er meðfram austurhlið þess, um 1,5 m á breidd og um 0,3 m á hæð. Um 2 m austar er steyptur olíutankur áfastur austurbænum sem byggður var 1929 og er með kjallara. Það hús er um 12x8 m að stærð með viðbyggingu. Þá taka við til austurs nútíma úithús og nýlegt íbúðarhús. Norðan við austurbæinn er lystigarður og trjágróður í honum. Hallar garðinum til suðurs á svæði sem er um 8x12 m og snýr austur-vestur. Hlóðaeldhús er norðan við vesturbæinn og fyllti Sigurgeir Ingimundarson, sem býr í vesturbænum, upp í það til varðveislu. Ummerki þess sjást enn og er dæld ofan í það sem er um 2x3 m að innanmáli of snýr norður-suður. Ógreinilegt horn er í garði að baki bæjanna, nokkurn veginn á milli þeirra, í norðurjaðri bæjarhóls sem er um 6x6 m að stærð og er 1-1,5 m á breidd og 0,3-0,5 m á hæð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-393:002 heimild um bænhús 63°58.979N 20°22.976V
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708 segir: "Menn segja hjer hafi bænhús verið fyrir löngu,"
Bænhúsið var að líkindum um 55 m sunnan við bæ 001.
Bænhúsið var að líkindum þar sem lítil hæð er í sléttu túni sunnan við bæinn.
Ekki sést til minja um bænhús í túninu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: JÁM I, 322



Þúst 003, horft til norðurs



Þúst 003


RA-393:003 þúst útihús 63°59.114N 20°23.115V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 200 m

norðvestan við bæ 001. Þar sést nú þúst fast við suðvestan við túngarð 027.
Þústin er í túni en ekki er sá hluti þess sleginn þar sem hún er.
Þústin er um 6x6 m að stærð og er um 0,4 m á hæð, flöt að ofan. Allgreinilegur kantur er með vesturhlið hennar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-393:004 tóft fjárhús 63°59.087N 20°23.041V



Fjárhústóft 004, horft til VNV



Fjárhústóft 004

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 135 m norðan við bæ 001. Að öllum líkindum er það fjáhústóft sem enn sést.
Tóftin er í sléttu túni ofan við (norðan) við bæ 001.
Tóftin er tvískipt og gróin, ekki sést í grjóthleðslur. Hún er um 10x9 m að stærð og snýr SSV-NNA. Op er inn í bæði hólfin á VNV hlið. Hólf I er í NNA enda. Það er um 5x2,5 m að innanmáli, snýr VNV-ASA. Óljós gangur er á milli hólfa. Hólf II er um 5x2 m að innanmáli og snýr eins og hólf I. Það mjókkar í ASA-enda innan við (ANA) við meint göng milli hólfa. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m og er tóftin nokkuð hlaupin í þúfur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-393:005 heimild um útihús 63°59.083N 20°22.943V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 145 m norðaustan við bæ 001.
Útihúsið var í sléttuðu túni þar sem það er fremir flatt að ofan.
Engar leifar útihússins sjást og hefur það að líkindum verið rifið við túnasléttun.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-393:006 heimild um útihús 63°59.062N 20°22.934V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 130 m norðaustan við bæ 001.
Útihúsið var á lágum hrygg í túninu sem liggur austur-vestur.
Engar leifar útihússins sjást og hefur það að líkindum verið rifið við túnasléttun.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-393:007 heimild um útihús 63°59.050N 20°22.939V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 115 m norðaustan við bæ 001.
Útihúsið var á lágum hrygg í túninu sem snýr norður-suður.
Engar leifar útihússins sjást og hefur það að líkindum verið rifið við túnasléttun.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-393:008 heimild um útihús 63°58.989N 20°23.028V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús og sambyggður kálgarður um 30 m SSV við bæ 001.
Útihúsið var í brekku suðvestan við bæinn sem nú er sléttað tún.
Hvorki sjást ummerki um útihúsið né kálgarðinn og hefur verið sléttað úr þeim.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-393:009 heimild um áveitu 63°59.977N 20°23.304V
"Hallsteinsholt. Kollótt holt austur af Kýrholti; þar er hornmark Saurbæjar [RA-386], Akbrautar [RA-391] og Stúfholts. Valdimar Elísson segir að í Hallsteinsholti Stúfholtsmegin virðirst vera fornar minjar um áveitu," segir í örnefnalýsingu. Áveitan þessi hefur trúlega verið utan í Hallsteinsholti suðaustanverðu og mýrunum milli Hallsteinsholts og Urðarholts um 1,8 km NNV við bæ 001 og um 630 m NNV við beitarhús 020.
Á þessu svæði er þýfð og deig mýri gróin mosa, grasi og víði.
Ekkert sést til fornleifa og líklegt að þær séu horfnar í þúfur og mýri.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Saurbær, 3

RA-393:010 *Vesturhjáleiga* þúst býli 63°59.041N 20°23.304V
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1708 segir: "Vesturhiáleiga. Er eyðilögð fyrir 6, 7, eða 8 árum ut supra, er fyrst uppbygð fyrir 46 eða 48 árum. ... Kynni aftur að byggjast, ef vildi, en þar við minkaði heimajörðin, því hjáleigan stendur í heimajarðar túninu," Í örnefnaskrá segir um hjáleiguna: "Vesturhjáleiga stóð þar skammt vestur af bæ frá um 1660 til 1700 og eru rústir hennar nú innan túns," Þessar upplýsingar virðast að mestu byggðar á Jarðabók Árna og Páls. Nákvæm staðsetning Vesturhjáleigu er nú týnd en hún var líklega í heimatúninu, um 250 m VNV við bæ 001 og um 310 m sunnan við tóft 025.
Á þessu svæði er sléttað heimatún suðvestan í um 8 m háum rima sem snýr ANA-VSV.
Ekkert sést til fornleifa en þar eru nokkrar hæðir og hólar sem gætu allar verið náttúrulegar. Þó er um 8 m breiður hjalli í rimanum sem snýr ASA-VNV þar sem mögulegt er að hjáleigan hafi staðið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: JÁM I, 322-323; SB V, 269

RA-393:011 heimild um legstað 63°59.003N 20°22.998V
"Framan við austurbæ var áður kofi sem átti að vera reistur yfir legstað Stúfs þess sem Stúfsholt var kennt við og skyldi kofanum jafnan haldið við. Hann er nú fyrir löngu jafnaður við jörðu," segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt Guðrúnu og Höskuldi Kjartansbörnum, heimildamönnum, var kofi þessi við suðausturhorn viðbyggingar við austurbæinn.
Legstaðurinn er væntanlega kominn undir hús eða veg sem liggur fast sunnan við húsið.
Engin ummerki sjást um um legstaðinn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: SB V, 270

RA-393:012 *Eystri hjáleiga* bæjarhóll býli 63°58.892N 20°22.308V



Minjar á og við bæjarhól Eystri hjáleigu 012


Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir: "Eystre hiáleiga. Er svo gömul, að enginn man hennar fyrstu bygð. Eyðilagðist um sama skeið og hin fyrri [010]. ... Þessi hjáleiga kann ekki aftur að byggjast, því túnið er af sandi öldúngis eyðilagt, engjarnar og að mestu eyddar og hagarnir stórum forndjarfaðir," Í Sunnlenskum byggðum segir: "Austan við Stúfholtsbæi er Stúfholtsás. Sunnan í honum er nátthagi [028] austurbæjarbónda. Þar sást móta fyrir gömlum, fyrirferðarlitlum tóftum og kallaðist Hjáleiga," Hjáleigan er um 600 m suðaustan við bæ 001. Þar heitir nú Stúfholtshjáleiga og býr Guðrún Kjartansdóttir þar

ásamt eiginmanni sínum, Jóni Pálssyni. Þar sjást byggingar úr torfi og grjóti sem eru frá um 1930.
Bæjarstæði Hjáleigu og byggingar á því eru í túni. Nýlegt hús núverandi ábúenda er norðan við þær og trjágróður er allt í kringum það.



Bæjarhóll Eystri hjáleigu 012, horft til vesturs á vinstri mynd og til norðausturs á hægri mynd

"Árið 1928 brugðu búi gömlu hjónin á Læk, Jóhann Friðriksson og Margrét Guðlaugsdóttir og fóru í einhverskonar búmennsku að Kambi til Elísar og Karenar. Með þeim fluttust þau að Kanastöðum í Landeyjum. Ekki undu þau þar og fluttu til Hafliða og Guðrúnar í Búð 1931. Langaði þá til að byrja búskap að nýju og fengu leyfi eiganda og ábúenda í Stúfholti til að byggja sér bæ í gömlu Hjáleigunni. Íbúð var byggð, smiðja og gripahús fyrri eina kú, 2 hross og 12-14 kindur. Þrjú þök voru á þeim húsum sem byggð voru og seinna var hlöðu bætt við. Útidyr voru á öllum húsunum og innangengt milli þeirra allra svo ekki þurfi að hrekja sig út í vondum veðrum. Allt var smátt í sniðum en vel fyrir komið. Jóhann og nágrannar nefndu býlið Veröld." Býlið hefur verið í eyði frá 1942. Í Hjáleigu er lítill bæjarhóll sem er um 12x12 að stærð en yngri mannvirki hafa verið byggð suðvestan við hann og hafa líklega raskað honum að hluta. Alls eru minjarnar á svæði sem er um 35x21 m og snýr austur-vestur. Minjarnar fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Bæjarhóllinn A er um 2 m á hæð og sést ein nokkuð skýr dæld I í norðausturhorni hans sem er um 2x4 m að innanmáli. Önnur óljósari dæld II er þar vestan við og mörk hennar eru óljós en þó sést horn sem er um 4x4 m að innanmáli. Fast vestan við hólinn er stétt sem er í sömu hæð og hóllinn og hefur væntanlega verið framhald af hólnum undir henni en þó er það óvíst. Stéttin er um 10x10 m að stærð. Fast sunnan við hana er tóft B sem er grafin inn í hólinn í norðurenda. Hún er grjóthlaðin, er um 9x9 m að stærð og einföld. Ekki er veggur fyir suðurhlið. Tóftin er full af trjám og drasli. Þar vestan við hefur líklega verið önnur tóft C sem er um 8x6 m að innanmáli, snýr norður-suður, og hefur verið byggður skúr inni í henni sem er um 3x6 m. Norðan við þetta hús og vestan við stétt er hlaðin gryfja D sem er um 10x5 m að innanmáli, snýr austur-vestur. Hún er regluleg og er um 2 m á dýpt í austurenda. Sunnan við gryfjuna er einfaldur skúr sem er um 5x2 m að stærð, snýr austur-vestur. Hlaðið er með honum að sunnan. Mest sjást 8 umför í hleðslum og mesta hæð erum 1,3 m. Vestan við minjarnar er aflíðandi brekka til vesturs.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: JÁM I, 3; SB V, 271



Seljatóftir 014

RA-393:013 *Smalaskáli* örnefni smalakofi
63°59.723N 20°23.635V
"Vestur af Bæjarholti heitir Kringlumýri. Vestur af henni er holt, sem heitir Smalanípur og Smalaskáli lítið eitt norðar .," segir í örnefnalýsingu. Engar leifar smalakofa fundust á svæðinu en Smalaskálinn er um 1,4 km NNV við bæ 001 og um 480 m VNV við beitarhús 020.
Á þessu svæði er holtið þýfður grasi- og mosagróinn mói.
Ekkert sést til fornleifa og engin staðsetning sem þótti líkleg fyrir smalaskála greinileg.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Stúfholt, 1

RA-393:014 *Selhnúkar* tóftir sel
63°59.728N 20°22.245V

"Norðaustur af Rannveigu er Hnúkakelduholt. Austur af því eru Selhnúkar, suður af þeim er Gyltuholt .," segir í örnefnalýsingu. Tvær signar seltóftir eru við rætur Selhnúka um 1,5 km NNA við bæ 001 og um 680 m ANA við beitarhús 020.

Á þessu svæði er þýft mólendi í útjaðri deigrar mýrar sem gróin er grasi, mosa og víði. Lægri Selhnúkur er um 3 m hár og er tóft A fast sunnan undir honum. Tóft B er VSV undir hærri hnúknum sem er 6-8 m á hæð.



Seljatóftir 014, horft til NNV

Tóftirnar tvær eru á svæði sem er um 25 x 10 m stórt og snýr NNA-SSV. Tóft A er skýrari en tóft B sem er nokkuð sigin. Tóft A er einföld, um 8 x 3 m stór og snýr VNV-ASA. Veggir eru 1-1,2 m á breidd og um 0,5 m á hæð. Innanmál er um 6 x 0,5 m og er hún því óvenju mjó. Trúlega hefur hún verið um 2 m á breidd að innanmáli upphaflega. Gengið var inn að vestan en þar eru aðeins ógreinilegar samfallnar dyr. Tóft B er um 2 m suðaustan við tóft A. Hún er raunar aðeins þúst en tóft. Þústin er um 14 x 5 m stór og snýr NNA-SSV. Innanmál gæti hafa verið um 10x2 m en það er nú óskýrt vegna rofs og ágangs búpenings og veggir eru svo til útflattir. Þústin er <0,4 m á hæð. Lengd hennar gæti gefið til kynna að hún hafi verið tvískipt hús eða aðhald.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Stúfholt, 1


RA-393:015 *Stekkjarlág* tóftir stekkur
63°58.718N 20°23.465V

"Heima við túnið er laut, sem hét Kálfalaut, og sunnan við hana Stekkjarlág," segir í örnefnalýsingu. Fjórar tóftir eru í Stekkjarlág, um 660 m suðvestan við bæ 001.

Stekkjarlág gengur til suðausturs inn í Torfholt 016. Hún er löng og allbreið, eða um 30 m á breidd. Á Torfholti er tún en smáþýft og sinuvaxið er í Stekkjarlág.

Minjarnar eru á svæði sem er um 40x16 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftirnar fá bókstafi til aðgreiningar. Tóft A er við norðausturjaðar Stekkjarlágar. Hún er tvískipt og gróin, ekki sést í grjóthleðslur. Hún er um 10x4 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Í suðausturenda er lítið hólf II sem er um 2x1 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Ógreinilegt op er á því í suðvesturenda. Hólf I er um 7x1,5 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Hólfið mjókkar um miðbik. Hólfið er opið til norðvesturs og virðist sá veggur horfinn. Mesta hleðsluhæð er um 0,6 m. Tóft B er um 12 m suðvestan við tóft A. Hún er einföld og gróin. Hún er um 3x2,5 m að stærð og snýr norður-suður. Ekki er veggur fyrir norðurhlið. Mesta hleðsluhæð er um 0,4 m. Um 10 m sunnan við tóft A er tóft C. Hún er einföld og gróin. Hún er um 4x2 m að stærð, snýr suðaustur-norðvestur. Op er á henni í norðvesturenda. Mesta hleðsluhæð er um 0,4 m. Afar ógreinileg tóft D er um 16 m norðan við tóft B. Hún er einföld, um 3,5x3 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin er gróin og líklega torfhlaðin. Ekki sést op á henni.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Ö-Stúfholt, 1



Tóftir í Stekkjarlág 015



Á vinstri mynd er tóft 015C, horft til suðausturs. Á hægri mynd er tóft 015A, horft til suðausturs

RA-393:016 *Torfholt* náma mógrafir 63°58.586N 20°24.323V

"Suðvestur af bænum eru hæðir, sem heita Torfholt," segir í örnefnalýsingu. Mógrafir eru í Nesi sem er fast vestan við Torfholt og er afar líklegt að Torfholt dragi nafn sitt af því að mór hafi verið þurrkaður á því. Ekki er loku fyrir það skotið að torfrista hafi einnig verið við Torfholt og að það dragi nafn sitt af því. Mógrafir í Nesi eru um 1,3 km suðvestan við bæ 001.

Nes er allvíðfeðmt mýrarsvæði sem liggur að merkjum á móti Guttormshaga RA-385 og Saurbæjar RA-386.

Mógrafir sjást á svæði sem er um 800x530 m að stærð og snýr austur-vestur. Fyllt hefur verið upp í stóran hluta mógrafanna en enn stendur vatn í sumum þeirra og eru þær dýpstar um 0,5 m. Þær eru grónar að miklu leyti. Samkvæmt Sigurgeir Ingimundarsyni, heimildamanni, var síðast tekinn mór úr gröfunum um 1940 og var hann ágætur að gæðum.



Mógrafir 016, horft til suðurs

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Stúfholt, 1

RA-393:017 *Fjósakrókur* tóft fjós 63°58.933N 20°23.355V

"Vestur af bænum er mýrarvik, sem heitir Fjósakrókur," segir í örnefnalýsingu. Í Fjósakrók er lítil tóft um 325 m vestan við bæ 001.

Fjósakrókur er á mörkum þýfðrar mýrar og þurrlendis. Skemma hefur verið byggð suðaustan við hann. Trjárækt er til norðvesturs frá tóft og í tóftinni sjálfri en þau eru smávaxin.

Mögulega dregur Fjósakrókur nafn sitt af lítilli og ógreinilegri tóft sem hlaupin er í þúfur. Tóftin snýr austur-vestur, er um 4x4 m að stærð. Inngangur er á vesturhlið. Tóftin er einföld og gróin, ekki sést í grjót. Mesta hleðsluhæð er um 1 m. Það er alls ekki dæmigert að fjós séu jafnlangt frá bæ og þessi tóft og óvíst að hér hafi verið fjós þó að örnefnið bendi til þess.



Tóft 017 í Fjósakrók, horft til austurs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Stúfholt, 1


RA-393:018 *Torfrimi* örnefni rista 63°58.835N 20°23.686V
"Vestur af bænum er mýrarvik, sem heitir Fjósakrókur 017. Suður af honum heitir Torfrimi," segir í örnefnalýsingu.
Torfrimi er langur og liggur suðaustur-norðvestur. Tún er á honum nú en smáþýfð mýri er til allra átta nema suðausturs.
Ekki sjást ummerki um torfristu eða mógrafir í mýrinni við Torfrima.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Stúfholt, 1

RA-393:019 *Leiði* þjóðsaga legstaður 63°58.980N 20°23.003V
"Neðan við bæinn eru tvær þúfur, sem munnmæli segja að séu legstaðir og heita þær Leiði," segir í örnefnalýsingu. Leiðin voru um 50 m norðan við bæ 001 og um 20 m austan við bænhús 002.
Sléttað tún er þar sem leiðin voru. Þau voru í dálítilli lægð í túninu.
Höskuldur Kjartansson, heimildamaður, taldi að Magnús [líklega Gunnlaugsson, sem bjó á jörðinni frá 1944-1975] hefði sléttað út þeim en engar sagnir eru um að bein hafi komið upp. Ekki sést til minja um leiðið. Sigurgeir Ingimundarson, heimildamann, minnti að önnur þúfan hefði verið kölluð Barnsleiði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Stúfholt, 2

RA-393:020 tóft beitarhús 63°59.656N 20°23.068V



Beitarhúsatóft 020, horft til ASA



Beitarhúsatóft 020


Samkvæmt örnefnakorti Stúfholts voru ærhús í austanverðu Urðarholti vestan við landamerki milli Austurbæjar og Vesturbæjar. Beitarhúsin eru um 1,2 km norðan við bæ 001 og um 440 m NNV við beitarhús 021.
Á þessu svæði er þýfður grasi- og mosagróinn mói í brekku sem hallar 5-10° í suðaustur.
Tóftin er tvískipt, um 20 x 7 m stór og snýr VNV-ASA. Veggir hennar eru 2-2,5 m á breidd og 0,5-2,5 m háir. Gengið var inn í tóftina í hólf A að austanverðu um 1 m breiðan inngang sem fallinn er saman. Hólf A hefur verið sjálf fjárhúsin. Hólf A er um 10 x 3 m stór og snýr VNV-ASA. Greinilegar jötuundirstöður eru upp við veggi beggja megin í hólfinu. Undirstöðurnar eru um 0,3 m háar og 0,2-0,3 m á breidd. Beint inn af hólfi A er hólf B. Þar hefur trúlega verið hlaða. Skilið hefur verið á milli hólfanna með timburþili eða grind því engir grjótveggir eru sjáanlegir. Hólf B er um 5 x 3 m að innanmáli og snýr einnig VNV-ASA. Hólf B er um 1 m dýpra en hólf A og þar eru veggir einnig hæstir (2,5 m). Nokkuð hefur hrunið úr suðurvegg inn í hlöðu. Tóftin hefur að hluta verið grafin inn holtið.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Stúfholt

RA-393:021 *Gerði* tóft+garðlag beitarhús 63°59.421N 20°23.003V



Beitarhúsatóftir 021. Á vinstri mynd er tóft A, horft til SSA. Á hægri mynd er tóft B, horft til ASA

Á örnefnakorti Stúfholts eru merkt fjárhús í Gerði austan við Dælur fast vestan við landamerki milli Austurbæjar og Vesturbæjar. Tvær beitarhúsatóftir eru innan Gerðis, um 770 m norðan við bæ 001 og um 440 m SSA við beitarhús 020. Sjálft gerðið umhverfis beitarhúsin er hlaðið úr torfi og grjóti.
Tóftirnar eru í þýfðum grasi- og mosagrónum móa suðaustan undir Urðarholti. Þær eru innan Gerðis, norðan við sléttað gamalt tún. Vesturhluti garðlagsins umhverfis Gerði og gamla túnið er horfinn í tún.
Gerði markar af svæði sem er um 160 x 80 m stórt og snýr norðaustur-suðvestur. Gerðið er að mestu torfhlaðið en grjóthleðslur eru greinilegar norðan við tóftir A og B í hlíð holtsins. Gerðið er þó illa farið vegna rofs og sléttunar, sérstaklega að suðvestan þar sem það er horfið með öllu. Garðlagið er 0,5-1,2 m á breidd og 0,2-1 m á hæð. Tóft A er fyrir miðju hólfinu að norðvestan um 10 m suðvestan við gerðisvegginn. Tóft A skiptist í fjögur hólf og er um 17x17 m að stærð. Hólf hennar snúa ýmist hvort NNV-SSA eða ANA-VSV. Hleðslur standa grónar, sérstaklega að utanverðu. Í innri veggjum eru hleðslur greinilegar. Veggir tóftarinnar eru um 2 m á breidd og 1-2 m á hæð (4-8 umför). Þeir eru vel hlaðnir en þó víða teknir að síga og eru að mestu hrundir inn í hlöðunni. Hólf I er stærst, um 10 m x 3 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Gengið var inn í hólfið að sunnan um 1 m breiðar dyr. Greinilegar grjóthlaðnar jötuundirstöður eru undir báðum veggjum og eru þær um 0,3 m á hæð og 0,5 m á breidd. Hólf II er um 2 m ANA við hólf I. Það er um 8 x 3 m að innanmáli og snýr eins og hólf I. Svipaðar jötuundirstöður og í hólfi I sjást þar en þær eru þó aðeins ógreinilegri á köflum vegna sigs veggja. Gengið var inn í hólfið að sunnan um 1 m breiðar dyr en þær eru fallnar saman að hluta. Hólf I og II voru því greinilega fjárhús. Hólf III hefur líklega verið hlaða. Húner um 2 m NNV við hólf I og II. Hólfið er að mestu fallið saman en hefur verið um 7 x 3 m að innanmáli og snýr það ANA-VSV. Vesturendi hólfs III er um 1 m vestar en hólf I. Innangengt var úr hólfi I í hólf III trúlega um timburþil eða grind. Ekki er ljóst hvort hlaðan var dýpri en beitarhúsin. Það glittir í samfallnar dyr í norðurenda hólfs II inn í hólf III. Hólf IV er minnst. Það er um 3 m VSV við norðurenda hólfs I. Gengið var inn í hólf IV að sunnan um 1 m breiðar dyr sem fallnar eru saman. Hólfið er um 2x2 m að innanmáli. Það gæti verið hrútakofi. Tóft B er um 50 m norðaustan við tóft A. Tóft B er einföld og mun signari og óljósari en tóft A. Ekki er ólíklegt að hún sé eldri og hafi verið rænd grjóti þegar tóft A var byggð. Tóftin er um 8 x 7 m stór og snýr VNV-ASA. Innanmál hennar er nú (2010) aðeins um 3x1 m en hefur trúlega verið um 3x4 m áður. Veggir eru 2-3 m á breidd en aðeins 0,2-0,5 m á hæð. Enginn greinilegur inngangur er í tóftina en hann hefur trúlega verið að ASA. Grjóthleðslur eru ekki greinanlegar. Hlutverk er óþekkt en trúlega hún verið beitarhús eða fjárskýli.



Tóftir 021

Hættumat: engin hætta

Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Stúfholt

RA-393:022 gata leið
63°59.667N 20°23.210V
Greinilegar götur eru á Urðarholti um 1,3 km norðan við bæ 001 og um 470 m NNV við Gerði 021.
Á þessu svæði er þýfður grasi- og mosagróinn mói í holtunum norðan við bæ.
Tveir greinlegir slóðar eða hestagötur samtvinnast á þessum slóðum, koma úr suðvestri og SSV og liggja þaðan í norður. Göturnar eru 0,2-0,5 m á dýpt, 0,2-0,3 m á breidd, 2-8 götur hlið við hlið, á um 2-5 m breiðu svæði. Hugsanlega hefur verið hér leið frá bæ 001í fjárhúsin sem kvíslast hefur sundur og saman um hólana eða jafnvel leið frá bæ að Akbraut RA-391:007. Þó gæti einnig verið að hér sé aðeins um nýlega hestaslóða að ræða.
Hættumat: engin hætta




Götur 022, horft til SSV

RA-393:023 heimild um beitarhús 63°59.129N 20°23.742V
Samkvæmt örnefnakorti var fjárhústóft nálægt Hagabraut. Tóftin var um 640 m norðvestan við bæ 001. Líklegt er að þetta hafi verið beitarhús vegna þess hversu langt frá bæ tóftin var.
Tóftin var að líkindum þar sem Hagabraut liggur til austurs, niður brekku, norðan við skógræktarreit.
Ekki sást til minja um fjárhústóftina og er líklegt að henni hafi verið raskað við vegagerð.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Stúfholt.

RA-393:024 álagablettur 63°58.680N 20°24.277V
Sigurgeir Ingimundarson, heimildamaður, greindi frá því að álagablettur væri á Þýfðarima, um 1,2 km suðvestan við bæ 001.
Þýfðirimi er lítill og lágur hóll í mýri á Nesi.
Á Þýfðarima átti hey ekki að hrekjast. Engar heimildir hafa fundist um þennan álagablett.
Hættumat: engin hætta

RA-393:025 tóft 63°59.210N 20°23.284V



Tóft 025




Tóft 025, horft til suðausturs

Óljós tóft er fast undir Bæjarholti og austan við Kringlumýri, um 440 m norðvestan við bæ 001 og um 450 m suðvestan við Gerði 021.
Tóftin er í þýfðum grasi- og mosagrónum móa við rætur náttúrulegs rima sem er 6-8 m hár og snýr norðaustur-suðvestur. Fast norðvestan við tóftina er moldarslóði sem liggur frá Hagabraut 286 meðfram holtinu í norðaustur inn á tún.
Tóftin er um 16 m x 6 m stór, snýr norðvestur-suðaustur og mjókkar örlítið til suðausturs úr 6 m í 5 m á breidd. Veggir hennar eru 1-2 m á breidd, 0,2-0,5 m á hæð og nokkuð signir. Tóftin skiptist í þrjú hólf en ekki var hægt að sjá neinn greinilegan inngang inn í tóftina eða op á milli hólfa. Hólf A er um 6x4 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Hólf B er 1 m suðaustan við hólf A. Hólf B er um 4x3 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur líkt og A. Hólf C er minnst og um 1 m suðaustan við hólf B. Hólf C er um 2x1,5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin er gróin mosa og grasi og engar grjóthleðslur sjáanlegar. Óljóst hvar gengið hefur verið inn í hana enda liggja hestagötur norðaustur-suðvestur yfir tóftina. Hlutverk er óþekkt en hugsanlega hefur hér verið stekkur eða kvíar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Stúfholt

RA-393:026 tóft fjárskýli
63°58.618N 20°24.123V
Stór, hringlaga tóft er á mörkum Torfholts og Ness (sjá 016), um 1,2 m suðvestan við bæ 001 og um 170 m norðaustan við mógrafir 016.
Tóftin er í þýfðum móa vestan við tún á Torfholti.
Tóftin er einföld og hringlaga, um 16 m í þvermál. Breidd veggja er 1,5-2 m og mesta hæð er um 0,5 m. Líklega er tóftin torfhlaðin, ekki sést í grjót í veggjum. Ekki sést inngangur inn í tóftina. Ekki er ljóst hvaða hlutverki tóftin gegndi en líklega hefur hún verið fjárborg eða -skýli.



Tóft 026, horft til suðvesturs



Tóft 026

Hættumat: engin hætta

RA-393:027 garðlag túngarður
63°59.120N 20°23.117V
Túngarður sést enn í norðurjaðri túnsins, um 220 m norðan við bæ 001 sem og í norðvesturenda túns um 280 m VNV við bæ 001.
Garðurinn er inni á miðju túni því tún hafa verið stækkuð mikið, einkum til norðurs.
Túngarðsleifarnar sem enn sjást eru á svipuðum stað og túngarður 035 er sýndur á túnakorti frá 1917 en eru þó nokkuð utar en sá garður. Garðurinn er víðast hvar horfinn í tún. Þeir hlutar túngarðsins sem sjást afmörkuðu norður- norðvesturmörk túnsins. Garðurinn virðist vera að mestu torfhlaðinn. Hann er á svæði sem er um 405x60 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Norðan við bæ 001 er túngarðurinn um 1 m á breidd, hæstur um 1,2 m á hæð.



Túngarður 027, horft til austurs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-393:028 garðlag nátthagi 63°58.967N 20°22.258V
Tvö garðlög eru norðan og suðvestan við Eystri hjáleigu 012, um 700 m ASA við bæ 001.
Garðlagið sem er norðan við Eystri hjáleigu liggur um gróna brekku niður að mýri við Stúfholtstjörn. Skógrækt er sunnan við það. Suðvestara garðlagið sést aðeins í mýri vestan við tún, suðaustan við tjörnina.
Garðlögin eru á svæði sem er um 215x115 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Garðlag A er norðaustar. Það snýr nánast austur-vestur, er um 120 m langt. Það er um 1 m á breidd og um 0,8 m á hæð. Það er gróið og líklega torfhlaðið. Garðlag B er um 215 m suðvestan við garðlag A. Það er gróið, er um 0,6 m á hæð og um 1 m á breidd, snýr norðvestur-suðaustur og er um 65 m langt. Ekki er víst hvaða hlutverki þessi garðlög hafi gegnt en líklegt er að þau hafi afmarkað nátthaga austurbæjarbóndans í Stúfholti sem talað er um í Sunnlenskum byggðum: "Austan við Stúfholtsbæi er Stúfholtsás. Sunnan í honum er nátthagi austurbæjarbónda. Þar sást móta fyrir gömlum, fyrirferðarlitlum tóftum og kallaðist Hjáleiga [012]."



Garðlag 028A, horft til vesturs

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar
Heimildir: SB V, 271

RA-393:029 *Hellisbrekka* hellir 63°59.022N 20°22.922V
Guðrún og Höskuldur Kjartansbörn, heimildamenn, töldu líklegt að manngerðir hellar gætu verið í austanverðu

Bæjarholti og í Hellisbrekku, norðan við nýlegt íbúðarhús austurbæjarins. Þar er lægð inn í brekkuna sem minnir á samfallinn helli, um 75 m austan við bæ 001.
Meintur hellir er í gróinni brekku í litlum trjálundi.
Dældin er ílöng, er um 5 m löng og snýr norður-suður. Nyrst er hún um 1 m á breidd en víkkar til suðurs og er syðst um 2 m á breidd. Dýpst er hún um 1 m (innst).
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Hruninn hellir? 029 í Hellisbrekku, horft til norðurs


RA-393:030 gata leið
63°59.137N 20°24.207V



Götur 030, horft til suðausturs

Greinilegar götur eru um 1 km vestan við bæ 001 á landamerkjum Stúfholts og Saurbæjar RA-386.
Göturnar eru að mestu horfnar vegna vegagerðar og rasks en sjást að hluta til á landamerkjum í grasigrónum og þýfðum móa.
Göturnar eru 0,2-0,4 m djúpar og 0,3-0,5 m breiðar og liggja hlið við hlið norðvestur-suðaustur um landið á 10-20 m breiðum kafla. Trúlega hefur verið ferðast um þessar götur á leið frá Saurbæ að Stúfholti enda eru þær að stórum hluta horfnar undir Hagabraut 286. Göturnar má aðeins greina á um 200 m kafla á landamerkjum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-393:031 tóft rétt 63°58.830N 20°22.266V



Tóft 031




Réttartóft 031, horft til suðvesturs

Torf- og grjóthlaðin rétt er um 690 m ASA við bæ 001 og um 120 m SSA við Eystri hjáleigu 012. Þetta eru leifar stóðréttar sem Ólafur Sigfússon frá Læk RA-392 og Magnús Gunnlaugsson frá Stúfholti hlóðu árið 1956 eða 1958. Réttin er ekki fornleif í lagalegum skilningi en er skráð vegna forns byggingarlags.
Tóftin er í þýfðum og grasigrónum móa, fast sunnan við veg heim að Akbraut RA-391 og Læk RA-392.
Tóftin er einföld, um 12x12 m að stærð. Hún er sem fyrr segir torf- og grjóthlaðin. Enginn veggur er að norðaustanverðu og kann honum að hafa verið rutt burt. Veggir eru um 2 m á breidd og hæð þeirra er 0,2-1,2 m. Samtals sjást 2-6 umför af hleðslu. Tóftin er mosa- og grasi vaxin að utan en þónokkurt rof er komið í hana vegna ágangs hrossa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-393:032 tóft útihús 63°59.106N 20°23.017V



Tóft 032, horft til austurs



Tóft 032

Ógreinileg tóft er um 40 m norðaustan við fjárhústóft 004 og um 180 m norðan við bæ 001.
Tóftin er í dálítilli lægð í sléttu túni.
Tóftin er um 6x3 m að stærð og snýr austur-vestur, Hún er einföld og eru veggir hennar að mestu horfnir nema norðurhlið. Mesta hleðsluhæð er um 0,3 m. Inngangur var líklega í vesturenda en það er ekki skýrt. Líklegt er að tóftin sé af útihúsi.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar


RA-393:033 garðlag áveita
63°59.048N 20°21.701V
Lítið garðbrot er um 1,1 km austan við Stúfholt 001, í framræstri mýri fast austan við þjóðveg 2876 heim að Læk RA-392.
Á þessu svæði er þýfður grasi- og mosagróinn mói og mýri.
Garðlagið er torfhlaðið, um 190 m á lengd, um 1 m á breidd og 0,2-0,4 m á hæð. Það snýr VSV-ANA og er nokkuð rofið vegna hrossabeitar. Í báða enda hverfur garðlagið í móa vegna rasks. Að austanverðu við ræsisskurð og vestanverðu við malarveginn að Læk. Miðað er við staðsetningu er líklegast að að garðurinn hafi verið áveitugarður.
Hættumat: engin hætta



Áveitugarður 033, horft til VSV

RA-393:034 frásögn
63°59.313N 20°23.829V
Guðni Guðmundsson, bóndi á Þverlæk RA-394, greindi frá því að skeifulaga mannvirki væru í Stúfholti, á Þverlæk RA-394:024 og í Pulu RA-397:017. Kunni hann engar skýringar á þessum mannvirkjum. Upplýsingar um þessar meintu minjar bárust eftir að skráningu í Stúfholti lauk og því reyndist ekki unnt að fara á staðinn en samkvæmt leiðbeiningum Guðna er skeifulaga mannvirkið í landi Stúfholts líklega um 870 m norðaustan við bæ 001, vestanvert á totu á Saurbæjarholti, nærri merkjum á móti Saurbæ.
Minjarnar eru í vesturhlíðum Saurbæjarholts en uppi á holtinu, austan við minjarnar er tún. Til vesturs er Kringlumýri.
Á loftmynd má sjá að mannvirkið er um 50x40 m að stærð, snýr nálega norður-suður. Lítið annað er hægt að segja um það án þess að skoða það á vettvangi. Mögulega er þetta náttúrulegt fyrirbæri.

RA-393:035 garðlag túngarður 63°59.045N 20°22.871V
Meðfram norðausturhluta gamla heimatúnsins sést túngarðurinn sem líklega hefur afmarkað túnið þegar túnakort fyrir jörðina var gert 1917. Garðurinn sést um 130 m norðaustan við bæ 001. Á túnakortinu sést að túngarður var allt í kringum túnið.
Túngarðsleifarnar eru í brekku í túnjaðri.
Garðurinn sést á um 30 m löngum kafla en sumsstaðar er hann ekki annað en grjótröð. Garðurinn er mjög siginn en er hæstur og breiðastur um 0,5 m. Hann er aðallega torfhlaðinn en neðst í honum er grjót. Aðrir hlutar þessa túngarðs eru horfnir vegna túnasléttunar og annars rasks.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



RA-394 Þverlækur

15 hdr 1708. JÁM I, 321. 1270: Getið í máldaga Oddakirkju, DI II, 86-88.
1917: Tún 4,1 ha, þar af slétt 1,5 ha, garðar 879 m². "Þetta er notagóð jörð að víðáttu og landkostum, öll gróin og ræktunarland gott. landið skiptist um það bil að hálfu í þurrlendi og votlendi. Hagar eru sæmilega skjólgóðir." SB V, 268.

RA-394:001 *Þverlækur* bæjarhóll bústaður 63°57.612N 20°23.488V



Bæjarhóll Þverlækjar 001, horft til norðurs

Bærinn Þverlækur stendur í brekku norðan við lækinn sem hann dregur nafn af. Víðsýnt er af bæjarstæðinu og til að mynda sést heim að Hreiðri RA-384.
Bærinn er í túni en norðan við hann, á Norðurtúni, eru nýjustu útihúsin og malarplan.
Bæjarhóllinn er um 40x25 m að stærð og snýr austur-vestur. Hann er um 1,5 m á hæð en erfitt er að meta hæð hans vegna þess að hann er í brekku og er aflíðandi til suðurs. Á bæjarhólnum eru ýmsar byggingar, m.a. gamalt íbúðarhús, timburhús sem byggt var 1948, og fjós með niðurgröfnu haughúsi, en það er í austurenda húsaraðarinnar. Til stendur að rífa þessi hús. Guðni Guðmundsson, heimildamaður, er fæddur og uppalinn á bænum. Hann ólst upp í torfbæ sem stóð á sama stað og íbúðarhúsið sem byggt var 1948 og var skipulagið í honum á þannig að í frambænum var timburhús og baðstofa. Við enda bæjardyranna var hlóðaeldhús sem skagaði út í heygarð að húsabaki. Þegar hætt var að nota hlóðaeldhúsið var þar eldiviðargeymsla. Austast í bæjarröðinni var fjós og hesthús og lambhús voru þar aftan við. Hlaða var byggð 1930. Hrútakofi var vestast í bæjarröðinni við kálgarð 016. Milli hrútakofa og timburhúss var skemma. Elín Ósk

Hreiðarsdóttir hefur rannsakað lausfundna perlu (Þjms.1118) sem fannst í kálgarði á Þverlæk og var send Þjóðminjasafninu árið 1876. Ekki er gefin nánari lýsing á fundarstaðnum. Perlan er hnöttótt agatperla og er örugglega frá miðöldum eða síðar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917; Elín Ósk Hreiðarsdóttir, munnleg heimild


RA-394:002 heimild um útihús 63°57.542N 20°23.470V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 140 m SSA við bæ 001.
Útihúsið var þar sem nú er hæðótt en sléttuðu tún sem virðist nýtt til beitar.
Ekki sést til minja um útihúsið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-394:003 heimild um útihús 63°57.518N 20°23.491V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 185 m sunnan við bæ 001.
Útihúsið var þar sem nú er hæðótt en sléttuðu tún sem virðist nýtt til beitar.
Engar leifar útihússins sjást.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-394:004 tóft fjárhús 63°57.521N 20°23.542V



Hlöðutóft sem tilheyrði að líkindum fjárhúsum 004, horft til suðvesturs



Tóft hlöðu sem tilheyrði gömlum fjárhúsum 004

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 190 m sunnan við bæ 001. Þar eru nú steypt fjárhús og hlaðin hlaða sem eru á sama stað og húsin á túnakortinu. Hlöðutóftin hefur að líkindum tilheyrt útihúsinu.
Útihúsið var þar sem nú er hæðótt en sléttuðu tún sem virðist nýtt til beitar.
Heildarstærð fjárhúsanna með hlöðunni er 15x23 m og snúa þau norðvestur-suðaustur. Framan við fjárhús til norðvesturs er um 2 m breið steypt stétt og er fjárbað í suðvesturjaðri hennar. Hlaðan er um 8x15 m að stærð, snýr suðvestur-norðaustur. Veggir hennar standa að hluta upp úr sverði, um 1 m. Hægt er að sjá 10 umför í veggjunum. Í tíð Guðna Guðmundssonar, heimildamanns, hafa þessi hús verið endurbyggð allt að þrisvar sinnum og árið 1937 var hlaðan stækkuð. Guðni sagði frá því að hann hefði í tvígang verið ásóttur af draug sem var í þessum húsum. Fyrra skiptið var um 1950 en það síðara þegar hann reif fjárhúsin eftir jarðskjálftann árið 2000. Hann fékk miðil til að koma og taldi hann að þarna hefði orðið einhver sorglegur atburður, dauðsfall sem ekki hefði borið að með eðlilegum hætti. Miðillinn kom draugnum á rétta braut og ásóknin hætti eftir það.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-394:005 *Gamli skurður* renna áveita 63°57.708N 20°23.645V
Gamli skurður er um 220 m norðvestan við bæ 001 í vesturbrún bæjarholtsins. Hann er merktur inn á örnefnakort.
Skurðurinn liggur í VNV milli tveggja túna niður í þýft mýrarflag.

Samkvæmt Guðna Guðmundssyni heimildamanni var Gamli skurður handgrafinn fyrir 1930 til framræslu vatns úr mýrinni ofan við bæinn svo það færi ekki yfir bæjarhólinn. Uppmokstur var hlaðinn í garð. Vatnsrofið varð til þess að skurðurinn stækkaði ógurlega og fór vatnið alveg niður á klöpp. Skurðurinn er enn frekar rofinn og trúlega mun dýpri og breiðari en þegar hann var grafinn vegna vatnsrofs en lítill lækur rennur eftir skurðbotninum. Skurðurinn eða flagið er 5-30 m á breidd, 1-3 m á dýpt, um 100 m á lengd og liggur VNV-ASA. Hlíðar skurðarins eru aflíðandi rofabörð en skurðurinn hefur mikið til verið haminn ofar og austar vegna túnasléttunar. Eftir að skurðurinn stækkaði vegna vatnsrofs var hann alltaf kallaður Ljóti skurður. Skurðurinn var skráður sem fornleif þar sem engar vélar komu að verkinu og ekki er alveg ljóst hversu löngu fyrir 1930 hann var grafinn.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Þverlækur



Gamliskurður 005, horft til norðvesturs

RA-394:006 *Lambhústún* frásögn lambhús
63°57.672N 20°23.620V
"Í túninu eru þessi örnefni: Suður af bænum, sunnan lækjarins, er Fjárhústún [sjá 005]. Lambhústún er vestur af bænum og Gránahóll í suðaustur," segir í örnefnalýsingu. Lambhústún er um 155 m norðvestan við bæ. Samkvæmt Guðna Guðmundssyni, heimildamanni, voru einföld lambhús á hólnum fyrir 20-25 kindur. Engin hlaða var við þau.
Lambhústún er á dálitlum hól norðvestan við bæinn og er allhátt niður af honum til vesturs. Túnið er nýtt til kúabeitar.
Ekki sést til húsanna enda var sléttað úr þeim við túnræktun að sögn áðurnefnds heimildamanns.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Þverlækur, 1

RA-394:007 *Stöðull* frásögn kvíar 63°57.653N 20°23.376V
"Norðan til við túnið er Stöðull," segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt örnefnakorti og Guðna Guðmundssyni, heimildamanni, var stöðull á milli vegar að bæ 001 og nýlegs íbúðarhúss Guðna, um 120 m norðaustan við bæ 001. Guðni greindi frá því að fleiri mannvirki hefðu verið við Stöðul sem þó voru ekki byggð nógu snemma til að flokkast til fornleifa og voru rifin árið 1956. Þetta voru fjárrétt, hesthús fyrir 3 hross og svo var byggt við það hús fyrir veturgamla sauði. Einnig var þarna hænsnakofi.
Trjágróður og heimreið að húsi Guðna er þar sem stöðullinn var.
Ekki sést til minja um kvíar eða önnur mannvirki á þessum stað.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Þverlækur, 1

RA-394:008 frásögn mógrafir 63°58.236N 20°23.734V
Samkvæmt Guðna Guðmundssyni heimildamanni voru mógrafir um 1,2 km NNV við bæ 001 og um 70 m norðaustan við Markhólsvað 010 sunnan við Krókagil.
Á þessu svæði er þýfð grasi- og mosagróin mýri.
Ekkert sést til mógrafa.
Hættumat: engin hætta

RA-394:009 *Torfrimi* frásögn rista 63°57.320N 20°23.801V
Reiðingur var ristur í mýri vestan við Torfrima, um 600 m suðvestan við bæ 001.
Ristan var í smáþýfðri mýri, allþurrlendri, enda hefur hún verið framræst að miklu leyti.
Ekki sést til ummerkja um ristuna. Guðni Guðmundsson, heimildamaður, sagði frá því að torf hefði verið skorið vestan við Torfrimann í byrjun júní og þurrkað á Torfrima. Síðan var það fært heim og staflað þar. Þrjár torfur voru settar á hesta í einu til að draga upp úr mýrinni. Torfið var gott til skurðar. Torfið var ekki lengi að þorna og var látið síga úr því þar sem það var tekið í um tvo sólarhringa.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Þverlækur, 1

RA-394:010 *Markhólsvað* heimild um vað 63°58.211N 20°23.799V
"Þetta gil [Þverlækjargil] er allvatnsmikill mýrarlækur. Á því er Markhólsvað," Markhólsvað er á Þverlæk um 1,2 km NNV við bæ 001, fast norðan við Markhól.
Á þessum slóðum er lækurinn um 4 m á breidd og liggur á landamerkjum Guttormshaga RA-385 og Þverlækjar. Botn lækjarins er grýttur og vel göngufær og lækurinn er 0,1-0,3 m djúpur og rauður vegna mýrarvatns. Lækjarbakkar sitt hvoru megin eru aflíðandi og því auðvelt að komast upp og niður að læk. Rofabarð er Þverlækjarmegin en grýttur lækjarbakki Guttormshagamegin.
Ekkert sést til fornleifa. Farið var yfir Markhólsvað á reiðleið 033 milli Þverlækjar og Guttormshaga.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Þverlækur, 1


RA-394:011 frásögn fjárhús 63°57.380N 20°23.382V
Guðni Guðmundsson, heimildamaður, benti á að fjárhús og hesthús hafi staðið á Grænuhólum sem eru um 440 m sunnan við bæ 001 og eru 480 m norðaustan við Brennhól 022.
Á Grænuhólum er sléttað tún á hæð.
Ekki sést til neinna minja í túninu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-394:012 *Stóristeinn* huldufólksbústaður huldufólksbústaður
63°57.840N 20°23.646V
"Stóristeinn er bjarg á Þverlækjarheiði. Við það er tengd huldufólkstrú," segir í örnefnalýsingu. Stóristeinn er um 440 m NNV við bæ 001 í vesturbrún bæjarholtssins.
Steinninn er stór basaltklettur utan við tún í blábrún bæjarholtsins að vestanverðu í blautu rofabarði. Steinninn er 2x1,5 m að flatarmáli og tæpur 1 m á hæð.
Ekkert sést til fornleifa. Engar sögur eru tengdar við steininn en amma Guðna Guðmundssonar heimildamanns fullyrti að þar byggi huldufólk.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Þverlækur, 2



Stóristeinn 012, horft til norðurs

RA-394:013 tóftir beitarhús 63°58.342N 20°23.422V



Tóftir 013



Tóftir 013, horft til norðurs

Á örnefnakorti Þverlækjar eru merkt fjárhús NNV við Nýgræður á Þverlækjarheiði. Beitarhúsin eru um 1,4 m norðan við bæ 001 í norðurenda Háubrekka.
Á þessu svæði er þýfð grasi- og mosagróin brekka sem hallar um 20° í norðvestur, fast NNA við sléttað tún.
Tvær tóftir sjást á svæði sem er um 30 x 25 m stórt og snýr norður-suður. Hleðslur tóftanna eru allar signar og grasi- og mosagrónar en þó er rofabarð í suðausturhorni tóftar A. Samkvæmt Guðna Guðmundssyni var grjótið

úr veggjum þeirra endurnýtt annarsstaðar. Tóft A skiptist í þrjú hólf. Hún er 16 x 11 m stór og snýr norður-suður. Veggir hennar eru um 2 m á breidd og 0,2-0,5 m á hæð. Gengið hefur verið inn í hólfin að norðan, trúlega um timburþil. Hólfi I hefur verið skipt upp í hlöðu og beitarhús. Beitarhúsin hafa verið um 10 x 2 m að innanmáli. Inn af þeim hefur verið um 5 x 2 m stór hlaða sem er nú aðeins um 0,4 m dýpri en beitarhúsið. Skilið hefur verið á milli húsanna með timburþili eða grind. Hólf II er um 2 m vestan við beitarhúsið. Það er um 8 x 3 m að innanmáli og gæti hafa verið heykuml. Engar garða- eða jötuundirstöður eru greinilegar og aðeins tvö eða þrjú hleðslugrjót sjáanleg í grasinu. Tóft B er um 2 m norðaustan við tóft A. Hún er einföld, um 9 x 8 m stór og snýr NNA-SSV. Veggir hennar eru 2-3 m á breidd en aðeins <0,3 m á hæð. Innanmál er um 4x2 m en enginn inngangur er greinanlegur. Samkvæmt Guðna voru heykumlin rifin árið 1943. Fjárhúsið tók um 30-40 sauði og voru ennþá í notkun þegar Guðni man fyrst eftir sér.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Þverlækur

RA-394:014 *Göturnar* heimild um leið 63°58.229N 20°23.419V
Samkvæmt örnefnakorti Þverlækjar var leið sem kallaðist Göturnar vestan við Nýgræður SSV við beitarhús 013. Hún var um 1,1 km norðan við bæ 001 og um 200 m sunnan við beitarhús 013.
Á þessu svæði er sléttað tún.
Ekkert sést til fornleifa. Göturnar lágu frá bæ 001 að sauðahús 013.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Þverlækur


RA-394:015 garðlag vörslugarður 63°57.887N 20°23.531V
Torfhlaðinn vörslugarður er um 510 m norðan við bæ 001 og um 130 m norðaustan við Stórastein 012.
Á þessu svæði er þýfður grasi- og mosagróinn mói og mýri í vestanverðum túnjaðri.
Garðurinn er um 400 m á lengd, 0,5-1 m á breidd, 0,4-1 m á hæð. Garðurinn liggur að mestu NNA-SSV meðfram Brúninni áður en hann beygir í VSV niður í mýrina að Guttormshagagili en þar skilur hann á milli Innstastykkis að norðan og Stórahvammsstykkis að sunnan. Girðing er eftir garðinum endilöngum. Garðurinn kemur í ljós um 510 m norðan við bæ 001 og þaðan liggur hann gróflega í NNV um 370 m. Um 870 m norðan við bæ beygir garðurinn í VSV og endar 35 m vestar við landamerkin í Guttormshagagili milli Guttormshaga RA-385 og Þverlækjar 001 um 860 m NNV við bæ 001. Á einum stað fer garðurinn um mýri í nokkuð brattri brekku í Stóramýrarhvammi og þar hefur garðurinn sigið til niður brekkuna 0,5-1 m. Garðurinn er mjög rofinn og jafnvel alveg horfin á köflum vegna vatnsrofs, ágangs búpenings og annars rasks.
Hættumat: engin hætta


Vörslugarður 015, horft til NNV

RA-394:016 frásögn kálgarður 63°57.611N 20°23.539V
Guðni Guðmundsson, heimildamaður, man eftir kálgarði fast vestan við bæinn 001 en á túnakorti frá 1917 er kálgarður vestan og sunnan við bæinn. Líklega er um sama kálgarðinn að ræða.
Kálgarðurinn var þar sem nú er tún sem nýtt er til beitar.
Engar leifar kálgarðsins sjást en þó er dálítil brún í túninu í framhaldi af bæjarhól til norðvesturs og eru það ef til vill leifar af kálgarðinum. Líklegt er að sléttað hafi verið úr kálgarðinum við túnrækt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-394:017 frásögn þvottastaður 63°57.564N 20°23.530V
Að sögn Guðna Guðmundssonar, heimildamanns, var neysluvatn bæjarins fengið í Þverlæk sunnan við bæinn. Þar var uppspretta. Leirbragð var að vatninu og var það steinefnaríkt eða hart og hentaði ekki vel til þvotta en þó var þvottur skolaður þar. Sléttur grasbali er við lækinn um 95 m suðvestan við bæ 001 og kann þar að hafa verið þvottastaður.
Lækurinn rennur í gili og eru norðurbakkar þess aflíðandi og þýfðir. Lækurinn rennur í um 1 m djúpri rás og hefur þurft að standa ofan í læknum við þvotta.
Ekki sést til minja um þvottastaðinn.
Hættumat: engin hætta

RA-394:018 tóft stekkur 63°58.110N 20°23.624V
Sigin, grasigróin tóft er um 930 m norðan við bæ 001 og um 60 m NNA við túngarð 015. Túnin á Þverlækjarheiði vestan við tóftina kallast Nýgræður.




Stekkjartóft 018


Stekkjartóft 018, horft til norðurs

Á þessu svæði er grasi- og mosagróin brekka efst í Háubrekkum í suðvesturbrún Þverlækjarheiði sem hallar um 10-15° í norðvestur, fast neðan og norðvestan við sléttað tún.
Tóftin er tvískipt, um 8 x 7 m stór og snýr NNA-SSV. Veggir hennar eru 0,3-0,6 m á hæð, 1,5-2 m á breidd og mosa- og grasigrónir. Hólf A er sunnar. Það er um 3x2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Gengið hefur verið inn að vestanverðu um 1 m breiðan inngang sem er nokkuð greinilegur enn. Hólf B er um 2 m norðan við hólf A. Hólf B er egglaga, um 4x2 m að innanmáli og snýr einnig austur-vestur. Enginn greinilegur inngangur er í hólf B en trúlega hefur verið gengið inn að vestan þar líka. Veggir eru torfhlaðnir að því er virðist því ekkert hleðslugrjót er sjáanlegt en þeir eru nokkuð signir og byrjaðir að hlaupa í þúfur. Af byggingu og staðsetningu að dæma er mjög líklegt að tóftin sé stekkur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Þverlækur

RA-394:019 *Stekkatúnstættur* tóft stekkur 63°57.141N 20°23.380V
Á örnefnakort eru merktar Stekkatúnstættur á tveimur stöðum (sjá einnig 028). Önnur stekkjartóftin er um 875 m sunnan við bæ 001 í Sandskarðaheiði.
Tóftin er neðarlega (norðvestarlega) í heiðinni sem er stórþýfð. Til vesturs er nokkuð þurrlent mýrlendi
Tóftin er einföld en óljóst lítið hólf kann að vera við suðurenda hennar. Hún er torfhlaðin og ekki sést í grjót. Tóftin er um 16x5 m að stærð og snýr norður-suður. Veggir hennar eru mjög signir, eru hæstir um 0,4 m. Ekki er veggur sýnilegur á norðurhlið. Sléttur kragi er umhverfis tóftina þar sem efni í hana hefur verið stungið upp. Við suðurenda tóftarinnar gengur veggstúfur út til suðurs sem kann að vera leifar af öðru hólfi. Ekki sjást aðrir veggir hólfsins.



Stekkjartóft 019


Stekkjartóft 019, horft til norðurs

Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Þverlækur

RA-394:020 garðlag landamerki 63°58.152N 20°22.714V
Landamerkjagarður er á merkjum Þverlækjar og Skammbeinsstaða RA-395 um 930 m norðaustan við bæ 001 sem og á merkjum Þverlækjar og Stúfholts um 1,6 km norðan við bæ 001.
Beggja vegna garðlags heima við bæ eru sléttuð tún. Þegar lengra kemur frá bæ liggur hann um þýfða grasi- og mosagróna móa.
Garðurinn er torfhlaðinn, 1-1,2 m á breidd, 0,4-1 m á hæð og um 3,3 km á lengd og afmarkar land Þverlækjar að norðan og austan. Eystri garðinum er fyrst lýst frá þjóðveginum heim að bænum í suður og svo frá Hagabraut í

norður. Garðurinn sést um 1,2 km norðaustan við bæ 001, fast sunnan við fyrrnefndan þjóðveg heim að bænum. Þaðan liggur hann í SSA meðfram túni um 370 m. Þar beygir hann í SSV og liggur þaðan í beina línu um 880 m að markaskurði í Dýjamýri. Markaskurðurinn er um 400 m á lengd. Sunnan við skurðinn kemur garðurinn aftur í ljós og liggur áfram í SSV upp á Sandskarðaheiði um 770 m. Þar tengist hann garðlagi RA-384:020 á Markarima á landamerkjum Hreiðurs RA-384, Pulu RA-397, Mykjuness RA-396 og Þverlækjar. Garðurinn er einnig sjáanlegur í norðri. Frá þjóðveginum norður að Hagabraut 286 eru sléttuð tún. Fast norðan við Hagabrautina kemur garðlagið aftur í ljós. Þar liggur garðurinn um 450 m í NNV og endar þar á landamerkjum Stúfholts RA-393:001 og Þverlækjar í hólnum Stakk. Í Stakk beygir garðurinn í VSV og liggur um 860 m að landamerkjum Guttormshaga í Stúfholtsgili. Á þessum kafla er garðurinn orðinn nokkuð óljós. Hann er nokkuð vel varðveittur í túni Þverlækjar en rofinn utan túns. Tvö hlið eru á garðinum í túni. Garðurinn hefur gengið svolítið til vegna jarðskjálfta og er rofinn vegna ágangs búfénaðar hér og þar. Girðing á öllu garðlaginu. Samkvæmt Guðna Guðmundssyni heimildamanni var garðlagið hlaðið um 1942-1943. Fimm menn unnu saman að því að hlaða garðana. Fjórir hlóðu og stungu upp á meðan einn fór á undan, strengdi línu fyrir garðinum og skar fyrir. Lögum samkvæmt er hér ekki um fornleif að ræða en þar sem garðurinn var hlaðinn með fornu byggingarlagi og án véla var hann tekinn með.



Landsmerkjagarður 020, horft til SSV

Hættumat: engin hætta

RA-394:021 frásögn mógrafir 63°57.727N 20°23.897V


Samkvæmt Guðna Guðmundssyni fyrrverandi bónda á Þverlæk voru mógrafir í Botninum um 400 m norðvestan við bæ 001.

Á þessum stað er mosa- og grasigróin, deig mýri.

Búið er að fylla upp í grafirnar vegna slysahættu. Samkvæmt Guðna var djúpt niður á móinn eða allt að 2 m. Mólögin voru um 1 m á þykkt.

Hættumat: engin hætta

RA-394:022 tóft 63°57.166N 20°23.710V



Tóft 022



Tóft 022, horft til norðausturs

Tóft er í Brennhól, um 850 m suðvestan við bæ 001.


Tóftin er rétt norðvestan undir efstu brún Brennhóls.

Tóftin er tvískipt. Hún er um 8x5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er mjög sigin og virðist hafa verið grafin að hluta inn í brekkuna. Hólf I er í suðvestur-enda. Það er um 3,5x1,5 m að innanmáli og op er á því til norðvesturs. Hólf II er mjög samansigið og er um 3x0,5 m

að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur eins og hólf I, op er til norðvesturs. Ógreinileg dæld sem kann að vera manngerð er fast norðaustan við tóftina. Hún er um 5x3 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Hún er um 0,4 m á dýpt. Mesta hleðsluhæð tóftarinnar er um 0,5 m og er það veggurinn á milli hólfa sem er hæstur og greinilegastur. Ekki sést í gróthleðslur. Ekki er ljóst hvaða hlutverki tóftin gegndi.
Hættumat: engin hætta

RA-394:023 *Guðjónshóll* frásögn bústaður 63°58.058N 20°23.527V
Guðjónshóll er um 830 m norðan við bæ 001. Samkvæmt Guðna Guðmundssyni, heimildarmanni, voru húsatættur eða veggjabrot af tveimur tóftum í Guðjónshól kennd við einsetukarl með þessu nafni.
Á þessu svæði er sléttað tún.
Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: engin hætta

RA-394:024 renna 63°57.581N 20°23.154V



Kálgarðar í rennu 024


Kálgarður A í rennu 024, horft til suðurs



Kálgarður B í rennu 024, horft til norðausturs


Renna 024, horft til suðausturs

Guðni Guðmundsson, heimildamaður, sagði skráningarmönnum frá sérstæðu skeifulaga mannvirki sem hann hefur séð víðar í sveitinni (í Stúfholti RA-393:034 og Pulu RA-397:017) en kann engar skýringar á. Það er um 275 m suðaustan við bæ 001. Innan þessa meinta mannvirkis eru unglegir torfhlaðnir kálgarðar.
Mannvirkið er í stórþýfðu holti upp af mýri sem liggur til norðvesturs.

Mannvirkið er breið renna sem liggur í skeifu. Það er um 50x35 m að stærð og snýr austur-vestur. Rennan er víðast 3-4 m á breidd að innanmáli og 1-1,5 m á dýpt. Afar skjólgott er í henni og hafa enda verið gerðir unglegir kálgarðar í henni. Neðst og vestast í rennunni er kálgarður A og um 12 m norðaustan við hann er annar minni garður B. Garður A er um 13x10 m að stærð, snýr NNA-SSV. Eitt óljóst hólf er í austurhorni þess sem er um 2x2 að innanmáli. Garðurinn er siginn og rof komið víða í hann. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m. Kálgarður B er tvískiptur. Hann er um 7x5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hólfin eru jafnstór, um 2,5x3,5 m að innanmáli og snúa suðaustur-norðvestur. Mesta hleðsluhæð um 0,4 m. Op er á suðvesturenda og á milli hólfa.
Hættumat: engin hætta

RA-394:025 garðlag túngarður 63°57.517N 20°23.450V



Túngarður og hesthús 025


Túngarður og hesthús 025, horft til norðurs

Túngarður er um 140 m SSA við bæ 001, sunnan við Þverlækinn. Uppistandandi hesthús er fast við túngarðinn um 175 m sunnan við bæ 001. Þessi garður og hesthúsið eru ekki merkt inn á túnakort frá 1917 og kunna minjarnar því að vera yngri en það. Það er því líklegt að þessar minjar teljist ekki til fornleifa samkvæmt lögum en eru skráðar vegna forns byggingarlags.
Túngarðurinn afmarkar gamalt tún á lágu holti sem nýtt er til beitar til austurs og suðurs. Austan við garðinn er þýfður mói og sunnan við hann er nýrækt. Garðlagið heldur áfram til suðvesturs í þýfðri mýri vestan við holtið.
Minjarnar eru á svæði sem er um 385x70 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Túngarðurinn liggur suðvestur-norðaustur upp frá Þverlæk en endar um 15 m suðvestan við hesthúsið þar sem við tekur nýtt tún. Garðurinn sést á um 75 m löngum kafla, er um 0,7 m á hæð og um 1 m á breidd. Hann er algróinn og er líklega torfhlaðinn. Á loftmynd Loftmynda ehf frá 1998-2000 sést að þessi garður tengist öðrum sem er um 80 m VSV við hann. Sá garður er um 340 m á lengd og snýr nálega austur-vestur í brekku niður af holtinu en beygir lítillega til suðvesturs þegar komið er vestur í mýri. Hann er torfhlaðinn, er um 1 m á hæð og breidd þar sem hann er greinilegastur. Húsið er torf- og grjóthlaðið. Það er um 4x8 m að stærð og er fast við túngarð. Húsið er undir þaki og snýr norðaustur-suðvestur. Það er notað sem reykkofi en var áður hús fyrir 8 útigangshross. Mesta hæð veggja er m 1,6 m og er inngangur á norðvesturhlið. Grjóthleðsla er umhverfis hann og sjást 9 umför þar en húsið er lokað og ekki hægt að sjá fjölda umfara í veggjum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-394:026 frásögn útihús 63°57.632N 20°23.503V
Samkvæmt Guðna Guðmundssyni, heimildamanni, voru þrjú útihús þar sem núverandi fjós og tilheyrandi mannvirki standa á Norðurtúni. Þau voru um 40 m NNV við bæ 001.
Yngri útihús eru þar sem gömlu útihúsin stóðu og er malarplan á milli þeirra og gamla bæjarins 001.
Ekki er vitað um nánari hlutverk útihúsanna. Ekki sést til þeirra.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar


RA-394:027 frásögn hesthús 63°57.581N 20°23.431V
Samkvæmt Guðna Guðmundssyni, heimildamanni, var hesthús á Gránahól, um 75 m suðaustan við bæ 001.

Gránahóll er dálítil bunga í sléttuðu túni.
Engar leifar hússins sjást nú.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-394:028 *Stekkatúnstættur* tóft stekkur 63°57.207N 20°23.194V



Stekkjartóft 028, horft til suðurs



Stekkjartóft 028

Á örnefnakort eru merktar Stekkatúnstættur á tveimur stöðum (sjá einnig 019). Tóft er um 790 m sunnan við bæ 001 og um 200 m austan við stekkjartóft 019.
Tóftin er neðarlega (norðarlega) í Sandskarðaheiði sem er stórþýfð. Til vesturs er þurr mýri.
Tóftin er tvískipt og virðist torfhlaðin. Hún er um 11x4 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Hólf I er um 8x1 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Inngangur er í norðvesturenda. Ekki er greinilegt op á milli hólfa en hólf II er um 1x1 m að innanmáli. Veggir eru signir og eru hæstir um 0,4 m. Sléttlent er umhverfis tóftina þar sem efni í hana hefur verið tekið.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Þverlækur



Gata 029, horft til vesturs

RA-394:029 gata leið
63°57.189N 20°23.255V
Gata liggur á milli stekkjartófta 019 og 028 og áfram til norðausturs þegar framhjá þeim er komið. Gatan er um 800 m suðaustan við bæ 001.
Gatan liggur um neðanverða Sandskarðaheiði í stórþýfi. Gatan er ógróin og nú talsvert notuð af skepnum. Hún er um 0,5 m á dýpt og um 0,3 m á breidd. Götunni var fylgt á um 200 m löngum kafla á milli stekkjanna. Á loftmynd sést að leiðin virðist liggja af Ferðamannagötum/Þverlækjarvegi RA-384:021 eftir að komið er inn í land Þverlækjar. Leiðin sést á um 700 m löngum kafla og liggur norðaustur-suðvestur, meðfram Sandskarðaheiði, en hverfur á merkjum móti Skammbeinsstöðum RA-395. Mögulega hefur leiðin legið að Skammbeinsstöðum eða áfram norðaustur eftir sveitinni.
Hættumat: engin hætta



Áveitugarður 030, horft til vesturs

RA-394:030 garðlag áveita
63°57.685N 20°23.781V
Líklegur áveitugarður er í mýri sem kallast Botnstykki,

um 270 m norðvestan við bæ 001.
Á þessu svæði er þýfð grasi- og mosagróin mýri.
Garðlagið er illa farið vegna hrossabeitar og jarðskjálfta. Garðlagið er torfhlaðið, um 330 m á lengd, 1-2 m á breidd, 0,2-0,5 m á hæð og snýr austur-vestur í mýrinni. Að vestan hverfur það í mýri og púfur og að austan tengist það túngarði 032.
Hættumat: engin hætta

RA-394:031 *Gamla-Stekkatún* örnefni stekkur
"Norður af honum [Brennhól] eru grasgefnir hólar, sem heita Gamla-Stekkatún," segir í örnefnalýsingu. Gamla-Stekkatún er ekki merkt á örnefnakort og Guðni Guðmundsson, heimildamaður, kannaðist ekki við það. Hann taldi að það gæti hafa verið á sama stað og Grænuhólum 011. Ekki var hægt að staðsetja Gamla-Stekkatún með innan við 50 m skekkju.
Heimildir: Ö-Þverlækur, 2


RA-394:032 garðlag túngarður 63°57.699N 20°23.651V
Túngarðsbrot er í jaðri sléttaðs heimatúns fast sunnan við Gamlaskurð 005 og um 210 m norðvestan við bæ 001. Hér er trúlega um að ræða leifar af suðvesturenda gamla túngarðsins sem sýndur er á túnakorti Þverlækjar frá 1917 um 170 m VNV við bæ 001.
Sunnan við garðinn er sléttað tún og norðan við hann er djúpur Gamliskurður 005 og þýft graslendi.
Garðlagið er torfhlaðið, um 130 m á lengd, um 1 m á breidd og 0,5-1 m á hæð. Að austan hverfur garðlagið við vegslóða inn á tún. Garðlagið liggur frá austurenda í VNV um 60 m þar sem það beygir í VSV. Garðlagið liggur svo um 70 m í VSV áður en það hverfur í tún. Allur norðurhluti garðlagsins er horfinn vegna túnasléttunar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917



Túngarður 032, horft til VNV

RA-394:033 heimild um leið 63°58.208N 20°23.791V
Samkvæmt Guðna Guðmundssyni bónda á Þverlæk var farið yfir Markhólsvað 010 á reiðleið milli Þverlækjar og Guttormshaga RA-385.
Brúnirnar hafa að stórum hluta verið sléttaðar í tún fyrir utan Stóra- og Litlamýrarhvamma sem eru þýfðar deigar mýrar. Innstastykki við Markhól er lítið annað en þýfð mosa- og grasigróin deig mýri og graslendi.
Ekkert sést til fornleifa. Trúlega hefur verið farið frá Þverlæk um Brúnirnar og Háubrekkur áður en beygt var niður í mýrina við Markhólsvaðið yfir í land Guttormshaga.

Túnakort fyrir Skammbeinsstaði



Byggt á túnakorti frá 1917

RA-395 Skammbeinstaðir

Jarðadýrleiki talinn 30 hdr 1708. Skálholtskirkjueign. JÁM I, 320. 1270: Getið í máldaga Oddakirkju. DI II, 86-88. 1397: Skammbeinsstaða getið í máldaga kirkjunnar á Hofi í Gnúpverjahreppi sem átti jörðina. DI IV, 48 sbr. DI VI, 321. 1461 er Skammbeinsstaða getið í bréfi. DI V, 239. Hálfkirkja. Árið 2011 var fjórbýli á Skammbeinsstöðum. Þar er ekki lengur stundaður hefðbundinn búskapur en á nýbýlinu Vakurstöðum er stunduð hrossarækt og eru aðrir hlutar jarðarinnar nýttir undir frístundabyggð og hrossabeit. Fornbýlið Vakurstaðir 012 er á landareigninni.
1917: Tún 9,9 ha, þar af slétt 4 ha, garðar 2100 m².

RA-395:001 *Skammbeinstaðir* bæjarhóll bústaður 63°57.310N 20°21.441V



Ljósmynd af Skammbeinsstöðum frá 1946. Á myndinni sést gamli vesturbærinn og yngra íbúðarhús austurbæjarins (Þykkskinna I, bls. 192)

Tvíbýli var á Skammbeinsstöðum þegar túnakortið var gert árið 1917 og bæirnir sambyggðir á því. Eins langt og Auður Karlsdóttir, heimildamaður, þekkti til voru bæirnir hins vegar ekki sambyggðir en mjög stutt var á milli þeirra. Austurbærinn var færður til austurs árið 1930 og nýtt íbúðarhús byggt. Það hús ásamt tilheyrandi útihúsum var rifið árið 2000 eftir að það eyðilagðist í jarðskjálfta. Sumarbústaður í einkaeigu er nú þar sem húsið var. Vesturbærinn var færður til vesturs þegar nýtt íbúðarhús var byggt árið 1948. Það hús stendur ennþá og nýtt sem frístundahús. Á ljósmynd frá 1946 sem birtist í bókinni Þykkskinnu I, má sjá "gamla vesturbæinn", þann sem sést á túnakortinu frá 1917, og yngra íbúðarhús í Austurbænum. Út frá þessum

upplýsingum má telja að bæjarhóllinn sé á milli íbúðarhúsanna sem byggð eru á 20. öld. Ekki er lengur stundaður hefðbundinn búskapur á jörðinni en á nýbýlinu Vakurstöðum er stunduð hrossarækt. Aðrir hlutar jarðarinnar er nýttir undir frístundabyggð og hrossabeit.



Horft til norðvesturs að bæjarhól Skammbeinsstaða 001 bak við skemmu á miðri mynd

Slétt, grasivaxið moldarflag er þar sem bæjarhóllinn var, í aflíðandi halla til suðausturs. Sléttað var yfir svæðið árið 2000 þegar Austurbærinn var rifinn eftir jarðskjálftann. Þá var öllum byggingaleifum rutt út. Ennþá má sjá gróna bakgarða tilheyrandi íbúðarhúsunum sem byggð voru á 20. öld.
Bæjarhóllinn er á suðausturbrún náttúrulegt holts. Ekki er lengur hægt að staðsetja hann mjög nákvæmlega en mikið rask hefur átt sér stað á þessum slóðum vegna húsbygginga, niðurrifs og sléttunar. Af þeim sökum sést ekki til uppsafnaðra mannvistarlaga eða annarra vísbendinga sem gefa nákvæma staðsetningu bæjarhóls til kynna. Fyrir suðaustan holtið er nýlegt hesthús og líklegt að bærinn hafi verið ofan við það, mitt á milli íbúðarhúsanna sem byggð voru á 20. öld að sögn Auðar Karlsdóttur, heimildamanns.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917; HH: Þykkskinna I, 192

RA-395:002 heimild um útkirkja
SKAMMBEINSSTAÐIR Í HOLTUM (R) (MARTEINSTUNGUÞING) - HÁLFKIRKJA
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708 stendur: "Hjer er hálfkirkja og heimamanna gröftur, embættar hjer presturinn að Haga, Marteinstungu og Árbæ, þegar heimafólk gengur til sacramentis og betalast þar fyrir af ábúanda eftir samkomulagi. Heimaskyldur (ljóstollar) falla niður og betalast ekki til Marteinstúngu." Í skýrslum presta í Frásögum af fornaldarleifum segir: "á Skammbejnsstödumm jnnann Martejnstúngu Sóknar er Ejrn fornmanna Hellir sem brúkadur er til Saudfjárgeimslu á vetur [sjá 045], þar hefur og so i firndinni kyrkja verid, sem siá má af leidjumm i Kirkiu gardi ...". Auður Karlsdóttir, heimildamaður, vissi ekki að útkirkja hefði verðið á Skammbeinsstöðum né heyrt á hana minnst. Gera má ráð fyrir að kirkjan hafi verið nærri bæ 001 en nákvæm staðsetning er ekki þekkt.
Engin ummerki kirkjunnar sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: JÁM I: 320; FF I, 185

RA-395:003 heimild um útihús 63°57.278N 20°21.628V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 150 m VSV við bæ 001.
Útihúsið var í sléttri kinn í vesturjaðri túnsins. Henni hallar til austurs og suðurs. Trjárækt er til suðausturs og vesturs en túnið er nýtt til beitar.
Ekki sést til minja um útihúsið og hefur það að líkindum verið sléttað. Mögulega eru leifar af því enn undir sverði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917


RA-395:004 heimild um útihús 63°57.276N 20°21.542V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 110 m suðvestan við bæ 001.
Útihúsið var í túni, um 20 m suðvestan við hús vesturbæjarins sem byggt var 1948.
Ekki sést til minja um útihúsið en dálítil bunga er í túninu þar sem það hefur líklega verið og sennilegt að leifar af því leynist enn undir sverði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-395:005 heimild um útihús 63°57.266N 20°21.546V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 130 m suðvestan við bæ 001 og um 20 m sunnan við útihús 004.
Útihúsið var í túni sem nú er nýtt til beitar. Það var syðst á hæðóttu svæði og virðist ekki ósennilegt að undir sverði leynist minjar á fleiri stöðum á þessu svæði. Þó er ekki hægt að útiloka að hæðirnar séu náttúrulegar.

Ekki sést til minja um útihúsið og hefur að líkindum verið sléttað úr því.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-395:006 heimild um útihús 63°57.260N 20°21.477V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 120 m SSV við bæ 001.
Útihúsið var að líkindum á hól í túninu sem er að mestu náttúrulegur en undir sverði kunna að leynast leifar af því. Hóllinn er fast vestan við langa laut sem snýr suður-norður.
Ekki sést til minja um útihúsið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-395:007 þúst útihús 63°57.245N 20°21.462V



Þúst 007


Þúst 007, horft til austurs

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús syðst í túninu, um 150 m SSV við bæ 001. Þúst sem líklega er leifar af útihúsinu er á svipuðum slóðum.
Þústin er neðst (syðst) í túninu sem nýtt er til beitar. Túninu hallar til suðurs og skurður er 5-10 m sunnan við þústina.
Þústin er um 11x7 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Hún er lítillega mjórri í suðurenda og í suðausturhorni er dálítið rof sem hefur gróið. Mesta hæð er um 1,5 m. Ekki sést móta fyrir hólfum eða inngangi.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-395:008 heimild um útihús 63°57.249N 20°21.438V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 140 m sunnan við bæ 001 og um 20 m austan við þúst 007.
Útihúsið var sunnarlega í túninu, austan við langa lægð sem snýr norður-suður. Skurður er um 10 m sunnan við þar sem útihúsið stóð.
Ekki sést til minja um útihúsið, sennilega vegna sléttunar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917


RA-395:009 heimild um útihús 63°57.368N 20°21.298V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús 160 m ANA við bæ 001 og 10 m vestan við útihús 010. Útihúsið var innan afmarkaðs túns merktu vesturbænum. Líklega var það rifið.
Þar sem útihúsið var er vikur- og malarborinn vegslóði að hesthúsi við sumarbústað Auðar Karlsdóttur, heimildamanns. Til suðurs og norðurs eru sléttir og grasivaxnir túnblettir.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-395:010 heimild um útihús 63°57.371N 20°21.286V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús 170 m ANA við bæ 001 og 10 m austan við útihús 009. Útihúsið var innan afmarkaðs túns merktu vesturbænum. Líklega var það rifið.

Þar sem útihúsið var er vikur- og malarborinn vegslóði að hesthúsi við sumarbústað Auðar Karlsdóttur, heimildamanns. Til suðurs og norðurs eru sléttir og grasivaxnir túnblettir.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-395:011 heimild um útihús 63°57.331N 20°21.404V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús með sambyggðum kálgarði 45 m norðaustan við bæ 001. Útihúsið var í norðvesturhorni kálgarðsins. Íbúðarhús austurbæjarins (byggt 1930) var á þessum slóðum og líklegt að útihúsið hafi horfið þegar það var byggt.
Sumarbústaður í einkaeigu er á þessum slóðum og malarplan austan hans.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-395:012 *Vakurstaðir* tóft+garðlag býli 63°58.264N 20°21.524V
Í Jarðabók Árna Magnússonar frá 1708 segir: "Vakurstaðir heita í Skammbeinsstaða landi (nú sem stendur). Hefur auðsýnilega bær verið, og sjer glögt fyrir túni, girðingum og bæjarhúsa rústum, item merkigarði [040] milli Skammbeinsstaða og þessarra Vakurstaða, so heitir og Vakurstaðaengi, er þeirri jörð skal fylgt hafa. Engin man að þessi jörð hafi bygð verið, og meinast hún í tvö hundruð ár eður þar um í eyði verið hafa. Kynni, eins og til forna, aftur að byggjast, því ekkert grandar jörðinni, en þetta lenti í sama stað, því svo yrði Skammbeinstaðir smærri jörð og leiguminni hverri nú fylgir þetta Vakurstaðaland alt." "Norður af honum [Krika] eru Vakurstaðir, gamalt eyðibýli. Aðrir telja, að bærinn hafi heitið Akurstaðir," segir í örnefnalýsingu. "Um 2 km norður frá bænum er eyðibýlið Vakurstaðir með miklum og merkum friðlýstum miðaldarústum," segir í Sunnlenskum byggðum V. Í Þykkskinnu I eftir Helga Hannesson segir svo: "Milli Lækjar í Holtum og Skammbeinsstaða er bæjarrúst sem heitir Vakurstaðir. Tóftarbrotin benda til þess að þar hafi staðið þokkalegur bær. Þar hefur verið lítið tún, en kornakrar nokkuð stórir heima við bæinn. Sú arfsögn lifir enn í Holtum, að þar hafi um eitt skeið staðið útibú Skálholtsstaðar, lagt í eyði snemma á 16. öld. Líklega á síðustu árum kornræktar hér á landi. [...] Einstöku sinnum ber það við, á koldimmum vetrarkvöldum, að Hjallanesmenn sjá bjart ljós blika á rústum Vakurstaða." Í Friðlýsingaskrá segir: "Rústir eyðibýlisins Vakurstaða ásamt réttarrúst skammt frá." Í bókinni Manngerðir hellar á Íslandi stendur: "Fyrir löngu hruninn hellir hefur verið neðst í halla sunnan við Vakurstaði. Móbergshröngl, borið út úr honum, finnst í smáhól úti í mýri skammt frá hellismunna [...]". Rústir Vakurstaða eru um 1,77 km norðan við bæ 001, vestarlega í sunnanverðum hlíðum allhás holts.



Sýnilegar minjar í túni Vakurstaða 012



Á mynd til vinstri er bæjartóft Vakurstaða 012A, horft til SSA. Á mynd til hægri er tóft G, horft til suðausturs

Tóftirnar eru í og við grasi gróið holtið. Umhverfis holtið er mýrlent til allra átta nema vesturs en í þá átt er Háheiði.
Minjar sem taldar eru tengjast Vakurstöðum eru skráðar saman á svæði sem er um 295x125 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Alls voru skráðar fjórar tóftir, þar af ein með áföstu garðlagi, og tvær þústir. Minjarnar fá bókstafi til aðgreiningar í umfjöllun. Bæjarhóllinn og bæjartóftin, A, eru suðvestast á svæðinu. Bæjarhóllinn er um 32x25 m að stærð og snýr VSV-ANA. Hann er hæstur um 2 m. Á honum er stór tóft sem er um 32x19 m að stærð og snýr eins og hóllinn. Í tóftinni eru greinanleg 11 hólf. Tóftin virðist skiptast í tvennt en hún kann öll að hafa verið sambyggð. Í vesturhluta hennar eru 8 hólf. Nyrst er hólf I sem er um 13x7 m að innanmáli, snýr VSV-ANA. Innan þess er hólf II, fremur óskýrt. Það er um 3x3,5 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Inngangur virðist vera á NNV gafli. VSV við hólf I eru tvö hólf. Hólf III er í norðvesturhorni. Það er um 2x2 m að innanmáli og óljós inngangur er til suðvesturs. Neðan við það til SSA er hólf IV sem er um 5x2 m að innanmáli, snýr SSA-NNV. Inngangur til SSA. SSA við IV er dæld eða gryfja XI sem er líklega manngerð. Hún er um 2x1,5 m að innanmáli og snýr VSV-ANA. Op er á henni til VSV. Hólf V er SSA við hólf I. Þá er m 5,5x2,5 m að innanmáli og snýr VSV-ANA. Það mjókkar og verður ógreinilegt til ANA. Inngangur er í það til SSA. ANA við hólf V er hólf VI sem er orðið óljóst vegna þess hve það er hlaupið í þúfur. Það er um 3x2,5 m að innanmáli og snýr VSV-ANA. Ekki er ljóst hvar inngangur hefur verið en rof er víða í veggi þess. SSA við hólf VI er gryfja X sem er líklega manngerð. Hún er um 2x2,5 m að innanmáli, snýr SSA-NNV. Op er á henni til SSA. Austurhluti tóftarinnar er mun ógreinilegri en vesturhlutinn. Austast í honum er nokkuð skýrt hólf IX sem er um 5x1 m að innanmáli og snýr SSA-NNV. Inngangur er til SSA. VSV við það eru tvö óljós hólf. Hólf VII er um 2x3,5 m að innanmáli, snýr VSV-ANA. Ekki er skýrt op á því. Hólf VIII er NNV við hólf VII og er um 1,5x1 m að innanmáli, snýr NNV-SSA. Ógreinilegur inngangur er til NNV. Mesta hleðsluhæð tóftarinnar er um 1 m. Hvergi sést í grjóthleðslur og er tóftin líklega torfhlaðin. Tóft B og áfast garðlag C eru um 40 m norðan við bæjartóft A. Garðurinn liggur frá enda holtsins í suðvestri fram á brún í norðausturenda holtsins á um 200 m löngum kafla. Þar hverfur það í brattri hlíðinni en sést aftur um 100 m norðaustar á um 15 m kafla en liggur þar norðvestur-suðaustur og er suðausturendinn við rætur holtsins, við mýrlendi. Þvergarður liggur af garðinum, um 125 m norðaustan við suðvesturenda. Þar er 33 m langur garður sem liggur SSA-NNV. Hann er greinilegastur næst langgarðinum í NNV en verður ógreinilegri eftir því sem nær dregur SSA-enda. Hann er 3-4 m á breidd og 0,3 m á hæð. Langgarðurinn er hins vegar 4-5 m á breidd og hæstur er hann um 1,2 m. Garðarnir eru algrónir og eru líklega torfhlaðnir. Sennilegt er að garðurinn sé gamall túngarður en þvergarður kann að vera leifar af hólfaskiptingu innan túns, mögulega fyrir kornrækt. Ætla má að tún Vakurstaða hafi verið um 320x125 m að stærð og snúið norðaustur-suðvestur. Tóft eða gerði B er um um 45 m norðaustan við suðvesturenda langgarðs C. Líklega er þessi tóft/gerði réttartóftin sem nefnd er í Friðlýsingarskrá sbr. Tilvísun hér að ofan. Það hlutverk er ekki óhugsandi en eins má vera að um akurgerði sé að ræða. Gerðið er um 35x22 m að stærð og snýr NNV-SSA. Það skiptist í 5 hólf. Tvö stór hólf skipta gerðinu í tvennt en á milli þeirra eru tvö lítil hólf. Fimmta hólfið er svo við utanvert ANA-horn tóftarinnar. Í NNV-enda tóftarinnar er hólf I sem er um 17x16 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Ekki er greinilegur veggur við NNV-enda hólfsins (og gerðis) en hár kantur er niður til NNV sem virðist vera hluti af langgarðinum. Hólf II er í SSA-enda. Það er um 15x16 m að innanmáli og snýr VSV-ANA. Það er mjög hlaupið í þúfur í SSA-enda og orðið óljóst þar. Hólf III er á milli hólfa I og II við VSV vegg tóftar.Það er um 2x1,5 m að innanmáli, snýr NNV-SSN. Óljóst op er til NNV. Um 3 m ANA við það er hólf IV sem er um 4,5x1,5 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Það er orðið óskýrt í NNV-enda þar sem op er inn í það. Hólf V er fast utan við ANA vegg hólfs I. Það er um 2x1,5 m að innanmáli, snýr ANA-VSV. Óljóst op er á því í norðurhorni. Veggir gerðisins í hólfum I og II eru áþekkir garðhleðslunni, allt að 4 m á breidd og um 1 m á hæð.



Á mynd til vinstri er tóft 012B, horft til norðausturs. Á mynd til hægri er túngarður 012C, horft til ANA

Aðrir veggir eru minni um sig. Litlu hólfin III-V gætu verið seinni tíma viðbót við gerðið.SSA við gerðið eru tvö jarðföll þar sem mögulega hafa verið hellar (e.t.v. manngerðir) sem hafa hrunið. Fast SSA við tóftina er jarðfall sem er um 2x8 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Það mjókkar til NNV og hallar til SSA. Op er á því undan halla til SSA. "Veggir" þess eru brattir og er það um 1m á dýpt. Um 6 m neðar, til SSA, er annað jarðfall sem er nokkuð flatlendur og sléttur blettur sem er um 5x5 m að innanmáli. "Veggir" þess eru lágir og aflíðandi, ekki hærri en 0,5 m. Örmjó gata liggur til SSA frá því miðju og hverfur fljótlega í gamla túninu. Frá þessu jarðfalli eru um 15 m til norðausturs að bæjartóft A. Þúst D er um 50 m ASA við tóft A. Hún er 40x15 m að stærð og snýr austur-vestur. Þústin er gróin en óljóst mótar fyrir hólfi í austurenda. Þústin er 0,8 m á hæð og hliðar hennar eru aflíðandi. Lægð liggur eftir þústinni endilangri án þess að um skýrt hólf sé að ræða. Greinilegt er að uppsöfnuð mannvistarlög eru þó undir sverði. Þúst E er 55 m ANA við þúst D. Hún er 10x8 m að stærð og snýr norður-suður. Suðurhluti þústarinnar er 0,5 m á hæð og grasivaxinn. Að norðan er þústin stórþýfð og má greina veggjarbrot. Þetta er óljóst og ekki má greina hólfaskiptingu, op eða annað sem gefur hlutverk þústarinnar til kynna. Þetta var eflaust útihús frá bæjartóft A. Leið 038 liggur austur-vestur, beggja vegna við þúst D og E. Meint tóft F er tæpum 200 m austan við bæjartóft A. Hún er á litlum hól suðaustan við holtið sem bærinn er á. Deiglent er umhverfis hólinn. Tóftin er tvískipt, um 13x5 m að innanmáli og snýr suðaustur-norðvestur. Hólf I er í suðausturenda og er um 5x3 m að innanmáli. Það snýr suðaustur-norðvestur og óljóst op er í suðausturenda þess. Suðvesturveggur er ógreinilegur. Hólf II er um 3x3 m að innanmáli, mjókkar til norðvesturs. Ekki er skýrt op á því. Þýft er innan í tóftinni. Tóftin er gróin og torfhlaðin. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m. Tóft G er um 270 m norðaustan við bæjartóft A. Hún er um 15 m suðvestan við suðausturenda túngarðs C, norðaustast í holtinu, í brekku sem hallar niður að mýri til austurs. Tóftin er um 14x6 m að stærð og snýr suðaustur-norðvestur. Hún er tvískipt og torfhlaðin. Hófl I er í suðausturenda. Það er um 1x5 m að innanmáli, snýr suðaustur-norðvestur. Líklega hefur verið op inn í tóftina og hólfið í suðausturenda en sá hluti tóftarinnar er óskýr vegna gatna 038 sem liggja yfir alla tóftina og ofan og neðan við hana. Hólf II er um 2x1,5 m að innanmáli og snýr suðvestur-norðaustur. Ekki er sýnilegt op á því. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m. Hlutverk tófta F og G er ekki ljóst en líklegt er að þær séu leifar af útihúsum innan heimatúns Vakurstaða. Þar sem rofið í garðlag C hefst uppi á holtinu, um 190 m norðaustan við bæ A, í brekku mót suðaustri, virðast vera garðaleifar á svæði sem liggur skáhallt niður brekkuna til suðvesturs á um 130 m löngum kafla. Ekki er meint garðlag samfellt og aðeins sést innri brún þess. Mögulega hefur þessi brún myndast við ræktun í túninu en við hana virðast vera skil í gróðri. Ekki sást friðlýsingarskilti við minjarnar. Minjarnar á Vakurstöðum eru mjög fornlegar og einstaklega vel varðveittar. Minjarnar virðast allar vera frá sama tíma og ekki virðist hafa verið byggt aftur á staðnum eftir að hann fór í eyði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: JÁM I, 321; Ö-Skammbeinsstaðir, 2; SB V, 265; HH: Þykkskinna I, 92; ÁG: Friðlýsingarskrá, 70; Manngerðir hellar, 197

RA-395:013 *Háavarða* varða 63°57.146N 20°22.039V

"Vestur af bænum [001] er hár hóll, sem heitir Háavarða, og suður af henni lægð, sem heitir Klauf," segir í örnefnalýsingu. Háavarða er tæpum 600 m suðvestan við bæ 001 og 1,5 km suðvestan við tóft 036. Háavarða er horfin, líklega vegna uppblásturs. Hún var á háum ás sem liggur til norðurs úr Kambsheiði. Þetta svæði er nú innan landspildu umhverfis sumarbústað í einkaeigu. Svæðið er nýtt til trjáræktar en ekki er búið að planta í ásinn.

Háavarða er á svæði sem blés upp en nú gróið aftur. Mólendi og skógur er á þessum slóðum.

Engin ummerki vörðunnar sjást á yfirborði. Ekki er vitað í hvaða tilgangi varðan var hlaðin. Líklegt er að hún hafi varðað leið en hún er um 70 m suðaustan við leið sem liggur að Skammbeinsstöðum af leið RA-671:019.
Hættumat: hætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Ö-Skammbeinsstaðir, 1

RA-395:014 *Kofarimi* örnefni 63°57.117N 20°20.851V
"Heim undir túninu eru tveir rimar. Sá, sem er fjær túninu, heitir Kofarimi ...," segir í örnefnalýsingu. Kofarimi er um 600 m suðaustan við bæ 001.
Kofarimi er allhár og grösugur rimi í mýrlendi. Líklega hefur verið tún á honum sem nú er komið í órækt.
Á Kofarima er kofi - fjárhús úr timbri og bárujárni. Ekki er víst að riminn dragi nafn sitt af honum og kann að vera að annar eldri kofi hafi staðið á þessum rima áður fyrr. Engin ummerki um fornminjar sáust hins vegar á vettvangi.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Skammbeinsstaðir, 1

RA-395:015 *Torfholt* náma mógrafir
63°57.460N 20°19.925V
"Milli Rifs og heimatúns heitir Litlaflóð. Austur af Rifi heita Gilbotnar. Þar er holt, sem heitir Torfholt ...," segir í örnefnalýsingu. Suðaustan við Torfholt, í Gili og Gilbotnum eru nokkrar litlar mógrafir en ekki sjást ummerki um torfristu. Minjar um mótekju eru um 1,26 km austan við bæ 001.
Mógrafirnar eru í grösugu og fremur þröngu gili á mýrlendu svæði sem hefur verið ræst fram.
Mógrafir sjást á svæði sem er um 675x70 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þær eru fremur litlar en djúpar, um 4-5x8-10 m að stærð og 0,5-1 m á dýpt. Flestar þeirra eru fullar af vatni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Skammbeinsstaðir, 1



Mógrafir 015, horft til suðurs

RA-395:016 *Laugar* frásögn sundlaug 63°57.706N 20°19.442V
"Austur af Torfholti [015] er skagi, þar sem lækirnir renna saman, og heitir hann Tunga. Þar eru heitar uppsprettur, sem kallaðar eru laugar. Þær renna í Þvergilið, þar sem það kemur í Hjallaneslækinn," segir í örnefnalýsingu. Heit uppspretta þar sem Laugar voru er um 1,78 km norðaustan við bæ 001. Uppsprettan er skammt frá lækjarmótum og þar er nú borhola þar sem fæst heitt vatn fyrir Skammbeinsstaði.
Moldarflag er allt umhverfis borholuna en hún er fast við lækinn sem rennur suðaustan við Torfholt.
Engin ummerki eru um laug á þessum stað. Samkvæmt Auði Karlsdóttur, heimildamanni, var ekki manngerð laug þarna en hún og fleiri krakkar böðuðum sig oft í náttúrulegum laugum sem ekki sjást lengur vegna rasks við gerð borholunnar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Skammbeinsstaðir, 1

RA-395:017 *Gamlavað* gryfja vað
63°57.747N 20°19.431V
"Með Hjallaneslæk liggja engjarnar frá Skammbeinsstöðum. Austan við Laugar liggur Tunga áðurnefnd. Næst er Vaðstykki. Það dregur nafn af vöðum á lænum," segir í örnefnalýsingu. Gamlavað er um 25 m norðvestan við Nýjavað 018 og um 1,82 km norðaustan við bæ 001.
Hjallaneslækur er grunnur við vaðið og norðaustan við það er lítill hólmi í læknum. Allhátt er upp á bakkann Hjallanesmegin en aflíðandi brekka Skammbeinsstaðamegin.
Dálítil geil er niður að læknum á Skammbeinsstaðabakka sem er um 5x5 m að innanmáli og um 0,5 m djúp. Hjólför liggja upp úr geilinni til suðvesturs en vaðið liggur norðaustur-suðvestur. Líklegt er að bæði Gamla



Gamlavað 017, horft til norðausturs

og Nýjavað séu á leið 034 sem farin var á milli bæjanna Skammbeinsstaða og Hjallaness.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Skammbeinsstaðir, 1

RA-395:018 *Nýjavað* heimild um vað 63°57.735N 20°19.412V
"Með Hjallaneslæk liggja engjarnar frá Skammbeinsstöðum. Austan við Laugar liggur Tunga áðurnefnd. Næst er Vaðstykki. Það dregur nafn af vöðum á læknum," segir í örnefnalýsingu. Nýjavað er um 1,83 km norðaustan við bæ 001 og um 60 m norðaustan við Laugar 016.
Vaðið er þar sem lækur úr Gili rennur saman við Hjallaneslæk. Síðarnefndi lækurinn virðist alldjúpur á þessum stað. Sandsteinn er við bakkana báðum megin lækja.
Ekki sjást skýr ummerki um vaðið en bakkarnir meðfram læknum eru fremur lágir og aflíðandi á þessum stað og hann hefur af þeim sökum væntanlega verið valinn til yfirferðar. Líklegt er að bæði Gamla- og Nýjavað séu á leið 034 sem farin var á milli bæjanna Skammbeinsstaða og Hjallaness.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Skammbeinsstaðir, 1

RA-395:019 náma mógrafir 63°56.969N 20°20.205V
Samkvæmt Auði Karlsdóttur, heimildamanni, voru mógrafir í Gránubotnum, í norðausturhorni landareignar Skammbeinstaða. Mógrafir eru um 1,19 km suðaustan við bæ 001 og um 150 m sunnan við beitarhúsatóft 028.
Mógrafirnar eru í framræstri mýri og var mýrin þurrlend, þýfð og grösug þegar skrásetjari var á vettvangi 2011.
Tvær skýrar mógrafir sjást á svæði sem er um 190x20 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Mógrafirnar kunna að hafa verið fleiri á þessu svæði. Mógröf A er í norðvesturenda svæðisins. Hún er um 35x15 m að innanmáli, snýr austur-vestur. Hún er þurr og gróin, mesta dýpt er um 0,4 m. Kantar hennar eru nokkuð óreglulegir. Mógröf B er um 170 m suðaustan við A. Hún er einnig þurr og gróin, er um 0,3 m á dýpt og um 25x15 m að innanmáli. Hún snýr austur-vestur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Skammbeinsstaðir, 2


Mógröf 019A, horft til austurs

RA-395:020 *Draugasund* örnefni draugur 63°57.702N 20°21.400V
"Vestur af Stekkatúni er Arnarhvammur og vestan við hann lægð, sem heitir Draugasund," segir í örnefnalýsingu. Draugasund er um 730 m norðan við bæ 001.
Í Draugasundi er beitarhólf sem hefur verið sléttað. Fast norðvestan við það er heimreið að nýbýlinu Vakurstöðum.
Örnefnið bendir til að reimt hafi þótt á þessum slóðum en engin sögn um draugaganginn hefur varðveist.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Skammbeinsstaðir, 2

RA-395:021 *Stöðulholt* örnefni kvíar 63°57.371N 20°21.628V
"Vestur af túninu, milli þess og Þverlækjarbrúnar, er Stöðulholt, norður af því gömul varða í grjóturð og heitir Steinavarða [022]," segir í örnefnalýsingu. Stöðulholt er um 190 m norðvestan við bæ 001. Það snýr norður-suður og er austan við Hagabraut, malarveg um sveitina.
Holtið er að mestu leyti komið í tún og eru skurðir meðfram því að hluta að vestanverðu, á milli þess og Hagabrautar.
Ekki sjást ummerki um stöðul á holtinu og óvíst hvar á því hann var.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Skammbeinsstaðir, 2


RA-395:022 *Steinavarða* varða 63°57.638N 20°21.783V
"Vestur af túninu, milli þess og Þverlækjarbrúnar, er Stöðulholt [021], norður af því gömul varða í grjóturð og heitir Steinavarða," segir í örnefnalýsingu. Steinavarða var að líkindum um 670 m norðvestan við bæ 001.
Þar sem varðan var að líkindum er lítill og lágur melkollur sem er gróinn að hluta. Hann er innan beitarhólfs fyrir hross, vestan við Hagabraut.

Á melkollinum eru þúfur og mögulega eru það grónar leifar af vörðunni en ekki sjást önnur ummerki um vörðu á þessum stað. Ekki er vitað í hvaða tilgangi varðan var hlaðin.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Skammbeinsstaðir, 2

RA-395:023 heimild um traðir 63°57.321N 20°21.453V
"Heima við traðirnar, sem liggja heim að bænum, [001] er lítill hóll, Réttarhóll [024]," segir í örnefnalýsingu. Traðirnar eru sýndar á túnakorti frá 1917. Þær lágu til norðurs frá bænum og voru 40 m langar. Öll ummerki um þær eru horfin vegna rasks á þessum slóðum.
Slétt, grasivaxið svæði er þar sem traðirnar lágu.
Engin ummerki traðanna sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Skammbeinsstaðir, 3; túnakort 1917

RA-395:024 *Réttarhóll* örnefni rétt 63°57.369N 20°21.527V
"Heima við traðirnar [023], sem liggja heim að bænum, er lítill hóll, Réttarhóll," segir í örnefnalýsingu. Réttarhóll er um 130 m norðvestan við bæ 001. Samkvæmt örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar var Réttarhóll í beitarhólfi nálægt Steinavörðu 022, um 520 m norðar, en mögulega er örnefnið vitlaust staðsett þar.
Hóllinn er við austurjaðar túns og á honum eru leifar af vindmyllu - steyptur stöpull og festing fyrir vindmylluspaða.
Ekki sést til minja um rétt á þessum stað og hefur réttin líkleg verið rifin þegar túnið var ræktað. Ekki er vitað hvar hún var nákvæmlega.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Skammbeinsstaðir, 3; IE-Örnefnauppdráttur, Skammbeinsstaðir

RA-395:025 *Stekkatún* tóft+garðlag beitarhús 63°57.679N 20°20.859V



Tóftir í Stekkatúni 025

"Upp af Sniðunum heitir Stekkatúnsholt og austur af því er Stekkatún. Þar eru fjárhús og fjárhústún," segir í örnefnaskrá. Í Stekkatúni eru beitarhúsatóftir frá Austur- og Vesturbæ innan túngarðs um 830 m norðaustan við bæ 001. Stekkatún er austan undir Stekkatúnsholti þar sem er stórt ræktað tún.
Stekkatún er austan undir holti og vestan við mýri sem búið er að ræsa fram. Ræktuð tún eru sunnan og austan við fjárhústóftir A og B. Lækjarfarvegur hlykkjast austur-vestur, á milli tófta A-C og hólsins sem tóft D er á.
Stekkatún er afmarkað af túngarði til allra átta og eru fjórar tóftir innan hans. Var hverju mannvirki gefin bókstafur til aðgreiningar. Túngarður F afmarkar svæði sem er 200x180 m að stærð og snýr norður-suður. Túngarðurinn er allur varðveittur en skurður er sunnan við austurhlið hans. Túngarðurinn er líklega torfhlaðinn og hvergi sést glitta í grjót. Hann er 1 m á breidd og hæstur 1,5 m en víða er komið rof í hann. Hólf er sambyggt vesturhlið túngarðsins, innan túnsins. Hólfið er 7x6 m að stærð, einfalt og snýr norður-suður. Op er á miðjum austurvegg. Veggirnir eru torfhlaðnir og algrónir. Þeir eru 1-1,2 m á hæð. Tvær fjárhústóftir A og B eru á allstórum hól á miðju svæðinu og voru ein fjárhús frá hvorum bænum þegar tvíbýlt var á Skammbeinsstöðum. Tóft A er austar. Hún er um 15x9 m að stærð og skiptist í tvö hólf. Tóftin snýr norður-suður og er torf- og grjóthlaðin. Mesta hleðsluhæð tóftarinnar er 1,5 m og sjást 7 umför í hleðslu. Op er inn í tóftina á suðurgafli. Hólf I (hlaða) er í norðurenda tóftarinnar og er að hluta grafin inn í lítinn hól. Hólfið er um 5x5 m að innanmáli og niðurgrafið. Hrunið hefur úr vesturvegg þess. Ekki er veggur á milli hólfa I og II. Hólfi II er skipt í tvennt eftir endilöngu af grjóthlöðnum garða sem er um 5 m langur,



Á vinstri myndinni er beitarhúsatóft 025A, horft til austurs. Á hægri myndinni er beitarhúsatóft 025B, horft til norðausturs



Á vinstri mynd er tóft 025D, horft til vesturs. Á hægri mynd er tóft áföst garði 025F, horft til vesturs

1 m á breidd og um 0,5 m á hæð. Allt hólfið er um 5x6 m að innanmáli og snýr norður-suður. Tóft B er um 14 m vestan við tóft A. Hún hefur verið rifin að hluta. Hún er um 12x11 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Í henni er eitt skýrt hólf I sem er um 9x8 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Ekki eru veggir til suðausturs og suðvesturs. Annað óljóst hólf II er við norðurhorn hólfs I. Það er um 5x3 m að stærð (utanmál) og opið til suðausturs. Hólfið er nokkuð slétt að ofan og því sést innanmál þess ekki. Því hallar til suðausturs. Mesta hæð tóftarinnar er um 1,2 m. Lítillega sést í grjóthleðslur suðaustast í tóftinni. Um 4 m norðvestan við tóft B er óljóst heytóft C. Hún er um 7x4 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Hleðslur eru hæstar og breiðastar um 0,5 m en rof er í tóftinni í vesturhorni, undan halla. Hleðsla E er um 25 m norðvestan við tóft B. Hún lokar litlum hvammi og myndar þannig líklega rétt sem er um 6x8 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Hleðslan liggur í sveig frá norðri til austurs. Op er inn í réttina úr austri. Hleðslan er um 1 m á breidd og 0,5 m á hæð. Hún er líklega torfhlaðin en einnig kann að vera grjót í henni þó að það sjáist ekki. Tóft D er 100 m NNA við hólfið á túngarðinum, á hól norðan við lækjarfarveg. Tóftin er 9x7 m að stærð, einföld og snýr norður-suður. Veggirnir eru 0,3-0,6 m á hæð, algrónir og sést glitta í steina á tveimur stöðum. Op er á miðjum norðurvegg og ekki mótar fyrir hólfaskiptingu. Gólf tóftarinnar er hærra en jarðvegurinn utan hennar. Tóftin liggur undir ágangi hrossa og uppspörkuð að hluta.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Skammbeinsstaðir, 2

RA-395:026 *Borgarpyttir* örnefni fjárskýli 63°57.214N 20°21.685V
Borgarpyttir eru merktir inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar. Auður Karlsdóttir, heimildamaður, kannaðist ekki við fjárborg á þessum slóðum né að hafa heyrt á örnefnið minnst. Ekki minnist hún þess heldur að tóftir hafi verið þar. Borgarpyttir er 270 m suðvestan við bæ 001.
Gróið mólendi, í halla til austurs er á þessum slóðum.
Engin ummerki fjárborgar sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Skammbeinsstaðir

RA-395:027 heimild um kálgarð 63°57.300N 20°21.429V
Samkvæmt túnakoti frá 1917 var kálgarður 5-10 m sunnan við bæ 001. Hann skiptist í fjögur hólf, tvö merkt austurbænum og tvö vesturbænum. Kálgarðurinn var í brekku, sem hallar til SSA, niður af náttúrulegu holti. Brekkan er 4 m há og sléttað yfir svæðið. Þar er moldarflag ofan við nýlegt hesthús.
Engin ummerki kálgarðsins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-395:028 tóft+garðlag beitarhús 63°57.048N 20°20.235V




Á vinstri mynd er garðlag 028, horft til ANA. Á hægri mynd er tóft 028, horft til vesturs



Tóft 028

Garðlag og tóft eru á holti í mýrinni suðaustan við Kofarima 014. Minjarnar eru um 1,09 km suðaustan við bæ 001.
Minjarnar eru á allháu holti og þar sem ræktað var tún sem komið er í órækt. Það er sléttlent og grösugt.
Garðlagið myndar L. Það afmarkar svæði sem er um 125x83 m að stærð og snýr norður-suður. Það er um 1 m á hæð og líklega torfhlaðið. Það er gróið en rof er í það á nokkrum stöðum. Enn sjást ummerki eftir efnistöku í garðinn sitt hvorum megin við hann. Tóft er í NNA-horni garðlagsins, innan hans. Hún er um 6x8 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Tóftin er einföld að því er virðist, um 4x1,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op er í vesturenda þess en mögulegt er að það sé einungis rof sem hefur myndast eftir að hætt var að nota mannvirkið því það er mjög niðurtroðið af búsmala. Mesta hleðsluhæð er um 1,2 m. Tóftin virðist vera torfhlaðin og hefur líklega verið beitarhús.
Hættumat: hætta, vegna rofs

RA-395:029 garðlag áveita
63°57.177N 20°19.710V
Garðlög, líklega áveitumannvirki eru í deiglendi um 1,43 km austan við bæ 001.
Garðlögin eru í deiglendi sem hefur vafalaust verið blautlent áður en það var ræst fram en svæðið sem garðarnir eru á er skorið sundur af þremur skurðum sem snúa norður-suður. Flatlent er og smáþýft á svæðinu.
Garðar sjást á svæði sem er um 370x235 m að stærð og snýr VNV-ASA. Á loftmynd má sjá að garðarnir mynda 2 bogadregnar línur og er sú sem er norðaustar á svæðinu mun greinilegri en hin. Ekki er útilokað að garðarnir hafi tengst og myndað gerði en það sést ekki skýrt á loftmyndinni. Ef þeir hafa myndað gerði er ekki útlokað að hlutverkið sé vörslugarður sem hlaðinn var



Áveitugarður 029, horft til NNA

til að forða skepnum frá blautum mýrum. Garðarnir eru grónir og torfhlaðnir, mesta hæð þeirra er um 1 m. Víðast er hann þó lægri, 0,5-0,6 m á hæð og hlaupinn í þúfur. Sitthvoru megin við garðana sést hvar efnið í þá var tekið. Minjarnar eru unglegar og óvíst að þær falli undir lög um fornminjar vegna aldurs en þær eru skráðar enda minnismerki um merkilegan kafla í búnaðarsögunni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-395:030 náma mógrafir
63°57.198N 20°19.600V
Ummerki um mógrafir eru í gildragi fast vestan við Hjallanesgil og Hjallaneslæk á merkjum. Grafirnar eru um 1,5 km austan við bæ 001.
Gildragið sem mógrafirnar eru í er gróið og þýft. Það er um 3 m á dýpt og snýr nálega austur-vestur. Mýrarlæna rennur eftir því í Hjallaneslæk.
Mógrafir sjást á svæði sem er um 80x20 m að stærð og snýr ANA-VSV. Alls sáust sjö mógrafir á svæðinu. Þær eru misstórar, sú minnsta er 2x2 m að innanmáli og sú stærsta er 10x20 m að innanmáli. Jaðrar þeirra eru skýrir og vatn er í flestum þeirra. Þær eru að mestu grónar og mesta dýpt þeirra er 1,3 m.



Mógrafir 030, horft til norðausturs

Hættumat: engin hætta

RA-395:031 garðlag
63°57.644N 20°19.361V
Garðlag er fast vestan við Hjallaneslæk, um 1,8 km austan við bæ 001.
Garðlagið er í mólendi sem hallar til austurs, niður að læknum. Rafmagnslína (á staurum) liggur yfir hann.
Garðlagið er um 18 m langt og snýr ASA-VNV en beygir lítillega til norðurs í VNV-enda. Framhald hans sést ekki í þýfinu og hinn endinn nær nánast niður á lækjarbakkann. Garðurinn er um 0,5 m breiður og um 0,3 m á hæð. Hann er líklega torfhlaðinn og er hlaupinn í þúfur. Hlutverk hans er óþekkt.
Hættumat: engin hætta




Garðlag 031, horft til suðausturs

RA-395:032 tóft 63°57.722N 20°19.579V




Tóft 032, horft til norðurs



Tóft 032

Ógreinileg tóft er um 115 m vestan við Laugar 016 og um 1,7 km norðaustan við bæ 001.
Tóftin er á allstórum en fremur lágum hól í mólendi norðaustan við Torfholt 015.
Tóftin er að líkindum torfhlaðin og einföld. Hún er um 9x11 m að stærð og snýr norður-suður. Veggir eru hæstir um 0,5 m og er mögulegt að inngangur hafi verið á norðurgafli en það er óskýrt.Hlutverk tóftarinnar er óþekkt en hún gæti hafa verið heytóft.
Hættumat: engin hætta

RA-395:033 tóft+garðlag beitarhús 63°57.605N 20°19.996V



Tóftir og gerði 033

Tóftir innan gerðis eru á Torfholti 015 um 700 m austan við Stekkjartún 025 og um 1,3 km norðaustan við bæ 001.
Minjarnar eru í norðausturenda holtsins og hallar lítillega til suðausturs frá þeim.
Minjarnar eru á svæði sem er um 70x60 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Í lýsingunni hér á eftir er hverju mannvirki gefinn bókstafur til aðgreiningar. Svæðið er afmarkað af ferköntuðu gerði C sem er orðið mjög sigið og hlaupið í þúfur. Það er mest um 2 m á breidd og um 0,5 m á hæð og 70 x 60 m stórt. Það er líklega torfhlaðið. Áfast gerðinu að innanverðu er tóft B. Hún skiptist í 3-4 hólf og er um 18x10 m að stærð. Tóftin snýr NNV-SSA. Tóftin er gróin og líklega torfhlaðin. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m. Hólf I er um 9x1 m að innanmáli og snýr SSA-NNV. Ekki er skýrt op inn í það. Hólf II er austan við hólf I. Það er um 3x1 m að innanmáli og snýr SSA-NNV.



Á vinstri mynd er tóft 033A, horft til NNV. Á hægri mynd er tóft 033B, horft til NNV

Óljóst op er á því í norðausturhorni. Hólf III er SSA við hólf I og II. Það er langt og mjótt og óskýrt. Það er m 8x0,5 m að innanmáli og snýr ANA-VSV. Óljóst lítið hólf er við ANA-enda þess. Það er um 0,5 m að þvermáli innanmáls. Líklega er það hluti af hólfi III. SSA við hólf III er hólf IV sem er um 1x1 m að innanmáli og óljóst op er á því til suðausturs. Þetta hólf er mjög óskýrt. Tóft A er inni í miðju gerðinu og er um 22x12 m að stærð, snýr ANA-VSV. Hún skiptist í tvö hólf. Hún virðist vera torfhlaðin og er mesta hæð um 1 m. Hólf I er í VSV-enda. Það er um 4x4 m að innanmáli, ekki er skýrt op á því. Af hólfi II sést eitt horn sem er um 4x5 m að stærð og snýr NNV-SSA. Hólfið er afar óskýrt og er opið í báða enda. Tóft A er mun unglegri en tóft B og gerði C. Fjarlægð minjanna frá bæ og svæðið í heild bendir til þess að á þessum stað hafi verið beitarhús. En augljóst er að hér eru fleiri en eitt byggingarstig og ekki víst að hlutverk minjanna hafi alltaf verið það sama.
Hættumat: engin hætta

RA-395:034 gata leið 63°57.568N 20°20.046V
Miklar götur liggja eftir Torfholti 015 að suðaustanverðu og stefna til ANA á Nýjavað 018 og Gamlavað 017. Göturnar sjást um 1,25 km norðaustan við bæ 001, fast suðaustan við tóftir 033. Þær eru líklega á leið sem farin

var á á milli Skammbeinsstaða og Hjallaness og hefur mögulega tengst þjóðleið RA-671:019 sem lá úr Ásahreppi um Holtin.
Göturnar liggja í þýfðu holti innan um framræstar mýrar.
Götur sjást á 900 m löngum kafla, eftir öllu Torfholti og langleiðina að Gamlavaði 017. Á Torfholti sjást götur á um 30 m breiðu svæði, allt að 20 paldrar. Sumar göturnar eru mjög djúpar, um 0,5 m, og um 0,5 m breiðar. Aðrar götur eru mjórri og grynnri. Göturnar eru grónar. Hinum megin á holtinu, norðvestanvert á því, eru líka götur en þær eru ógrónar og farnar af skepnum. Leiðin kann líka að hafa legið þeim megin á holtinu.
Hættumat: engin hætta




Götur 034, horft til ANA

RA-395:035 tóft beitarhús
63°58.418N 20°21.145V



Beitarhúsatóft 035, horft til norðurs



Beitarhúsatóft 035


Tóft er um 420 m norðaustan við Vakurstaði 012A og um 2,07 km norðan við bæ 001.
Tóftin er norðaustan undir háholti því sem Vakurstaðir eru á, en stendur lægra. Til austurs eru mýrar. Tún er vestan við tóftina en nokkur uppblástur hefur verið umhverfis tóftina til annarra átta.
Tóftin er um 12x6 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Rof er í suðausturgafli og einnig langveggjum en það hefur gróið aftur. Tóftin er einföld. Op er á henni til norðvesturs. Hún er grjót- og torfhlaðin. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m. Til norðurs frá tóft er þýft og grösugt. Þar er ekki að sjá aðrar tóftir en ekki er útilokað að fleiri mannvirki leynist undir sverði. Fjarlægð tóftar frá bæ, staðsetning hennar í landinu og gerð bendir helst til þess að hún sé af beitarhúsum.
Hættumat: hætta, vegna rofs

RA-395:036 tóft
63°57.888N 20°21.379V
Tóft og garðlag eru rúmum 1 km norðan við bæ 001 og rúma 600 m norðvestan við Stekkatún 025. Tóftin er innan lands nýbýlisins Vakurstaða, rúmum 50 m norðvestan við íbúðarhúsið þar. Hrossarækt er stunduð á nýbýlinu.
Minjarnar eru í grónu heiðlendi, í aflíðandi halla til norðausturs. Gróin tún, nýtt til hrossabeitar eru allt umhverfis tóftina nema suðausturs, þar er bílaplan.
Á svæði sem er 18x11 m og snýr norður-suður er tóft og garðlag. Tóft A er 11x7 m að stærð, einföld og snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin er töluvert röskuð, opin í báða enda, veggirnir útflattir og hafa orðið fyrir




Tóft 036, horft til norðausturs

skemmdum. Veggirnir eru 0,4-1,3 m á hæð og grasivaxnir. Hvergi sést glitta í grjóthleðslur. Garðlag B liggur til suðurs frá tóft A, tæpir 4 m eru á milli þeirra. Garðlagið er 8 m langt og 0,6 m á hæð. Það er grasivaxið og fjarar út í gróið stórþýfi. Tilgangur garðlagsins er óljós, mögulega verið annað hólf á tóftinni eða vallargarður. Ekkert er hægt að geta sér til um í hvaða tilgangi mannvirkin voru byggð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Tóft og garðlag 036

RA-395:037 tóft beitarhús
63°58.632N 20°21.512V
Beitarhúsatóft er efst í Hnúðholti, um 2,45 km norðan við bæ 001.
Tóftin er á uppblásnum kolli Hnúðholts en aftur hefur gróið yfir rofið. Allt umhverfis er gríðarmikið og sléttlent beitarland í deiglendi.
Tóftin er grjóthlaðin og skiptist í fjögur hólf. Þrjú þeirra eru mjög



Beitarhúsatóft 037


Beitarhúsatóft 037, horft til suðvesturs

skýr en eitt óskýrt. Hún er um 14x16 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Mesta hleðsluhæð er um 1,3 m og mest sjást 5 umför hleðslu. Hólf I er norðaustast í tóftinni. Það er um 6x1,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Það mjókkar til suðausturs þar sem inngangur inn í það er. Í suðausturenda hólfsins er mikið hrun. Hólf II er suðvestan við hólf I. Það er um 2x5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Op inn í það er á suðvesturhlið en það er samanfallið. Hólf III er í vesturhorni tóftar og er um 2,5x1,5 m að innanmáli. Það snýr norðaustur-suðvestur. Ógreinilegt op er á suðvesturhlið, að því er virðist. Norðvestan við tóftina eru mögulega leifar heystæðis en þar er ef til vill eingöngu um að ræða ummerki eftir uppblástur. Þar er dálítill þúfnakragi sem liggur í hálfhring og er um 9x3,5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Brekkan niður að kraganum frá tóftinni myndar mögulega vegg til suðausturs. Svo virðist sem að meint mannvirki skiptist í tvö hólf en ógreinilegur veggur er á milli þeirra. Í suðvesturenda er hólf sem er um 3,5x3,5 m að innanmáli og í norðausturenda er hólf sem er um 4,5x3,5 m að innanmáli. Mesta hæð þúfnakragans er um 0,5 m og mesta breidd hans er um 0,4 m. Það sem helst bendir til þess að tóftin sé af beitarhúsum er fjarlægð frá bæ, staðsetning tóftar í landinu og gerð tóftarinnar.
Hættumat: engin hætta

RA-395:038 gata leið
63°58.260N 20°21.435V
Götur liggja til austurs frá leið RA-671:019, sunnan við Vakurstaði 012. Göturnar liggja sunnan undir holtinu sem Vakurstaðir eru á og sveigja til norðurs eftir því og hverfa. Ekki er vitað hvert göturnar liggja en mögulega hafa þær legið að beitarhúsum 035.
Stórþýft mólendi, neðan við brekku til suðurs, niður af náttúrulegu holti.

Göturnar liggja sunnan við Vakurstaði 012, og fara yfir þústir D og E. Það sjást 2-6 paldrar á 5 m breiðu svæði. Tveir þeirra eru dýpstir, 1 m og grónir. Annars eru þeir 0,3-0,6 m. Leiðin sést á 300 m lögum kafla og hlykkjast norðaustur-suðvestur.
Hættumat: engin hætta



Götur 038, horft til austurs

RA-395:039 gata leið
63°58.531N 20°22.073V
Götur sjást liggja eftir Háheiði og fara fyrir norðurenda hennar. Göturnar sjást um 2,32 km norðan við bæ 001 og um 495 m suðvestan við beitarhús 037.
Göturnar eru í mólendi og krækja fram hjá deiglendi utan heiðarinnar.
Bæði sjást grónar og ógrónar götur á um 15 m breiðu svæði. Víða eru 7-10 paldrar sýnilegir. Ógrónu göturnar eru dýpstar, um 1 m á dýpt og um 0,4 m á breidd. Aðrar götur eru grynnri og mjórri. Ekki er ljóst á hvaða leið þessar götur eru en hún hefur líklega tengst leið RA-671:019 við suðurenda Háheiðar.
Hættumat: engin hætta




Götur 039, horft til suðausturs

RA-395:040 heimild um landamerki
Í Jarðabók Árna Magnússonar frá 1708 segir: "Vakurstaðir [012] heita í Skammbeinsstaða landi (nú sem stendur). Hefur auðsýnilega bær verið, og sjer glögt fyrir túni, girðingum og bæjarhúsa rústum [sjá 012], item merkigarði milli Skammbeinsstaða og þessarra Vakurstaða, so heitir og Vakurstaðaengi, er þeirri jörð skal fylgt hafa. Engin man að þessi jörð hafi bygð verið, og meinast hún í tvö hundruð ár eður þar um í eyði verið hafa. Kynni, eins og til forna, aftur að byggjast, því ekkert grandar jörðinni, en þetta lenti í sama stað, því svo yrði Skammbeinstaðir smærri jörð og leiguminni hverri nú fylgir þetta Vakurstaðaland alt." Merkigarður sá sem nefndur er í tilvitnuninni virðist horfinn, a.m.k. fundust engin ummerki um hann við vettvangsathugun.
Ekki er ljóst hvar merkigarðurinn milli Vakursstaða og Skammbeinsstaða var en hann hefur verið vestan við Vakurstaði, mögulega vestan við mýrardrag sem tekur við vestan við tún eyðibýlisins. Í mýrardraginu hefur verið grafinn skurður og nokkurt rask hlotist af því. Vestan við það er þýft holt.
Ekki sáust minjar um landamerkjagarð á vettvangi milli Vakursstaða og Skammbeinsstaða.
Heimildir: JÁM I, 321

RA-395:041 tóftir heystæði
63°58.364N 20°20.475V
Tvær tóftir eru um 2,11 km norðan við bæ 001.
Tóftirnar eru á litlum og lágum hól í grösugu mýrarstykki sem hefur verið framræst.
Tóftirnar eru á svæði sem er um 26x13 m að stærð og snýr norður-suður. Tóft A er nyrst á svæðinu. Hún er hringlaga, um 10 m í þvermál. Óljós inngangur er úr suðri. Tóftin er




Heystæði 041A, horft til norðurs



Heystæði 041

einföld og torfhlaðin. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m. Um 8 m sunnan við tóft A er tóft B. Hún er einföld, um 8x10 m að stærð og snýr suðaustur-norðvestur. Ekki sést skýrt op á henni en það hefur mögulega verið á suðausturhlið en sú hlið er orðin óskýr. Tóftin er torfhlaðin og mesta hleðsluhæð er um 0,5 m. Hlutverk tóftanna er ekki þekkt en líklega hefur önnur tóftin eða þær báðar verið heystæði því heyjað var hér allt í kring áður fyrr.
Hættumat: engin hætta

RA-395:042 tóftaþyrping fjárskýli 63°58.556N 20°21.573V



Tóftaþyrping 042

Tóftaþyrping er við suðvesturhorn Hnúðholts. Hún er tæpa 2,4 km norðan við bæ 001 og rúmum 600 m norðan við Vakurstaði 012. Tóftirnar eru bæði í hlíðum Hnúðholts sem og á láglendi sunnan þess. Rafmagnsgirðing liggur eftir vesturvegg þústar D.
Gróið mólendi er á þessum slóðum.
Átta tóftir eru á þessum stað, á svæði sem er 115x90 m að stærð og snýr norður-suður. Í lýsingunni sem hér fylgir er hverri tóft gefinn bókstafur til aðgreiningar. Tóft A er suðaustast. Hún er 9x7 m að stærð, einföld og hringlaga. Veggirnir eru 0,5 m á hæð, mosavaxnir og ekki sést op inní tóftina. Veggirnir eru útflattir og 1-2 m á breidd, norðurveggurinn er mjög siginn á nánast útflattur. Hvergi sést glitta í grjót eða skýrar hleðslur. Tóft B er 8 m vestan við tóft A. Hún er eins að gerð og lögun og tóft A, nema 8 m í þvermál. Veggir hennar eru 0,5-0,8 m á hæð og 1,5-2 m á breidd. Tóftin er stórþýfð og gróin. Líklega voru tóftir A og B fjárborgir eða gjafahringir. Tóft C er 30 m norðan við tóft B. Tóftin er sigin, nánast útflött. Hún er 25x5 m að stærð, einföld og snýr norðvestur-suðaustur. Veggirnir eru stórþýfðir og grónir. Þeir eru 0,5-0,6 m að hæð. Tóftin er



Á vinstri mynd er tóft 042A, horft til austurs. Á hægri mynd er tóft 042D, horft til VSV

opin til vesturs og hvergi sést glitta í grjót. Hlutverk tóftarinnar er óþekkt. Þúst D er 25 m norðvestan við tóft C. Hún er 15x9 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er 1 m á hæð og sker sig úr nánasta umhverfi. Suðurhluti þústarinnar er grasivaxinn en rof afmarkar norðurhliðina. Líklega er austurhlið þústarinnar horfinn eða útflattur. Ekki sést hólfaskipting í þústinni. Tóft E er 40 m ANA við þúst D. Hún er einföld og er í brekku niður af Hnúðholti. Hún er 7x5 m að stærð og snýr austur-vestur. Tóftin er byggð inn í Hnúðholt til norðurs og það afmarkar þá hlið. Veggirnir eru 0,2-0,5 m á hæð, stórþýfðir og algrónir. Tóftin er opin til austurs og var líklega heimarétt. Tóft F er 10 m vestan við tóft E og er eins að gerð og lögun. Tóftin er einföld, 7x5 m að stærð og snýr austur-vestur. Op er í norðausturhorni. Tóftin er byggð inn í Hnúðholt til norðurs. Veggirnir eru 0,5-0,6 m á hæð, grónir og stórþýfðir. Tóft G er um 120 m norðaustan við tóft A. Hún er neðarlega í sunnanverðum hlíðum



Á vinstri mynd er tóft 042F, horft til vesturs. Á hægri mynd er tóft 042H, horft til vesturs

Hnúðholts. Tóftin er einföld og líklega torfhlaðin. Hún er um 11x9 m að stærð og snýr NNV-SSA. Mesta hleðsluhæð er um 0,3 m og er hún nokkuð hlaupin í þúfur. Ekki sést skýrt op á tóftinni en hún er þverskorin af fjárgötum. Tóft H er 40 norðvestan við tóft F. Hún er 8x7 m að stærð, einföld og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 0,4 m á hæð og hvergi glittir í grjót. Ekki sést skýrt op inní tóftina. Ekki er ljóst hvaða hlutverki tóftirnar gegndu en ekki er sennilegast er að þær hafi verið fjárskýli og bendir staðsetning þeirra og fjarlægð frá bæ helst til þess en auk þess eru tvær tóftir á svæðinu sem líklegt er að hafi verið fjárborgir eða gjafahringir.
Hættumat: engin hætta

RA-395:043 garðlag áveita 63°58.474N 20°20.183V



Áveitugarður 043, horft til norðurs

Áveitugarðar eru í framræstu mýrarstykki við merki móti Hjallanesi RA-451, um 2,4 km norðaustan við bæ 001.
Flatlent og grasgefið er á svæðinu.
Garðarnir afmarka svæði sem er um 190x480 m að stærð og snýr norður-suður. Á svæðinu eru tveir garðar. Annars vegar garður A sem liggur meðfram Hjallaneslæk. Hann liggur norður-suður og hlykkjast lítillega. Hins vegar er garður B sem liggur til vesturs frá Hjallaneslæk og er fast sunnan við suðurenda garðs A. Hann liggur til vesturs á um 180 m löngum kafla og beygir svo til norðurs á um 460 m löngum kafla. Hann endar í norðri við Hnúðholtskeldu sem er á merkjum á móti Læk RA-392. Tveir hlykkir eru á garðinum þar sem hann liggur til norðurs. Garðarnir eru 1-1,5 m á breidd og um 1,2 m á hæð. Þeir eru að öllum líkindum torfhlaðnir. Garðarnir eru unglegir og óvíst að þeir teljist til fornleifa samkvæmt lögum.
Hættumat: engin hætta




Túngarður 044, horft til suðausturs

RA-395:044 garðlag túngarður
63°57.265N 20°21.936V
Túngarður afmarkar grasivaxið tún norðan við Háuvörðu 013, í grónu mólendi. Þjóðvegur (Hagabraut) liggur meðfram austurhliðinni. Túngarðurinn er án efa of ungur til að teljast til fornleifa samkvæmt laganna skilningi (þar sem miðað er við 100 ár) en hann er byggður að fornri hefð og er því skráður.
Gróið, slétt mólendi er á þessum slóðum.
Túngarðurinn afmarkar svæði sem er 250x150 m að stærð og snýr

norður-suður. Túngarðurinn er 0,8-1,6 m á hæð, torfhlaðinn og grasivaxinn. Hann er 1-1,5 m að breidd og víða sést hvar efni var tekið meðfram honum. Vesturhliðin er aðeins varðveitt að hluta og rof í öðrum hliðum, m.a. vegna girðinga og heimreiðar að sumarbústað/heilsárshúsi í einkaeigu sem er norðan við túnið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-395:045 heimild um fjárhús
Í bókinni Frásögur um fornaldarleifar I segir: "á Skammbejnsstödumm jnnann Martejnstúngu Sóknar er Ejrn fornmanna Hellir sem brúkadur er til Saudfjárgeimslu á vetur..." Hellir þessi er líklega hruninn og ummerki um hann afmáð. Ekki fengust upplýsingar um staðsetningu hans en ábending fékkst þó um það að hann gæti hafa verið á milli bæjar og Stekkatúns 025 í holtsbrún sem heitir Snið.
Brúnin er nokkuð aflíðandi og víðast grasi gróin.
Ekki fundust ummerki um hellinn og nákvæm staðsetning hans ókunn.
Heimildir: FF I, 185

Túnakort fyrir Mykjunes



RA-396 Mykjunes

10 hdr. 1708, Skálholtskirkjueign. JÁM I, 319. "Jörðin er 500 ha, öll vel gróin, þurrlend að 1/3 hluta og ræktunarland gott. Hagar eru skjólsamir." SB V, 264. Ekki er föst ábúð á jörðinni.
1917: Tún 2,4 ha, þar af slétt 1,6 ha, 802 garðar m².

RA-396:001 *Mykjunes* bæjarhóll bústaður 63°56.551N 20°21.600V



Mynd af Mykjunesi frá 1947 (Þykkskinna I, 194)



Bæjarstæði Mykjuness 001, horft til norðausturs


Ekki er föst ábúð á Mykjunesi. Jörðin er nýtt undir frístundabyggð og skipt a.m.k. Í tvo parta auk nokkurra sumarhúsalóða. Gamla heimatúnið tilheyrir skógræktarbónda og íbúðarhúsið nýtt sem heilsárshús. Tvíbýli var á jörðinni til 1924 og bæjarhúsin að öllum líkindum sambyggð. Kálgarður austurbæjarins var sambyggður bæjarhúsunum til austurs. Miðað við túnakortið frá 1917 og ljósmynd af bænum frá 1947 sem birtist í Þykkskinnu I, má telja líklegt að núverandi íbúðarhús sé

þar sem eldri bæir stóðu þó að ekki sjáist eiginlegur bæjarhóll. Mikið rask hefur átt sér stað á þessum slóðum. Íbúðarhúsið er austast á bæjarstæðinu, því næst slétt grasflöt með hellulögn, gróðurhús og útihús frá 20. öld eru vestast. Rúmum 10 m norðan við íbúðarhúsið er annað útihús frá 20. öld. Allt umhverfis þessar byggingar er slétt svæði nýtt til trjáræktar og malarplan.
Skjólbelti eru fyrir norðan og sunnan núverandi húsakost í Mykjunesi. Sléttar grasflatir og trjábeð eru næst íbúðarhúsinu og sléttað yfir svæðið.
Ekki sér til uppsafnaðra mannvistarlaga né bæjarhóls.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917; HH: Þykkskinna I, 194

RA-396:002 heimild um útihús 63°56.544N 20°21.570V
Útihús 002 er sýnt á túnakorti frá 1917, 100 m sunnan við bæ 001. Kálgarður tilheyrandi austurbænum er sambyggður útihúsinu til austurs sem og bæ 001. Líklega var útihúsið sléttað út eða rifið.
Þar sem útihúsið var er skjólbelti úr Alaskavíði sem snýr austur-vestur, þvert yfir áætlaða staðsetningu útihússins.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-396:003 heimild um útihús 63°56.554N 20°21.600V
Á túnakorti frá 1917 er merkt útihús 10-20 m norðvestan við bæ 001. Útihúsið sést á ljósmynd af Mykjunesi frá 1947 sem birtist í Þykkskinnu I. Útihúsið var grjót- og torfhlaðið með dyr mót suðri, líkt og bærinn. Útihúsið er horfið.
Þar sem útihúsið var er steinsteyptur grunnur, milli tveggja útihúsa frá 20. öld.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917; HH: Þykkskinna I, 147

RA-396:004 tóftaþyrping beitarhús 63°56.669N 20°22.323V
"Hellar. Móklettasvæði í jaðri Hellraheiðar, öðru nafni Kambsheiðar, um 600 m vestur frá Mykjunesi. Þar voru ærhús," segir í örnefnalýsingu. Fjárhúsin eru tæpum 630 m vestan við bæ 001 og rúmum 750 m norðan við helli 015. Fjárhúsin eru rúmum 50 m suðvestan við sumarbústað í einkaeigu.



Tóftaþyrping 004

Tóftaþyrpingin er í móbergsbrekku, u.þ.b. 15 m hárri með stöllum. Þýft mólendi er í brekkunni, inn á milli móbergshryggja. Skógrækt er allt umhverfis tóftirnar. Tóftir A og B eru uppi á Hellrabrúninni (Hellraheiði) en tóftir C og D fyrir neðan 5 m háa brekku til suðurs niður af heiðinni. Tóft E fyrir neðan aðra brekku í halla SSV.
Fimm tóftir eru á þessum stað, á svæði sem er 100x30 m að stærð og snýr SSA-NNA. Tóft A er norðvestust. Hún er 9x5 m að stærð, einföld og snýr SSA-NNV. Veggirnir eru 0,4-0,8 m á hæð og algrónir. Grjót er undir sverði í þeim en ekki er hægt að greina skýra grjóthleðslu. Op er á miðjum norðurvegg. Ekki mótar fyrir görðum né jötum í tóftinni sem var þó líklega fjárhús. Tóft B er 5 m norðvestan við tóft A og hefur fjórum lerkitrjám verið plantað á milli þeirra. Flaggstöng er 4 m suðaustan við tóftina. Tóftin er 12x9 m að stærð, einföld og snýr suðaustur-norðvestur. Veggirnir eru 1-1,7 m á hæð og hlaðnir úr torfi og móbergi. Það sjást 1-3 umför af grjóthleðslu í þeim. Op eru á miðri suðurhlið. Norðurhluti beggja langveggjanna er áberandi hæstur og gæti það bent til hólfaskiptingar þrátt fyrir að ekki sjáist þess merki innan í tóftinni. Tóftin er mikið gróin að innan og hvorki mótar fyrir jötum né görðum. Tóft C er 35 m suðaustan við tóft B. Hún er 8x6 m að stærð, einföld og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 0,5-1 m á hæð og algrónir. Hvergi glittir í grjót né mótar fyrir opi. Tóft D er 10 m

sunnan við tóft C. Hún er hringlaga og 10 m í þvermál. Veggirnir eru 1 m á hæð, grasivaxnir og hvergi glittir í



Á vinstri mynd er tóft 004A, horft til SSA. Á hægri mynd eru tóftir 004B og C, horft til suðurs



Á vinstri mynd er tóft 004D, horft til norðurs. Á hægri mynd er tóft 004E, horft til austurs


grjót. Lægð er á suðurvegg, mögulegt op. Þetta var líklega gjafahringur eða fjárborg. Tóft E er 40 m norðan við tóft D, náttúrulegur móbergshryggur liggur á milli þeirra. Tóftin er 13x8 m að stærð og afmarkar móbergsklettur vesturhlið hennar. Veggirnir eru 0,5-1 m á hæð og algrónir. Op er í suðvesturhorni og annað á miðri austurhlið. Tóftin er einföld en ekki er útilokað að annað hólf sé í austurenda, þar er útskot klappað inn í móbergið. Veggir eru útflattir og tóftin öll óskýr. Ekki mótar fyrir görðum en líklega er um beitarhús að ræða.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Ö-Mykjunes, 2

RA-396:005 tóft heystæði
63°56.500N 20°22.384V
"Kofarimar. Rimar tveir, sem skaga út úr Kambsheiði (Hellraheiði) austur í mýrina austan og suðaustan við Hellrana. Draga nafn af fjárhúsum, sem þar voru," segir í örnefnalýsingu. Fjárhúsin sem nefnd eru í örnefnaskrá eru líklega á nyrðri Kofarima 016. Tóft er hins vegar einnig í syðri Kofarima, um 645 m vestan við bæ 001.
Tóftin er austast á lágum rima sem liggur frá Hellraheiði til austurs út í mýri.
Tóftin er einföld, gróin og líklega torfhlaðin. Hún er um 4x5 m að stærð og snýr austur-vestur. Op er á henni til vesturs. Umhverfis tóftina eru litlar ferkantaðar dældir þar sem ætla má að efnið í hana hafi verið tekið. Hún er



Heystæði 005, horft til vesturs


því sennilega ekki mjög gömul. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m. Rof er í norðausturhorni. Hlutverk tóftarinnar er ekki ljóst. Tóftin er of lítil til að geta verið af fjárhúsum og útlit hennar og staðsetning bendir helst til að hún sé heystæði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Mykjunes, 2



Heystæði 005

RA-396:006 heimild um mógrafir
63°55.958N 20°21.672V
"Mógrafir. Á norðurbakka Bauluskurðar, austur frá suðurenda Messurima," segir í örnefnalýsingu. Mógrafirnar eru sýndar á örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar. Mógrafirnar voru 1,1 km sunnan við bæ 001. Engin ummerki mógrafanna sjást á yfirborði, líklega vegna fyllingar og gróðurs.
Stórþýft, grasivaxið mólendi er við Bauluskurð. Skurðbakkinn er lágur á nokkrum stöðum og mögulegt að mótekja hafi verið þar.
Engin ummerki mógrafanna sjást.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Mykjunes, 3; IE-Örnefnauppdráttur, Mykjunes

RA-396:007 *Stekkatún* tóft stekkur 63°56.037N 20°21.395V




Stekkjartóft 007


Stekkjartóft 007, horft til suðurs

"Stekkatún. Í dalverpi þar sem Holtið nær lengst til suðurs, rétt við Bauluskurð, skammt austan við bílveginn," segir í örnefnalýsingu. "Suður af henni [Pokalág] er hvammur, sem heitir Stekkatún. Þar eru tættur eftir stekk eða fjárrétt," segir í örnefnalýsingu BK. Stekkjartóft er á þessum slóðum, um 970 m sunnan við bæ 001.
Í dalverpinu þar sem stekkurinn er hefur verið ræktað lítið tún og grafinn skurður syðst í því sem liggur í Bauluskurð. Dalverpið snýr nálega norður-suður og er tóftin norðaustast í því, í brekkurótum.
Tóftin er um 3x11 m að stærð og snýr norður-suður. Hún skiptist í 2 hólf. Hólf I er í norðurenda. Það er nokkuð skýrt, um 2x1,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Ekki er skýrt op á því. Hólf II er um 2,5x7 m að innanmáli og snýr norður-suður. Suðurveggur og megnið af vesturvegg er horfið, mögulega vegna túnræktar. Ekki er op á öðrum stöðum inn í hólfið. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m. Ekki sést í grjót í hleðslum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Mykjunes, 3; Ö-Mykjunes BK, 1

RA-396:008 tóft+garðlag beitarhús 63°56.766N 20°20.768V
"Stórholt. Miðleiðis milli Mykjunesáss og Gránubotna. Þar er ærhús, " segir í örnefnalýsingu. Beitarhúsin á Stórholti eru rúmum 700 m norðaustan við bæ 001 og 1,2 km ANA við fjárhús 004. Umhverfis beitarhúsin er sléttað tún á Stórholti, afmarkað af hlöðnum túngarði.
Stórholt er 10 m hátt og víðfermt. Hluti þess er sléttaður en framræst mýrlendi er allt umhverfis holtið. Stórholt er innan túns, afmarkað af skurðum.
Tvær tóftir og garðlag eru á svæði sem er 355x150 m og snýr norður-suður. Í lýsingunni hér á eftir er hverju mannvirki gefinn bókstafur til aðgreiningar. Túngarður C afmarkar ferkantað tún sem er um 150x150 m að stærð en frá norðausturhorni þess heldur garðurinn áfram til norðurs, á 190 m löngum kafla, að merkjagarði 019 milli Skammbeinsstaða og Mykjuness. Garðurinn er torfhlaðinn og víðast gróinn. Rof er þó í hann á nokkrum stöðum



Tóftir og garðlag 008




Tóft 008A, horft til vesturs



Garðlag 008C, horft til norðurs

vegna umferðar skepna um svæðið. Víðast er garðurinn um 1 m á hæð. Tóft A er nánast í miðju túninu, í suðvesturhlíð Stórholts. Hún er af beitarhúsum. Tóftin er 22x17 m að stærð, snýr austur-vestur og skiptist í 3 hólf. Hólf 1 er syðst. Það er 11x5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggirnir eru 0,5-1,5 m á hæð, algrónir og hvergi glittir í hleðslugrjót. Hólfið er opið til suðurs og ekki mótar fyrir garða. Bárujárnsleifar sjást ofan á veggjum og í gólfinu. Hólf 2 er norðan við hólf 1 og var hlaða. Hólfið er 7x5 m að innanmáli, snýr austur-vestur og er gólfið niðurgrafið. Veggirnir eru 2 m á hæð og hvergi sést glitta í grjót. Ekki mótar fyrir skýru opi inní hólfið, var þó líklega úr hólfi 1. Hólf 3 er vestan við hólf 2. Það er 12x3 m að stærð og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 1 m á hæð og algrónir. Hólfið er opið til vesturs og ekki mótar fyrir garða. Tóft B er rúmum 70 m VNV við tóft A. Hún er eins konar gerði, 7x7 m að stærð og einungis eru 0,5 m á milli hennar og túngarðs C. Veggirnir eru 0,4 m á hæð og algrónir. Ekki er skýrt op inn í gerðið né mótar fyrir hólfaskiptinu. Þetta var líklega kálgarður eða heimarétt.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Mykjunes, 3



Ummerki um meinta hella 009

RA-396:009 hellir
63°56.569N 20°21.566V
Í bókinni Manngerðir hellar segir: "Í Mykjunesi eru menjar um týnda eða hrunda hella á tveimur stöðum: Heima í túni og úti í högunum, í svonefndri Hellraheiði [010]." Ekki er vitað hvar hellir í túni var því ekki náðist í heimildamann fyrir jörðina. Um 50 m norðaustan við bæ 001 og fast austan við þúst 014 eru tvær lægðir í brekku mót suðri sem kunna að vera samfallnir hellar. Ekki kemur fram í heimildinni hvaða hlutverki þeir þjónuðu.
Meintir hellar eru í gömlu, grösugu túni þar sem nú er

skógrækt.
Hellarnir eru á svæði sem er um 20x20 m á stærð. Lægð A er um 8 m VNV við lægð B. Hún er um 7x5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hún mjókkar lítillega í norðausturenda. Hún er um 0,5 m á dýpt og er vel gróin. Lægð B er alls um 20x6 m að stærð og snýr NNV-SSA. Í SSA-enda er mögulega leifar af inngangi í helli en þar er skýr laut sem er um 2x3 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Hún er opin til SSA og er um 0,5 m á dýpt. Efst, í NNV-enda lægðar B er önnur skýr laut sem er um 5x4 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Hún er opin til SSA og er 0,5-1 m á dýpt. Lægðin er öll gróin.
Hættumat: hætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Manngerðir hellar, 197



Dæld 009B, horft til SSA

RA-396:010 hellir
63°56.754N 20°22.160V
"Í Mykjunesi eru menjar um týnda eða hrunda hella á tveimur stöðum: Heima í túni [009] og úti í högunum, í svonefndri Hellraheiði," segir í bókinni Manngerðir hellar á Íslandi. Ekki er vitað hvar hellirinn í Hellraheiði var. Telja verður líklegt að hann hafi verið í brún heiðarinnar, þar glittir víða í móberg og er líklegasta staðsetning hellisins rúma 600 m norðvestan við bæ 001.
Hellraheiði er stórt svæði og nýtt til skógræktar og trjám plantað um allt.
Engin ummerki hellisins sjást á yfirborði.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Manngerðir hellar, 197

RA-396:011 heimild um kálgarð 63°56.540N 20°21.591V
Á túnakort frá 1917 er merktur kálgarður 10 m suðvestan við bæ 001 og 10 m vestan við útihús 002. Vegur 012 lá á milli þeirra. Kálgarðurinn tilheyrði vesturbænum. Hann var þar sem grasivaxin brekka er nú.
Þar sem kálgarðurinn var er búið að ýta ruðningi og braki útihúsa frá 20. öld niður brekku. Grjót og steypuleifar sjást víða og trjám plantað inná milli
Engin ummerki kálgarðsins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-396:012 vegur leið 63°56.487N 20°21.578V
Upphlaðinn vegur er um 100 m sunnan við bæ 001. Hann lá frá bæ á gamla Holtaveginn og er hann að öllum líkindum sami vegur og er sýndur á túnakorti frá 1917. Leið RA-671:004 lá í beinu framhaldi af veginum til suðurs.
Minjarnar eru í framræstri og grösugri mýri. Rákir fyrir trjárækt hafa verið gerðar í mýrina sem vegurinn lá yfir og hafa þær að líkindum raskað honum. Engar rákir eru hins vegar þar sem vegurinn sést.
Upphlaðinn vegur sést á um 20 m löngum kafla en hverfur svo í gróður. Hann er um 5 m breiður og um 1 m á hæð, snýr norður-suður. Syðst á veginum virðast vera hlaðnir garðar meðfram honum til beggja hliða á um 5 m löngum kafla en mögulegt er að umferð um veginn hafi einfaldlega myndað dæld í landið og kantarnir séu þannig tilkomnir. Meðfram austurhlið vegarins er meint garðlag um 0,5 m á hæð og breidd. Meðfram vesturhlið vegarins er meint garðlag um 2 m á breidd og 0,5 m á hæð. Líklega eru minjarnar torfhlaðnar.



Upphlaðinn vegur 012, horft til norðausturs

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-396:013 garðlag túngarður 63°56.605N 20°21.560V


Samkvæmt túnakorti var túnið afmarkað af túngarði og var mannvirki, líklega rétt, áfast honum 80-90 m norðan við bæ 001. Hluti túngarðsins sést um 105 m norðan við bæ 001 en ekki sést til áfasts mannvirkis og kann það að hafa verið rifið.
Túngarðurinn er á mörkum gamla túnsins sem komið er í órækt og móa. Skógrækt er utan og innan túngarðs.
Samkvæmt túnakorti var aðeins túngarður meðfram norður- og norðausturhluta túnsins en túnið í heild var 220x250 m að stærð og sneri austur-vestur. Garðurinn er á norðurmörkum túnsins og nær yfir holtið sem bærinn stendur sunnan í. Hann er torf- og grjóthlaðinn. Hann er alls um 240 m langur á svæði sem er um 210x70 m að stærð og snýr VNV-ASA. Víðast er hann um 0,5 m á hæð en þar sem holtinu hallar til austurs er garðurinn hæstur um 1,5 m. Það er líklega yngsti hluti túngarðsins. Garðurinn er algróinn og um 1 m á breidd. Hlið er á honum um 15 m vestan við núverandi Holtaveg. Það er um 2 m á breidd.



Túngarður 013, horft til vesturs

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

RA-396:014 þúst 63°56.568N 20°21.577V



Þúst 014



Þúst 014, horft til norðurs

Hringlaga þúst er um 40 m norðaustan við bæ 001.
Þústin er í halla mót suðri í gamla heimatúninu sem nú er undirlagt skógrækt. Fast austan við þústina er allmikið jarðfall, mögulega hruninn hellir (sjá annars 009).
Þústin er um 5 m í þvermál. Mesta hæð er um 1 m undan halla. Hún er gróin og ekki sést í grjót. Tréhlemmur er fyrir opi á henni miðri. Hlutverk þústarinnar er óljóst en mögulega var hún kartöflugeymsla.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

RA-396:015 hellir útihús 63°56.487N 20°21.467V


Hellir er sýndur á örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar, vestan við "gömlu" legu Hagabrautar. Hellirinn er rúma 160 m suðaustan við bæ 001, í norðurhlið Holtsins. Rúmum 15 m vestan við hellinn er búið að planta skjólbelti.
Hellirinn er í lág niður norðurhliðar Holtsins. Þar er stórþýft mólendi með lyngi, mosa og lúpínubreiðum.
Hellirinn er niðurfallinn en svo virðist sem að það hafi gerst fremur nýlega þar sem dældin er ekki gróin. Hellirinn er 8x7 m að stærð og snýr norður-suður. Hann er víðastur til norðurs og mjókkar eftir því sem innan dregur. Hellirinn er 1-1,3 m á dýpt en fullur af þakhruni. Hann virðist klappaður í móberg en gæti einnig verið náttúrulegur að hluta. Ekki reyndist unnt af fara ofan í hellinn vegna mikils gróðurs og braks sem þar er. Stórir



Hruninn hellir 015, horft til suðurs

hleðslusteinar úr móbergi sjást efst í austur- og vesturvegg en það er afar óljóst vegna hruns. Á nokkrum stöðum við opið í norðurenda hellisins sjást hleðslusteinar sem mögulega eru aðfluttir. Hlutverk hellisins er óþekkt en staðsetning bendir til að hann hafi verið útihús.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Mykjunes

RA-396:016 *Kofarimar* tóft beitarhús 63°56.679N 20°21.999V




Tóftir 016


Tóftir 016, horft til norðausturs

"Kofarimar. Rimar tveir [sjá líka 005], sem skaga út úr Kambsheiði (Hellraheiði) austur í mýrina austan og suðaustan við Hellrana. Draga nafn af fjárhúsum, sem þar voru," segir í örnefnalýsingu. Fjárhúsin sem nefnd eru í örnefnaskrá eru líklega á nyrðri Kofarima. Þar eru tvær tóftir um 400 m norðvestan við bæ 001.
Tóftirnar eru suðaustan í allháum hólrana sem liggur til suðausturs út í mýri. Mikil skógrækt er allt í kringum tóftirnar.
Tóftirnar eru á svæði sem er um 17,5x6,5 m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur. Þær virðast torfhlaðnar. Í suðvesturenda svæðisins er einföld tóft A sem er um 3x4 m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur. Ekki sést op á henni og eru veggir hennar um 0,5 m á hæð. Tóft B er fast norðaustan við tóft A. Hún er þrískipt, 13x6,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Í suðvesturenda er hólf I sem er um 4x3 m að innanmáli og snýr suðvestur-norðaustur. Op er í austurhorni. Hólf II er næst til norðausturs. Það er um 3,5x1,5 m að innanmáli, snýr suðaustur-norðvestur og er op á því til suðausturs. Hólf III er um 1,5x2,5 m að innanmáli og snýr suðaustur-norðvestur. Ekki virðist hafa verið veggur á suðausturgafli. Veggir þessa hólfs eru mjóir, um 0,5 m á breidd, en eru breiðari annarsstaðar. Mesta hæð tóftar er um 1 m. Mögulega er hólf I ekki sambyggt hinum hólfunum en það er mjög óljóst. Líklegt er að hér hafi verið fjárhúsin sem nefnd eru í örnefnaskrá.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Ö-Mykjunes, 2

RA-396:017 gerði kálgarður
63°56.724N 20°21.718V
Kálgarður er 330 m NNV við bæ 001 og 500 m austan við fjárhús 004. Kálgarðurinn er í svokölluðum Brekkum, í vesturhlíðum Mykjunesáss.
Trjám hefur verið plantað allt umhverfis kálgarðinn, í aflíðandi brekku til vesturs.
Kálgarðurinn er 20x20 m að stærð og snýr ANA-VSV. Veggir hans eru 1-1,2 m á hæð, torfhlaðnir og algrónir. Kálgarðurinn er í aflíðandi halla til vesturs og er sléttur að innan. Op er í norðvesturhorni. Í miðju kálgarðsins er búið að planta þyrpingu af trjám og eru sum þeirra allt að 5 m há.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar



Kálgarður 017

RA-396:018 garðlag vörslugarður 63°56.626N 20°22.062V

Garðlag er í beinu framhaldi af vesturenda yngsta hluta túngarðs 013. Mögulegt er að garðlagið kunni að hafa verið sambyggt túngarði en ekki er hægt að skera úr um það. Það sést í mýri um 90 m sunnan við tóft 016 og um 350 m norðvestan við bæ 001.
Garðlagið liggur um grasi vaxna mýri sem hefur verið ræst fram en er enn nokkuð deiglent.
Garðurinn er um 250 m á lengd og snýr austur-vestur. Um 80 m eru á milli vesturenda túngarðs 013 og austurenda þessa garðs. Á milli garðanna er tveir skurðir og trjáræktarsvæði á milli þeirra. Garðurinn er um 0,5 m á hæð og breidd. Hann er torfhlaðinn og gróinn. Líklegast er að garðurinn sé vörslugarður þó einnig sé mögulegt að hann sé áveitugarður.
Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

RA-396:019 garðlag landamerki 63°56.907N 20°20.584V
Á merkjum milli Skammbeinsstaða og Mykjuness er garðlag þvert yfir Langholt sem tekur við af Stórholti til norðurs. Garðlagið er um 990 m norðaustan við bæ 001 og um 270 m norðaustan við beitarhús 008 en garðlag við beitarhúsin (008C) liggur til norðurs að merkjagarðinum.
Garðlagið liggur yfir lágt holt sem er umkringt framræstri mýri. Girðing er ofan á garðinum.
Garðlagið virðist vera torfhlaðið og er um 160 m á lengd. Það snýr austur-vestur. Mesta hæð þess og breidd er um 1 m og er það gróið. Mögulega hefur verið framhald af garðinum til beggja átta en þá hefur það horfið þegar skurðirnir á merkjunum voru grafnir.
Hættumat: engin hætta

RA-396:020 garðlag vörslugarður 63°56.011N 20°21.197V
Garðlag liggur til VNV frá Stekkatúni 007 og áfram til austurs meðfram Bauluskurði að skurði á merkjum móti Köldukinn (nú í landi nýbýlisins Skeiðvalla). Það er um 1,1 m SSA við bæ 001.
Þar sem garðurinn liggur meðfram Bauluskurði er hann fast norðan við skurðruðninga en víðast er hann við brekkurætur holts í grónum valllendismóa.
Garðurinn er gróinn, líklega torfhlaðinn. Hann snýr nálega austur-vestur og er um 300 m að lengd. Garðurinn er um 1 m á hæð og breidd. Rof er komið í hann á stöku stað en hann er nokkuð heillegur og virðist fremur ungur. Garðurinn afmarkar ekki tún og er því líklegt að hann hafi verið vörslugarður.
Hættumat: engin hætta

RA-396:021 tóft fjárskýli 63°56.143N 20°21.655V
Tóft er 760 m sunnan við bæ 001 og tæpum 120 m suðaustan við Beitarhúsatóft 023. Tóftin er í suðvesturhlíðum Holtsins, á sléttum stalli í annars aflíðandi brekku. Til austurs frá tóftinni er aflíðandi brekka og en brött lág til norðurs. Framræst mýri, merkt Breiðavik á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar, er vestan við tóftina.
Tóftin er í grónu, smáþýfðu mólendi þar sem kjarrgróður vex víða.
Tóftin er 12x12 m að stærð, einföld og hvergi mótar fyrir opi. Veggirnir eru 0,5 m á hæð og útflattir. Þeir eru 2 m breiðir og stórþýfðir. Ekki mótar fyrir hólfaskiptingu eða öðru sem gefur nánara hlutverk hennar til kynna. Miðað við staðsetningu og gerð tóftarinnar var hún líklega fjárborg eða gjafahringur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Mykjunes.


RA-396:022 garðlag áveita 63°56.752N 20°20.287V
Áveitugarðar eru um 1,1 km norðaustan við bæ og um 300 m austan við beitarhús 008.
Minjarnar eru í framræstu mýrarstykki sem nýtt er til hrossabeitar.
Garðarnir sjást á svæði sem er um 405x35 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Um er að ræða tvo garða. Annar garðurinn er um 400 m langur og liggur norðaustur-suðvestur og um 20 m suðvestan við norðausturenda garðsins er annar samtengdur garður sem er um 35 m á lengd og liggur norðvestur-suðaustur. Mesta hæð og breidd garðanna er um 0,5 m en þeir eru torfhlaðnir. Helst kemur til greina að þetta séu áveitugarðar.
Hættumat: engin hætta

RA-396:023 tóft beitarhús 63°56.185N 20°21.765V
Tóft er tæpum 700 m sunnan við bæ 001 og 120 m norðvestan við tóft 021. Tóftin er í suðurhlíðum Holtsins, norðan við svokallað Breiðavik sem sýnd er á örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar.
Tóftin er í grónu, stórþýfðu mólendi með kjarrgróðri hér og þar. Náttúrulegir paldrar liggja eftir hlíðinni endilangri.
Tóftin er afar sigin og óskýr. Hún er 14x10 m að stærð, einföld og snýr norður-suður. Veggirnir eru mosavaxnir og stórþýfðir. Norðurveggurinn er óskýr að hluta vegna þýfis en mögulega var op þar. Veggirnir eru 0,5-0,4 m á hæð og hvergi glittir í grjót. Þýfður bakki liggur eftir miðri tóftinni endilangri og var líklega jata. Miðað við lag og staðsetningu tóftarinnar eru þetta beitarhús.
Hættumat: engin hætta

Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Mykjunes

RA-396:024 garðlag vörslugarður 63°56.440N 20°21.227V
Garðlag er um 370 m suðaustan við bæ 001.
Garðlagið liggur austur eftir Pokalág og við brekkurætur í norðanverðu Holti. Það endar við hrossarétt úr timbri.
Garðlagið afmarkar svæði á þrjá vegu sem er um 270x150 m að stærð og snýr NNA-SSV. Ekki er garður meðfram VNV hlið svæðisins. Garðlagið er um 0,6 m á hæð og 1 m á breidd. Girðing er ofan á garðinum að hluta. Ekki er að sjá að tún hafi verið innan gerðisins og því líklegt að það hafi gegnt hlutverki vörslugarðs.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-396:025 *Markavarða* varða landamerki 63°56.869N 20°22.793V
"Í landsuður frá bænum er Markavarða. Hún er hornmark milli Þverlækjar, Skammbeinsstaða, Mykjuness og Hreiðurs," segir í örnefnaskrá Þverlækjar. Varðan er um 1,14 km norðvestan við Mykjunes 001 og um 735 m norðvestan við tóft 016.
Hornmarkið er í gróinni heiði og er skógrækt komin upp að því í landi Mykjuness.
Ekki sést varðan á merkjum en garðlög hafa verið hlaðin til þriggja átta frá hornmarkinu (sjá 384:016 og 394:020). Ekki er garður hlaðinn milli Skammbeinsstaða og Mykjuness. Mögulega var varðan rifin við garðahleðsluna en einnig er mögulegt að hún sjáist ekki vegna þess að hlaðið hafi verið ofan á hana.
Hættumat: hætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Ö-Þverlækur, 1




RA-397 Pula

1332: Jarðarinnar er getið í máldaga Odda, eign kirkjunnar þar. DI II, 691. "Í Köldukinnarlandi er flatlendis hæð svo víð sem stórt túnstæði, kölluð að forngildu Stóra-Pula. Nú kallast heiðin þar og þar um kring Köldukinnarheiði. Í þessari Stóru-Pulu eru gamalla manna sagnir að staðið hafi bær sá og kirkja, er nú stendur í Marteinstúngu, og hafi þar ekki vært verið fyrir reimleikum. Þykjast gamlir menn í sínu úngdæmi hjer sjeð hafa nokkurs konar girðíngar, svo sem þar mundi einhverntíma hafa bygð verið. Nú er plátsið blásið og komið í mosa og í þann máta öldúngis óbyggilegt." JÁM I, 319. Jörðin fór í eyði á miðöldum en ekki er vitað nákvæmlega hvenær eða af hvaða ástæðum. Í bókinni Frásögur um fornleifar I (186) segir að jörðin hafi farið í eyði vegna "ókirr-leika" eða jarðskjálfta og að kirkjan hafi verið flutt að Marteinstungu. Einnig eru sagnir um að bærinn hafi farið í eyði í Svartadauða á 15. öld og að þar hafi verið svo miklir reimleikar að engum hafi verið þar vært eftir það (sjá tilvísun í hellaritgerð Helga Hannessonar í bókinni Manngerðir hellar, 181-182). Jörðin virðist vera í eyði fram á miðja 17. öld en í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er sagt frá því að þá hafi prestur í Odda eignast jörðina, byggt bæ á nýjum stað á jörðinni þar sem hét Litla-Pula (sjá 003) og sett þar landseta um 1660. Byggðin varaði í um 40 ár en jörðin var aftur komin í eyði um aldamótin 1700 þegar Jarðabókin var skrifuð. Dýrleiki jarðarinnar er ekki skráður en Litla-Pula tíundaðist fyrir 10 hundruð. Áður en Litla-Pula byggðist hafði jörðin verið nýtt til beitar af aðliggjandi jörðum.
1917: Tún 1,3 ha, þar af slétt 0,5 ha, garðar 438 m².

RA-397:001 *Gamla-Pula* tóft+garðlag bústaður 63°55.426N 20°21.741V
Í Jarðabók Árna og Páls frá 1708 stendur: "Í Köldukinnarlandi er flatlendis hæð svo víð sem stórt túnstæði, kölluð að forngildu Stóra-Pula. Nú kallast heiðin þar og þar um kring Köldukinnarheiði. Í þessari Stóru-Pulu eru gamalla manna sagnir að staðið hafi bær sá og kirkja, er nú stendur í Marteinstúngu, og hafi þar ekki vært verið fyrir reimleikum. Þykjast gamlir menn í sínu úngdæmi hjer sjeð hafa nokkurs konar girðíngar, svo sem þar mundi einhverntíma hafa bygð verið. Nú er plátsið blásið og komið í mosa og í þann máta öldúngis óbyggilegt." Í bókinni Frásögur um fornaldarleifar I segir: "Er gamla Pula nefnd, i Marteinstúngu Sókn, þar er sagt ad verid hafi Kyrkia [002], sem ad skal hafa verid eirn stór stadur, enn hafi af lagst vegna ókirr-lejka, enn Kyrkia sú sem þar var hafi verid flutt ad Marteinstúngu sem ádr nefndist Sóttar túnga." "Býlið Pula sem nú er byggðist um 1660 af séra Þorleifi Jónssyni í Odda. Gamla Pula er friðlýst rústaþyrping frá fornöld við Pulutjörn á mótum Hagabrautar og Landvegar. [...] Sú Pula sem nú er í byggð [sjá 003] nefndist Litla Pula 1708 [...]," segir í Sunnlenskum byggðum. Í Friðlýsingarskrá segir: "Pula. Rústir Gömlu-Pulu, í móabrekku norðanvert við tjörn, sem er vestanundir Puluhólum. Sbr. Árb. 1898: 25-26. Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927." "Þar fyrir sunnan er laut, sem heitir Langalág, nær hún að Pulutjörn. Þar stóð áður bærinn Pula vestan við tjörnina, og sjást þar miklar húsarústir og túngarðar," segir í örnefnalýsingu. Gamla Pula er 900 m suðaustan við

bæ 003. Bæjartóft og meintar útihúsatóftir eru vestan við Hagabraut, fyrir utan tóft G. Hún er austan vegarins, á bakka Pulutjarnar.



Minjar í túni Gömlu-Pulu 001

Tún Pulu er í mólendi sem nýtt er til hrossabeitar. Hagabraut liggur í gegnum það endilangt. Pulutjörn er suðaustan við bæinn en ekki hefur verið vatn í henni eftir Suðurlandsskjálftann árið 2000.
Í grein Brynjúlfs Jónssonar í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1898 segir: "Þar er rúst Gömlu-Pulu, sem sagt er að í fyrndinni hafi verið kirkjustaður og stórbýli. Eru kringum túnstæðið miklar fornlegar girðingar. Rústin er mjög niðursokkin og orðin að þýfi. Þó má með vissu sjá bæjarrústina og fjós og heygarð litlu vestar í sömu línu. Er bæjarrústin (a) nál. 12 faðm. Löng og 8 faðm. breið, að meðtöldum húsagarði. Fjós- og heygarðsrústin (b) er næstum viðlíka stór. Milliveggur sýnist í fjóstóftinni innantil miðri, en óvist er að það sé að marka. Haugstæðið (c) er framundan fjósveggnum djúp dæld, og er hún enn græn, að öðru leyti er hér móagróður. Fyrir kirkjugarði og kirkju sér mjög ógjörla; en þúfnabarð mikið (d) er fyrir neðan bæjarrústina, og sýnist svo, ef staðið er í nokkurra faðma fjarlægð, að norður frá þúfnabarðinu móti fyrirhálfhringmyndaðri girðingu. En sé gengið eftir þeirri girðingu sjálfri, þykir efasamt, að hún sé annað en náttúrulegt þýfi; svo óglögg er hún. Stuttu fyrir austan bæjarrústina er glögg girðing, sljóft ferhyrnd (e), nál. 8 faðm. Í þvermál á hvorn veg. Það hygg ég þó eigi kirkjugarð. Hún er of lítil til þess, hún er slétt innan; og hún hefir dyr á austurhlið, fjærst bænum; hún er glöggust af rústunum, og er þó rýrari en túngarðurinn, því hygg ég að hún sé yngri. Hún gæti verið gjafahringur og hafi hann verið gjörður löngu eftir að bygðin lagðist af. Milli bæjarrústarinnar og þessarar girðingar sýnist vera lítil tóft, eigi fornleg (f)." Í bókinni Manngerðir hellar segir: "Í hellaritgerð Helga Hannessonar er eftirfarandi að finna um Stóru-Pulu: "Stóra Pula heitir forn bæjarrúst við Pulutjörn. Þar sjást leifar langra varnargarða og akurgerða. Þjóðsagan segir að þar hafi fyrrum verið stórbær og átján hurðir á járnum og margt



Á vinstri mynd er bæjartóft Gömlu-Pulu 001A, horft til SSA. Á hægri mynd er meint fjóstóft 001B, horft til suðausturs

heimamanna. Í Svartadauða dó allt fólkið en gekk aftur svo hatramlega, að þar var engum lifandi manni vært. Síðan hefur enginn búið þar." Ýmis óhöpp sem urðu við lagningu Hagabrautar í gegnum túnið í Gömlu-Pulu hafa verið rakin til reimleika á staðnum að sögn heimildamannanna Katrínar Samúelsdóttur fyrrum ábúanda í Pulu og Guðna Guðmundssonar á Þverlæk. Minjar sem taldar eru tilheyra Gömlu Pulu eru á svæði sem er um 500x500 m að stærð. Innan svæðisins voru skráðar 9 tóftir, túngarður og áföst akurgerði. Bænhús innan túns er skráð á sér númer (sjá 002). Í rústalýsingu þeirri sem hér fylgir á eftir er hverju mannvirki gefinn bókstafur til aðgreiningar. Bæjartóftin A er vestan við mitt túnið, fast vestan við Hagabraut. Hún er allgreinileg en mjög hlaupin í þúfur og hólfaskipting orðin nokkuð óljós. Tóftin er um 23x17 m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur. Í tóftinni má greina 12 hólf. Í suðvesturenda er hólf I



Tóft 001E, horft til vesturs



Á vinstri mynd er tóft 001H, horft til suðurs. Á hægri mynd er tóft 001I, horft til VSV

sem er um 4x0,5 m að innanmáli, snýr suðaustur-norðvestur. Óljóst op er í suðausturenda. Op er einnig úr því hólfi til norðausturs í hólf II sem er um 2,5x0,5 m að innanmáli og snýr suðvestur-norðaustur. Hólf III er norðaustan við hólf I. Það er um 4x2 m að innanmáli, snýr suðvestur-norðaustur. Op er á því til suðausturs. Suðaustan við hólf III er hólf IV. Það er niðurgrafið en óljós þúfnakragi er umhverfis það sem er mögulega veggjaleifar. Hólfið er um 2,5x2 m að innanmáli, snýr norðaustur-suðvestur. Það er um 0,5 m á dýpt. Hólf V er norðaustan við hólf III. Það er um 2,5x2 m að innanmáli, snýr suðaustur-norðvestur. Fast norðaustan við það eru

mjó göng XII, samansigin, sem eru um 5 m á lengd. Þau snúa norðvestur-suðaustur. Norðvestan við hólf V er óljóst hólf VI sem er um 4x3 m að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur. Óljós inngangur í það er úr hólfi V. Hólf VII er norðaustan við hólf V. Það er um 2x6 m að innanmáli, snýr norðaustur-suðvestur en mörk hólfsins til norðvesturs eru óskýr. Norðvestan við hólf VII er þýfi og eitt óljóst hólf IX sem er um 1x1 m að innanmáli. Ekki sést op á því. Hólf X er að öllum líkindum húsagarður. Það er um 10x4 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur, mjókkar um miðbikið. Hólf VIII er í norðausturenda, er um 1,5x0,5 m að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur. Ekki sést skýrt op á því. Framan við tóftina, suðaustan við hólf VIII er dæld eins og hólf IV sem er um 2x2,5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er um 0,5 m á dýpt. Óljós þúfnakragi er umhverfis hana. Mesta hleðsluhæð bæjartóftarinnar er um 0,5 m. Hún er gróin og hvergi sést í grjót. Líklega er tóftin að mestu úr torfi. Meint fjóstóft B er um 5 m suðvestan við tóft A. Hún er um 20x25 m að stærð, snýr suðaustur-norðvestur. Norðaustast er hólf I, fremur óljóst. Það er um 4,5x1,5 m að innanmáli, snýr suðaustur-norðvestur. Óljóst op er í suðausturenda. Hólf II er um 6x1,5 m að innanmáli og snýr suðaustur-norðvestur. Op er á því til suðausturs og til norðvesturs í hólf III. Hólf III er um 3x1 m að innanmáli en mjókkar í miðju. Það snýr NNV-SSA. Heytóft, hólf IV, er sambyggð tóftinni til suðvesturs. Hún er um 6x7 m að innanmáli og snýr suðvestur-norðaustur. Suðausturveggur er orðinn óljós. Suðaustan við tóftina er stór dæld sem talin er tilheyra tóftinni (hólf V) en hún er um 12x4 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er um 1,5 m á dýpt og er slétt í botninum. Mögulega hefur þetta verið haughús, sbr. Tilvísun hér að ofan. Mesta hæð tóftar B er um 1 m. Ekki sést í grjót í hleðslum og er líklegt að hún hafi aðallega verið hlaðin úr torfi. Um 3 m austan við tóft A er stór tóft C. Hún er um 12x5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Eitt skýrt hólf (I) sést í norðausturenda og annað (II) óskýrt í suðvesturenda. Hólf I er um 2x2 m að innanmáli og kann að vera niðurgrafið. Það er um 0,5 m á dýpt. Ekki sést skýrt op á því. Hólf II er um 1,5x0,5 m að innanmáli, snýr suðaustur-norðvestur. Ekki sést op á því. Mesta hæð tóftar er um 0,3 m. Hún er öll mjög hlaupin í þúfur og óskýr. Ekki sést grjót í hleðslum og er hún líklega torfhlaðin. Hringlaga tóft D er um 7 m NNA við tóft C. Hún er um 15x18 m að stærð og snýr ANA-VSV. Mögulega var hún heygarður. Lítil tóft er á heygarðinum og sambyggð honum í ANA-enda. Hún er hringlaga, er um 3x3 m að stærð. Tóftin er einföld og ekki er skýrt op á henni en þó sést móta fyrir hólfi í suðausturenda. Mesta hæð allrar tóftar D er um 0,3 m. Hún er mjög hlaupin í þúfur og fjárgötur liggja yfir hana. Tóftin er líklega torfhlaðin. Útihústóft E er 90 m suðvestan við tóft A. Hún er ofarlega í brekku sem hallar til austurs. Tóftin er 12x6 m að stærð, einföld og snýr norðvestur-suðaustur. Veggirnir eru 0,3-0,5 m á hæð og eru þeir best varðveittir til vesturs. Op er í suðausturhorni. Tóftin er sigin og ógreinileg vegna stórþýfis. Útihústóft F er rúmum 40 m sunnan við tóft E. Hún er 12x7 m að stærð, einföld og snýr austur-vestur. Veggirnir er 0,5-0,7 m á hæð, stórþýfðir og mosavaxnir. Hvergi glittir í grjót eða neitt sem gefur hólfaskiptingu til kynna. Ekki er skýrt op inn í tóftina, en það var líklega í norðvesturhorni, veggurinn er lægri þar. Tóftin er sigin og fellur vel inn í nánasta umhverfi. Útihúsþúst G er 90 m suðaustan við tóft A. Það er 10 m vestan við Pulutjörn. Þústin er 20x14 m að stærð og snýr NNV-SSA. Hún er 1 m á hæð og stórþýfð. Af þeim sökum má greina fjóra náttúrulega paldra þvert yfir hana. Ekki mótar fyrir veggjum á yfirborði en afar líklegt er að mannvist leynist hér undir sverði. Þústin fjarar út til allra átta. Til suðausturs eru tvö hólf sem líklega eru yngri en þústin. Hólf 1 er 4x2m að stærð og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 0,5 m á hæð, algrónir og þýfðir. Mögulega náði hólfið lengra til norðurs en þar er þýfður bakki. Hólf 2 er 2 m suðaustan við hólf 1. Það er1,5x1,5 m að stærð og veggirnir 0,5 m á hæð. Þeir eru algrónir og ekki mótar fyrir opi. Útihústóft H er tæpa 190 m vestan við bæ A, líklega rétt utan gamla heimatúnsins. Tóftin er sigin, stórþýfð og óskýr. Hún er 16x5 m að stærð, snýr NNV-SSA og skiptist í tvö hólf eða byggingarstig. Hólf I er norðar. Það er 8x3 m að innanmáli og



Tóft 001F, horft til vesturs




Hringlaga tóft 001D, horft til suðausturs

snýr NNV-SSA. Veggirnir eru 0,3-0,4 m á hæð, algrónir og stórþýfðir. Hólfið er opið til suðurs, yfir í hólf 2. Hólf II er sunnar og líklega yngra. Það er 5x3 m að stærð og snýr NNV-SSA. Veggirnir eru 0,8 m á hæð, algrónir og þýfðir. Op er á miðri suðurhlið og annað til norðurs sem fyrr var lýst. Einföld tóft I er um 50 m sunnan við bæjartóft A. Tóftin er um 7x8 m að stærð, snýr ANA-VSV. Ekki er skýrt op á henni en það hefur líklega verið í ANA-endanum. Mesta hleðsluhæð tóftar er um 0,4 m. Hún er líklega torfhlaðin. Túngarður J afmarkar allt minjasvæðið en ekki sést túngarðurinn meðfram SSV-enda túnsins og hefur hann mögulega horfið vegna vegagerðar en Landvegur liggur SSV við túnið. Túnið mjókkar til NNA og er nokkurn veginn þríhyrningslaga. Vestan við bæjartóftina A er garðurinn tvöfaldur og á milli langgarða eru þrír sýnilegir þvergarðar sem mynda þrjú hólf, mögulega akurgerði eða annars konar ræktunarreiti. Af loftmyndum af svæðinu að dæma var hefur fjórða hólfið líklega verið við suðvesturenda akurgerðanna en það sást ekki skýrt á vettvangi. Þvergarðarnir eru greinilegastir í suðvesturenda tvöfalda túngarðsins. Stærsta gerðið er í miðjunni, er um 50x50 m að stærð. Garðarnir eru mjög signir og útflattir, að öllum líkindum torfhlaðnir. Breiðastir eru þeir 5 m en víðast eru þeir 3-4 m á breidd. Mesta hæð er um 1 m. Meðfram túngarðinum að norðan- og norðvestanverðu er gróf sem ýkir hann. Ekki er ljóst hvort grófin er náttúruleg eða hvort hún hafi myndast við efnistöku í túngarðinn eða vegna rofs sem síðan hefur gróið aftur. Í Jarðabókinni frá 1708 og vísað er til hér að ofan er þó sagt að "plátsið" sé blásið, þannig að líklegt er að einhver uppblástur hafi verið á svæðinu á þeim tíma. Pulutjörn er innan túngarðs. Lítill garðbútur er á milli Pulutjarnar og túngarðs um 200 m austan við bæjartóftina A. Hann er eins að gerð og lögun og túngarðurinn og líklega samtíða. Á loftmyndum frá Loftmyndum ehf sem teknar voru á árunum 1998-2000 má sjá að núverandi merki milli Pulu og Köldukinnar RA-398 liggja yfir túngarðinn í suðausturhorni túnsins. Þessi hluti Köldukinnar tilheyrir nú (2011) nýbýlinu Skeiðvöllum. Þegar skráningarmenn voru á vettvangi sumarið 2011 var búið var að rækta tún að merkjum jarðanna og yfir þann hluta túngarðsins sem lenti innan Köldukinnar/Skeiðvalla. Minjarnar eru flestar mjög fornlegar en mögulega er hér fleira en eitt byggingarstig. Tóftir D, E og F og hólf sambyggð þúst G gætu verið yngri en hinar minjarnar. Svæðið allt er einstök minjaheild frá miðöldum sem mikilvægt er að varðveita og rannsaka. Minjunum stafar hætta af veginum sem liggur í gegnum minjasvæðið en einnig stafar því hætta af fyrirhugaðri sumarbústaðabyggð. Ekki var friðlýsingarskilti við minjarnar þegar þær voru skráðar sumarið 2011.
Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar
Heimildir: JÁM I, 319; SB V, 263; FF I, 186; ÁG Friðlýsingarskrá, 70; Ö-Pula, 2; BJ: "Skrá yfir eyðibýli ..." Árbók 1898, 25-26; Manngerðir hellar, 181-182

RA-397:002 heimild um bænhús 63°55.417N 20°21.729V
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708 segir: "Í Köldukinnarlandi er flatlendis hæð svo víð sem stórt túnstæði, kölluð að forngildu Stóra-Pula. Nú kallast heiðin þar og þar um kring Köldukinnarheiði. Í þessari Stóru-Pulu eru gamalla manna sagnir að staðið hafi bær [001] sá og kirkja, er nú stendur í Marteinstúngu, og hafi þar ekki vært verið fyrir reimleikum. Þykjast gamlir menn í sínu úngdæmi hjer sjeð hafa nokkurs konar girðíngar, svo sem þar mundi einhverntíma hafa bygð verið. Nú er plátsið blásið og komið í mosa og í þann máta öldúngis óbyggilegt." Í grein Brynjúlfs Jónssonar í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags frá 1898 segir: "Fyrir kirkjugarði og kirkju sér mjög ógjörla; en þúfnabarð mikið (d) er fyrir neðan bæjarrústina, og sýnist svo, ef staðið er í nokkurra faðma fjarlægð, að norður frá þúfnabarðinu móti fyrir hálfhringmyndaðri girðingu. En sé gengið eftir þeirri girðingu sjálfri, þykir efasamt, að hún sé annað en náttúrulegt þýfi; svo óglögg er hún." Nákvæm staðsetning bænhúss í Gömlu-Pulu er ekki þekkt og engin rúst sem skráð var innan gamla túnsins er sérlega líkleg til þess að vera af bænhúsi. Ekki er ólíklegt að bænhúsið hafi staðið á þúfnabarðinu sem Brynjúlfur nefnir í grein sinni en þar er afar líklegt að einhverjar mannvistarleifar leynist undir sverði. Það hefur þá verið 10-15 m SSA við bæjartóftina 001A.
Bænhúsið hefur að líkindum verið innan túns Gömlu-Pulu á þúfnabarði sem er fast norðvestan við Hagabraut.
PULA Í HOLTUM (R) (MARTEINSTUNGUÞING) - BÆNHÚS? Ekki sést til bænhúss eða kirkjugarðs. Mögulega eru minjarnar horfnar í þýfi en einnig er möguleiki á að þær hafi raskast við vegagerð.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: JÁM I, 319; B J: "Skrá yfir eyðibýli ..." Árbók 1898, 25-26

RA-397:003 *Litla-Pula* bæjarhóll bústaður 63°55.687N 20°22.633V



Mynd af Litlu-Pulu frá 5. áratug 20. aldar
(Holtamannabók I, bls. 322)



Bæjarhóll Litlu-Pulu 003, horft til SSV

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708 segir: "Í útnorður hjer frá svo sem þriðjung úr bæjarleið liggur eyðipláts kallað Litla-Pula. Það hefur frá elstu tíð að menn til vita óbygt land verið, og brúkaðist til beitar leyfislaust og tolllaust frá Köldukinn (RA-398], Mykjunesi [RA-396] og Hallstúni [RA-404] (Marteinstúngu hjáleigu) inn til þess fyrir 50 árum eður þar um, þá eignaðist Sr. Þorleifur sál. Jónsson í Odda þessa Litlu-Pulu Oddakirkju, og bygði þar bæ og setti þar á landseta. Varaði þessi bygð í 40 ár eður þar um og er nú fyrir 7 eða 8 árum í eyði lagt. Kynni aftur að byggjast jarðarinnar vegna, ef leiguliði til fengist. Þó sæi umliggjandi jarðar ábúendur helst að það aldrei bygðist, með því þess bygð að þeim þrengir, en þeir beita nú landið eins og í gamla daga." "Býlið Pula sem nú er byggðist um 1660 af séra Þorleifi Jónssyni í Odda. [...] Sú Pula sem nú er í byggð nefndist Litla Pula 1708 [...]," segir í Sunnlenskum byggðum V. Bærinn er sýndur á túnakorti frá 1917. Pula er rúma 900 m suðaustan við Gömlu-Pulu 001. Jörðin er í eyði frá árinu 2010 og er til sölu. Að sögn Katrínar Samúelsdóttur, heimildamanns, var íbúðarhús byggt vestan við bæjarhólinn á árunum 1960-61.
Á bæjarhólnum eru mörk vikurborins bæjarhlaðs til norðurs og grasivaxins túns til suðurs. Bæjarhlaðið er slétt og hvergi mótar fyrir uppsöfnuðum mannvistarlögum.
Greinilegt er að rask hefur átt sér stað á bæjarhólnum og lítið sést til uppsafnaðra mannvistarlaga. Búið er að slétta yfir hólinn, íbúðarhús byggt í vesturhluta hans og tún gerð til suðurs. Einungis má greina hluta af norðurhlið bæjarhólsins. Þar sést 15 m löng, aflíðandi brún. Hún er 0,2 m á hæð og grasivaxin. Til suðurs er slétt tún og þegar skrásetjarar voru á ferð í ágúst 2011 var þar mittishátt gras. Bæjarhóllinn var milli 15-20 m að lengd og a.m.k. 10 m breiður miðað við túnakortið frá 1917. Kálgarður var sambyggður bæjarhúsunum til vesturs.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: SB V, 263; JÁM I, 319; Túnakort 1917

RA-397:004 heimild um útihús 63°55.693N 20°22.606V
Útihús er merkt inn á túnakort frá 1917 20-25 m ASA við bæ 003. Útihúsið er horfið, líklega vegna sléttunar. Þar sem útihúsið var er sléttur túnbali, austan við malarveg að bæ 003.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917


RA-397:005 *Grásteinn* náttúrumin huldufólksbústaður 63°55.866N 20°23.707V
"Í norður þaðan er steinn, sem heitir Grásteinn, og er hann hornmark að Götu, Nefsholti og Hreiðri. Steinn þessi er eins og hús í lögun, og var talið, að þar byggði huldufólk," segir í örnefnalýsingu. Grásteinn er þar sem landamerkjagarðar Hreiðurs og Nefsholts (sjá 384:016), Götu (sjá 404:012) og Pulu (sjá 397:018) koma saman í kross, um 1,8 km norðvestan við Gömlu-Pulu 001.
Grásteinn er í óræktuðum móa sunnan við Kambsheiði, norðan við Grásteinsholt.
Garðlög hafa verið hlaðin að Grásteini úr nokkrum áttum og er hann því ekki lengur sýnilegur nema að hluta. Hann er um 0,5 m á hæð og um 1x1 m að stærð. Steinninn er eins og þakburst í laginu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Pula, 1



Grásteinn 005, horft til suðvesturs

RA-397:006 *Selás* heimild um sel
63°55.008N 20°22.075V
"Þar fyrir sunnan [001] er ás, sem heitir Selás," segir í örnefnalýsingu. Katrín Samúelsdóttir og Ólafur Helgason, heimildamenn, kannast ekki við tóftir á þessum slóðum né að hafa heyrt þeirra getið. Ólafi fannst líklegt að selið hafi verið við laut sem liggur til norðausturs eftir Selás, úr suðvesturhorni. Þar safnast vatn fyrir og gott skjól fyrir norðanátt en engar minjar er þar að finna. Lautin er rúmum 1,2 km sunnan við bæ 003. Á Selás eru nú þrjú nýbýli með sléttum túnum allt umhverfis. Frekari byggð er skipulögð á Selás og búið að leggja malarvegi víða. Vera má að þessar framkvæmdir hafi skemmt selrústir en ekkert er hægt að fullyrða um það.
Selás er náttúrulegur og víðfeðmur. Þar er stórþýft, gróið mólendi með náttúrulegum pöldrum. Lautin er 2 m djúp og gróin.
Engin ummerki selsins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Pula, 2

RA-397:007 tóft beitarhús 63°55.375N 20°22.059V



Tóft 007


Beitarhúsatóft 007, horft til vesturs

Samkvæmt örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar var sauðhústóft í Pululaut. Tóftin er austan við Pululaut, um 20 m norðan við gamla vegstæði Landvegar og um 745 m suðaustan við Litlu-Pulu 003.
Tóftin er í holtabrún, mögulega byggð ofan á eða til hliðar við fornlegt garðlag 015. Hún er í mólendi skammt norðan við rask í tengslum við vegstæði Landvegar.
Minjar á þessum stað eru á svæði sem er um 11x9 m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur. Tóftin sjálf er um 9x6 m að stærð og snýr suðaustur-norðvestur. Hún skiptist óljóst í tvö hólf. Hólf I er um 5x2 m að innanmáli, snýr suðaustur-norðvestur. Ógreinilegt op er á því til norðvesturs. Hólf II er suðaustan við hólf I, óljóst. Það er um 1x1 m að innanmáli. Ekki er sýnilegt op á því. Líklega eru leifar af heystæði fast suðvestan við tóftina en þar er hlaðin brún sem er um 7x3 m að stærð og snýr NNV-SSA. Mesta hæð tóftarinnar er um 0,5 m. Tóftin er gróin og líklega hlaðin úr torfi.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Pula

RA-397:008 *Ærhúsholt* örnefni fjárhús 63°55.816N 20°22.243V
"Ærhúsholt, norðaustur frá bænum, skagar norður úr Puluheiði í stefnu á Brýnisrima," segir í örnefnaskrá. Ærhúsholt teygir sig til norðurs, nærri mörkum móti Mykjunesi. Ekki er ljóst hvar ærhús hafa staðið á holtinu en af örnefninu að dæma dregur holtið nafn af ærhúsi sem á því stóð. Holtið er um 400 m norðaustan við Litlu-Pulu 003.
Ærhúsholt er komið í tún að langmestu leyti, þó er það óræktað alveg nyrst þar sem það er hæst.
Engar minjar um ærhús eru sýnilegar á eða við holtið. Mögulega hefur verið sléttað úr minjunum við túnræktun.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Pula IE, 5; IE-Örnefnauppdráttur, Pula

RA-397:009 vegur leið
63°55.483N 20°22.205V

Ruddur vegur er í Pululaut og liggur hann vestan og norðvestan við Stórhól og um Miðáslaut í átt að Hagabraut, malbikuðum vegi um sveitina. Leiðin er sýnd á örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar af Pulu. Hann er ekki merktur með nafni.
Leiðin liggur um þýft mólendi þar sem hún sést í landi Pulu.
Vegurinn sést á svæði sem er um 700x150 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hann er gróinn, 1-1,5 m á breidd að innanmáli og hefur líklega verið fær bílum. Mögulega er þessi vegur forveri Hagabrautarinnar eins og hún varð síðar og hefur hann legið af Landvegi og áfram um efri hluta Holtanna. Vegurinn er skráður þó að hann nái sennilega ekki 100 ára aldri og teljist því ekki strangt til tekið til fornleifa vegna þess að hann er mikilvæg heimild um þróun samgöngukerfisins á Íslandi.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Pula.

RA-397:010 *Gamli garður* garðlag landamerki 63°55.941N 20°21.191V
"Að sunnanverðu liggja mörkin á móts við Marteinstungu landi frá steini á Klettholti sjónhending til norðvesturs í Grástein 005, þaðan til norðausturs sjónhending í Flóðarima þaðan sjónhending í Bauluskurðsbotn og síðan ræður Bauluskurður mörkum að norðanverðu, allt að steini þeim norðanmegin skurðarins er liggur á móts við garðlagið norður í Puluheiði. Að austanverðu liggja svo mörkin úr síðast nefndum steini á móts við Köldukinnarland, sjónhending austanvert við Pulutjörn í steininn á Klettholti," segir í landamerkjalýsingu Pulu frá 1889. Garðlagið norður í Puluheiði er líklega sami garður og sem Gamli garður sem er merktur á örnefnauppdráttIngólfs Einarssonar. Hann sést enn vestan við landamerki að Köldukinn RA-398, um 240 m norðaustan við bæjartóft Pulu 001A.
Garðlagið er í grónu mólendi með holtum og rimum.
Gamli garður liggur til SSA frá Bauluskurði á merkjum við Mykjunes. Hann liggur eftir Löngulág en endar við túngarð 001J. Búið er að raska norðurhluta garðlagsins. Þar er búið að leggja þrjá vegi yfir það og skipuleggja sumarbústaðabyggð. Gamli garður er siginn, mosavaxinn, útflattur og stórþýfður. Hann er 0,4-0,7 m á hæð og 1-3 m á breidd. Hann sést á 760 m löngum kafla. Hann sker sig ekki úr nánasta umhverfi sínu.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Landamerkjalýsing; IE-Örnefnauppdráttur, Pula


Gamli garður 010, horft til norðurs

RA-397:011 *Hundraðsmannahellir* heimild um hlöðu 63°55.580N 20°21.511V
"Hellisholt: "í munnmælasögum frá gömlum dögum heyrði ég sagt, að norðaustur frá Gömlu-Pulu [sjá 001] ætti að vera hellir, sem hefði verið notaður fyrir heygeymslu. Þetta er skammt frá, myndaðist þar að hæðarbreyting á heiðinni, átti að hafa lokað fyrir hellisopið, hrunið klettar, átti svo seinna að fara að grafa hann upp, en ekki borið árangur, en þarna sáust merki þess að grafið hefði verið inn í hæðina og var nefnt þarna Hellisholt," segir í örnefnalýsingu. Í bókinni Manngerðir hellar á Íslandi segir: "Í hellaritgerð Helga Hannessonar er eftirfarandi að finna um Stóru-Pulu [001]: "Stóra Pula heitir forn bæjarrúst við Pulutjörn. Þar sjást leifar langra varnargarða og akurgerða. Þjóðsagan segir að þar hafi fyrrum verið stórbær og átján hurðir á járnum og margt heimamanna. Í Svartadauða dó allt fólkið en gekk aftur svo hatramlega, að þar var engum lifandi mani vært. Síðan hefur engin búið þar. Enn segir sagan, að hundrað manna hafi safnast þar saman í helli, sem hrundi ofan á fólkið. Menn benda á slakka í heiðinni upp frá norðausturhorni Pulutjarnar, og segja að þar hafi hrundi hellirinn verið". Stóra Pula (eða Gamla-Pula) er í landi Pulu, alllangt suðvestur af bæ, utanhallt í holti ofan við Pulutjörn, rétt vestan þjóðvegarins, Hagabrautar. Hellirinn var í holti nokkru norðar, austan vegarins. Þar sem hellirinn er sagður hafa verið er nú gróin hvilft í allbrattri brekku, 2,5 x 5 m2. Ekki sér fyrir neinum tóftum við hvilftina en ekkert mælir þó gegn því að hellir sé, eða hafi verið, þarna inn af. Um 17 m innar á holtinu er lítil dæld, hugsanlega eftir hrun niður um stromp. Hvergi sér í berggrunn á þessum slóðum. Fornlegir grónir garðar liggja þarna þvers og kruss um mýrar og holt, m.a. liggur garður, sem líklega hefur verið túngarður, eftir holtinu rétt ofan við "hellismunnann". Hann má rekja vestur fyrir veginn þar sem hann beygir í átt að Stóru-Pulu. Hellirinn hefur því verið rétt innan við túngarðinn." Samkvæmt örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar var Hundraðsmannahellir í Hellisholti, ekki víst hvar. Hellirinn var rúma 400 m ANA við bæ 001. Nákvæm staðsetning hans er ekki þekkt og engin ummerki hans sjást á yfirborði.
Austurhlíðar Hellisholts eru um 8 m háar og aflíðandi niður í Löngulág. Gróið mólendi er á þessum slóðum og hvergi skýr jarðföll.


Engin ummerki hellisins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Pula IE, 3; Manngerðir hellar, 181-182; IE-Örnefnauppdráttur, Pula

RA-397:012 garðlag vörslugarður
63°55.734N 20°22.136V
Hlaðið garðlag liggur til austurs frá Ærhúsholti, þvert yfir svokallaðan Krika, yfir Miðás og endar við Hagabraut.
Gróið mólendi er á þessum slóðum.
Garðlagið liggur norðaustur-suðvestur og sést 550 m löngum kafla. Það er 1 m á hæð, 1,5 m á breidd og torfhlaðið. Það er grasivaxið og mjókkar upp. Líklega er þetta vörslugarður. Það náði líklega lengra til suðvesturs en horfið í slétt, grasivaxið tún. Líklega er garðurinn frá 20. öld en hann er byggður að fornri hefð og því skráður þótt líklegast teljist hann ekki til fornleifa samkvæmt reglum um 100 ára lágmarks aldur þeirra.
Hættumat: engin hætta



Vörslugarður 012, horft til suðausturs

RA-397:013 tóft 63°55.922N 20°23.339V



Tóft 013



Tóft 013, horft til vesturs

Ógreinileg tóft er nyrst á Grásteinsholti, um 720 m norðvestan við Litlu-Pulu 003.
Tóftin er á lágum rima í norðurjaðri Grásteinsholts, rétt norðan við tún sem er á holtinu. Norðan við tóftina er svo framræst mýri.
Tóftin er um 8x9 m að stærð, snýr norður-suður. Stór hluti tóftarinnar er útflattur og ógreinilegur en tvö hólf sjást í henni. Syðst er hólf I sem er um 4x2 m að innanmáli, snýr austur-vestur og er op á því til austurs. Hólf II stendur hærra, er fast norðvestan við I. Það er orðið óskýrt, er um 1,5x1m að innanmáli, snýr suðaustur-norðvestur. Mesta hæð tóftar er um 0,5 m. Ekki sést grjót í tóftinni og er hún að líkindum torfhlaðin. Hlutverk tóftarinnar er óljóst en þó gæti hér verið um að ræða beitarhús og/eða heytóft.
Hættumat: engin hætta

RA-397:014 heimild um kálgarð
63°55.681N 20°22.608V
Kálgarður er sýndur 2 m sunnan við bæ 003 og 20 m suðaustan við útihús 004 á túnakorti frá 1917. Kálgarðurinn var á norðurbakka svokallaðrar Heimadælu. Öll ummerki kálgarðsins eru horfin, líklega vegna túnasléttunar.
Slétt, grasivaxið tún er þar sem kálgarðurinn var áður.
Engin ummerki kálgarðsins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-397:015 garðlag vörslugarður 63°55.423N 20°22.180V

Fornlegt garðlag sem líkist mjög túngarði 001J er um 90 m norðvestan við suðvesturenda túngarðsins og kann að hafa tengst honum. Það sést þó ekki lengur vegna rasks sem orðið hefur á þessum kafla, að hluta vegna vegagerðar og ef til vill að hluta vegna rofs. Garðlagið er um 280 m VSV við Gömlu-Pulu 001A og um 500 m suðaustan við Litlu-Pulu 003.
Garðlagið nær frá fjárhústóft 007, skáhallt yfir Pululaut og upp á hæð. Á svæðinu er smáþýft mólendi. Ruddur vegur 009 liggur í gegnum garðlagið.
Garðlagið er um 260 m að lengd og snýr norðvestur-suðaustur. Það endar nærri núverandi afleggjara heim að Litlu-Pulu 003. Ekki sést til garðlagsins hinum megin við afleggjarann. Ógreinilegur garðbútur liggur af þessum garði, um 30 m norðvestan við suðausturenda. Sá bútur er um 28 m á lengd og snýr norður-suður. Óvíst er hvort hann sé upprunalega hluti af langa garðinum. Mesta hæð garðsins er um 0,5 m og mesta breidd um 4 m. Hann er líklega torfhlaðinn. Lega garðsins bendir til að hann hafi verið vörslugarður.



Garðlag 015, horft til norðvesturs

Hættumat: engin hætta

RA-397:016 garðlag
63°54.986N 20°22.048V
Garðlag er í Seláslaut. Garðlagið liggur undir austurhlið lautarinnar og hverfur í grónu mólendi skammt sunnan við malarveg að skipulögðu nýbýli en bygging þess er ekki hafin.
Gróið mólendi er á þessum slóðum. Þar liggja einnig vegslóðar að nýbýlum sem búið er að deiliskipuleggja á Selásnum. Seláslaut er mýrlend en þurr.
Garðlagið er 2-2,5 m á breidd og tæplega 90 m langt. Það liggur til norðausturs og sveigir síðan til norðurs, þvert yfir lautina. Garðlagið er 0,4 m á hæð og paldrar eru beggja vegna við það sem og í miðju þess. Þeir eru grónir og 0,4 m á dýpt. Hlutverk garðlagsins er óljóst en mögulega það gæti tengst seli 006 eða verið vörslugarður. Garðlagið fjarar út til beggja enda en sést ennþá vel í mýrlendinu í Seláslaut.



Garðlag 016, horft til norðvesturs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-397:017 mannvirki 63°55.496N 20°22.036V
Skeifulaga mannvirki og dæld innan þess er um 270 m norðvestan við Gömlu-Pulu 001 og um 600 m suðaustan við Litlu-Pulu 003.
Mannvirkið er í brekku mót suðri í mólendi. Þurrt sund er sunnan við það á milli hæða.
Meintar minjar eru á svæði sem er um 70x25 m að stærð og snýr austur-vestur. Um er að ræða skeifulaga gróf sem afmarkar svæðið. Hún er opin til suðurs. Grófin er um 6 m á breidd að innanmáli og mesta dýpt er 1-1,5 m. Ekki er að sjá að hleðslur séu meðfram skeifunni. Innan skeifunnar er lítil dæld í brekkunni sem er um 2x1,5 m að innanmáli og um 1 m á dýpt, efst í brekkunni. Hún snýr norður-suður. Tilgangur eða hlutverk dældarinnar er óljós og ekki fullsannað að hún sé manngerð, og gæti hún verið einhvers konar jarðvegssig. Svipað fyrirbæri er í landi Þverlækjar RA-394:024.



Mannvirki 017, horft til norðurs

Hættumat: engin hætta

RA-397:018 garðlag landamerki
63°55.728N 20°23.466V
Garðlag er á merkjum milli Pulu og Götu. Garðurinn liggur frá Grásteini 005 til suðausturs og sveigir þar til norðausturs í átt að bæ 003.
Garðurinn liggur að mestu leyti yfir holt í mólendi en í landi Pulu, norðaustan við garðinn er tún á Grásteinsholti. Slétt, grasivaxið tún er umhverfis norðausturhluta garðsins.
Garðurinn afmarkar svæði sem er 940x260 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hann er líklega torfhlaðinn, er um 1,2 m á hæð þar sem hann er hæstur og um 1,5 m á breidd þar sem hann er breiðastur. Víða sést hvar efni var tekið meðfram garðinum. Gaddavírsgirðing er ofan á honum norðaustanverðum og túnslóðar liggja þvert í gegn á tveimur stöðum.
Hættumat: engin hætta




Landamerkjagarður 018, horft til suðvesturs

RA-397:019 garðlag vörslugarður 63°55.439N 20°22.125V
Nokkuð fornlegt garðlag liggur eftir austanverðri Pululaut um 440 m suðaustan við Litlu-Pulu 003 og um 275 m vestan við Gömlu-Pulu 001A.
Garðlagið liggur um grösuga, smáþýfða laut. Fast suðvestan við garðlagið er ruddur vegur 009.
Garðlagið er um 285 m á lengd og snýr NNV-SSA. Það er að líkindum torfhlaðið og sigið. Er um 0,5 m á hæð og 2-3 m á breidd. Lega þess bendir helst til að það hafi verið vörslugarður.
Hættumat: engin hætta



Garðlag 019, horft til norðurs



Byggt á túnakorti frá 1917

RA-398 Kaldakinn

10 hdr 1708. Skálholtskirkjueign. JÁM I, 318. 1270: Getið í máldaga Oddakirkju. DI II, 86-88 . "Hún [jörðin] er landstór og öll vel gróin." SB V, 262.
1917: Tún 4,3 ha, þar af slétt 2,5 ha, garðar 920 m².

RA-398:001 *Kaldakinn* bæjarhóll bústaður 63°55.040N 20°20.301V

Bærinn í Köldukinn stóð í aflíðandi halla mót suðri, um 100 m austan við hesthús sem nú (2011) eru á bænum.
Tún er nú þar sem bærinn stóð.
Engin ummerki eru um bæjarhól í Köldukinn og hefur hann mögulega verið sléttaður út. Bærinn hefur síðan verið fluttur tvisvar til norðvesturs á 20. öld og er nú um 150 m norðvestan við elsta þekkta bæjarstæðið 001.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917



Mynd af Köldukinn frá 1944 (Holtamannabók I, bls. 187)

RA-398:002 *Merarrani* þúst hesthús 63°55.087N 20°20.269V

"Merarrani, skammt norðaustan bæjar, en sunnan við Lambhústún. Þar var áður hesthús og þar hýstar merar," segir í örnefnalýsingu. Hesthúsið er merkt inn á túnakort frá 1917 um 90 m norðvestan við bæ 001.
Þar sem hesthúsið var er hóll í sléttu, grasivöxnu túni.
Greinilegt mannvistarlög eru undir sverði. Hóllinn er um 20 m í þvermál og 0,5-1 m á hæð. Hlíðar hans eru aflíðandi og grjót kemur víða uppúr sverði. Hann er sléttaður og við jarðrask á 20. öld kom upp miltisbrandur í hólnum sem og í fjárhúsum 010. Hóllinn er merktur með hvítum staur síðan að sögn Margrétar Eggertsdóttur, heimildamanns.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Kaldakinn IE, 6; Túnakort 1917


RA-398:003 heimild um útihús 63°55.078N 20°20.149V
Útihús er sýnt 140 m ANA við bæ 001 og og 10 m vestan við útihús 004 á túnakorti frá 1917. Á túnakorti er sýndur mýrarfláki vestan við útihúsið en hann er horfinn vegna framræslu. Útihúsið er horfið, líklega vegna sléttunar.
Þar sem útihúsið var er smáþýft, gróið tún nýtt til hrossabeitar.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-398:004 heimild útihús 63°55.074N 20°20.128V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var stórt útihús 150-160 m norðaustan við bæ 001. Á túnakorti er sýndur mýrarfláki vestan við útihúsið en hann er horfinn vegna framræslu. Útihúsið er horfið, líklega vegna sléttunar.
Þar sem útihúsið var er smáþýft, gróið tún nýtt til hrossabeitar.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-398:005 heimild um útihús 63°54.973N 20°20.214V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 140 m SSA við bæ 001.
Útihúsið var þar sem túnið nær lengst til SSA og þar er dálítill hóll í túninu.
Ekki sést til minja um útihúsið, annað en áðurnefndur hóll, en líklegt er að leifar af því sé enn að finna undir sverði. Líklega hefur tóftin horfið við túnasléttun.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1917

RA-398:006 *Lambhúshóll* heimild um lambhús 63°55.255N 20°20.046V
"Í norður frá bænum [001] fast við túnið er lágur hóll, er heitir Lóuhóll, austur af honum er hóll, sem nefnist Lambhúshóll. Þar munu hafa verið fjárhús fyrir löngu síðan, því þar sést móta fyrir tóftarbrotum," segir í örnefnalýsingu. Lambhúshóll er 450 m norðaustan við bæ 001 og 320 m norðan við Lind 016. Á Lambhúshól eru tveir sumarbústaðir í einkaeigu. Að sögn Margrétar Eggertsdóttur, heimildamanns, voru tóftirnar á milli þeirra en þær horfnar. Öll ummerki tóftanna eru nú horfin og hvergi sér til uppsafnaðra mannvistarlaga.
Lambhúshóll er á náttúrulegu, mólendu holti.
Engin ummerki lambhúsanna sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Kaldakinn, 1

RA-398:007 *Kollóttihóll* náttúrumin huldufólksbústaður 63°55.558N 20°20.745V
"Norður af Berj[a]hól er Kollóttihóll, og er slétt flöt, sem skilur hann frá Berj[a]hól. Um Kollóttahól hafa gengið þær sagnir, að í honum búi huldufólk, hafa sumir þótzt heyra þaðan undurfagran söng og enn aðrir þótzt heyra þaðan hurðaskelli og mannamál. Skyggnir menn hafa séð þar á gangi mjög fagurt og tiginmannlegt fólk," segir í örnefnalýsingu. Kollóttihóll er 1 km NNV við bæ 001 og 400 m norðaustan við fjárhús 008. Kollóttihóll er náttúrulegur og líkist fremur holti en hól. Hann er um 80 m í þvermál og 4- 5 m þar sem hann er hæstur. Engir klettar eða steinar eru á holtinu.
Gróið mólendi er á þessum slóðum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kaldakinn, 1




Kollóttihóll 007, horft til norðurs

RA-398:008 heimild um beitarhús 63°55.399N 20°21.069V
"Norðvestur af Berj[a]hól er hæsti og fegursti hóll heiðarinnar, Stóri-Puluhóll. Suðaustan í honum stóðu sauðhúsin, sem tóku 80-90 fullorðna sauði," segir í örnefnalýsingu. Sauðahúsin voru rúma 900 m norðvestan við

bæ 001. Austan við áætlaða staðsetningu sauðahúsanna eru fjögur einbýlishús sem byggð voru árin 2006-2007 á nýbýlinu Skeiðvöllum auk hesthúss og reiðvallar í Stóra-Puluhól. Grafið var inn í hólinn og röskuðust sauðahúsin við það.
Stóri-Puluhóll er holt sem er lyngi- og grasivaxinn. Holtið er slétt með grónu mólendi, sumarbústaðahverfi og íbúðarhúsum er til austurs. Aðrar hliðar hólsins eru gróin tún.
Engin ummerki sauðahúsanna sjást á yfirborði.
Hættumat: stórhætta, vegna byggingar
Heimildir: Ö-Kaldakinn, 1

RA-398:009 heimild um traðir 63°55.033N 20°20.351V
Heimreið er merkt inn á túnakort frá 1917 til norðvesturs frá bæ 001. Samkvæmt túnakortinu var hún um 40 m löng en öll ummerki hennar eru horfin.
Slétt tún er nú þar sem heimreiðin var.
Engin ummerki heimreiðar sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-398:010 tóftir beitarhús
63°54.878N 20°19.646V



Tóftir og garðlag 010


Tóft 010A, horft til suðurs


Tóft 010B, horft til suðurs


Tóft 010E, horft til norðvesturs

"Heimast á Rimunum standa fjárhús, þar voru veturgömlu sauðirnir hafðir," segir í örnefnalýsingu. Tóftir og garðlag eru um 625 m suðaustan við bæ 001.
Minjarnar eru á norðaustasta rimanum í framræstum mýrum. Kafgras er á honum og allt í kring.
Minjar sjást á svæði sem er um 100x50 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Minjasvæðið skiptist annars vegar í fimm tóftir saman í hnapp á rimaendanum á norðausturhluta svæðisins og hins vegar í garðlag með áfastri tóft og horn af öðru mannvirki í suðvesturenda svæðisins. Í lýsingunni sem hér fylgir á eftir fær hvert mannvirki bókstaf til aðgreiningar og byrjar lýsingin á tóftum í norðausturenda. Tóft A er greinilegust og stærst. Hún er um 16x6 m að stærð, snýr norður-suður. Hún er líklega einföld en rof er syðst í henni þar sem kann að hafa verið lítið hólf sem er um 3x2 m að innanmáli, snýr austur-vestur. Aðalhólfið er um 10x2,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Mesta veggjahæð er um 1 m. Um 2 m austan við tóft A er ógreinileg tóft B. Hún er um 11x10 m að stærð, snýr norður-suður. Þrjú óljós rými eru í henni. Vestast er hólf I sem er um 6x3,5 m að innanmáli, snýr norður-suður. Þar austan við er óljóst hólf II sem

er um 6x6 m að innanmáli. Þar sunnan við er hólf III sem er um 6x3 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Óljóst er hvar inngangur inn í tóftina var og hvort op hafi verið milli hólfa. Mesta hæð veggja er um 0,5 m. Tóft C er um 8 m norðan við tóft A. Hún er um 8x5 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Hún er afar óljós og virðist vera einföld. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m. Tóft D er um 2 m vestan við tóft A. Hún er um 8x5 m að stærð, snýr NNA-SSV. Hún er mögulega tvískipt. Í SSV-enda er afar óljóst hólf I sem er um 2x4 m að innanmáli, snýr VNV-ASA. Ekki er skýr veggur til SSA. Hólf II er um 5x3,5 m að innanmáli, snýr NNA-SSV. Óljóst op er á milli hólfa. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m. Þúst E er um 18 m vestan við tóft D. Hún er líklega að hluta til náttúrulegur hóll en hún er um 6x8 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er um 1 m á hæð. Í henni miðri er dæld sem er um 2x1 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Þústin virðist vera elsta mannvirkið á þessum hluta svæðisins en tóftirnar fjórar eru allar fremur unglegar. Tóft F er áföst garðlagi og er um 40 m suðvestan við tóftir A-E. Hún er um 7x5 m að stærð, er einföld og líklega torfhlaðin. Hún snýr ANA-VSV, op er inn í hana úr norðausturhorni. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m. Garðlagið er um 60 m á lengd og liggur í boga frá vestri til austurs. Það er víða um 2 m á breidd og um 0,5 m á hæð. Vegarslóði liggur yfir norðausturenda garðlagsins og það sést ekki hinum megin við slóðann. Um 3 m suðaustan við garðsendann er dálítið horn G sem er um 2x2 m að stærð og vísar horn þess til suðvesturs. Mesta hæð er um 0,3 m. Austan við hornið er lægð líkt og eftir uppblástur sem hefur gróið. Líklega hefur hornið verið á tóft sem er horfin að öðru leyti. Þessar síðastnefndu minjar, F og G, eru nokkuð fornlegar og örugglega eldri en minjar A-D en gætu verið samtíða tóft E.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kaldakinn, 3

RA-398:011 *Torfhóll* náma rista 63°54.246N 20°19.744V
"Vestan við Hryggjamýri taka við tveir, frekar lágir heiðarhryggir, sem heita Eystrihryggur og Vestrihryggur, syðst á honum er Torfhóll," segir í örnefnalýsingu. Mótekja eða torfristusvæði er norðaustan við Torfhól í framræstri mýri á milli hóls og vegar, eru um 1,54 km sunnan við bæ 001.
Svæðið er í stórþýfðri, framræstri mýri.
Þrjú sléttlend og þúfnalaus svæði sjást norðaustan við Torfhól á svæði sem er um 100x60 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Svæði A er 40x10 m að stærð, 0,5 m á dýpt og snýr suðaustur-norðvestur. Svæðið er slétt og grasivaxið í annars grónu mólendi. Þvert í gegnum mitt svæðið liggur þýfður bakki sem mögulega bendir til að um tvö svæði sé að ræða. Svæði B er um 100 m suðvestan við svæði A og er um 9x14 m að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur. Það er dýpst um 0,5 m, gróið og þurrt. Um 25 m norðvestan við B er svæði C um 20x7 m að stærð snýr SSA-NNV. Dýpst um 0,5 m, gróið og þurrt.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kaldakinn, 3



Ristusvæði 011A, horft til norðvesturs

RA-398:012 *Torfdæla* náma rista
63°54.693N 20°20.424V
"Sunnarlega á Eystrihrygg er örmjótt mýrarsund með keldu í ... Þar sem Eystrihryggur er hæstur, kallast Háihryggur. Fyrir heiman hann er dæld í gegnum hrygginn með sléttri flöt, það heitir Hryggskarð. Suðvestur af því er Torfdæla, hún er full af vatni á vetrum, en þurr á sumrum. Í henni er ágætur torfvöllur," segir í örnefnalýsingu. Torfdæla er líklega um 650 m sunnan við bæ 001.
Torfdæla er lægðardrag í flatlendum og sléttlendum haga.
Í Torfdælu er þúfnalaust sem kann að stafa af því að í henni hafi verið rist torf en önnur ummerki um ristu sjást ekki. Sléttlenda svæðið er um 120x50 m að stærð og snýr austur-vestur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kaldakinn, 3



Ummerki um torfristu 012, horft til norðurs

RA-398:013 *Stekkjartún* heimild um beitarhús
63°54.599N 20°20.675V
"Sunnarlega á Eystrihrygg er örmjótt mýrarsund með keldu í ... Þar sem Eystrihryggur er hæstur, kallast Háihryggur. Fyrir heiman hann er dæld í gegnum hrygginn með sléttri flöt, það heitir Hryggskarð. Suðvestur af því er Torfdæla [012], hún er full af vatni á vetrum, en þurr á sumrum. Í henni er ágætur torfvöllur. Vestur frá henni er Stekkjartúnið, þar eru ærhúsin," segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt þessari lýsingu og örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar voru ærhús um 870 m sunnan við bæ 001. Örnefnið Stekkjartún gefur til kynna að stekkur hafi verið nálægt ærhúsunum eða á sama stað er og hann skráður með fjárhúsunum.
Ærhúsin voru líklega austan undir holti þar sem er ræktað tún. Til austurs er flatlendur og smáþýfður völlur til beitar.
Ekki sést til minja um ærhús eða stekk þar sem leitað var og er líklegast að fornleifarnar hafi horfið við túnræktun.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kaldakinn, 3; IE-Örnefnauppdráttur, Kaldakinn

RA-398:014 garðlag vörslugarður
63°54.316N 20°19.710V
Vörslugarður er fyrir austan Torfhól 011, á svæði sem kallast "Milli hryggja" á örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar. Vörslugarðurinn liggur til vesturs frá gaddavírsgirðingu að Torfhól.
Stórþýfð, framræst mýri er á þessum slóðum.
Garðurinn snýr norðaustur-suðvestur og sveigir til suðurs við Torfhól og fjarar út. Hann er rúmlega 110 m að lengd, 0,5-0,7 m á hæð og gróið. Hann er 1,5-2 m á breidd. Hvergi sést glitta í grjót og garðurinn líklega torfhlaðinn. Plægt hefur verið yfir svæðið og beinir paldrar víða af þeim sökum. Garðurinn hefur aðra stefnu en þeir og plógför liggja í gegnum hann. Fyrir norðan hann sést renna þar sem efnið var tekið.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Kaldakinn.



Garðlag 014, horft til austurs

RA-398:015 *Nónvarða* heimild um eyktamark 63°54.865N 20°20.587V
"Heiðin vestur af túninu kallast Holt. Fyrir norðvestan Stekkjartúnið [013] er Kringlumýri, vestan við hana er Skoruhryggur, og norðast á honum er Nónvarða í nónstað frá bænum," segir í örnefnalýsingu. Nónvarða var tæpa 400 m suðvestan við bæ 001 og 10 m austan við Nónvörðugötu RA-671:002. Varðan er horfin.
Gróið heiðlendi er á þessum slóðum.
Engin ummerki vörðunnar sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kaldakinn, 4


RA-398:016 *Lind* heimild um vatnsból 63°55.085N 20°20.088V
"Lind. Vatnsból Köldukinnar, skammt norðaustan bæjarins," segir í örnefnalýsingu. Lindin er 200 m norðaustan við bæ 001. Hún er horfin, vélgrafin skurður liggur til norðaustur frá þeim stað þar sem hún var.
Grasivaxið og smáþýft tún er allt umhverfis áætlaða staðsetningu Lindarinnar.
Engin ummerki Lindarinnar sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Kaldakinn IE, 5

RA-398:017 heimild um rétt 63°55.246N 20°21.022V
Á loftmynd frá því um 2000 má greina tóft í suðausturhlið Litla-Puluhóls. Að sögn Margrétar Eggertsdóttur, heimildamanns, var tóftin rétt. Að hennar sögn var réttinni rutt út árið 2007 og gert slétt, grasivaxið tún sem tilheyrði nýbýlinu Skeiðvöllum. Tóftin var 700 m norðvestan við bæ 001 og 320 m sunnan við fjárhús 008. Samkvæmt loftmyndinni má ætla að réttin hafi verið um 30x30 m að stærð en ekkert er hægt að segja um nánari gerð hennar.
Slétt, grasivaxið tún er allt umhverfis Litla-Puluhól.
Engin ummerki réttarinnar sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-398:018 heimild um rétt 63°54.959N 20°20.147V

"Þar sem túnið skagar lengst fram í mýrina, kallast Réttarrimi, þar var gamla fjárréttin, sem tók 500 fjár. Nú er þessi rimi orðinn að sléttu túni ásamt réttinni," segir í örnefnalýsingu. Líklega var gamla fjárréttin á sama rima og útihús 005, um 170 m suðaustan við bæ 001.
Réttin var þar sem túnið nær lengst til SSA.
Réttin er horfin vegna sléttunar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kaldakinn, 4

RA-398:019 *Kaldólfskinn* þúst legstaður 63°55.017N 20°20.303V




Þúst 019


Þúst 019, horft til austurs

"Um 40 m suður frá bænum er Kaldólfskinn, slétt flöt með lágum hól í sér miðri. Sumir herma, að í þessari flöt, þar sem hóllin sé, sé fyrsti landnámsmaður þessarar jarðar heygður og hann hafi heitið Kaldólfur og hafi verið mikill sóldýrkandi, því sú saga er sögð, að hann hafi trúað fastlega á þann, sem skapaði sólina, og viljað láta grafa sig þar, sem sólar nyti sem bezt, er hún væri á lofti," segir í örnefnalýsingu. Í Þykkskinnu I eftir Helga Hannesson segir um Kaldólfskinn: "Gömul sögn í Holtum hermir, að sá hafi heitið Kaldúlfur, sem fyrstur reisti bæ og bjó til elli í Köldukinn. Hann kaus sér legstað þar í túni, sem kvöldsólar nýtur lengst um sumarsólhvörf. Kuml hans er þar enn við líði á lágri flöt syðst í túni. Hann mælti svo um að hey skyldi aldrei hrekjast þar í kringum leiði sitt. Og mikill reyndist máttur þeirra orða. Hey hefur ekki í mannaminnum hrakist á Kaldólfskinn." Kaldólfskinn er um 40 m sunnan við bæ 001.
Kaldólfskinn er í miðju túni og þar er ósleginn blettur. Innan hans er sporöskjulaga þúst.
Þústin er um 5x3 m að stærð, snýr nálega austur-vestur. Hún er alveg slétt að ofan og er um 0,3 m á hæð. Frásögnin um legstað í Kaldólfskinn er nokkuð goðsagnakennd en ekki verður skorið úr um það hvort hér er um legstað að ræða nema með frekari rannsókn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Kaldakinn, 4; HH: Þykkskinna I, 287

RA-398:020 heimild um kálgarð 63°55.033N 20°20.306V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður fast sunnan við bæ 001.
Sléttað tún er þar sem kálgarðurinn var í aflíðandi halla mót suðri.
Ekki sést til minja um kálgarðinn og hefur að líkindum verið sléttað úr honum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917



RA-399 Ölvaðsholt


16 hdr.1708, með Ölvaðsholtshjáleigu RA-400, annars 12 hdr. JÁM I, 335. 1503: Jörðin seld fyrir 20 hdr í lausafé. DI VII, 635. Ritháttur á reiki, Ölvassholts eða Ölvarsholt. Jörðin fór í eyði sem bújörð um miðja 20. öld en hefur verið nýtt til búsetu hluta úr ári síðan.
1708: "Heyskapur utan túns mjög ljettur og taða í lakara lagi vegna eltíngar. Engjum jarðarinnar spilla nokkuð jarðföll." JÁM I, 336 1917: Tún 3,2 ha, þar af slétt 1,5 ha, garðar 620 m².

RA-399:001 *Ölvaðsholt* bæjarhóll bústaður 63°53.776N 20°22.483V

Bærinn í Ölversholti var byggður á leifum eldri bæjar á árunum 1905-1915 og var notaður allt fram undir 1980 þótt jörðin hafi farið í eyði um miðbik 20. aldar. Ekki er annað vitað en bærinn hafi alltaf staðið á bæjarhólnum þar sem síðasti bærinn stóð. Áður en Ölversholtshjáleigu var skipt út úr Ölversholti (en það var um 1670) var bæjarstæði Ölversholts nálega í miðju jarðarinnar en eftir að hjáleigunni var skipt út er hann nærri merkjum við Ölversholtshjáleigu. Vegarslóði liggur um tún Ölversholts og fram hjá bæjartóftunum.



Ölversholt á 5. áratug 20. aldar (Holtamannabók I, bls. 436)



Bæjarhóll Ölversholts 001

Bæjarstæðið er ofarlega í túni sem komið er í órækt. Í jaðri túnanna að norðan og vestan er nokkur skógrækt. Einnig hefur svolítið verið gróðursett af trjám á bæjarhólnum, ofan bæjarsamstæðunnar.

Magnús K. Sigurjónsson hefur tekið saman fróðleik um Ölversholt. Þar er bænum í Ölversholti m.a. lýst nokkuð nákvæmlega en lýsingarnar byggja að mestu á frásögnum Stefaníu Einarsdóttur. Þar er bænum lýst svona: "Ölversbærinn var byggður af Þuríði Brynjólfsdóttur á árunum 1905-1915. Bærinn þótti stór og fallegur á sínum tíma. Var haldinn dansleikur þar í stofunni, því hún þótti svo stór þar í sveitinni. Bæjarhúsin sneru öll fram, frá vestri talið var það fjósið, skemman, íbúðarhúsið, "skúrinn" og hlaðan. Öll voru þessi hús sambyggð líkt og burstabær. Voru veggir milli þeirra hlaðnir úr grjóti og útveggir einnig úr grjóti að innan en mold og síðan torf að utan. Framhlið og að hluta bakhlið hvers húss var með veggjum úr timbri klæddu bárujárni í ljósgrænum lit. Tyrfðir veggir gengu fram á milli húsa nema milli skemmu og íbúðarhúss, en þau voru undir einu þaki. Þök húsanna voru með viðargrind, efri hluti íbúðarhúss að auki alveg úr viði og á öllum þökum var bárujárn. Þar ofan á var á skúrþakinu og líklega einnig fjósinu klætt með torfi. Stærð íbúðar hússins í fasteignalýsingu er 8 x 7 álnir með skúr 4 x 8 álnir. Íbúðarhúsið var kallað að væri "kassi" eða "kassahús", líklega var átt við að það væri uppbyggt úr timbri eða torfi. Þar voru veggir og loft klædd viðarpanel í efri hluta hússins. Stofan var í ljósbláum lit, en gluggar hvítmálaðir. Herbergjaskipan í bænum var þannig, að er komið var í bæjardyr (ganginn) var eitt herbergi vinstra megin. Það var ekki eftir 1920 notað sem íbúðarherbergi, heldur geymsla fyrir reiðtygi. Eldhúsið var innst með glugga á norðurhlið. Það var nokkuð stórt. Var þar skorsteinn, sem hlaðinn var úr grjóti og múrað í með steinsteypu. Ekki var hlóðaeldhús í þessu húsi en vafalaust í fyrri húsum. Gengið var til vinstri upp þrjú þrep upp í baðstofu, en stigi var um hleraop niður í kjallara. Baðstofan var eins og fyrr segir, rúmgóð vistarvera, þar sem vetrarstörf fóru fram að talsverðu leyti. Inn af baðstofunni var svo herbergi, sem verið hefur aðal svefnherbergið. Baðstofan og herbergið voru á hærra gólfi en önnur herbergi, gólf klætt timbri, en veggir og loft klædd strikuðum timburpanel og máluð. Austan við bæjardyrnar var sérstakt hús, "skúrinn", sem á voru einar dyr og voru þær úr eldhúsi. Í skúrnum var geymt ýmislegt, tað til eldneytis.



Bæjarhóllinn í Ölversholti 001, horft til norðausturs


Var það að hluta þiljað og innréttað til geymslu hluta. Skemman var vestur af íbúðarhúsinu og var undir sama þaki. Skemman hafði eins og Skúrinn upprunalegt heiti og var kölluð "litla kompan". Þar var einnig smiðjan. Enn vestar var fjósið, þar sem voru kýr á básum og kálfar í aðgreindri stíu. Fjósið hýsti 5 nautgripi. Það var með rafti og torfþaki. Hlaðan var í röð bæjarhúsa austan við bæjarhúsið. Hún var eðlilega stærsta húsið. Þar voru grjóthlaðnir veggir hærri en annars staðar og á þeim vegglæjur og upphækkun veggjarins með timburgrind, sem bar sperrurnar. Göngudyr voru fram á hlöðunni, en stórar dyr efst á bakhlið, þar sem hey var tekið inn, þegar hirt var af túnum. Hlöður voru fátíðar fyrr á tímum og hafa líklega ekki verið í Ölversholti fyrr en á 20. öld. Hlaðan mun hafa verið byggð um leið og bærinn og hefur því verið myndarleg bygging í upphafi. Hlöður voru þá yfirleitt alls ekki á bæjum og ekki á öllum bæjum fyrr en um 1940. Stærð hlöðunnar kemur fram í lýsingu á byggingum í Ölversholti frá 1930, en þar segir að þar séu tvær heyhlöður 250 hesta. Heyi var hlaðið upp í svokallaðan heygarð bak við bæjarhús og hefur það einnig verið gert eftir að hlaðan var reist. Var lágur torfveggur í kringum heygarðinn, en til að ekki fylltist af vatni var haft op í veggnum. Ofan á "heyið", en svo var galtinn kallaður, var gjarnan tyrft til að verja gegn vætu." Rústir gamla bæjarins sjást enn vel. Þær eru á hæð eða hól sem líklega er að töluverðu leyti hefur hlaðist upp úr mannvistarleifum fyrri alda. Bæjarhóllinn er um 65 m á lengd en tæplega 45 m á breidd og snýr norður-suður. Ölversholtsbærinn var notaður sem sumarbústaður allt fram til 1980. Fljótlega þar á eftir fauk hann í óveðri. Tóftir bæjarins eru ennþá vel stæðilegar þótt veggir séu að nokkru leyti hrundir og grónir. Framan við bæinn hefur verið kálgarður en hann er nú illgreinanlegur. Þar hefur verið gróðursett nokkuð af trjám. Samtals eru bæjartóftirnar með kálgörðum og heygörðum um 38 X 34 m að stærð. Bæjarsamstæðan sjálf er hins vegar um 32 X 9 m að stærð. Hér verður tóftum lýst þannig að fyrst er bæjarsamstæðu lýst frá austri til vesturs en síðan öðrum tóftum og görðum í kring. Austast í bæjarsamstæðunni er "Hlaðan". Hún er 5 X 7 m að innanmáli og eru greinilegar grjóthleðslur að innan. Allt timbur hefur verið fjarlægt úr rústinni og er því hlaðan opin til suðurs. Veggir hennar ná allt að 2,5 m hæð og er hún langhæst bæjartóftanna. Vestan við hlöðuna er svo "Skúrinn". Hann er um 2 X 6 m að innanmáli og eru greinilegar grjóthleðslur í veggjum hans að innan. Veggir "Skúrsins" eru töluvert lægri en "Hlöðunnar" eða um 1 m á hæð. Við hlið "Skúrsins" er íbúðarhúsið sem virðist samanstanda af tveimur hólfum. Í því austara (og stærra) má sjá hvar eldhúsið hefur verið því steinsteyptur skorsteinn stendur enn uppi í norðvesturhorni. Undir þessu hólfi var grjóthlaðinn kjallari. Þessi hluti er nú tæplega 6 X 4 m að stærð. Við hlið þess er lítið hólf sem nú er nær alveg hrunið saman og því nær ógjörningur að greina lag þess. Það virðist þó ekki meira en 1 X 3-4 m að stærð. Vestan við þetta hólf tekur við veggur sem er nær alveg hruninn og ógreinilegur og því allt að 3 m að breidd. Vestan hans er svo "Fjósið" sem enn er nokkuð stæðilegt. "Fjósið" er eitt þeirra húsa í bæjarröðinni þar sem ekki hefur verið timburframþil. Byggingin er því öll úr torfi og grjóti en op austarlega á suðurhlið. Grjóthleðslur innandyra í fjósinu eru áberandi og veggir þess um 1,5 m á hæð. Vestan við "Fjósið" er svo lítill kofi sem byggður er upp við vesturvegg bæjarsamstæðunnar en snýr þvert á önnur hús eða austur-vestur. Kofinn er um 2,5 X 2,5 m að innanmáli og op er á vesturvegg hans sunnarlega. Er þá lýsingu bæjarsamstæðu lokið. Framan (sunnan) við bæ, innan við 4 m sunnan við "Skúrinn" má greina kálgarðshleðslu. Milli hennar og bæjar var stétt sem náði meðfram öllum bænum en er nú horfin í gróður. Hægt er að greina um 11 X 16 m af kálgarðinum en vestur- og norðurhliðar hans eru ekki merkjanlegar. Vestan við bæinn var gerði sem var um 16 X 11 m að stærð. Vesturveggur þess er greinilegur en aðrir veggir mun ógreinilegri og ekki víst að suðurveggur hafi verið á gerðinu. Beðasléttur virðast vera í garðinum og líklega hefur það verið e.k. kálgarður. Fast ofan (norðan) við bæinn er greinileg tóft. Hún snýr eilítið skakkt miðað við bæinn eða NNV-SSA. Tóftin er 8 X 7 m að stærð og er op á miðjum suðurvegg hennar. Tóftin er úr torfi og er nokkuð hrunin og á kafi í grasi. Ofan við bæ voru heygarðar. Greinileg merki sjást um garðana tæpum 10 m ofan við bæ.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Túnakort 1917 og Ölversholt (samantekt), 46

RA-399:002 heimild um útihús 63°53.783N 20°22.558V
Rúmum 50 m VNV við bæ (001) var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Það var rúmum 20 m NNA við annað útihús 003. Húsið var í vesturjaðri túns en er nú komið inn í ferhyrndan skógræktarreit.
Ferhyrndur skógreitur þar sem hátt gras vex. Greinilega má sjá hvar húsið hefur staðið því þar er greinileg hæð í sléttlendinu.
Hæðin þar sem útihúsið stóð er allt að 0,6 m á hæð en um 8 m í þvermál. Önnur lág hæð er 5-10 m norðvestar en engar heimildir eru fyrir því að þar hafi eitthvað verið þó að útlit hæðarinnar gæti bent til þess.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-399:003 heimild um útihús 63°53.773N 20°22.577V
Um 60 m vestan við bæinn (001) var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Það var um 40 m NNA við hesthúsið (004) sem enn sést. Húsið hefur verið um 5 m sunnan við ferhyrndan trjáreit í túninu.
Í túni sem nú er í órækt. Mikill grasvöxtur er á þessum slóðum.
Dæld er í túninu á þessum stað en önnur ummerki um húsið eru ekki greinileg.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-399:004 *Borg* tóft hesthús 63°53.745N 20°22.602V



Tóft 004

70-80 m suðvestan við bæ (001) eru enn leifar útihúsa sem merkt eru inn á túnakort frá 1917. Óljós vegarslóði liggur fram hjá tóftunum fast sunnan þeirra.
Tóftirnar eru neðarlega í túni sem komið er í órækt.
"Aðspurð um þessar tóftir var S.E. [Stefánía Einarsdóttir] á því, að þarna hafi verið hesthús og í litla húsinu vestanvið hafi verið reiðhestar. Ofan við tóttina var hins vegar fjárrétt. Tóttir þessar eru þá líklega það hesthús sem var samkvæmt lýsingu frá 1930 "fyrir 10 hross með torfi og rafti"." segir í samantekt um Ölversholt. Tóftirnar eru samtals 30 X 10 m og skiptast í 4 hólf. Austast er hesthúsið (A) sem er 5 X 3 m að innanmáli. Op er á miðjum suðurvegg en grjóthleðslur eru áberandi í þessu hólfi. Við vesturhlið þess er annað hólf (B) jafnstórt en óljósara. Sérstaklega er suðurveggur þess ógreinilegur. Vestan við þetta hólf er svo þriðja hólfið (C) en það er mjög hrunið og timbur er inni í því. Það er um 3 X 2 m að stærð og er op á vesturvegg þess norðarlega. Líklega er þetta það hús sem Stefánía Einarsdóttir kallar "litla húsið" en þar segir hún að reiðhestar hafi verið. Norðvestan við þetta hólf er svo fjórða hólfið sem var rétt samkvæmt Stefáníu Einarsdóttur. Það er 6-7 X 2,5 m að innanmáli og op er á suðurvegg austast eða til móts við op á (C).



Tóft 004, horft til suðausturs

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Túnakort 1917 og Ölversholt (samantekt), 47

RA-399:005 *Ölver* heimild um legstað
63°53.788N 20°22.470V
"Upp af bæjarstæðinu er hólkollur nokkuð hár, talinn haugur landnemans Ölvers," segir í Sunnlenskum byggðum. "Í túninu í Ölversholti er hóll, sem heitir Ölver, og segja gömul munnmæli, að þar sé Ölver heygður, enda hóllinn svo lagaður, að vel gæti verið mannaverk," segir í örnefnalýsingu. Ölver er efst á bæjarhólnum. Um er að ræða aflangan, ræktarlegan hóll sem snýr austur-vestur, líkt og bærinn.
Á bæjarhólnum sem er dældóttur og á kafi í grasi.
Hæðin er hæsti punkturinn á bæjarhólnum. Hún er 5 X 2 m að stærð og 1 m á hæð. Hóllinn virðist ekki náttúrulegur.



Hóllinn Ölver, meintur legstaður 005, horft til norðausturs


Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: SB V, 260; Ö-Ölversholt og Ölversholtshjáleiga, 2

RA-399:006 vegur leið
63°54.565N 20°22.234V
80-100 m suðvestan við veginn sem liggur að Ölversholti má sjá götur. Þær eru greinilegar frá Bjálmholtslandi yfir í land Ölversholts skammt vestan við veginn. Göturnar liggja samsíða veginum að Ölversholti meðfram Hafursholti en liggja síðan upp á holtið og áfram til suðausturs en hafa líklega sameinast heimreið að Ölversholti á Heimaholti.
Göturnar liggja um grasi vaxin holt og mýrarsvæði.
Vegurinn er hvað greinilegastur nyrst í landareign Ölversholts. Þar má greina upphækkun undir veginn um 1,5 m á breidd en 0,3 m á hæð. Dældir eru beggja vegna vegarins og hefur þar verið tekið efni í veginn.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Ölversholt og Ölversholtshjáleiga

RA-399:007 *Ærhúsdalur* tóft beitarhús 63°53.378N 20°23.207V

"Vestan við bæinn eru hæðir, sem heita Hnúkar. ... Syðst í Hnúkum heitir Ærhúsdalur ...," segir í örnefnalýsingu. Tóftir eru suðvestan við Litlasmala sem er stæðilegt holt. Þær eru á holti sem kallað er Hnúkatöng. Tóftirnar eru í Ærhúsdal en hann er þó ekki dalur í venjulegum skilningi þessa orðs, frekar dæld í holtstoppinn. Húsin eru um 950 m suðvestan við bæ (001) en um 300 m suðaustan við jaðar skógreits í Leirdal. Merkjagirðing við hjáleiguna er um 60 m suðaustar.



Tóft 007


Húsin eru neðst í holti en umhverfis eru flóar á alla vegu.

Í samantekt um Ölversholt segir: "Á undanförnum öldum tíðkuðust fráfærur svo líklegt er, að svonefnd ærhús í Ærhúsdal hafi verið þar lengi. Þessir búskaparhættir gerðu Hnúkana að hagstæðri staðsetningu fyrir fjárhús, ærnar í góðu beitarlandi en ekki allt of fjarri bænum. Ærhúsin voru aðalfjárhús Ölversholts á þeim tíma er fráfærur voru, en þeim var hætt árið 1926." Fjárhústóftirnar eru mikið hrundar og ógreinilegar ef frá er talinn norðurveggur sem nær 1 m hæð. Annars eru tóftirnar vart hærri en 0,3-0,4 m. Þær eru grasi grónar og ekki sést í neinar grjóthleðslur. Tóftunum má í raun skipta upp í tvennt. Suðaustar er óljóst hólf e.t.v. heygarður en að norðvestan eru sjálfar fjárhústóftirnar. Nú virðist sem fjárhústóftunum hafi verið skipt í tvennt og líklega hafa verið jötur í húsunum. Vesturveggur tóftarinnar er óljós. Op virðist hafa verið á norðarlega á austurvegg (NA vegg).


Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Ölversholt og Ölversholtshjáleiga, 1 og Ölversholt (samantekt), 48

RA-399:008 *Bjallastekkatún* tóftir+garðlög stekkur 63°53.732N 20°22.823V



Tóft 008A



Tóft 008B



Hluti garðlaga 008 í Bjallastekkjartúni, horft til norðausturs

"Vestan í Hnúkum [sjá 007] er Leirdalur og vestan við hann Fagrabrekka, en vestast Bjalli og Bjallastekkatún," segir í örnefnalýsingu. Bjallastekkur er um 290 m VSV við bæ (001) en um 30 m ofan við vegarslóða sem liggur fram hjá bæ (001) og áleiðis að skógrækt í Leirdal.

Stekkurinn er byggður sunnan í holt en á holtinu og í næsta nágrenni eru umfangsmikil garðlög sem girt hafa svæðið af. Mjög grasgefið er á þessum slóðum.

Miklar leifar garða eru fyrst greinilegar um 160 m vestan við bæ. Garðarnir liggja yfir bæði yfir og í námunda við hól sem er um 250 m VSV við bæ 001 og í sama hól er Bjallastekkur. Garðarnir eru signir og nokkuð fornlegir, víða um 2 m á breidd en 0,3 m á hæð. Stekkurinn sjálfur (A) er 8-9 X 3,5 m að stærð og er tvískiptur. Hann snýr NA-SV og er opinn til suðurs en nyrðra hólfið er opið til vesturs. Norðan við stekkinn og austan hans

er þýft og gætu frekari mannvistarleifar reynst þar. Stekkurinn er að miklu leyti niðurgrafinn, sérstaklega er austurhluti stekkjarins óskýr og og austurbrún stekkjar er einvörðungu niðurgrafin en ekki upphlaðin. Um 20 m NV við stekkinn er önnur tóft (B) byggð upp við sama hól. Tóftin er einföld og 3 X 2,5 m að stærð. Hún snýr NA-SV. Vesturveggur hennar er stæðilegur (hæð 0,8 m) en austurveggurinn mun ógreinilegri og tóftin að austan að mestu niðurgrafin. Líklega hefur op verið á suðurvegg tóftarinnar. Þrjú garðlög koma saman í námunda við þessa tóft. Eitt þeirra liggur frá tóftinni í boga til suðurs og suðausturs í um 60 m. Garðlagið fjarar út um 30-40 m ofan við vegslóða sem liggur frá Ölversholti og til skógræktarreits í Leirdal. Vel er hugsanlegt að þetta garðlag hafi áður verið lengra og að þúfnabakkar suðaustan við vegarslóðann gætu verið framhald garðlagsins en þá er það alveg hrunið og hlaupið í þúfur.




Yfirlitsmynd af minjum 008 í Bjallastekkatúni

Annað garðlag liggur frá því fyrrnefnda við tóftina. Það liggur einnig í boga en þó mest til vesturs, í um 100 m áður en það hverfur, rétt áður en komið er að girðingu. Þetta garðlag er mjög sigið og ógreinilegt. Þriðja garðlagið liggur til norðausturs meðfram tóftinni. Hugsanlegt er að það sé í raun framhald fyrstnefnda garðlagsins en um 10 m eyða er þó milli tóftar B og þar til garðlagið hefst. Þetta garðlag liggur yfir hólinn sem tóftirnar eru byggðar utan í. Það liggur í um 40 m til NA en beygir þá til suðausturs og liggur í 15-20 m áður en það beygir aftur til NA og heldur áfram í 80-90 m. Garðlagið liggur þá í um 20 m til SA en þá liggur 30-40 m armur frá því til SV. Sjálft garðlagið heldur hins vegar áfram í um 10 m til viðbótar áður en það beygir til SV. Garðlagið má greina um 10 m til SV áður en það verður ógreinilegt og fjarar út. Líklega hafa þessi garðlög girt af túnbletti, verið einhvers konar vörslugarðar en ekkert er annað vitað um hlutverk þeirra en það sem lögun og lega gefur til kynna.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Ölversholt og Ölversholtshjáleiga, 1

RA-399:009 *Holtsnef* heimild um huldufólksbústað 63°53.969N 20°22.549V
"...og oft sást ljós í Holtsnefi, er skyggja tók," segir í örnefnaskrá. Holtsnef er hæð eða hóll norðvestan við Stóradal en um 360 m norðan við bæ (001).
Grasi gróið og þýft holt.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Ölversholt og Ölversholtshjáleiga, 2

RA-399:010 *Gömlukvíar* tóft kvíar 63°53.818N 20°22.505V
"Norðan við Skurðinn heita Flóð næst Skurðinum, þá Flóðamýri, nær bænum er svo þurrlendi, Stöðulbrúnir og Flóðarani, Dælur og Gömlukvíar hét heima við bæinn, sem nú er orðið að túni," segir í örnefnalýsingu. Gömlukvíar voru ofan við Stöðulbrún og sjást enn. Þær eru um 80 m NNV við bæ 001 en 15 m ofan við skurð.
Þéttur skógur er norðan og austan við kvíarnar sem eru á flöt sem er á kafi í grasi.



Tóft 010

Í samantekt um Ölversholt segir: "Gömlukvíar eru mjög gamlar tóftir kvía, sem notaðar voru á 19. öld og líklega löngu fyrr. Þær voru ofan við bæinn og þekkti S.E. [Stefánía Einarsdóttir] þær vel en þær voru ekki lengur notaðar þegar hún var þar." Kvíarnar eru fremur sérstakar að gerð. Þær eru samtals 30 m að lengd en 14 m að breidd. Efri hluti kvíanna (eystri) er mjög óskýr en þó má greina 2 samsíða hólf. Fram af þeim gengur e.k. gerði sem er opið til vesturs. Veggir eru víða um 1m á breidd en 0,4 m á hæð. Engar grjóthleðslur sjást í kvíunum.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Ö-Ölversholt og Ölversholtshjáleiga, 2 og Ölversholt (samantekt), 48


RA-399:011 heimild um þvottastað 63°53.690N 20°21.340V
"Vestan við gilið eru hvammar, efst Botnakompur, þá Kattakompur, næst Hlóðakompur (þar var ull þvegin) ...," segir í örnefnalýsingu. Botnakompur eru efsti hluti Hjáleigugilsins, þar neðan við taka við Kattarkompur og svo Hlóðakompur. Þær eru um 950 m ASA við bæ 001.
Grasi grónir og dældóttir gilbarmar.
Ekki sjást nú greinileg merki um þvottastaðinn en lækurinn rennur í nokkuð breiðu gili á þessum slóðum og árbakkar eru aflíðandi og þægilegir aðkomu
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Ölversholt og Ölversholtshjáleiga, 2

RA-399:012 *Draugakompur* örnefni draugur 63°53.522N 20°21.499V
"Vestan við gilið eru hvammar, efst Botnakompur, þá Kattakompur, næst Hlóðakompur (þar var ull þvegin), þar næst Imbupyttur, Kvígulaut, Þórðarlág og Draugakompur ...," segir í örnefnalýsingu. Kompurnar eru dældir sem liggja eins og lítil dalverpi að læknum í Hjáleigugili. Draugakompur eru um 320 m SSV við þvottastað 011 í Kompunum en um 970 m suðaustan við bæ 001.
Draugakompur eru í einni af mörgum lægðum sem liggja að Hjáleigulæknum og voru samkvæmt örnefnakorti vestan við læk.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Ölversholt og Ölversholtshjáleiga, 2

RA-399:013 heimild um huldufólksbústað 63°54.432N 20°22.363V
"Huldufólk bjó í Hafursholti og þóttist fólk verða þess vart, og oft sást ljós í Holtsnefi, er skyggja tók," segir í örnefnalýsingu. Hafursholt er fast sunnan við merki Ölversholt og Bjálmholts. Það er 100-150 m vestan við veg að Ölversholti.
Grasi vaxið holt.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Ölversholt og Ölversholtshjáleiga, 2

RA-399:014 *Brúnavarða* heimild um landamerki 63°54.493N 20°22.670V
Landamerkjavarða var í Brúnum og er hún merkt inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar. Brúnir eru næsta holt ofan við (norðan við) Hafursholt. Girðing liggur yfir holtið þar sem varðan var en merki hennar eru nú ekki greinileg. Hún var um 1340 m NNV við bæ 001.
Grasi gróið holt. Flói er milli þess og Hafursholts. Holtið teygir sig langt til norðurs frá þeim stað þar sem varðan var.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Ölversholt og Ölversholtshjáleiga

RA-399:015 *Hafursholt* tóftir+garðlag býli 63°54.433N 20°22.353V
"Til norðurs frá bæjarstæði er Hafursholt. Þar var byggt smábýli 1861 og stóð til 1886," segir í Sunnlenskum byggðum. "Norðan við Holtið er Bæjarsund, en norðan við þar Hafursholt, það er eyðibýli, sem var í byggð fram undir 1880," segir í örnefnalýsingu. Norðvestast á Hafursholti eru greinilegar leifar býlisins Hafursholts. Það var rúmum 1200 m norðan við bæ 001.
"Sést enn móta fyrir túnbletti," segir í Sunnlenskum byggðum. Hafursholt er allt að 10 m hátt holt sem er vaxið grasi og mosa. Holtið er slétt að ofan.
Á holtinu sjást tóftir bæjar með kálgörðum fast norðan og sunnan við og einnig leifar þriggja lítilla húsa sem og tveggja gerða sem eru sambyggð túngarði sem afmarkar svæðið á alla vegu nema að suðvestan. Tóftirnar eru víðast um 0,5 m á hæð en túngarðurinn er nokkru hærri eða mest um 1m á hæð. Hann er slitróttur en nær langleiðina umhverfis tún nema að suðvestan en sú hlið



Minjar um býlið Hafursholt 015



Horft yfir á Hafursholt 015, horft til suðvesturs

er alveg horfin. Innan vallargarðsins og við hann eru 6 tóftir. Sú stærsta (E) gæti verið af bæ en gerði eða kálgarðar hafa verið bæði sunnan og norðan hans. Sjálf "bæjartóftin" skiptist upp í þrjú hólf og er 6-7 X 16 m að stærð. Ekki er greinilegt op á henni. Að norðan og sunnan eru kálgarðar byggðir fast við bæjartóftina. Um 10 m austan við syðra gerðið sem er samfast (E) er lítil tóft (F) hún er um 5 X 4 m að stærð, einföld og að hluta niðurgrafin. Fast sunnan við syðra gerðið er lítið gil í holtsbrúnina. Um 15 m sunnan við gilið er óljós tóft (C). Hún er um 7 X 8 m að stærð og virðist hafa skiptist upp í tvö hólf. Ekki er greinilegt op á tóftinni sem er orðin mjög óskýr. Um 12 m austan við (C) er enn önnur tóft (D). Hún er 4 X 3 m að stærð, einföld og örlítið niðurgrafin. Ekki er heldur greinilegt op á henni. Fleiri tóftir eru ekki innan vallargarðs en upp við hann eru byggðar tvær tóftir eða gerði. Það vestara (B) er byggt upp við suðurhlið vallargarðsins innanverðs. Gerðið er opið til austurs. Það er 13 X 9 m að stærð en innan þess eru þverveggir sem skipta gerðinu upp í þrjú hólf. Aðeins austar en gerðið er annað gerði (A) byggt við túngarðinn utanverðan, þar sem hann beygir til norðurs (eða við norðausturhlið). Gerðið er einfalt, opið til norðurs og 9 X 7 m að stærð.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: SB V, 260; Ö-Ölversholt og Ölversholtshjáleiga, 2


RA-399:016 *Efstafles* náma mógrafir 63°53.434N 20°21.492V
Inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar eru merktar mógrafir í Efstaflesi. Mógrafirnar eru greinilegar um 20 m vestan við merki Ölversholtshjáleigu. Þær eru innan við 40 m neðan (sunnan við) raflínu, fast norðan við Hjáleigugil.
Á grasi vöxnu, þýfðu svæði.
Mógrafirnar eru stórar um 40-50 X 35-40 m. Þær eru óreglulegar að lögun en allt að 1,5 m á dýpt. Sunnan Hjáleigugilsins virðist sem hugsanlega hafi verið smávegis mótak líka.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Ölversholt og Ölversholtshjáleiga

RA-399:017 þúst beitarhús 63°53.911N 20°22.079V
Inn á örnefnauppdrátt er merkt "sauðahús Marels" við Kelduna. Húsið hefur staðið á hæð um 100 m austan við girðingu en um 180 m vestan við veg. Húsið hefur verið tæpum 400 m sunnan við Kelduna (þar sem nú hefur verið gerð stífla fyrir vatn. Hæðin er rúmlega 500 m suðvestan við yngsta sumarbústaðinn í Ölverslandi en er ríflega 400 m norðaustan við bæ 001.
Á hæð í austanverðu holti. Svæðið í kringum hæðina er ræktarlegra en annars staðar á holtinu.
Hæðin sker sig úr umhverfinu og líklegt að í henni sér mannvistarleifar að finna þó er ekki sýnileg tóft á yfirborði. Í hæðinni er járnstaur.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Ölversholt og Ölversholtshjáleiga



Beitarhúsaþúst 017, horft til SSA

RA-399:018 tóftir beitarhús 63°54.110N 20°21.347V
Á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar er merkt inn "sauðahús" við Bríkur. Tæpum 300 m ASA við sumarbústað (byggður 2002) og 30-40 m norðan við skurð eru óljós merki beitarhúsanna á hæð. Þau eru um 360 m austan við veginn að Ölversholti.
Lág hæð í deiglendisflóa.




Beitarhúsatóftir 018



Beitarhúsatóftir 018, horft til austurs

Á hæðinni eru þrjár einfaldar þústir. Sú austasta er stærst. Hún er nálega 14 X 7 m að stærð en er mjög ógreinileg. Veggir eru útflattir og einungis dæld í miðjunni. Ekki er greinilegt op á þessari þúst frekar en öðrum á hæðinni. Um 6 m vestan við þústina er önnur þúst sem er um 7 X 7 m að stærð en ekki er hægt að greina innri lögun hennar. 6 m vestan við þessa þúst er svo þriðja þústin. Hún er 6 X 6 m að stærð og mótar mjög óljóst fyrir veggjum hennar. Tóftirnar snúa allar nálega norður-suður, þær eru á allar á kafi í grasi og veggir þeirra er mjög hrundir og signir, gjarnan 1,5-2 m á breidd.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Ölversholt og Ölversholtshjáleiga

RA-399:019 tóft 63°53.743N 20°22.287V



Tóftir 019



Syðri tóft 019, horft til norðurs

Tvær litlar tóftir eru um 20 m sunnan við útihústóft 023 og 3 m suðvestan við vegslóða sem liggur að sumarbústað í skógreit norðaustan við Ölversholtsbæinn 001. Þær eru fast norðaustan við skurð sem liggur NA-SV en um 170 ASA við bæ 001.
Tóftirnar eru á grasi grónu svæði sem er afmarkað af skurðum og vegarslóða. Nokkur skógrækt er á þessum slóðum.
Nyrðri tóftin er óljósari. Hún er 2,5 m í þvermál upphlaðin en umfang veggja er ógreinileg. 2 m sunnar er mun greinilegri tóft. Hún er 3 X 2,5 m að stærð og er op á suðurvegg. Tóftin virðist ekki forn.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar



Nyrðri tóft 019, horft til suðvesturs

RA-399:020 gerði 63°53.734N 20°22.606V

Gerði er 5 m sunnan við útihúsin á Borg 004 og um 130 m SV við bæ 001. Gerðið er fast neðan (sunnan) við vegarslóða og hugsanlegt að hann hafi skemmt norðurhlið þess, a.m.k. er hún ein illgreinileg.
Umhverfis er grösugt og nokkuð hefur verið gróðursett af trjám í og við gerðið.
Gerðið er 40 X 35 m að stærð og er stæðilegt, sérstaklega austurhliðin sem er byggð upp við túngarðinn 022. Það er hlaðið úr torfi, engar grjóthleðslur sjást. Veggir gerðisins eru um 1 m á hæð. Gerðið gæti hafa verið utan um kálrækt.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar



Gerði 020, horft til suðausturs

RA-399:021 *Tjaldhóll* örnefni tjaldstæði
63°53.330N 20°21.410V
"Suðvestur af Blautumýri er gil með vallendisbökkum, sem heitir Hjáleigugil. Hjá því er lítill hóll, Tjaldhóll," segir í örnefnalýsingu. Tjaldhóll er fagurgrænn, lítill en afmarkaður hóll á merkjum milli Ölversholtshjáleigu og Ölversholts. Hóllinn er um 100 m sunnan við Hjáleigugil. Girðing liggur yfir hólinn. Hann er nú að mestu í landi hjáleigunnar.
Fagurgrænn hóll, 2-3 m á hæð en 10 m í þvermál.
Nafn hólsins bendir til að þar hafi verið hafst við í tjöldum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Ölversholt og Ölversholtshjáleiga BK, 1

RA-399:022 garðlag túngarður
63°53.743N 20°22.619V
Túngarður liggur umhverfis tún í Ölversholti. Garðurinn er enn stæðilegur og sést víðast hvar umhverfis túnið þó að hann sé rofinn á nokkrum stöðum. Hann er samtals 700-800 m langur.
Garðurinn liggur í jaðri túna sem nú eru komin í órækt. Skógrækt er á þessum slóðum og er norðurhlið túngarðsins að miklu leyti kominn inn í skógreit. Garðinn má þó enn greina á milli trjánna.
Túngarðurinn er hlaðinn úr torfi og er mis-stæðilegur allt frá því að vera 0,7-0,8 m á hæð og upp í 1,5 m. Skurður er á kafla norðvestan megin á svipuðum stað og garðurinn liggur bæði við austur- og vesturhlið hans. Garðurinn afmarkar svæði sem er 170 X 280 m að stærð.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda




Túngarður 022, horft til NNV

RA-399:023 tóft útihús
63°53.754N 20°22.293V
Tóft er skammt frá því þar sem túngarður fjarar út til norðurs um 160 m austan við bæ en 10 m norðaustan við enda skurðar sem liggur NA-SV á þessum stað. Um 4 m SV við tóftina er slóði sem liggur að sumarbústað inn í skógreit sem er norðaustan við bæinn í Ölversholti.
Umhverfis er þéttur, blandaður skógur en í tóftinni og nánasta umhverfi hennar vex mikið gras. Ekki hefur verið gróðursett í tóftina en armar grenitrjáa teygja sig yfir norðvesturhluta hennar.
Tóftin er á kafi í grasi en er þó fremur stæðileg. Hún er 7 X 5 m að stærð, snýr norður-suður og er með opi




Tóft 023, horft til norðausturs

á suðurvegg. Tóftin er einföld, veggir hennar eru allt að 1,3 m að hæð.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar



Tóft 023


RA-399:024 tóft útihús
63°53.772N 20°22.316V
Tóft er byggð nálægt því fast innan við túngarð og 15-20 m sunnan við sumarbústað sem er í skógjaðrinum. Tóftin er 130-140 m austan við bæ 001.
Umhverfis er þéttur greniskógur.
Tóftin er á kafi í grasi. Hún er 7,5 X 4,5 m að stærð en norðausturhlið hennar er byggð inn í brekku. Op eru á bæði norður- og suðurhlið tóftarinnar. Svo virðist sem óljóst garðlag liggi til norðurs frá tóftinni í 10-15 m áður en það hverfur í þéttan skóginn.



Tóft 024


Tóft 024, hoft til suðurs

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar




Þúst 025


Þúst 025, horft til suðvesturs

RA-399:025 þúst 63°53.738N 20°23.312V
Tóft er neðan við Hnjúkabrekkur en ofan við ofan við Smárimamýri. Tóftin er um 650-700 m vestan við bæ 001.
Neðan við grasi gróna brekku. Greniskógur er ofan brekkunnar og sömuleiðis bæði norðan og sunnan tóftarinnar.
Vestan við tóftina hefur verið gróðursett einföld röð birkitrjáa.
Tóftin er grasi gróin og sigin. Erfitt er að greina nákvæmt lag hennar. Hugsanlega hefur henni verið skipt í 2 hólf

en skilin eru þá orðin mjög óljós. Op virðist hafa verið á vesturvegg. Engar grjóthleðslur eru greinilegar. Tóftin er 9 X 6 m að stærð.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

RA-399:026 tóft heystæði 63°53.742N 20°22.778V



Heystæðistóft 026




Heystæðistóft 026, horft til suðvesturs

Tóft er um 250 m VSV við bæ 001 en um 40 m ofan við (norðvestan) við rafmagnskassa.
Grasgefnir og þýfðir hagar. Tóftin er byggð upp við hæð.
Tóftin líkist helst heystæði. Hún er 5 X 4 m að stærð. Hún er á kafi í grasi. Hugsanlegt er að tóftin tengist Bjallastekkjarminjunum (008) enda er hún byggð upp við sömu hæð og tóftirnar tvær sem þar eru skráðar. Hún er þó skráð sérstaklega hér.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

RA-399:027 gerði 63°53.714N 20°23.156V



Gerði 027, horft til norðausturs



Gerði 027

Sigið og fornlegt gerði er milli Miðhóls og Bjalla. Það er fast austan við vegarslóða sem liggur meðfram skógreit. Það er 20-30 m austan við girðingu sem girðir af skógreit en tæpum 500 m VSV við bæ 001.
Gerðið er í dokk milli tveggja hæða. Umhverfis er grasi- og mosavaxið.
Gerðið er mjög sigið og ógreinilegt og lítur nærri því út eins og náttúruleg dokk. Þó má sjá móta fyrir veggjunum sem eru nokkuð reglulegir. Þeir eru allt að 3 m á breidd en 0,2 m á hæð. Gerðið er fremur ferningslaga um 50 X 40 m að stærð. Hugsanlegt er að þarna hafi verið einhvers konar nátthagi eða túnblettur.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

RA-399:028 heimild um leið 63°53.409N 20°21.479V
"Algeng leið milli bæjar var einnig í eða við Rauðalæk ...," segir í samantekt um Ölversholt. Farið var frá Ölversholti og að Hjáleigugili. Gilinu og síðar Rauðalæk var fylgt til suðurs.

Mikill grasvöxtur er á þessum slóðum og ekki hægt að greina skýran vegslóða.
Hættumat: engin hætta


RA-399:029 hleðsla brunnur
63°53.762N 20°22.509V
"Brunnur einn, sem hlaðinn er með hringlaga steinhleðslu niður á allmikla dýpt er neðan og vestanvert við bæjarrústina," segir í samantekt um Ölversholt. Brunnurinn er nú nærri því alveg kominn á kaf í gras. Hann er 15-20 m SV við SV horn heygarðs sem er áfastur við bæjarsamstæðuna (001). Óljós vegslóði liggur fram hjá brunninum um 2 m sunnar.
Umhverfis er grasi vaxið. Brunnurinn er á aflíðandi svæði til vesturs frá bæjarhól.
Yfir brunninn hafa verið settur hleri og steinar. Brunnurinn var 3-4 m á dýpt, þröngur að ofan en víkkaði eftir því sem neðar dró.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ölversholt (samantekt), 49



Brunnur 029, horft til SSV

RA-399:030 heimild um leið 63°53.465N 20°23.191V
"Um 1900 var riðin ákveðin leið frá Ölversholti niður á þjóðveg. Var þá farið frá bænum til suðvesturs við jaðar mýrarinnar milli Stóra-Smala og Litla-Smala, út um Hnúkatagl og yfir mýrina og fram hjá Litlu-Tungu. Algeng leið milli bæja var einnig í eða við Rauðalæk eins og fyrr segir," segir í samantekt um Ölversholt.
Liggur í grasi grónum holtum. Umhverfis eru mýrarflákar.
Merki leiðarinnar sjást ennþá á köflum. Hún sést rétt norðan við tóft 031 og liggur til suðvesturs meðfram hóljaðrinum. Greinilegt að þrædd hafa verið helstu holt niður að mýrinni og má víða sjá merki götunnar í þeim sunnanverðum.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

RA-399:031 tóft 63°53.571N 20°22.859V



Tóft 031




Tóft 031 neðarlega á mynd, horft til vesturs

Vestan undir syðsta hluta Miðmundarhjalla er ógreinileg þúst. Hún er í dæld milli tveggja hæða, Miðmundahnjúks og Heimahnjúks. Tóftin er tæpum 500 m suðvestan við bæ 001.
Tóftin er í grasi gróinni lægð milli tveggja hæða. Suðvestar er sléttur flói.
Tóftin er ógreinileg og á kafi í grasi. Hún er um 9 X 7 m að stærð og skiptist upp í 2 hólf. Eystra hólfið hefur verið byggt inn í brekkuna austan við og hefur það verið opið til norðurs en norðurhlið þess er reyndar mjög ógreinileg. Op er frá eystra hólfinu yfir í það vestara og á því er einnig op á vesturvegg. Tóftin virðist hlaðin úr torfi og engar grjóthleðslur sjást. Líklega hefur tóftin verið e.k. stekkur

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

RA-399:032 tóft 63°53.538N 20°23.002V




Tóft 032



Tóft 032, horft til suðvesturs

Tóft er um 150 m sunnan við skógræktina í Leirdal. Hún er byggð suðvestan í Stóra-Smala og er rúmum 600 m suðvestan við bæ 001.
Grasi gróin hæð. Grenitrjám hefur nýlega verið plantað í kring en þó ekki í sjálfa tóftina. Sunnar og vestar er flói.
Tóftin er á kafi í grasi og fremur ógreinileg. Hún er 7,5 X 8,5 m að stærð og er tvískipt. Bæði hólfin snúa nálega austur-vestur og er op á þeim á vesturhlið. Framan við tóftina (vestan við hana) er fagurgrænt svæði, mun ræktarlegra en umhverfið. Tóftin er víða 0,3 m á hæð en þó ná vegghleðslur allt að 1,5 m austast í suðurhólfinu.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

RA-399:033 gerði 63°53.479N 20°23.563V



Gerði 033




Gerði 033, horft til austurs

Sunnan í Hjáleiguhólma er gerði. Það er um 1 km suðvestan við bæ 001.
Grasi gróin hæð á flóasvæði.
Gerðið er um 80 m langt en 14 m breitt. Garðlög eru greinileg að sunnan, austan og vestan en ekki má greina norðurhleðslu.
Hættumat: engin hætta

RA-399:034 frásögn mógrafir 63°53.729N 20°24.024V

Mógrafir voru á merkjum móti Bjálmholti. Þær voru vestan við Smárima. Engin nöfn eru tengd gröfunum í örnefnaskrám og ekkert er vitað um aldur þeirra.
Nú er skurður á merkjum. Umhverfis eru mýrar.
Hættumat: engin hætta

RA-399:035 tóft beitarhús 63°53.793N 20°20.628V



Beitarhúsatóft 035



Beitarhúsatóft 035, horft til norðvesturs


Samkvæmt örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar voru sauðahús Ölversholtshjáleigu á Krossrima. Þar er ógreinileg tóft um 1,4 km norðaustan við Ölversholtshjáleigu 400:001.
Tóftin er á lágum hólrima í mýrlendi en það hefur verið framræst að miklu leyti og vex þar mikill grasgróður og einnig nokkuð af trjágróðri.
Tóftin er um 14x8 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er ógreinileg, sem fyrr segir, bæði vegna þess að hún er sigin og vegna mikils gróðurs. Tóftin virðist vera torfhlaðin. Hún skiptist í tvö hólf. Í norðurenda tóftar er hólf I sem er um 2x4 m að innanmáli og snýr norður-suður. Hólf II er í suðurenda og er um 4x4 m að innanmáli, nokkuð hringlaga. Ekki er hægt að greina op inn í tóftina eða á milli hólfa. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Ölversholt og Ölversholtshjáleiga

RA-399:036 renna áveita
63°53.667N 20°21.221V
Eiríkur Benjamínsson, heimildamaður, benti skráningarmönnum á skurð sem er að öllum líkindum handgrafinn en aldur hans er ekki þekktur. Skurðurinn er um 540 m suðvestan við tóft 035.
Skurðurinn liggur meðfram austanverðu Hjáleigugili á mörkum framræstrar mýrar og þýfðs gilbakka.
Skurðurinn sést á svæði sem er um 300x30 m að stærð og snýr norður-suður. Við suðurenda skurðarins beygir hann til vesturs í Hjáleigugil. Skurðurinn sést lítið vegna gróðurs á svæðinu. Hann er 0,2 m á breidd að innanmáli og 0,2-0,3 m á dýpt. Skurðurinn er dýpstur í suðurenda þar sem vatn hefur grafið sig niður en þar er hann 0,5 m á dýpt. Líklegt er að garðurinn hafi verið grafinn til að veita vatni úr mýrinni í Hjáleigugil.
Hættumat: engin hætta



Áveituskurður 036, horft til norðurs

RA-399:037 tóft 63°54.139N 20°21.450V
Um 190 m austan við sumarbústað Eiríks Benjamínssonar og tæpum 100 m VNV við rústir "sauðahúsa" 018 er tóft á lægri hæð. Tóftin er um 1 km norðvestan við bæ 001.
Umhverfis tóftina er grasi- og kjarrivaxin mýri, nokkuð þýfð. Sunnan við tóftina hallar eilítið til suðurs að nyrsta af fjórum löngum skurðum sem allir snúa norðaustur-suðvestur og móta landið mikið á þessum slóðum.
Tóftin er á hól sem sker sig nokkuð úr deiglendinu í kring og rís 1-2 m hærra en það. Tóftin er nokkuð hrunin og sigin þannig að erfitt er að greina hana nú. Hún er um 23 x 12 m stór og snýr NNA-SSV. Tóftin virðist hafa verið tvískipt og er minna hólfið sunnar. Stærra hólfið er 15 x 10 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Veggur þess er rofinn á kafla að austan. Minna hólfið er sunnar. Það er skýrasti hluti tóftarinnar. Það er 4 x 3 m að innanmáli og




Tóft 037



Tóft 037, horft til SSA


snýr eins og tóftin. Tóftin er gróin mosa- og grasivaxin en inni í henni vex svolítið af kjarri. Veggjaþykkt er víða aðeins 50-60 cm en víða, sérstaklega að austan, eru veggir alveg horfnir. Á einstaka stað sést grjót í veggjum og grjótdreif sést einnig þar sem veggurinn er horfinn. Sjálf "króin" er talsvert lægri en stóra hólfið.Tóftin hefur farið illa á einhverjum tímapunkti en svo gróið aftur og er helst að giska á að efni hafi verið fjarlægt úr henni eða hún einhvern tíman blásið. Ekki er óhugsandi að "sauðahús" sem merkt eru inn á örnefnakort Ingólfs Einarssonar og skráð voru undir númerinu 018 eigi í raun við tóftir þær sem skráðar eru hér.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



RA-400 Ölvaðsholtshjáleiga

4 hdr 1708, þá í eyði. Byggt þar sem áður var stekkjartún og gert að lögbýli 1670. JÁM I, 336. Högum skipt frá Ölvaðsholti árið 1946. SB V, 261. Jörðin fór í eyði árið 1947 en hefur verið skipt upp í tvo hluta og er annar þeirra nýttur undir hrossabeit en á hinum helmingnum er sumarhús og skógrækt.
"Þessu býli spilla jarðföll í engjunum so sem heimajörðunni." JÁM I, 337. 1917: Tún 1,9 ha, þar af slétt 0,8 ha, garðar 580 m².

RA-400:001 *Ölvaðsholtshjáleiga* bæjarhóll bústaður 63°53.553N 20°22.306V




Mynd af Ölversholtshjáleigu um 1940 (SB V, 261)

Ölversholtshjáleiga (Ölvaðsholtshjáleiga) fór í eyði 1947 en ætið verið nýtt til beitar og sláttu. Nú er helmingur jarðarinnar er nýttur til hrossabeitar en á hinum helmingnum er skógrækt í kringum sumarbústað. Sumarbústaður þessi er rúmum 70 m suðvestan við bæ 001 og liggur malarvegur að honum, í beinu framhaldi af áætlaðri legu traða 013. Ljósmynd frá 1940 er af bænum í Sunnlenskum byggðum V. Lítið sem ekkert rask hefur orðið á bæjarhólnum sjálfum síðan bærinn fór í eyði og hafa húsin ekki verið endurnýtt.
Bæjarhóllinn er sunnan á náttúrulegu holti, nánast í miðju þess. Holtið er grasivaxið og tún í hlíðum þess.
Bæjarhóllinn er 40x34 m að stærð og snýr austur-vestur. Tóftir síðustu bæjarhúsanna eru ennþá á bæjarhólnum og ekkert bendir til þess að hann hafi staðið annars staðar. Bæjartóftin er 38x32 m að stærð og snýr austur-vestur. Stafnar bæjarins snéru til suðurs og liggur fyrrnefndur malarvegur þar þvert yfir bæjarhlaðið. Bæjartóftin skiptist í átta hólf en líklega eru meiri mannvistarlög undir sverði. Filippus Björgvinsson, heimildamaður, vissi skipulag bæjarins að mestu. Austast er hólf 1 og var það hlóðaeldhús. Það er 10x6 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er á austurvegg og annað á



Bæjarhóll Ölversholtshjáleigu 001, horft til suðvesturs

þeim vestari, yfir í hólf 2. Veggirnir eru úr torfi og grjóti en ekki mótar fyrir skýrum grjóthleðslum vegna gróðurs. Að utan eru veggirnir 2,5 m á hæð en að innan 1,5-2 m. Hólf 2 er vestan við hólf 1 og er líklega bæjargöngin. Á ljósmyndinni í Sunnlenskum byggðum V er bárujárnsþil og timburdyr sem afmarka suðurhliðina. Göngin voru 1,5-2 m breið en eru samfallinn og veggjahæð óskýr. Þau eru a.m.k. 8 m löng og snúa norður-suður. Norðan við hólf 1 og 2 er þykkur jarðvegsbálkur og var þar líklega annað hólf sem ekki sést á yfirborði. Á fyrrnefndri ljósmynd í Sunnlenskum byggðum sést glitta í timburþak norðan við hólfin og gæti það verið meint "hólf". Hólf 3 er vestan við hólf 2 og var bærinn sjálfur. Hann sést einnig á myndinni í Sunnlenskum byggðum V. Framhlið hússins var úr bárujárni og það á tveimur hæðum. Hólfið er 15x6 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggirnir eru 2,5-3 m á hæð og algrónir. Steinsteyptur skorsteinn liggur í hólfinu. Líklega var kjallari undir hluta hólfsins, gólfið í suðurhlutanum er 0,5 m dýpra en til norðurs. Hólfið er opið til suðurs og annað op er í norðvesturhorni. Hólf 4 er vestan við hólf 3 og var skemma. Það er 7x4 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggjahæð er 1,5-2 m og eru þeir algrónir og hvergi sést glitta í grjót. Það er opið til suðurs. Hólf 5 er vestan við hólf 4 og var einnig skemma. Það er 6x3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggirnir eru 1,5 m á hæð og sést glitta í grjót í norðurvegg án þess að um skýrar hleðslur sé að ræða. Hólfið er opið til suðurs. Hólf 6 er vestan við hólf 5 og var fjós. Hólfið snýr austur-vestur og er 6x3 m að innanmáli. Veggirnir eru 1,7-2,2 m að hæð og 4-5 umför af grjóthleðslu sjást í þeim. Norðurveggurinn er hruninn inn í hólfið að hluta. Hólfið er opið til vesturs. Hólf 7 er norðan við hólf 6. Á milli þeirra er 3 m breiður jarðvegsbakki og líklegt að mannvist, mögulega annað hólf sé þar undir sverði. Þetta var hlaða. Hólfið er 10x7 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Ekki er skýrt op inn í hlöðuna sem var niðurgrafin. Veggirnir eru 3-4 m á hæð og 1,5 m niður á gólf. Ekki sést glitta í grjót vegna gróðurs og trjáleifa sem settar hafa verið þar. Hólf 8 er norðan við hólf 7. Hlutverk þess er óþekkt. Hólfið er 6x3 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 1-1,8 m að hæð og algrónir. Hólfið er opið til vesturs. Rúma 3 m NNV við bæinn er þúst, 5 m í þvermál og 1 m á hæð. Afar líklegt er að meiri mannvist sé þar undir sverði.




Minjar á bæjarhól Ölversholtshjáleigu 001

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-400:002 þúst 63°53.576N 20°22.302V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var mannvirki, líklega rétt eða kálgarður, um 40 m norðan við bæ 001. Þar mótar fyrir þúst.
Þústin er í gömlu túni sem komið er í órækt.

Þústin er um 7x5 m að stærð, snýr austur-vestur og er um 0,3 m á hæð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-400:003 tóft lambhús 63°53.542N 20°22.262V




Lambhústóft 003



Lambhústóft 003, horft til norðausturs

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 40 m suðaustan við bæ 001. Þar er tóft sem heimildamanni, Filippusi Björgvinssyni, var sagt að hefði líklega verið lambhús.
Tóftin er í grösugu og óslegnu túni sem komið er í órækt. Hún er uppi á hæð norðan við miklar mýrar sem hafa verið framræstar. Girðing er á merkjum milli jarðahluta, um 15 m suðaustan við tóftina.
Tóftin er tvískipt, grjót- og torfhlaðin, og alveg gróin. Hún er um 9x5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hólf I er í suðausturenda. Það er um 2,5x2 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Í vesturhorni þess er dálítið vik sem getur verið leifar af opi milli hólfa. Hólf II er í norðvesturenda. Það er 2x1,5 m að innanmáli, snýr suðvestur-norðaustur. Op virðist vera í vesturhorni en það kann líka að vera rof. Mesta hleðsluhæð er um 1,2 m.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-400:004 tóft útihús 63°53.520N 20°22.270V



Tóft 004



Tóft 004, horft til SSA

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 70 m sunnan við bæ 001. Þar sést enn tóft suðaustan við brún í túninu.
Tóftin er á milli brúnar í túninu og brattrar og alllangrar brekku til suðausturs niður á framræsta mýri.
Tóftin er einföld, um 7x5 m að stærð og snýr NNV-SSA. Líklega er hún torf- og grjóthlaðin en ekki sést grjót í


veggjum enda er tóftin algróin. Ekki sést skýr inngangur inn í tóftina en hann hefur líklega verið í SSA-enda. Þar hefur orðið eitthvert rask og sá endi því orðinn ógreinilegur. Mesta hleðsluhæð er um 1 m.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-400:005 heimild um mógrafir 63°52.875N 20°23.298V
"Mótak var gott," segir í Sunnlenskum byggðum V. Suður- og suðvesturhluti jarðarinnar var mýrlendur og kallaðist Nes. Þar var eflaust hægt að taka mó víða að sögn Filippusar Björgvinssonar, heimildamanns en hann gat ekki bent á afmarkað mótak. Á þessum slóðum er nú skurðir og kjarrgróður vex þar í framræstu mýri. Mógrafirnar voru 1,5 km suðvestan við bæ 001.
Engin ummerki mógrafa sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: SB V, 261

RA-400:006 gripir 63°52.745N 20°22.418V
"Silfursjóður fannst 1924 í moldarflagi við Lækinn, suður af Nesinu, ríkisdalir og spesíur, auk annarrar myntar, um 115 peningar," segir í Sunnlenskum byggðum V. Peningaflag er merkt inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar, 1,5 km sunnan við bæ 001. Líklega voru peningarnir frá 18.-19. öld. Engar upplýsingar fundust um gripinn í Sarpi, gagnagrunni Þjóðminjasafns Íslands, og engar heimildir fundust um afdrif sjóðsins.
Bakkar Lækjarins eru rúmlega 2 m háir og sendnir og blautir flákar frá þeim að Læknum sjálfum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: SB V, 261; IE-Örnefnauppdráttur, Ölversholt og Ölversholtshjáleiga

RA-400:007 *Stekkjartún* örnefni stekkur 63°53.615N 20°22.136V
Örnefnið Stekkjartún er merkt inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar norðaustan við bæ 001. Í Sunnlenskum byggðum V segir í umfjöllun um Ölversholtshjáleigu (Ölvaðsholtshjáleigu): "Áður var hér stekkatún frá Ölversholti [RA-399] en gert að lögbýli um 1670." Óljóst er hvort stekkurinn hafi verið á sama stað og bærinn var síðar reistur en örnefnið Stekkjartún er 100-200 m norðaustan við bæ 001.
Stekkjartún er sléttað tún sem er að mestu leyti er nýtt fyrir hrossabeit.
Ekki sést til minja um stekk í Stekkjartúni en mögulega eru fjárhús sambyggð túngarði 014 á sama eða svipuðum stað og stekkurinn var áður. Hann hefur þá horfið vegna bygginga.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Ölversholt og Ölversholtshjáleiga; SB V, 261

RA-400:008 *Gerði* örnefni 63°53.584N 20°22.197V
Gerði er merkt inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar, 100 m norðaustan við bæ 001 og tæpum 50 m norðaustan við réttartóft 020. Gerði er innan túngarðs 014, í svokölluðu Stekkatúni 007. Gerðið var á suðurhlið holtsins sem bær 001 er á, ofan við bratta brekku. Gerðið er horfið og ekkert er vitað um nánari gerð og legu þess.
Þar sem gerðið var er gróið tún nýtt til hrossabeitar.
Engin ummerki gerðisins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Ölversholt og Ölversholtshjáleiga



Rétt og túngarður 009


RA-400:009 tóft+garðlag túngarður
63°53.545N 20°22.238V
Rétt er áföst túngarði sem afmarkaði gamla heimatúnið og sést á túnakorti frá 1917. Réttin er merkt inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar af jörðinni. Réttin er um 55 m austan við bæ 001. Samkvæmt túnakortinu afmarkaði túngarður líklega allt gamla heimatúnið sem var um 200x180 m að stærð og sneri nálega austur-vestur. Aðeins sjást leifar af gamla túngarðinum á litlu svæði og hefur líklega verið sléttað úr honum annarsstaðar þegar túnið var fært út (sjá túngarð 014). Einnig er mögulegt að hann hafi horfið í trjárækt á vestur- og suðurhliðum.



Réttartóft 009. Á vinstri mynd er hólf I, horft til NNA, á hægri mynd er hólf II, horft til SSA

Túngarðurinn sést við austurenda traða 013 og réttartóftin er á brekkubrún innan beitarhólfs, fast utan gamla heimatúnsins.
Minjarnar eru á svæði sem er um 30x15 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í umfjöllun. Túngarðurinn A sést sitthvoru megin við traðir 013, á 5 m löngum kafla norðvestan við þær og á 12 m löngum kafla suðaustan við þær og er sá hluti hans áfastur tóft B. Garðurinn er gróinn og er líklega torfhlaðinn. Hann er hæstur um 1,2. Tóft B er um 21x5 m að stærð, snýr nálega norður-suður. Hún er tvískipt. Hólf I er í suðurenda. Það er um 9x2 m að innanmáli. Op er á því til SSV. Vesturveggur hólfsins er ekki upphlaðinn heldur er hólfið grafið inn í brekkubrúnina. Hólf II er um 8x2,5 m að innanmáli, snýr NNV-SSA. Op er á því til NNV. Hæstu veggir tóftarinnar eru 1,2 m.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Ölversholt og Ölversholtshjáleiga

RA-400:010 tóftir beitarhús 63°53.204N 20°22.782V



Tóftir 010

Á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar er merkt ærhús Ölversholtshjáleigu í Miðmundarima. Þar sjást fjórar tóftir, um 760 m suðvestan við bæ 001.
Minjarnar eru á lágum rima í mýrlendi sem hefur verið ræst fram og vex þar mikið gras og kjarr.
Minjarnar eru á svæði sem er um 75x15 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Í austurenda er tóft C. Hún er afar ógreinileg, er einföld, um 7 m í þvermál. Hleðslur hennar eru útflattar og ekki sést op á henni. Um 14 m suðvestan við tóft C er tóft B. Hún er torf- og grjóthlaðin, er um 17x11 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún skiptist í 5 hólf. Aftast í tóftinni, suðaustast, er langt hólf sem er um 2,5x12 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Líklega hefur þar verið hlaða eða heystæði. Hólf II-V snúa öll norðvestur-suðaustur og er op á hólfum II-IV til norðvesturs. Ekki er er skýrt op á hólfi V. Í norðausturenda tóftarinnar er hólf II. Það er um 5,5x2 m að innanmáli. Hólf III er ógreinilegt. Það er um 5x1,5 m að innanmáli. Hólf IV er hvað greinilegast. Það



Á vinstri mynd er tóft 010A, horft til norðausturs. Á hægri mynd er tóft 010B, horft til vesturs.


er um 1x5 m að innanmáli. Útflatt hólf V er um 3x1 m að innanmáli. Mesta veggjahæð tóftarinnar er 0,6 m. Óljóst tóft D er um 7 m vestan við tóft B. Hún er mjög hlaupin í þúfur, er um 6x5 m að stærð og snýr VSV-ANA. Ekki er greinilegur veggur til ASA en þar eru gríðarstórar þúfur sem mögulega eru veggjaleifar. Líklega er tóftin torfhlaðin en ekki sést í grjóthleðslur. Mesta hæð er um 0,6 m. Tóft A er 30 m VNV við tóft D. Hún er 16x16 m að stærð, einföld og snýr suðvestur-norðaustur. Veggirnir eru útflattir og mikið raskaðir á köflum, sérstaklega til norðausturs. Þeir eru 0,-0,6 m á hæð og algrónir. Tóftin er slétt að innan og veggjahrun fyrir miðju. Líklega var hún opin til norðausturs. Veggirnir eru torfhlaðnir en stoðarsteinar liggja ofan á veggjunum sem og inni í tóftinni. Kindastígur liggur þvert yfir tóftina.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Ölversholt og Ölversholtshjáleiga



Kálgarður 011, horft til norðausturs

RA-400:011 gerði kálgarður
63°53.553N 20°22.347V
Kálgarður er sýndur 6 m vestan við bæ 001 á túnakorti frá 1917. Fast sunnan við kálgarðinn er malarvegur að sumarbústað.
Gróið, slétt tún er til norðurs og vesturs, bæjarhóll 001 til austurs og malarvegur til suðurs.
Kálgarðurinn er varðveittur að hluta. Hann er 24x16 m að stærð og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 0,8-1,3 m á hæð, algrónir og hvergi sést glitta í grjót. Suður- og austurveggur kálgarðsins eru horfnir. Op er í norðvesturhorni og annað til norðurs. Ekki sést móta fyrir beðum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-400:012 tóft beitarhús
63°53.104N 20°21.955V
Á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar er merkt ærhús Ölversholtshjáleigu á Prestarima. Þar er tóft á rimanum skammt norðaustan við Rauðalæk, um 890 m suðaustan við bæ 001.
Tóftin er í flatlendum, gróðursælum móa sem áður var mýri en hefur verið framræst.
Tóftin er um 14x10 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er sigin og óskýr á köflum og vantar hluta úr veggjum sem virðast vera torfhlaðnir. Tóftin er tvískipt. Nokkuð skýrt hólf I er í norðurenda tóftarinnar. Það er um 8x4 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Rof er víða í veggjum hólfsins, aðallega í norðurvegg og norðausturhorni. Líklega hefur verið op inn í hólfið í því horni. Hólf II er 7x6 m að innanmáli og snýr norður-



Tóft 012

suður. Rof er í veggjum þess á austur- og vesturhliðum. Líklega er tóftin torfhlaðin og mesta hleðsluhæð er um 1,1 m.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Ölversholt og Ölversholtshjáleiga

RA-400:013 hleðsla traðir
63°53.553N 20°22.255V



Traðir 013, horft til ANA




Tóft 012, horft til austurs

Traðir sem sýndar eru á túnakorti frá 1917 sjást um 30 m ASA við bæ 001.
Traðirnar eru í gömlu grasgefnu túni.
Veggir virðast hafa verið hlaðnir meðfram tröðum en þeir standa lítið upp úr jörðu, mest 0,3 m. Traðirnar eru um 20 langar, liggja ANA-VSV. Þær eru grónar, 0,5-1 á breidd innanmáls og víða um 1 m á dýpt. Alls eru þær um 5 m á breidd.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-400:014 tóft+garðlag túngarður 63°53.608N 20°22.266V



Tóft 014, horft til SSA



Túngarður og tóft 014


Garður afmarkar heimatúnið sem hefur verið fært út eftir að túnakort var gert 1917 en það er mun stærra en það tún sem sýnt er á túnakortinu (sjá túngarð 009). Túngarðurinn er varðveittur til allra átta nema til SSA, þar er hann horfinn í stórþýfi. Heimatúnið var að mestu í suðurhlíð holtsins sem bær 001 er á.
Slétt, gróin tún eru í norðurhluta heimatúnsins, skógrækt til vesturs og ósléttuð, gróin tún til suðurs og austurs.
Túngarðurinn er varðveittur að stórum hluta og afmarkar stærra svæði en sýnt er á túnakortinu. Svæðið er 400x250 m að stærð, snýr suðvestur-norðaustur og nær lengra til norðurs en árið 1917. Svokallað Stekkatún 007 var líklega sameinað heimatúninu og er sá hluti sem bættist við. Túngarðurinn er 1-1,2 m á hæð og torfhlaðinn. Fyrir norðan bæ 001, uppi á háholtinu er hann 2 m breiður og mjókkar upp. Þar eru grasivaxin tún beggja vegna við túngarðinn. Vestur- og hluti af suðurhliðinni afmarka skógræktarsvæði sem er innan gamla heimatúnsins. Þar er túngarðurinn horfinn á köflum og tré beggja vegna við hann. Suðurhlið túngarðsins er í brekkurótum holtsins

og gróin tún nýtt til hrossabeitar þar. Svæðið er stórþýft og túngarðurinn horfinn á kafla. Að austan liggur túngarðurinn upp holtið og sambyggt tóft er í norðausturhorni. Tóftin er 13x11 m að stærð, tvískipt og snýr ANA-VSV. Hólf 1 er norðar. Það er 8x4 m að innanmáli og snýr ANA-VSV. Túngarðurinn liggur að miðri norðurhlið hólfsins. Veggirnir eru 0,5-1,3 m á hæð og sést glitta í 2 umför af grjóthleðslu í þeim. Op í suðvesturhorni yfir í hólf 1. Suðurveggur hólfsins nær lengra til austurs en tóftin. Hólf 2 er sunnar. Það er 13x5 m að innanmáli og snýr ANA-VSV. Veggirnir eru 1-1,3 m á hæð og algrónir. Hólfið er opið í báða enda. Túngarðurinn heldur áfram frá suðvegg hólfsins. Þessar minjar eru of ungar til að teljast til fornleifa í lagalegum skilningi en eru skráðar engu að síður þar sem þær eru til vitnis um fornt verklag og byggingarlag.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Túnakort 1917



Túngarður 014, horft til norðausturs

RA-400:015 tóft útihús
63°53.519N 20°22.286V




Tóft 015



Tóft 015, horft til suðurs

Tóft er í gamla heimatúninu um 10 m vestan við tóft 004 og um 65 m sunnan við bæ 001.
Tóftin er ekki sýnd á túnakorti frá 1917 og kann að vera yngra en það en ekki er útlokað að hún hafi verið fallin úr notkun 1917 og því ekki merkt inn á túnakortið.
Tóftin er sunnan undir brún í túninu, á milli hennar og brattrar brekku til suðurs.
Tóftin er um 4x4 m að stærð, einföld og gróin. Hún er líklega torf- og grjóthlaðin en ekki sést í grjóthleðslur í veggjum. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m. Líklega var op á tóftinni til vesturs en það sést illa vegna gróðurs.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-400:016 tóft útihús
63°53.515N
20°22.295V
Ógreinileg tóft er um 10 m suðvestan við tóft 015 og um 70 m sunnan við bæ 001.
Tóftin er frammi á brekkubrún í suðurjaðri gamla heimatúnsins, fast austan við mörk skógræktar.
Tóftin er einföld, um 5,5x4 m að stærð og snýr nálega austur-



Tóft 016



Tóft 016, horft til norðvesturs


vestur. Ekki er skýr veggur til suðausturs þar sem op hefur mögulega verið á tóftinni. Tóftin er sigin og gróin og ekki sést grjót í veggjum. Norðvesturveggur er lang greinilegastur og er hann um 0,5 m á hæð. Aðrir veggir eru lægri og ógreinilegri.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Þúst 017, horft til VSV

RA-400:017 þúst
63°53.526N 20°22.286V
Afgerandi lítil þúst er í gamla heimatúninu, um 50 m sunnan við bæ 001. Afar líklegt er að í þústinni séu mannvistarleifar, líklega leifar af gömlu útihúsi.
Þústin er í þýfðu, grösugu túni sem komið er í órækt. Hún er skammt norðan við brún niður að útihúsum 004, 015 og 016.
Þústin er um 5x4 m að stærð, snýr ANA-VSV. Mesta hæð er um 0,3 m.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-400:018 tóft útihús 63°53.569N 20°22.359V



Tóft 018




Tóft 018, horft til suðurs

Lítil tóft er um 50 m norðvestan við bæ 001.
Tóftin er í gamla túninu sem komið er í órækt. Nokkurt þýfi er umhverfis tóftina og deiglent er vestan við hana.
Tóftin er um 3x3 m að stærð og er einföld. Op virðist vera á henni til norðurs og suðurs. Mesta hæð er 0,5 m. Tóftin er gróin og ekki sést í grjóthleðslur. Ekki er útilokað að um sérstaka þúfnamyndun sé að ræða þar sem tvær stórar þúfur líkjast lítilli tóft. Hlutverk meintrar tóftar er ekki þekkt en líklegt er að hún sé af útihúsi.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-400:019 *Bríkarbrunnur* örnefni brunnur 63°53.591N 20°22.393V
Samkvæmt örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar er örnefnið Bríkarbrunnur á milli Grenjaðarholts og bæjar 001. Af nafninu að dæma hefur verið brunnur frammi á brún holtsins sem bærinn stendur á, um 100 m norðvestan við bæ 001.
Í holtsbrúninni er smáþýfður mói og keldur sem voru þurrar þegar skráningarmenn voru á ferð (ágúst 2011). Skógrækt er í brekkunni niður undan brúninni til vesturs.
Ekki fundust minjar um brunn þar sem hann er merktur inn á örnefnakort.
Hættumat: hætta, vegna trjáræktar
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Ölversholt og Ölversholtshjáleiga

RA-400:020 tóft rétt 63°53.563N 20°22.233V
Tóft er 60 m austan við bæ 001 og 50 suðvestan við gerði 008.
Útihúsið er fremst á gróinni holtsbrún. Þar er gróið tún nýtt til hrossabeitar.
Tóftin er 6x4 m að stærð, einföld og snýr suðvestur-norðaustur. Veggirnir eru 0,5 m á hæð, algrónir og stórþýfðir. Hvergi glittir í grjót í þeim og op í suðausturhorni. Líklega var ekki þak á tóftinni og var hún líklega



Tóft 020




Tóft 020, horft til suðvesturs

kvíar eða heimarétt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-400:021 heimild um landamerki 63°53.302N 20°21.363V
Landamerki: "Frá svonefndu gilmynni (þar sem Ölversholtsgil fellur í Rauðalæk) ræður gilið í austurgilbotni, úr austurgilsbotni ræður skurður með pyttum upp í flóð, úr flóðunum ræður kelda með pyttum upp í austurbrúnarhorn, frá austurbrúnarbotni ræður bein stefna í Klettholt (sem er hornmark milli jarðanna Ölversholts [RA-399], Marteinstungu [RA-401], Pulu [RA-397] og Köldukinnar [RA-398] frá Klettholti ræður bein stefna niður Hamarsholt (sem er hornmark milli jarðanna Ölversholts, Austvaðsholts, Snjallsteinshöfða og Árbæjar [RA-415]) úr Hamarsholti ræður bein stefna, norðanvert að Haukhól í vörðu sem stendur á gilbrúninni að ytri Hólmgili frá Hólasporðinum ræður Rauðilækur ofan að áðurnefnda gilinu," segir í landamerkjalýsingu Ölversholts og Ölversholtshjáleigu frá 1885. Varðan var tæpa 900 m suðaustan við bæ 001 en er horfin. Tæpum 3 m sunnan við áætlaða staðsetningu vörðunnar er vélgrafinn skurður.
Óræktað, gróið tún er á þessum slóðum.
Engin ummerki vörðunnar sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Landamerkjalýsing

Túnakort fyrir Marteinstungu



Byggt á túnakorti frá 1917

RA-401 Marteinstúnga

30 hdr 1708. JÁM I, 332. c. 1200: Jarðarinnar er getið í kirknaskrá Páls biskups, DI XII, 7. [1367]:"Marteinskirkia j sottartungu a prestskylld j heimalande og halft ellefta kugillde." DI III 218. 1382-91/1397: Máldagi kirkjunnar. DI IV 62-63 1575: Máldagi kirkjunnar DI XV, 659. Bærinn hét áður Tunga, síðan Sóttartunga og síðast Marteinstunga. Kirkjustaður. 1708 hjáleigur Hallstún (RA-403), Gata (RA-404) (í eyði) og Bjálmholt (RA-402) (í eyði). JÁM I, 332-334. "Landareignin er um 500 ha, þar af um fjórði hluti þurrlendi, og öll vafin gróðri. Hagar eru skjólgóðir." SB V, 257.
1917: Tún 4,4 ha, þar af slétt 1,5 ha, garðar 1300 m².

RA-401:001 *Marteinstúnga* bæjarhóll bústaður 63°55.042N 20°24.102V

Bærinn í Marteinstungu stendur allhátt á holti. Austan við bæinn rennur Steinslækur. Kirkjan 002 er fast norðvestan við bæjarröðina. Vegur liggur að bænum og eftir hlaðinu til norðvesturs að kirkju og áfram að safnaðarheimili. Tvíbýli var á bænum samkvæmt heimildamanni, Gunnari Guttormssyni, en það fyrirkomulag hætti um aldamótin 1900. Samkvæmt Sunnlenskum byggðum V var lengi þingstaður á jörðinni og var gamla þinghúsið sambyggt íbúðarhúsi vesturbæjarins. Þinghúsið og bæjarhúsin sjást mynd frá 1945 á bls. 268 í Holtamannabók I. Þingstaðurinn er skráður með bæjarhólnum. Í Sögu sveitarstjórnar á Íslandi kemur fram að þingstaðurinn var fluttur frá Þjóðólfshaga (sjá RA-409:011) að Marteinstungu þegar Holtamannahreppi var skipt




Mynd af Mareinstungu frá 1940 (Þykkskinna I, bls. 144)



Horft til norðurs heim að Marteinstungu



Uppgerð Skemma þar sem Austurbærinn var áður, horft til norðvesturs



Byggingar á bæjarstæði Marteinstungu 001

upp í tvo hreppa árið 1892; Holtamannahrepp og Ásahrepp. Að sögn heimildamanns, Gunnars Guttormssonar, var einnig fjós aftan við bæ, norðvestan við hann. Það er líka skráð með bæjarhólnum.

Fast vestan við bæinn eru 20. aldar útihús, fjós og hlaða. Bílaplan er á milli bæjar og útihúss. Framan við bæ til suðausturs er afgirtur trjágarður og í honum er lítill sumarbústaður.

Bæjarröðin snýr suðvestur-norðaustur. Hún er um 29 m á lengd og 13 m á breidd. Að mestu eru hús með steyptum grunni og úr bárujárni í bæjarröðinni en í norðausturenda eru enn hleðslur og þar hefur svokölluð Skemma verið gerð upp. Í henni var austurbærinn áður. Baðstofan var þar sem Skemman var síðar og hlóðaeldhús var aftan við hana til norðvesturs sem sést ekki lengur. Ekki sést eiginlegur bæjarhóll en uppsöfnun jarðvegs/mannvistarleifa er að húsabaki og er samtals 13 m á breidd þar sem er breiðast. Kjallari er a.m.k. undir miðhúsinu í bæjarröðinni sem er þá þrílyft. Þinghúsið var suðvestast í bæjarröðinni og er nú hluti af íbúðarhúsinu. Suðvestan við afgirtan garð, um 25 m suðvestan við bæjarröðina, er aflíðandi brekka sem markar ef til vill jaðar bæjarhóls. Annarsstaðar sjást ekki skil á milli holtsins og bæjarhóls. Í hleðslum sjást 13 umför en taka ber fram að grjótið er þunnt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; SB V, 257; Holtamannabók I, 268; Saga sveitarstjórnar á Íslandi II, 47

RA-401:002 kirkjugarður kirkja 63°55.054N 20°24.087V

MARTEINSTUNGA Í HOLTUM (R) -Marteini (HOLTAÞING)

c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 7

[1367]: xxxv. Marteinskirkia j sottartungu a prestskylld j heimalande og halft ellefta kugillde. messuklæde ok kaleik og lausan hokul es Vilchinsbok þui hun er langtum fyllre; Hítardalsbók DI III 218

1382-91: [á kýr og ær]. Þangad liggia .ix. bæer ad tyundumm enn .x. ad lysitollumm Þar skal vera heimilisprestur oc hafa .iiij. merkur j Tyda offur. oc litla kistu. kirkiann aa prests skylld j heimalandi. Jtem lagdi Torfi Teitsson til kirkiunnar [ornamenti] fiell nidur oll portio Ecclesiæ firir Þa hlute sem hann hefur giefid i kirkiunni jnnan sigh. tem [frekari ornamenti og 6 ær er Margrét húsfreyja Torfa gaf til] Jtem gefur Torfi epter sinn dag .vj. Ær

1397: Jtem hefur gefist sydann biskup Michel reiknadi eitt hundrad vadmäla. Jtem lagde biskup Michel til

klucku fra Skammbeinstodumm. Jtem lagdi virdiligur herra Herra Wilchin biskup j Skalhollti til Mariuskript. Portio Ecclesiæ vmm .xj. Är halft atta hundrad. Fiell nidur oll fyrer kirkiu vppgiaurd.
Er kirkian nv skylldug honumm halft Þridia hundrad; Máld DI IV 62-63



Kirkjan í Marteinstungu, horft til suðausturs

1575: Kirkian að Marteinztungu a prestzskylld i heimalande. Jtem a kirkian Jnnann alfær messuklædi. og hafdi Olafur latið gjöra að hauklinum. Máld DI XV 659
1708: Hjer er alkirkja og embættað að Þriðjungi við Haga og Árbæ; JÁM I: 332
16.11.1907: HoltaÞing lögð niður og Marteinstungu- og Hagakirkjur lagðar til LandÞinga; (PP, 68) lög]. Kirkjan er tæpum 30 m norðaustan við bæ 001 en einungis nokkrir metrar á milli kirkjugarðsins og bæjarhúsanna, þar er nú malarvegur. Á túnakorti frá 1917 að dæma virðist kirkjugarðurinn þá hafa verið um 35x20 m að stærð og snúið norður-suður.
Kirkjugarðurinn er sléttur og grasivaxinn. Hann er afgirtur með timburgirðingu og trjálundur er í austurshluta hans.
Kirkjan sem enn stendur í Marteinstungu var byggð árið 1896. Hún var endurbætt árið 1955 og um 1990 var gerður nýr grunnur. Að sögn Gunnars Guttormssonar, heimildamanns, komu ekki mannvistarleifar í ljós við þá framkvæmd. Hlaðinn garður var umhverfis kirkjugarðinn en hann er horfinn en þó er um 1 m hár kantur meðfram austurenda garðsins sem snýr að Steinslæk. Kirkjugarðurinn var sléttaður fyrir nokkrum árum og stækkaður til norðurs. Kirkjugarðurinn er nú 50x20 m að stærð. Einungis nokkur leiði er sjáanleg á yfirborði og er kirkjugarðurinn ennþá í notkun. Við greftrun fyrir alllöngu komu upp nokkrir legsteinar sem eru gamlir. Á þeim sést móta fyrir áletrun og Þórður Tómasson á Skógum skoðaði steinana á einhverjum tímapunkti. Ekki er vitað hvað var gert við legsteinana en líklega eru þeir geymdir í kirkjunni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: DI XII 7; DI III 218; DI IV 62-63; DI XV 659; JÁM I: 332; PP, 68; Túnakort 1917

RA-401:003 heimild um hesthús 63°55.053N 20°24.126V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 30 m norðvestan við bæ 001. Samkvæmt Gunnari Guttormssyni, heimildamanni, var það hesthús.
Útihúsið var norðaustan við steypt fjós og hlöðu sem nú er í notkun. Rask er umhverfis þá byggingu og á stæði fyrir vinnuvélar og annan vélbúnað.
Ekki sést til minja um útihúsið og hefur það annað hvort verið rifið eða sléttað yfir það.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-401:004 heimild um útihús 63°55.065N 20°24.121V
Samkvæmt túnakorti var útihús um 50 m norðvestan við bæ 001.
Útihúsið var litlu norðvestan við núverandi safnaðarheimili. Rask hefur orðið á þessum stað og eru vélar geymdar á þessum stað á moldarplani sem er gróið að hluta.
Ekki sést til minja um útihúsið og má ætla að það hafi verið rifið eða að sléttað hafi verið yfir það.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917


RA-401:005 heimild um útihús 63°55.096N 20°24.065V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 110 m norðan við bæ 001.
Útihúsið var í gömlu túni sem nú er nýtt sem beitarhólf.
Dálítil hólbunga er í túninu þar sem útihúsið var að líkindum. Ekki sést til þess að öðru leyti og hefur verið sléttað yfir það.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-401:006 heimild um útihús 63°55.115N 20°24.040V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 150 m norðan við bæ 001.
Útihúsið var nyrst í túni á hólrana.

Ekki sést til minja um útihúsið en dálítil hækkun er á hólrananum þar sem útihúsið var að líkindum. Ætla má að sléttað hafi verið yfir það.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-401:007 frásögn vatnsból 63°55.051N 20°24.019V
Lind var við Steinslæk að sögn Gunnars Guttormssonar, heimildamanns. Lindin var rúma 40 m austan við bæ 001 en er horfinn í lækinn. Brunnstígur 022 lá að lindinni og var þetta vatnsból bæjarins.
Steinslækur er 10 m breiður á þessum slóðum með grónum bökkum.
Engin ummerki lindarinnar sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-401:008 tóft beitarhús 63°54.015N 20°26.154V



Tóftir 008

Að sögn Gunnars Guttormssonar, heimildamanns, voru beitarhús sem tóku 30-40 sauði. Tóftirnar eru 600 m norðvestan við beitarhús 013 og rúma 2,5 km suðvestan við bæ 001. Skollagrenisrimi er áberandi í flatlendi, stórþýfður og 0,5-1 m á hæð.
Beitarhúsin eru í framræstri mýri, svokallaðri Snasamýri. Þar vex kjarr og rimar standa uppúr flatlendi.
Tvær tóftir eru á þessu svæði sem er 14x10 m stórt og snýr norður-suður. Var báðum mannvirkjum gefinn bókstafur til aðgreiningar. Tóft A eru beitarhúsin sjálf. Þau eru SSV-ar á svæðinu. Þau eru 10x3 m að stærð og snúa norðaustur-suðvestur. Tóftin er nánast útflött og afar óskýr og virðist hafa verið einföld. Einungis norðurveggurinn er greinilegur. Hann er 0,3-0,5 m á hæð og mosavaxinn. Suðurveggurinn afmarkast af grjótdreif, líklega að utanverðu. Þar sjást á milli 1-2 umför af grjóthleðslu. Tóftin er líklega opin til norðvesturs. Sléttir flákar eru norðan og ANA við tóftina sem benda til frekari mannvirkja. Tóft B er 5 m norðan við beitarhús A. Hún var heykumlið. Tóftin er 5x4 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Veggirnir eru 0,5-0,7 m á hæð og algrónir. Hvergi sést glitta í grjót eða op. Veggirnir eru fallnir á köflum og mold í gólfinu.

Hættumat: engin hætta




Á vinstri mynd er tóft 008A, horft til austurs. Á vinstri mynd er tóft 008B, horft til norðurs

RA-401:009 *Vörður* örnefni 63°54.607N 20°24.474V
"Vestan við Beindal er rót holtsins eru hólar, sem heita Vörður, og vestan við þá Vörðumýri," segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað um tilurð örnefnisins. Gunnar Guttormsson, heimildamaður, kannast ekki við vörður né önnur mannvirki á þessum slóðum. Stór vatnstankur er nú í Vörðum.
Vörður er mishæðótt heiðlendi. Þar eru náttúrulegir hólar og rimar með mýrarflákum inná milli.

Engin ummerki mannvirkja sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Marteinstunga, 1

RA-401:010 þjóðsaga legstaður 63°54.438N 20°26.094V
"Suður af Nónhamri er Nónhamarsvik, og mýrin vestur af því heitir Lýtingsmýri. Sunnan hennar er hóllinn Lýtingur. ... Fjárhús [030] hafa verið í Lýtingi um nokkurt skeið," segir í örnefnaskrá. Hóllinn er um 1,97 km suðvestan við bæ 001.
Lýtingur rís hátt upp af Lýtingsmýri til suðausturs. Hann er nú innan sumarbústaðarlands og er mikil skógrækt allt í kringum hann. Jarðvegur hefur blásið upp fram á norðvesturbrún hólsins en það hefur allt gróið aftur.
"Sú sögn er um þann stað, að Lýtingur sá, sem fyrstur byggði á Lýtingsstöðum, hafi skotið ör af boga frá bæ sínum og mælt svo fyrir, að haugur hans skyldi gerður, þar sem örin fyndist. Átti örin að hafa fundizt í Lýtingi og talið, að Lýtingur væri þar heygður. Ekki sjást þar merki haugs eða dysjar," segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað nákvæmlega hvar legstaðurinn átti að vera og ekki fundust ummerki um hann á vettvangi.
Hættumat: hætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Ö-Marteinstunga, 1-2

RA-401:011 tóft beitarhús 63°54.235N 20°24.998V



Beitarhúsatóft 011


Beitarhúsatóft 011, horft til vesturs


"Suðaustur af Nónhamarsviki heitir Háihryggur og austur af honum Háahryggsmýri. Suðaustan við hana eru Hólar. Þar eru beitarhúsatættur," segir í örnefnalýsingu. Beitarhúsin eru rúma 800 m norðaustan við beitarhús 013 og tæpa 1,7 km suðvestan við bæ 001. Beitarhúsin eru sýnd á örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar, á vesturbakka Sjálfkvíaviks sem er mýri.
Beitarhúsin eru í austurhlíð holts sem á örnefnakortinu kallast Hólar. Þar er stórþýft, gróið mólendi með klettum hér og þar.
Beitarhúsin eru útflött og illgreinileg í stórþýfi.Tóftin er 12x5 m að stærð, einföld og snýr austur-vestur. Veggirnir eru stórþýfðir, mosavaxnir og 0,3 m á hæð. Op er til vesturs. Ekki mótar fyrir hólfaskiptingu eða görðum í tóftinni. Við norðausturenda tóftarinnar mótar mögulega óljóst fyrir öðru hólfi. Þar er þýfður, reglulegur bakki sem er 0,2 m á hæð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Marteinstunga, 2; IE-Örnefnauppdráttur, Marteinstunga, Bjálmholt, Gata, Hallstún


Vörslugarður 012, horft til suðvesturs

RA-401:012 garðlag vörslugarður
63°54.596N 20°25.558V
Garðlag er í Nónhamarsviki og var það byggt til að varna því að fé kæmist í slægjur samkvæmt Gunnari Guttormssyni, heimildamanni. Garðlagið er um 1,45 km suðvestan við bæ 001.
Garðlagið er í mýrarjaðri og að hluta þvert yfir flatlenda mýri á mörkum Lýtingsmýrar og Nónhamarsviks.

Garðlagið er u-laga og afmarkar svæði sem er um 185x125 að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Það er suðaustan við Nónhamar, liggur yfir mýrina suðvestan við hann. Garðlagið er hæst um 1,1 m og breiðast um 1m. Ekki sést í grjót í því og er það líklega torfhlaðið. Skurður sker það á tveimur stöðum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Marteinstunga, 2

RA-401:013 tóft beitarhús 63°53.863N 20°25.504V




Beitarhúsatóft 013


Beitarhúsatóft 013, horft til vesturs

"Suðvestur af því (beitarhúsi 011] er stakur klettur Hrafnaklettur, en suðaustur af honum er stórt holt, sem er kallað Hestaklettur. Þar eru beitarhúsatættur," segir í örnefnalýsingu. Beitarhúsin eru tæpa 2,5 km suðvestan við bæ 001 og 800 m suðvestan við beitarhús 011. Rúmum 50 m sunnan við beitarhúsin er stór hraunklettur á svæði sem kallast Hamar á örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar.
Beitarhúsin eru á suðvesturbrún Hestakletts, uppi á holtinu í hvammi. Þar er gróið stórþýft mólendi.
Beitarhúsin eru 10x4 m að stærð og snúa austur-vestur. Þau skiptast í tvö hólf. Hólf 1 er austar. Það er 8x3 m að innanmáli og með sama áttahorf og tóftin. Veggirnir eru 0,3 m að hæð og eitt umfar grjóthleðslu sést í þeim innanverðum. Veggirnir eru óskýrir að utan. Op er líklega á austurhlið en veggjahrun er þar nú. Veggirnir eru mosa- og grasivaxnir. Veggjarbrot sést liggja vesturs frá hólfi 1 og slétt svæði sunnan þess. Þar var hólf 2. Það var 4x3 m að innanmáli en aðrir veggir horfnir og ekkert hægt að segja til um nánari gerð þess.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Marteinstunga, 2; IE-Örnefnauppdráttur, Marteinstunga, Bjálmholt, Gata, Hallstún

RA-401:014 tóftir sel
63°54.121N 20°25.292V
"Norður af Hrafnakletti eru Selbrekkur, sem skiptast í Austur-Selbrekkur og Vestur-Selbrekkur. Í Austur-Selbrekkum eru miklar húsatættur mjög vallgrónar, sem gætu verið af seli," segir í örnefnalýsingu. Seljatóftirnar eru um 1,9 km suðvestan við bæ 001.
Tóftirnar eru í þurrlendi innan hólkraga sem veitir mikið skjól og nýtist sem aðhald. Hólkraginn er opinn til suðvesturs og í þá átt eru miklar flatlendar breiður af góðu beitilandi í deiglendi.
Tóftirnar eru á svæði sem er um 110x60 m að stærð og snýr austur-vestur. Innan svæðisins eru 7 tóftir og er hverri þeirra gefinn bókstafur í þeirri lýsingu sem fylgir hér á eftir, aðgreiningar. Tóft A er í suðausturhorni svæðisins. Hún er sýnu stærst og er um 24x11 m að stærð. Hún snýr norðvestur-suðaustur. Ekki eru skýr hólf í henni, annað en lítið hólf, mögulega rétt í austurhorni sem er um 6x5 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Annað ógreinilegt hólf er fyrir miðri tóft. Það er um 5x4 m að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur.



Seljatóftir 014

Ekki sést veggur á suðvesturhlið þess. Tóft þessi með uppsöfnun er um 1,7 m á hæð þar sem hún er hæst en hæstu veggjahleðslur eru um 0,4 m. Tóft B er um 12 m norðan við tóft A. Hún er einföld, um 10x12 m að stærð og snýr NNV-SSA. Hún er um 1,1 m á hæð. Afar ógreinilegt op er til vesturs. Tóft C er um 15 m norðvestan við tóft B. Hún er um 11x12 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er orðin afar ógreinileg en innan hennar



Seljatóftir 014, horft til norðvesturs. Tóft 014A er í forgrunni

er hólf sem er um 3x1,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er á því til suðurs. Lítil dæld er fast suðaustan við hólfið, er um 2x1 m að innanmáli, snýr nálega austur-vestur. Ekki er skýrt op inn í sjálfa tóftina en suðurhornið er orðið óljóst. Mesta hleðsluhæð er um 1 m. Tóft C er um 7 m suðvestan við tóft C. Hún er um 14x14 m að stærð og skiptist í 4 hólf Hólf I er um 7x5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki er veggur til norðvesturs, aðeins kantur sem er um 0,6 m á hæð. Norðaustan við hólf I er hólf II sem er um 8x2 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á því til NNV. Grjóthrun er í hólfinu. Hólf III er lítið gerði utan í tóftinni til vesturs. Það er um 3,5x2 m að innanmáli og snýr VSV-ANA. Ekki er sýnilegt op á því. Fast norðan við það er ógreinilegt hólf IV sem er um 3x4 m að innanmáli, snýr VSV-ANA. Mesta hæð tóftarinnar er um 1,2 m. Tóft E er lítil, mögulega stekkur. Hún er um 7 m suðvestan við tóft D. Tóftin er einföld, um 6x4 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Mesta hleðsluhæð er um 0,4 m. Ekki sést inngangur. Tóft F er um 11 m suðvestan við tóft E. Hún er um 8x6 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Nokkurt rof er komið í hana. Hún er ekki á rústahól eins og tóftir A-D. Tóftin er einföld og op er á henni til norðvesturs. Mesta hæð er 0,7 m. Regluleg dæld G, er um 70 m norðvestan við tóft F en þar er slétt og nokkuð regluleg dæld í þýfi vestan undir brekku. Dældin er um 2x6 m að innanmáli og snýr nálega norður-suður. Dýpst er hún um 1,1 m, á vesturhlið næst brekkunni. Ekki sjást skýrir veggir. Líklega hefur verið op til suðurs. Mögulegt er að kvíar hafi verið á þessum stað.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Marteinstunga, 2

RA-401:015 heimild um kálgarð 63°55.032N 20°24.120V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður fast suðaustan við bæ 001.
Malarplan og nútímafjós eru þar sem kálgarður var. Þar hallar landi lítillega til suðurs og suðvesturs.
Ekki sést til minja um kálgarðinn og hefur hann líklega horfið vegna sléttunar eða bygginga.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1917

RA-401:016 garðlag landamerki 63°54.736N 20°23.899V
Garður er á merkjum milli Hallstúns RA-403 og Marteinstungu. Garðurinn liggur frá Teig, um 530 m suðaustan við bæ 001 og meðfram túni í landi Marteinstungu til suðausturs að Landvegi.
Garðurinn liggur eftir holti á mörkum tveggja túna annars vegar og túns og mólendis hins vegar.
Garðurinn er um 380 m á lengd og snýr norðvestur-suðaustur. Hann er um 1,2 m á hæð þar sem hann er hæstur og um 1m á breidd. Garðurinn er mjög gróinn og nokkuð heillegur, líklega torfhlaðinn. Nákvæmur aldur garðsins er ekki þekktur en hann er hlaðinn á 20. öld og nær líklega ekki 100 ára aldri. Hann telst þá ekki fornleif samkvæmt lögum en er engu að síður skráður þar sem hann vitnar um fornt verklag við garðhleðslu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar




Landamerkjagarður 016, horft til norðvesturs

RA-401:017 heimild um fjárhús
63°54.790N 20°24.987V
"Sunnan og suðvestan Stórabarðs er Fjárhúsmýri. Austur af Fjárhúsmýri er Vesturkriki, er liggur að hæðardragi, sem heitir Hryggur. Þar eru tættur af fjárhúsum," segir í örnefnalýsingu. Fjárhúsin voru rúma 250 m vestan við stekk 018 og tæpa 880 m suðvestan við bæ 001. Að sögn Gunnars Guttormssonar heimildamanns voru þau sléttuð fyrir alllöngu.
Framræst, slétt og grasivaxin tún eru í Fjárhúsmýri. Túnin eru slétt og ekki mótar fyrir uppsöfnuðum mannvistarlögum.
Engin ummerki fjárhúsanna sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Marteinstunga, 3



Tóft 018A, horft til vesturs

RA-401:018 *Stekkatún* tóft+garðlag stekkur



Tóftir 018




Tóft 018B, horft til suðvesturs

63°54.789N 20°24.669V
"Austan Hryggjarins heitir Austurkriki, en austan við hann er stórt holt, sem heitir

Lambadalsholt. Suðvestan í því, upp af Austurkrika, er hvammur með fjárhústóttum, sem heitir Stekkatún," segir í örnefnalýsingu. Stekkatún er rúmum 650 m suðvestan við bæ 001. Þar sjást tvær tóftir og hluti af vallargarði. Túnið var í vesturhlíðum Lambadalsholts og tóftirnar eru í aflíðandi halla.
Lambadalsholt er 10 m hátt og hlíðar þess eru brattar með náttúrulegum pöldrum. Þar er gróið mólendi. Þar vex gras og elting. Uppi á holtinu er slétt, grasivaxið tún nýtt til sláttar.
Tvær tóftir og vallargarður eru á þessu svæði sem er 240x30 m að stærð og snýr NNA-SSV. Verður hverju mannvirki gefinn bókstafur í lýsingu þessari til aðgreiningar. Tóft A er syðst. Hún er 12x6 m að stærð og snýr austur-vestur og skiptist í tvö hólf. Hólf 1 er vestar. Það er 7x3 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggirnir eru algrónir og 1-1,2 m á hæð. Op er á miðri vesturhlið og annað á miðri austurhlið yfir í hólf 2. Það hólf er austan við hólf 1. Það er 3x2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggirnir eru algrónir elftingu, grasi og mosa. Þeir eru 1 m á hæð og ekki sést glitta í grjót. Hólfið er stórþýft að innan. Miðað við lag og gerð tóftarinnar var þetta stekkurinn. Tóft B er 35 m norðan við tóft A. Hún er ofar í brekkunni, á þýfðum bakka. Tóftin 8x5 m að stærð, einföld og snýr norðaustur-suðvestur. Veggirnir eru eru 1-1,5 m á hæð og algrónir. Op er á miðri suðvesturhlið. Ekki sést móta fyrir görðum eða frekari hólfaskiptingu. Vallargarður C er austan við tóftirnar. Hann liggur upp norðvesturhlíð Lambadalsholts, sveigir til SSV eftir holtsbrúninni og niður suðvesturhlíð holtsins. Hann er horfinn í tún uppi á brekkubrúninni að mestu en á loftmynd sést móta fyrir legu hans í sléttu, grasivöxnu túni sem er uppi á Lambadalsholti. Vallargarðurinn er 0,8-1,3 m á hæð og 1,5 m á breidd. Hann er torfhlaðinn og víða er komið rof vegna ágangs búfjár og jarðsigs niður brekkurnar. Meðfram báðum hliðum Vallargarðsins er renna þar sem efni var tekið við gerð þess.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Marteinstunga, 3

RA-401:019 *Stíflur* vegur leið 63°54.951N 20°24.248V
"Vegurinn yfir Teiginn var nefndur Stífla eða Brú," segir í örnefnalýsingu. Um 200 m eru frá miðjum Teig norðaustur að bæ 001. Núverandi heimreið liggur á sömu slóðum og gamli vegurinn og ekki sést til gömlu brúnnar.
Brúin var yfir blautt mýrarsund sem nú er orðið þurrt vegna framræslu.
Ekki sjást ummerki um brúna og líklegt er að hún hafi horfið undir nýja veginn eða raskast við vegagerðina.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Marteinstunga, 4

RA-401:020 *Stöðull* tóft kvíar 63°54.776N 20°24.312V



Kvíatóft 020


Kvíatóft 020, horft til norðvesturs

"Austan undir Lambadalsholti milli þess og Saurteigs heitir Stöðull, og sést þar móta fyrir tóft rétt við heimreiðina," segir í örnefnalýsingu. Tóftin er um 520 m sunnan við bæ 001.
Tóftin er suðaustan undir háu holti, Saurteigsholti, og norðaustan við gömlu heimreiðina. Stórþýft er í brekkunni og grasi vaxið en áberandi mikið af elftingu vex á svæðinu.
Tóftin er orðin nokkuð sigin og gróin en er enn greinileg. Hún er um 13 x 5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er einföld og líklega torfhlaðin. Norðausturhlið tóftarinnar er upp við brekkuna sem myndar þann vegg. Ef til vill hefur verið stungið út úr brekkunni fyrir veggnum því brúnin í brekkunni er regluleg og nokkuð bein. Tóftin er opin í báða enda og óljóst er hvort það er vegna umferðar skepna um hana eftir að hætt var að


nota hana eða hvort opin hafi bæði verið á henni þegar hún var í notkun. Norðvestan við miðja tóft er rof eða op á suðvestur-langvegg. Mesta hleðsluhæð er um 1 m að utanmáli.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Marteinstunga, 4

RA-401:021 heimild um kálgarð 63°55.036N 20°24.090V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 voru þrír sambyggðir kálgarðar fast suðvestan við bæ 001.
Afgirt, skógi vaxin sumarbústaðarlóð er nú þar sem kálgarðar voru áður.
Ekki sést til minja um kálgarð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-401:022 *Brunnstígur* gata leið 63°55.043N 20°24.064V
"Austur af bænum er Brunnstígur," segir í örnefnalýsingu. Leiðin lá til austurs frá bæ 001, sunnan við kirkjugarð 002, vestan við Dómflöt 024 og að Lind 007. Frá bæ 001 og að kirkjugarðinum er malarborið hlað. Fast sunnan við kirkjugarðinn mótar fyrir stígnum á milli girðinga en austar er leiðin horfin í gróið túnin.
Þar sem leiðin lá er malarplan og gróin tún.
Sá hluti leiðarinnar sem ennþá sést er tæplega 20 m langur. Þar mótar fyrir stígnum í miklum gróðri. Möl og gras eru í leiðinni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Marteinstunga, 4

RA-401:023 frásögn mógrafir 63°54.852N 20°24.746V
Samkvæmt Gunnari Guttormssyni, heimildamanni, voru mógrafir meðfram Steinslæk en búið að ýta jarðvegi yfir þær. Mógrafirnar voru rúmlega 600 suðvestan við bæ 001, nærri landamerkjum við Nefsholt RA-405.
Bakkar lækjarins eru 5-6 m háir og nokkurt undirlendi að læknum sjálfum. Þar er þykkur jarðvegur og mýrlendir hvammar og líklegt að mótekjan hafi verið þar.
Engin ummerki mógrafanna sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-401:024 *Dómflöt* tóft þingstaður 63°55.042N 20°24.031V



Tóft 024


Tóft á Dómflöt, horft til austurs

"Austur af bænum er Brunnstígur [022] og rétt sunnan við hann Dómflöt. Sjást þar glögg merki um hlaðinn hring nálægt 6 metrum í þvermál," segir í örnefnalýsingu. Dómflöt er um 55 m austan við bæ 001.
Flötin er suðaustan við kirkjugarðinn, sjá 002, niður við Steinslæk.
Flötin sjálf er um 14 m í þvermál, slétt að ofan en hallar lítillega til suðausturs, niður að læk. Óljós ummerki um tóft er vestast á flötinni. Þar sést afar siginn veggur sem liggur í hálfhring á tæplega helmingi flatarinnar. Hann afmarkar svæði sem er 11x1-1,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Mesta hæð er 0,2 m. Flötin var mjög grösug þegar skráningarmaður var á ferð (ágúst 2011) en minjarnar ættu að sjást betur þegar nýbúið er að slá

flötina.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Marteinstunga, 4


RA-401:025 *Kvíaflatir* örnefni kvíar 63°55.021N 20°24.135V
"Í Framtúni suðvestur af bænum heita Kvíaflatir rétt ofan við lægð, sem heitir Traðir [026]," segir í örnefnalýsingu. Líklega hafa Kvíaflatir verið um 40 m suðvestan við bæ 001, fast austan við núverandi heimreið. Dálítill halli er af bæjarhól 001 niður á Framtúnið til suðurs og mætti ætla að kvíar gætu hafa verið í kverkinni þar sem sá halli mætir túninu sem nú er nýtt sem beitarhólf.
Engin ummerki sjást um kvíar og líklegt er að sléttað hafi verið úr þeim.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Marteinstunga, 4

RA-401:026 *Traðir* renna traðir
63°55.014N 20°24.151V
"Í Framtúni suðvestur af bænum heita Kvíaflatir [025] rétt ofan við lægð, sem heitir Traðir," segir í örnefnalýsingu. Traðirnar sjást á túnakorti frá 1917. Lægðin Traðir er um 60 m suðvestan við bæ 001.
Traðir eru í Framtúni, vestan við núverandi heimreið.
Lægðin liggur frá núverandi heimreið til SSV í dálitlum sveig til suðvesturs og endar aftur við heimreiðina. Hún er um 75 m á lengd, er um 1,5 m á breidd að innanmáli og er dýpst um 0,5 m. Að sögn Gunnars Guttormssonar, heimildamanns, voru Traðir niðurgrafnar en ekki upphlaðnar.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Marteinstunga, 4; Túnakort 1917



Ummerki um traðir 026, horft til SSV

RA-401:027 tóft beitarhús 63°54.879N 20°24.504V




Tóft 027



Tóft 027, horft til norðvesturs

Tóft er rúmum 200 m norðaustan við stekk 018 og tæpum 450 m suðvestan við bæ 001. Tóftin er rúmum 20 m austan við norðurhluta vallargarðs 018c, í norðurhlíð Lambadalsholts, vestan við sjálfan Lambadalinn.
Tóftin er í aflíðandi brekku til norðurs, í grónu mólendi.
Tóftin er 8x6 m að stærð, einföld og snýr suðaustur-norðvestur. Veggirnir eru 1,3-1,5 m á hæð og algrónir. Tóftin er full af rusli, timbri og járnbraki og ekki hægt að lýsa innri gerð hennar af þeim sökum. Einnig er rusl meðfram tóftinni en ekki sést glitta í hleðslur að utan. Tóftin er opin til norðvesturs. Staðsetning tóftar og lag hennar bendir til að hún sé beitarhús.
Hættumat: engin hætta

RA-401:028 tóft beitarhús 63°54.641N 20°24.608V
Beitarhúsatóft er um 850 m suðvestan við bæ 001. Hún er uppi á háu holti suðvestan við Beindal.
Gróinn mói er umhverfis fjárhúsin, góður hagi.



Beitarhúsatóft 028




Beitarhúsatóft 028, horft til NNV

Tóftin er af fremur ungum húsum sem ekki teljast til fornleifa samkvæmt 100 ára lagareglu en þau eru skráð vegna þess að þau eru hlaðin úr torfi og grjóti og sýna fornt byggingarlag. Bárujárn er á þaki og á gafli. Tyrft er yfir bárujárn á þaki. Tóftin er um 20x8 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er tvískipt. Hólf I er suðausturenda tóftarinnar. Það er um 14x2 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðuaustur. Norðvestasti hluti þess undir þaki og sjást hleðslur undir jötur og 4 umför hleðslu í veggjum. Rof er í suðvesturlangvegg. Í norðvesturenda er hólf II, hlaða, undir braggaþaki. Hólfið er um 6x5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki er veggur fyrir norðvesturhlið hólfsins og hefur þar væntanlega verið timbur- eða bárujárnsveggur. Timburgrind er á milli hólfa og kantur er á milli þeirra en hólf II stendur lægra. Mesta hleðsluhæð er 1,2 m.
Hættumat: engin hætta

RA-401:029 tóft+garðlag vörslugarður 63°54.889N 20°24.324V



Tóft 029, horft til ANA




Tóft og garðlag 029

Tóft og garðlag er tæpa 350 m suðvestan við bæ 001 og tæpa 150 m austan við tóft 027. Garðlagið liggur upp norðausturhlíð Lambadalsholts, austan við Lambadal en tóftin er uppi á holtsbrúninni.
Hlíðar Lambadalsholts eru mólendar og þýfðar en slétt tún uppi á holtinu.
Tóftin og garðlagið er á svæði sem er 60x10 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Var þeim gefin bókstafur til aðgreiningar. Tóft A er 4x3 m að stærð, einföld og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 0,4 m á hæð og jafnbreiðir. Þeir eru algrónir og hvergi er op. Tóftin er líklega ekki mjög gömul og líklega hefur ekki verið þak yfir henni. Rusl er í austur enda tóftarinnar. Garðlag B er 4 m vestan við tóft A. Það liggur norðvestur-suðausur í brekku og upp á Lambadalsholt. Garðlagið er 60 m langt, 0,8-1,1 m á hæð og torfhlaðið. Það er 1,5 m á breidd

og mjókkar upp. Það náði eflaust lengra til suðausturs en horfið í gróið tún. Garðlagið var eflaust vörslugarður.
Hættumat: engin hætta

RA-401:030 tóft+garðlag beitarhús 63°54.429N 20°26.029V



Beitarhúsatóft 030


Beitarhúsatóft 030, horft til austurs

"Suður af Nónhamri er Nónhamarsvik, og mýrin vestur af því heitir Lýtingsmýri. Sunnan hennar er hóllinn Lýtingur [010]. ... Fjárhús hafa verið í Lýtingi um nokkurt skeið," segir í örnefnaskrá. Líklega hafa þessi fjárhús verið beitarhús en tóftin er um 1,94 km suðvestan við bæ 001. Umhverfis tóftina og stórt svæði sunnan og suðvestan við hana er hlaðinn garður.
Minjarnar eru á hólnum Lýtingi, innan sumarbústaðarlands sem er mjög skógi vaxið. Tóftin er inni í skógarrjóðri.
Minjarnar eru á svæði sem er um 130x130 m að stærð. Garður afmarkar svæðið sem er ferkantað. Garðlagið er horfið í norðurhorni svæðisins og að miklu leyti á norðausturhlið. Garðurinn er gróinn og er líklega torfhlaðinn að mestu. Hann er um 1,2 m á hæð þar sem hann er hæstur og um 1 m á breidd. Garðurinn ber það með sér að vera fremur ungur og telst líklega ekki til fornleifa samkvæmt lögum en er skráður engu að síður vegna forns byggingarlags. Á norðausturhlið svæðisins liggur garðurinn til suðausturs frá gömlu húsi sem notað er sem geymsla. Aldur þess er ekki þekktur en það er grjóthlaðið og gróið. Því er ekki lýst frekar því líklegt er að það hafi verið byggt í tengslum við sumarhúsið á lóðinni og því ungt. Á einum stað á norðvesturhlið svæðisins sem garðurinn afmarkar er lítið torfhús sem er á garðlaginu, þó er það mögulega yngra en garðurinn. Hleri er á því og virðist það enn vera í notkun. Ef til vill er þarna kartöflugeymsla. Húsið er um 4x4 m að utanmáli. Beitarhúsatóftin er nærri norðurhorni svæðisins. Hún er einföld, um 8x5 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Hún er opin til vesturs. Frá tóftinni sést í sumarbústað en hann er þar sem grafið hefur verið inn í hólinn. Mesta hleðsluhæð tóftar er um 1,2 m. Tóftin er gróin en þakhellur eru lausar ofan á veggjum og í tóftinni. Þær kunna að vera aðfluttar því leiksvæði barna er nú í tóftinni. Ekki sjást ummerki um garða eða jötur í tóftinni.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Ö-Marteinstunga, 1-2


RA-401:031 garðlag vörslugarður
63°54.727N 20°25.432V
Garðlag er við Landveg um 1,23 km suðvestan við bæ 001.
Garðlagið liggur upp til suðausturs frá þýfðum móa fast austan við Landveg og langleiðina upp að Nónhamri sem er efst á allstóru og háu holti.
Garðurinn er um 55 m á lengd og snýr suðaustur-norðvestur. Hann er um 1 m á breidd og hæð, torf- og grjóthlaðinn. Hann er gróinn og mosavaxinn. Líklega hefur hann verið vörslugarður.
Hættumat: engin hætta


Vörslugarður 031, horft til suðausturs

RA-401:032 heimild um rétt 63°55.051N 20°24.141V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var gerði, lítill kálgarður eða rétt, um 40 m norðvestan við bæ 001 og 5-10 m VSV við hesthús 003. Líklegra er að mannvirkið hafi verið rétt frekar en kálgarður þar sem þetta var fremur lítið og það er nálægt hesthúsinu og tröðum 033 til VNV.
Gerðið var ANA við steypt fjós og hlöðu sem nú er í notkun. Rask er umhverfis þá byggingu og á stæði fyrir vinnuvélar og annan vélbúnað.
Ekki sést til minja um gerðið og hefur líklega verið sléttað úr því eða það rifið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-401:033 heimild um traðir 63°55.054N 20°24.155V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 lágu mjóar traðir frá bæ 001 til VNV úr túninu. Farið var um þessar traðir að Götu og hafa kirkjuleiðir frá mörgum bæjum líklega endað í þessum tröðum.
Þar sem traðirnar voru eru steinsteypt útihús.
Ekki sést til minja um traðirnar og ekki vitað hvort þær voru upphlaðnar eða niðurgrafnar. Þær hafa líklega horfið vegna bygginga.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1917

Túnakort fyrir Bjálmholt




Byggt á túnakorti frá 1917

RA-402 Bjálmholt

Byggt úr Marteinstungu löngu fyrir 1700. Í eyði 1708, því ábúendur létust í bólunni. JÁM I, 333. "Bærinn stendur í góðu skjóli af hæð sem heitir Bjálmholtsbjalli. Landareignin er öll vafin í gróðri en var lítt þurrlend." SB V, 259.
1917: Tún 2,5 ha, þar af slétt 0,5 ha, garðar 700 m².

RA-402:001 *Bjálmholt* bæjarhóll bústaður 63°54.610N 20°23.975V




Mynd af Bjálmholti frá 1944 (Þykkskinna I, bls. 97)



Bæjarhóll Bjálmholts 001, horft til VNV


Bjálmholt er sunnan undir hæð eða holti sem kallast Bjálmholtsbjalli og er sýndur á túnakorti frá 1917. Gamli bærinn var fast austan við núverandi íbúðarhús sem var byggt 1930. Bærinn var rifinn árið 1931 eða 1932 en síðustu útihúsin voru rifin árið 2001. Ennþá má sjá móta fyrir bæjarhól og lítið rask hefur átt sér stað á honum. Íbúðarhúsið sem byggt var 1930 er með kjallara en það

virðist ekki ná inn á bæjarhólinn og hefur því ekki raskað honum. Sunnan við bæ 001 er kálgarður 008.
Bæjarhóllinn er í sléttu, grasivöxnu túni. Núverandi heimreið er sunnan við hólinn sem og kálgarð 008.
Bæjarhóllinn er 40x20 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Austast í bæjarhólnum voru steinsteypt útihús byggð á 20. öld en fast vestan við hann er fyrrnefnt íbúðarhús. Á milli gamla bæjarins og íbúðarhússins voru einungis nokkrir metrar. Bæjarhóllinn er sléttur, grasivaxinn og 0,8-1,2 m á hæð. Hlíðar hans eru aflíðandi og greinilegt að sléttað hefur verið yfir svæðið. Stafnar gamla bæjarins snéru til suðausturs, mót kálgarði 008.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917



Bæjarhóll 001 og kálgarður 008

RA-402:002 þúst útihús 63°54.575N 20°23.986V



Þúst 002


Þúst 002, horft til suðurs

Útihús er merkt 70 m suðaustan við bæ 001 og rúmum 20 m suðaustan við traðir 021 á túnakorti frá 1917. Þúst er þar sem útihúsið stóð og rúmum 2 m norðvestan við hana er malarvegur að núverandi útihúsum.
Þústin er í sléttu, grasivöxnu túni.
Þústin er 8x6 m að stærð og snýr suðaustur-norðvestur. Hún er 0,5 m á hæð, slétt og grasivaxin. Greinilega er búið að slétta yfir svæðið. Hliðar þústarinnar eru aflíðandi og mótar fyrir dæld í miðju hennar. Hún er 1x1 m á hæð og 0,2 m á dýpt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-402:003 heimild um útihús 63°54.560N 20°23.998V
Útihús er merkt inn á túnakort frá 1917 um 100 m suðaustan við bæ 001 og 30 m suðaustan við útihús 002.
Þar sem útihúsið var eru nú yngri útihús sem byggð voru á 20. öld. Ekki er mikilla minja að vænta undir sverði.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-402:004 *Tóttarhóll* þúst hesthús 63°54.613N 20°23.858V
"Austan við bæinn heiti Mýrardalur, sunnan við hann Hesthúsbrekka ... Niður undan Hesthúsbrekku Tóttarhóll," segir í örnefnalýsingu. Heimildamaður, Magnús Reynir Ástþórsson, sagði frá því að hesthús hefði verið um 50 m

norðan við Fjárhúshól 016 og um 100 m austan við bæ 001. Hesthúsbrekka dregur að öllum líkindum nafn sitt af því. Nú sést aðeins þúst þar sem hesthúsið var er það líklega áðurnefndur Tóttarhóll.
Þústin er í túnjaðri en Mýrdalur er fast norðan við hana. Austan við þústina er renna í túninu, líklega náttúruleg, sem snýr norður-suður.
Þústin er um 10x10 m að stærð og um 1 m á hæð. Hún er hæst í norðausturenda. Ekki sést móta fyrir hólfum eða opum á þústinni. Líklegt er að sléttað hafi verið úr hesthúsinu þegar túnið var fært út.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Bjálmholt, 1, 2



Þúst 004, horft til vesturs


RA-402:005 *Stekkatún* garðlag stekkur
63°54.486N 20°23.562V



Garðlag í Stekkatúni 005, horft til suðvesturs

"Austan við bæinn heiti Mýrardalur, sunnan við hann Hesthúsbrekka [004], norður af henni heitir Heiðarbrúnin Barð, suður af því er allhá hæð, Stekkatúnsbjalli og vestan í honum Stekkatún," segir í örnefnalýsingu. Stekkatún er 420 m ASA við bæ 001 og rúma 180 m vestan við Torfsund 010.
Stekkatúnsbjalli er 10 m hár og brattur. Þar er mólendi og náttúrulegir paldrar. Fyrir neðan bjallann er slétt, grasivaxið tún.
Garðlag snýr norðaustur-suðvestur og liggur niður Stekkatúnsbjalla og var eflaust hluti af vallargarði umhverfis Stekkatún. Garðlagið er rúmlega 40 m langt, 0,7-1 m á hæð og 1,3 m á breidd. Hvergi sést glitta í grjót og það grasivaxið. Ekki er vitað hvort að túngarðurinn afmarkaði aðrar hliðar Stekkatúns. Sjálf stekkjartóftin er horfin enda líklegt að hún hafi verið neðan við Stekkatúnsbjalla, þar sem nú er slétt, grasivaxið tún.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Bjálmholt, 1

RA-402:006 *Ærhúsrimar* tóft+garðlag beitarhús
63°53.929N 20°24.756V
Ærhúsrimar eru merktir inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar. Tóftir og gerði eru á þessum stað, um 1,42 km suðvestan við bæ 001.
Minjarnar eru á lágum rima í smáþýfðu og grösugu deiglendi. Skurðgröftur hefur þurrkað svæðið að mestu leyti.
Minjarnar eru á svæði sem er um 100x65 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Gerðið B er torfhlaðið og afmarkar svæði sem er um 65x80 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Rof er komið í það á nokkrum stöðum en það er enn nokkuð heillegt. Mesta hæð þess og breidd er um 0,5 m. Innan gerðisins, nærri austurhorni þess, er tóft A, beitarhús. Hún er þrískipt, snýr suðaustur-norðvestur. Hún er um 16x10 m að stærð. Hólf I er í vesturhorni tóftarinnar. Það er um 6x1,5 m að innanmáli, snýr suðaustur-norðvestur. Inngangur í það er í norðvesturenda. Hólf II er norðaustan við hólf I. Það er um 2x1,5 m að



Minjar um beitarhús 006 á Ærhúsrima

innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Inngangur er úr norðvestri. Hólf III er í suðausturenda. Þa er niðurgrafin hlaða sem er um 2x3 m að innanmáli og er mjög samansigin. Ekki sést op inn í hana. Tóftin er úr torfi og grjóti



Til vinstri er yfirlitsmynd af beitarhúsatóft 006A og vörslugarði B, horft til norðurs. Til hægri er mynd af tóft C, horft til norðausturs

og sjást mest 3 umför af hleðslu í hleðslum. Mesta hæð tóftar er um 1,3 m. Ógreinileg tóft C er um 60 m suðaustan við tóft A. Hún er einföld, um 14x12 m að stærð og snýr austur-vestur. Ekki sést veggur á vesturhlið. Tóftin er sigin og hlaupin í þúfur. Hún er líklega torfhlaðin. Veggir hennar eru um 2 m á breidd og 0,5 m á hæð. Hlutverk hennar er óljóst en ef til vill hefur hún verið rétt eða fjárskýli.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Marteinstunga, Bjálmholt, Gata, Hallstún


RA-402:007 *Fjóshóll* heimild um fjós 63°54.612N 20°24.008V
"Í túninu eru þessi örnefni: Vestast Magrakinn, þá Bæjarbrekka, norður undan henni Fjóshóll," segir í örnefnalýsingu. Fjóshóll er 20 m vestan við bæ 001 og sunnan undir fyrrnefndri Bæjarbrekku. Þar er slétt, grasivaxið tún að brekkurótum en ekkert sem bendir til uppsafnaðra mannvistarlaga.
Bæjarbrekka er mólend og neðan hennar er slétt, grasivaxið tún.
Engin ummerki Fjóshóls sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Bjálmholt, 2

RA-402:008 hleðsla kálgarður
63°54.607N 20°23.966V
Kálgarður er suðaustan við bæ 001 og er sýndur á túnakorti frá 1917. Kálgarðurinn er 2 m suðaustan við bæ 001, einungis bæjarhlaðið var á milli.
Bílaplan, vestan við íbúðarhúsið í Bjálmholti er innan túngarðsins að hluta og malarvegur sunnan hans.
Kálgarðurinn er 60x10 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur á túnakortinu. Austurhlið kálgarðsins er ennþá varðveitt. Þar er L-laga hleðsla, 12x4 m að stærð. Hleðslan er 1 m á hæð og grasivaxin. Ekki er víst að hleðsla hafi afmarkað norðurhliðina samkvæmt túnakotinu. Tveimur reynitrjám hefur verið plantað meðfram hleðslunni og þvottasnúra er á milli þeirra. Vesturhlutinn er horfinn vegna rasks.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917



Leifar af kálgarði 008, horft til vesturs

RA-402:009 tóft beitarhús 63°54.152N 20°23.594V
Beitarhús voru í svokölluðum Stóra-Dímon um 900 m SSA við bæ 001 og 600 m sunnan við Torfsund 010. Þar er á flatt, grasivaxið svæði í norðvesturhlíðum Stóra-Dímons. Fast sunnan við beitarhúsin er hóll og þau byggð inn í hann að hluta.



Beitarhúsatóft 009



Beitarhúsatóft 009, horft til austurs

Grasivaxið svæði ofarlega á náttúrulegu holti. Þar eru hólar víða og mólendi.
Beitarhúsin snúa austur-vestur og eru 17x7 m að stærð. Tvö hólf eru í tóftinni. Hólf 1 er vestar. Það er 10x3 m að stærð og með sama áttahorf og sjálf tóftin. Suðurhlið hólfsins er byggð inn í hól að hluta. Veggirnir eru 0,5-1 m að hæð og algrónir. Hólfið er opið til vesturs. Ekki mótar fyrir görðum né jötum. Hólf 2 er austar og var hlaða. Það snýr austur-vestur og er 4x3 m að innanmáli. Veggirnir eru 0,5-1,5 m á hæð og hvergi glittir í grjót. Suðurhliðin er byggð inn í hólinn. Hólfið er 0,6 m dýpra en hólf 1 og op er á vesturvegg.
Hættumat: engin hætta

RA-402:010 *Torfsund* örnefni rista 63°54.459N 20°23.345V
"Sunnan við Skyggni er Torfsund og í því grafarkelda Torfsundskelda, í henni neðst heitir Trippapyttur," segir í örnefnalýsingu. Torfsund er merkt inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar. Það er tæpa 600 m suðaustan við bæ 001, í lægð á milli Skyggnis og Torfsundsbrúnar.
Torfsund er slétt mýri. Hún er grasivaxin og hallar örlítið til suðvesturs.
Engin ummerki ristu sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Bjálmholt, 1; IE-Örnefnauppdráttur, Marteinstunga, Bjálmholt, Gata, Hallstún

RA-402:011 *Þvottadý* lind þvottastaður 63°54.414N 20°23.946V
"Austurmýri nær heim að túni, og heimast eru í henni tvær uppsprettulindir, Lambadý austar, en Þvottadý vestar," segir í örnefnalýsingu. Þvottadý er um 370 m sunnan við bæ 001.
Uppsprettan er afgirt í þýfðu deiglendi og hefur hún verið virkjuð fyrir neysluvatn á staðnum.
Steyptur brunnur er nú þar sem uppsprettan er og sést hún ekki. Að sögn heimildamanns, Magnúss Reynis Ástþórssonar, var þarna eitt auga í uppsprettunni og gott og hreint vatn. Líklega hafa engin mannverk verið á þvottastaðnum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Bjálmholt, 1

RA-402:012 *Kvíabrekkur* örnefni kvíar 63°54.075N 20°24.581V
"Þurrlendið austur af bænum heitir einu nafni Austurnasir, austan við þær eru Kvíabrekkur og Kvíabrekkuhóll," segir í örnefnalýsingu. Á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar er ritað "Kúabrekkur" og "Kúabrekkuhóll". Örnefnin er um 1,1 km suðvestan við bæ og ólíklegt að þar hafi verið kvíar. Ekki sást til minja á staðnum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Bjálmholt, 1; IE-Örnefnauppdráttur, Marteinstunga, Bjálmholt, Gata, Hallstún

RA-402:013 *Brunnskák* heimild um brunn 63°54.622N 20°23.940V
"Í túninu fyrir neðan bæinn er austast Brunnskák," segir í örnefnalýsingu. Magnús Reynisson, heimildamaður, kannaðist ekki við þetta örnefni en fannst líklegt að um sama stað og merktur er Brunnhóll á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar sé að ræða. Þaðan var veitt vatni í fjósið og heim í bæ árið 1930. Brunnurinn var 35 m ANA við bæ 001.
Þar sem brunnurinn var er slétt, grasivaxið tún, fast austan við malarveg að Bjálmholti.
Engin ummerki brunns sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Bjálmholt, 2; IE-Örnefnauppdráttur, Marteinstunga, Bjálmholt, Gata, Hallstún

RA-402:014 *Lambhústún* örnefni lambhús 63°54.556N 20°23.925V
"Í túninu fyrir neðan bæinn er austast Brunnskák [013], vestur af henni Rúðuskák og vestur af henni Lambhústún ...," segir í örnefnalýsingu. Af lýsingunni að dæma var Lambhústún vestasta stykkið í túninu sem nafngreint er. Austan við steinsteypt útihús í austurjaðri túnsins eru mishæðir í annars sléttu túni og er líklegt að lambhús hafi verið á þeim slóðum, um 110 m sunnan við bæ 001.
Lambhústún er sléttað og nokkuð flatlent tún.
Engar minjar um lambhús eru sýnilegar og hafa þær líklega verið sléttaðar út. Mögulega leynast minjar um það undir sverði í mishæðunum í vesturhluta túnsins.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Bjálmholt, 2

RA-402:015 *Stöðull* örnefni kvíar 63°54.531N 20°23.921V
"Í túninu fyrir neðan bæinn er austast Brunnskák [013], vestur af henni Rúðuskák og vestur af henni Lambhústún [014], og neðst í því heitir Stöðull," segir í örnefnalýsingu. Líklegt er að kvíar hafi verið í stórri laut sem er um 155 m sunnan við bæ 001 í suðvesturhorni túnsins.
Stöðulörnefnið er í laut í sléttuðu túni, nærri suðvesturjaðri þess.
Lautin þar sem kvíarnar voru mögulega er um 20x8 m að innanmáli og snýr nálega austur-vestur. Ekki sjást neinar mannvirkjaleifar á þessum stað.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Bjálmholt, 2

RA-402:016 *Fjárhúshóll* þúst fjárhús 63°54.584N 20°23.838V
" ... niður af því Mosakrókur, austur af honum Fjárhústún með Fjárhúshól," segir í örnefnalýsingu. Fjárhúshóll er um 125 m suðaustan við bæ 001.
Hóllinn er ósleginn hóll í sléttu túni. Lægð er í túninu framan við hann til vesturs og snýr hún norður-suður.
Fjárhúshóll er afgerandi, hár hóll í túninu. Hann er um 18x10 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Hæstur er hann um 2 m. Hann er flatur að ofan og líklegt er að mannvistarleifar séu undir sverði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Bjálmholt, 2



Fjárhúshóll 016, horft til vesturs

RA-402:017 *Lindarholtsgötur* gata leið 63°54.483N 20°24.131V
"Austan við Illukeldu[r] heitir Lindarholt, norðan við það Lindarholtsgötur," segir í örnefnaskrá. Lindarholtsgötur eru 205 m suðvestan við bæ 001.
Göturnar liggja um þýfðan móa norðvestan í Lindarholti.
Götur sjást á um 190 m löngum kafla meðfram holtinu. Þær eru að mestu grónar, 2-3 saman. Göturnar eru dýpstar og breiðastar um 0,5 m. Ekki er ljóst á hvaða leið göturnar eru en mögulega hefur verið farið eftir þeim í beitarhús 006 í Ærhúsrimum en einnig er líklegt að göturnar tengist leið RA-671:013 sem lá um land Marteinstungu og Brekkna til suðurs.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Bjálmholt, 1-2



Lindarholtsgötur 017, horft til suðvesturs


RA-402:018 tóftir 63°54.519N 20°24.112V
Tvær tóftir eru ríflega 200 m suðvestan við bæ 001, fast vestan við Litla-Grjóthól, austan við Kringlumýri. Kringlumýri er nú framræst beitarhólf. Umhverfis tóftirnar er þýft.

Tóftirnar eru á svæði sem er um 12x7 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tóft A er í norðvesturenda




Á vinstri mynd er tóft 018A, horft til norðausturs. Á hægri mynd er tóft 018B, horft til norðausturs

svæðisins. Hún er um 6x5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er einföld og líklega torf- og grjóthlaðin þó að ekki sjáist í grjóthleðslur. Op er á henni til suðvesturs. Mesta hæð er um 1,2 m. Bárujárns- og viðarleifar eru inni í tóftinni. Ef til vill eru þetta leifar af hesthúsi. Fast suðaustan við tóft A er tóft B. Það er mögulega heytóft. Hún er um 7x4 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur og er einföld. Ógreinilegur veggur er á henni til norðausturs en ef til vill hefur Grjóthóllinn myndað þá hlið. Rof er víða í veggi tóftarinnar svo erfitt er að sjá hvar op hefur verið inn í hana. Mesta hleðsluhæð er um 1 m. Líklega torf- og grjóthlaðin þó að ekki sjáist í grjóthleðslur. Afar líklegt er tóftirnar séu af útihúsum en ekki fengust upplýsingar um nákvæmt hlutverk þeirra.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Tóftir 018

RA-402:019 tóft
63°54.445N 20°24.037V



Tóft 019



Tóft 019, horft til suðausturs

Tóft er við Lindarholt, um 310 m sunnan við bæ 001. Tóftin er við rætur Lindarholtsins, við girðingu sem afmarkar beitarhólf.
Tóftin er einföld, um 6x6 m að stærð. Hún er grjót- og torfhlaðin og sjást timburleifar inni í henni. Ekki er hlaðinn veggur fyrir suðausturhlið tóftarinnar og en þar hefur verið timburþil og sjást leifar þess enn. Í veggjum sjást fjögur umför af hleðslu en veggir eru hæstir um 1,5 m. Tóftin er nokkuð ungleg og óvíst að hún teljist til fornleifa samkvæmt lögum en er byggð að fornri byggingahefð og því skráð. Líklegt er að tóftin sé af útihúsi.
Hættumat: engin hætta

RA-402:020 garðlag túngarður 63°54.583N 20°24.048V
Á túnakorti frá 1917 sést túngarður afmarka vesturhluta gamla heimatúnsins. Hann er ennþá varðveittur að hluta. Ekki er ljóst hvað afmarkaði aðrar hliðar túnsins en líklega var það mýrlendi.
Austan túngarðsins er gróin brekka en vestan hans er heiðlendi. Uppi á Bjálmholtsbjalla er slétt, grasivaxið tún.
Túngarðurinn er varðveittur að hluta eða á rúmlega 100 m löngum kafla. Hann liggur til NNV frá malarvegi að núverandi útihúsum, upp Bjálmholtsbjalla. Þar liggur hann til norðurs að Bæjarbrekku fyrir vestan bæ 001 og


hverfur í slétt, grasivaxið tún. Túngarðurinn náði lengra til vesturs. Hann er gerður úr torfi og grjóti. Líklega var strengur á milli grjóthleðslna. Efri hluti hans er þó eingöngu torfhlaðinn. Túngarðurinn 0,5-1 m á breidd, 1-1,2 m á hæð og grasivaxinn. Víða sést glitta í grjót neðantil í honum án þess að um skýr umför sé að ræða. Rof er komið víða í túngarðinn, líklega vegna ágangs búfjár.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Túngarður 020, horft til norðurs

RA-402:021 heimild um traðir
63°54.594N 20°23.978V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 lágu traðir frá bæ 001 til suðvesturs, út úr túni.
Malarvegur liggur þar sem traðir lágu, en áður lá vegurinn heim að bæ meðfram Bæjarbjalla austanverðum og beygði svo heim að bæ en nú (2011) liggur heimreiðin af Landvegi austan við Mýrarsund.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-402:022 tóft 63°54.396N 20°24.210V




Tóft 022



Tóft 022, horft til suðurs

Óljóst tóft er um 440 m suðvestan við bæ 001.
Tóftin er í þýfi austan við mýrardý í beitarhólfi.
Tóftin er um 9x9 m að stærð og er að því er virðist tvískipt. Tóftin mjókkar til vesturs þar sem hún er um 5 m á breidd. Nokkuð skýrt hólf I er í vesturenda tóftarinnar. Það er um 3x1,5 m að innanmáli og snýr nálega norður-suður. Mögulegt op er á hólfinu til norðvesturs en einnig eru óljós op í suðvestur- og suðausturhornum hólfsins. Hólf II er afar ógreinilegt, er um 1x1 m að innanmáli og þýft er norðan við það, innan tóftarinnar. Ekki sést op á því hólfi. Tóftin er gróin og virðist vera torfhlaðin. Mesta hæð veggja er um 0,5 m. Ekki er vitað hvaða hlutverki tóftin gegndi.
Hættumat: engin hætta



RA-403 Hallstún

5 hdr 1708, byggt úr Marteinstungu ekki seinna en á 17. öld. JÁM I, 333. Ekki er stundaður hefðbundinn búskapur á jörðinni og hluta hennar er sumarbústaðarbyggð.
1917: Tún 2,1 ha, þar af slétt 0,5 ha, garðar 720 m².

RA-403:001 *Hallstún* bæjarhóll bústaður 63°55.054N 20°23.900V



Mynd af Hallstúni frá því á árabilinu 1945-50 (Holtamannabók I, bls. 157)



Bæjarhóll Hallstúns 001, horft til norðurs


Bæjarhóllinn er á náttúrulegum hól eða litlu holti fast austan við Steinslæk sem rennur á milli Hallstúns og Marteinstungu RA-401. Gamli bærinn í Hallstúni stóð á sama stað og núverandi bær. Það hús sem nú stendur á bæjarhólnum var byggt í tveimur áföngum 1924 og 1927. Það var að hluta hlaðið úr torfi og grjóti en hefur verið mikið endurnýjað. Undir hluta hússins er kjallari sem hlaðinn er úr grjóti og streng en sú hleðsla er eldri en húsið og tilheyrði eldri bæ á bæjarhólnum. Austan við íbúðarhúsið voru áður hlaða og fjós en á milli bæjar og fjóss var hænsnahús og gengið var úr hænsnahúsinu í hlöðuna. Hænsnahúsið er nú hluti af íbúðarhúsinu og hefur verið uppgert. Fjósið og hlaðan eru horfin vegna niðurrifs. Samkvæmt túnakorti var kálgarður fast sunnan og vestan við bæinn og var hann líklega á bæjarhólnum og er skráður með honum.
Mikill trjágróður er allt í kringum bæjarhólinn, nema til suðurs en allbrött brekka er niður af hólnum í þá átt.

Bæjarhóllinn er um 35x30 m að stærð og snýr norður-suður. Hann er um 1 m á hæð en fram af honum til suðurs er hæst um 4 m og er það að mestu leyti náttúruleg hækkun. Það virðist hafa verið grafið inn í hólinn að hluta norðan við íbúðarhúsið en þar er brekka til norðurs frá húsinu. Í henni eru tré og er trjágróður allt í kring. Íbúðarhúsið, sólpallar og mannvirki ná yfir svæði sem er um 12x17 m að stærð og snýr norður-suður. Ekki sjást lengur nein ummerki um kálgarð á bæjarhólnum og hefur væntanlega verið sléttað úr honum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-403:002 heimild um útihús 63°55.072N 20°23.887V
Samkvæmt túnakorti var útihús um 30 m norðan við bæ 001.
Sléttuð flöt á milli skjólbelta er nú þar sem útihúsið stóð að líkindum.
Ekki sést til minja um útihúsið og er líklegt að sléttað hafi verið úr því.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-403:003 heimild um fjárhús 63°55.106N 20°23.875V
Samkvæmt heimildamanni, Stellu Björk Georgsdóttur, var sléttað úr fjárhúsum sem stóðu um 100 m norðan við bæ samkvæmt túnakorti.
Slétt flöt innan sumarbústaðarlóðar er þar sem fjárhúsin voru. Trjágróður er allt í kringum flötina.
Ekki sést til minja um fjárhúsin.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-403:004 *Tóttarrimar* tóftir beitarhús 63°54.964N 20°23.475V



Beitarhúsatóftir 004


"Vestur af Langás eru rimar, sem heita Tóttarrimar og vestur af þeim Stöðulmýri [008]," segir í örnefnalýsingu. Tóttarrimar eru 370 m suðaustan við bæ 001 og rúmum 450 m vestan við fjárhús 005. Rúmum 50 m vestan við tóftirnar er sumarbústaður í einkaeigu og Tóttarrimar innan þeirrar landareignar.
Tóftirnar eru í grónu, stórþýfðu mólendi. Kjarrgróður vex víða.
Tvær tóftir eru á svæði sem er 40x10 m að stærð og snýr norður-suður. Verður hvorri þeirra gefinn bókstafur í lýsingunni hér á eftir til aðgreiningar. Tóft A er sunnar og er nánast horfin vegna rasks. Hún er í raun þúst eða rústahóll, 10 m í þvermál og 2 m hár. Hóllinn er grasivaxinn, stórþýfður og reglulegir bakkar sjást víða án þess að um skýrar hleðslur sé að ræða. Nýlega var gerður skurður inn í hólinn, ætlaður sem hrossaskjól. Við þá framkvæmd hvarf tóftin nánast alveg. Það eina sem sést er austurveggurinn, skurðurinn tók aðra hluta tóftarinnar alveg. Mögulega eru langveggir tóftarinnar undir moldarhrúgum meðfram skurðinum. Í sniðinu má sjá glitta í torf og þyrfti að skoða þetta betur áður en hrossin sparka svæðið upp. Veggjarbrotið er 0,4 m á hæð og grasivaxið. Tóft B er 30 m norðan við tóft A. Hún er 12x6 m að stærð, tvískipt og snýr austur-vestur. Hólf 1 er vestar. Það er 6x6 m að innanmáli og opið til vesturs. Annað op er á miðjum austurvegg, yfir í hólf 2. Veggirnir eru 0,6 m á hæð og algrónir. Hvergi sést glitta í grjót í þeim, garða né jötur. Hólf 2 er austar. Það er 6x4 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er sem fyrr segir yfir í hólf 1. Veggirnir eru 1 m á hæð, grænir og stórþýfðir. Hvergi glittir í grjót. Veggirnir eru hærri og umfangsmeiri en í hólfi 1 og mögulega um annað byggingarstig að ræða eða þetta var undir þaki. Líklegast er að tóftirnar séu af beitarhúsum eða stekkur miðað við lag þess sem ennþá sést og staðsetningu.




Á vinstri mynd er tóft 004A, horft til austurs. Á hægri mynd er tóft 004B, horft til norðausturs

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Hallstún, 1

RA-403:005 tóft+garðlag beitarhús 63°55.016N 20°22.921V



Beitarhúsatóft 005A



Beitarhúsatóft 005A, horft til VNV



Túngarður 005B, horft til vesturs


"Austur af bænum heitir Langás, í honum eru fjárhústættur," segir í örnefnalýsingu. Beitarhúsin eru 800 m austan við bæ 001 og tæpum 650 m suðaustan við mógrafir 010. Um 50 m austan við fjárhúsin er þjóðvegur og sjást þau vel þaðan.
Gróið og þýft mólendi er á þessum slóðum.
Beitarhúsin A eru innan túngarðs B sem afmarkar svæði sem er 75x60 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Garðurinn er 1 m á hæð, 1,5 m breiður neðst og mjókkar upp. Vallargarðurinn er torfhlaðinn og algróinn. Tvö op eru á honum, á suður- og austurhlið. Innan vallargarðsins er slétt, grasivaxið tún, mun grænna en nánasta umhverfi. Tóft A er í miðju túnsins. Hún er 14x7 m að stærð, tvískipt og snýr VNV-ASA. Hólf 1 er vestar. Það er 8x2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Hólfið er opið til austurs, yfir í hólf 2. Veggirnir eru 0,5 m á hæð, stórþýfðir og grónir. Þeir eru útflattir vegna ágangs hrossa og beitar. Hvergi sést glitta í grjót, garða eða jötur. Hólf 2 er austar. Það er 5x5 m að innanmáli og veggirnir eru 1 m á hæð. Þeir eru

líklega torfhlaðnir og algrónir. Op er á hólfinu til austurs en einnig til vesturs yfir í hólf 1. Tveir steinar sjást við opið á milli hólfa og líklega tengdir afmörkun þeirra á milli.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hallstún, 1

RA-403:006 tóftir beitarhús 63°54.682N 20°22.904V




Á vinstri mynd er tóft 006B, horft til suðausturs. Á hægri mynd er tóft 006A, horft til norðvesturs



Beitarhúsatóftir 006

Tvær tóftir eru á ás um 1,07 km suðaustan við bæ 001. Um sama ás liggja götur 671:002.
Tóftirnar eru á lágum ás milli mýrlendra svæða. Afar gróðursælt og grösugt er á svæðinu.
Tóftirnar eru á svæði sem er um 20x14 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tóft A er í norðvesturenda. Hún er um 12x6 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún skiptist í tvö hólf. Hólf I er í suðausturenda og er um 3x3 m að innanmáli. Op er úr því í hól II sem er um 5x2 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki sést skýrt op á tóftinni sem er algróin og ekki sést í grjót í hleðslum. Mesta hæð veggja er um 0,6 m. Tóft B er um 3 m sunnan við tóft A. Hún er um 4x3 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er einföld. Op virðist vera til norðausturs en öll norðvesturhliðin er orðin óskýr þannig að mögulega var op á henni líka. Mesta hleðsluhæð er 0,5 m, hvergi sést í grjót í hleðslum. Afar líklegt er að þetta séu tóftir af beitarhúsum en til þess bendir fjarlægð frá bæ og byggingarlag tóftanna.
Hættumat: engin hætta

RA-403:007 garðlag 63°54.946N 20°23.759V



Garðlag 007



Garðlag 007, horft til suðausturs

Garðlag er um 230 m suðaustan við bæ 001.
Garðlagið er á dálitlum hól í halla suður frá bænum, fast vestan við núverandi heimreið.
Garðlagið er um 25 m á lengd og liggur í boga frá suðaustri til norðvesturs. Með lægsta hluta hólsins myndar garðlagið nokkurs konar hólf sem mögulega var notað sem aðhald. Hólfið er um 20x11 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur.
Garðlagið er um 2 m á breidd og um 0,6 m á hæð.

Hættumat: engin hætta

RA-403:008 *Stöðulmýri* örnefni kvíar 63°54.929N 20°23.614V
"Vestur af Langás eru rimar, sem heita Tóttarrimar [004] og vestur af þeim Stöðulmýri," segir í örnefnalýsingu. Stöðulmýri er suðaustan við bæ 001 og víðlend. Hún er merkt inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar. Hún nær nánast frá bæ 001 og að þjóðvegi (Landvegi) til suðausturs. Segja má að hún sé a.m.k. 500x500 m að stærð. Ekki er vitað hvar stöðullinn var nákvæmlega en líklega nærri bæ 001, tóftum 004 eða fjárhúsi 005. Gengið var um allt holtið en engar leifar kvía er lengur að finna á svæðinu.
Gróið, þýft mólendi er á þessum slóðum.
Engin ummerki stöðulsins sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hallstún, 1; IE-Örnefnauppdráttur, Marteinstunga, Bjálmholt, Gata, Hallstún


RA-403:009 heimild um vatnsból 63°55.061N 20°23.976V
Að sögn Stellu Bjarkar Georgsdóttur, heimildamanns, var vatnsból austan við Steinslæk, á milli Marteinstungu og Hallstúns sem báðir bæirnir sóttu vatn í. Grafið var niður á lindina. Hún er um 60 m vestan við bæ 001.
Vatnsbólið var líklega neðarlega í grasi vaxinni brekku við lækinn.
Ekki sást til minja um lindina.
Hættumat: engin hætta

RA-403:010 náma mógrafir
63°55.168N 20°23.623V
Mógrafir eru rúmlega 300 m norðaustan við bæ 001, innan austara hólfs náttahaga 011. Þær eru í gilskorningi sem snýr SSA-NNV frá Steinslæk, á landamerkjum við Götu RA-404. Vatn kemur upp í skorningnum og rennur í Steinslæk.
Gilið er í sléttu, grónu mólendi.
Gilið er 2 m djúpt með fremur brattar hlíðar. Það liggur til SSA frá Steinslæk og er 40x15 m að stærð. Það mjókkar til SSA. Ofan í gilinu er mýrlent, mýrarrauði og greinilega mikill jarðvegur. Þar sést móta fyrir einni mógröf sem 4x2 m að stærð. Hún er blaut og 0,5-1 m á dýpt. Erfitt reyndist að áætla nákvæma dýpt hennar, vatnið í henni var mýrarrautt og gruggugt. Líklegt er að fleiri mógrafir hafi verið í gilinu en þær eru horfnar í fyllingu.
Hættumat: engin hætta



Mógrafir 010, horft til vesturs

RA-403:011 gerði nátthagi 63°55.141N 22°23.687V



Nátthagi 011 ásamt sambyggðri tóft


Nátthagi er 300 m norðaustan við bæ 001 meðfram Steinslæk, á merkjum við Götu. Mógrafir 010 eru innan hans að hluta. Svæðið er nýtt til hrossabeitar, girðingarstaurar úr plasti eru á svæðinu.
Nátthaginn er í grónu, stórþýfðu mólendi.
Nátthaginn er 100x50 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur og skiptist í tvö hólf og tóft. Norðurhlið nátthaga A afmarkast af Steinslæk og sú vestari af skurði. Hinar hliðarnar afmarkarkast af garðlögum. Hólf 1 er suðvestar. Það er 75x30 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Op er í suðvesturhorni og annað í norðausturhorni yfir í hólf 2. Veggirnir eru 0,4-0,6 m á hæð og renna er meðfram þeim. Þar var efni í veggina tekið og þeir torfhlaðnir. Veggirnir eru algrónir og rof víða í þeim. Hólf 2 er norðaustar. Það er 40x40 m að innanmáli og mógrafir 010 innan þess. Veggirnir eru eins að gerð og lögun og í hólfi 1 og einungis eitt op sem áður var lýst. Tóft B er innan þessa hólfs. Hún er einföld, 7x5 m að stærð og snýr NNV-SSA. Tóftin er niðurgrafin og sést sem dæld. Hún er 1-1,2 m á dýpt og algróin. Til austurs og norðurs sést móta fyrir veggjum, 0,3



Á vinstri mynd er garður 011A sem afmarkar nátthagann, horft til suðvesturs. Á hægri mynd er tóft 011B, horft til norðausturs

m á hæð og eru þeir grónir. Op er til norðurs. Líklega var þak yfir tóftinni. Bratt er til austurs frá tóftinni niður í gilið þar sem mógrafir 010 eru.

Hættumat: engin hætta



RA-404 Gata

4 hdr 1708, í eyði frá 1700. JÁM I, 333. Byggð út Marteinstungu. "Landareign er um 130 ha algróin og vel til búskapar fallin, þurrlend að einum þriðja." SB V, 256.
1917: Tún 1,7 ha, þar af slétt 1 ha, garðar 580 m².

RA-404:001 *Gata* bæjarhóll bústaður 63°55.173N 20°24.408V



Mynd af Götu frá 1940 (Holtamannabók I, bls. 92)



Bæjarhóll Götu 001, horft til suðvesturs


Bæjarhóllinn í Götu var fast norðaustan við það íbúðarhús ábúenda sem búið var í fyrir Suðurlandsskjálftann árið 2000. Það hús eyðilagðist í skjálftanum en stendur enn á sínum stað. Nýtt hús sem nú er búið í var reist fast norðvestan við bæjarhólinn.
Fast suðaustan við bæjarhólinn er aflöng þúst þar sem jarðefnum og úrgangi hefur verið ýtt saman. Þar suðaustan við er verið að rækta tún og nær túnið yfir bæjarhóllinn.
Lítil uppsöfnun mannvistarleifa sást á bæjarhólnum en hann er þó greinanlegur. Óvíst er hvaða breytingar hafa verið gerðar á honum í tengslum við túnræktina. Hann er um 30x20 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Mesta hæð er um 0,5 m. Engin mannvirki eru sýnileg á hólnum. Á ljósmynd af bænum í eigu ábúenda sem tekin er eftir 1970 sjást gamlar byggingar á bæjarhólnum vel: gamli bærinn, hlaða, fjós og hesthús, allt bárujárnsklædd hús. Gamli bærinn sem stóð á bæjarhólnum var líklega með hlaðinn eða steyptan grunn og grjót- og torfhleðslur eru á milli hlöðu og íbúðarhúss og í langveggjum hesthússins. Á gömlu ljósmyndinni er bærinn orðinn hrörlegur

og hefur líkega verið rifinn skömmu eftir að myndin var tekin, í kringum 1980.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-404:002 heimild um útihús 63°55.169N 20°24.316V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 70 m suðaustan við bæ 001, nærri austurmörkum túnsins.
Útihúsið var þar sem nú er sléttað tún.
Ekki sést til minja um útihúsið og er líklegt að það hafi verið sléttað í tún.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1917

RA-404:003 *Berjatótt* frásögn stekkur 63°55.253N 20°24.205V
Samkvæmt örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar var Berjatótt um 220 m norðaustan við bæ 001. Þarna var áður stekkur að sögn Sigrúnar Ingólfsdóttur, heimildamanns, en hann hefur verið sléttaður í tún. Sigrún og börn á bænum á undan henni kölluðu tóftina Berjatóft því mikið var af berjum á svæðinu í kringum hana.
Sléttað tún er þar sem tóftin var.
Ekki sést til minja um stekkinn.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Marteinstunga, Bjálmholt, Gata, Hallstún

RA-404:004 tóft beitarhús 63°55.407N 20°23.507V



Beitarhúsatóft 004


Beitarhúsatóft 004, horft til suðausturs

Tóft er á Stakarima, um 730 m norðaustan við bæ 001. Þarna voru ærhús samkvæmt örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar.
Tóftin er á litlum rima á miklu mýrarsvæði sem búið er að ræsa fram að miklu leyti og er þýft.
Tóftin er 10x6 m að stærð og snýr suðaustur-norðvestur. Hún er hlaðin úr torfi og grjóti en er orðin afar óskýr og sigin. Bárujárn úr þaki eða veggjum sést í tóftinni. Mesta hleðsluhæð er um 0,6 m. Tóftin virðist vera einföld. Timburþil eða bárujárnsþil hefur að líkindum verið í norðvesturenda þar sem ekki er hlaðinn veggur. Líklegt er að þarna hafi verið beitarhús.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Marteinstunga, Bjálmholt, Gata, Hallstún

RA-404:005 *Brú* vegur brú
63°55.291N 20°24.351V
Brú er merkt inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar og sjást leifar hennar enn um 220 m norðan við bæ 001.
Brúin er yfir mýrarsund og hefur skurður verið grafinn í gegnum hana neðst í mýrinni. Til suðausturs er tún, til norðvesturs eru Götubrekkur.
Brúin er um 90 m löng og snýr suðaustur-norðvestur. Hún er um 4 m á breidd og hæst um 0,5 m. Hún er líklega að mestu hlaðin úr torfi en einnig kann að vera grjót í henni. Suðausturendi hennar er suðaustan við skurðinn sem liggur í gegnum hana og er hann í túni en sést þó lítillega móta fyrir honum. Norðvestan við skurðinn er brúin algróin í deiglendi. Ekki sjást skýrir paldrar á brúnni.



Uppbyggður vegur 005, horft til norðvesturs

Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Marteinstunga, Bjálmholt, Gata, Hallstún

RA-404:006 tóft+garðlag beitarhús 63°55.460N 20°25.975V




Beitarhúsatóft 006, horft til norðvesturs



Beitarhúsatóft 006

"Austan við Mjósund er Stóra-Þúfnaholt (þar eru fjárhús)," segir í örnefnalýsingu. Beitarhúsatóft og garðlag eru í vesturhlíðum Stóra-Þúfnaholts. Tóftin er uppi á holtinu en garðlagið meðfram því til norðvesturs. Beitarhúsin eru tæpa 650 m norðaustan við bæ 001 og 400 m norðan við tóft 014.
Slétt, grasivaxið tún er á Stóra-Þúfnaholti og mýri vestan og norðan þess.
Á svæði sem er 95x40 m að stærð og snýr norður-suður, er tóft A og garðlag B. Tóftin er 12x8 m að stærð, einföld og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á norðurhlið en mikið hefur hrunið þar úr veggjum. Veggirnir eru 0,5-1 m á hæð og gerðir úr torfi og grjóti. Einungis sést þó eitt umfar af grjóthleðslu. Ekki eru garðar eða jötur í fjárhúsunum. Túngarður B sést norðvestan og vestan við fjárhúsin. Hann er L-laga og varðveittur neðan við Stóra-Þúfnaholt og í vesturhliðum þess. Túngarðurinn afmarkaði eflaust stærra svæði en horfin vegna sléttunar til annarra átta. Hann er 0,8-1 m á hæð og torfhlaðinn.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Gata, 1

RA-404:007 *Mói* bæjarstæði býli 63°55.105N 20°24.319V
"Í Götutúni stóð kotbýlið Mói, byggt 1897. Það féll úr byggð 1902 við brottför Símonar Símonarsonar og Gróu Guðmundsdóttur," segir í Sunnlenskum byggðum V. Samkvæmt Sigrúnu Ingólfsdóttur, heimildamanni, er íbúðarhúsið að Birkiflöt nánast byggt á sama stað og bærinn Mói stóð áður. Kálgarður sem sýndur er á túnakorti tilheyrði býlinu og var hann um 100 m sunnan við bæ 001 og um 30 m norðan við áætlaða staðsetningu býlisins og er skráður með því.
Kálgarðurinn var þar sem nú er sléttað tún en býlið var þar sem íbúðarhús og garður umhverfis það eru.
Ekki sést til kálgarðsins sem hefur að líkindum verið sléttaður. Minjar um býlið hafa horfið vegna nýbyggingar ef þær hafa ekki verið horfnar áður en íbúðarhúsið að Birkiflöt var byggt. Um 10 m norðaustan við íbúðarhúsið er dálítill hóll sem er um 1,5 m á hæð og hefur verið grafið innan úr honum skeifulagað skjól. Óvíst er að hóllinn tengist býlinu. Hann er um 11x11 m að stærð og er aflíðandi halli á honum til suðvesturs.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: SB V, 256; Túnakort 1917



Tóftir 008 í Lambhúsbrekku

RA-404:008 *Lambhúsbrekka* tóftir lambhús 63°55.245N 20°24.385V
"Nyrzt í Götubrekkum er Háanef. Sunnan við það er Lambhúsbrekka," segir í örnefnalýsingu. Lambhúsin eru tæpum 140 m norðan við bæ 001 og 140 m



Tóftir 008 í Lambhúsbrekku. Tóft A er á vinstri mynd, horft til SSA. Tóft B er á hægri mynd, horft til suðausturs

norðaustan við Hvítahvamm. Götukelda liggur á milli bæjarins og lambhúsanna.
Lambhúsin eru í gróinni brekku, í halla til suðurs. Brekkurnar eru grónar kjarri og alls kyns blómum. Gróðurinn er mittishár víða og mikið af náttúrulegum pöldrum.
Á svæði sem er 25x15 m að stærð eru tvær tóftir og fær hvor þeirra bókstaf til aðgreiningar. Tóft A er austar. Hún er 18x10 m að stærð, snýr NNV-SSA og skiptist í tvö hólf. Hólf 1 er sunnar. Það er 6x5 m að innanmáli, snýr NNV-SSA og op á suðurhlið. Veggirnir eru 1-2 m á hæð og sjást mest 3 umför af grjóthleðslu í þeim. Ekki er innangegnt á milli hólfa og ekki mótar fyrir görðum. Bárujárnsþak var yfir hólfinu, leifar þess má sjá ofan á veggjunum og inni í hólfinu. Hólf 2 er norðan við hólf 1. Það er niðurgrafið, 7x6 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Rúmir 0,5 m eru niður á gólfið en skrásetjara reyndist ekki unnt að fara ofan í hólfið sökum mikils gróðurs og timburleifa inní hólfinu. Ekki mótar fyrir opi. Hólfið var líklega þetta hlaða. Tóft B er 18 m norðvestan við tóft A. Hún er 5x4 m að stærð, einföld og snýr norðvestur-suðaustur. Op er til suðausturs og veggirnir eru 2 m á hæð. Hvergi sést glitta í grjót eða skýrar hleðslur sökum mikils gróðurs.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Gata, 1

RA-404:009 *Hvítihvammur* huldufólksbústaður 63°55.190N 20°24.507V
Samkvæmt Sigrúnu Ingólfsdóttur, heimildamanni, var trúað að huldufólk byggi í Hvítahvammi. Sökum þess mátti ekki kasta grjóti né gera annað sem myndi raska ró huldufólksins á þeim slóðum. Hvítihvammur er 90 m norðvestan við bæ 001, neðan við Götubrekkur.
Hvítihvammur er gróinn og mittishár gróður þar.
Hættumat: engin hætta

RA-404:010 heimild um traðir 63°55.172N 20°24.366V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 voru traðir að bæ 001 úr suðaustri.
Traðirnar eru komnar í tún.
Traðirnar voru um 50 m langar samkvæmt túnakortinu og stefna að Marteinstungu RA-401 þar sem sóknarkirkjan RA-401:002 er. Heimreiðin að bænum nú (2011) er á öðrum stað og liggur að bænum úr suðvestri. Ekki sést til minja um traðirnar og hafa þær væntanlega verið sléttaðar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-404:011 heimild um mógrafir 63°54.956N 20°24.669V
"Vestan við þá [Botna) er hóll, Móhóll; mörk með Nefsholti eru með skurði, sem liggur norðan við Móhól og rennur í Steinslæk. Þar er Guðnafoss," segir í örnefnalýsingu. Mógrafirnar voru rúmum 50 m suðvestan við bæ 001 en fundust ekki við skráningu enda búið að fylla þær að stóru leyti og að auki var mikill gróður á svæðinu.
Þar sem mógrafirnar voru er slétt, grasivaxið svæði meðfram vélgröfnum skurði.
Engin ummerki mógrafanna sjást á yfirborði. Að sögn Sigrúnar Ingólfsdóttur, heimildamanns, voru 2 stungur niður á móinn. Hann sjálfur var 4 stungur á þykkt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Gata, 1

RA-404:012 garðlag landamerki 63°55.324N 20°24.384V

Garðlag liggur til suðvesturs frá Grásteini RA397:005 og meðfram allri norðausturhlið Götulands. Gaddavírsgirðing er ofan á garðlaginu. Það er á landamerkjum Götu og Nefsholts. Landamerkjagarðurinn er yngri en 100 ára og telst því ekki til fornleifa samkvæmt laganna skilningi en hann er byggður að fornri byggingarhefð og er því skráður.

Meðfram landamerkjagarðinum er gróið mólendi og slétt tún.


Landamerkjagarðurinn snýr norðaustur-suðvestur. Hann sést frá hornmarki Götu, Nefsholts, Pulu og Mykjuness á um 710 m löngum kafla en hverfur í vélgrafinn skurð á 330 m löngum kafla og sést aftur á sést rúmlega 250 m löngum kafla þar til hann hverfur í þýfi til suðvesturs um 170 m norðan við gamla bæinn 001. Garðurinn er 1-1,3 m á hæð, torfhlaðinn og grasivaxinn. Hann er 1,5 m á breidd og mjókkar upp. Rof er víða í honum. Tveir gaddavírsstrengir eru ofan á garðlaginu.

Hættumat: engin hætta



Landamerkjagarður 012, horft til norðvesturs

RA-404:013 tóft 63°55.317N 20°24.363V



Tóft 013




Tóft 013, horft til suðvesturs

Tóft sem virðist einföld er um 270 m norðan við bæ 001.

Tóftin er í móa í Götubrekkum, um 20 m sunnan við merkjagarð 012.

Tóftin er um 8x5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin er mjög hlaupin í þúfur og virðist vera einföld en mögulega var lítið hólf í norðvesturenda hennar þar sem hún mjókkar. Óljóst op er inn í tóftina úr suðaustri. Mesta hæð veggja er 0,6 m en þeir eru algrónir og ekki sést í grjóthleðslur. Veggur í norðvesturenda tóftarinnar er óljós og rof er í honum sem kann að vera inngangur í tóftina. Hlutverk tóftarinnar er óljóst en líklegt er að það hafi verið útihús af einhverri gerð.

Hættumat: engin hætta



Tóft 014

RA-404:014 tóft

63°55.247N 20°24.035V

Ógreinileg tóft er um 400 m sunnan við tóft 006 og um 335 m ANA við bæ 001.

Tóftin er vestan í litlum hól í framræstu mýrarstykki. Fast vestan við hana er skurður.

Tóftin er nánast horfin en hlutar hennar sjást ennþá. Hún er um 17x7 m að stærð og snýr suðaustur-norðvestur. Mögulega var hún fjárhús með hlöðu í suðausturenda sem hefur verið að hluta niðurgrafin. Skýr veggur er í

norðvesturenda á norðausturhlið. Hann er um 0,7 m hár og kann að hafa verið hluti af fjárhúsum eða gerði framan við tóft. Tóftin er full af járnarusli.
Hættumat: engin hætta



Tóft 014, horft til suðausturs

Aðalskráning fornleifa í Rangárþingi ytra

Áfangaskýrsla III



II. BINDI

Ritstjóri: Kristborg Þórsdóttir

Höfundar efnis:

Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Kristborg Þórsdóttir,

Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Sólveig Guðmundsdóttir Beck

FS526-06193

Fornleifastofnun Íslands

Reykjavík

2014

Forsíðumyndin er af beitarhúsatóft í landi Gíslholts (RA-380:010)

Fornleifastofnun Íslands 2013
Bárugötu 3
101 Reykjavík
Sími: 551 1033
Fax: 551 1047
Netfang: fsi@instarch.is
Heimasíða: www.instarch.is

Efnisyfirlit
II. Bindi

IV. FORNLEIFASKRÁ (FRAMHALD).....5

RA-405 Nefsholt 5
RA-406 Hvammur 16
RA-407 Lýtíngstaðir 25
RA-409 Þjóðólfshagi 45
RA-410 Moldartúnga 67
RA-411 Rauðalækur neðri (syðri) 88
RA-412 Brekkur 113
RA-413 Rauðalækur efri 128
RA-414 Litla Túnga 140
RA-415 Árbær 149
RA-416 Árbæjarhellir 159
RA-417 Árbæjarhjáleiga 173
RA-418 Gilsbakki 178
RA-447 Heysholt 179
RA-663 Laufaleitir 191
RA-671 Fornleifar á fl. en einni jörð 209

V. BYGGÐ Í HOLTAHREPPI 221

VI. MINJAFLOKKAR 225


Bæjarhólar og bæjarstæði 225
Kirkjur og legstaðir 229
Útihús og túngarðar 231
Stekkir, kvíar, réttir og smalakofar 235
Beitarhús, sel og fjárskýli 238
Beitarhús 239
Fjárskýli 241
Sel 241
Mógrafir, kolagrafir, torfrista og hellutak 242
Samgönguminjar 242
Minjar tengdar þjóðsögum og þjóðtrú 243
Áveitur 244

VII. VARÐVEISLA OG KYNNING MINJA Á SKRÁNINGARSVÆÐINU.....245

HEIMILDASKRÁ 255
VIÐAUKI 1: HNITASKRÁR Á ISN93 264
VIÐAUKI 2: ÖRNEFNAKORT INGÓLFS EINARSSONAR...285
VIÐAUKI 3: MINJAKORT 310

IV. Fornleifaskrá (framhald)

Túnakort fyrir Nefsholt



RA-405 Nefsholt

15 hdr 1708. JÁM I, 331. 1540: Dómur um setu á jörðinni Nefsholti. DI X, 501. "Landstærð er um 200 ha, um helmingur þurrlendi." SB V, 255.
1917: Tún 4,5 ha, þar af slétt 1,5 ha, garðar 1640 m². "Ræktunarland er allgott, hagar skjólgóðir." SB V, 255.

RA-405:001 *Nefsholt* bæjarhóll bústaður 63°55.137N 20°24.983V




Mynd af Nefsholti frá 1945 (Þykkskinna I, bls. 104)



Bæjarhóll Nefsholts 001, horft til norðvesturs

Bæjarhóllinn í Nefsholti er sunnan í allháu holti og stendur hátt. Bratt er niður af honum til suðurs í átt að byggðakjarnanum Laugalandi en það svæði er byggt úr landi Nefsholts. Á milli bæjarhóls og Laugalands er nýlegt íbúðarhús sem sonur ábúanda býr í. Tvíbýli var í Nefsholti fram á 20. öld og stóðu bæirnir saman á bæjarhólnum. Vesturbærinn stendur enn, timburhús sem byggt var 1929. Húsið hefur verið endurbætt og byggt hefur verið við það. Austurbærinn var rifinn.
Tún eru allt í kringum bæjarhólinn en afgirtur skrúðgarður er vestan hans.
Bæjarhóllinn er um 32x16 m að stærð og snýr austur-vestur. Hann er um 1 m á hæð. Húsið sem á hólnum



Mannvirki á bæjarhól Nefsholts 001



Áletrun á hellu í gangstétt sunnanv ið íbúðarhúsið, horft til norðurs

stendur er um 17x7 m að stærð og pallur austan við það er um 2,5x7 m að stærð, snýr norður-suður. Ekki er kjallari undir húsinu. Sunnan við húsið er gangstétt og er hlaðinn kantur niður af henni til suðurs (nýleg hleðsla) sem er um 1 m á hæð. Þá er komið á malbikað plan en heimreiðin að Nefsholti liggur á þetta plan. Dálítil brún er suður af planinu og svo aflíðandi brekka til suðurs. Bæjarhóllinn er í halla og sést ekki upphækkun í norðurhluta hans. Gangstéttin sunnan við húsið er lögð úr stóru hellugrjóti. Á einni hellunni sjást leifar af áletrun. Aðeins sjást stakir stafir en ekki er hægt að lesa heil orð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-405:002 heimild um útihús 63°55.138N 20°24.957V
Samkvæmt túnakorti var útihús 10-20 m ASA við bæ 001.
Olgeir Engilbertsson, ábúandi frá 1959, byggði fjós á sama stað og útihúsið var og var tóft þess ýtt út. Taðkjallari er undir fjósinu.
Ekki sést til minja um útihúsið og ekki er vitað hvaða hlutverki það gegndi.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1917

RA-405:003 heimild um útihús 63°55.159N 20°24.954V
Útihús er merkt 50 m norðaustan við bæ 001 á túnakort frá 1917. Það er horfið og mögulega undir byggingu.
Þar sem útihúsið var er slétt tún, norðan við fjárhús byggð um 1960. Útihúsið var líklega við norðvesturhorn þess. Þar er nú malarplan fyrir dráttarvélar og slíkt.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirboði.
Hættumat: hætta, vegna byggingar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-405:004 heimild um útihús 63°55.186N 20°24.948V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús 100 m norðan við bæ 001 og 60 m norðan við útihús 003. Það er horfið, líklega vegna sléttunar.
Þar sem útihúsið var er slétt, grasivaxið tún. Þar mótar fyrir hólrimum og lægðum inn á milli.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-405:005 heimild um fjárhús 63°55.098N 20°25.087V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús á Rananum 115-120 m suðvestan við bæ 001. Þar man Guðný Finna Benediktsdóttir, heimildamaður, eftir kindakofa.
Útihúsið var suðvestan við öxl í sléttuðu túni.
Ekki sést til minja um útihúsið og hefur það að líkindum verið sléttað í tún.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-405:006 þúst útihús 63°55.157N 20°24.883V
Útihús er merkt 90 m ANA við bæ 001 og 70 m ANA við útihús 002 á túnakort frá 1917. Þar sést þúst fast

vestan við Presthvamm.
Slétt, grasivaxið tún er á þessum slóðum.
Þúst gefur staðsetningu útihússins til kynna. Hún er 11x8 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er grasivaxin, slétt og 0,5 m á hæð. Hvergi sést glitta í grjót eða önnum mannvirki.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917




Þúst 006, horft til norðurs

RA-405:007 heimild um fjárhús
63°55.160N 20°24.838V
Útihús er merkt 120 m ANA við bæ 001 og 30 m austan við útihús 006 á túnakorti frá 1917.Líklegt er að útihúsið hafi verið aðeins norðar en sýnt er á túnakortinu, uppi á sama holti og bærinn er á. Brött brekka er niður í Presthvamm þar sem það er sýnt á túnakortinu og afar ólíklegt að útihúsið hafi verið þar.
Slétt og grasivaxið tún er á þessum slóðum.
Samkvæmt Olgeiri Engilbertssyni, heimildamanni, var húsið fjárhús og rétt. Byggingarnar voru sléttaðar fyrir löngu en voru úr torfi og grjóti.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-405:008 *Fjóshóll* heimild um fjós 63°55.141N 20°25.040V
"Fjóshóll var fast vestan við Nefholtsbæ," segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt Olgeiri Engilbertssyni og Guðnýju Finnu Benediktsdóttur, heimildamönnum, og ljósmynd í eigu þeirra af bænum frá því fyrir 1944 var fjós um 20 m vestan við bæinn, austan í Fjóshól. Það fjós var rifið þegar nýtt fjós var byggt um 1944. Ummerki um yngra fjósið sjást enn að litlu leyti en það var byggt litlu austan við það gamla.
Afgirtur lystigarður er nú þar sem fjósið var áður.
Ekki sést til fjóssins vegna niðurrifs.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Nefsholt, 2

RA-405:009 *Ærhúsgerði* tóft+garðlag beitarhús 63°55.739N 20°24.853V



Ærhúsgerði 009



Yfirlitsmynd af minjum í Ærhúsgerði 009, horft til NNV


"Lautin. Slakki austan við ærhúsgerði Guðjóns Jónssonar ...," segir í örnefnalýsingu. Í minnisblaði Olgeirs Engilbertssonar segir: "Gömlu fjárhúsin inn í högum voru notuð nokkuð lengi og líklega fram að fjárskiptunum 1950. [...] Túnið kringum gömlu húsin var síðast slegið óþurrkasumarið 1959 og ekki tókst að koma heyinu heim fyrr en rétt fyrir Jól vegna bleytu í mýrarsundinu. Girðingin af garðinum var svo tekin niður nokkru síðar." Beitarhúsatóft innan gerðis og lítil tóft

áföst gerðinu eru um 1,12 km norðan við bæ 001.
Minjarnar eru í laut í heiðinni, í framhaldi til norðausturs af áður blásinni laut þar sem móbergið stendur út úr grónum brekkum.
Ferkantað gerði afmarkar minjasvæðið sem er um 80x50 m að stærð og snýr NNA-SSV. Fjárhústóft A var sem fyrr segir notuð var fram undir 1950 og en litla tóftin B sem er áföst gerði innanverðu var ekki notuð í tíð núverandi ábúenda. Gerðið er hlaðið út torfi, er hæst um 1 m. Á nokkrum stofum er rof í það. Á einum stað liggur bílslóði í gegnum það. Gerðisveggir standa vel en girt var ofan á þá. Tóft A snýr suðaustur-norðvestur. Hún er tvískipt, grjót- og torfhlaðin. Hólf I er í norðvesturenda, það er um 2,5x6 m að innanmáli. Hólf II hlaða, er um 4,5x2 m að innanmáli en mjög samansigin. Opið er á milli hólfa og í norðvesturenda tóftar. Hleðslur er líka í hlöðu en hún er grafin inn í halla í túninu. Mesta hæð er um 1,5 m. Hægt er að sjá þrjú umför. Tóft B er sambyggð vesturhlið gerðisins. Hún er í aflíðandi brekku til austurs frá gerðinu. Tóftin var ekki í notkun í minni Guðnýjar Finnu Benediktsdóttur, heimilamanns, sem er fædd og uppalin í Nefsholti. Olgeir Engilbertsson, heimilamaður, heyrði að þetta hefði verið hrútakofi. Tóftin er 6x4 m að stærð, snýr austur-vestur og einföld. Veggirnir eru 0,6-1 m á hæð og algrónir. Hvergi sést glitta í hleðslugrjót. Austurhliðin er opin og ekki sést móta fyrir garða né jötum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Nefsholt, 4, Minnisblað Olgeirs Engilbertssonar

RA-405:010 *Pyttur* lind vatnsból 63°55.119N 20°25.117V
"Pyttur var niður af Vestrihól, norðan við Rana. Þar var saltfiskur lagður í bleyti," segir í örnefnalýsingu. Að sögn Olgeirs Engilbertssonar, heimildamanns, var Pyttur einnig vatnsból og var m.a. fyrir fjósið. Pyttur er 115 m vestan við bæ 001, suðvestan undir svokölluðum Rana, í mýrlendi.
Grasivaxið og stórþýft mýrlendi á þessum slóðum.
Pyttur er náttúrulegt vatnsauga. Hann er 1 m í þvermál og 0,2 m á dýpt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Nefsholt, 5

RA-405:011 *Stöðull* örnefni kvíar 63°55.193N 20°24.844V
"Stöðull var skammt norðaustan við bæinn, og var þá utan túns," segir í örnefnalýsingu. Stöðull er sýndur á örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar. Hann var rúmlega 150 m norðaustan við bæ 001 og 70 m norðaustan við útihús 006.
Þar sem stöðullinn var er slétt, gróið tún.
Engin ummerki stöðulsins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Nefsholt, 6; IE-Örnefnauppdráttur, Nefsholt

RA-405:012 *Torfrimi* mannvirki rista 63°55.219N 20°25.196V



Mannvirki í Torfrima 012



Mannvirki í Torfrima 012, horft til VNV

"Torfrimi. Smárimi í Sundinu beint vestur af Kúahvammi. Þar var þurrkað heytorf," segir í örnefnalýsingu. Torfrimi er um 230 m norðvestan við bæ 001. Ógreinilegt mannvirki er á Torfrima.
Torfrimi er í austurhorni mýrarstykkis sem búið er að ræsa fram með skurðum.
Mannvirkið er um 7x7 m að stærð. Það er líkast bókstafnum Z að lögun en óvíst er hvor það er manngert og þá í hvaða hlutverki það þjónaði. Mögulega hefur torf verið breitt á það til þerris. Mannvirkið er að líkindum torfhlaðið, það er hæst um 0,6 m, og er allt mjög gróið. Ekki sjást ummerki um torfristu umhverfis rimann.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Nefsholt, 6

RA-405:013 *Þvottalaugar* heimild um þvottastað 63°55.005N 20°24.895V
"Þvottalaugar voru örfáa tugi metra norðvestur frá núverandi skólahúsi á Laugalandi," segir í örnefnalýsingu. Þvottalaugarnar voru um 255 m SSA við bæ 001.
Þvottalaugarnar voru þar sem nú er skóglendi á milli skóla og tjaldsvæðis á Laugalandi.
Ekki sést lengur til þvottalauganna en ekki er vitað til þess að við þær hafi verið mannvirki sem tengdust þeim.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Nefsholt, 7

RA-405:014 *Stekkatún* gerði stekkur 63°55.465N 20°25.328V



Minjar í Stekkatúni 014



Stekkatún 014 á miðri mynd, fjær sést nátthagi 018, horft til suðausturs

Samkvæmt örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar er Stekkatún er um 660 m norðvestan við bæ 001. Í minnisblaði Olgeirs Engilbertssonar segir: "Fjárhúsin í Stekkatúninu voru notuð af ábúendum Nefsholts 2 [Austurbæjar] og munu hafa verið aflögð nokkru eftir 1930 þegar ábúð lauk þar." Vegna þess hve langt frá bæ fjárhúsin voru eru líklegt að þau hafi verið beitarhús.
Stekkatún er á hól suðaustan við Fagurhól innan um mýrarsvæði.
Gerði umlykur minjarnar í Stekkatúni. Það afmarkar svæði sem er um 80x40 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hæstar eru hleðslur þess um 1 m en eru víðast lægri, einkum þar sem hann liggur um mýrina. Veggir þess eru torfhlaðnir. Rof er í veggi gerðisins á nokkrum stöðum, en það er greinilegast í vesturhorni. Alls sjást 6 möguleg mannvirki innan gerðisins en ekki afgerandi eða skýrar tóftir. Þúst A er í suðausturenda gerðisins. Hún er á lágum hól og er grösugur kragi umhverfis rof sem er um 9x5 m að innanmáli. Líklegt er að mannvirki hafi verið þar þó að ekki sjáist lengur til þess. Um 17 m norðvestan við þúst A er hringlaga mannvirki B sem er um 5 m í þvermál, veggir um 0,5 m á breidd, hlaupnir í þúfur. Ekki er skýr inngangur inn í það. Um 4 m þar norðvestan við er mannvirki C, dæld sem er um 4x1 m að innanmáli, snýr suðvestur-norðaustur. Engir veggir sjást. 0,2-0,3 m á dýpt. Norðaustan við C er þúst D. Hún er útflött en lögun hennar sést gróflega af grasgróðri sem sker sig úr. Hún er um 10x8 m að stærð, lítil sem engin upphækkun. Um 9 m suðaustan við þúst D er þúst E en þar sést dálítið hólf sem er um 1,5x1,5 m að innanmáli. Ekki er skýr veggur til norðausturs og aðrir veggir mögulega niðurgrafnir. Er um 0,5 m djúpt. Allt í kring er dökkgrænn grasgróður sem sker sig úr og stórþýft er neðan við þetta til norðausturs. Að lokum er afar ógreinileg tóft við gerði í norðvesturenda. Hún er um 2x2 m að stærð, ógreinilegt op til suðausturs. Mesta hleðsluhæð meintrar tóftar er um 0,3 m. Allar þær minjar sem hér eru upptaldar tilheyra að líkindum þeim tíma þegar beitarhús voru á svæðinu. Þar sem engin greinileg beitarhúsatóft sést má ætla að hún hafi verið rifin og kann hún að hafa verið byggð úr timbri og bárujárni. Engar skýrar minjar um stekk á þessu svæði sjást lengur og er hann líklega horfinn vegna bygginga eða sléttunar á túninu innan gerðisins.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Nefsholt; Minnisblað Olgeirs Engilbertssonar

RA-405:015 heimild um traðir 63°55.173N 20°24.947V
Traðir eru sýndar til norðurs frá bæ 001 á túnakorti frá 1917. Á túnakortinu er þær 80 m langar en ekki er vitað


hvort að þær voru upphlaðnar eða hlaðnir veggir meðfram þeim.
Þar sem traðirnar lágu er nú bílslóði í sléttu, grasivöxnu túni. Að sögn Olgeirs Engilbertssonar, heimildamanns, var bílslóðinn notaður a.m.k. fram til 1936 þegar mýrin sunnan við bæ 001 var framræst.
Engin ummerki heimreiðarinnar sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-405:016 lind vatnsból 63°55.084N 20°24.963V
Guðný Finna Benediktsdóttir, heimildamaður, greindi frá því að vatnsból fyrir bæinn hafi verið neðst í brekku um 100 m sunnan við bæinn 001.
Lindin var í grösugum brekkurótum fast norðan við skurð og veg heim að Götu RA-404.
Engin mannvirki eru umhverfis lindina. Vatnshrútur var settur í lindina þegar hún var í notkun en hann skilaði aðeins litlum hluta af því vatni sem hann dældi upp.
Hættumat: engin hætta

RA-405:017 tóftir 63°55.288N 20°24.964V



Á vinstri mynd er tóft 017A, horft til suðvesturs. Á hægri mynd er tóft 017B, horft til suðvesturs




Tóftir 017

Í minnisblaði Olgeirs Engilbertssonar stendur: "Í Nátthagabrekkunum er greinileg tóft sem mér er ekki kunnugt um not á, en þar fer allt á kaf í snjó í fyrsta byl svo þetta mannvirki hefur verið notað yfir sumarið ef til vill eitthvað í sambandi við fráfærur. Hugsanlega hafa börn hlaðið þetta í sambandi við leiki, en það er allt óljóst." Tvær tóftir eru á þessu svæði en auk áðurgreindrar tóftar er önnur fyrir ofan Nátthagabrekkuna, á brúninni. Tóftirnar eru tæpa 300 m norðan við bæ 001 og 120 m suðaustan við nátthaga 018.
Tóftirnar eru í brattri mólendri brekku með náttúrulegum pöldrum og mólendi.
Tóftirnar tvær eru á svæði sem er 30x20 m að stærð og snýr norður-suður. Nyrðri tóftin, A er 10x7 m að stærð, snýr norður-suður og skiptist í tvö hólf. Hólf 1 er norðar og er 6x4 m að innanmáli. Hólfið snýr austur-vestur og byggt inn í brekku til austurs. Veggirnir eru 0,7-1,2 m að hæð og grónir. Hvergi glittir í grjót í þeim. Op er á vesturhlið. Hólf 2 er sunnar. Það er 3x2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 1 m á hæð og algrónir; hvergi sést glitta í grjót. Op er á vesturhlið. Tóft B er 14 m suðaustan við tóft A, uppi á brekkubrún. Hún er 4x3 m a stærð, einföld og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 0,5 m á hæð og mosavaxnir. Op er á miðri vesturhlið. Tóftin er sigin og sker sig lítið úr nánasta umhverfi. Hlutverk tóftanna er óþekkt en afar ólíklegt verður að teljast að börn hafi gert þær. Mögulega er um stekk eða fjárhús að ræða.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Minnisblað Olgeirs Engilbertssonar

RA-405:018 gerði nátthagi 63°55.379N 20°25.081V



Nátthagi 018, horft til suðausturs



Nátthagi 018


Nátthagi er rúma 450 m norðan við bæ 001 og tæpum 200 m norðaustan við tóftir 017. Olgeir Engilbertsson sló hann fyrstu árin eftir að hann tók við búskap í Nefsholti í kringum 1960 en þá var hann löngu fallinn úr notkun. Nátthaginn er í brattri brekku sem hallar til vesturs. Þær eru merktar Innbrekkur á örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar.
Nátthaginn er í brattri brekku í halla til vesturs og neðan brekkunnar. Brekkan er 10 m há og mólend. Gott skjól hefur verið í nátthaganum. Á þeim hluta nátthagans sem er neðan brekkunnar er slétt, grasivaxið tún. Stórþýft mólendi er umhverfis nátthagann.
Nátthaginn er 160x45 m að stærð og snýr norður-suður. Hann skiptist í tvö hólf en ekki mótar fyrir tóft inni í honum. Slétt tún er innan í honum og mólend brekka. Hólf 1 er sunnar. Það er 90x40m að stærð og snýr NNV-SSA. Veggirnir eru 0,3-1,1 m á hæð og torf- og grjóthlaðnir. Þeir eru 2 m breiðir í botninn en mjókka upp. Rof er komið í veggina á nokkrum stöðum og sést grjót í botninum en einungis torf ofar. Vírgirðing var ofan á veggjunum og sjást girðingarstaurar ennþá hér og þar. Austurhlið garðsins var uppi á brekkubrún en er horfin, eflaust vegna jarðsigs. Sömuleiðis er einungis hluti af norðurhliðinni varðveittur. Op var á vesturhlið, á mörkum hólfanna. Hólf 1 er norðar og allar hliðar þess varðveittar að mestu. Það er 70x45 m að stærð og snýr norður-suður. Veggirnir eru eins að gerð og lögun og í hólfi 1. Einnig er sama opið inn í þau. Austurveggurinn nær 10 m lengra til norðurs en hóflið sjálft.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Nefsholt

RA-405:019 tóft hesthús
63°55.255N 20°24.880V
Í minnisblaði Olgeirs Engilbertssonar, stendur: "Fast við túngarðinn [020] vestur af núverandi kartöflugarði er kofatóft sem tengdafaðir minn sagði að hefði verið hesthús." Túngarðurinn sem Olgeir minnist á er sýndur á túnakorti frá 1917. Hesthúsið er rúma 230 m norðan við bæ 001 og 3 m vestan við túngarð 020. Hesthúsið er á hólrima, milli túngarðsins og mýrarsunds. Það er utan gamla heimatúnsins, sunnan við Steinagil.



Tóft 019, horft til NNA

Hesthúsið er í stórþýfðu mólendi.
Hesthústóftin er 9x7 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er nánast úrflött og veggjarbrot sjást einungis á tveimur stöðum. Að öðru leyti er það þúst. Veggirnir eru í suðaustur- og norðausturhorni og eru 1 m á hæð og 2x1 m að stærð. Þeir eru algrónir og hvergi sést glitta í grjót. Þústin er hins vegar 0,5 m á hæð, grasivaxin og hvergi mótar fyrir hólfi. Kindagötur liggja þvert yfir hesthústóftina.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Minnisblað Olgeirs Engilbertssonar



Tóft 019

RA-405:020 garðlag túngarður
63°55.220N 20°24.957V


Túngarður 020, horft til vesturs

Samkvæmt túnakorti frá 1917 afmarkar túngarður norður- og austurhlið gamla heimatúnsins. Í minnisblaði Olgeirs Engilbertssonar stendur: "Garðarnir sem eru á landamörkum og túngarðar munu flestir hafa verið hlaðnir á árunum 1920 til 1930. Þessir garðar nýttust vel sem vörn fyrir fénað og oftast voru aðeins 2 eða mesta lagi 3 vírstrengir hafðir á þeim og sparaðist þar með mikið girðingarefni sem var dýrt." Hluti af þeim túngarðsleifum sem enn sjást eru ekki sýndir á túnakortinu og greinilega orðið til eftir 1917.
Innan gamla heimatúnsins eru grasivaxin og slétt tún, uppi á holtinu sem bær 001 er á. Gróið, mólendi með náttúrulegum pöldrum eru í hlíðum þess.
Túngarðar afmarka svæði sem er 400x350 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Garðlag afmarkaði norður- og austurhliðar túnsins en túnið var annars markað af náttúrunnar hendi, til vesturs eru brattar brekkur og til suðurs er mýri. Fjórir hlutar túngarðsins eru varðveittir og var þeim gefinn bókstafur til aðgreiningar. Að öðru leyti er túngarðurinn horfinn í slétt tún. Túngarður A er sýndur á túnakortinu. Hann snýr austur-vestur og liggur í brekku niður af náttúrulegu holti. Hann er 50 m langur, 0,6-1,6 m á hæð og er grasivaxinn. Hann er 2 m breiður neðst en mjókkar upp. Girt er ofan hann með þremur vírstrengjum. Túngarður B liggur til norðausturs frá garði A. Hann er ekki sýndur á túnakortinu og því yngri en frá 1917. Hann er 160 m langur, 1,5-2 m á hæð og grasivaxinn. Þrír vírstrengir eru ofan á honum og vegslóði liggur austan við garðinn. Túngarður C afmarkaði austurhlið gamla heimatúnsins og er sýndur þannig á túnakorti frá 1917. Hann er 45 m langur og snýr norður-suður, niður holtið sem bær 001 er á. Garðurinn er 1 m á hæð, algróinn og ekki er girt þar. Túngarður D liggur til austurs frá túngarði C og er ekki sýndur á túnakorti frá 1917. Hann er tæplega 70 m langur, liggur ANA-VSV og er algróinn. Túngarðurinn er 0,8 m á hæð og ekki girðing ofan á honum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917; minnisblað Olgeirs Engilbertssonar

RA-405:021 heimild um sundlaug 63°54.913N 20°25.027V
Í minnisblaði Olgeirs Engilbertssonar segir: "Árið 1910 stóð félagið [Ungmennafélagið Ingólfur) fyrir byggingu hnaushlaðinnar sundlaugar. Laugin var hlaðin úr mýrarkekkjum og stærðin 10 til 12 metrar á lengd og var rúnað af í hornunum. Botninn var á klöpp og náði vatnið meðalmanni í öxl. Vatnið var það gruggugt að ekki sást í botn. Vatnið var leitt úr Nefsholtslaugum í nokkurs konar lokræsi sem var handgrafið og lagður stór hnaus á hvolf yfir. Vatnið var 38 stiga heitt og lengd ræsisins 150 til 160 metrar. Áið 1936 stóð félagið fyrir byggingu nýrrar sundlaugar úr steinsteypu [...] á sama stað og gamla laugin." Sundlaugin er rúma 400 m sunnan við bæ 001, sunnan við skólann í Laugalandi.
Fyllt var upp í sundlaugina og sett rotþró þar. Þar er einnig malarplan fyrir húsbýla í tengslum við tjaldsvæðið í Laugalandi.
Engin ummerki sundlaugarinnar sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Minnisblað Olgeirs Engilbertssonar

RA-405:022 heimild um kálgarð 63°55.079N 20°25.191V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður 200-210 m suðvestan við bæ 001.
Kálgarðurinn var á suðvesturenda á löngum og mjóum túnrana. Tún er fast suðvestan við enda ranans og til norðausturs eru fjárhús frá síðari hluta 20. aldar.
Ekki sést til minja um kálgarðinn og hefur hann að líkindum verið sléttaður í tún.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1917

RA-405:023 heimild um kálgarð 63°55.084N 20°25.070V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður 120-130 m suðvestan við bæ 001. Guðný Finna Benediktsdóttir, heimildamaður, man eftir kálgarði á þessum stað.
Kálgarðurinn var austan við nýlegt hesthús og vestan við veginn heim að Nefsholti. Þar trjárækt og grasgefið.
Ekki sést til leifa af kálgarði og hefur hann mögulega verið rifinn vegna bygginga eða sléttað hefur verið úr honum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1917

RA-405:024 heimild um kálgarð 63°55.133N 20°24.991V
Samkvæmt túnakorti var tvískiptur kálgarður, var fast sunnan við bæjarröðina. Annar hluti kálgarðsins var fyrir Austurbæinn og hinn fyrir Vesturbæinn.
Þar sem kálgarðurinn var er malbikað plan og malarvegur frá planinu til austurs. Dálítill stallur sunnan við húsaröðina.
Ekki sést til minja um kálgarðinn og hefur að líkindum verið sléttað úr honum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1917

RA-405:025 heimild um kálgarð 63°55.134N 20°24.960V
Samkvæmt túnakorti var kálgarður fast sunnan við útihús 002, um 20 m austan við bæ 001.
Þar sem kálgarðurinn var er vegarslóði til norðausturs og slétt grasflöt sem er að hluta manngerð og í tengslum við framkvæmdir við nútíma fjósbyggingu. Skjólbelti vex einnig á þessum stað.
Ekki sést til minja um kálgarðinn og hefur hann líklega verið sléttaður í tún.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1917

RA-405:026 garðlag landamerki 63°55.482N 20°25.463V




Á vinstri mynd er landamerkjagarður 026, horft til suðurs. Á hægri mynd er varða uppi á Fagurhól, horft til suðvesturs

Landamerkjagarður sem var hlaðinn milli 1930 og 1940 er á merkjum milli Hvamms og Nefsholts. Hann liggur yfir Fagurhól og frá honum til suðurs þar til hann hverfur í skurð. Suðurendi garðsins er um 585 m norðvestan við bæ 001. Varða er uppi á Fagurhól sem kann að hafa verið landamerkjavarða. Hún er um 760 m norðvestan við bæ 001 og er skráð með garðinum.
Garðurinn liggur um þýft mólendi og mýrlendi. Varðan stendur hátt uppi á Fagurhól.
Garðurinn sést á um 540 m löngum kafla og snýr norður-suður. Hann er gróinn, líklega torfhlaðinn í mýrinni en

grjót- og torfhlaðinn í mólendinu, og er um 1 m á hæð og breidd. Varða er uppi á Fagurhól. Hún er líklega landamerkjavarða en það fékkst ekki staðfest. Hún er um 3 m austan við landamerkjagarðinn. Hún stendur á suðurbrún Fagurhóls. Varðan hrundi í jarðskjálftanum árið 2000 en var endurhlaðin. Hún er um 1,5 m á hæð, 1 m í þvermál og mjókkar upp. Í henni sjást 8 umför hleðslu. Garðurinn er skráður hér þó að hann teljist ekki til fornleifa samkvæmt skilgreiningu laganna sem kveður á um 100 ára lágmarksaldur. Það er gert vegna þess að garðar sem þessir sýna verkkunnáttu liðinna alda og voru byggðir að fornri hefð.
Hættumat: engin hætta

RA-405:027 garðlag 63°55.532N 20°25.470V

Fornlegt garðlag liggur þvert á merki milli Hvamms og Nefsholts norðan við Fagurhól, um 830 m norðvestan við bæ 001.
Garðlagið liggur frá mýri í landi Nefsholts til austurs yfir í land Hvamms, þar sem það endar við djúpa lág sem snýr suðvestur-norðaustur. Þó virðist garðlagið beygja meðfram láginni en erfitt er að fullyrða um það vegna þess hve það er sigið og ógreinilegt.
Garðlagið er um 105 m á lengd og það liggur nálega austur-vestur. Í vesturenda, þar sem það virðist beygja til suðvesturs meðfram láginni í landi Hvamms er það 15 m langt. Það er óskýrt í austurenda en verður mjög skýrt um miðbikið, á merkjum milli jarðanna tveggja. Landamerkjagarður 026 liggur yfir þennan garð og hefur verið grafið í hann til að fá hleðsluefni. Garðurinn er um 3 m á breidd og er 0,5-0,7 m á hæð þar sem hann er hæstur. Hann er nokkuð hlaupinn í þúfur og margar kindagötur og einn bílslóði liggja yfir hann. Hlutverk garðsins er óþekkt en staðsetning hans vekur upp spurningar um jarðaskipti og hvernig þau hafa breyst í gegnum tíðina.



Fornt garðlag 027, horft til austurs

Hættumat: engin hætta

RA-405:028 vegur samgöngubót 63°55.562N 20°25.273V

Mýrarbrú er á leið 671:007 sem sést frá Stekkatúni 014 og áfram inn að beitarhúsum 009 en heldur áfram þegar framhjá þeim er komið. Brúin er um 820 m norðan við bæ 001. Hún er á leið sem Olgeir Engilbertsson, heimilamaður, lýsir í minnisblaði sínu: "Enn er eftir að geta um gamla vegslóðann frá Fagurhól inn eftir högunum upp í Holt. Þarna fóru bílar upp að Þverlæk og víðar áður en Hagabrautin var lögð 1947-50. Götur eru líka frá Fagurhól heim að Nefsholti. Þessi leið var mikið farin af því að mýrin þar sem Laugaland er núna var mjög blaut og erfið yfirferðar og ekki kom ræsi í lækinn fyrr en gamla sundlaugin var byggð 1936."
Brúin er yfir stutt mýrarsund milli hæða.
Brúin er um 85 m á lengd og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er um 4 m á breidd en hún er signust og breiðust í miðju sundinu. Hæst er hún um 0,5 m á hæð. Grjót má sjá í henni á einum stað.



Mýrarbrú 028 á leið 671:007, horft til norðausturs

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Minnisblað Olgeirs Engilbertssonar

RA-405:029 gata leið 63°55.553N 20°25.414V

Götur liggja frá Stekkatúni 014, þvert á leið RA-671:007 austan við Fagurhól, til norðvesturs. Göturnar sjást um 700 m norðvestan við bæ 001.
Göturnar liggja um holt sem eru gróin að mestu en á stöku stað er komið rof í gróðurþekjuna.
Leiðinni var fylgt eftir á um 150 m löngum kafla en á loftmynd sem tekin var á tímabilinu 1998-2000 sjást slitur af leiðinni áfram upp á Kambsheiði á um 650 m löngum kafla. Leiðin hverfur uppi á heiðinni þar sem uppblástur


hefur geisað. Göturnar eru víðast grónar og sjást 3-5 saman á 3-4 m breiðu svæði. Þær eru fremur grunnar og mjóar, 0,2-0,4 m á dýpt og breidd. Ekki er vitað með vissu hvert leiðin lá en líklegt er að hún hafi legið að Hreiðri RA-384 eða á leið RA-671:019.
Hættumat: engin hætta



Garðlag 030, horft til suðausturs

RA-405:030 garðlag
63°55.777N 20°24.591V
Sigið garðlag er á svokölluðum Sótás, norðan við Sótáskrika. Það er óskýrt og illgreinilegt. Garðlagið er um 1,1 km NNA við bæ 001.
Stórþýft mólendi er á þessum slóðum.
Garðlagið er nánast útflatt og afar óskýrt. Það snýr norðvestur-suðaustur og sést á tæplega 140 m löngum kafla. Það er 2-3 m á breidd, 0,3-0,4 m á hæð og sker sig ekki úr nánasta umhverfi. Það er stórþýft og algróið. Ekki er vitað í hvaða tilgangi garðlagið var byggt.
Hættumat: engin hætta


RA-405:031 frásögn mógrafir
63°54.901N 20°24.802V
Að sögn heimildamanna, Olgeirs Engilbertssonar og Guðnýjar Finnu Benediktsdóttur, voru mógrafir í námunda við Stóra- og Litla-Móhól. Þær voru um 460 m SSA við bæ 001.
Mógrafirnar voru þar sem nú er tjaldsvæði og skógrækt. Fyllt hefur verið upp í mógrafirnar, mýrin framræst og sléttað yfir svæðið.
Ekki sést lengur til minja um mógrafir á þessu svæði.
Hættumat: engin hætta



RA-406 Hvammur

10 hdr 1708. JÁM I, 330. 1270: Getið í máldaga Oddakirkju. DI II, 86-88. "Hún [jörðin] er um 200 ha og nær helmingurinn þurrlendi. Fjórði hluti jarðarinnar var uppblásinn." SB V, 254.
1917: Tún 4,5 ha, þar af slétt 3 ha, garðar 1260 m².

RA-406:001 *Hvammur* bæjarhóll bústaður 63°55.147N 20°26.632V




Mynd af Hvammi frá 1930 eða fyrr (Holtamannabók I, bls. 180)

Íbúðarhús, byggt 1930, er að öllum líkindum þar sem gamli bærinn stóð í Hvammi og á miðjum bæjarhólnum. Á mynd í Sunnlenskum byggðum V frá um 1980 sést húsið ásamt kálgarði 019 sunnan þess og sést hann á túnakorti frá 1917. Verið er að endurgera íbúðarhúsið en núverandi ábúendur breyttu útihúsum frá 20. öld í íbúðarhús. Þau sjást einnig á ljósmyndinni í Sunnlenskum byggðum. Samkvæmt Sigurbjörgu Elimarsdóttur, heimildamanns, var fjós vestan við íbúðarhúsið og er það skráð með bæjarhólnum.
Bærinn er sunnan undir Kambsheiði, fyrir neðan hól sem kallast Bjalli. Grasivaxin tún eru í hlíðum Bjallans, sem og til austurs og vesturs. Malarslóðar og bílaplan eru sunnan við bæinn.
Ekki sést til uppsafnaðra mannvistarlaga á svæðinu og greinilegt að mikið rask hefur átt sér stað á bæjarhólnum. Íbúðarhúsið frá 1930 er með kjallara en núverandi ábúendur vissu ekki hvort að mannvist hefði komið í ljós við bygginguna. Norðan við íbúðarhúsið er 2-3 m djúpur grunnur eftir útihús frá 20. en þau hafa verið rifin. Rör sjást í sniðinu. Malarslóði er fyrir norðan grunninn sem og sunnan íbúðarhúsið. Sléttað hefur verið yfir svæðið og ekki sést til neinnar upphækkunar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917; SB V, 254

RA-406:002 tóft fjárhús 63°55.125N 20°26.810V




Fjárhústóft 002


Fjárhústóft 002, horft til suðurs

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 140 m VSV við bæ 001. Þar sést enn tóft.
Tóftin er vestarlega á holti sem liggur til vesturs frá bæ 001. Holtið er í túni sem nýtt er til beitar og stendur hátt.
Tóftin er tvískipt, hún er grjót- og torfhlaðin og leifar af bárujárni sjást í henni. Tóftin er um 13x11 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hólf I er að öllum líkindum fjárhús. Það er um 11x2,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki er veggur til norðvesturs þar sem líklegt er að hafi verið timbur- eða bárujárnsþil. Hólf II er suðvestan við hólf I. Það er um 2,5x2 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Líklega hefur verið op inn í það úr suðaustri en þar er veggurinn ógreinilegur. Mögulega var hlaða í þessu hólfi eða lambhús. Tóftin er grjót- og torfhlaðin og mest sjást 8 umför hleðslu í veggjum sem eru hæstir um 1,3 m. Fremur þunnt grjót er í hleðslunum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-406:003 heimild um útihús 63°55.192N 20°26.593V
Útihús er merkt inn á túnakort frá 1917 rúma 90 m norðan við bæ 001. Útihúsið var við austurbrún náttúrulegs hvamms sem gengur inn í Bjallann. Líklega var útihúsið rifið eða sléttað.
Þar sem útihúsið var er grasivaxið svæði í aflíðandi halla til suðurs, niður á grasivaxið tún.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-406:004 náma mógrafir
63°55.264N 20°25.741V
Við Brúarrima 022 eru tvær mógrafir, um 750 m austan við bæ 001.
Brúarrimi er á milli Stakarima og Syðstarima í mýri sem hefur verið ræst fram að miklu leyti.
Mógrafirnar eru á svæði sem er um 50x20 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Mógröf A er syðst á svæðinu og fast suðaustan við Brúarrima. Hún er um 18x14 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er dýpst um 1 m næst rimanum. Hún er gróin að hluta og þurr. Mógröf B er um 10 m norðan við mógröf A, fast norðaustan við rimann. Hún er um 31x14 m að innanmáli, snýr NNA-SSV. Hún er um 0,5 m djúp, er ógróin og þurr.


Mógröf 004A, horft til norðausturs

Hættumat: engin hætta

RA-406:005 *Vörðurimi* örnefni 63°54.994N 20°26.376V
"Vestan við Brúnir heitir Vörðurimi ...," segir í örnefnalýsingu. Líklega er Vörðurimi um 300 m suðaustan við bæ 001.
Á Vörðurima er gamall braggi og þar í kring er beitarhólf. Sunnan við rimann er framræst mýri.
Ekki sást varða á rimanum. Hún kann að hafa horfið þegar bragginn var reistur en ekkert er um það vitað. Ekki er ljóst hvaða tilgangi varðan hefur þjónað.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvammur, 1

RA-406:006 *Stekkatún* heimild um stekk 63°54.925N 20°26.472V
"Vestan við Brúnir heitir Vörðurimi [005] og sunnan við hann Stekkatún og Stekkatúnsrimi," segir í örnefnalýsingu. Stekkatúnsrimi er rúma 430 m sunnan við bæ 001 og 1,2 km suðvestan við beitarhús 010.
Stekkatúnstimi er í smáþýfðri og grónu mýrlendi.
Stekkatúnsrimi er náttúrulegur og mun grænni en nánasta umhverfi. Allt umhverfis hann er framræst mýrlendi og líklegt að stekkurinn hafi verið á rimanum. Engin ummerki sjást um stekkinn og er líklegt að hann sé horfinn í þýfi.
Á rimanum, sem er 40x25 m að stærð og snýr austur-vestur, eru víða beinir bakkar og stórþýfi. Einkum þó austan til í honum. Afar líklegt er að mannvist leynist undir sverði þar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hvammur, 1



Stekkatúnsrimi 006, horft til vesturs

RA-406:007 *Lambhúsbrekka* örnefni lambhús 63°55.180N 20°26.731V
"Túnið vestur af bænum heitir Seigla. ... Ofan við Seiglu var Lambhúsbrekka ...," segir í örnefnalýsingu. Lambhúsbrekka er að líkindum um 100 m norðvestan við bæ 001.
Lambhúsbrekka er allhá og brött brekka efst í túninu, suðaustan undir klettabrúnum.
Ekki sést til minja um lambhús í eða við samnefnda brekku og hefur það líklega verið sléttað.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hvammur, 2

RA-406:008 *Básar* huldufólksbústaður huldufólksbústaður 63°55.200N 20°26.909V
"Vestast í túninu heita Lautir, en vestan við túnið eru klettabrúnir með hvömmum og heita Básar. Þar býr huldufólk," segir í örnefnalýsingu. Básar eru um 250 m norðvestan við bæ 001.
Básar eru norðvestan við gömlu heimreiðina að bænum, malarveg, vestan við heimatúnið sem hefur verið fært út síðan túnakort var gert fyrir jörðina 1917.
Básar eru fallegir hvammar undir lágri klapparbrún.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvammur, 2


RA-406:009 heimild um traðir 63°55.158N 20°26.512V
Heimreið að Hvammi er sýnd á túnakorti frá 1917 og lá hún að bæ 001 úr austri . Þar er hún 90 m löng en ekki er vitað hvort að hún var upphlaðinn.
Þar sem heimreiðin lá er malarvegur vestast við bæinn en annars slétt, grasivaxið tún.
Engin ummerki heimreiðar sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-406:010 tóft+garðlag beitarhús 63°55.470N 20°25.721V
Beitarhús eru 950 m norðaustan við bæ 001 og 800 m norðaustan við tóft 013. Þau eru sunnan undir Fagurhólsheiði, um 150 m vestan landamörk Nefsholts RA-405. Beitarhúsin eru sunnan undir brekku, um 15 hárri og nokkuð brattri, í góðu skjóli.

Beitarhúsin eru neðan við mólenda brekku til suðurs. Þar eru víða náttúrulegir paldrar og stallar.




Beitarhúsatóft og garðlag 010, horft til suðurs



Beitarhúsatóft og garðlag 010

Á svæði sem er 26x15 og snýr norður-suður, er tóft og garðlag. Voru þeim gefnir bókstafir til aðgreiningar. Tóft A er af beitarhúsunum. Hún er 15x15 m að stærð og skiptist í tvö hólf. Hólf 1 er vestar. Það er 10x3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggirnir eru 1-1,5 m á hæð og sjást mest 6 umför af grjóthleðslu. Hólfið er byggt inn í brekku til norðurs og vesturs en nokkuð hrun er í vesturvegg. Op er á miðjum suðurvegg. Ekki sést garði eða jötur. Hólf 2 er austar. Það er 10x6 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggirnir eru 1,6-1,2 m að hæð og sjást mest 4 umför af grjóthleðslu. Norðurveggurinn er grafinn inn í brekkuna. Op er í suðvesturhorni hólfsins. Garðlag B liggur til suðurs frá hólfi 2. Einungis er 1 m á milli þeirra og ekki útilokað að tóftin og garðlagið hafi verið sambyggð en þau tengsl eru horfin. Garðlagið er 10 m langt og 0,8 m á hæð. Það er líklega torfhlaðið. Mögulega sést móta fyrir hólfi austan við garðlagið. Þar er 7x5 m sléttur, grasivaxinn blettur í stórþýfðu mólendi. Umhverfis hann er 0,4 m hár bakki. Mögulega var þarna heykuml. Að sögn Sigurbjargar Elimarsdóttur, heimildamanns, voru hrútar hafðir í húsunum.
Hættumat: engin hætta

RA-406:011 tóft+garðlag túngarður 63°55.202N 20°26.749V



Tóft 011




Hluti af túngarði 011A og tóft 011B, horft til norðurs

Túngarður er sýndur umhverfis gamla heimatúnið á túnakorti frá 1917. Einungis norður-og austurhliðarnar eru varveittar að hluta. Suður- og vesturhliðarnar eru m.a. komnar í slétt tún. Norðurhliðin var uppi á svokölluðum

Bjalla.
Innan gamla heimatúnsins er slétt, grasivaxið tún en fyrir norðan hann gróið mólendi. Til suðurs og vesturs eru slétt, framræst tún.
Túngarðurinn afmarkaði svæði sem var 330x220 m að stærð og snéri norður-suður.Tvö sambyggð hólf voru við norðurhliðina, í austur- og vesturhorni. Það eystra sést enn. Einungis norður- og austurhliðar túngarðsins eru varðveittar að hluta. Túngarðurinn er 1-1,2 m á hæð og 1,5 m á breidd. Það sést glitta í grjót hér og þar í gegnum gróður. Ekki er þó um skýr umför að ræða. Norðurhliðin fékk bókstafinn A. Hún sést á rúmlega 180 m löngum kafla og búið að gera vegslóða þar í gegn á einum stað. Annað op er á túngarðinum og 10 m langt garðlag liggur þar til suðvesturs og er ekki sýnt á túnakortinu. Hlutverk þess var líklega að varna því að búpeningur færi utan túns. Túngarður B er hluti af norður- og austurhlið. Hún er 40 m löng, L-laga og með sambyggðu hólfi sem fékk bókstafinn C. Hólfið, eða tóftin, er 9x7 m að stærð, einföld og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 1,6 m á hæð og grjóthlaðnir. Það sjást 6 umför af grjóti í þeim inn á milli gróðurs. Op er á miðri suðurhlið og ekkert þak. Hólfið er innan túns.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-406:012 heimild um kálgarð 63°55.147N 20°26.623V
Kálgarður er merktur inn á túnakort frá 1917 um 2 m austan við bæ 001. Þar eru 20. aldar byggingar.
Engin ummerki kálgarðsins sjást á yfirborði og hefur hann horfið vegna bygginga.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-406:013 tóft 63°55.232N 20°22.546V



Tóft 013


Tóft 013, horft til norðausturs

Tóft er í Kambsheiði, rúmum 170 m norðaustan við bæ 001.
Tóftin er í grónu, smáþýfðu mólendi í aflíðandi halla til suðurs.
Tóftin er 6x5 m að stærð, einföld og snýr VNV-ASA. Tóftin er opin til ASA og annað op er á miðjum vesturvegg. Austurveggur tóftarinnar er raskaður og nánast horfinn. Veggirnir eru annars 0,5-0,7 m á hæð, smáþýfðir og grasivaxnir. Það glittir víða í grjót án þess að um skýrar hleðslur sé að ræða. Líklega var annað hólf fyrir vestan tóftina. Þar sést óljóst veggjarbrot, rúmlega 3 m langt. Það er gróið, þýft og 0,4 m á hæð. Miðað við staðsetningu tóftarinnar og lag hennar var hún líklega fjárhús eða jafnvel kvíar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Kálgarður 014, horft til norðurs


RA-406:014 gerði kálgarður
63°55.112N 20°26.812V
Kálgarður er sunnan í holti um 160 m suðvestan við bæ 001 og um 10 m sunnan við tóft 002.

Kálgarðurinn er sunnan í holtinu í túni sem nýtt er til beitar.
Kálgarðurinn er um 24x16 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hann virðist að mestu vera niðurgrafinn og eru veggir lágir og ógreinilegir. Mesta hæð þeirra innanmáls er 0,4 m og utanmáls 0,2 m þar sem þeir eru hæstir. Veggir virðast vera torfhlaðnir. Kálgarðurinn hallar mót suðri.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-406:015 tóft 63°55.445N 20°25.504V




Tóft 015, horft til norðausturs



Tóft 015

Sigin tóft er um 1,07 km norðaustan við bæ 001, líklega í Stakarima sunnan undir Fagrahól sem er á merkjum milli Nefsholts RA-405 og Hvamms.
Tóftin er á fremur lágum og umfangslitlum hól í mýrlendi.
Tóftin er um 11x3 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er að því er virðist torfhlaðin og er tvískipt. Hólf II er í suðausturenda. Það er um 2x1,5 m að innanmáli, snýr norðaustur-suðvestur. Ógreinilegt op er á hólfinu til suðvesturs inn í hólf I. Það hólf er um 4x1 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Op er á hólfinu, og þar með tóftinni, til suðvesturs. Veggir tóftarinnar eru mjög signir og eru um 0,3 m á hæð. Hlutverk tóftarinnar er óþekkt en mögulega hefur verið beitarhús á þessum stað.
Hættumat: engin hætta

RA-406:016 þúst útihús 63°55.140N 20°26.693V



Þúst 016



Þúst 016, horft til SSA

Þúst er um 50 m vestan við bæ 001. Hún er austast á löngu holti sem snýr nálega austur-vestur.
Holtið er innan beitarhólfs í gamla heimatúninu.
Þústin er um 20x18 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Í suðausturhorni er steyptur klumpur. Ekki er ljóst hvaða tilgangi hann þjónaði. Í þústinni eru þrjár dældir. Sú sem er vestast I er um 2x5 m að innanmáli, snýr


norður-suður. Fast austan við hana er ógreinileg dæld II sem er um 4x6 m að innanmáli og snýr eins. Í henni er áðurnefndur steypuklumpur. Fast norðan við þessar tvær dældir er ílöng dæld III sem er um 2x14 m að innanmáli og snýr ASA-VNV. Þústin er hæst um 0,3 m. Sunnan við þústina í brekku niður af holtinu eru tvær litlar dældir inn í brekkuna sem kunna að vera manngerðar og eru skráðar með þústinni. Austari dældin IV er um 4x2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Um 3 m vestan við dæld IV er dæld V sem er um 2x1 m að innanmáli og snýr norður-suður. Afar líklegt er að útihús hafi staðið á þessum stað. Það er ekki sýnt á túnakorti frá 1917 og er líklega yngra en það. Ekki er hins vegar hægt að útiloka að á þessum stað séu eldri minjar undir sverði, enda mjög nærri bæ.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-406:017 heimild um kálgarð 63°55.142N 20°26.642V
Kálgarður er merktur inn á túnakorti frá 1917 2 m vestan við bæ 001.
Þar sem kálgarðurinn var er malarplan vestan við íbúðarhúsið.
Engin ummerki kálgarðsins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-406:018 tóft beitarhús 63°54.777N 20°26.339V



Beitarhúsatóft 018, horft til VSV



Beitarhúsatóft 018

"Hún [Markakelda] er á merkjum Lýtingsstaða [RA-407] og Hvamms og kemur niður í Steinslæk vestan við Hvammsholtin. (Á Hvammsholtum voru sauðahús)," segir í örnefnalýsingu Lýtingsstaða. Stór tóft er um 730 m sunnan við bæ 001.
Tóftin er á lítilli hæð í þýfðu mólendi á milli holta.
Tóftin er 18x17 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Hún skiptist í fjögur hólf. Hólf I er í miðri tóft. Það er um 6x4 m að innanmáli, snýr NNV-SSA. Um miðbik hólfsins dýpkar það á svæði sem er um 2x2,5 m að innanmáli og snýr eins og hólfið. Op er á hólfinu til NNV. Hólf II er vestan við hólf I. Það er um 4x2,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á því til norðvesturs. Hólf III er norðan við hólf II og norðvestan við hólf I. Það er um 6x3 m að innanmáli og snýr NNA-SSV. Op er á því til SSV. Ógreinilegt hólf IV er austan við hólf I. Það er um 7x5 m að innanmáli og snýr nálega norður-suður. Ekki er skýr veggur á þessu hólfi nema til austurs. Ef til vill var hérna heystæði. Tóftin er gróin og líklega torfhlaðin. Mesta hleðsluhæð er um 1 m. Líklegt er að hér sé um beitarhúsatóft að ræða og gefur fjarlægð frá bæ og gerð tóftarinnar það helst til kynna.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Lýtingsstaðir, 5

RA-406:019 heimild um kálgarð 63°55.140N 20°26.625V
Kálgarður er merktur 3 m suðaustan við bæ 001 á túnakorti frá 1917. Hann sést einnig á ljósmynd í Sunnlenskum byggðum V sem tekin var um 1980.
Þar sem kálgarðurinn var er grasivaxið svæði sem nýtt var sem heimagarður sunnan við íbúðarhúsið. Þar eru nokkur tré, malarvegur til suðurs en malarplan til vesturs og austurs.
Engin ummerki kálgarðsins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; SB V, 254

RA-406:020 garðlag göngugarður 63°55.151N 20°25.776V
Garðlag liggur frá merkjum móti Nefsholti RA-405 yfir mýrarsund og áfram til vesturs upp á Brúnir. Líklega hefur þetta verið vörslugarður en Olgeir Engilbertsson í Nefsholti, heimildamaður, sagði frá því að hægt hafi verið að stytta sér leið milli Hvamms og Nefsholts með því að ganga eftir garðinum í mýrinni. Hann sést fyrst um 650 m austan við bæ 001.
Garðurinn er í mýri og uppi á þýfðu holti. Hann er horfinn í skurð á kafla.
Garðurinn er um 270 m að lengd og liggur nálega austur-vestur. Hann er líklega torfhlaðinn, um 0,7 m á hæð þar sem hann er hæstur og um 1 m á breidd þar sem hann er breiðastur.
Hættumat: engin hætta



Garðlag 020, horft til vesturs

RA-406:021 heimild um býli
63°55.143N 20°26.854V
Í Þykkskinnu hinni síðari stendur: "en nýr kofi með sama sniði reistur [árið 1910] vestan við túngarð [sjá 011] í Hvammi í Holtum. (...) Fjórði kofi hans var að mestu reistur af grönnum hans." Hér er verið að fjalla um Einar smið sem reisti sér kot í landi Lýtingsstaða nokkuð fyrr (sjá 407:021). Nánar er fjallað um hann þar. Samkvæmt Sigurbjörgu Elimarsdóttur, heimildamanni, var býlið um 180 m vestan við bæ 001 og um 50 m NNV við fjárhústóft 021. Samkvæmt Þykkskinnu var kofinn rifinn.
Vestan við túngarðinn, sunnan við Kambsheiði er slétt og grasivaxið tún.
Engin ummerki kofans sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: HH: Þykkskinna II, 34

RA-406:022 *Brúarrimi* örnefni leið 63°55.279N 20°25.766V
"Austan við túnið heitir Bjallamýri. Austast í henni heitir Stakirimi og Brúarrimi ...," segir í örnefnalýsingu. Brúarrimi er um 750 m austan við bæ 001.
Brúarrimi er þurr rimi í mýrlendi sem hefur verið framræst að nokkru leyti.
Brúarrimi dregur líklega nafn sitt af því að hægt hefur verið að nota hann sem brú yfir blautlendi sem er allt í kringum hann en ekki er að sjá nein ummerki um manngerða brú á honum eða við hann og ekki sáust götur á vettvangi við Brúarrima aðrar en fjárgötur. Um 280 m norðan við Brúarrima er djúpt skarð í brekku nærri merkjum á móti Nefsholti RA-405. Ekki er útilokað að leið hafi legið um skarðið og stuðlað að myndun þess. Sú leið kann að hafa legið á svipuðum stað og vegur RA-671:007, en legið eftir Brúarrima og áleiðis í suðurátt.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvammur, 1

RA-406:023 frásögn brunnur
Samkvæmt Sigurbjörgu Elimarsdóttur, heimildamanni, var brunnur heima við bæ, um 25 m suðaustan við bæ 001. Upplýsingar um minjarnar frá Sigurbjörgu bárust eftir að vettvangsvinnu lauk og voru þær því ekki skoðaðar á vettvangi.
Líklega var brunnurinn þar sem vegur að bæ og plan framan við núverandi íbúðarhús eru.
að sögn Sigurbjargar var brunnurinn grjóthlaðinn og mjög djúpur. Hann þornaði um 1960 og var þá fluttur austur í mýri þar sem fyrir var brunnur 024. Líklegt er að fyllt hafi verið upp í brunninn.

RA-406:024 frásögn brunnur
Samkvæmt Sigurbjörgu Elimarsdóttur, heimildamanni, var brunnur í mýri austan við bæinn, líklega um 270 m austan við bæ 001. Upplýsingar um minjarnar frá Sigurbjörgu bárust eftir að vettvangsvinnu lauk og voru þær því ekki skoðaðar á vettvangi.
Brunnurinn var í mýrlendum móa.
Sigurbjörg var ekki viss um að brunnurinn hefði verið hlaðinn því hann var alltaf fullur af vatni. Leirvatn var í honum, ekki gott. Neysluvatn var sótt í þennan brunn frá 1960 þegar brunnur 023 heima við bæ þornaði. Sigurbjörg taldi hann líka vera nokkuð gamlan og hafði hann verið í notkun fyrir 1960. Líklegt er að fyllt hafi verið upp í brunninn.

RA-406:025 frásögn hænsnakofi
Að sögn Sigurbjargar Elimarsdóttur, heimildamanns, var gamall hænsnakofi um 90 m sunnan við tóft 011C. Upplýsingar um minjarnar frá Sigurbjörgu bárust eftir að vettvangsvinnu lauk og voru þær því ekki skoðaðar á vettvangi.
Hænsnakofinn var líklega í austurjaðri túnsins.
Líklegt er að hænsnakofinn hafi verið rifinn eða sléttaður í tún.


RA-406:026 *Elsa* frásögn legstaður Í örnefnaskrá Hvamms segir: "Hvammur er efst í túninu og heitir Elsa." Að sögn Sigurbjargar Elimarsdóttur fylgdi sú sögn örnefninu Elsa að þar væri legstaður. Örnefnið er í gamla heimatúninu, um 100 m NNV við bæ 001.Upplýsingar um minjarnar frá Sigurbjörgu bárust eftir að vettvangsvinnu lauk og voru þær því ekki skoðaðar á vettvangi. Engar frekari sagnir fundust um þennan stað eða Elsu sem ætla má að hvíli þarna.
Meintur legstaður er í sléttu túni, á flatlendum stalli í brekku í túninu.
Ekki sést til minja um legstaðinn í túninu. Þessi staður var alltaf sleginn með orfi og ljá en aldrei með sláttuvél.
Heimildir: Ö-Hvammur, 2

RA-406:027 *Hellishóll* frásögn
Í örnefnaskrá Hvamms segir: "Túnið vestur af bænum heitir Seigla. [...] Ofan við Seiglu er Lambhúsbrekka [007] og austan í henni er Hellishóll [...]." Að sögn Sigurbjargar Elimarsdóttur, heimildamanns, var talið að hellir, líklega manngerður, væri í Hellishól. Hans er ekki getið í bókinni Manngerðir hellar á Íslandi. Að sögn Sigurbjargar eru tveir aðrir samfallnir hellar þekktir í landi Hvamms. Annar þeirra er í austanverðri Löngulág, nærri suðurenda hennar, um 870 m ANA við bæ 001. Hinn hellirinn er ekki langt ofan við (vestan við) Löngulág, inni í miðri sandvarnargirðingu í Kambsheiði, um 900 m norðaustan við bæ 001 og um 335 m vestan við hellinn í Löngulág. Óvíst er hvort hellarnir eru manngerðir. Upplýsingar um minjarnar frá Sigurbjörgu bárust eftir að vettvangsvinnu lauk og voru þær því ekki skoðaðar á vettvangi.
Hellishóll er í sléttuðu túni.

RA-406:028 frásögn
Sigurbjörg Elimarsdóttir, heimildamaður, man eftir signum tóftum í Löngulág sem er um 835 m ANA við bæ 001. Upplýsingar um minjarnar frá Sigurbjörgu bárust eftir að vettvangsvinnu lauk og voru þær því ekki skoðaðar á vettvangi.
Langalág liggur nálega norður-suður, af uppblásinni Kambsheiði til suðurs, að mýrlendi.

RA-406:029 frásögn hænsnakofi
Sigurbjörg Elimarsdóttir, heimildamaður, man eftir hænsnakofa á milli Löngulágar og bæjar 001. Hann var fast við ruddan veg á leið 671:007. Upplýsingar um minjarnar frá Sigurbjörgu bárust eftir að vettvangsvinnu lauk og voru þær því ekki skoðaðar á vettvangi.
Kofinn var á mörkum mýrlendis og heiðarlendis.

Túnakort fyrir Lýtingsstaði




Byggt á túnakorti frá 1917

RA-407 Lýtíngstaðir

20 hdr 1708. JÁM I, 344. 1270: Getið í máldaga Oddakirkju. DI II, 86-88 Skálholtskirkjueign. "Landrými er gott, 405 ha, hvarvetna gróið og gnægð af góðu ræktunarlandi. Hagar eru skjólgóðir. Um 1/3 landareignar er þurrlendi." Fosshólar nýbýli frá 1935. SB V, 252-253.
1917: Tún 4,6 ha, þar af slétt 2 ha, garðar 1520 m².

RA-407:001 *Lýtíngstaðir* bæjarhóll bústaður 63°54.797N 20°27.461V
Að sögn Sigrúnar Haraldsdóttur, heimildamanns, var gamli bærinn rétt norðan við núverandi íbúðarhús. Þegar hún kom að Lýtingsstöðum árið 1959 voru ennþá leifar af skemmu og bæjarhúsunum norðan hennar. Húsin voru rifin skömmu síðar. Bæjarstæðið er á náttúrulegu holti, á stalli í suðurenda þess. Fast norðan og norðaustan hans hækkar holtið en fer lækkandi til vesturs og suðurs.
Á bæjarstæðinu er slétt malarplan og hús til suðurs og vesturs. Náttúrulegt holt afmarkar austurhliðina.
Mikið rask hefur átt sér stað á bæjarstæðinu og ekki sést bæjarhóll þar. Íbúðarhús var byggt skammt norðan gamla bæjarins á árunum 1928-1929. Húsið er með kjallara en Sigrún kannaðist ekki við að mannvistarlög hefði komið upp við gerð þess. Slétt malarplan er allt umhverfis það. Norðvestan við bæinn er steinsteypt útihús, m.a. fjárhús. Á milli þessara húsa er malarplan og var gamli bærinn þar. Eins og fyrr sagði voru síðustu húsin rifin skömmu eftir 1959 og sléttað yfir svæðið. Engin upphækkun sést þar né umhverfis húsin frá 20. öld.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-407:002 tóft+garðlag útihús 63°54.793N 20°27.454V
Á túnakort frá 1917 er merkt útihús með áföstum kálgarði um 2 m suðaustan við bæ 001 og sjást talsverðar leifar þeirra ennþá. Kálgarðurinn var fast sunnan bæ 001. Íbúðarhús, byggt 1928-1929 er innan kálgarðsins norðanverðs.
Fyrir sunnan kálgarðinn er slétt, grasivaxið tún í suðurhlíðum náttúrulegs holts.
Á svæði sem er 34x18 m og snýr norður-suður er tóft, A og garðlag B. Tóftin er norðvestar og var útihús. Hún er



Minjar um útihús og kálgarð 002




Leifar af tóft 002A, horft til norðurs


töluvert röskuð vegna bygginga og einungis austurveggurinn greinilegur. Þó má greina af ummerkjum að tóftin hefur verið um 10x8 m að stærð og snýr norður-suður. Íbúðarhúsið er 2 m fyrir vestan tóftina og hefur bygging þess raskað vesturveggnum mikið. Austurveggurinn er 0,5 m á hæð, grasivaxinn og sést glitta í grjót án þess að um skýr umför sé að ræða. Ekki er ljós hvar op var á tóftinni enda norður- og suðurveggir horfnir. Inni í tóftinni og á veggjunum er bílajárn, timbur og annað brak. Garðlag B er 34x18 m að stærð, L-laga og snýr norður-suður. Gerðið hefur markað af austurhlið kálgarðs og hluta af þeirri suðurhliðinni. Það er 0,5-1 m á hæð og algróið. Rabarbari sést í suðausturhorni en annars er þar grasivaxið tún og malarplan. Kálgarðurinn náði lengra til vesturs en sá hluti er horfinn. Vírgirðing er ofan á garðlaginu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-407:003 heimild um útihús 63°54.828N 20°27.463V
Útihús er merkt inn á túnakort frá 1917 um 60 m NNA við bæ 001 og 70 m norðan við útihús 002. Útihúsið var neðan við brekkubrún, við mörk gamla heimatúnsins. Útihúsið er horfið og hefur líklega verið rifið.
Þar sem útihúsið var er grasivaxið tún.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-407:004 *Kambsrétt* tóftir rétt 63°54.995N 20°27.758V
"Kambsrétt er um 500 m norður frá Lýtingsstöðum, á "lyngmóaflöt með nokkrum smáum blágrýtishólum suðvestan undir Kambsheiði." Kambsrétt er á Grjótunum, og við hana er Réttarhóll, nokkuð norður frá Bólbökkum," segir í örnefnalýsingu. Í grein Guðjóns Jónssonar um Kambsrétt í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags frá 1963 segir: "Kambsrétt, sem hér verður getið sérstaklega var byggðasafnsrétt Holtamannahrepps hins forna, sem skipt hefir verið í 3 hreppa: Ása- Holta- og Djúpárhreppa. [...] Sögn er til um það, að Kambsrétt hafi fyrst verið byggð í landi býlisins Kambs [381:006] í Holtum, - sunnan í holtsjaðrinum í svonefndu Flatholti (...) Fyrir löngu, enginn veit hvenær, hefur skilarétt verið byggð í landi



Tóft 004B




Kambsrétt, tóft 004A

Hreiðurs [384:019] í Holtum, sem enn sér merki fyrir, þótt hún sé vallgróin. Hún var nefnd Kambsrétt, [...] Sagt



Á vinstri mynd er Kambsrétt 004A, horft til norðvesturs. Á hægri mynd er hestarétt 004B, horft til austurs

er að þessi rétt hafi verið lögð niður, og byggð á öðrum stað, vegna reimleika [...] Réttin var ekki flutt 1880, [...] hún var færð miklu fyrr, nokkru eða löngu fyrir minni elztu manna, sem nú eru að falla í valinn. Þegar réttin var færð, var hún byggð á mjög þokkalegri lyngmóaflöt, með smá-blágrýtishólum í, suðvestur af Kambsheiði, um 600 m vestur af Lýtingsstöðum. Báðar þessar réttir hafa verið nefndar Kambsrétt. Hvort nafnið er dregið af Kambsheiði, sem þær standa í námunda við, eða það eigi rót sína að rekja til réttanna í Kambi, sem fyrr getur, er ekki hægt að segja um. [...] Í Kambsrétt hefur ekki verið réttað síðan 1941 vegna suðfjárveikivarna, fjárfæðar og breyttra aðstæðna." Kambsrétt er tæpum 450 m m norðvestan við bæ 001 og tæpum 850 m suðaustan við helli 006. Réttin er hlaðin milli tveggja blágrýtishóla til norðurs og suðurs. Í örnefnaskrá er sá syðri kallaður Réttarhóll en skv. athugasemdum við örnefnaskránna er það vitlaust, hann kallast Strýta. Nyrðri hóllinn er nafnlaus. Flaggstöng er á Réttarhól/Strýtu og sést hún vel þegar ekið er heim að Lýtingsstöðum.
Réttin er á grónu svæði, milli tveggja hóla. Þeir eru 4-6 m á hæð og brattir. Gróið, slétt mólendi þar sem hraunhólar koma víða uppúr sverði.
"Kambsrétt hin seinni er hlaðin úr illalöguðu blágrýti, sem er þungt í meðförum og óstöðugt í hleðslu. Hefur því oft þurft að endurbæta hana. [...] Almenningurinn er hringlaga 17 m í þvermál, og útfrá honum eins og geislar 17 dilkar, 17 m langir, en misbreiðir. Bændur eru 2 til 10 í dilkfélagi, eftir nábýli og staðháttum," segir í fyrrnefndri grein Guðjóns í Árbók. Kambsrétt og hestarétt eru á svæði sem er 140x90 m að stærð og snýr NNA-SSV Réttirnar eru aðskildar. Rétt A er Kambsrétt. Hún er 38 m í þvermál, hringlaga og skiptist í 18 hólf, 17 dilka og einn almenning. Allir dilkarnir opnast inn í almenninginn og sumir einnig út úr réttinni, Veggirnir eru grjóthlaðnir og nokkuð tekið að hrynja úr þeim. Þeir eru 0,4-1,2 m á hæð og sjást 3-6 umför af steinhleðslu í þeim. Rétt B er rúmum 100 m norðaustan við rétt A og var hestarétt að sögn Sigrúnar Haraldsdóttur, heimildamanns. Hún er 20x14 m að stærð, einföld og snýr NNV-SSA. Hún er byggð upp við 2 m háan hraunhól/klett til austurs og afmarkar hann þá hlið. Veggirnir eru grjóthlaðnir og 0,4 m á hæð. Það sjást 1-2 umför grjóthleðslu í þeim. Þeir eru best varðveittir til austurs, upp við klettinn og fjara út til vesturs. Vesturhliðin sést einungis sem eitt umfar í grasi. Ekkert op er sjáanlegt á yfirborði.



Uppdráttur af Ærhelli (Manngerðir hellar, bls. 179)

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Lýtingsstaðir, 6; Ö- Lýtingsstaðir aths. og viðb., 1; GJ: "Kambsrétt" Árbók 1963, 100-105

RA-407:005 *Ærhellir* hellir beitarhús
63°54.478N 20°27.409V
"Tveir gamlir fjárhellar [sjá 006] eru á Lýtingsstöðum, báðir friðlýstir. Þeir voru síðast notaðir 1973," segir í Sunnlenskum byggðum V. "Ærhellir er á Stekkjarholti [sjá 025], á háholtinu. Þrep voru gerð ofan í holtið, hlaðnar tröppur. Hellirinn tók 120 fjár," segir í örnefnalýsingu. Austurhluti hellisins var grafinn út árið 2010, af eigendum jarðarinnar. Búið var að hafa samband við minjayfirvöld vegna mögulegrar hættu af samföllnum hellinum en því var ekki sinnt. Þar eru nú stórt op og sést vel frá Hagabraut (þjóðvegur). Ekki var hægt að fara inn í hellinn áður en hann var grafinn út. Hellirinn er tæplega 600 m sunnan við bæ 001 og

rúmum 100 m suðvestan við stekkjartóft 026.



Horft inn í Fjárhelli 005 til vesturs á vinstri mynd og á hægri mynd má sjá nokkrar af þeim áletrunum sem prýða hellisveggina

Slétt, grasivaxið tún er uppi á Stekkjarholti. Holtið er a.m.k. 400x140 m stórt og snýr norðaustur-suðvestur. Hlíðar þess eru mólendar með náttúrulegum pöldrum.
FRIÐLÝSTAR FORNMINJAR. Í Sóknarlýsingu Efri-Holtaþings frá 1840 er getið um tvo hella á bænum sem báðir standa enn: "C. Fjárhellir tilheyrandi bænum Lýtingsstöðum stendur í holti lausu við túnið í landnorður [suður] frá bænum; hann er 30 al. að lengd, 9 al. að vídd, 3 1/2 al að hæð, þráðbeinn til beggja hliða; dyrnar auk forskálans eru 3 al. að vídd og hæð. Hann er með nýjum strompi upp úr miðju; að öllu leyti náttúrunnar verk. Krossmark er í hann klappað uppyfir dyrunum." Í bókinni Manngerðir hellar segir svo um lýsinguna og um hellinn: "Svona lýsir sr. Sigurður Sigurðsson öðrum af tveimur Lýtingsstaðahellum í sóknarlýsingum sínum árið 1840. Þau pennaglöp eru í textanum að hellirinn sé í landnorður frá bænum. Lýsingin á við hellinn á Hellisholti [Stekkjarholti), í hásuður frá bænum. Hann er manngerður að öllu leyti. [...] Um 600 m beint suður af Lýtingsstöðum er allmikið holt af basalti gert sem Hellisholt heitir. Uppi á því eru sandsteinshólar og þar í gamall fjárhellir og leifar hlöðuhellis. Hlöðuhellirinn hefur fallið einhvern tíma fyrr á öldum og nú stendur braggi yfir grunni hans. Byggingarnar snúa nær austur-vestur og er gengið inn í fjárhellinn að vestan. Framan við hellinn er fallinn forskáli en að utan hefur verið gengið inn í hann um eins metra breið og 3-4 m löng hlaðin tröppugöng. Hellirinn sjálfur er 14-15 m langur og víðast 5-6 m breiður. Veggjahæð er um 1 m, þar yfir er óreglulegt bogamyndað þak og eru 2 m upp í það þar sem hæst er. Eftir hellisþakinu endilöngu sér í gamalt bogasveigt þak hins upprunalega hellis en til beggja handa út frá því gengur þakið samsíða lagskiptingu sandsteinsins í víðum boga út að veggjunum. Annaðhvort hefur hellirinn verið víkkaður eða hann hefur breyst með þessum hætti í tímans rás. Trégarði er á miðju gólfi en nær ekki nema rétt rúmlega inn fyrir miðjan helli og óvandaðar tréjötur með veggjum að hluta til beggja vegna. Talsvert mikið hrun hefur orðið úr þakinu framan til, innan til er strompur, 0,8 m í þvermál. Þar er þykkt þaksins 30 cm. Bragginn yfir hlöðuhellistóftinni er 16,0 x 6,6 m2. Hellirinn sjálfur hefur þá lengd en breidd hans er víðast á bilinu 5-6 m. Dyr hafa verið austan til á norðurvegg og þar eru nú uppfylling. Dálítil mjódd á milli hellanna hefur aðgreint þá í eina tíð. Veggjahæð í hlöðunni upp að bárujárninu er nú 2,5-3 m nema fremst þar sem hún lækkar um 0,4 m Í heild er hellirinn rúmir 30 m að lengd og hafi hann staðið uppi allur í einu hefur hann verið með alstærstu hellum af sinni gerð. Hellirinn var notaður sem fjárhús fram til 1973. Heyhellirinn var gleymdur og grafinn og kom ekki í ljós fyrr en farið var að gera grunn undir braggann. Áletranir á veggjum eru allar unglegar og ártöl öll frá 20. öld. [...] Torfgarður mikill er kringum hellana á holtinu, 80 x 110 m2. Í norðvestur horni hans virðist mega greina hellisleifar." Hellirinn er 30x7 m að stærð og skiptist í þrjú hólf. Hólf 1 er vestast og var forskáli. Hann er samanfallinn og ekki sést til þrepanna sem þar voru. Hólfið er 8x8 m að stærð og var op til vesturs. Forskálinn er niðurfallinn og það eina sem sést er 0,5 m djúp laut. Austast í henni er 0,5-1 m breið hola, djúp og sést í hellinn gegnum hana. Þetta var ekki strompur heldur er þakið fallið niður. Hólf 2 er austan við hólf 1. Það er 7x6 m að stærð og snýr austur-vestur. Þetta var fjárhúsið. Lofthæðin er 1-2,5 m og op bæði til austurs og vesturs. Hrun er í vesturopinu en það eystra er 3 m breitt. Steyptar jötur eru meðfram báðum langveggjum og strompur yfir hólfinu miðju. Járnplata er yfir strompinum og moldarhraukur er þar fyrir neðan. Áletranir sjást í veggjum hólfsins, mest stafir og strik. Hólf 3 er austan við hólf 2 og var líklega fyrrnefndur heyhellir. Það er 40x3 m stórt og snýr austur-vestur. Þar var braggi byggður yfir og sjást ennþá bárujárnsleifar í þaki og í moldarbökkum meðfram hólfinu. Hólfinu var raskað árið 2010 þegar það var grafið út og líklega er skurðurinn stærri en hóflið var áður. Það er opið til austurs sem og til vesturs, yfir í hólf 2. Ekki sást friðlýsingarstaur við hellinn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir: SB V, 253; Ö-Lýtingsstaðir, 5; SSR, 178; Manngerðir hellar, 179-180; ÁG: Friðlýsingarskrá, 69

RA-407:006 hellir beitarhús 63°55.409N 20°28.208V

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708 segir: "Hellir einn er út í högunum, sem brúkaður er til fjárhúss á vetur með nokri aðgerð." "Tveir gamlir fjárhellar [sjá 005] eru á Lýtingsstöðum, báðir friðlýstir. Þeir voru síðast notaðir 1973," segir í Sunnlenskum byggðum V. Hellirinn er 1,3 km norðan við bæ 001 og 250 m suðaustan við nautarétt 027. Á örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar kallast svæðið Hellisheiði. Friðlýsingarstaur er við hellinn.



Hellir 006 í Kambsheiði. Á vinstri mynd er horft inn í helli A til vesturs og á hægri mynd er horft inn í helli B til norðurs



Uppdráttur af helli 006 í Kambsheiði (Manngerðir hellar, bls. 180)

Hellirinn er í þýfðu mólendi með náttúrulegum hólum og grasivöxnum lægðum.

FRIÐLÝSTAR FORNMINJAR. Í Sóknarlýsingu Efri-Holtaþings frá 1840 er getið um tvo hella á bænum sem báðir standa enn: "D. Hellir sem ekki er brúkaður, en tilheyrir strax nefndum bæ, stendur upp í fyrrnefndri Kambsheiði, því nær á miðri leið milli bæjanna Lýtingsstaða og Raptsholts, samt í Lýtingsstaðalandi og í útnorður frá bænum. Hann er 12 al. að lengd, 4 al. að vídd og 3 al. að hæð. Afhellir liggur til útnorðurs, út úr strax nefndum hellir; hann er 18 al. að lengd, 3 al. að vídd, 2 1/2 að hæð, báðir að fornu klappaðir." Í bókinni Manngerðir hellar segir: "Hellir í Kambsheiði. Þetta er hellirinn sem getið er um í Jarðabók Árna og Páls. Hann stendur enn og er í góðu lagi. Mælitölur sóknarlýsingarinnar frá 1840, sem vitnað er til hér að framan, eru þær sömu og mælast nú. Hellirinn er tvískiptur og standa hlutarnir hornrétt hvor á annan. Hann er höggvinn í harðan foksandstein. Hér og þar eru trjáför. Meitilför sjást enn víða á veggjum. Einnig bitaför eftir skilrúm milli hellanna og eftir garðabönd. Naglar standa á stöku stað í veggjum. Ytri hellirinn er styttri en innri hlutinn og snýr sem næst norður-suður. Hann er vel hvelfdur og lítið útgrafinn til veggjanna. Gert hefur verið laglegt rjáfur úr timbri og bárujárni yfir stórt gat sem þar er í lofti. Sandsteinninn í loftinu er þunnur, 30 cm í gatinu og 20 cm í munnanum. Hæð frá gólfi og upp í bárujárnsrjáfið er um 4 m. Gólfið er lárétt og slétt. Í innra hellinum er það lægra og er 0,7-0,8 m þrep niður á það. Því hallar til austurs og í austurendanum er það 0,5-1,0 m lægra en vestast. Þar er sporöskjulagaður strompur í lofti. Engar hleðslur eru í honum. Sandsteininn þar er á bilinu 60-80 cm. Austast í hellinum er gat í loftinu og moldarhrúga þar niður undan. Forskáli, sem nú er tekin að bila, er fyrir suðurenda hellisins." Hellirinn er ekki samfallinn og innangengt inn í báða hellana. Hellir A er norðvestar og er líklega innri hellirinn eða afhellir í lýsingunum hér ofar. Inngangur er til vesturs og líklega verið forskáli þar framan við. Það sést glitta í bárujárn í gegnum grasið. Timburþil er fyrir ofan dyrnar yfir gat sem þar er. Hellirinn snýr austur-vestur og timburgrindur liggja í gólfi. Hellir B er líklega ytri hellirinn. Hann snýr norður-suður og samkvæmt lýsingum var forskáli sunnan hans. Öll ummerki hans eru horfin af yfirborði. Hellirinn er opinn til suðurs og er hann 1,3 m á hæð þar. Meitilför sjást vel í veggjum og opið yfir í helli A. Strompur er í hellinum og að utan er hlaðið meðfram honum með torfi, 1 m há hleðsla.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: JÁM I, 344; SB V, 253; IE-Örnefnauppdráttur, Lýtingsstaðir; ÁG: Friðlýsingarskrá, 69; SSR, 178; Manngerðir hellar, 179-181

RA-407:007 *Krosshóll* heimild um landamerki 63°55.641N 20°26.908V
Landamerki: "Mörkin hefjast á landnorðurhorni við vörðu á Krosshól; þaðan sjónhending í svonefndan Grástein, þaðan sjónhending í þúfu á rimanum þar fyrir neðan; þaðan sjónhending í þúfu fram í mýrinni, þaðan í vörðu [008] við Markakeldubotn. Frá vörðunni við Markakeldubotn eftir keldunni fram í Steinslæk. Síðan ræður Steinslækur út í Mjóalækjarkjaft. Síðan ræður mörkum Mjóilækur svo langt sem hann nær, síðan út Mjóalækjarbotni sjónhending í hornmark í miðju Mjóasundi framanvert við brúna. Þaðan sjónhending í vörðu á vestustu Fögrubrekku [009]; þaðan að síðustu sjónhending í fyrstnefnda vörðu á Krosshól." Krosshóll er rúma 1,6 km NNA við bæ 001 og rúman 1 km ANA við helli 006. Krosshóll er lítið, náttúrulegt holt. Þaðan er mjög víðsýnt og samkvæmt Sigrúnu Haraldsdóttur heimildamanns, á að sjást til 18 kirkna af Krosshól m.a. í Landsveit, Hreppum, á Skeiðunum og í Landeyjum. Nafn hólsins er dregið af þessu. Krosshóll er hornmark Raftholts, Hvamms, Kvíarholts og Lýtingsstaða og er líklegra að nafn hólsins sé dregið af því.
Á Krosshól er mastur og lítill timburskúr. Allt umhverfis það eru slétt, grasivaxin tún.
Engin ummerki vörðunnar sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Lýtingsstaðir, 1

RA-407:008 *Markakelda* heimild um landamerki 63°54.691N 20°26.607V
Landamerki: "Mörkin hefjast á landnorðurhorni við vörðu á Krosshól [007]; þaðan sjónhending í svonefndan Grástein, þaðan sjónhending í þúfu á rimanum þar fyrir neðan; þaðan sjónhending í þúfu fram í mýrinni, þaðan í vörðu við Markakeldubotn. Frá vörðunni við Markakeldubotn eftir keldunni fram í Steinslæk. Síðan ræður Steinslækur út í Mjóalækjarkjaft. Síðan ræður mörkum Mjóilækur svo langt sem hann nær, síðan út Mjóalækjarbotni sjónhending í hornmark í miðju Mjóasundi framanvert við brúna. Þaðan sjónhending í vörðu á vestustu Fögrubrekku; þaðan að síðustu sjónhending í fyrstnefnda vörðu á Krosshól [007]." Varðan er rúma 720 m austan við bæ 001 og rúma 1 km suðaustan við vörðu 043. Markakelda rennur í vélgröfnum skurði og búið að ræsa allt svæðið fram. Líklega hvarf varðan við gerð skurðarins.
Þar sem varðan var er nú skógræktarsvæði. Innan þess er stórþýft og mikið gras. Skógræktin er afgirt með skurðum til allra átta.
Engin ummerki vörðunnar sjást á yfirborði.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Ö-Lýtingsstaðir, 1

RA-407:009 varða landamerki 63°55.558N 20°28.234V
Landamerki: "Mörkin hefjast á landnorðurhorni við vörðu á Krosshól [007]; þaðan sjónhending í svonefndan Grástein, þaðan sjónhending í þúfu á rimanum þar fyrir neðan; þaðan sjónhending í þúfu fram í mýrinni, þaðan í vörðu við Markakeldubotn [008]. Frá vörðunni við Markakeldubotn eftir keldunni fram í Steinslæk. Síðan ræður Steinslækur út í Mjóalækjarkjaft. Síðan ræður mörkum Mjóilækur svo langt sem hann nær, síðan út Mjóalækjarbotni sjónhending í hornmark í miðju Mjóasundi framanvert við brúna. Þaðan sjónhending í vörðu á vestustu Fögrubrekku; þaðan að síðustu sjónhending í fyrstnefnda vörðu á Krosshól [007]." Í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskránna segir: "Landamerkin voru á yztu Fögrubrekku. Krakkar, sem sátu yfir fé, hlóðu þar vörður, og voru ekki allir vissir um, hver varðan var landamerkjavarða." Varðan er 1,6 km norðaustan við bæ 001 og 120 m ANA við nautarétt 027. Að sögn Sigrúnar Haraldsdóttur, hafa verið deilur á milli Lýtingsstaða og Raftholts vegna staðsetningu vörðunnar.
Ekki er vitað með fullri vissu hvar varðan var á vestustu Fögrubrekku. Þar sjást engin ummerki um vörður, einungis stöku fuglaþúfa. Svæðið er mólent.
Engin ummerki vörðunnar sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Lýtingsstaðir, 1; Ö-Lýtingsstaðir aths. og viðb., 1

RA-407:010 heimild um brunn 63°54.831N 20°27.526V
"Norðvestur frá bænum er ávalahóll, sem heitir Brunnhóll. Vestast í honum var brunnur, en hann hvarf í miklum jarðskjálftum, líklega 1896. Aftur kom vatn í brunninn, en síðar þornaði hann í miklum þurrkum, sem gerðist aldrei áður. Brunnhóll var við heimreiðina [013], og var einkum farið það á sumrin, en minna notað á vetrum. Þarna voru kýr líka reknar," segir í örnefnalýsingu. Í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrána segir: "Brunnurinn í Brunnhól var lind (uppspretta), þótt talað sé um brunn," Brunnurinn var 90 m norðvestan við bæ 001 og 20 m suðvestan við rétt 012. Ekki er vitað með fullri vissu hvar nákvæmlega Brunnhóll var en hann er líklega að hluta til undir malarvegi sem liggur þar sem heimreiðin var. Hólrimi liggur til vesturs frá rétt 012 og


líklega er það Brunnhóll. Fyllt hefur verið yfir það svæði að sögn Sigrúnar Haraldsdóttur. Brunnurinn var vestan við heimreiðina.
Vestan við fyrrnefndan hólrima er brött brekka til vesturs, um 4 m há. Fyllt hefur verið yfir svæðið að hluta en líklega var brunnurinn neðan brekkunnar.
Engin ummerki brunnsins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Lýtingsstaðir, 2; Ö-Lýtingsstaðir aths. og viðb., 1

RA-407:011 *Brúarhóll* gata leið 63°54.655N 20°28.272V
"Vestan við hana [Bæjarmýri] eru Rimar. Farið var eftir þeim og krækt fyrir Illukeldu eða Rimakeldu, [...] Vestan við Rima [sjá 034], sunnar en Kringli og Arnarhóll, er Brúarhóll. Hann er út af keldunni í miðju sundi, en hægt var að fara meðfram honum, því að þurrara var beggja megin við hann," segir í örnefnalýsingu. Á loftmynd má sjá leiðir eftir Háarima endilöngum, bæði vegslóða og paldra. Á Brúarhól sjást engin ummerki gatna og hann algjörlega náttúrulegur að sögn Sigrúnar Haraldsdóttur, heimildamanns. Umrædd leið lá að öllum líkindum út á engjar.
Brúarrimi er náttúrulegur rimi og allt umhverfis hann er framræst mýrlendi.
Engin ummerki leiðarinnar sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Lýtingsstaðir, 8

RA-407:012 hleðsla rétt
63°54.839N 20°27.512V



Leifar af rétt 012, horft til suðausturs



Rétt 012

"Fyrir norðan bæinn, austur af Brunnhól [010], er lítill hóll, sem heitir Réttarhóll. Við hann var rétt, heimarétt, aðeins notuð fyrir bæinn," segir í örnefnalýsingu. Réttarhóll er tæpum 90 m NNV við bæ 001 og 2 m til vesturs er malarvegur að bænum. Bílhræ er inni í réttinni.
Réttin er á sléttu, grasivöxnu svæði milli holts að austan og bílvegar til vesturs.
Réttin er 14x10 m að stærð, einföld og snýr norður-suður. Að austan er hún grafinn inn í brekku og hækkar "veggurinn" til suðurs. Hann er 1-2,5 m á hæð. Líklega var grjóthleðsla að hluta til í veggnum, grjóthrun sést á kafla. Klettur í Réttarhól er notaður í suðurhliðina og er hann 2,5-3 m hár. Vesturhliðin er horfin, eflaust vegna vegagerðar. Norðurhliðin er 10 m löng og 1 m á hæð. Mest sjást 3 umför af grjóthleðslu og hann fjarar út til vesturs. Hún er 1,2,5 m á hæð. Ekki er ljóst hvar op var inn í réttina en líklega var það á vesturhlið. Að innan er réttin slétt og grasivaxin.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Lýtingsstaðir, 2

RA-407:013 heimild um traðir 63°54.802N 20°27.505V
"Fyrir norðan bæinn, austur af Brunnhól [010], er lítill hóll, sem heitir Réttarhóll. Við hann var rétt [012], heimarétt, aðeins notuð fyrir bæinn. Hóllinn er alveg í traðarkjaftinum," segir í örnefnalýsingu. Á túnakorti frá 1917 eru traðirnar sýndar að bæ 001 úr NNV og eru 70 m langar.
Þar sem traðirnar lágu er nú malarvegur að bænum og lagning hans hefur raskað tröðunum.


Engin ummerki traðanna sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Lýtingsstaðir, 2

RA-407:014 heimild um kvíar 63°54.828N 20°27.507V
"Vestur af Réttarhól [012] er Stöðuldæla. Vatn var í henni, en hún var þó þurr á sumrin. Kýr voru mjólkaðar á stöðli, norður af bæ, þar sem tröðin [013] byrjaði," segir í örnefnalýsingu. Á túnakorti frá 1917 er gerði eða kálgarður merktur við norðurenda traðanna og er afar sennilegt að þar hafi stöðullinn verið. Stöðullinn var 70 m NNV við bæ 001, fast austan við traðirnar.
Þar sem stöðullinn var er slétt, grasivaxið svæði í aflíðandi halla til vesturs, niður af holti.
Engin ummerki stöðulsins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Lýtingsstaðir, 2; túnakort 1917

RA-407:015 *Hesthúshóll* tóftir hesthús 63°54.842N 20°27.398V



Tóftir 015. Tóft A er á vinstri mynd, horft til norðurs. Tóft B er á hægri mynd, horft til norðurs



Tóftir 015

"Beint norður af bæ [001] , aðeins austar en þessir hólar [sjá 010 og 012], er Hesthúshóll, stærsti hóllinn í túninu. Þar var hesthús fyrir brúkunarhesta, sem þurftu að vera tiltækir, en hesthús var annars staðar fyrir önnur hross [sjá 025]," segir í örnefnalýsingu. "Austurtúnið er hærri hóll og meiri um sig; þar var lambhús og hesthús," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu. Að sögn Sigrúnar Haraldsdóttur, heimildamanns, voru þetta hesthús, hlaða og lambhús. Tóftirnar eru rúma 90 m norðaustan við bæ 001 og rúma 80 m austan við rétt 012. Tóftirnar eru efst á holti, rétt utan gamla heimatúnsins á óræktarsvæði sem sýnt er á túnakorti frá 1917. Ekki er vitað hvort að tóftirnar voru fallnar úr notkun þá eða byggðar eftir 1917. Rúmum 15 m ANA frá tóftunum er bárujárnsklæddur kofi og vélabrak.
Tóftirnar eru á óræktuðu svæði milli sléttra túna til suðurs, austurs og norðurs. Óræktin nær til austurs, niður holtið allt að rétt 012. Svæðið umhverfis tóftirnar er uppblásið en byrjað að gróa aftur.
Á svæði sem er 16x16 m að stærð eru tvær tóftir. Tóft A er vestar og var líklega hesthús. Hún er 13x5 m að stærð og snýr NNV-SSA og virðist skiptast í tvö hólf. Hólf 1 er norðar, er 10x3 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Það er opið til norðurs og bárujárn var í þaki. Veggirnir eru 1,5 m á hæð og sjást 8-9 umför af grjóthleðslu í þeim. Þeir eru algrónir að utan. Austurveggurinn er óskýr og

hruninn inn í hólfið auk þess sem þakið liggur þar yfir. Hólf 2 er sunnar. Það er 4x3 m að innanmáli og opið til suðurs. Það snýr NNV-SSA. Veggirnir eru 1,5 m á hæð og sjást 5 umför af grjóthleðslu í þeim. Austurveggurinn er einnig hruninn inn í hólfið, þakið þar yfir og hólfið fullt af rusli. Tóft B er 1 m fyrir austan tóft A, uppsafnaður jarðvegur er á milli þeirra. Tóftin er 16x7 m að stærð og snýr NNV-SSA. Hún var líklega lambhús og hlaða. Tóftin skiptist í tvö hólf. Hólf 1 er norðar. Það er 10x5 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Bárujárnsklæddur kofi er í norðurhluta hólfsins og lokar opi sem var þar. Annað op var á suðurhlið, yfir í hólf 2. Veggirnir eru 1,2-2 m á hæð og sjást á milli 7-9 umför af grjóthleðslu í þeim. Hólfið var líklega ekki niðurgrafið. Hólf 2 er sunnan við hólf 1. Það er 5x5 m að innanmáli og norðurveggurinn er hlaðinn úr móbergi. Aðrir veggir eru úr torfi og grjóti, blöndu af móbergi og líklega blágrýti. Veggirnir eru 1,6-2 m á hæð og sjást 6 umför í þeim. Þak hólfsins er fallið niður og sjást leifar af bárujárni víða. Það er eining fullt af spýtnabraki en það virðist dýpra en hólf 1 og var líklega hlaða.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Lýtingsstaðir, 2; Ö-Lýtingsstaðir aths. og viðb., 1

RA-407:016 garðlag
63°54.519N 20°27.048V
Garðlag er í suðurhlíðum Krosshólsflags, við mörk Kambsheiðar. Garðlagið liggur þvert yfir uppblásið svæði, eða laut, á milli tveggja grasivaxinna túna, um 1,4 km NNA við bæ 001.
Til norðausturs liggur garðlagið niður brekku, yfir uppblásið svæði og upp á annað grasivaxið tún til suðvesturs. Uppblásturssvæðið er uppgróið og mosi, gras og víðirunnar sjást inn á milli grjótsins.
Garðlagið sést á 100 m löngum kafla og náði eflaust lengra í báðar áttir áður. Það snýr norðaustur-suðvestur, er 0,4-1,5 m á hæð og algróið. Líklega var það torfhlaðið. Til suðvesturs en komið slétt grasivaxið tún og sömuleiðis til norðausturs. Efni í garðlagið virðist ekki tekið meðfram því né vírgirðing ofan á því. Líklega er þetta ungar leifar af sandvarnargarði eða vörslugarði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Örnefakort IE


Garðlag 016, horft til suðurs

RA-407:017 *Gerði* garðlag túngarður 63°54.867N 20°27.398V
"Austan við traðirnar [013] heitir Gerði. Þar var gamalt tún, sem girt var með stórum garði, sem hlaðinn var út kökkum og náði ofan frá Lambavörðu [sjá 018]. Nú er allt tún þarna," segir í örnefnalýsingu. Garðbrot sést 140 m norðan við bæ 001 og rúmum 40 m norðan við tóftir 015. Þetta eru líklega leifar eystri hluta túngarðsins umhverfis Gerði. Hann er norðan við barð sem liggur þvert yfir holtið sem bær 001 er á.
Slétt, grasivaxið tún er austan við traðir 013 og allt að Lambavörðu 018, í halla til vesturs. Óræktað tún er þar einnig að hluta og sést túngarðurinn í því.
Ekki er vitað hversu stórt Gerði var eða um nákvæma legu þess. Túngarðurinn sést á 14 m löngum kafla og snýr norðaustur-suðvestur. Til norðurs er túngarðurinn er 1 m hár en lækkar til suðurs og er þar 0,4 m á hæð. Hann er grasivaxinn og ekkert rof í honum. Túngarðurinn náði lengra til beggja átta.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Lýtingsstaðir, 2

RA-407:018 *Lambavarða* heimild 63°54.923N 20°27.364V
"Austan við traðirnar [013] heitir Gerði [017]. Þar var gamalt tún, sem girt var með stórum garði, sem hlaðinn var út kökkum og náði ofan frá Lambavörðu. Nú er allt tún þarna. Lambavarða er hæð með kletti í norðurhorni túns, eins og það var," segir í örnefnalýsingu. Lambavarða er tæpum 250 m norðan við bæ 001 og 150 m norðan við tóftir 015. Varðan er horfin og Sigrún Haraldsdóttir, heimilamaður, taldi að nafnið ætti við hæsta svæði holtsins sem þarna er. Þarna er nú hornstaur á vírgirðingu sem liggur til vesturs og norðurs. Garðlag 045 liggur til norðurs frá áætlaðri staðsetningu vörðunnar.
Þar sem varðan var er slétt, grasivaxið tún til suðurs og austurs. Óræktað tún er til norðurs og vesturs og trjám verið plantað.
Engin ummerki vörðunnar sjást lengur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Lýtingsstaðir, 2

RA-407:019 *Magragerði* garðlag kvíar 63°54.838N 20°27.173V



Garðlag 019, horft til NNV

"Austan til í túninu, uppi á Hátúni, er Magragerði. Þar var alls staðar grjót upp úr. Kvíar voru hafðar þar, og gréri þar smátt og smátt," segir í örnefnalýsingu. Magragerði er tæpa 250 m austan við bæ 001 og tæpa 180 m ASA við tóftir 015. Það er innan afgirts svæðis umhverfis sumarbústað í einkaeigu. Þar er skógrækt og mikið af trjám verið plantað. Sigrún Haraldsdóttir, heimildamaður, man ekki eftir tóft á þessu svæði og því mögulega um færikvíar að ræða. Garðlag, líklega, vesturhlið Magragerðis er hins vegar varðveitt.
Gróið vallendi með trjárækt er á þessum slóðum. Hraunklettar og grjót kemur víða uppúr sverði.
Garðlagið snýr NNV-SSA og sést á rúmlega 110 m löngum kafla. Það e 1 m á hæð, 1,5 m breidd í botninn og girðing ofan á því. Garðlagið er algróið og hvergi sést glitta í grjót. Ekki er hægt að rekja garðlagið frekar en það afmarkaði án efa stærra svæði til austurs. Sá hluti er horfinn og skrásetjara tókst ekki að finna það inn á milli trjáa.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Ö-Lýtingsstaðir, 2

RA-407:020 *Kirkjuhóll* náttúrumin huldufólksbústaður 63°55.096N 20°27.558V
"Nokkru norðan við heimreiðina [013] að Lýtingsstöðum er stakur hóll, sem heitir Kirkjuhóll. Þar átti að vera álfakirkja. Hóllinn er sérstæður með brattar hliðar og sléttar grundir í kring. Engin kirkjulögun er á honum," segir í örnefnalýsingu. Kirkjuhóll er að hverfa í malarnámu. Búið er að taka möl úr austurhlið hólsins. Kirkjuhóll er rúma 560 m norðan við bæ 001 og 250 m norðaustan við Kambsrétt 004. Hann er á vesturbakka fyrrnefndrar malargryfju.
Gróið mólendi með hólum og lægðum. Stutt er niður á grjót í gegnum svörðinn.
Kirkjuhóll er 20-30 m að lengd og snýr norðvestur-suðaustur. Hliðar hólsins eru nokkuð brattar og algrónar. Hvergi eru klettar eða annað sem útskýrir nafn hólsins eða huldufólksbyggðina þar.
Hættumat: stórhætta, vegna efnistöku
Heimildir: Ö-Lýtingsstaðir, 3

RA-407:021 vegur leið 63°55.338N 20°28.081V
"Nokkru vestar en Kirkjuhóll [020] og í norður frá bæ [001] er Ólafshóll. Engin sögn er um nafn hans. [...] Norður yfir Grjótin lá gamall vegur að Raftholti. Hann var á milli Kirkjuhóls og Ólafshóls [...] Gamli vegurinn að Raftholi, sem fyrr var nefndur og lá norður yfir Grjótin, lá áfram í norður fyrir endana á Syðstu- og Mið-Fögrubrekku, yfir Hellislaut og austan við Utustu-Fögrubrekku," segir í örnefnalýsingu. Í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu segir: "Hestvagnavegur lá norður Grjótin. Vegurinn lá fyrst út í hellinn og var aðeins ætlaður til að fara í hellinn og flytja þaðan t.d. skán, en síðar var vegurinn lengdur. Þar sem þessi vegur lá, var mesta snjóakista á vetrum, og því var vegurinn færður upp í heiðina, þegar bílvegur var lagður." Báðar útgáfur af veginum sjást ennþá. Hér er skráð eldri eða neðri leiðina. Efri vegurinn er hins vegar of ungur til að teljast til fornleifa og er ennþá bílfær, nánast að landamerkjum Raftholts til norðurs.
Eldri leiðin liggur í grónu mólendi, með hólrimum og lægðum.
Malarvegur liggur yfir hluta af eldri leiðinni. Skammt sunnan við helli sjást reiðgötur sem vafalaust voru hluti af þessari leið. Þar sést ennþá ein rás, 0,5 m breið, 0,3-0,7 m djúp og mold í botninum. Leiðin klofnar á nokkrum stöðum, líklega eftir hross og kindur sem ganga þarna laus.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Lýtingsstaðir, 3, 4; Ö-Lýtingsstaðir aths. Og viðb., 1

RA-407:022 *Mógrafir* heimild um mógrafir 63°54.546N 20°26.899V
"Neðan við eða neðst í Flatholtsmýri eru Mógrafir. Ekki var þar tekinn mór í tíð Katrínar [Sigríðar Jónsdóttur]," segir í örnefnalýsingu. Mógrafirnar eru rúmum 650 m suðaustan við bæ 001 og rúmum 350 m suðvestan við vörðu 008. Að sögn Sigrúnar Haraldsdóttur, heimildamanns, var fyllt upp í mógrafirnar og þær féllu saman. Mógrafakelda sést hins vegar ennþá og rennur til suðausturs í Steinslæk. Mógrafirnar voru við hana.
Grasivaxið og slétt tún er neðst (syðst) í Flatholtsmýri. Einnig er búið að ræsa mýrina fram og hún nýtt til hrossabeitar.
Engin ummerki mógrafanna sjást á yfirborði.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Lýtingsstaðir, 5

RA-407:023 vegur leið 63°54.707N 20°27.308V

Upphlaðin mýrarbrú eða vegur er um 210 m fyrir sunnan bæ 001. Brúin er í Flatholtsmýri og var líklega á eldri heimreið að bænum að sögn Sigrúnar. Á loftmynd má rekja leiðina allt að helli 005. Brúin er 160 m sunnan við bæ 001.
Flatholtsmýri er stórþýfð, slétt og grasivaxinn. Búið er að ræsa hana fram til allra átta með vélgröfnum skurðum og skera þeir leiðina á tveimur stöðum.
Leiðin sést á 460 m löngum kafla. Leiðin er upphlaðin á milli tveggja skurða í svokallaðri Flatholtsmýri og er svokölluð brú þar. Þar snýr vegurinn norður-suður og er 95 m langur. Vegurinn er 4-5 m á breidd, 0,3-0,4 m á hæð, grasivaxinn og stórþýfður. Fyrir sunnan Flatholtsmýri sveigir leiðin til suðvesturs og breytist í malarslóða þegar að Stekkjarholti er komið. Það sést bæði móta fyrir bílförum sem og náttúrulegum pöldrum. Líklega lágu eldri götur á þessum slóðum áður en hluti þeirra var hlaðinn upp og gerður bílfær.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Mýrarbrú 023, horft til SSA

RA-407:024 *Torfholt* heimild um ristu 63°54.628N 20°27.522V

"Torfholt er stakt holt vestan við Flatholtsmýrina og beint í suður frá bæ. Á því var þurrkað torf, sem skorið var í Bæjarmýrinni," segir í örnefnalýsingu. Bæjarmýri er stór og ekki er vitað með vissu hvar nákvæmlega hvar helst var rist torf.
Bæjarmýri er stórþýð, grasivaxinn og búið að ræsa hana fram með nokkrum áveituskurðum. Þar eru óræktuð tún nýtt til hrossabeitar.
Engin ummerki ristunnar sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Lýtingsstaðir, 5; Ö-Lýtingsstaðir aths. og viðb., 2


RA-407:025 *Stekkjarholt* tóft+garðlag hesthús 63°54.486N 20°27.450V



Hesthústóft og gerði 025 á Stekkjarholti, horft til suðvesturs á báðum myndum

"Suður eða suðvestur frá Torfholti [024] er Stekkjarholt, og er þurrlendi milli þeirra. [...] Á Stekkjarholti var hesthús, fyrir tvær hryssur og tvö folöld," segir í örnefnalýsingu. Uppi á Stekkjarholti er stórt gerði með áfastri tóft, líklega af hesthúsinu sem getið er í tilvísun á undan. Tóftin er um 580 m sunnan við bæ 001.
Minjarnar eru á nokkuð flatlendu og háu holti norðvestur af Steinslæk. Innan gerðisins er sléttað tún sem og suðvestan við gerðið. Túnið er ekki lengur slegið.
Gerðið er um 75x105 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Það er torfhlaðið og er 0,7-1 m á hæð. Víða er komið rof í það. Stórt rof er í norðausturenda þar sem farið var með vélar inn á túnið til að slá. Eins hefur orðið

rask á því þar þegar hellir 005 var grafinn út. Tóftin sem er samföst innanverðu gerðinu er á miðjum norðvesturvegg þess. Hún er um 4x5 m að stærð, einföld, og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er torf- og grjóthlaðin. Mesta hæð er um 1 m. Tóftin er gróin en rof er í norður- og suðurhornum hennar. Ekki sést skýr inngangur í tóftina en hann hefur mögulega verið í norðurhorninu. Ekki sjást aðrar tóftir á Stekkjarholti og líklegt er að stekkur sem holtið dregur nafn sitt af hafi verið sléttaður í tún en einnig kann að vera að holtið dragi nafn sitt af meintri stekkjartóft 026 sem er við norðurenda þess.



Hesthústóft og hluti gerðis 025 á Stekkjarholti

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Lýtingsstaðir, 5


RA-407:026 tóft stekkur
63°54.523N 20°27.319V



Stekkjartóft 026


Stekkjartóft 026, horft til austurs

Einföld tóft er rúmum 500 m sunnan við bæ 001 og tæplega 120 m norðaustan við helli 005. Tóftin er í norðurenda Stekkjarholts. Um 10 m vestan við hana liggur leið 023 upp á holtið. Tóftin er neðarlega í tæplega 10 m hárri og fremur brattri brekku.
Tóftin er í grónu mólendi, fast norðan við náttúrulegt holt.
Tóftin er 10x7 m að stærð, einföld og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 0,5 m á hæð og óskýrir á köflum vegna þýfis. Þeir eru algrónir og líklega torfhlaðnir. Rof er komið í veggina á nokkrum stöðum og ekkert grjót sést þar. Op er í suðausturhorni og ekki mótar fyrir frekari hólfaskiptingu, jötum eða öðru sem gefur hlutverk tóftarinnar til kynna. Að innan er tóftin grasivaxin og slétt. Hlutverk tóftarinnar er óþekkt en lag hennar og fjarlægð frá bæ bendir til að hún hafi verið stekkur eða lítil heimarétt.
Hættumat: engin hætta



Nautarétt 027

RA-407:027 tóft NAUTARÉTT
63°55.526N 20°28.365V
Nautarétt er rúma 1,5 km norðan við bæ 001 og 250 m norðvestan við helli 006. Réttin er við landamerki Raftholts, í vesturhlíð Utustu-Fögrubrekku.
Tóftin er á suðvesturenda Utustu-Fögrubrekku. Þar er gróið, þýft mólendi og malarvellir koma víða upp úr sverði.
Réttin er uppi á Utustu-Fögrubrekku og er 5 m há brekka niður til vesturs frá henni. Til suðurs er einnig bratt niður. Réttin er 5x4 m að stærð, einföld og snýr ASA-VNV. Hún er opin til norðurs. Veggirnir eru

sem fyrr segir grjóthlaðnir. Þeir eru 0,3-0,6 m að hæð og 5 umför af tvöfaldri grjóthleðslu sjást í þeim en meira er hrunið úr þeim að utan. Til austurs er réttin byggð inn í hól en hlaðið meðfram brekkunni að innan. Grjótið er mosavaxið og vaxið skófum. Nokkuð hrun er inni í réttinni.
Hættumat: engin hætta



Nautarétt 027, horft til SSV

RA-407:028 renna áveita
63°54.675N 20°27.531V



Renna 028, horft til suðvesturs

"Suður af túni hét Vondadý. Þar voru mikil dý, en var skorið úr þeim og gerður skurður út í Bæjarmýrina," segir í örnefnalýsingu. Skurðurinn sést ennþá en hann hefur fyllst af jarðvegi með tímanum. Skurðurinn er handgrafinn en ekki er vitað hvenær hann var gerður.
Bæjarmýri er stórþýfð og grasivaxin. Búið er að ræsa hana fram með yngri skurðum.
Skurðurinn er samfallinn en vel mótar þó ennþá fyrir honum. Uppmokstur er sunnan við skurðinn og hann er 0,3-0,5 m á dýpt. Hann liggur til suðurs frá tóft 038 og sveigir til suðvesturs út í Bæjarmýri. Hann er 250 m að lengd, 3-4 m að breidd og grasivaxinn. Ekki var fyllt uppi skurðinn, það gerðist með tímanum að sögn Sigrúnar Haraldsdóttur, heimildamanns. Hann er skorinn í sundur af vélgröfnum skurðum á tveimur stöðum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Lýtingsstaðir, 6


RA-407:029 *"Á Flötunum"* tóftaþyrping býli 63°54.881N 20°27.919V



Á vinstri mynd er tóft 029A, horft til norðvesturs. Á hægri mynd er tóft 029B, horft til norðvesturs

"Á Flötunum var smátóft, og hafði þar verið kofi, sem einsetumenn bjuggu í," segir í örnefnalýsingu. Í bókinni Þykkskinna hin síðari er lýsing á þessum tóftum og þar segir: "Árið 1863 stofnaði Einar [Einar Guðmundsson f. 1835] eigið heimili. [...] Þegar hann hóf húsamennsku sína reisti hann sér lítinn bæ í Lýtingsstaðalandi. Bær hans stóð þar sem heitir Á Flötunum, á að giska 300 m fyrir vestan Kambsrétt [004]. Tóftabrotin benda til þess, að bæjarhús hafi verið tvö til þrjú. En öll hafa þau herbergi verið smá. [...] Sumir gamlir menn vildu halda að Einar hafi búið í kringum áratug í koti sínu á Flötunum [...] Um 1872 flutti hann að Kvíarholti og reisti sér kofa þar." Tóftaþyrpingin er 400 m norðvestan við bæ 001 og rúmum 70 m suðvestan við réttartóft 035. Norðan við tóftirnar eru uppblásturssvæði sem klífur Flatirnar í tvennt og í raun um tvo hólrima að ræða. Af þeim sökum er 2-1,5 m hár bakki fyrir norðvestan tóftirnar og bratt þar niður. Norðurhluti Flatanna er minna gróinn og

hraungrýti kemur þar víða uppúr sverði.
Tóftaþyrpingin er í einfaldri röð norðaustur-suðvesturs. Fyrir norðan hana er uppblásinn geiri sem byrjaður er að gróa aftur. Annars er gróið, smáþýft mólendi á þessu svæði. Mögulega var það handsléttað.



Tóftir sem tilheyrðu býlinu "Á Flötunum"

Fimm tóftir eru á þessu svæði sem er 70x40 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Í lýsingu þeirri sem hér fylgir á eftir er hverri tóft gefinn bókstafur til aðgreiningar. Tóft A er fyrir suðvestan tóft E, norðaustarlega á svæðinu. Hún er 12x8 m að stærð, snýr norður-suður og skiptist í þrjú hólf. Hólf 1 er syðst. Það er 6x4 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggirnir eru 0,3 m á hæð og algrónir. Ekkert op sést á yfirborði inn í hólfið. Hólf 2 er norðvestan við hólf 1. Það er 4x2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 0,4 m á hæð og það sjást 2-3 umför af grjóthleðslu í þeim. Ekki mótar fyrir opi. Hólf 3 er austan við hólf 2. Það er 3x2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggirnir eru 0,4 m og sjást 2-3 umför af grjóti. Hólfið er opið til suðurs. Rúmum 2 m norðvestan við tóftina er hola. Hún er 1,5 m á dýpt og um 1 m í þvermál. Líklega er hún manngerð. Tóft B er 4 m suðvestan við tóft A. Hún er 10x8 m að stærð, einföld og snýr NNV-SSA, Veggirnir eru 0,5 m á hæð og algrónir. Ekki mótar fyrir opi á yfirborði. Tóft C er 4 m suðvestan við tóft B. Hún er 9x7 m að stærð, einföld og snýr suðaustur-norðvestur. Hún er byggð inn í hól til austurs og hluti af norðurvegg. Þar er ekki eiginlegur veggur, heldur beinn skurður inn í hlíðina. Aðrir veggir eru 0,4-0,5 m á hæð og grasivaxnir. Í norðvesturhorni eru hleðslusteinar í gólfinu. Tóftin er opin til suðausturs. Tóft D er 18 m VSV við tóft C. Hún er 8x8 m að stærð og skiptist í tvö hólf. Hólf 1 er vestar. Það er 6x4 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggirnir eru 0,5 m á hæð, algrónir og þýfðir. Hólfið er opið til suðurs og fyrir norðan það er grjótdreif, líklega úr veggjum án þess að skýrar hleðslur séu sjáanlegar. Hólf 2 er austar. Það er 6x2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggirnir eru 0,5 m á hæð og grasivaxnir. Hólfið er opið til suðurs. Öll tóftin er sigin og ógreinileg sökum þýfis. Tóft E er 4 m norðaustan við tóft A. Hún er 24x18 m að stærð, snýr austur-vestur og skiptist í 4 hólf. Hólf 1 er L-laga og liggur nyrst og austast í tóftinni. Það er 2 m breitt og lengdin er hin sama og á tóftinni sjálfri. Veggirnir eru 0,3 m á hæð, óskýrir og grasivaxnir. Hólfið er opið í suðurenda og þar einnig til vesturs, yfir í hólf 3 og 4. Hólf 2 er sunnan við hólf 1. Það er 8x6 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 0,4-0,5 m á hæð og grasivaxnir. Ekki mótar fyrir opi í þeim. Hólf 3 er austan við hólf 2. Það er 6x4 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggirnir eru 0,4 m á hæð og algrónir. Vesturveggurinn er óskýr og nánast útflattur. Op er á miðri suðurhlið, yfir í hólf 1 og 4. Hólf f er sunnan við hólf 3. Það er 6x4 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Það er opið til austurs. Veggirnir eru 0,5 m á hæð og mótar fyrir einu umfari af grjóthleðslu í vesturvegg. Þessi tóft er nánast útflött. Ekki er vitað hvert nákvæmt hlutverk hverrar tóftar er. Líklega var tóft A bærinn, tóftir B-D útihús. Tóft E gæti einnig hafa verið bærinn. Líklega voru húsin rifin niður og Einar sem þar bjó tekið viðinn með sér. Í Þykkskinnu kemur fram að það hafi hann gert við aðra bæi sína.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Lýtingsstaðir, 6; HH: Þykkskinna II, 31-34

RA-407:030 *Kúagata* heimild um leið 63°54.900N 20°27.752V
"Brunnhóll [010] var við heimreiðina [013], og var einkum farið það á sumrin, en minna notað á vetrum. Þarna voru kýr líka reknar. [...] Kúagata lá meðfram Grjótdælu," segir í örnefnalýsingu. Leiðin lá líklega til norðurs frá tröðum 013 og sveigði til VNV milli nátthaga 039 til suðurs og kvía 031 til norðurs.. Leiðin er horfin undir vegslóða sem fallinn er úr notkun að mestu.
Gróið mólendi með náttúrulegum hólhryggjum og sléttum lautum.
Þar sem Kúagata var er nú uppgróinn vegslóði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Lýtingsstaðir, 2, 6

RA-407:031 heimild um kvíar 63°54.907N 20°27.578V
"Kúagata [030] lá meðfram Grjótdælu. Bólbakkar eru við Grjótdælu, austur af henni. Þeir eru suður af Grjótum.

Bólbakkar eru sléttir. Sandfok hefur verið úr Grjótunum, sem hefur sléttað þá. Þarna voru hafðar kvíar, meðan ekki var búið að slá túnið. Fráfærur voru a.m.k. til eða fram yfir 1930," segir í örnefnalýsingu. Kvíarnar voru tæpa 230 m norðvestan við bæ 001 og 175 m norðvestan við útihús 003. Engin ummerki um kvíar sjást á yfirborði enda líklegt að færikvíar hafi verið þarna enda vær notaðar í stuttan tíma.
Bólbakkar eru sléttir að ofan og grasivaxnir. Þeir eru náttúrulegir, 1-1,5 m á hæð með fremur brattar hliðar.
Engin ummerki kvía sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Lýtingsstaðir, 6

RA-407:032 heimild um mógrafir 63°55.135N 20°28.998V
"Mór var sóttur að Útgili, og þá lá leiðin [sjá 033] yfir Utastahól [...] Mórinn var tekinn í háum barmi við gilið og venjulega fyllt í eldri gröf, þegar tekið var ný. Þurrkað var á Litla-Botnholti [...] Margar stungur voru af mó og margar stungur einnig ofan á hann. Mórinn var nokkuð góður, en ljós öskulög í honum langt niður. Erfitt var að vinna móinn, þar sem hann var djúpur og langt að sækja. Tekinn var mór fram undir 1930, en þá fóru að koma kol, og einnig var notuð skán," segir í örnefnalýsingu. Mógrafirnar voru 1,4 km norðvestan við bæ 001 og rúma 800 m suðvestan við helli 006.
Gróið, þýft og framræst mólendi er á þessum slóðum. Útgil er landamerkjum við Sumarliðabæ RA-408.
Að sögn Sigrúnar Haraldsdóttur, heimildamanns, er búið að fylla upp í flestar mógrafirnar eða þær fallið saman. Lítið sem ekkert sést af þeim á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Lýtingsstaðir, 6, 7

RA-407:033 gata leið 63°54.919N 20°27.941V
"Vestur eða norðvestur af Flötunum [029] er Utastihóll, lágur hóll. Mór [032] var sóttur að Útgili og lá þá leiðin yfir Utastahól. Úti í graslendinu [NV] eru tveir dálitlir hólar, sem heita Litla-Grásteinsholt og Stóra-Grásteinsholt, sem er norðar. [...] Litla-Grásteinsholt er meira klettaholt eða grjóthóll, alveg við götuna, sem farin var út í hagana og í mógrafirnar við Útgilið," segir í örnefnalýsingu.
Leiðin liggur í grónu, stórþýfðu mólendi og framræstum mýrum.
Leiðin sést í austurhorni Utastahóls. Þar mótar óljóst fyrir 2-4 pöldrum í stórþýfðum móanum sem liggja norðvestur-suðaustur. Paldrarir eru 0,3 m á dýpt og grasivaxnir. Leiðin heldur áfram yfir Grásteinsmýri og að Litla-Grásteinsholti. Leiðin er horfin að mestu í mýrinni en kemur aftur upp þegar landið hækkar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Lýtingsstaðir, 6-7



Götur 033, horft til norðvesturs


RA-407:034 *Háirimi* náttúrumin huldufólksbústaður
63°54.753N 20°27.820V
"Háirimi er norðurhluti Rimanna [vestur af Bæjarmýri]. Klettar eru í honum, sléttir niður, og átti að vera þar huldufólk," segir í örnefnalýsingu. Klettarnir eru í norðaustur horni Háarima og ekki sjást aðrir klettar þar. Þeir eru rúma 300 m VSV við bæ 001 og 350 m suðvestan við kvíar 031. Tæpa 50 m austan við klettana er Litlirimi.
Háirimi er náttúrulegt holt. Það er mólent og mýrar eru til suðurs, vesturs og norðurs.
Háirimi liggur til VNV, nánast frá bæ 001 og að landamörkum Fosshóla sem er nýbýli í landi Lýtingsstaða. Klettarnir eru rúmlega 2 m háir og 6 m á lengd.



Huldufólksbústaður 034 í Háarima, horft til VNV

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Lýtingsstaðir, 8

RA-407:035 tóft rétt 63°54.915N 20°27.871V
Tóft er 400 m norðvestan við bæ 001 og rúma 170 m suðvestan við rétt 004. Tóftin er norðan við náttúrulegan hól.
Gróið mólendi og mikið um náttúrulega hóla er á þessum slóðum.



Réttartóft 035


Réttartóft 035, horft til SSA

Tóftin er 4x4 m að stærð og einföld. Veggirnir eru 0,7 m á hæð og víða glittir í grjót án þess að um skýra grjóthleðslu sé að ræða. Þeir eru mosa- og grasivaxnir. Tóftin er byggð upp við 1m háa hraunkletta til suðurs og afmarka þeir þá hlið. Op er í norðvesturhorni og ekki mótar fyrir frekari hólfaskiptingu. Staðsetning tóftar og lag hennar bendir til að hún hafi verið e.k. heimarétt eða kvíar.
Hættumat: engin hætta

RA-407:036 *Byrgishóll* heimild um fjárskýli 63°54.295N 20°28.579V
"Austur eða suðaustur af Fosshólum, við Steinslæk, er Byrgishóll. Í honum eru skútar, sem eru skjól fyrir skepnur," segir í örnefnalýsingu. Byrgishóll er 1,3 km suðvestan við bæ 001 og tæpa 500 m suðaustan við Skúlabyrgi 037. Hann er nú innan nýbýlisins Fosshóla sem byggt var árið 1935 í landi Lýtingsstaða. Hóllinn er horfinn og ekki er vitað hvort að hleðslur veru þar þó örnefnið bendi til byrgishleðslu á eða við hólinn.
Þar sem hóllinn var eru slétt, grasivaxin tún. Við suðurmörk túnsins er brún, 0,6-1,2 m á hæð, niður að læknum. Þar mótar fyrir lágum klettum sem mögulega gefa staðsetningu skútanna til kynna.
Engin ummerki Byrgishóls sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Lýtingsstaðir, 9

RA-407:037 garðlag túngarður
63°54.320N 20°28.740V
Garðlag liggur yfir hól hjá bæjarstæði Fosshóls, nýbýlis, um 1,4 km suðvestan við bæ 001.
Garðurinn liggur í túni upp frá Steinslæk og yfir áðurnefndan hól en heldur svo áfram í mólendi til norðvesturs.
Garðurinn er á svæði sem er um 1060x115 m að stærð og snýr NNV-SSA. Í SSA enda svæðisins sést garðurinn á um 200 m löngum kafla og snýr þar norðvestur-suðaustur. Garðurinn sést aftur um 180 m NNV-ar en tún hefur verið ræktað á garðstæðinu á þessu bili. Þar snýr garðurinn nálega norður-suður á um 700 m löngum kafla. Garðurinn er um 1 m á hæð og breidd og er líklega torfhlaðinn. Líklega er garðurinn frá 20. öld og líklegt að hann teljist ekki til fornleifa samkvæmt skilgreiningum laga sem miða við


Túngarður 037, horft til norðvesturs


100 ára aldur fornleifa. Hann er engu að síður skráður þar sem hann ber fornu verklagi vitni. Garðurinn hefur að öllum líkindum verið vörslugarður frá því áður en nýbýlið Fosshóll var byggt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-407:038 tóftir 63°54.814N 20°27.629V
Tvær tóftir og garðlag sem tengir þær saman eru um 140 m VNV við bæ 001. Minjarnar eru í óræktuðu túni sem



Á vinstri mynd er tóft 038A, horft til vesturs. Á hægri mynd er tóft 038B, horft til NNV

ræst er fram með skurðum, einn þeirra er fast vestan við tóft B. Sú tóft er einnig fast norðan við mýrarpytt sem kallast Vondadý á örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar. Líklega eru tóftirnar frá mismunandi tímum en til þess bendir staðsetning þeirra og lag.
Stórþýft mýrlendi í aflíðandi halla til suðurs.
Tvær tóftir og garðlag eru á þessu svæði sem er 300x85 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Verður öllum mannvirkjunum gefinn bókstafur til aðgreiningar í þeirri lýsingu sem fylgir hér á eftir. Tóft A er norðvestar. Hún er 16x7 m að stærð, snýr austur-vestur og skiptist í tvö hólf. Hólf 1 er austar. Það er 8x5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 0,8-1 m á hæð og algrónir. Hvergi sést glitta í grjót né er skýrt op inn í hólfið. Hólf 2 er vestar. Það er 4x2 m að stærð og snýr norður-suður. Veggirnir eru eins og í hólfi 1 og ekki sést neitt op. Öll tóftin er illa farin vegna ágangs hrossa, stórþýfð og veggirnir útflattir. Tóft B er 250 m suðaustan við tóft A. Hún er afar illa farin vegna ágangs hrossa, mýrlendis og hefur að auki líklega verið rifin niður á sínum tíma. Hún er nánast horfin á köflum. Tóftin er 24x20 m að stærð, snýr norður-suður og skiptist Í tvö hólf. Hólf 1 er austar. Það er 23x6 m að innanmáli og snýr norður-suður. Bárujárn var í þaki hólfsins og sjást leifar þess víða. M.a .er þakburst í norðurenda hólfsins. Veggirnir



Tóftir 038




Tóft 039B, horft til norðvesturs

eru stórþýfðir, 0,6-1,3 m á hæð og algrónir. Víða er komið rof í veggina og moldarflag þar. Hólfið er opið til suðurs. Hólf 2 er vestar. Það er 23x8 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggirnir eru eins og í hólfi 1 og jafn illa farnir. Hólfið er opið til norðurs. Garðlag C liggur vestan við tóftirnar. Það snýr austur-vestur, norðan við tóft A, sveigir til suðausturs og endar við tóft B. Það er 1-1,5 m á breidd, grasivaxið og

stórþýft. Það er 0,3-0,5 m á hæð og vélgrafinn skurður sker það í tvennt fyrir miðju. Það er útflatt á köflum. Hlutverk minjanna er óþekkt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Lýtingsstaðir

RA-407:039 tóft+garðlag nátthagi
63°54.850N 20°27.771V
"Gerði [sjá 017]: Þar norður af var nátthagi fyrir ær. Gamli garðurinn sést enn á kafla," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu. Nátthaginn er rúmum 100 m vestan við bæ 001 og Kúagata 030 liggur meðfram norðurhlið hans. Garðlag 038C liggur til SSA frá nátthaganum.
Nátthaginn er í stórþýfðu mólendi með hólum og lautum milli þeirra. Svæðið innan nátthagans er ósléttað og ekki grænna en nánasta umhverfi.
Nátthaginn er 185x130 m að stærð og snýr austur-vestur. Innan hans norðarlega er tóft B. Túngarður A afmarkaði allar hliðar nátthagans og er hann varðveittur að mestu. Túngarðurinn er torfhlaðinn, 0,4-1 m á hæð og grasivaxinn. Vélgrafinn skurður liggur í L innan nátthagans og hefur raskað austur- og suðurhliðum hans. Gaddavírsgirðing liggur til vesturs frá skurðinum og hefur lagning hennar raskaði vesturhliðinni. Norðurhliðin liggur í sveig fyrir miðju. Tóft B er í norðurhluta nátthagans, nánast fyrir miðju, í suðurhlíð náttúrulegs hóls. Fyrir sunnan hana gengur uppblástursgeiri inn í hólinn og op hennar er þar. Tóftin er 7x5 m að stærð, einföld og snýr norðvestur-suðaustur. Veggirnir eru 0,4-1 m á hæð, algrónir og hvergi glittir í grjót. Tóftin er byggð inn í hólrimann til norðurs og austurs.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Lýtingsstaðir aths. og viðb., 1



Tóft 039B innan nátthaga 039A

RA-407:040 heimild um ristu
63°54.682N 20°28.070V
"Svokallað "kringlutorf" var rist hjá Háarima. Það var skorið á sérstakan hátt, torfurnar kringlóttar og ekki stórar. Rist var með ristuspaða eða sérstökum ljá. Þetta torf var notað á húsaþök," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu. Ekki er vitað nákvæmlega hvar ristan var. Að sögn Sigrúnar Haraldsdóttur, heimildamanns, gæti ristan hafa verið víða, enda mýrlent bæði sunnan og norðan við Háarima og hann stór. Líklegast er þó átt við svæðið norðan við Háarima. Þar er s.k. Kringill í mýrlendu viki og gæti það tengst nafni ristunnar. Ristan var tæpa 500 m VSV við bæ 001 og rúma 170 m austan við Brúarrima 011. Gróið, þýft mólendi er á þessum slóðum.
Engin ummerki ristu sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Lýtingsstaðir aths. Og viðb., 2


Landamerkjagarður 041, horft til suðausturs

RA-407:041 garðlag landamerki
63°55.182N 20°27.011V
Landamerkjagarður liggur á austurmerkjum Hvamms RA-406 og Lýtingsstaða. Hann er í suðurhlíðum Kambsheiðar, austan við malargryfjur sem þar eru.
Garðlagið liggur í grónu, stórþýfðu mólendi.
Landamerkjagarðurinn er tæplega 470 m langur og vel varðveittur. Hann liggur til suðurs frá sléttu, grasivöxnu túni uppi á Kambsheiði, niður suðurhlíðar heiðarinnar og sveigir til SSA, upp að svokölluðum Grástein. Garðurinn heldur áfram frá honum að núverandi malarvegi að Hvammi. Þar sveigir hann til vesturs og endar við


Vörslugarður 042, horft til NNA

Hagabraut (þjóðvegur). Landamerkjagarðurinn er 0,5-1 m á hæð, 1,5-2 m á breidd og torfhlaðinn. Vírgirðing er ofan á honum. Líklega náði garðurinn lengra til beggja átta en horfinn þar vegna rasks.
Hættumat: engin hætta

RA-407:042 garðlag vörslugarður
63°55.162N 20°27.738V
Tvö garðlög eru 700 fyrir norðan bæ 001 og 300 m norðan við Kambsrétt 004, á svæði sem kallast Bakkar á örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar. Ekki er víst að þau tengist en það er þó talið líklegt og því eru þau skráð saman undir þessu númeri.
Garðlögin eru í grónum, þýfðum óræktuðum túnum.
Garðlögin tvö eru á svæði sem er 110x20 m að á stæð og snýr austur-vestur. Vestar er um 10 m langt garðlag, A, sem liggur austur-vestur. Það er 1-1,5 m á breidd, 0,6 m á hæð og grasivaxið. Það er torfhlaðið, renna er norðan við þess þar sem efni var tekið. Garðlag B er rúmum 90 m austan við garðlag A. Það er 16 m langt, 0,7 m á hæð og 1 m á breidd. Garðlagið snýr norðaustur-suðvestur, þvert yfir grasivaxna dæld og er op á því miðju. Ekki er vitað í hvaða tilgangi garðlögin voru hlaðin en útlit þeirra og staðsetning bendir helst til að þeir hafi verið vörslugarðar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Lýtingsstaðir

RA-407:043 varða
63°55.060N 20°27.638V
Vörðubrot er rúmlega 50 m austan við rétt 004B og rúma 500 m norðan við bæ 001. Tæpum 30 m austar er malarslóði að nýlegum fjárhúsum. Varðan er að öllum líkindum á svokölluðum Ólafshól sem merktur er inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar.
Slétt, gróið svæði ofan á náttúrulegum hól.
Ólafshóll er náttúrulegur og 1-1,5 m á hæð. Hann er sléttur að ofan og grasivaxinn. Varðan er 0,5 m á hæð og 1 m á breidd. Það sjást þrjú umför af mosa- og skógivöxnu grjóti í henni. Ekkert hrun er umhverfis vörðuna og hún líklega ekki verið hærri. Ekki er vitað í hvaða tilgangi varðan var hlaðin.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Lýtingsstaðir



Varða 043, horft til suðvesturs

RA-407:044 garðlag vörslugarður
63°54.223N 20°28.013V
Garðlag er við Steinslæk, um 1,1 km SSV við bæ 001.
Garðurinn liggur um þýfðan móa, að mestu leyti á bakka Steinslækjar.
Garðurinn sést á svæði sem er um 680x330 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Garðurinn liggur í hlykkjum meðfram Steinslæk, NNV við hann á um 680 m löngum kafla og norðaustan við hann á um 180 m löngum kafla. Hann er víða um 1 m á hæð og breidd. Hann er gróinn og líklega torfhlaðinn. Rof eru á garðinum á nokkrum stöðum. Líklega er garðurinn frá 20. öld og telst hann þá ekki til fornleifa samkvæmt lagaskilgreiningum sem miða við 100 ára aldur fornleifa. Hann er engu að síður skráður þar sem hann ber fornu verklagi vitni. Garðurinn hefur að öllum líkindum verið vörslugarður og hefur líklega verið girt ofan á hann.
Hættumat: engin hætta



Vörslugarður 044, horft til norðvesturs


RA-407:045 tóft+garðlag vörslugarður 63°54.935N 20°27.446V
Garðlag með sambyggðri tóft liggur eftir norðurhlíð holtsins sem bær 001 er á og sveigir til suðausturs við Hagabraut (þjóðvegur). Líklega er garðurinn frá 20. öld og líklegt að hann teljist ekki til fornleifa samkvæmt

lagaskilgreiningum sem miða við 100 ára aldur fornleifa. Hann er engu að síður skráður þar sem hann ber fornu verklagi vitni. Garðurinn hefur að öllum líkindum verið vörslugarður.
Fyrir utan (norðan) vörslugarðinn eru óræktuð, þýfð tún en innan hans (sunnan) eru slétt, ræktuð tún og skógrækt.





Á vinstri mynd er tóft 045B, horft til norðausturs. Á hægri mynd er vörslugarður 045A, horft til norðausturs




Tóft og garðlag 045

Garðurinn og tóftin ná samanlagt yfir svæði sem er 260x200 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Garðlagið A er torfhlaðið og 1-1,6 m á hæð. Vírgirðing er ofan á því og renna meðfram því, innan svæðisins sem það afmarkar. Garðlagið liggur til norðausturs, upp holtið skammt frá malarvegi heim að Lýtingsstöðum. Það liggur síðan eftir holtinu endilöngu og afmarkar slétt, grasivaxin tún sem þar eru. Það sveigir síðan til suðausturs við Hagabraut og endar við malarveg að sumarbústað í einkaeigu. Þar er skógrækt innan túngarðsins. Suður- og vesturhluti garðlagins eru horfin en frekari hólfaskipting hefur verið á svæðinu, Uppi á holtinu, norðan við Lambavörðu 018 liggur er þvergarður sem liggur NNV-SSA. Hann er eins að gerð og lögun og sést á 60 m löngum kafla. Tóft B er sambyggð við suðvesturhluta garðlagsins. Hún er 7x5 m að stærð, snýr austur-vestur og er einföld. Garðlag A afmarkar norðurhliðina. Veggirnir eru 0,6-1 m á hæð og torfhlaðnir. Op er á miðri vesturhlið. Inni í tóftinni er hola, um 0,6 m djúp og 0,5 m í þvermál.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-407:046 tóft fjárskýli 63°54.957N 20°28.677V
Við yfirferð loftmynda, eftir að vettvangsskráningu lauk, sást hringlaga tóft, líklega fjárskýli, um 1 km vestan við bæ 001.
Tóftin er syðst á Botnholti, norðan við framræst mýrlendi.
Tóftin er einföld, um 15 m í þvermál. Líklegt er að hún sé torfhlaðin. Tóftin var ekki rannsökuð á vettvangi.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Loftmyndir frá Loftmyndum ehf.

Túnakort fyrir Þjóðólfshaga



RA-409 Þjóðólfshagi

20 hdr 1708. Konungseign, var eign Þykkvabæjarklausturs. JÁM I, 342. 1270: Getið í máldaga Oddakirkju. DI II, 86-88. Samkvæmt Holtamannabók I (414) hefur verið tvíbýli á jörðinni frá því á síðari hluta 19. aldar en þá er farið að gera greinarmun á því hvort ábúendur búa á Vestubæ eða Austurbæ. Fjórbýli er á jörðinni (Þjóðólfshagi I-III og Ásamýri) og hluti hennar er nýttur undir sumarhúsabyggð.
1917: Tún 4,6 ha, þar af slétt 1,6 ha, garðar 1400 m²

RA-409:001 *Þjóðólfshagi* bæjarhóll bústaður 63°53.913N 20°29.351V




Mynd af Austur- og Vesturbæ í Þjóðólfshaga, líklega frá því um eða eftir 1980. Fremst á myndinni er forskáli hellis 007 (Manngerðir hellar, bls. 164)



Bæjarhóll Þjóðólfshaga 001, horft til NNA

Tvíbýli var í Þjóðólfshaga frá því um miðja 19. öld. Í Sunnlenskum byggðum V segir: "Árið 1976 var byrjað að undirbúa flutning á bænum [Þjóðólfshaga I, Vesturbæjar] á svonefnt Vallartún, um 1500 m suðvestur af gamla bænum." Nýlegt íbúðarhús Þjóðólfshaga II (Austurbæjar) er fast suðvestan við bæjarhól gamla bæjarins. Bæjarhóll gamla bæjarins í Þjóðólfshaga er um 220 m suðaustan við Steinslæk.
Bæjarhóllinn og næsta nágrenni hans er afgirt með rafmagnsgirðingu, líklega til að forða skepnum og börnum á bænum frá slysum. Mikið vex af hvönn og grasi á og við hólinn enda er hann hvorki sleginn né beittur.




Bæjarhóll Þjóðólfshaga 001 og forskáli hellis 007

Lítil upphækkun sést á bæjarstæði Þjóðólfshaga fyrir utan allmiklar byggingaleifar á bæjarhólnum og er bæjarhóllinn ekki afgerandi. Hann er um 35x26 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Bæjartóftin nær yfir sama svæði eða litlu minna. Eitt greinilegt hólf I er í henni í suðvesturenda. Líklega er það þar sem Vesturbærinn stóð. Það er grjót- og torfhlaðin dæld, um 5x5 m að innanmáli. Op er á því til suðausturs. Annað ógreinilegt hólf II er fast norðaustan við hólf I. Það er líklega þar sem Austurbærinn stóð. Það er um 5x5 m að innanmáli. Ekki er veggur fyrir suðausturhlið þess sem snýr fram á bæjarhlað og hefur að líkindum verið timburþil þar. Stórt hólf III er svo bakatil, aftan við hólf I og II til norðvesturs, líklega húsagarður eða kálgarður. Það er um 16x10 m að innanmáli, snýr norðaustur-suðvestur. Op virðist vera í vesturhorni þess en kann að vera rof. Ekki sést móta fyrir öðrum hólfum í tóftinni. Kantur er meðfram lóð suðaustan við nýlegt íbúðarhús Þjóðólfshaga II. Hann er um 30 m langur og snýr norðaustur-suðvestur. Ef til vill eru þetta áframhaldandi leifar af bæjarhól. Fast suðvestan við bæjarhól er djúp gryfja, leifar af hlöðu, og suðvestan við hana er steypt útihús. Mesta hæð bæjartóftar er um 2 m.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: SB V, 250; Túnakort 1917

RA-409:002 heimild um útihús 63°53.921N 20°29.306V
Útihús er merkt inn á túnakort frá 1917 um 40 m ASA við bæ 001 og 20 m suðvestan við útihús 003. Fast austan við áætlaða staðsetningu útihússins er timburskúr og rúmum 5 m til norðurs er malarslóði.
Þar sem útihúsið var er slétt, grasivaxið tún og malarslóði norðan þess.
Engin ummerki útihússins sjást.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-409:003 heimild um útihús 63°53.931N 20°29.302V
Útihús með sambyggðum kálgarði er merkt inn á túnakorti frá 1917 um 50 m austan við bæ 001 og 20 m norðaustan við útihús 002 . Kálgarðurinn er vestan við útihúsið og nær allt að bæ 001. Austurhluti traða 020 lágu sunnan við útihúsið og er þar nú malarslóði.
Þar sem útihúsið var er malarvegur og malarplan við núverandi íbúðarhús í Þjóðólfshaga II. Það hús er innan kálgarðsins og er fast austan við bæjarhól 001.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917



Leifar af kálgarði sem var sambyggður útihúsi 004

RA-409:004 gerði útihús
63°53.889N 20°29.415V
Útihús með tveimur sambyggðum kálgörðum er merkt inn á túnakort frá 1917 um 70 m suðvestan við bæ 001. Útihúsið er í norðvesturhorni vestari kálgarðsins en sá eystri er tæpum 10 m sunnan við kálgarð 030.




Kálgarður 004, horft til vesturs

Útihúsið er horfið en gerði umhverfis kálgarðana sjást enn.
Kálgarðurinn er í grónu túni með náttúrulegum hæðum og hólum.
Samkvæmt túnakortinu var kálgarðurinn 80x20 m að stærð. Hann snýr ANA-VSV og skiptist í tvö hólf og útihús. Hólf I er vestar og var útihúsið í norðvesturhorni þess. Það er horfið og slétt, grasivaxið tún þar. Líklega var op þar inn utan við kálgarðinn. Hólf 1 sést enn og er 60x14 m á stærð og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 1 m á hæð, grasivaxnir en það sést glitta í grjót víða ofan á þeim. Hvönn vex innan hólfsins en annars er það slétt og grasivaxið. Op er á miðri suðurhlið en austurendi hólfsins er raskaður og norður- og suðurveggir horfnir. Hólf 2 er austan við hólf 1 og var eystri kálgarðurinn. Hann er nánast horfinn, einungis vesturveggurinn er varðveittur. Hvönn afmarkar þó stærð hans og trjám hefur verið plantað innan hans. Hólfið var 20x20 m að stærð og snéri ANA-VSV.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-409:005 *Lambahellir* hellir lambhús 63°53.893N 20°29.429V
"Við bæinn er Fjárhellir [007], sem telur um 40 kindur. Út af honum eru tveir afhellar, annar notaður fyrir hey, en hinn til að baða í sauðfé, og er hann með baðþró og sigpall, og vatnsbrunnur er þar hjá. Annar hellir er út í túninu, álíka stór og Fjárhellir," segir í örnefnalýsingu. Hellirinn sem ekki er nafngreindur í örnefnaskrá hefur að öllum líkindum verið þar sem hellir er merktur inn á túnakort frá 1917 um 70 m vestan við bæ 001 og 10 m norðvestan við kálgarð 004. Inn á örnefnakort Ingólfs Einarssonar af jörðinni er merktur Lambahellir litlu vestan við bæ, hins vegar er Fjárhellir 007 ekki merktur inn á það. Líklega er Lambahellir sá hellir sem merktur er inn á túnakort og er skráður hér. Af nafninu að dæma hefur hann verið notaður sem lambhús.
Hellirinn er í grasivaxinni og stórþýfðri brekku, í aflíðandi halla til vesturs niður frá bæ 001. Brekkan er ekki há, milli 1,5-2 m.
FRIÐLÝSTAR FORNMINJAR. Í Friðlýsingarskrá segir: "Hellar þrír manngjörvir; gamlir; einn er rjett útsunnan við bæinn [sjá 007]; annar er heima á túninu rjett vestan við bæinn, þriðji er á svonefndu Stekkjartúni [sjá 018], í útsuður frá bænum." Margar lýsingar eru til af hellunum í Þjóðólfshaga og ekki er alltaf ljóst um hvaða hella er verið að ræða. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1708 segir: "Tveir hellar stórir eru í túninu, sem brúkaðir eru á vetur fyrir fje og hesta, þriðji er lítill, sem brúkaður er fyrir lömb." Hægt er að skilja þessa lýsingu á tvennan hátt. Annars vegar er hægt að skilja hana þannig að í túninu hafi verið þrír aðskildir hellar en þá er ekkert annað vitað um þrjiðja hellinn sem var lítill og notaður fyrir lömb því yngri heimildir nefna aðeins tvo allstóra hella (005 og 007). Hins vegar er hægt að skilja hana þannig að í túninu hafi verið einn stór hellir með þrjú aðskilin hólf. Ef síðarnefndi skilningurinn er réttur gæti lýsingin átt við Fjárhelli 007 en í honum eru þrjú aðalrými þó að einu þeirra sé nú skipt í tvö rými. Ekki er tekin afstaða til þessa atriðis í bókinni Manngerðir hellar á Íslandi. Í Sóknarlýsingu Efri-Holtaþinga frá 1840 segir: "F. Lítið eitt vestar í túninu [en hellir 007] er hellir sem brúkaður er fyrir lambahús. Dyr hans snúa mót vestri med 7 al. löngum upphlöðnum forskála til dyra, en 5 al. háum, niðurgrafinn um 3 al. Hellirinn sjálfur er 17 al. að lengd 9 al. að vídd 4 al. að hæð, að öllu leyti klappaður af mönnum en að nýju stórum endurbættur af þar núverandi dugnaðarsömum ábúanda Ólafi Loptssyni því vatnsuppgangur upp úr gólfinu gerði hann áður lítt brúkanlegan. Á honum eru tveir upphlaðnir strompar, einnig klappaðir." Í hellaritgerð Matthíasar Þórðarsonar sem birtist í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1930-1931 segir: "Nr. 2. er heima á túninu, rétt fyrir vestan bæinn. Hann er hafður fyrir kindur, tekur um 50 lömb. Við hann er hlaðinn víður og hár forskáli, með sperru og helluþaki á langböndum. 7 þrep er niður að ganga. Trégarði með grjóti undir á miðju gólfi. Hellirinn er að lengd frá neðsta þrepi 9 ¾ m., breidd að framan 4,15 m. og innst 3,80 m. Hvelfing all-lagleg, en nokkur útskot neðst, og voru fyrrum garðar við báða veggi. Hæðin öllu meiri innst en fremst; innst er hún 2,50, en fremst 1,90 og er þar moldargólf, sem ekki má grafa niður sökum vatnsuppgangs. - Strompar 2 allvíðir og báðir nýlega upphlaðnir úr kökkum. Sá innri er svo að segja innst, en hinn er 2,30 m. frá bergbrúninni að framan. Þeir eru að vídd ca. ¾ m. neðst og gerðir gegn um ca. 40 cm. þykkt berg, en sumstaðar hefur verið sprengt og flísað úr því. Lögun virðist vera upprunaleg að öllu leyti, nema hvað hann kann að vera nuddaður af kindum út-við neðst. - Stromparnir ná nær 50-60 cm. upp úr [...]." Lýsingu Matthíasar og lýsingunni í sóknarlýsingunni ber nokkuð saman. Í þeim báðum kemur fram að lömb hafi verið höfð í hellunum, að þeir séu rétt vestan við bæ 001, að í þeim sé vatnsgangur og tveir strompar. Lambahellir sá

sem merktur er inn á túnakort er niðurfallinn og




Ummerki um helli 005



Ummerki um helli 005, horft til VNV


hefur að líkindum verið fyllt upp í hann. Þar sést dæld sem er 16x6 m að stærð og snýr ASA-VNV. Hún er dýpst til austurs, þar er hún 0,5 m og sést glitta í grjót í gegnum grasið. Dældin grynnist til vesturs og fjarar út. Þar var op. Í umfjöllun um hella í Þjóðólfshaga í bókinni Manngerðir hellar á Íslandi er talið að Lambahellir (hellirinn sem fjallað er um sem helli F í Sóknarlýsingunni) sé hluti af Austurbæjarhelli/Fjárhelli 007 (afhellir III). Í sömu bók er talið að lýsing Matthíasar Þórðarsonar á helli 2 hér að ofan eigi við týndan helli, og að hann sé sá sami og lýst er í Sóknarlýsingunni sem helli G (sjá 018). Ekki er vitað hvort hellirinn hrundi eða hvort hann var felldur niður en ef til vill hefur hann ekki verið nægilega hentugur vegna vatnsuppgangsins sem nefndur er í heimildum og þess vegna fallið úr notkun. Matthías Þórðarson var að skrá hella í Árnes- og Rangárvallasýslum á árunum 1917 og 1919 og hellirinn var þá í fullri notkun. Heimildamaður fyrir örnefnaskrá, Erlendur Erlendsson, bjó á jörðinni á árunum 1907-1949 og hann talar um hellinn í örnefnaskránni eins og hann standi enn. Ekki kemur fram í örnefnaskrá hvenær hún er skrifuð. Af framansögðu má ætla að hellirinn hafi fallið úr notkun og hrunið eða verið felldur á síðari hluta 20. aldar. Ekki sást friðlýsingarstaur við hellinn en hann hefur mögulega verið talinn týndur eins og í bókinni Manngerðir hellar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Þjóðólfshagi, 1; Túnakort 1917; IE-Örnefnauppdráttur, Þjóðólfshagi; ÁG: Friðlýsingarskrá, 70; JÁM I, 343; SSR, 178; MÞ: "Manngerðir hellar..." Árbók 1930-1931, 25-26; Manngerðir hellar, 169



Þúst 006

RA-409:006 þúst útihús
63°53.864N 20°29.238V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 140 m suðaustan við bæ 001. Þúst er um 130 m suðaustan við bæ 001 og er hún að öllum líkindum leifar af útihúsinu.
Þústin er í gömlu túni sem nýtt er sem beitarhólf fyrir hesta, SSA í Þinghól 011.
Þústin er um 6x6 m að stærð og um 0,3 m á hæð. Líklegt er að leifar af útihúsinu finnist undir sverði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917



Uppdráttur af Fjárhelli 007 (Manngerðir hellar, bls. 166)

RA-409:007 *Fjárhellir* hellir fjárhús
63°53.902N 20°29.380V
"Við bæinn er Fjárhellir, sem telur um 40 kindur. Út af honum eru tveir afhellar, annar notaður fyrir hey, en hinn til að baða í sauðfé, og er hann með baðþró og sigpall, og vatnsbrunnur er þar hjá. Annar hellir [005] er út í túninu, álíka stór og Fjárhellir," segir í örnefnalýsingu. Fjárhellir er ekki merktur inn á túnakort frá 1917 þó að hann hafi að öllum líkindum



Á vinstri mynd sést hrörlegur forskáli Fjárhellis 007 og á hægri mynd sjást hleðslur í forskálanum, horft til norðurs á báðum myndum

verið í notkun þá. Skýringin á þessu er líklega sú að hellirinn er svo þétt upp við bæ 001 að hann hefur verið talinn sem hluti af bæjarhúsunum. Hellirinn er um 8 m sunnan við bæ 001. Hús er byggt yfir inngang hans. Ekki var farið ofan í hellinn af öryggisástæðum.
Hellirinn er innan rafmagnsgirðingar með bæjarhól og gömlum steyptum útihúsum. Fast norðvestan við hellinn er mikil gryfja eftir útihús (sennilega hlöðu) sem hefur verið rifið.
FRIÐLÝSTAR FORNMINJAR. "Hellar þrír manngjörvir; gamlir; einn er rjett útsunnan við bæinn; annar [005] er heima á túninu rjett vestan við bæinn, þriðji [018] er á svonefndu Stekkjartúni, í útsuður frá bænum," segir í Friðlýsingarskrá. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708 segir: "Tveir hellar stórir eru í túninu, sem brúkaðir eru á vetur fyrir fje og hesta, þriðji er lítill, sem brúkaður er fyrir lömb." Hægt er að skilja þessa lýsingu á tvennan hátt. Annars vegar er hægt að skilja hana þannig að í túninu hafi verið þrír aðskildir hellar en þá er ekkert annað vitað um þrjiðja hellinn sem var lítill og notaður fyrir lömb því yngri heimildir nefna aðeins tvo allstóra hella (005 og 007). Hins vegar er hægt að skilja hana þannig að í túninu hafi verið einn stór hellir með þrjú aðskilin hólf. Ef síðarnefndi skilningurinn er réttur gæti lýsingin átt við Fjárhelli sem hér er skráður en í honum eru þrjú aðalrými þó að einu þeirra sé nú skipt í tvö rými. Ekki er tekin afstaða til þessa atriðis í bókinni Manngerðir hellar á Íslandi. Í Sóknarlýsingu Efri-Holtaþinga frá 1840 segir: "E. Í túninu hér um 10 faðma vestur af bænum Þjóðólfshaga er heyhellir, hann er 15 al. að lengd, 6 al. að vídd, 5 al. að hæð. Norður úr honum er afhellir 15 al. að lengd, 6 al að vídd, 6 al. að hæð. Einn strompur er upp úr hvorum klappaður gegnum 3 al. þykkt berg. Þessi hellir hefur tvennar dyr frá austri til vesturs milli dyranna." Í hellaritgerð Matthíasar Þórðarsonar sem birtist í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags segir um sama helli: "Nr. 3 er rétt sunnan-við bæinn. Hann er með afarmiklum forskála úr torfi og grjóti, sem er hálfkringlumyndaður innst og mjókkar frameftir, fram að dyrum, sem eru á þili fremst og með glugga yfir. 7 stór þrep niður að ganga. Hellirinn er hafður fyrir fé og rúmar um 40 kindur. Trégarði er á miðju gólfi. - Hellir þessi er að lengd 9 m., breidd að sjá jöfn, 3-3,50 m.; hvelfing regluleg og fallega bogamynduð, hæð undir loft innst 2¼ m., en minni fremst, ca. 1,90 m., því að á 2-3 m. löngu bili gengur hvelfingin á ská niður fremst. - Strax við neðsta þrepið er gangur vestur-úr í afhelli lítinn og er þar nú garði í fyrir 16 kindur. Vestast þar verður fyrir moldar-niðurhrun, og hefur hellirinn verið lengri þar út-undir, en norður-úr þessum afhelli er gangur inn í annan afhelli, sem gengur frá aðalhellinum innar, nær því inni við botn. Í báðum þessum afhellum er lægra gólf. Útnorður-úr innri afhellinum er nú gangur yfir í heyhlöðu, sem þar er grafin í jörðu; þar var inngangur í utan-frá áður og forskáli yfir. - Fremri afhellirinn er að lengd (frá suðri til norðurs) 4 m., en á hinn veginn nú 2⅓ m., og hæð 1,70 m. - Milligangurinn er að vídd 1,40 m. neðst, vel hvelfdur og 1,30 að hæð; lengd milligangs er 1,80 m. neðst, en vitanlega þykkari milliveggur ofantil. - Innri afhellirinn er að lengd 7 m. og breidd 2,20 og ca. 3 m. að hæð. Milligangurinn milli afhellisins er tregtmyndaður beggja vegna, og kampar engir, svipaður inngangi í fremri afhellinn að hæð og vídd. En inngangurinn í innri afhellinn er að hæð 2,15 m. og vídd neðst 1,15, og er hann 1,85 m. langur. - Að austanverðu er op, fyllt af mold og virðist veggurinn þar hruninn, 4,50 m. frá neðsta þrepi. Kann vera, að hér hafi verið inngangur inn í þennan helli áður. - Beint inn úr gaflinum austast er inngangur í 3. afhellinn. Inngangurinn er að vídd 1,05 m. - 1,95 m. (neðst), og hæð 2,10 m., og eru göngin að lengd 1,70 m.; jetið úr þó beggja vegna neðst, og er því styttra þar, ca. 50 cm. Þessi afhellir var hálfur af mold. Nú er 3 m. breitt bil í á gólfi fyrir innan inngangin, en séð verður ca. 3 m. yfir moldina til vesturs og skriðið 5 m. til austurs. Breidd er 4,60 m. og hæðin ca. 2,50. Nokkru fyrir austan inngangin er smábás í suðurvegg þessa afhellis. Á þessum afhelli eru 2 strompar, sinn hvoru megin við inngangin og er byrgt yfir þann vestari nú. - Á aðalhellinum er strompur inn af inngangínum í innri afhellinn að vestan. Á fremri afhellinum er mjór strompur inn af inngangínum í innri afhellinn að vestan. Á fremri afhellinum er mjór strompur ný-gerður." Nokkur munur er á þessum tveimur

lýsingum. Svo virðist sem hellirinn hafi verið stækkaður til vesturs á milli þess sem lýsingin í Sóknarlýsingunni og lýsing Matthíasar voru gerðar. Hellinum er einnig lýst ítarlega í bókinni Manngerðir hellar á Íslandi: "Austurbæjarhellir. Bærinn að Þjóðólfshaga II er gamall og sambyggður útihúsunum. Hellir er undir hluta af útihúsunum, geymslum og lítilli hlöðu. Ekki er eiginlegur forskáli við hellinn heldur er gengið beint niður í hann frá miðdyrunum á húsalengjunni. Hellismunninn er um 4 m frá dyrunum og liggja 7 þrep ofan í hann. Sum þrepin eru úr gangstéttarhellum en önnur úr blágrýtishellum. Við hliðina á þrepunum er kró sem gengið er inn í úr þriðja þrepi ofan frá. Veggirnir meðfram þrepunum eru hlaðnir úr torfi og grjóti og ná upp að gólfhæð í húsunum. Aðalhellishvelfingin kemur síðan í beinu framhaldi af þeim. Þetta er bein og reglulega höggvin hvelfing. Veggirnir eru nokkuð farnir að slitna neðan til vegna þess að hellirinn er notaður sem fjárhús. Þakhvelfingin er í góðu ásigkomulagi nema að innst er hún nokkuð farin að láta á sjá. Eftir miðjum hellinum er trégarði. Vinstra megin á hellisveggnum neðarlega er stallur sem höggvinn er inn í vegginn, á milli 8.-9. lengdarmetra. Hann er um 30 cm frá gólfi og lagður blágrýtishellum. Í hellisgaflinn eru höggnar tvær litlar holur, vísast fyrir ljósfæri. Vinstra megin úr hellinum ganga tveir afhellar og einn er inn úr gafli hans. Þeir verða hér eftir nefndir afhellar I, II og III. Einnig hafa verið göng út úr hægri vegg hellisins sem hugsanlega tengjast afhelli III. Þau eru nú full af mold. Árið 1923 var steypt fjárbað í afhelli III og þá var höggvinn klefi í sandsteininn þar sem féð gat hrist af sér bleytuna og úr honum lágu síðan göng inn í aðalhellinn. Þau eru því sem næst gengt afhelli II. Fyrir framan dyrnar á afhelli II er innfall og er sandsteinninn þar um 1 m á þykkt. Afhellir I gengur til vinstri yst í aðalhelli. Hann er skilinn frá honum með tréþili og er gólf hans nokkuð lægra en í aðalhellinum. Fremst eru dálítil göng en þar fyrir innan er hellishvelfing. Í hægri vegg ganganna er höggvinn svolítil skvompa. Veggurinn gegnt innganginum er hlaðinn úr mold og grjóti og blágrýtishellur lagðar upp við hann til styrktar. Einhvern tíma hefur hellirinn náð lengra í þá átt eða þar hefur verið inngangur. Við aðra veggi eru jötur. Við suðurvegg er jata gerð úr blágrýtishellum sem reistar eru upp á rönd. Hún er um 35 cm á hæð og 10 cm á dýpt og hellurnar um 5 cm á þykkt. Fyrir aftan jötuna á norðurvegg eru göng sem hlaðið hefur verið upp í fyrir löngu og hafa tengst afhelli I og II. Ef að er gáð má sjá á milli efst á mörkum veggja og hvelfingar. Hlaðið var upp í ganginn milli hellanna um fjárskipti. Þar er lofthæð ekki nema 1,5 m. Við austurvegg er jata úr þunnum blágrýtishellum en fyrir aftan hana er önnur jata listilega höggvinn í vegginn. Hellujata er um 30 cm há en sú höggna er um 50 cm há, 35 cm á breidd og 10 á dýpt. Einn strompur er í þessum helli. Hann er um 30 cm í þvermál og er sandsteinsþykktin þar um 30 cm. Þar er lofthæð 1,60 m. Þessi hellir var hrútakró. Inngangurinn í afhelli II er einnig á vinstri vegg um metra frá gaflinum. Gólfið í þessum helli er einnig nokkru lægra en í aðalhellinum. Hann er nú kartöflugeymsla en var áður hlaða sem varð að taka úr notkun árið 1942 vegna raka. Gerð hefur verið steinsteypt gátt utan um dyrnar. Meginhluti hellisins er talsvert hærri undir loft en afgangurinn og býkúpulaga. Hellishvelfingin er nokkuð farin að láta á sjá þarna enda er sandsteinninn mjúkur og rakur þannig að sorfist hefur úr honum. Í miðjum helli er lofthæðin 3,2 m. Suður úr hellinum eru fyllt göng yfir í afhelli I. Á vesturvegg hefur verið hlaðið upp í inngang sem áður lá inn í niðurgrafna hlöðu. Enn áður var þar forskáli. Þar sem hæst er til lofts er baggagat en það hefur nú verið byrgt. Þar er lofthæð 4,1 m. Í þessum hellishluta er fornlegt óskýrt krot á austurvegg. Nokkuð af því gæti vísast verið fornar rúnir án þess að hægt sé að fullyrða það. Á vesturvegg eru nýleg fangamörk og er þetta helst, R.M. H.M. Og þar fyrir neðan G.M. Afhellir III hefur verið höggvinn inn úr gafli aðalhellisins hægra megin. Hann er stór og víður og víðast hvar mannhæðar hár eða meira nema rétt í göngunum milli hellanna. Vinstra megin í honum er hlaðinn veggur og er líklegt að þar hafi einhvern tíma verið inngangur. Þar er hæð hellisins 2,4 m. Hægra megin er sömu sögu að segja nema þar er hleðslan að falli komin og þar er einnig áðurnefnt fjárbað gert úr steinsteypu. Á veggnum gegnt fjárbaðinu er steyptur brunnur þannig að hægt er að brynna fénu inni og ekki þarf að sækja vatn annað. Þessi brunnur var gerður á stríðsárunum og þótti vatnið í honum leirugt. Hellinum er skipt í tvennt með trégirðingu. Loft og veggir eru víða skemmd af raka því þessi hluti hellisins er mjög rakur, rétt eins og afhellir II. Sandsteinninn þarna er mýkri en í aðalhellinum. Innföll eru tvö, annað er fyrir ofan baðið og er sandsteinninn þar um 60 cm á þykkt, þar er hellirinn 2,1 m á hæð. Hitt er nálægt hleðslunni í vinstri enda hellisins og er óvíst hvað sandsteinninn er þykkur þar vegna þess að innfallið er hrunið saman efst og nær moldin langt niðri á sandsteininn. Í þessum helli voru höfð lömb en á sumrin var hann búr. Hellirinn er fornlegur og hefur oft verið breytt í áranna rás eins og lýsingin ber með sér. Aðalhellirinn ásamt afhellum I og II koma allvel heim við helli E í sóknarlýsingunni. Afhellir III gæti komið heim við helli F. Ef þetta er rétt hafa þessir hellar verið sameinaðir eftir 1840." Athuganir skráningarmanns benda til þess að hellir F sem nefndur er svo í Sóknalýsingu sé hellir 005 en ekki afhellir III eins og talið er í Manngerðum hellum. Sem fyrr segir var ekki farið niður í hellinn af öryggisástæðum. Húsið yfir hellinum er um 7x7 m að stærð. Það er torf- og grjóthlaðið með bárujárnsþili til suðurs og tvennum dyrum og bárujárnsþaki sem er tyrft. Mesta hæð veggja er 1,3 m og sjást 6 umför í þeim. Ekki sást friðlýsingarstaur við hellinn þegar verið var á vettvangi haustið 2011.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Þjóðólfshagi, 1; ÁG: Friðlýsingarskrá, 70; JÁM I, 343; SSR, 178; MÞ: "Manngerðir hellar..." Árbók 1930-1931, 26; Manngerðir hellar, 165, 166-169


RA-409:008 *Gvendarhellir* heimild um lambhús 63°53.901N 20°29.430V

Í bókinni Manngerðir hellar á Íslandi segir: "Annar var í túninu og nefndist Gvendarhellir eftir Guðmundi Þorsteinssyni sem var bóndi í Þjóðólfshaga 1906-1932. Þessi heillir var notaður fyrir lömb fram undir fjárskipti. Hann var um mannhæðar hár og ekki stærri en svo að aðeins komust fyrir í honum um 10 lömb. Ekkert innfall var á honum. Hann var felldur niður og fylltur af mold árið 1964 en þá var hann orðinn hættulegur sauðfé. Hvorki er minnst á þennan helli í sóknalýsingunni né hjá Matthíasi Þórðarsyni." Hellirinn var gerður af fyrrnefndum Guðmundi á fyrri hluta 20. aldar, líklega eftir 1919 þar sem hann er ekki sýndur á túnakorti frá 1917 og hans er ekki getið í hellaritgerð Matthíasar Þórðarsonar en hann aflaði gagna fyrir hana á árunum 1917 og 1919. Ekki er vitað með fullri vissu hvar þessi hellir var en líklega var hann vestan við bæ 001, líkt og hellar 005 og 007. Staðsetning hans er því ekki nákvæm en hann var á að giska um 70 m VNV við bæ 001 og 15 m norðan við helli 005.
Gróið, þýft tún í aflíðandi halla til vesturs.
Engin ummerki hellisins sjást á yfirborði. Ef það er rétt ályktað að hellirinn hafi verið gerður eftir 1919 nær hann ekki 100 ára aldri og er því ekki fornleif samkvæmt skilgreiningu laganna. Hellirinn er hins vegar skráður vegna þess að hann er gerður samkvæmt gamalli hefð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Manngerðir hellar, 170-171

RA-409:009 *Ærhellar* hellir beitarhús 63°54.267N 20°28.531V



Inngangur í Ærhelli 009, horft til suðvesturs



Leifar af Ærhelli 009


"Austur af bænum, ofar með læknum, eru tveir hellar [sjá líka 010], annar fyrir 50, en hinn 30 fjár," segir í örnefnalýsingu. Stærri hellirinn (sá sem hér er skráður) er tæpum 950 m norðaustan við bæ 001 og tæpum 20 austan við helli 010. Hellirinn er niðurfallinn og ekki hægt að komast þar inn. Hann var í notkun fram til ársins 1990 eða þar um bil að sögn Stefáns Sigurðssonar, heimildamanns.
Hellirinn er norðan í móbergsbrekku sem er 10-15 m há og lækkar til vesturs í átt að Steinslæk. Brekkan er grasivaxin og stórþýfð.
Í bókinni Manngerðir hellar segir: "Ærhellar við Steinslæk. Við Steinslæk norðaustur af Þjóðólfshaga eru tveir hellar. Annar er örlítið gjögur [sjá 010] en hinn nokkuð stór, notaður fyrir sauðfé og tengdur hlöðukumli. Hann er í fullri notkun og vel við haldið. Hann hefur forskála góðan og eftir miðjum hellinum liggur garði úr tré. Hinn endinn opnast, eins og áður sagði, inn í hlöðukumlið. Forskálinn og hlöðukumlið voru endurhlaðin 1957 og aftur 1977. Þessi hellir er mjög reglulegur, ein aflöng hvelfing án allra útskota. Ekki er vitað um neinar ristur í helli þessum en neðsti hluti veggjanna er mjög nuddaður af sauðfé." Í Sunnlenskum byggðum segir: "Tveir hellar [sjá líka 010] eru hér og voru vel um búnir með forskálum undir sperrum og þöktum hellu og torfi. Þarna var sauðfé á vetrum og tók góðum þrifum." Hellirinn er 22x8 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hann skiptist í þrjú hólf; forskála og tvo niðurfallna hella. Hólf 1 er norðvestast og var forskálinn. Hann var 5x2 m að stærð og op var til norðvesturs og annað til suðausturs, inn í hellana. Veggir forskálans eru 1 m á hæð og sjást þrenn umför af grjóthleðslu í þeim. Bárujárn og timbur var í þakinu og er miðjan ennþá uppistandandi. Tröppur voru niður í hólf 2 (hellana). Hólf 2 er suðaustan við hólf 1. Það er 8x3 m að stærð og afmarkast af 3 m djúpri dæld. Hægt er að kíkja inn í hólfið úr inngangi úr forskála og sést þar timburgarði og moldargólf. Hólf 3 er suðaustan við hólf 2. Það er 9x8 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Það er einnig niðurfallið og þakið alveg horfið. Búið er að leggja bárujárnsplötur þar yfir enda um 5 m fall þar niður. Hægt er að kíkja ofan í hellinn á milli þeirra. Þakið var greinilega hlaðið að hluta, það sjást 5 umför af grjóthleðslu undi bárujárninu og niðri í hólfinu eru a.m.k. Sjö

umför til viðbótar. Það glittir í timburgarða, timburskilrúm og annað brak í hóflinu. Ekki er vitað með vissu hvar heykumlið var eða afstöðu þess við hellinn sjálfan.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Manngerðir hellar, 170; SB V, 251; Ö-Þjóðólfshagi, 2;

RA-409:010 *Ærhellar* hellir beitarhús 63°54.266N 20°28.554V




Inngangur í Ærhelli 010, horft til suðausturs



Leifar af Ærhelli 010

"Austur af bænum, ofar með læknum, eru tveir hellar [sjá 009], annar fyrir 50, en hinn 30 fjár," segir í örnefnalýsingu. Hér er skráður minni hellinn sem er rúma 900 m norðaustan við bæ 001 og 20 m suðvestan við helli 009. Hann er samfallinn og ekki hægt að fara þar inn.
Hellirinn er norðan í móbergsbrekku sem er 10-15 m há og lækkar til vesturs í átt að Steinslæk. Brekkan er grasivaxin og stórþýfð.
Í bókinni Manngerðir hellar segir: "Ærhellar við Steinslæk. Við Steinslæk norðaustur af Þjóðólfshaga eru tveir hellar. Annar er örlítið gjögur en hinn [009] nokkuð stór, notaður fyrir sauðfé og tengdur hlöðukumli. [...] Gjögrið er nú svo hrunið að varla er hægt að mæla það og þar að auki fullt af alls kyns rusli. Fyrir framan það eru leifar af forskála og sér enn móta fyrir dyrum hans. Innfall hefur verið á honum og sér enn móta fyrir því til vinstri við innganginn. Árið 1898 gerði Jón Jónsson frá Fífilbrekku, sem þá var húsmaður í Þjóðólfshaga, hellinn upp og ætlaði að nota hann fyrir fé sitt. Í forskálatóftinni kom hann niður á beinagrind sem hann hugði vera af konu. Erlendur bóndi Erlendsson í Þjóðólfshaga geymdi beinin í viku og ætlaði að vita hvort hann fengi ekki fyrirmæli frá hinum látna um hvað gera skyldi við þau en engin slík bárust. Hugðu menn þá að hinn látni vildi engar breytingar gera á legstað sínum og voru beinin því sett neðst í vegg forskálans. Erlendur vildi síðar brúka hellinn og taldi sig þá finna fleiri mannabein. Þessi bein eru þar enn. Frá fornöld var í Þjóðólfshaga þingstaður Holtamannahrepps hins forna enda eru þar örnefnin Þinghóll [011] og Gálgaklettur [012]. Sagt er að sakakonur, sem drekkt var í Steinslæk eða Kolavatni [014], hafi verið huslaðar í þessu hellisgjögri. Í bríkinni fyrir ofan innganginn á gjögrinu eru klappaðir stafir 1898 J.J, upphafsstafir Jóns Jónssonar þess sem áður var getið og árið sem hann gerði endurbætur á gjögrinu." Í Sunnlenskum byggðum V segir: "Tveir hellar eru hér [sjá líka 009] og voru vel um búnir með forskálum undir sperrum og þöktum hellu og torfi. Þarna var sauðfé á vetrum og tók góðum þrifum." Hellirinn er um 14x12 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hann skiptist í tvö hólf, forskála og hellinn. Hólf 1 er norðvestar og er forskáli. Það er 4x4 m að stærð og einungis norðurveggurinn uppistandandi. Hann er 1 m á hæð sést glitta í grjót á milli gróðurs. Op er á miðjum þeim vegg og annað til suðausturs, yfir í hellinn. Það op er einungis 0,5 m á hæð og klappað í móberg. Hólf 2 er suðaustar og er hellirinn. Það er 10x4 m að stærð og snýr norður-suður. Hellirinn er niðurfallinn og hann afmarkarkast af 3 m djúpri, grasivaxinni dæld. Engar leifar áletrunar eða merki um mannabein sjást lengur á staðnum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Þjóðólfshagi, 2; Manngerðir hellar, 170; SB V, 251



Ungar mannvirkjaleifar uppi á Þinghól 011

RA-409:011 *Þinghóll* heimild um þingstað
63°53.889N 20°29.185V

"Svonefndur Þinghóll er fram af austurbæ [Þjóðólfshaga II], þó í landi vesturbæjar, og minnir á það að Þjóðólfshagi var mjög lengi þingstaður Holtamannahrepps," segir í Sunnlenskum byggðum V. Elsta heimild um þingstað í Þjóðólfshaga er í Íslensku fornbréfasafni IX (DI) frá 1522. Í Sögu sveitarstjórnar á Íslandi kemur fram að þingstaður Holtamannahrepps var fluttur til Marteinstungu sjá RA-401:001 árið 1892 þegar samþykkt var að skipta hreppnum í tvennt; Holtamannhrepp og Ásahrepp. Þinghóll er um 140 m austan við bæ 001. Mögulega



Á mynd til vinstri er Þinghóll 011, horft til ANA. Á mynd til hægri eru unglegar byggingaleifar, horft til ANA

hefur þinghúsið sjálft verið á bæjarhólnum 001 á einhverjum tíma en nákvæm staðsetning þess er ekki þekkt. Þinghóll er allhár og stór hóll sem var áður í túnjaðri en er nú innan beitarhólfs. Trjágróður er austan við hólinn. Efst á hólnum eru steyptir hleðslusteinar og veggjarbrot af unglegum minjum sem teljast líklega ekki til fornminja en er lýst hér engu að síður. Veggurinn er um 2 m á lengd, snýr austur-vestur. Grjótdreif er norðan við hann. Hann er um 0,4 m á hæð og um 0,5 m á breidd. Hann er torfhlaðinn og er rof á báðum endum hans. Hlutverk þessa mannvirkis er óþekkt. Engar aðrar minjar fundust við eða á Þinghól fyrir utan þúst 006 af útihúsi sem er suðvestan í hólnum.


Hættumat: engin hætta
Heimildir: SB V, 251; DI IX, 108; Saga sveitarstjórnar á íslandi II, 47

RA-409:012 *Gálgaklettar* náttúrumin aftökustaður
63°54.017N 20°29.467V
"Fyrir norðan túnið, við lækinn, eru klettar, sem nefndir eru Gálgaklettar," segir í örnefnalýsingu. Gálgaklettar eru rúmum 200 m norðvestan við bæ 001, við Steinslæk. Gaddavírsgirðing liggur upp að klettunum til vesturs.
Gróið mólendi er sunnan við Steinslæk og bakkar hans um 2 m háir og aflíðandi.
Við Steinslæk er um 25 m langt klettabelti sem kallast Gálgaklettar. Það snýr austur-vestur og er 2-3 m á hæð. Ekki ljóst hvar aftökustaðurinn var enda enginn áberandi stór eða stakur klettur þar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Þjóðólfshagi, 1



Gálgaklettar 012, horft til ANA

RA-409:013 *Fjárhústún* hús beitarhús
63°54.275N 20°28.525V
"Holtið sem þeir eru í, [hellar 009 og 010] heitir Flatholt [hellarnir]. Þar eru Fjárhústún," segir í örnefnalýsingu. Beitarhús eru 30 m norðaustan við helli 010 og 950 m norðaustan við bæ 001. Beitarhúsin eru uppistandandi og eflaust einungis nokkurra áratuga gömul. Bárujárn er þó tekið að fjúka úr þeim. Veggirnir eru hlaðnir úr grjóti og klappaðir inn í móberg. Umhverfis Fjárhústún er torfhlaðinn túngarður. Beitarhúsin og túngarðurinn teljast ekki til fornleifa samkvæmt



Beitarhúsatóft 013A

laganna skilgreiningu sem kveður á um 100 ára lágmarksaldur þeirra en mannvirkin eru skráð þar sem þau eru byggð með gömlu lagi og að fornri byggingarhefð.
Fjárhústún er á Flatholti sem er slétt.





Á vinstri mynd eru beitarhús 013A, horft til suðvesturs. Á hægri mynd er túngarður 013B, horft til norðvesturs

Túngarðurinn B markar af svæði sem er 90x80 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Innan hans eru fjárhúsin A. Fjárhúsin eru uppistandandi, einföld og eru 11x7 m að stærð. Þau snúa norðvestur-suðaustur og lofthæðin er 2,5-3 m. Húsið er með timburgrind en veggirnir eru grjóthlaðnir en framhliðin og þak eru bárujárnsklædd. Dyr eru á framhliðinni, til norðvesturs. Veggirnir eru hlaðnir til norðurs og 0,6-1,4 m á hæð. Þar sjást 6 umför af grjóthleðslu en til suðurs eru þeir klappaðir inn í móbergsbrekku. Þar eru veggirnir 1,4-1,6 m á hæð. Timburgarði liggur eftir húsunum endilöngum. Túngarður B afmarkar Fjárhústún til austurs og vesturs og er samtals 90 x 80 m stór. Til suðurs er hann horfinn í slétt, grasivaxið tún. Steinslækur afmarkar norðurhliðina. Báðar hliðar túngarðsins liggja upp brekku frá Steinslæk og til suðurs á svokölluðu Flatholti. Það er 0,5-1 m á hæð og rof er víða komið vegna ágangs sauðfjár. Op er á miðri vesturhliðinni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Þjóðólfshagi, 1-2

RA-409:014 *Kolavatn* örnefni aftökustaður 63°53.812N 20°28.107V
"Skammt frá þeim [Smárarimum] er vatn, sem stundum þornar og heitir Kolavatn," segir í örnefnalýsingu. Í bókinni Manngerðir hellar á Íslandi segir: "Frá fornöld var í Þjóðólfshaga þingstaður Holtamannahrepps hins forna enda eru þar örnefnin Þinghóll [011] og Gálgaklettur [012]. Sagt er að sakakonur, sem drekkt var í Steinslæk eða Kolavatni, hafi verið huslaðar í þessu hellisgjögri [010]." Að sögn Stefáns Þ. Sigurðssonar, heimildamanns, er einnig til sú sögn að Kolavatn hafi upphaflega verið mógrafasvæði sem fylltist af vatni. Örnefnið bendir einnig til þess að kolagerð hafi verið á svæðinu. Kolavatn er 1 km suðvestan við bæ 001 og tæpa 600 m norðan við beitarhúsatóft 016. Vatnið er 400 langt og snýr norðaustur-suðvestur í Kolavatnsmýri.
Kolavatnsmýri er slétt, gróin og þýfð. Hún er framræst og vatnið sömuleiðis. Fyrir fáum árum var vatni aftur hleypt þar á vegna tilrauna til að endurheimta votlendið.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Þjóðólfshagi, 2

RA-409:015 *Vörðuholt* örnefni 63°53.320N 20°29.208V
"Í suður af bænum er hóll, sem er hornmark að Brekkum, Litlutungu og Marteinstungu. Heitir hann Markhóll. Norður og vestur af honum eru smáhólar, sem kallaðir eru Vallarhólar. ... Vestast á Vellinum er holt, sem heitir Vörðuholt," segir í örnefnalýsingu. Vörðuholt er um 1 km sunnan við bæ 001.
Vörðuholt stendur upp úr mýrlendi suðaustan við Landveg.
Engar greinilegar vörður fundust á Vörðuholti en það kann að draga nafn sitt af Hádegisvörðu 021 sem sást ekki á vettvangi. Einnig er möguleiki að holtið dragi nafn sitt af þeim fjölda hundaþúfna sem á því eru og líkjast vörðum úr fjarska.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Þjóðólfshagi, 2

RA-409:016 tóft+garðlag beitarhús 63°53.569N 20°27.633V



Beitarhúsatóft 016



Beitarhúsatóft 016, horft til suðurs

"Norðan í Vellinum við Ölduna er há brún með grjóturð, sem heitir Háenni. Nær bænum [001] eru húsatættur," segir í örnefnalýsingu. Sama örnefni (Tættur) er merkt inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar. Tættur eru tæpum 500 m norðan við beitarhús 023 og rúmlega 1,5 km suðaustan við bæ 001. Völlurinn er stórt holt sem nær þvert yfir suðurhluta Þjóðólfshaga.

Völlurinn snýr austur-vestur og er tæplega 3 km langur. Hann er 1-2 m á hæð og norðurhlíðar hans aflíðandi, grónar og stórþýfðar. Kolavatnsmýri er norðan hans.

Túngarður og tóft eru á svæði sem er 22x17 m stórt og snýr austur-vestur. Svæðið afmarkast af uppblástursgeirum til allra átta. Það nær til norðurs frá Vellinum og endar í mýrlendi til suðurs. Tóftin, A, er 6x5 m að stærð, einföld og snýr austur-vestur. Til suðurs er hún hlaðin upp að lágri brekku, norðurhlið Vallarins. Veggirnir eru grjóthlaðnir og niðurfallnir. Þeir eru 0,3-0,5 m á hæð og einungis má greina eitt umfar af hleðslu, annað er hrun og gróður. Op er á miðjum norðurvegg og ekki má greina hólfaskiptingu inni í tóftinni. Garðlag B afmarkaði 22 x 17 m langt svæði. Það liggur meðfram rofsvæðinu. Það er best varðveitt til suðurs, við brekkuræturnar. Það er torfhlaðið, 0,3-1,2 m á hæð og algróið. Það mótar fyrir því sem óljósum, þýfðum bakka til hinna áttanna enda mun mýrlendara þar. Innan túngarðsins er stórþýft svæði og kemur stórgrýti víða uppúr sverði. Þar er grjóturð og mögulega hafa verið fleiri tóftir eða mannvirki innan þess og má þar nefna sléttan grasbala sem er um 3 m norðvestan við tóft A og nær alveg að túngarði B.Staðsetning mannvirkjanna og útlit þeirra bendir til að hér hafi verið beitarhús.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Þjóðólfshagi, 2; IE-Örnefnauppdráttur, Þjóðólfshagi

RA-409:017 garðlag vörslugarður
63°53.992N 20°29.067V

Garðlag liggur til NNV frá vegamótum heim að Þjóðólfshaga II og endar við Steinslæk. Vélgrafinn skurður og kartöflugarður eru fast austan við garðlagið. Ólíklegt er að garðlagið sé nógu gamalt til að teljast til fornleifa samkvæmt lögum sem kveða á um 100 ára aldur þeirra en það er byggt að gamalli hefð og því skráð.

Að sunnan er garðlagið í sléttu, grasivöxnu túni og liggur svo til norðvesturs í stórþýfðu, óræktuðu mólendi. Þar er aflíðandi brekka til norðurs að Steinalæk.

Garðlagið snýr NNV-SSA og liggur frá vegamótum og endar við Steinslæk. Það er 260 m að lengd, 1 m á hæð og 1,2 m á breidd. Það mjókkar upp og er torfhlaðið. Rof er komið á nokkrum stöðum í garðlagið og mold sést þar í sniði. Afar líklegt er að vírgirðing hafi verið ofan á því og það hlaðið eftir að vegurinn var lagður til suðurs.



Vörslugarður 017, horft til NNV

Útlit þess og staðsetning bendir til að það hafi verið vörslugarður.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-409:018 *Stekkatúnshellir* hellir beitarhús 63°53.696N 20°29.428V
"Um 500 m suðvestur af gamla bænum [Þjóðólfshaga I, Vesturbæ] er fjárhellir sem nú er friðlýstur," segir í Sunnlenskum byggðum V. "Fyrir framan túnið eru tvö smágil, sem falla saman og síðan í Steinslæk, milli þeirra heitir Giljatunga. Fyrir sunnan gilin er tún, sem heitir Stekkatún. Þar eru fjárhús og einn hellir fyrri 40 kindur, hann er illa lagaður og lágt undir bergið. Aðrir hellar eru allir vel manngengir," segir í örnefnalýsingu. Í bókinni Manngerðir hellar segir: "Hinn er við gamlan stekk austur frá bænum og er sá einnig að mestu fallinn. Hann var frekar lágur undir loft og var notaður sem fjárhús fram til 1957 og tók um 30-40 ær. Jötur voru meðfram öllum veggjum." Stekkatúnshellir og þrjár tóftir er rúmum 400 m sunnan við bæ 001 og 200 m sunnan við tóft 040.
Hellirinn er innan afgirts svæðis í grónu túni. Tugum aspa er plantað við hellinn og eru hæstu trén um 5 m há. Hinar tóftirnar eru í grónu túni.




Á vinstri mynd er forskáli Stekkatúnshellis 018A, horft til suðausturs. Á hægri mynd er tóft 018B, horft til suðvesturs



Á vinstri mynd er tóft 018C, horft til norðausturs. Á hægri mynd er tóft 018D, horft til norðausturs

FRIÐLÝSTAR FORNMINJAR. "Hellar þrír manngjörvir; gamlir; einn er rjett útsunnan við bæinn [007]; annar er heima á túninu rjett vestan við bæinn [005], þriðji er á svonefndu Stekkjartúni, í útsuður frá bænum," segir í Friðlýsingarskrá. Í Sóknarlýsingu Efri-Holtaþinga frá 1840 er lýsing á helli sem kemur nokkuð heim og saman við Stekkatúnshelli: "G. Fyrir sunnan túnið stendur á litlum grasivöxnum hól hellir sem ærnar eru hafðar við. Hann er 12 al. Að lengd, 13 al. Að vídd, 2 1/2 að hæð. Fyrir hliðarvegg sem upphlaðinn er af ábúandanum og klappaðar dyr getur nefndur hellir álitist að vera upp tekinn og í stand settur af honum. Strompar eru í hann klappaðir og heyhlaða innan af hellinum sem tekur 40 hesta af heyi." Í hellaritgerð Matthíasar Þórðarsonar sem birtist í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1930-1931 er hellinum lýst á þennan hátt: "Nr. 1 er í útsuður frá bænum, í svo-nefndu Stekkjartúni, og eru þar nú fjárhús 2 og heyhlaða hjá hellinum. Hlaðan er við hellinn að austanverðu; er veggur hlaðinn í milli og er gangur gegnum hann. Hellirinn er 6,25 m. frá veggnum og þvert yfir, en frá tröppum og þvert inn 4,65 m. Er nú hlaðinn forskáli með 4 þrepum efst, skáa (=2 þrep) og 2 þrepum neðst. Forskálinn er mjög víður neðst og innst, því að hellisopið er mjög vítt og er þar þó hlaðinn veggur undir bergið



Minjar 018 í Stekkatúni

að suðvestan-verðu. Hellirinn er óreglulega kringlóttur. Jata er við bergvegginn í útskotum, stallur og hellur við; svo umhverfis. Strompur er skammt fyrir innan þrepin, vídd 55-75 cm. neðst. Bergþykktin ca. 75 cm., þar á torfhleðsla, ca. 1 m. á ská og illa gerð. - Annar strompur er ca. 2 m. norð-austar, álíka víður, en byrgður. - Hæðin er mest norðan-til ca. 2 m. en loftinu hallar öllu og er að eins 1 m. til lofts við jötuna að suðvestanverðu. Tekur um 50 fjár." Hellinum er ekki lýst í bókinni Manngerðir hellar á Íslandi. Hellir með sambyggðum stekk og þrjár tóftir eru svæði sem er 125x80 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Í lýsingunni sem hér fylgir fær hvert mannvirki bókstaf til aðgreiningar: Hellir A er suðaustast og snýr suðvestur-norðaustur. Hann skiptist í tvö hólf en þriðja hólfið er sambyggð tóft. Alls ná þessar minjar yfir svæði sem er um 16x9 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hólf I er norðaustast. Það er 7x4 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Þetta hólf er líklegast hlaðan sem Matthías Þórðarson nefnir í sinni lýsingu og er einnig nefnd í Sóknalýsingu. Hellirinn er niðurfallinn og erfitt reyndist að komast inn í hann vegna hruns, gróðurs og rusls sem hefur verið hrúgað þar. Veggirnir eru 2,5 m á hæð og brattir. Austur- og suðurhlutar hellisins eru hlaðnir, veggirnir eru 2,5 m á hæð og sjást minnst 10 umför af grjóthleðslu. Til vesturs og norðurs er hellirinn klappaður inn í móberg. Lítið gjögur sést á vesturhlið og var þar opið á milli hólfa. Gjögrið, eða hellisopið, er einungis 0,5 m á hæð. Hólf II er suðvestan við hólf I. Það er 5x3 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Veggirnir eru klappaðir í móberg en bárujárnsþak var yfir því. Það er hrunið ofan í hólfið og hluti af mæni þess er ennþá varðveittur. Sökum þess reyndist ekki unnt að fara inn. Op er á miðri norðvesturhlið og annað á þeirri eystri, yfir í hólf I. Fyrir sunnan hólfið er þykkur jarðvegur og mögulega hefur verið annað hólf þar. Hólf III er suðvestan við hólf II og var líklega stekkurinn. Það er 5x3 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Hólfið er opið til norðurs. Veggirnir eru algrónir og hvergi sést glitta í grjóthleðslu af þeim sökum. Þeir eru 1-1,5 m á hæð. Tóftin er í stórhættu, öspum hefur verið plantað allt umhverfis hana. Tóft B er suðaustast á holti meðfram Miðmundagili. Tóftin er norðvestan undir holtinu þar sem það beygir til suðvesturs. Til norðvesturs er tún og óræktað þýfi. Til suðvesturs er brekka niður að óræktuðu þýfi. Tóftin er torf- og grjóthlaðin. Hún er einföld, um 7x4,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Mesta hæð veggja er 1 m og sjást 2 umför hleðslu. Tóftin virðist vera grafin inn í holtið í suðausturenda. Inngangur er á suðvestur-langhlið. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt. Tóft C er 25 m norðvestan við tóft A. Hún er 12x12 m að stærð og einföld. Hún er grafin inn í brekkubrún til norðvesturs og vesturs en grjóthleðslur úr móbergi eru þar inni í réttinni. Aðrir veggir eru einnig með móbergshleðslum. Veggirnir eru 0,2 m á hæð og sjást mest 4 umför af grjóthleðslum. Steinarnir eru stórir. Norðurveggurinn er hruninn að hluta vegna ágangs hrossa. Rof er einnig komið í aðra veggi. Inngangur er í norðvesturhorni. Tóftin er grasivaxin og slétt að innan. Bratt gil er norðaustan við tóftina en op er á þeirri hlið. Tóftin líkist helst rétt en vera má að hún sé af beitarhúsum. Hún ber það hins vegar ekki með sér þar sem hún er svo sigin og niðurtroðin. Stór beitarhúsatóft D er um 35 m norðvestan við tóft C. Hún er á brún Miðmundagils í Stekkatúni. Þverhnípt er frá tóftinni niður í gilið til norðausturs. Tóftin er um 14x6 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er torf- og grjóthlaðin og skiptist í tvö hólf. Hólf II er í norðausturenda og lítillega niðurgrafið. Það er um 4x2,5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hólf I er um 7,5x2,5 m að innanmáli og snýr eins. Ekki er veggur á milli hólf, aðeins kantur niður í hólf II sem var hlaða. Mest sjást 5 umför hleðslu og mesta hleðsluhæð er um 1,3 m. Rof er í vestur- og suðurhornum. Op er inn í tóftina í suðvesturenda.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: SB V, 250; Ö-Þjóðólfshagi, 2; Manngerðir hellar, 171; ÁG: Friðlýsingarskrá, 70; SSR, 178; MJ

Árbók 1930-1931, 25

RA-409:019 *Brunnur* heimild um brunn 63°53.923N 20°29.394V
Brunnur er merktur norðvestan við bæ 001 á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar. Að sögn Stefáns Þ. Sigurðssonar, heimildamanns, er búið að steypa yfir brunninn. Hann er 40 m norðvestan við bæ 001 og rúma 180 m sunnan við Gálgakletta 012.
Bæjarhóllinn er gróinn og þýfður. Þar vex mikið af grasi og hvönn.
Steypt hella er yfir brunninum en skrásetjara tókst ekki að finna hana, sökum gróðurs. Brunnurinn var rétt norðvestan við hlöðu sem fauk 1993 og sést staðsetning hennar enn. Sigurður vissi ekki hvort að brunnurinn var hlaðinn enda búið að loka honum löngu áður en hann tók við búskap.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Þjóðólfshagi

RA-409:020 gata traðir 63°53.887N 20°29.431V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 lágu traðir suðvestur-norðaustur að bæ. Á túnakortinu eru þær samtals 240 m langar.
Traðirnar liggja niður grasivaxið holt. Í þeim sjálfum vex gras og hvönn. Ekki er beit á svæðinu og það á kafi í gróðri.
Norðausturhluti traðanna er horfinn. Þar er nú malarvegur heim að Þjóðólfshaga II og lagning hans hefur raskað þeim. Suðvesturhluti þeirra er hins vegar ennþá varðveittur. Þær liggja frá gamla bæjarhlaðinu, til suðvesturs niður holtið sem bærinn er á. Þær eru tæplega 120 m langar og er beygja á þeim. Kálgarður 004 afmarkar suðurhlið þeirra nærri bæjarhólnum en þegar fjær dregur bæ verða þær niðurgrafnar. Þær eru 0,5 m lægri en túnið í kring. Traðirnar eru 1 m á breidd og veggirnir 0,5-1,9 m á hæð. Traðirnar hafa fallið saman á köflum en hægt er að ganga eftir þeim.
Botn þeirra er sléttur og grasivaxinn. Frá suðvesturenda traðanna liggur leið 042.




Traðir 020, horft til norðausturs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-409:021 *Hádegisvarða* varða eyktamark 63°53.423N 20°28.809V
Samkvæmt örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar var Hádegisvarða á Velli um 1 km suðaustan við bæ 001.
Hádegisvarða er merkt á norðurbrún Vallar en það er langur rimi í mýrarflæmi.
Ekki sést varða þar sem Hádegisvarða er merkt.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Þjóðólfshagi

RA-409:022 *Byrgisvöllur* örnefni BYRGI
63°53.220N 20°28.444V
Örnefnið Byrgisvöllur er merkt inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar. Völlurinn er um 1,48 km suðaustan við bæ 001. Hann er á merkjum milli Meiri-Tungu (Moldartungu) og Þjóðólfshaga.
Byrgisvöllur er smáþýfður mói á miklu mýrarsvæði. Stórt vatnsstæði er norðan við hann, nú þurrt (2011).
Ekki sést til leifa af byrgi á þessu svæði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Þjóðólfshagi

RA-409:023 tóft beitarhús
63°53.317N 20°27.762V
Á örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar eru sauðahús merkt á Vellinum, við svokallaða Pontu. Beitarhúsin eru 1,7 km suðaustan við bæ 001 og rúma 350 m suðvestan við tóft af fjárskýli 039. Ponta er hólbarð; landamerki Meiri-Tungu RA-410 liggja þvert þar yfir. Beitarhúsin eru




Beitarhúsatóft 023

150 m vestan við þau.
Beitarhúsin eru í stórþýfðu mólendi. Þau eru á hólrima í mýrlendi.
Beitarhúsin eru einföld, 8x6 m og snúa austur-vestur. Þau eru torf- og grjóthlaðin. Veggirnir eru 0,5-1,1 m á hæð og sést glitta í grjót hér og þar. Austurveggurinn er nánast horfinn og einungis grjótundirstöðurnar eftir. Aðrir veggir eru einnig raskaðir, eflaust vegna ágangs búfjár og vinda. Tóftin er opin til vesturs og mótar fyrir garða eftir henni endilangri.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Þjóðólfshagi



Beitarhúsatóft 023, horft til austurs

RA-409:024 tóft beitarhús
63°53.535N 20°30.460V
Samkvæmt örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar voru fjárhús í Nónhólum. Þar er tóft um 1,14 km suðvestan við bæ 001.
Tóftin er í hól sem stendur allhátt á holti. Hún er nú innan sumarbústaðarlóðar.
Tóftin er um 9,5x6 m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur. Hún er torf- og grjóthlaðin og skiptist í tvö hólf. Í norðausturenda er hólf II, niðurgrafin hlaða. Hún er um 2x2 m að innanmáli. Um 0,4 m eru niður í hana úr hólfi I sem er um 6x2 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Inngangur er í suðvesturenda. Tóftin er líklega grafin að hluta inn í hólinn. Mesta hleðsluhæð er um 1,2 m og sjást 4 umför af grjóthleðslu. Lag tóftar, fjarlægð frá bæ og staðsetning hennar bendir til að hún hafi verið beitarhús.




Beitarhúsatóft 024



Beitarhúsatóft 024, horft til norðausturs

Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Þjóðólfshagi

RA-409:025 tóft
63°53.904N 20°29.497V
Greinileg tóft og þúst eru fast vestan við Túngarð 043 og um 120 m vestan við bæ 001.
Minjarnar eru í þýfðu deiglendi utan túns.
Minjarnar eru á svæði sem er um 12x10 m að stærð og snýr austur-vestur. Í lýsingunni sem fylgir er minjunum gefinn bókstafir til aðgreiningar. Á austurhluta svæðisins er tóft A. Hún er einföld, torf- og grjóthlaðin, og sjást leifar af bárujárnsþaki inni í henni. Hún er um 10x5 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Op er á henni til vesturs. Mesta hleðsluhæð er um 1,3 m. Mest sjást 5 umför af grjóthleðslu. 2 m vestan við tóftina er þúst B sem er um 6x5 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er um 0,5 m á hæð, grasi gróin og þýfð. Hún sker sig úr næsta nágrenni og er að öllum líkindum



Tóft og þúst 025 utan við túngarð 043

manngerð. Hlutverk minjanna er ekki þekkt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-409:026 *Sandgötur* gata leið 63°54.093N 20°28.551V



Sandgötur 026, horft til norðausturs



Tóft og þúst 025, horft til suðurs

Sandgötur eru merktar inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar. Þær sjást um 700 m norðaustan við bæ 001 á flatlendi austan við malarveg að nýbýlinu Fosshólum.
Leiðin liggur um flatlent og smáþýft svæði. Í því miðju er þýfður rimi og virðist leiðin liggja eftir honum áleiðis að Steinslæk sem skiptir löndum milli Lýtingsstaða og Þjóðólfshaga.
Þar sem leiðin lá er 6-10 m breið gata eða geil sem snýr norðaustur-suðvestur. Hún er nokkuð gróin en á stöku stað sjást ógróin flög. Leiðin sést tveimur stöðum á um 300 m löngum kafla. Hún stefnir norðaustur-suðvestur og hefur legið frá bæ 001 og áfram upp í Holtin en ekki er ljóst hvert hún lá nákvæmlega.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Þjóðólfshagi

RA-409:027 gata leið 63°54.224N 20°28.856V

Miklar götur liggja til norðausturs frá tóft og garðlagi 035 á bakka Steinslækjar, um 80 m VSV við brú að nýbýlinu Fosshólum. Göturnar eru um 700 m norðaustan við bæ 001.
Göturnar eru á bakka Steinslækjar, í þýfðum móa í halla mót norðvestri.
Göturnar sjást beggja vegna við tóft 035 en eru mun greinilegri norðaustan við hana. Svo virðist sem leiðin hverfi undir tóftinni og hafi ekki sveigt framhjá henni. Leiðin er því væntanlega eldri en tóftin. Leiðin var aðeins skoðuð á stuttum kafla og óvíst er hvaðan og hvert hún lá en mögulega lá hún á milli beitarhúsa í Fjárhústúni 009/010 og bæjar 001 en göturnar hafa stefnu á Fjárhústún. Átta götur sjást á svæði sem er 15-20 m breitt. Greinilegri göturnar eru um 0,5 m á breidd og dýpt, flestar grónar.
Hættumat: engin hætta



Götur 027, horft til vesturs

RA-409:028 *Móhólar* heimild um mógrafir 63°53.630N 20°29.070V

Móhólar og Móhólakelda eru merkt inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar. Svæðið er rúmum 600 m suðaustan við bæ 001 og rúma 300 m ASA við Stekkatúnshelli 018 en engin ummerki um mógrafir er lengur að finna á þeim.
Móhólar eru tæplega 300 m langir og snúa norðausturs-suðvestur. Mólskelda sker þá í tvennt en er nú komin í vélgrafinn skurð. Allt umhverfis hólana er gróið tún sem búið er að ræsa fram og líkt að mógrafirnar hafi verið fylltar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Þjóðólfshagi

RA-409:029 heimild um mógrafir 63°53.814N 20°29.720V

Samkvæmt örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar voru mógrafir suðvestan við bæ í Mógili. Mógil er um 350 m

suðvestan við bæ 001.
Lækur rennur eftir Mógili sem er alldjúpt. Það er víðast gróið en sumstaðar sést í sand og móberg.
Ekki sést til mógrafa við Mógil en tún hafa verið ræktuð að því til austurs á Stekkatúni og til suðvesturs. Líklegt er að mógrafirnar hafi horfið við ræktunina.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Þjóðólfshagi


RA-409:030 heimild um kálgarð 63°53.911N 20°29.342V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður fast suðaustan við bæ 001.
Rask hefur orðið fyrir framan gamla bæinn 001 til suðausturs og það vex gras og illgresi á sléttlendi.
Ekki sést til minja um kálgarð og kann hann að hafa verið rifinn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-409:031 garðlag vörslugarður
63°53.872N 20°29.481V
Garðlag er um 130 m suðvestan við bæ 001.
Garðurinn er í túni, í hallar til suðvesturs og vesturs að Steinslæk og Miðmundagili.
Garðurinn er torf- og grjóthlaðinn. Hann er um 175 m að lengd og snýr VSV-ANA, að Mógili frá túngarði 043 sem snýr norður-suður. Garðurinn er 1-1,5 m á breidd og hæstur er hann um 1 m. Hann er mjög gróinn og hvergi sést í grjót en þó finnst fyrir því undir sverði á stöku stað. Hlutverk garðsins er ekki fullljóst. Hann liggur utan gamla heimatúnsins og meðfram leið 042 sem liggur úr Mógili að tröðum 020. Hann hefur því líklega gegnt hlutverki vörslugarðs en búið er að rækta mjóa túnræmu NNV við hann.
Hættumat: engin hætta



Vörslugarður 031, horft til VSV

RA-409:032 þúst útihús 63°53.852N 20°29.582V



Þúst 032



Þúst 032, horft til vesturs

Þúst er um 220 m suðvestan við bæ 001, fast norðvestan við vörslugarð 031 þar sem hann liggur niður að mótum Miðmundagils og Mógils.
Þústin er á hæð í túni.
Þústin er um 8x6 m að stærð og snýr austur-vestur. Ílöng dæld er eftir miðri þústinni sem er um 5x1 m að innanmáli og snýr eins og þústin. Fjórar þunnar en stórar steinhellur eru fast austan við þústina. Mesta hæð hennar er um 0,5 m. Líklegt er að þústin sé af útihúsi og ekki er útilokað að hellir hafi verið á þessum stað.
Hættumat: engin hætta

RA-409:033 garðlag vörslugarður 63°53.703N 20°29.326V
Garðlag liggur frá hesthúsi nýbýlisins Þjóðólfshaga III að Stekkatúnsgili. Garðlagið er um 340 m sunnan við bæ 001.
Norðvestan við garðlagið er nýlegt tún og suðaustan við það er mói sem hallar til SSA.

Garðurinn er fremur unglegur að sjá og óvíst að hann teljist til fornleifa samkvæmt skilgreiningu laganna sem kveður á um 100 ára lágmarksaldur. Hann er engu að síður skráður enda er hann byggður að fornri hefð. Garðurinn er um 105 m á lengd og snýr norðaustur-suðvestur. Hann er um 1,1 m á hæð og um 1 m á breidd. Hann er gróinn og ekki sést í grjót í honum en hann hefur þó líklega verið torf- og grjóthlaðinn. Garðurinn afmarkar ekki tún og er líklega vörslugarður.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar




Garðlag 033, horft til norðvesturs

RA-409:034 *Messuvað* þúst vað
63°54.197N 20°28.102V
Á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar er merkt Messuvað á Steinslæk á merkjum milli Lýtingsstaða og Þjóðólfshaga og var það á leið 026. Það er um 1,15 km norðaustan við bæ 001.
Vaðið er á læknum þar sem stutt er að niður af bökkum og fremur aflíðandi. Lækurinn er grunnur og lygn á þessum stað. Dálítil mýrarlæna rennur í lækinn neðan (sunnan) við vaðið.
Vaðið lá líklega norðaustur yfir lækinn frá Þjóðólfshagalandi og sjást nokkuð skýrir, grónir skorningar á um 15 m breiðu belti á lækjarbakkanum í landi Lýtingsstaða. Suðvestan við lækinn hefur orðið mikið jarðrask á hluta leiðarinnar (sjá Sandgötur 026) vegna slóðagerðar og efnistöku í hann.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Þjóðólfshagi



Messuvað 034, horft til norðausturs

RA-409:035 *Réttarhóll* tóft+garðlag 63°54.211N 20°28.872V



Réttartóft og garðlag 035



Réttartóft og garðlag 035, horft til VNV

Í örnefnaská segir: "Uppi í gljúfrinu [sem Steinslækur rennur um] eru tveir nafnlausir fossar, en hjá gljúfrinu er hóll, sem heitir Réttarhóll." Um 70 m vestan við hæsta punkt Réttarhóls er einföld réttartóft með áföstu garðlagi. Minjarnar eru um 680 m norðaustan við bæ 001, fast sunnan við djúpt og bratt gil Steinslækjar.
Minjarnar eru í þýfðum móa í halla mót norðvestri.
Minjarnar eru á svæði sem er um 29x29 m að stærð. Tóftin er torf- og grjóthlaðin og er einföld. Hún er um 10x6 m að stærð og snýr ASA-VNV. Grjóthleðslur sjást í innanverðum veggjum tóftar og sjást þar 4 umför. Ekki er

veggur á tóft til VNV. Garðurinn er um 7 m langur í hlykk til VNV og beygir svo nálega til vesturs og er þar um 29 m langur. Mesta hleðsluhæð tóftar og garðs er um 1 m. Grjóthleðslur sjást í garði næst tóft en þær eru hrundar. Allmiklar götur 027 liggja að tóftinni og garðlaginu úr norðaustri meðfram brúninni ofan við lækinn. Gerð tóftarinnar og nálægð hennar við Réttarhól benda til þess að hún sé af rétt.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Þjóðólfshagi, 1

RA-409:036 náma mógrafir
63°54.141N 20°27.924V
Miklar mógrafir voru á svæði sem afmarkast af Dettanda, Grafhól, Steinslæk og Landvegi. Þetta svæði er um 1,24 km austan við bæ 001.
Stór hluti svæðisins er kominn í tún og hefur verið sléttað úr og fyllt upp í mógrafirnar. Enn sjást mógrafir í þýfðum og grasgefnum móa norðvestan við túnstykki sem er næst Landvegi.
Af loftmynd af jörðinni frá árabilinu 1998-2000 að dæma var mógrafasvæðið um 215x70 m að stærð og sneri norðaustur-suðvestur. Leifar af mógröfum sjást enn (2011) í suðvesturhluta svæðisins. Mógrafirnar eru grónar og þurrar og sjást sem sléttir blettir í smáþýfi. Þær eru 5-10x5-10 m að innanmáli og fremur grunnar eða 0,3-0,5 m á dýpt.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar



Ummerki um mógrafir 036, horft til norðvesturs

RA-409:037 garðlag vörslugarður 63°53.654N 20°29.447V






Á vinstri mynd er garðlag 037A, horft til norðurs. Á hægri mynd er garðlag 037B, horft til suðurs

Tvö garðlög eru suðvestur af Stekkatúni. Þau liggja upp á hæðarbungu frá skurði við Stekkatún til suðurs. Vegur heim að Stekkatúni liggur yfir þau. Garðlögin eru um 450 m sunnan við bæ 001.
Garðlögin liggja um þýfðan móa og ná að Landvegi. Annað garðlagið er í rótnöguðu beitarhólfi en hitt er grasi vaxið.
Garðlögin virðast ekki vera mjög gömul en aldur þeirra er ekki þekktur. Þau eru á svæði sem er um 310x100 m að stærð og snýr NNV-SSA. Garðlag A er á SSV-hluta svæðisins. Það er um 310 m að lengd og snýr SSA-NNV. Garðlag B er um 105 m að lengd og snýr suðaustur-norðvestur. Þau eru líklega torfhlaðin, eru um 1 m á breidd og um 1 m á hæð. Þau eru líklega tengd en þó sést það ekki. Á milli garðlaganna eru 60 m þar sem bilið er styst. Hlutverk þeirra er ekki þekkt staðsetning þeirra og lag bendir til að þeir hafi verið vörslugarðar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-409:038 gata leið 63°53.212N 20°28.538V
Á Velli sem merki Meiri-Tungu RA-410 og Þjóðólfshaga RA-409 liggja um er mikið af götum og troðningum (sjá 671:012 og 671:021). Syðst á Velli heitir Byrgisvöllur 022. Þar eru greinilegar götur sem liggja norður-suður, frá suðurjaðri Byrgisvallar í landi Meiri-Tungu, að svokölluðu Vatnsstæði sem er vatnslítil tjörn. Leiðin er um 1,4 km norðvestan við bæ 001. Ekki ljóst í hvaðan leiðin kom og mögulega hefur hún eingöngu verið farin af

hrossum og sauðfé sem hefur drukkið úr tjörninni. Hún virðist þó helst til of vegleg til að vera aðeins skepnugata.
Völlurinn er lágt en allstórt holt í deiglendi sem hefur verið framræst og þurrkað að miklu leyti. Það er gróið og smáþýft.
Leiðin sést á um 170 m löngum kafla. Ein djúp gata sést á leiðinni sem er 0,5-1 m á dýpt og er um 0,2-0,5 m á breidd víðast hvar og er gróin.
Hættumat: engin hætta




Götur 038, horft til norðurs

RA-409:039 tóft fjárskýli
63°53.457N 20°27.461V
Tóft er rúma 350 m norðaustan við beitarhús 023 og tæpa 1,8 km suðaustan við bæ 001. Tóftin er á náttúrulegum hólrima og 30 m til norðurs frá henni er hæsti hluti hans. Svæðið kallast Völlur á örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar.



Tóft 039, horft til suðurs



Tóft 039


Mosavaxið og stórþýft mólendi er á þessum slóðum. Þar eru náttúrulegir hólrimar, kallaðir Vallarhólar á örnefnakortinu.
Tóftin er 7x6 m að stærð og nánast hringlaga. Hún er greinilegust að innan, þar sést hringlaga og grasivaxin dæld. Hún er 2,5 m í þvermál og ekki sést móta fyrir skýru opi. Veggir tóftarinnar eru stórþýfðir og útflattir. Þeir eru 0,4-0,5 m á hæð og skera sig lítið frá nánasta umhverfi. Kindastígar liggja yfir veggina á tveimur stöðum. Til vesturs sést móta fyrir vegg utan tóftarinnar og þar mögulega annað hólf sem nú er horfið. Mögulega mótar einnig fyrir öðru hólfi eða byggingarstigi. Þar sést móta fyrir bogadregnum vegg, 6 m löngum með sömu stefnu og tóftin. Útlit tóftar og staðsetning bendir til að hún hafi verið fjárskýli.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Þjóðólfshagi

RA-409:040 tóft útihús
63°53.803N 20°29.424V
Einföld tóft er rúma 200 m sunnan við bæ 001 og tæpa 200 m norðan við stekk 018. Hún er á vesturenda Skiphóls, rétt sunnan við gamla heimatúnið. Suðurmörk þess eru norðan við hólinn.
Skiphóll er 1,5 m á hæð og liggur ANA-VSV. Nafn hans er eflaust dregið af löguninni. Umhverfis hann er þýft, óræktað tún.
Tóftin er 6x4 m að stærð, einföld og snýr norðvestur-suðaustur. Veggirnir eru 2 m breiðir og innanmálið einungis 25x0,5 m að stærð. Op er á miðri norðvesturhlið en hrun þar fyrir. Veggirnir eru 0,5-0,8 m




Tóft 040, horft til SSV

á hæð og algrónir. Op tóftarinnar er á móts við brekku niður til norðvesturs og lækjardrag rennur þar. Miðað við lag og staðsetningu tóftarinnar var þetta útihús, rétt utan gamla heimatúnsins.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Tóft 040


RA-409:041 tóft rétt
63°54.229N 20°28.628V
Tóft er rúma 800 m norðaustan við bæ 001 og rúmlega 100 m suðvestan við helli 010. Rúmum 7 m austan við tóftina er vesturhlið garðlags 013b. Tóftin er í grónu mólendi. Til austurs er slétt, grasivaxið tún.
Tóftin er 7x5 m að stærð, einföld og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er úr torfi og grjóti og op er á miðri suðvesturhlið. Veggirnir eru 0,6 m á hæð og sjást 1-3 umför af grjóthleðslu í þeim. Veggirnir eru mjög grónir og norðurhluti veggjanna nánast horfinn. Miðað við lag og staðsetningu tóftarinnar er þetta virðist líklegast að hún hafi verið lítil heimarétt eða stekkur.
Hættumat: engin hætta



Réttartóft 041


Réttartóft 041, horft til norðausturs

RA-409:042 gata leið
63°53.314N 20°31.223V
Gata sést á Velli eða Útvelli um 1,9 km suðvestan við bæ 001. Á þessu svæði er sumarbústaðabyggð.
Gatan sést innan beitarhólfs þar sem er stórþýft mólendi en mikið rask hefur orðið allt í kringum hólfið vegna sumarhúsabyggðar og túnræktar.
Gatan sést á um 70 m löngum kafla og hefur hún stefnuna norðaustur-suðvestur. Um er að ræða eina gróna götu sem er 0,5-0,8 m á breidd að innanmáli og 0,3-0,8 m á dýpt. Ekki er ljóst á hvaða leið gatan er.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Götur 042, horft til norðausturs

RA-409:043 garðlag túngarður
63°53.912N 20°29.492V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 afmarkaði túngarður gamla heimatúnið. Það var um 280x280 m að stærð. Enn sjást leifar af túngarði meðfram vestur- og norðvesturhliðum túnsins. Garðurinn er um 115 m vestan við bæ 001.
Garðurinn liggur á mörkum túns og móa í aflíðandi halla til vesturs og norðvesturs.


Garðurinn myndar gleitt horn á svæði sem er um 355x60 m að stærð. Vesturhlið hans er 160 m löng (liggur norður-suður) og norðvesturhliðin er 230 m löng (liggur norðaustur-suðvestur). Túnið hefur verið fært út til norðausturs og hefur túngarðurinn verið lengdur meðfram norðvesturhlið túnsins frá því sem sýnt er á túnakorti. Garðurinn er 1-1,5 m á breidd og hæstur er hann um 1 m. Hann er mjög gróinn og hvergi sést í grjót en það kann þó að vera í hleðslum. Sunnan við suðvesturenda traða 020 er djúp en mjó renna meðfram innanverðum túngarðinum og safnast vatn í rennuna.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917



Túngarður 043, horft til norðurs



RA-410 Moldartúnga

30 hdr 1708, bænhús var á jörðinni. JÁM I, 341. 1332: Getið í máldaga Árbæjarkirkju, þar nefnt Meiritunga. DI II, 698. "Í Jarðabókinni 1965 og fram á þessa öld [20. öld] nefndist býlið Moldartunga. Bjarni Jónsson sem hér varð bóndi 1894 fékk að nýju tekið upp hið forna bæjarheiti." SB V, 246. Tvíbýli var á jörðinni um nokkurt skeið. Á hluta af landi Meiri-Tungu II hefur verið reist nýbýlið Reiðholt en nú (2012) er kominn vísir að litlu þorpi í kringum gömlu bæina og eru þar alls sjö einbýlishús fyrir utan Austur- og Vesturbæ (003 og 001).
1917: Tún 5,7 ha, þar af slétt 3,6 ha, garðar 2930 m² . Um allar jarðirnar má segja að land sé vel gróið og grasgefið og ræktunarland allgott. SB V, 246-249.

RA-410:001 *Moldartúnga* bæjarhóll bústaður 63°52.131N 20°30.581V



Mynd af Meiri-Tungu (Moldartúngu), Vesturbæ og Austurbæ, frá 1944 (Þykkskinna I, bls. 195)



Bæjarhóll Vesturbæjarins í Meiri-Tungu 001, horft til austurs

Tvíbýli var um nokkurt skeið á jörðinni áður en henni var skipt frekar upp undir lok 20. aldar. Vesturbærinn er líklega elsta bæjarstæðið á jörðinni en Austurbærinn 003 er aðeins 15 m austan við Vesturbæinn. Á milli bæjanna liggur Ásvegur (275), malbikaður vegur til suðurs frá Landvegamótum.

Nokkuð flatlent er á bæjarstæði Meiri-Tungu og setur Ásvegur mikinn svip á ásýnd bæjarins. Sunnan við Vesturbæinn er gamall kálgarður 040 en í honum er trjálundur í aflíðandi halla til suðurs.
Bæjarhóll Vesturbæjar er um 50 m í þvermál. Hann er 1-3 m á hæð og er hærri til suðurs. Ásvegur liggur yfir austurenda bæjarhólsins og hefur raskað honum lítillega. Vegurinn er þar sem austurendi gamla hússins var en það var timburhús, byggt 1902 en hefur verið rifið. Það var líklega byggt á sama eða svipuðum stað og síðasti torfbærinn. Byggt var við timburhúsið til vesturs og stendur enn steinsteypt hús á bæjarhólnum sem hefur verið gert upp. Kjallari er undir húsinu. Valtýr Valtýsson, heimildamaður, man eftir skipulagi gamla timburhússins. Það skiptist í kjallara, hæð og ris. Grjóthleðslur í kjallara voru um 1 m á hæð. Í honum var grjóthlaðinn brunnur og köld geymsla. Þvottahús var í kjallara viðbyggingar sem byggð var 1936 úr steini. Á hæð timburhússins var símstöð í suðausturhorni og inngangur í símstöðina í norðausturhorni. Annar inngangur var á miðri norðurhlið og þar var gengið inn um bíslag. Önnur rými á hæðinni voru salerni, eldhús, kammers og stofa. Stigi var upp í ris þar sem voru fjögur svefnherbergi. Engin ummerki um brunninn í kjallara timburhússins sjást á yfirborði en hugsanlega glittir í gamalt hleðslugrjót úr kjallaranum í vegkanti. Á suðvestanverðum bæjarhólnum virðist vera eitthvað rask en þar er illa gróin grjótdreif og grjóthrúgur. Líklega hefur raskið orðið í tengslum við frárennsli eða rotþró. Samkvæmt Valtý Valtýssyni, heimildamanni, var torfhlaðið fjós og annar brunnur á bæjarhólnum sem skráð eru með hólnum. Fjósið var á norðvesturhorni bæjarhóls en búið er að slétta það. Þar sjást enn leifar af steyptum flór sem er um 5x10 m að stærð og snýr norður-suður. Fjósið rúmaði 8-10 kýr. Það hefur líklega verið 10-12 m á lengd og sneri austur-vestur. Gengið var inn í það að austan. A.m.k. tvær stórar báshellur sjást ofan á rotþró í suðvesturhorni, hugsanlega úr eldra fjósi. Fjósið var rifið um 1966. Brunnurinn C var fast norðan við fjósið. Búið er að fylla upp í hann en enn sést grunn dæld sem er um 3x2 m að stærð og um 0,4 m á dýpt. Hún snýr austur-vestur og er grasigróin og þýfð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917


RA-410:002 heimild um bænhús 63°52.139N 20°30.593V
Samkvæmt heimildum var bænhús í Meiri-Tungu. Í Holtamannabók I kemur fram að þar var hálfkirkja árið 1605 en ekki er getið heimilda fyrir því. Ekki er vitað hvar bænhús í Meiri-Tungu stóð en líklegt að það hafi verið á bæjarhólnum 001 eða fast við hann.
Á bæjarhól Vesturbæjar er uppgert, steinsteypt hús. Sunnan við það er trjálundur í gömlum kálgarði 040 og austan við húsið og bæjarhólinn er malbikaður vegur, Ásvegur.
MEIRITUNGA Í HOLTUM (ÁRBÆJARÞING) (R) [1332]: prestur fra aa skal syngia j tungu oc taka Þar ij merkur; Máld DI II 698 [Árbæjar]
[1371]: [í Árbæ] gropttur af Þessum bæium. ... Vr meiri tungv oc Þadan halfur lysitollur. [en heima tíund að Því er virðist]
prestur fra a skal syngia j Tungv oc taka Þar ij. Merkur; Máld DI III 266-267 [Árbæjar]
1397: [í Árbæ] gropttur af Þessum bæium. Vr meiri tungv oc Þadann halfur lysitollur [en heima tíund að Því er virðist]
prestur fra A skal Þar syngia j Tungv oc taka Þar .ij. Merkuraf ollum Þessum bæium sem hier eru nefnder. Skulu menn sækia skriptt oc Þionustv oc adrar naudsyniar til Þess prestz sem ad A syngur; Máld DI IV 87 [Árbæjar]
Í Jarðabók Árna og Páls frá 1708 segir: Heyrst hefur hjer hafi bænhús verið, Þó löngu fyrir manna minni; JÁM I: 341. Engin ummerki um bænhús sjást á bæjarhól eða næsta nágrenni. Líklegt er að minjarnar séu horfnar vegna rasks og bygginga en ekki er útilokað að eitthvað sé eftir af þeim undir sverði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Holtamannabók I, 280; DI II, 698; DI III, 266-267; DI IV 87; JÁM I, 341

RA-410:003 bæjarhóll bústaður 63°52.128N 20°30.557V
Elsti hluti Austurbæjarins er fast austan Ásvegar, um 10 m austan við elsta hluta Vesturbæjar 001 sem nú er horfinn vegna niðurrifs. Ekki er vitað hvenær fyrst var byggt á þessum stað en bærinn er sýndur á túnakorti frá 1917.
Sunnan og austan við bæinn er afgirtur garður. Til norðurs er malarplan og norðaustan við hann er nýlegt fjós og fleiri byggingar.
Ekki sést afgerandi bæjarhóll á bæjarstæði Austurbæjarins. Aflíðandi brekka er niður af



Bæjarstæði Austurbæjar 003 í Meiri-Tungu, horft til norðausturs

bænum til suðurs. Á bæjarstæðinu er gamall bær með viðbyggingum sem enn er búið í. Bæjarröðin er um 15x8 m að stærð og snýr austur-vestur. Vestast er elsti hluti hússins og virðist vera torfhleðsla meðfram vesturveggnum. Í elsta hluta bæjarins var baðstofa. Rifið var ofan af henni og endurbyggt, líklega árið 1926 þegar járnvarinn timburbær var byggður. Byggt var við bæinn til austurs í kringum 1940 og aftur 1974. Bærinn er bárujárnsklæddur. Stétt er framan við bæinn til suðurs en norðan við hann er garðlag, ef til vill gamall húsagarður eða heygarður sem er um 8,5x15 m að stærð og snýr austur-vestur. Hleðslur eru hæstar um 1 m en trjágróður er fast innan við hleðsluna. Nýlega hefur verið bætt við endann á hleðslunni með grjóti sem er ógróið.



Bæjarstæði Austurbæjar 003, kálgarður 011B og brunnur 011C

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-410:004 heimild um hesthús 63°52.178N 20°30.513V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 100 m NNA við Austurbæ 003. Þar var hesthús samkvæmt Jónu Steinunni Sveinsdóttur, heimildamanni.
Hesthúsið var þar sem nú er sléttað tún. Norðan við þann stað lækkar landið og þar var áður deiglendi en það hefur nú framræst.
Ekki sést til minja um hesthúsið á yfirborð og líklegt að það hafi horfið við túnasléttun.
Hættumat: engin hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-410:005 heimild um túngarð 63°52.204N 20°30.812V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var túngarður norðan við tún og að hluta til sunnan við það.
Þar sem túngarðurinn var er nú sléttað tún.
Ekki sést til minja um túngarðinn vegna sléttunar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1917

RA-410:006 heimild um útihús 63°52.178N 20°30.805V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 200 m VNV við bæ 001 og um 20 m norðan við Ranakot 025. Útihúsið hefur að líkindum tilheyrt Ranakoti.
Útihúsið var þar sem er hæð í túninu fast sunnan við íbúðarhús Guðmars Ragnarssonar í Meiritungu IV. Trjágróður í garði umhverfis íbúðarhúsið vex nú þar sem líklegt er að útihúsið hafi verið.
Ekki sést til minja um útihúsið og hefur það líklega verið sléttað í tún.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1917

RA-410:007 heimild um útihús 63°52.176N 20°30.840V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 220 m vestan við bæ og um 25 m norðvestan við Ranakot 025. Útihúsið hefur að líkindum tilheyrt Ranakoti.
Útihúsið var á hæð í túnjaðri, litlu vestan við bratta brekku sem liggur niður á láglendi meðfram læk í Vesturgili.
Ekki sést til minja um útihúsið og hefur það að líkindum horfið vegna sléttunar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1917

RA-410:008 heimild um útihús 63°52.168N 20°30.847V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 220 m vestan við bæ 001 og um 20 m vestan við Ranakot 025. Útihúsið hefur að líkindum tilheyrt Ranakoti.
Útihúsið var á hæð í túnjaðri en fast vestan við þann stað er brekka niður á láglendi meðfram læk í Vesturgili.
Ekki sést til minja um útihúsið og líklegt er að það sé horfið vegna sléttunar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1917

RA-410:009 þúst fjárhús 63°52.115N 20°30.377V



Ummerki um fjárhús 009, horft til norðausturs

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 150 m austan við Austurbæ 003 og um 10 m sunnan við helli 022, fast sunnan við girðingu á túngarði 039. Samkvæmt Jónu Sveinsdóttur heimildamanni stóðu áður fjárhús á þessum stað.
Fjárhúsið var á náttúrulegum sandsteinsrima sem hefur verið sléttaður í tún. Riminn snýr norðaustur-suðvestur, nokkuð samsíða Bæjarrima.
Þar sem fjárhúsin voru sést nú grunn dæld sem er um 12x8 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Í norðausturenda dældarinnar hefur verið grafið inn í rimann og var líklega hlaða þar. Leifar af sandsteinsgrjóti, mögulega úr hleðslu, liggja hér og þar í grasi. Trúlega hefur húsið verið byggt úr timbri og bárujárni á síðustu stigum en einnig sést múrhúð á svæðinu svo ef til vill hefur það verið steypt að hluta eða múrað yfir hleðslur. Gengið hefur verið inn í húsið úr suðvestri.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917



Ummerki um útihús 010, horft til norðvesturs

RA-410:010 þúst útihús
63°52.166N 20°30.192V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 180 m norðaustan við útihús 009 og um 310 m austan við Austurbæ 003.
Útihúsið var á grasi grónum hólrana.
Einu ummerkin sem sem sjást er grasigróin ferköntuð dæld. Hún er um 4x3 m að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur og er 0,4 m á dýpt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-410:011 hleðsla kálgarður
63°52.141N 20°30.512V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 45 m ANA við Austurbæ 003. Sambyggt því var tvískiptur kálgarður. Samkvæmt heimildamanni, Jónu Steinunni Sveinsdóttur, var útihúsið fjós og var hænsnahús var sambyggt því í hennar minni. Hætt var að nota fjósið um 1950 og það rifið skömmu seinna. Gamall brunnur er innan kálgarðs og því skráður með honum.
Þar sem fjósið var er nú malarplan sunnan við skemmu sem er sambyggð nýlegu fjósi. Kálgarðurinn afmarkar nú (2012) garð sunnan við Austurbæinn í aflíðandi brekku mót suðri. Netagirðing er ofan á kálgarðsveggjum og trjám hefur verið plantað á vesturvegg hans og norðan við suðurvegg.



Kálgarður 011B, horft til norðausturs

Sem fyrr segir var fjósið A rifið eftir að hætt var að nota það upp úr miðri 20. öld og engin ummerki þess sáust á vettvangi. Veggur sést sem kantur meðfram vestur- og suðurhliðum kálgarðsins B og er sýnilegur á svæði sem er um 30x65 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki er lengur veggur fyrir austurhlið kálgarðsins eða norðurhlið hans. Kálgarðsveggir eru líklega hlaðnir úr torfi og grjóti en þeir eru grónir og ekki sést í hleðslur. Mesta hæð veggja er um 1 m. Innan kálgarðs, í suðausturhorni hans, er gamall brunnur C. Brunnurinn er grjóthlaðinn en er hruninn og hefur verið byrgður að hluta svo ekki sést ofan í hann. Hann er um 1 m í þvermál að innanmáli. Meðfram brunninum eru hleðsluleifar sem eru um 0,5 m á breidd og 0,2 m á hæð. Brunnurinn er því 2 m í þvermál að utanmáli. Rof er í hleðsluna í suðausturhorni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917



Brunnur 011C, horft til suðausturs

RA-410:012 garðlag landamerki
63°53.127N 20°29.726V
Merkjagarður er í norðvesturhorni jarðarinnar norðaustan við Suðurlandsveg og suðvestan við Landveg á merkjum við Þjóðólfshaga.
Garðurinn liggur um mýrlendi og er vélgrafinn skurður meðfram honum utanverðum. ANA-endi garðlagsins er innan sumarbústaðarlóðar.
Garðurinn afmarkar svæði sem er um 755x190 m að stærð og snýr ANA-VSV. Framhald hans sést ekki ANA við Landveg en þar er einnig skurður á merkjum að lágu holti. Ekki er framhald af garðinum suðvestan við Suðurlandsveg því þar ræður lækur á merkjum. Garðlagið er 0,5-1 m á hæð og 1-1,5 m á breidd. Hann er grasi gróinn og líklega torfhlaðinn. Ytri brún garðsins sem snýr mót NNV og VNV er greinilegri en innri brúnin.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar



Landamerkjagarður 012, horft til vesturs


RA-410:013 *Torfholt* náma rista
63°51.574N 20°31.087V
"Vestur af Hábrún heitir Engjaskarð og Engjahóll, suðvestur af honum Lágabrún, neðan við hana Lágubrúnarrimi. Lágabrún liggur að Torfholti...," segir í örnefnalýsingu. Torfholt er um 1,23 km sunnan við bæ 001.
Umhverfis Torfholt og Torfholtsrima er þýft deiglendi sem hefur verið framræst.
Þúfnalaust svæði er fast norðan við Torfholt, á milli þess og skurðar. Það er um 35x30 m að stærð, snýr suðvestur-norðaustur. Það er flatlent og nokkuð sléttlent og grasið á svæðinu er grænna en móinn í kring og rótnagað. Mögulega hefur torf verið rist á þessu svæði og sjást ekki önnur ummerki um torfristu í næsta nágrenni Torfholts.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Meiritunga, 1



Torfristusvæði 013, horft til norðvesturs

RA-410:014 tóft smiðja 63°52.113N 20°30.615V
Smiðjutóft er um 40 m suðvestan við Vesturbæ 001. Samkvæmt Valtý Valtýssyni, heimildamanni, var smiðjan

byggð í kringum 1910-1920 og var hætt að nota hana um 1966.



Smiðjutóft 014



Smiðjutóft 014, horft til suðurs

Tóftin er í flatlendu, gömlu túni sem komið er í órækt.
Tóftin er einföld, grjót- og torfhlaðin. Hún er um 6x8 m að stærð, snýr norður-suður. Veggir eru 0,5-0,8 m á hæð og eru þeir mosa- og grasigrónir. Þeir eru 2 m á breidd neðst en 1 m á breidd efst. Mest sjást 2-3 umför í innanverðum hleðslum. Inngangur virðist hafa verið á suðurgafli. Norðurgafl er illa farinn vegna hruns. Leifar af bárujárni og timbri eru inni í tóftinni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Meiritunga, 1

RA-410:015 *Gíslhellar* hellir 63°51.583N 20°31.293V





Til vinstri er yfirlitsmynd af Gíslhellum 015, horft til suðurs. Til hægri sést op inn í helli 015A, horft til austurs

"Upp með Skammalæk er Skrokkhóll, en austan við hann eru Hellishólar og í þeim hellar, Gíslhellar," segir í örnefnalýsingu. Í bókinni Manngerðir hellar segir: "Í Meiri-Tungu er vitað um a.m.k. 9 hella. Sumir þeirra eru fallnir til grunna. ... Matthías Þórðarson getur um 7 hella og hellaleifar í Meiri-Tungu." Í Gíslhellum sjást þrír meintir hellismunnar og a.m.k. Tvö önnur op á hrundum hellum. Minjarnar eru um 1,18 km suðvestan við bæ 001 og um 50 m sunnan við helli 038.
Hellarnir eru í litlu holti sem er fast sunnan við hólaröðina eða holtið sem hellar 037 og 038 er í. Umhverfis holtið er þýft deiglendi nema til norðurs.
"Gísli, bóndi á Berustöðum, gerði hellana," segir í örnefnalýsingu. Í bókinni Manngerðir hellar segir: "Suðaustur af skútanum [038] eru lágir sandsteinshólar. Í þeim eru leifar af tveimur hellum sem báðir eru löngu hrundir og fullir af mold og sandsteinsbrotum. Líklega eru þetta hellar þeir sem Ketill Vilhjálmsson kallar Gíslhellra í Meiri-Tunguhólum. Hann segir þá vera frá ómunatíð og hafi ekki verið notaðir í manna minnum. Helgi Hannesson segir hins vegar: "Enn eru tveir fjárhellar í Meiri-Tungu, miðlungs húsveg suðvestur frá bænum, Gíslhellar í Hellishólum, sem Gísli Pálsson Bóndi á Berustöðum (1808-1892) bjó um miðja 19. öld."" Hellarnir

eru á svæði sem er um 20x10 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hellarnir eru fallnir saman og er ekki hægt að komast inn í neinn þeirra. Hellir A er á miðju svæðinu. Op er inn í hann til austurs. Vestan við opið er dæld ofan í holtið og og líklegt að þar hafi hellirinn fallið saman. Hellir B er í norðausturenda svæðisins. Op inn í hann er til norðvesturs. Hellir C er í suðvesturenda svæðisins. Op er inn í hann til norðausturs.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Meiritunga, 1-2; Manngerðir hellar, 171, 178


RA-410:016 frásögn nátthagi 63°51.857N 20°30.873V
Samkvæmt Valtý Valtýssyni heimildamanni var nátthagi fast suðaustan við Ásveg um 560 m suðvestan við bæ 001.
Þar sem nátthaginn var er náttúrulegur rimi sem er 2-3 m á hæð og snýr norðaustur-suðvestur. Þar er þýft graslendi.
Engin mannaverk sjást á þessum slóðum og ekki vitað hvort hlaðnir garðar voru í kringum nátthagann.
Hættumat: engin hætta

RA-410:017 huldufólksbústaður
huldufólksbústaður
63°52.184N 20°30.850V
Samkvæmt Valtý Valtýssyni, heimildamanni, er álfasteinn um 240 m norðvestan við bæ 001 og um 40 m norðvestan við Ranakot 025. Jóna Steinunn Sveinsdóttir, heimildamaður, sagði að í steininum eða klöppinni byggi huldufólk en ekki álfar og að Brennu-Manga (1817-82) (sjá 032) hafi varað við því að krakkar væru við klöppina.
Álfasteinninn er lítil klöpp í brekku frá gamla heimatúninu niður á láglendið við læk sem rennur eftir Vesturgili. Netagirðing liggur yfir klöppina, niður brekkuna.
Klöppin er gróin að ofan, er um 1,7 m á hæð og 2,5 m á lengd.
Hættumat: engin hætta



Huldufólksbústaður 017, horft til norðausturs

RA-410:018 *Gildruhóll* hleðsla refagildra 63°52.398N 20°30.914V



Refagildra 018 á Gildruhól



Refagildra 018, horft til vesturs

"Austur af gilinu, skammt fyrir ofan bæinn, heitir Gildruhóll. Hann liggur að Hæðardragi, sem heitir Brún og nær upp fyrri þjóðveg," segir í örnefnalýsingu. Refagildra er í vesturenda ógreinilegrar þústar sem mögulega er náttúrulegt þýfi.
Minjarnar eru suðvestast á allháum hól sem hefur blásið upp að hluta en er að öðru leyti stórþýfður að ofan.
Þústin er um 6x2,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún mjókkar til austurs. Þústin er einföld og torfhlaðin en stórgrýti, líklega jarðfast, sést í veggjum á tveimur stöðum. Op er miðjum norðurlangvegg en mögulega hefur það myndast við rof. Mesta hæð veggja er 0,4 m. Sem fyrr segir eru líklega leifar grjóthlaðinnar refagildru í vesturenda þústarinnar. Þar er hrunin grjóthleðsla og stendur ekki steinn yfir steini. Nær ekkert grjót sést á Gildruhól utan þess sem er í refagildrunni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Meiritunga, 2

RA-410:019 garðlag túngarður 63°52.128N 20°31.020V

Um 750 m suðvestan við bæ 001 er garðlag sem liggur frá Ásvegi til vesturs yfir Bæjargil og að Vesturgili. Þar beygir það upp með Vesturgili til norðurs og liggur á austurbakka þess á alllöngum kafla en fer svo yfir gilið inn í land Berustaða (sjá 368:034) þar sem það heldur áfram á vesturbakka gilsins. Annað garðlag er um 270 m vestan við bæ 001 sem tengist fyrstnefndum garði og liggur einnig yfir Vesturgil inn í land Berustaða þar sem garðlögin sameinast. Samkvæmt skráningu í landi Berustaða (sjá 368:034) eru þetta garðar sem hlaðnir voru á 20. öld til þess að varna því að búpeningur kæmist inn á tún. Tveir gaddavírsstrengir voru hafðir ofan á garðinum.



Túngarður 019, horft til norðvesturs

Á milli Bæjargils og Vesturgils er garðurinn á mörkum smáþýfðs móa og túns sem komið er í órækt en þar sem garðurinn liggur til norðurs austan við Vesturgil er hann í þýfðum túnjaðri fast austan við slétt tún sem enn er í rækt. Sá hluti garðsins sem er nyrst á svæðinu er á mörkum túns og móa og liggur út í læk sem er á merkjum milli Meiri-Tungu og Berustaða.

Í landi Meiri-Tungu sést garðurinn á svæði sem er um 650x270 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Garðurinn er torfhlaðinn, er 0,5-2 m að breidd neðst en mjókkar upp og er um 0,5 m á breidd efst. Girt er ofan á garðinn þar sem hann liggur á milli gilja en meðfram Vesturgili er garðurinn ýmist utan eða innan við girðingu. Garðurinn er gróinn og er 0,5-1 m á hæð. Garðurinn er horfinn á köflum, t.d. á um 20 m löngum kafla í Bæjargili. Ekki er víst að garðurinn teljist til fornleifa samkvæmt laganna skilningi sem miðar við 100 ára lágmarksaldur en hann er skráður þar sem hann var ber fornu verklagi vitni.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

RA-410:020 *Selhólar* örnefni sel 63°52.854N 20°29.157V

"Norðaustur af Brúnarhóll er Kist(u)hóll. Austur af honum heita Sandhólar, austur af þeim Vestri-Selhóll og Eystri-Selhóll (einu nafni Selhólar)," segir í örnefnalýsingu. Selhólar eru um 1,8 km norðaustan við bæ 001, um 1 km austan við Landvegamót, norðaustan við Suðurlandsveg. Ekki fundust minjar um sel í Selhólum eða í næsta nágrenni þeirra. Líklegt er að sauðahús 023 eða 031 hafi verið byggð á selstæðinu.

Selhólar eru langir og mjóir hólrimar í smáþýfðum móa sem hefur áður verið deiglendur en er nú að mestu þurr vegna framræslu.

Vestri-Selhóll er stærri en sá Eystri og á honum miðjum er nokkurt rof og dökkgrænt gras sem gefur til kynna að þar hafi fé hafst við en einnig er mögulegt að þar hafi sauðahús 023 verið en ekki sjást skýr ummerki um byggingar á hólnum. Engar minjar um sel fundust í Selhólum eða í næsta nágrenni við þau. Leifar af sauðahúsum 031 eru í Stakahól á milli Selhólanna og er einnig mögulegt að þar hafi selið verið sem Selhólar draga nafn sitt af. Af Selhólunum er sá vestari líklegri staðsetning fyrir sel þar sem hann stendur hærra og hefur verið skjólsælla við hann en þann eystri.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Meiritunga, 2

RA-410:021 heimild um traðir 63°52.148N 20°30.561V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 lágu traðir úr norðri að Austurbæ 003 og Vesturbæ 001 og áfram til suðurs þar til komið var út úr túni.

Traðirnar eru á sama eða svipuðum stað og Ásvegur, malbikaður vegur, liggur nú.

Traðirnar sjást ekki og má ætla að þær hafi horfið vegna vegagerðar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917


RA-410:022 *Hellishóll* hellir fjárhús 63°52.120N 20°30.377V

"Austan við bæinn heitir Hellishóll, og eru í honum tveir gamli hellar allstórir. Þeir eru notaðir fyrir fé," segir í örnefnalýsingu. Í bókinni Manngerðir hellar segir: "Í Meiri-Tungu er vitað um a.m.k. 9 hella. Sumir þeirra eru fallnir til grunna. ... Matthías Þórðarson getur um 7 hella og hellaleifar í Meiri-Tungu." Hellir í Hellishól er um 150 m austan við Austurbæ 003 og um 10 m norðan við útihús 009.


Hellirinn er í grasigrónum sandsteinsrima sem hefur verið sléttaður í tún að hluta.



Á vinstri mynd sjást leifar af forskála hellis 022 í Hellishól, horft til suðausturs. Á hægri mynd sést jarðfall þar sem hellir 022 hefur hrunið, horft til VSV



Uppdráttur af Hellishólshelli (Manngerðir hellar, bls. 172)



Hellir 022

FRIÐLÝSTAR FORNMINJAR. Í bókinni Manngerðir hellar segir einnig: "Hellir í Hellishól. Suður frá bænum í Meiri-Tungu, handan við Bæjargil, er holt sem nefnist Hellisholt. Í því er hellir. Hann er tvískiptur og tilheyrði tveimur býlum í Meiri-Tungu. Núna er aðalinngangur hellisins því sem næst fyrir honum miðjum en þó í eystri hluta hans, og er á honum forskáli sem þeir feðgar Ketill Vilhjálmsson, Þórarinn Vilhjálmsson og Vilhjálmur Þorsteinsson gerðu á árunum 1930-1940. Veggir forskálans eru listilega hlaðnir og standa enn vel en þakið er nokkuð farið að láta á sjá, sérstaklega járn og torf en sperrur eru góðar. Grjótið í þennan forskála var sótt langt að og flutt á vögnum að hellinum. Inngangurinn snýr sem næst í norður. Núna er einnig hægt að komast um op vestan megin á honum út í hlöðutóft en hlöður voru sitt hvorum megin við hellinn. Eins og áður sagði þá er hellirinn tvískiptur og er vesturhluti hans heldur stærri. Milli hellishlutanna er haft sem skilið hefur verið eftir þegar hellirinn var gerður og hlaðinn steinveggur. Þegar honum sleppir er tréverk sem nær út í vegg. Fyrrum var þarna trégrind en hrútarnir áttu það til að brjóta hana niður á fengitímanum og þess vegna var steinveggurinn hlaðinn. Hjá honum var brunnur um 2 m á dýpt en hann sést nú ekki lengur, er fullur af mold sem hrunið hefur niður um innfall sem er þarna á hellismörkunum. Vestari hluti hellisins er enn notaður sem skjól fyrir sauðfé og er hann orðinn svo fullur af taði að hann er ekki manngengur lengur. Við norðurvegg hellisins hefur verið reist kartöflugeymsla. Innrabyrði á veggjum hennar er úr asbesti en það ytra úr járni og einangrun úr heyi og torfi. Utan við veggina hefur verið hlaðið taðhnausum til einangrunar. Hellishvelfingin er ávöl og hellishlutinn nálega jafn breiður og hann er langur. Lítil mannaverk sjást nú á hvelfingunni, enda er hún fáguð af langri notkun. Eftir miðjum austurhluta hellisins er timburgarði á sökkli úr torfi og mold. Austurhluti hans er nú horfinn undir moldarhrúgu sem hrunið hefur inn í hellinn gegnum inngangginn úr hlöðunni en hlöðurústin er nú að mestu full af mold. Hinn endinn er grafinn undir mold sem fallið hefur inn um áðurnefnt innfall. Við suðurvegg hellisins eru jötur haglega gerðar úr stórum steinhellum. Þær eru

í tvöfaldri röð, þær innri um einn metri á hæð, en þær ytri tæplega helmingi lægri. Þessar jötur gerði Vilhjálmur bóndi í Meiri-Tungu árið 1904. Nokkuð frá jötunum er lítil lofttúða á þakinu, 45-50 cm í þvermál og er sandsteinninn þar um 70 cm á þykkt. Hún er nú stífluð af mold. Í austurenda hellisins norðan megin hefur verið hlaðið upp í fornan inngang og var það gert fyrir minni núlifandi manna. ... Að sögn Helga Hannessonar fyrrum kaupfélagstjóra á Rauðalæk gerði Sigurður Guðbrandsson þennan helli meðan hann bjó í Meiri-Tungu 1834-1844. Ketill Vilhjálmsson telur svo ekki vera ... Óglöggar rúnir voru víða á veggjunum en eru nú horfnar." Minjar um hellinn sjást á svæði sem er um 9x4 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hellirinn er hruninn og er dæld í rimann þar sem þakið hefur hrunið ofan í hellinn. Dældin er suðaustast á svæðinu og er um 2x2,5 m að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 3-4 m á dýpt. Forskálinn er um 1 m norðvestan við dældina. Hann er samanfallinn og er um 5x2 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur en hann er grafinn inn í rimann og innanverðir veggir eru upphlaðnir. Hleðslurnar eru 0,5-2 m á hæð, hæstar næst hellismunnanum. Í veggjahleðslum er tilhöggvið sandsteinsgrjót og sjást mest 10 umför. Líklega hafa legið tröppur niður í hellinn úr hellismunnanum. Að sögn Jónu Steinunnar Sveinsdóttur, heimildamanns, var steypt baðþró í hellinum. Hann var ekki notaður í hennar minni en hún kom á bæinn 1946. Hún man þó eftir því að fölöld væru höfð í forskálanum á veturna. Friðlýsingarstaur frá Fornleifavernd ríkisins er við hellinn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Meiritunga, 2; ÁG: Friðlýsingarskrá, 69; Manngerðir hellar, 171-173

RA-410:023 frásögn beitarhús 63°52.853N 20°29.154V
Að sögn Jónu Steinunnar Sveinsdóttur, heimildamanns, voru sauðahús í Selhólum. Ekki fengust upplýsingar um það frá hvorum bænum sauðahúsin voru en líklega voru þau í Vestri-Selhól. Önnur sauðahús 031 voru í Stakahól á milli Vestri-Selhóls og Eystri-Selhóls. Þar sem þau sauðahús eru austar en Vestri-Selhóll má ætla að þau hafi verið frá Austurbænum og þessi verið frá Vesturbænum. Meint staðsetning sauðahúsa í Selhólum er um 1,8 km norðaustan við Vesturbæ 001.
Vestri-Selhóll er langur og mjór hólrimi. Hann er ekki ýkja hár en sker sig greinilega úr smáþýfðum, flatlendum móa sem hefur verið framræstur og þurrkaður.
Engar minjar um sauðahús sjást á Vestri-Selhól en á honum miðjum er mikið rof og dökkgrænn grasgróður inn á milli sem ekki er annarsstaðar á hólnum. Líklegt er að beitarhúsatóftir hafi verið þar en horfið vegna rofs.
Hættumat: engin hætta



Mógrafir 024, horft til suðurs

RA-410:024 náma mógrafir
63°52.323N 20°31.054V
Samkvæmt örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar voru mógrafir suðvestan við Gildruhól 018. Mógrafirnar eru enn greinanlegar um 530 m norðvestan við bæ 001.
Mógrafirnar eru fast vestan túns í þýfðum móa sem nær að læk í Vesturgili.
Mógrafirnar voru á svæði sem er um 50x30 m að stærð og snýr norður-suður. Það er þurrt gróið land og ekki sjást skýrar útlínur grafanna. Mögulega hefur verið fyllt upp í grafirnar að hluta en mesta dýpt er 1-2 m við austurbrúnina, næst túninu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Meiri-Tunga



Ranavað 026, horft til suðvesturs

RA-410:025 *Ranakot* bæjarstæði býli
63°52.168N 20°30.812V
Ranakot er merkt inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar og einnig inn á túnakort Meiri-Tungu frá 1917. Í Holtamannbók segir: "Mensalder [Jónsson] bjó í Moldartungu til 1893. Byggði um það leyti húsmennskubýlið Ranakot hjá Moldartungu og bjó þar til dánardægurs. Mensalder lést 7. desember 1907." Ranakot var um 200 m austan við bæ 001. Samkvæmt túnakorti virðast útihús 006, 007 og 008 hafa tilheyrt býlinu en þau eru í túnjaðri, skammt vestan og norðan við býlið. Kálgarður var fast suðaustan og suðvestan við bæinn og er skráður með

honum. Brunnur 044 tilheyrði býlinu. Býlið fór í eyði árið 1934.
Bærinn var á svokölluðum Rana, þurri hæð í túninu. Nú eru íbúðarhús norðan og sunnan við Ranakot. Landið lækkar mikið vestan við Ranann, niður að læk sem rennur um Vesturgil.
Ekki sést til minja um Ranakot eða kálgarðinn sem var sambyggður bænum. Samkvæmt Valtý Valtýssyni, heimildamanni, var bærinn brenndur og sléttað úr rústunum. Dálítil bunga er í túninu á þessum stað og líklegt er að einhverjar minjar um býlið séu enn undir sverði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Meiri-Tunga; Túnakort 1917; Holtamannabók, 291

RA-410:026 *Ranavað* gryfja vað
63°52.167N 20°31.026V
Ranavað er merkt inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar, fast VSV við Ranakot 025. Vaðið var yfir læk í Vesturgili á merkjum milli Meiritungu og Berustaða. Vaðið var að líkindum um 175 m vestan við Ranakot og um 370 m VNV við bæ 001.
Vaðið var yfir vatnslítinn læk í Vesturgili. Lækjarbakkinn er allhár og þýfður í landi Berustaða en tún nær fram á bakkann í landi Meiritungu og er hann mun lægri þeim megin.
Í landi Meiri-Tungu er afgerandi lægð í túni sem snýr norðaustur-suðvestur og er 1-2 m á breidd að innanmáli og 0,3 m á dýpt. Hún er um 30 m löng og liggur að læknum. Líklegt er að lægðin hafi myndast vegna umferðar yfir lækinn á Ranavaði en ekki sjást önnur ummerki um vaðið á þessum stað. Ekki er ljóst á hvaða leið farið var yfir Vesturgil á Ranavaði en mögulegt er að það hafi verið á leið milli Ranakots og Berustaða.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Meiri-Tunga

RA-410:027 *Hólavað* gata vað 63°51.905N 20°30.976V
Hólavað er merkt inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar á Bæjargili fast sunnan við Stekkatúnshóla. Vaðið er um 530 suðvestan við bæ 001 og um 165 m suðvestan við Stekkatúnshelli 034.
Bakkar lækjarins í Bæjargili eru deigir og vel mosa og grasi grónir. Brekkur Bæjargils eru þýfðar og mosa og grasi grónar. Rofabörð eru þó víða í þá.
Auðvelt er að komast yfir lækinn, hann er grýttur og er 0,2-1 m á dýpt og 0,2-2 m á breidd. Nokkuð aflíðandi brekkur eru þar sem farið er yfir lækinn, annars eru brekkur gilsins nokkuð brattar. Suðurbakki hallar 20-40° í norðaustur. Norðurbakki er aflíðandi og sléttur. Hægt er að greina grónar götur 029 á suðurbakka og upp brekku til suðvesturs en þær hverfa í gras og þúfur í túni á gilbarmi sunnan við vaðið.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Meiri-Tunga

RA-410:028 *Móklettavað* heimild um vað 63°51.714N 20°31.800V
Móklettavað er merkt inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar. Það er um 1,26 m suðvestan við bæ 001, á merkjum móti Berustöðum.
Vaðið er litlu SSA við þann stað þar sem Bæjargil og Skammilækur mætast. Bílslóði liggur af Ásvegi að vaðinu í landi Berustaða og sá slóði heldur áfram í landi Berustaða. Hins vegar virðist eldri götur 050 liggja til austurs frá vaðinu í átt að bæ 001.
Vaðið dregur nafn sitt af móhellu í læknum þar sem Bæjargil og Skammilækur mætast. Líklega er vaðið á leið milli bæja, Meiri-Tungu og Berustaða, en gæti líka verið hluti af stærra samgöngukerfi. Skarð er í lækjarbakkann austan við vaðið. Það er um 2 m á breidd að innanmáli og 0,4 m á dýpt.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Meiri-Tunga


Móklettavað 028 og götur 050 upp frá því, horft til austurs

RA-410:029 gata leið 63°51.904N 20°30.978V
Grónar götur liggja frá Hólavaði 027 upp á bakka Bæjargils, um 530 m suðvestan við bæ 001.
Bakkar lækjarins í Bæjargili eru deigir og vel mosa og grasi grónir. Brekkur Bæjargils eru þýfðar og mosa og grasi grónar. Rofabörð eru hér og þar.
Göturnar sjást í brekku upp á suðurbakka Bæjargils en þær hverfa í gras og þúfur í túni uppi á bakkanum. Göturnar hafa ekki allar sömu stefnu og eru einhverjar þeirra án efa kindagötur. Göturnar eru 0,2-0,4 m á breidd að innanmáli og allt að 0,3 m á dýpt. Uppi á suðurbakkanum er ein óljós mosagróin gata meðfram gilbarminum


sem liggur til suðvesturs frá Bæjargili. Ekki er ljóst á hvaða leið göturnar eru en líklega er þetta leið innan jarðar.
Hættumat: engin hætta



Götur 029, horft til suðvesturs

RA-410:030 *Göturimi* gata leið
63°53.128N 20°29.253V
Göturimi er merktur inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar. Göturimi er fast sunnan við merki milli Meiri-Tungu og Þjóðólfshaga RA-409 og er um 2,2 km NNA við bæ 001. Samkvæmt Jónu Steinunni Sveinsdóttur, heimildamanni, lá smalaleið eftir Göturima en leiðin sem um hann liggur hefur líklega einnig legið á bæina sunnan og suðvestan við hann.
Göturimi er lágur rimi sem snýr norðaustur-suðvestur. Umhverfis hann er framræst mýrlendi, smáþýft og grasi vaxið.
Ekki sáust götur á Göturima en syðst á Byrgisvelli RA-409:022 á merkjum á milli Meiri-Tungu og Þjóðólfshaga eru götur sem stefna á Göturima og er líklega sú leið sem riminn dregur nafn sitt af. Göturnar eru um 380 m austan við rimann. Tvær djúpar og greinilegar götur sjást samsíða á Byrgisvelli og eru um 35 m á milli þeirra. Þær eru nokkuð grónar, 0,3-0,6 m á breidd innanmáls og víðast 0,2-0,4 m á dýpt. Þær sjást á um 350 m löngum kafla og liggja ANA-VSV. Mögulega hafa þær legið yfir í Þjóðólfshaga en sáust hvorki greinilega þar á vettvangi né á loftmynd.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Meiri-Tunga

RA-410:031 tóft beitarhús 63°52.862N 20°28.778V



Tóft 031



Tóft 031, horft til norðausturs

Samkvæmt Jónu Steinunni Sveinsdóttur, heimildamanni, voru fjárhús og hlaða í Stakarima á milli Selhóla 020. Ekki er ljóst frá hvorum bænum fjárhúsin voru en líklega var hætt var að nota þau á fyrri hluta 20. aldar. Minjarnar eru um 2 km norðaustan við bæ 001.
Minjarnar eru á sunnanverðum Stakahól í smáþýfðu flatlendi sem hefur verið framræst og er nú þurrt en hefur verið deiglent áður. Rof er komið í hólinn á stöku stað.
Ógreinileg tóft, um 10x6 m að stærð er á þessum stað. Hún snýr norðvestur-suðaustur. Tvö hólf eru greinileg. Í suðausturenda er greinilegt hólf I sem er niðurgrafið og er líklega leifar af hlöðu. Það er um 3x1 m að innanmáli og snýr suðaustur-norðvestur. Líklega hefur verið op niður í það í norðvesturenda. Nálega engar veggjahleðslur sjást standa upp úr jörðu. Hólfið er gróið, ekki sést í grjót í veggjum en í hólfinu eru lausar steinhellur sem kunna að vera úr þaki. Hólfið er um 1 m á dýpt. Fast norðan við hólf I er hólf II. Það er um 4x2 m að innanmáli og snýr VNV-ASA. Veggir hólfsins eru mjög óljósir og eru hæstir um 0,3 m. Það virðist vera torfhlaðið en einnig sést laust grjót í því sem kann að vera úr þaki. Óljóst er hvar op var inn í hólfið.
Hættumat: engin hætta

RA-410:032 hellir 63°52.131N 20°30.354V


Í bókinni Manngerðir hellar segir: "Í Meiri-Tungu er vitað um a.m.k. 9 hella. Sumir þeirra eru fallnir til grunna. ... Matthías Þórðarson getur um 7 hella og hellaleifar í Meiri-Tungu." Þar segir einnig: "Rétt austur af síðastnefndum helli (022) er örlítið hellisgjögur." Hellir er um 170 m austan við bæ 003 og um 28 m norðaustan við helli 022.
Hellirinn er í grasigrónum sandsteinsrima.
Hellinum er lýst í bókinni Manngerðir hellar: "Sigurður Guðbrandsson og Brennu-Manga vinkona hans bjuggu það á fyrri hluta 19. aldar. Sagt er að Sigurður hafi höggvið en Manga borið mylsnuna út í svuntu sinni. Sigurður gerði Möngu þessari barn sem fæddist andvana og brenndu þau líkið í holti suðvestur af bænum. Þetta komst upp af því að beinin fundust í öskunni. ... Gjögrið hefur lítið verið notað á þessari öld." Hellirinn er fallinn.



Hellir 032, horft til suðurs

Á yfirborði sést dæld sem er um 15x8 m að stærð, snýr NNV-SSA. Hún er 1-3 m á dýpt. Op inn í hellinn sést innst í dældinni en óvíst er hvort einhverjir hlutar hellisins séu enn heilir. Ekki fengust upplýsingar um hlutverk hellisins. Friðlýsingarstaur frá Fornleifavernd ríkisins er við hellinn en hans er ekki getið í Friðlýsingaskrá. Ef til vill hefur orðið einhver misskilningur hjá Fornleifaverndinni því í Friðlýsingaskrá er talað um tvo hella í Hellishól. Helllir 022 skiptist í tvo samtengda hella og eru skráðir undir einu númeri 022 en sá hellir sem hér er skráður er ekki mjög gamall og virðist ekki hafa verið notaður mikið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Manngerðir hellar, 171, 174

RA-410:033 hellir beitarhús 63°52.267N 20°30.105V



Ummerki um helli 033




Inngangur inn í helli 033, horft til suðurs

Í bókinni Manngerðir hellar segir: "Í Meiri-Tungu er vitað um a.m.k. 9 hella. Sumir þeirra eru fallnir til grunna. ... Matthías Þórðarson getur um 7 hella og hellaleifar í Meiri-Tungu." Hellir í Botnsholtsþýfi. "Þessi hellir var gerður á árunum 1928-1931 og er í svonefndu Botnsholtsþýfi nokkuð austur frá bæjarhúsunum." Hellir er um 350 m norðaustan við helli 022 og um 450 m ANA við bæ 003.
Hellirinn er í grasigrónum sandsteinsrima sem virðist hafa verið sléttaður. Hann er í norðausturenda rimans og gengið er inn í hann úr Bæjargili.
Í bókinni Manngerðir hellar segir: "Hann er nú að mestu hruninn saman og fullur af mold þannig að ekki er hægt að mæla hann upp. Á helli þessum voru tveir inngangar, annar frá bæjarlæknum og er sá alveg lokaður en hinn úr hólnum hinum megin og má vera að lipur og grannur maður geti smogið þar inn. Einnig var innangengt í hellinn úr hlöðu þar hjá. Í helli þessum var fé baðað og var baðið því sem næst á móts við innganginn í hlöðuna. Brunnur var í hellinum. Hlaðan var höggvin í sandsteininn neðan til en efri hluti veggjanna var hlaðinn úr grjóti. Hellirinn tók um 70 kindur og fimm hesta í forskála. Hætt var að nota hann um 1950. Ketill, Þórarinn og

Vilhjálmur grófu þennan helli. Ketill segir að það hafi tekið um tvö ár að fullgera hann enda var unnið við verkið í íhlaupum. Hann segir að þeir hafi fyrst og fremst notað haka til að höggva sandsteininn en síðan mokað mylsnunni upp í hjólbörur með skóflu. Steinninn var erfiður viðureignar og verkið því seinlegt, t.d. þurfti að brýna hakann á hverjum degi til að vel gengi." Hellirinn er fallinn og sést dæld þar sem hellirinn var en inngangur er enn greinilegur. Gengið var inn úr NNA. Engar hleðslur framan við innganginn eru sýnilegar. Dældin er um 12x6 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er 2-3 m á dýpt. Inngangurinn í hellinn er einnig samanfallinn og er hann um 4x2 m að innanmáli. Hann er grafinn inn í rimann og er 1-2 m á dýpt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Manngerðir hellar, 171, 174-175

RA-410:034 *Stekkatúnshellir* hellir 63°51.956N 20°30.809V




Uppdráttur af Stekkatúnshelli (Manngerðir hellar, bls. 175)



Munni Stekkatúnshellis 034 og hleðsla framan við hann, horft til norðausturs

Í bókinni Manngerðir hellar segir: "Í Meiri-Tungu er vitað um a.m.k. 9 hella. Sumir þeirra eru fallnir til grunna. ... Matthías Þórðarson getur um 7 hella og hellaleifar í Meiri-Tungu." Stekkatúnshellir er um 370 m SSV við bæ 001 og um 180 m suðvestan við Lambhúshólshelli 035.
Hellirinn er fast norðvestan við Bæjargil, á milli gilsins og ræktaðs túns. Allt í kring er grasi gróið. Hellismunninn sést vel frá Ásvegi.
Í bókinni Manngerðir hellar segir einnig: "Stekkatúnshellir er lítill gamallegur hellir. Hann er aflangur en hvelfingunni er skipt með steinbrík. Innri hlutinn er styttri og er kallaður Kór. Hvelfingin er regluleg en för eftir graftól sjást víða þó að á nokkrum stöðum hafi flísast stykki úr lofti og veggjum vegna frostskemmda. Innst, á gaflinum, eru tvær holur en óvíst er um hlutverk þeirra. Á gólfinu hefur hlaðist upp mikið af mold og sauðataði þannig að víða þarf að skríða á fjórum fótum til að komast leiðar sinnar. Annars staðar er hægt að bogra. Skófir eru á veggjum og sveppagróður sem gerir hellinn litskrúðugan á að líta en hvergi eru stafir eða krot. Við hellismunnann vaxa burknar og annar gróður. Fyrir framan hellinn er um 9 m löng vegghleðsla, sigin mjög, og liggur skáhallt út frá hægri hlið hellisins. Ekki er vitað um aldur veggjarins en líklega hefur hann verið notaður sem aðhald fyrir innrekstur í hellinn. Ókunnugt er um upphaf og aldur hellisins. Hann hefur ekki verið notaður fyrir búfé í manna minnum að því undanskildu að stundum var hann hafður sem rétt fyrir lömb á haustin." Hellirinn er ekki hruninn og er heillegur. Í botni hans er mold og grjótdreif. Lágt er til lofts í honum, eða 1-1,5 m. Hellismunninn snýr til suðausturs og er hann 4-5 m á breidd og 1,5 m á hæð. Ekki sjást leifar af forskála framan við hellinn en hleðslur úr móbergi og sandsteini eru á ská fyrir framan munnann. Þær eru signar vegna hruns og ágangs búpenings, eru 0,5-1 m á hæð og um 2 m á breidd. Hleðslurnar mynda rennu sem snýr NNV-SSA frá munnanum niður í Bæjargil. Rennan er 1,5-2 m á breidd að innanmáli og eru hleðslurnar þýfðar og grasigrónar og um 8 m á lengd frá munna að brún Bæjargils. Líklega hafa hleðslurnar auðveldað innrekstur í hellinn. Hlutverk hellisins er óljóst. Ekki er vitað hvort stekkur sem Stekkatúnshellir dregur nafn sitt af hafi verið í hellinum. Engar minjar um stekk eru þekktar í nágrenni hellisins.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Manngerðir hellar, 171, 175

RA-410:035 *Lambhúshólshellir* hellir lambhús 63°52.015N 20°30.634V




Uppdráttur af Lambhúshólshelli 035 (Manngerðir hellar, bls. 176)



Lambhúshellir 035, hellismunni A á miðri mynd, horft til NNV



Brunnur í Lambhúshelli 035, horft til norðurs



Ytri ummerki um Stekkatúnshelli 035

Í bókinni Manngerðir hellar segir: "Í Meiri-Tungu er vitað um a.m.k. 9 hella. Sumir þeirra eru fallnir til grunna. ... Matthías Þórðarson getur um 7 hella og hellaleifar í Meiri-Tungu." Þar segir einnig: "Lambhúshólshellir er í litlum hól skammt frá veginum." Í örnefnalýsingu segir: "Í túninu eru þessi örnefni talin: Suður af bænum heitir Lambhúshóll. Þar hefur nýlega verið grafinn hellir." Hellirinn er um 220 m sunnan við bæ 001.


Lambhúshóll er langur náttúrulegur hóll sem snýr norðaustur-suðvestur í útjaðri túna að austanverðu.

Í bókinni Manngerðir hellar segir einnig: "Hann grófu Bjarni Jónsson bóndi í Meiri-Tungu og Mensalder Raben Mensaldersson árið 1928 og tók verkið eitt ár. ... Fyrir framan aðalhellishvelfinguna var forskáli sem nú er horfinn en fyrir aftan hana var hlaða sem stendur enn. Hún var byggð 1936. Forskálinn var á sínum tíma notaður sem hesthús og var hægt að hýsa þar sex hross. Þil og þak voru úr bárujárni en veggirnir úr torfi og grjóti. Forskálinn var rifinn 1970. Hellishvelfingin er um 7 m á lengd og regluleg. Hún er höggvin í harðan sandstein og sjást förin eftir hakana vel ennþá. Neðsti hluti veggjanna er slípaður af búfé. Hægra megin við hellismunnann er brunnur í útskoti. Fyrir honum er trégrindarhlið. Þrjú önnur útskot eru í hellisveggina og voru geymd í þeim ýmis áhöld svo sem meisar, fötur, skóflur o.fl. Um 2,5 m inn frá brunninum hefur einhvern tíma verið inngangur í hellinn en forskáli hans er nú að mestu fallinn. Trégólf er í þessum hluta, fúið mjög af vatni sem gengur upp um gólfið. Hægra megin við gaflinn er stór og rúmgóður afhellir. Rétt innan við munna hans er steypt fjárbað sem Ketill Vilhjálmsson gerði um 1940. Hellisgólfið, sem er steypt, hallast að baðinu. Við það er brunnur með svipuðum umbúnaði og sá sem áður var minnst á en þeir voru gerðir um leið og hellirinn árið 1928. Þrjú helluþrep liggja upp úr afhellinum í forskála sem stendur enn og er í sæmilegu ásigkomulagi. Á gafli aðalhellisins eru dyr sem lágu inn í hlöðuna en þær eru nú lokaðar vegna þess að mikill moldarhaugur hefur hrunið fyrir þær niður um innfall í loftinu og fyllir að mestu innri hluta hellisins. Þarna er sandsteinninn mjög


þunnur. Dyrnar hafa sennilega verið um 170 cm á hæð og 50 cm á breidd. Grunnur hlöðunnar er einnig höggvinn í sandsteininn. Á veggnum milli afhellanna tveggja er dálítið gat í um 70 cm hæð." Aðalinngangur inn í hellinn er um 10 m vestan við Ásveg og er gengið inn í hann úr suðaustri. Hellismunninn er um 3 m á breidd og 1-1,5 m á hæð. Engin ummerki um forskálann sjást. Þak yfir hlöðu innst í hellinum er hrunið. Brunnurinn sem höggvinn er inn í bergið er rétt innan við hellismunnann, norðaustan við hann. Þak aðalhellis er kúpt. Svo virðist sem reft hafi verið yfir gat þar sem mest hrun hefur orðið í hlöðu innst í helli. Tveir hliðargangar eru til norðausturs. Við enda hvors þeirra er op. Nyrðra opið liggur inn í baðhellinn og eru tröppur ofan í hellinn úr opinu og framan við það eru leifar af forskála. Opið er um 1x1-1,5 m að stærð. Syðra opið er lítið, um 0,5 m á kant. Ef til vill hefur verið forskáli framan við það en hann er horfinn. Samanþjappaður jarðvegur er innan við opið og er líklegt að jarðvegur hafi safnast upp þar eftir að hætt var að nota hellinn. Framan við aðal innganginn er þýft og grasi gróið. Grasigróin rás liggur frá helli að Bæjargili. Hún er um 1 m á breidd og 1 m á dýpt, liggur NNV-SSA. Um 3 m suðvestan við aðalinngang er ferhyrnd dæld inn í hólinn, greinilega grafin inn í hann, um 3x2 m að innanmáli, 0,2-0,5 m á dýpt. Timburleifar eru í holunni og trúlega hefur verið byggt yfir með bárujárni. Fast framan og austan við opin við enda hliðarganganna er líklega gamall slóði eða vegur, 2-3 m á breidd sem liggur í norður upp á Lambhúshólinn. Hann er skorinn í sundur af Ásvegi. Engin ummerki eru um fleiri fornleifar á Lambhúshól. Hellirinn nær ekki 100 ára aldri og er því ekki fornleif í laganna skilningi en er skráður engu að síður vegna þess að hann ber fornu byggingarlagi vitni.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Manngerðir hellar, 171, 175-177; Ö-Meiritunga, 2

RA-410:036 hellir 63°53.046N 20°29.647V
Í bókinni Manngerðir hellar segir: "Vilhjálmur Þorsteinsson hjó helli í Miðsandhól árið 1909. Hann var aldrei notaður og er nú fallinn." Hellirinn er um 1,9 km norðaustan við bæ 003 og um 170 m sunnan við landamerki milli Meiri-Tungu og Þjóðólfshaga.
Hellirinn var líklega í nyrsta hluta hólrima sem er mosa og grasi gróinn. Riminn er 3-4 m á hæð og snýr NNA-SSV í þýfðu, flatlendu graslendi.
Dæld er í gegnum miðjan hólinn. Hún er um 24x3-8 m stór og 1-2 m á dýpt. Hún snýr nálega norður-suður og er breiðust í norðurenda. Óljóst er hvorum megin gengið hefur verið inn í hellinn, að norðanverðu eða sunnanverðu. Svo virðist sem eitthvert rof hafi verið í hólnum. Dældir eru einnig sýnilegar í austanverðum hólnum en þær eru minni. Erfitt er að sjá hvað af því er niðurgrafinn hellir og hvað eru uppgróin rofabörð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Manngerðir hellar, 177

RA-410:037 hellir beitarhús 63°51.587N 20°31.422V



Uppdráttur af helli í Meiri-Tunguhólum 037
(Manngerðir hellar, bls. 178)



Leifar af forskála framan við helli 037

Í bókinni Manngerðir hellar segir: "Meiri-Tunguhólar er sandsteinhólaröð suðaustan við Meiri-Tungu, skammt frá læk á merkjum við Arnkötlustaði. Í hólnum eru hellar bæði fornir og nýir. Bjarni Jónsson bóndi í Meiri-Tungu hjó stóran fjárhelli á árunum 1909-1913 syðst í hólnum." Hellirinn er um 1,22 km suðvestan við bæ 001 og um 100 m vestan við helli 038.
Hellirinn er sunnarlega í hólaröð í mólendi. Ræktað tún er norðan við hólana og suðvestan við þá.
Í bókinni Manngerðir hellar segir einnig: "Forskáli sem nú er gjörfallinn var við hellinn. Hellirinn er 15 m langur, framhlutinn er um 4 m á breidd en innri hlutinn 3 m. Hann mjókkar fyrir miðju og þar hefur honum

verið skipt og innri hlutinn hafður undir hey. Meitilför eru mjög glögg á veggjum, steinninn ferskur og grár, lítt



Á vinstri mynd sést hellismunni og leifar af forskála hellis 037, horft til austurs. Á hægri mynd er lítill klefi út við hellismunnann og brunnur fullur af timburrusli, horft til suðausturs

vaxinn mosa og skófum. Veggir eru máðir neðan til af ágangi sauðfjár inn að mjódd en hrjúfir úr því. Grópir eru í mjódd og þangað inn ná garðaleifar úr tré sem eru fyrir miðju í fremri hlutanum. Brunnur hefur verið í hellinum. Hann er nú hálffullur af hruni og þurr, dýpi nú 1,6 m. Sérkennilegur klefi er í hellisveggnum frammi undir forskála. Lofthæðin þar er 1,65 m en dyrnar inn í hann eru 1,4 m háar. Gólf klefans er lægra en gólfið úti fyrir. Aukainngangur er í botn heyhellisins. Mikið hrun er þar í ganginum en undir munu vera allmargar tröppur því hæðarmunurinn inni og úti er 2,2 m. Úti fyrir sér fyrir forskálatóftum, 3 x 4 m2. Engar áletranir eru í hellinum. Hann var notaður fram undir 1960." Hellirinn snýr nálega austur-vestur. Aðalinngangur inn í hellinn er til austurs. Hann er víður, um 4 m á breidd. Lítið hefur hrunið inn í hellinn. Í honum eru lítilsháttar timburleifar. Brunnurinn er þurr og hálffylltur af rusli. Mesta hæð í aðalrými hellisins er um 1,8 m. Annað op er inn í hlöðu hellisins í norðausturhorni. Það er 0,5-1 m á breidd og liggur niður í hlöðuna. Heyi var hent ofan í hlöðuna um þetta op. Enn sjást lítilsháttar leifar af forskála vestan við hellismunnann. Þær eru á svæði sem er um 8x3 m að stærð og snýr NNA-SSV. Mesta hleðsluhæð er 1,2 m og sjást þrjú umför hleðslu, en hlaðið hefur verið úr torfi og grjóti. Grunn gryfja fyrir hey er um 15 m austan við hellismunnann, sunnan við hellinn. Hún er um 6x3 m að innanmáli og snýr norður-suður.



Op inn í hlöðu hellisins og tröppur niður úr því, horft til suðausturs

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Manngerðir hellar, 177

RA-410:038 hellir beitarhús
63°51.607N 20°31.305V
"Nokkuð norðan með hólaröðinni [en 037] er hellisskúti sem opnast til suðausturs," segir í bókinni Manngerðir hellar. Hellisskútinn er um 1,14 km suðvestan við bæ 001. Hann var notaður fyrir sauði.
Hellirinn er í suðausturbrún hólaraðar í smáþýfðum móa. Norðvestan við hólaröðina er tún sem hætt er að nytja en er beitt.
Í bókinni Manngerðir hellar segir einnig: "Hann er tæpir 3 m að lengd og er hvelfdur vel með meitilförum í veggjum. Engin merki eru um forskála eða innréttingar í skútanum. Hann hækkar og víkkar eftir því sem innar dregur. Hætt var að



Hellir 038, horft til norðurs

nota skútann um 1960. Veggjaskrift GIÞ AV." Hellirinn er um 4x3 m að innanmáli, snýr norður-suður. Hann er 1-1,7 m á hæð, lægstur fremst, næst hellismunna. Gólfið er lítillega aflíðandi til NNV. Meitilför sjást enn greinilega í hellinum. Munninn er um 2 m á breidd og 1,2 m á hæð. Áletrunin sést ekki og er hún mögulega horfin eða sést ekki vegna mosa og skófna á veggjum. Samkvæmt Valtý Valtýssyni, heimildamanni, átti Gísli Þorsteinsson vinnumaður fangamarkið GIÞ. Ekki er ljóst hver átti fangamarkið AV. Lítil heygryfja er um 18 m vestan við hellismunnann. Hún er um 3x1,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Hún er um 0,5 m á dýpt.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Manngerðir hellar, 177-178

RA-410:039 garðlag túngarður 63°52.198N 20°30.222V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var túngarður meðfram NNA-hlið og suðausturhlið lítils túns á Hellishól 022. Jóna Steinunn Sveinsdóttir, heimildamaður, man eftir túngarðinum og hefur hann að líkindum verið torfhlaðinn. Garðurinn er víðast horfinn vegna ræktunar og bygginga en hann sést á stuttum kafla um 315 m norðaustan við Austurbæ 003.
Túngarðsleifarnar sjást í túnjaðri á norðausturenda sandsteinsrima, VSV við moldarveg sem liggur á tún.
Leifar af túngarðinum sjást á svæði sem er um 63 m á lengd og snýr norðvestur-suðaustur. Aðeins sjást stuttir bútar á tveimur stöðum. Garðurinn er torfhlaðinn, 1,5 m á breidd og 0,2-0,5 m á hæð. Hann er mjög illa farinn vegna ágangs búfénaðar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917



Leifar af túngarði 039, horft til suðvesturs

RA-410:040 gerði kálgarður 63°52.120N 20°30.588V
Samkvæmt túnakorti frá 1920 var kálgarður fast sunnan við Vesturbæ 001. Þar sjást enn leifar af kálgarðsveggjum.
Kálgarðurinn er í halla mót suðri fast vestan við Ásveg sem liggur á milli Austurbæjar 003 og Vesturbæjar 001. Innan garðsins vaxa tré en nýlega hefur verið girt í kringum garðinn og er girðingin ofan á vestur- og suðurveggjum kálgarðsins.
Hlaðnir veggir sjást meðfram suður- og vesturhliðum kálgarðsins. Líklegt er að austurveggur kálgarðs hafi horfið vegna vegagerðar og að norðurveggurinn hafi horfið vegna rasks við byggingaframkvæmdir. Þeir veggir sem enn sjást afmarka svæði sem er um 20x18 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Veggirnir eru torfhlaðnir og grónir, engar grjóthleðslur sýnilegar. Þeir eru um 2 m á breidd og 0,5-1 m á hæð. Ytri brún er greinilegri en innri brún. Óljós grjótdreif er nyrst í garðinum, um 3 m sunnan við íbúðarhús. Mögulega eru þetta leifar af grjóthleðslu úr kálgarði eða mannvirkjum á bæjarhól.



Leifar af kálgarði 040, horft til suðurs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-410:041 heimild um kálgarð 63°52.123N 20°30.620V
Samkvæmt túnakorti var lítill kálgarður fast norðvestan við smiðju 014, fast vestan við kálgarð 040 og fast suðvestan við Vesturbæ 001.
Kálgarðurinn var þar sem nú er sléttuð grasflöt sem hallar lítillega til suðurs og suðvesturs.
Ekki sést til kálgarðsins og er líklegt að sléttað hafi verið úr honum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-410:042 heimild um kálgarð 63°52.226N 20°30.479V
Samkvæmt túnakorti frá 1920 var kálgarður sem tilheyrði Austurbæ 003 um 200 m NNA við bæinn, norðvestan við túnið.

Kálgarðurinn var þar sem nú eru fjárhús og afgirt svæði þar sem fé er gefið. Ásvegur er skammt þar vestan við. Kálgarðurinn var á flatlendu svæði en ekki sjást nein ummerki um hann.
Hættumat: engin hætta


RA-410:043 garðlag túngarður
63°52.139N 20°30.436V
Garðlag er undir girðingu um 100 m austan við Austurbæ, á milli hellis 022 og útihúss 009. Á túnakorti frá 1917 er merkt brotalína á þeim stað sem garðurinn er á og hefur hann skipt túninu upp í hluta. Líklegt er að búið hafi verið að hlaða garðinn þegar túnakortið var gert.
Garðlagið liggur yfir Bæjargil og sandsteinsrima. Í Bæjargili er mýrlent og stórþýft en uppi á rimanum er þurrt og þýft á norðvesturhluta hans en sléttað tún er á suðausturhluta hans.
Garðlagið sést á um 90 m löngum kafla en er horfið á um 35 m kafla um miðbikið. Það snýr norðvestur-suðaustur og er torfhlaðið, gróið mosa og grasi. Garðlag liggur til suðaustur upp á rima austan við bæ 003, torfhlaðið, grasi og mosa gróið. Garðurinn er 0,5-1,2 m á breidd og 0,2-0,6 m á hæð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Túngarður 043, horft til suðausturs

RA-410:044 heimild um brunn 63°52.156N 20°30.806V
Samkvæmt Valtý Valtýssyni, heimildamanni, tilheyrði brunnur Ranakoti 025 og var hann um 20 m sunnan við hæðina sem býlið var á.
Ranakot var á svokölluðum Rana, þurri hæð í túninu. Nú eru íbúðarhús norðan og sunnan við Ranakot. Brunnurinn var á milli Ranakots og íbúðarhúss Valtýs Valtýssonar, Meiri-Tungu Ib. Þar sem brunnurinn var er óræktarblettur í gömlu túni.
Fyllt var upp í brunninn og sjást lítil sem engin ummerki um hann lengur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-410:045 tóft 63°52.413N 20°30.904V



Tóft 045



Tóft 045, horft til vesturs

Allstór tóft er á Gildruhól 018, um 30 m norðan við gildru og um 590 m norðvestan við bæ 001.
Tóftin er á vestanverðum hólnum sem er stórþýfður og gróinn að ofan.
Tóftin er um 10x5 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er grafin inn í hól að vestanverðu og sést ekki hlaðinn veggur á þeirri hlið. Tóftin er einföld, torfhlaðin og gróin. Mesta veggjahæð er um 1 m. Inngangur er í suðausturhorni og óljóst op er á norðurgafli en það gæti verið rof. Hlutverk tóftarinnar er óljóst.
Hættumat: engin hætta

RA-410:046 garðlag vörslugarður 63°52.431N 20°30.919V
Lítilfjörlegt garðlag, sem girt hefur verið ofan á, liggur yfir Gildruhól 018 og út í læk í Vesturgili en heldur

áfram í landi Berustaða. Hluti garðlagsins er horfinn á vestanverðum Gildruhól.
Garðurinn liggur yfir mólendi og mishæðir.
Garðurinn er um 0,3 m á breidd og 0,4 m á hæð. Hann er torfhlaðinn og sést á um 105 m löngum kafla í landi Meiritungu vegna túnræktunar. Aldur garðlagsins er ekki þekktur en það er unglegt og líklegt að það teljist ekki til fornleifa samkvæmt lögum. Það er skráð engu að síður vegna þess að það ber fornu verklagi vitni.
Hættumat: engin hætta

RA-410:047 þúst
63°52.415N 20°30.829V



Þúst 047, horft til norðvesturs

suðurs og suðausturs. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þetta mannvirki hefur þjónað.
Hættumat: engin hætta

RA-410:048 gata leið
63°51.524N 20°31.552V
Götur sjást um 100 m suðvestan við helli 037 og um 1,38 km suðvestan við bæ 001.
Göturnar liggja eftir mosagrónum, þýfðum hólum.
Göturnar stefna norðaustur-suðvestur. Þær eru 2-5 saman á svæði sem er 3-8 m á breidd. Leiðinni var fylgt á um 170 m löngum kafla á milli Skammalækjar og Gíslhella 015 en á loftmyndum af svæðinu frá árabilinu 1998-2000 sjást götur á þessari leið á um 450 m löngum kafla. Hún heldur líklega áfram eftir Hádegisholtsrima og Hádegisholti til suðurs. Ekki er ljóst hvaða leið þetta er en hún hefur a.m.k. Legið á milli Arnkötlustaða og Meiritungu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Loftmyndir frá Loftmyndum ehf.

RA-410:049 vegur samgöngubót
63°51.688N 20°31.479V
Ruddur og upphlaðinn vegur liggur af gamla Ásveginum og langleiðina að helli 037. Vegurinn er um 1,1 km suðvestan við bæ 001. Að sögn Valtýs Valtýssonar, heimildamanns, var vegurinn notaður til að komast í hellinn með hestvagna, t.d. með hey. Hann hefur líklega einnig verið notaður til að komast á dráttarvélum á túnið sem vegurinn endar við, 105 m



Vörslugarður 046, horft til norðvesturs

Þúst er á Gildruhól 018 um 60 m austan við tóft 045 og um 560 m norðan við bæ 001.
Þústin er á norðaustanverðum hólnum en hann er gróinn og stórþýfður.
Þústin er um 9x7 m að stærð og snýr suðaustur-norðvestur. Hún er hæst um miðbikið þar sem er hryggur sem er 5x4 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Mesta hæð þústarinnar er 1,3 m. Í suðausturenda sést í grjót á stöku stað en þar er lágur kantur. Umhverfis þústina er sléttað svæði, mest til



Götur 048, horft til suðurs



Upphlaðinn vegur 049, horft til norðurs


norðan við helli 037.
Vegurinn liggur um þýft mólendi með blautum sundum milli hóla og hæða.
Vegurinn sést á um 130 m löngum kafla og snýr norður-suður. Á honum miðjum er upphlaðin mýrarbrú og sést glögglega hvar efnið í hana var tekið beggja vegna við hana. Hún er um 50 m á lengd, 4 m á breidd, og hæst er hún um 1 m á hæð. Vatnsrof er í henni miðri. Hún er gróin að öðru leyti. Í rofinu sést lítið af grjóti og er hún að mestu hlaðin úr torfi.
Hættumat: engin hætta

RA-410:050 gata leið
63°51.715N 20°31.773V
Götur sjást á stuttum kafla austan við Móklettavað 028, um 1,2 km suðvestan við bæ 001.
Göturnar sjást í þýfðum móa norðvestan við Ásveg.
Göturnar sjást á um 100 m löngum kafla og liggja þær austur-vestur. Þær eru tvær saman á um 2 m breiðu svæði, eru 0,2 m á dýpt og breidd. Göturnar eru grónar en virðast enn farnar af sauðfé. Þær hverfa við Ásveg og hafa ef til vill haldið áfram á svipuðum slóðum og vegurinn liggur. Líklega eru göturnar á leið milli bæja, Meiri-Tungu og Berustaða, en gætu líka verið hluti af stærra samgöngukerfi.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar



Götur 050 við Móklettavað 028, horft til austurs

Túnakort fyrir Syðri-Rauðalæk



RA-411 Rauðalækur neðri (syðri)


20 hdr. 1708, JÁM I, 351. 1270: Getið í máldaga Oddakirkju. DI II, 86-88. 1332: Getið í máldaga Árbæjarkirkju. DI II, 698. Bænhús var á jörðinni. Jörðin eru um 600 ha.
1917: Tún 9,9 ha, þar af slétt 6,5 ha, garðar 1260 m² "Jörðin er ... algróin og grasgefin og ræktunarland gott. Þurrlendi hefur verið fremur lítið. Hagar eru sæmilega skjólgóðir." SB V, 244.

RA-411:001 *Rauðalækur neðri* bæjarhóll bústaður 63°51.277N 20°28.611V



Mynd af Syðri-Rauðalæk frá 1910 (Holtamannabók I, bls. 389)

Bæjarhóllinn á Syðri-Rauðalæk er á allháu holti sem er NNV upp af bug í Rauðalæk sem rennur meðfram holtinu. Á ljósmynd af bænum frá 1910 sem birt er í Holtamannbók I sést að þá var komið á bæinn bárujárnsklætt timburhús með hlöðnum grunni. Íbúðarhúsið var tvílyft en sambyggt því var annað hús á einni hæð. Dyr bæjarins sneru fram á hlað til suðurs. Runólfur Haraldsson, heimildamaður bjó lengi á bænum og að hans sögn sáust leifar af síðustu byggingunum á bæjarhólnum þar til nýlega en þegar hann seldi jörðina árið 2000 setti hann ýmislegt rusl af hlaðinu ofaná þessar leifar og huldi með jarðvegi. Nýtt íbúðarhús var byggt á jörðinni árið 1980 og er það um 100 m norðvestan við bæjarhólinn.
Sunnan við bæjarhólinn og austan við brattar brekkur niður að láglendi við Rauðalæk er slétt tún. Nýleg útihús og aðrar byggingar eru aðallega norðan við bæjarhólinn. Víðsýnt er af bæjarhólnum.
Bæjarhóllinn er um 48x36 m að stærð og snýr NNV-SSA. Mesta hæð hólsins er um 1,5 m. Ekki er annað vitað



Mannvirkjaleifar á bæjarhól Syðri-Rauðalækjar 001



Bæjarhóll Syðri-Rauðalækjar 001, horft til suðvesturs



Bæjarhóllinn, horft til suðausturs

en að timburhúsið sem sést á ljósmyndinni frá 1910 hafi staðið á sama stað og torfbær á undan honum. Engar upplýsingar fengust um torfbæinn og ekki er vitað hvenær timburhúsið var rifið en að líkindum var það eftir byggingu nýja hússins, eftir 1980. Á bæjarhólnum eru nokkur mannvirki. Í lýsingunni hér á eftir fær hvert þeirra bókstaf til aðgreiningar. Í austurhorni bæjarhóls eru leifar af síðustu mannvirkjum á hólnum. Þar sést mannvirki A sem er um 30x17 m að stærð og snýr NNV-SSA. Það er 2-3 m á hæð. Það er L-laga og er rúllustæði í innanverðu horninu. Hleðsluleifar eru í NNV-enda og í SSA-enda. Í austurhorni mannvirkisins er 10 m löng dæld inn í það sem liggur austur-vestur og er um 2 m á breidd og 0,5 m á dýpt. Aflíðandi halli er á henni til austurs. Annað skarð eða gróf er um 5 m SSA við NNV enda mannvirkisins. Það er um 5x1 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Er um 0,5 m að dýpt. Við SSA enda mannvirkisins er gryfja B, skýrt afmörkuð. Hún er um 1x1 m að innanmáli, um 0,5 m á dýpt. Hún er gróin og virðist vera grjót í henni. Hlutverk hennar er óljóst. Augljóslega hefur orðið mikið rask á síðustu byggingum á hólnum og óvíst hvað hefur varðveist af þeim. Hins vegar virðist bæjarhóllinn sjálfur ekki hafa orðið fyrir miklu raski. Þó kann bygging hlöðu við vesturenda hólsins að hafa haft áhrif á varðveislu hans. VSV við áðurnefnd mannvirki er malarvegur og þar VSV við er þúst C og hleðslur meðfram NNV og VSV hliðum hennar. Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður á þessum stað, sambyggður öðrum byggingum á bæjarhól. Þústin er um 15x10 m að stærð, snýr NNV-SSA. Dálítil dæld er nærri vesturhorni hennar sem er um 3x5 m að innanmáli, snýr VSV-ANA og er um 0,3 m á dýpt. Laust grjót er í þústinni en hún er gróin. Hleðslurnar meðfram hliðum þústarinnar eru hæstar um 1,5 m en ná þó ekki upp fyrir þústina. Ekki sést fjöldi umfara í hleðslum vegna gróðurs. Samkvæmt túnakorti lágu traðirnar 042 að bænum á milli þessa kálgarðs og kálgarðs sem var áfastur útihúsi 003. Þessu hefur verið breytt og er ekki lengur skarð á milli kálgarðanna.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917, Holtamannabók I, 389

RA-411:002 *Bænhúshóll* þúst bænhús 63°51.354N 20°28.712V

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708 segir: "Heyrst hefur að í gamladaga hafi hjer bænhús verið, en engin sannindi vita menn um það." Runólfur Haraldsson, heimildamaður, telur að örnefni hafi varðveist tengt bænhúsinu og segir hann Bænhúshóll vera fast norðan við íbúðarhús sem byggt var 1980. Samkvæmt því er bænhúsið er tæpum 160 m norðaustan við bæ 001 og rúmum 80 m VNV við útihús 008, norðarlega innan gamla heimatúnsins. Öspum er plantað fast norðan og sunnan við Bænhúshól.

Bænhúshóllinn er innan bakgarðs íbúðarhússins á Syðri- Rauðalæk. Hann er sléttur, grasivaxinn og trjá- og blómabeð víða.




Bænhúshóll 002



Bænhúshóll 002, horft til norðausturs

Bænhúshóllinn er í raun þúst. Hún er 9 m í þvermál, 0,3-0,5 m á hæð, grasivaxin og slétt. Hliðar þústarinnar eru brattar til suðurs og vesturs. Líklegt er að mannvistarleifar séu hér undir sverði en staðsetningin bendir fremur til útihúss en bænhúss. Oftast eru bænhús alveg við bæjarstæðin og þetta örnefni er mun lengra frá gamla bænum en venjan er. Það er þó ekki hægt að útiloka að bænhús hafi verið í Bænhúshól nema með fornleifarannsókn.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir: JÁM I, 351

RA-411:003 tóft fjós 63°51.261N 20°28.641V



Á uppdrætti sjást leifar af fjósi 003 og fjósi og kálgarði 009. Einnig sést hluti traða 042

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús og sambyggður kálgarður um 30 m suðaustan við miðjan bæjarhól 001. Samkvæmt Runólfi Haraldssyni, heimildamanni, var fjós á þessum stað. Blómagarður var síðar í kálgarðinum en hann er nú horfinn. Hænsnakofi er í miðjum kálgarðinum. Hann er steyptur og undir þaki en hlaðinn veggur er með SSA-langvegg kofans og NNV-veggur hans er fast við kálgarðsvegg.
Minjarnar eru NNV við tún í halla mót VSV. Fjóstóftin er fast SSA við traðir 042. Bárujárnskofi er sunnan við hana.




Leifar af fjósi 003, horft til NNV

Minjar eru á svæði sem er um 19x8 m að stærð og snýr VSV-ANA. Í lýsingunni hér á eftir fær hvert mannvirki bókstaf til að greiningar. Í VNV-enda svæðisins er áðurnefndur hænsnakofi A. Hann er um 5x4 m að stærð og snýr VSV-ANA, meðtalinn er kálgarðsveggurinn sem kofinn er byggður við. Mesta hæð hleðslu í hænsnakofa er um 1 m og sjást 6 umför af hleðslu. Leifarnar af kálgarðinum B sjást á um 5 m löngum kafla en aðrir hlutar hans hafa verið rifnir eða sléttaðir. Kálgarðsleifarnar eru sambyggðar fjóstóftinni C sem er fast vestan við. Tóftin er um 5x8 m að stærð, snýr VSV-ANA. Hún er grjót- og torfhlaðin. Ekki eru veggir til SSA og ekki til VSV en frá meintum VSV enda tóftarinnar er kantur D sem kann að vera framhald af tóft. Kanturinn afmarkar svæði sem er um 6x4 m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur. Hann er grjóthlaðinn, er um 1 m á hæð og gróinn. Mesta hleðsluhæð fjóstóftarinnar er um 2 m utanmáls. 4-5 umför sjást í hleðslu og er fremur þunnt hellugrjót í hleðslunni sem er svokölluð síldarbeinahleðsla.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

RA-411:004 tóft hesthús 63°51.252N 20°28.742V



Hesthústóftir 004 og 005 auk hluta af tröðum 042



Á hægri mynd eru hesthústóftir 004 og 005, horft til suðausturs. Vinstri mynd er hesthústóft 004

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 110 m vestan við bæ 001. Tóft þess sést ennþá fast sunnan við traðir

042. Samkvæmt Runólfi Haraldssyni heimildamanni var tóftin hesthús.
Tóftin er í gamla túninu á hæð í því og er hesthústóft 005 fast vestan við hana.
Tóftin er einföld og um 10x6 m að stærð. Hún er torf- og grjóthlaðin og snýr austur-vestur. Mesta hæð er um 1,5 m. Inngangur er á miðri norðurhlið. Spýtnabrak og bárujárnsleifar hafa hrunið inn í tóftina úr þakinu. Tóftin er gróin, hrunið er í inngang. Mest sjást átta umför í hleðslum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-411:005 tóft hesthús 63°51.251N 20°28.756V


Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 120 m vestan við bæ 001. Tóft þess sést enn og samkvæmt Runólfi Haraldssyni, heimildamanni, var hún hesthús.
Tóftin er í gamla túninu á hæð í því fast sunnan við traðir 042 og er hesthústóft 004 fast austan við hana.
Tóftin er um 10x6 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er einföld og grjót- og torfhlaðin. Mest sjást 5 umför í hleðslu. Leifar af spýtum og bárujárni úr þaki sjást inni í tóftinni. Inngangur í hana er í norðvesturhorni, hann er samanfallinn. Mesta hæð veggja er 1,5 m. Suðurhluti tóftarinnar er grafinn inn í hól og eru suður- og vesturveggir tóftarinnar aðeins um 0,2 m á hæð að utanmáli.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917



Hesthústóft 005, horft til suðurs

RA-411:006 *Stekkjargilsbrú* heimild um samgöngubót
Í grein eftir Guðjón Inga Hauksson um Holtaveg RA-671:010 segir m.a. um vegabætur á leiðinni: "Þriðja brúin var fyrir framan Syðri-Rauðalæk, þar sem um jarðfall var að ræða ofan í lækinn, en brúin var 6 faðma löng úr torfi og möl." Brú þessi var nefnd Stekkjargilsbrú en Stekkjargil (sjá Stekkjartún 030) er um 500 m suðaustan við bæ 001.
Ekki er ljóst hvar þessar vegabætur voru á leiðinni. Leiðin lá ekki meðfram Stekkjargili heldur var hún norðan við lækinn þar sem farið var framhjá Stekkjargili. Líklegast er að þetta hafi verið við Klaufarvað 025 sem er um 300 m norðaustan við Stekkjargil. Þar sást ekki til greinilegra ummerkja um mannvirkið.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: GIH: Saga XXI, 147,149

RA-411:007 *Lambhúshellir* hellir lambhús 63°51.299N 20°28.572V




Uppdráttur af Lambhúshelli 007 (Manngerðir hellar, bls. 182)



Lambhúshellir 007, horft til suðvesturs

"Hér eru tveir hellar [sjá einnig 012] sem notaðir voru fyrir sauðfé," segir í Sunnlenskum byggðum V.
Í Sóknarlýsingu Efri-Holtaþinga frá 1840 segir: "Á bænum Syðra-Rauðalæk eru tveir hellrar, báðir klappaðir af núverandi ábúanda þar, Ásmundi Gíslasyni. Annar þeirra stendur í svokölluðum Markhól [012] [...] K. Annar hellir er af sama bónda klappaður árið 1830 inn úr graslág austan í túnhólnum sem bærinn stendur upp á. Hann



Lambhúshellir 007

er 8 al. Að lengd, 4 al. Að vídd, 4 al. Að hæð með strompi klöppuðum upp úr. Þessi hellir brúkast fyrir lambhús. Hellir Ásmundar og Runólfs." Hlaðan og hellirinn eru merkt inn á túnakort frá 1917, rúma 40 m norðaustan við bæ 001 og 80 m sunnan við lambhús 008.

Hellirinn er klappaður í móberg í brattri brekku, 10-15 m á hæð. Hellirinn er ofarlega í brekkunni sem er gróin með náttúrulegum pöldrum.

Í bókinni Manngerðir hellar á Íslandi segir: "Hellirinn er í brekkunni upp frá læknum austan bæjar. Matthías Þórðarson lýsir honum allnáið og segir að Runólfur hreppstjóri Halldórsson hafi höggvið hann veturna 1896-7 og 1897-8 inn frá litlum hellisskúta sem þar var fyrir. Samkvæmt sóknalýsingunni var það hellir Ásmundar Gíslasonar [ábúanda frá 1804-1845] frá 1830. Aðalinngangur hans hefur verið um göngin í vinstri vegg en sennilega var hlaðið fyrir norðuropið. Góðar hleðslur er í strompum en þeir eru tveir. Brunnur er beint niður undan gaflstrompi. Sandsteinninn í honum er 80 cm og 1,2 m hleðsla ofan á. Hæð frá gólfi og upp úr er 3,5 m. Í fremra strompi er sandsteinninn 1,1 m og hleðslur 1,15 m. Hæð frá gólfi og upp í helluna sem lokar strompinum er 4,10 m. Lofthæð er 1,8-2,0 m. Vatn rennur um lokræsi eftir miðju gólfi og kemur fram á yfirborði 7-8 m framan við hellismunnann." Hellirinn var gerður 1830 og endurgerður á árunum 1896-1898. Hlaðan er nú horfin og hellirinn hruninn að hluta. Umhverfis hellinn er girt til varnar búpeningi. Á túnakortinu er hlaðan 8x6 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún var við norðvesturhorn hellisins og líklega rifin niður. Hellirinn er 20x10 m að stærð og snýr VSV-ANA. Sem fyrr segir er þakið fallið niður að hluta. Tveir inngangar eru inn í hellinn. Inngangur 1 er að austan. Þar var líklega hlaðinn forskáli, hleðslugrjót sést í opinu og veggjahrun. Bratt er niður í hellinn en opið er 0,6 m á hæð. Hægt er að skríða inn í hellinn og er þakið ennþá yfir austurhluta hans. Strompurinn er ennþá heill. Mikið grjóthrun er inni í hellinum úr þakinu. Inngangur 2 er til suðurs inn í hellinn. Veggjarbrot eru hlaðin framan við hann. Veggirnir er 0,5 m á hæð og sjást þrjú umför af grjóthleðslu úr móbergi. Ártalið 1915RH er klappað í einn steininn. Líklega eru þetta stafir Runólfs Haraldssonar. Opið er afar lítið og einungis hola sem er 0,3 m í þvermál. 3-4 m eru niður á gólf hellisins hér og líklega er þetta eldri inngangurinn sem lokað var fyrir.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: SB V, 244; SSR, 179; Manngerðir hellar, 183-184; Túnakort 1917

RA-411:008 heimild um lambhús 63°51.340N 20°28.615V

Útihús er merkt 110 m norðan við bæ 001 á túnakort frá 1917. Að sögn Runólfs Haraldssonar, heimildamanns, var þetta lambhús en það var rifið í kringum 1990. Hann mundi ekki hversu stórt það var en það var úr torfi og grjóti.

Þar sem lambhúsið var er slétt og grasivaxið tún. Til austurs er brekka, 10-15 m há og fremur brött. Húsið var nærri brekkunni að sögn Runólfs.

Engin ummerki lambhússins sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917


RA-411:009 tóft fjós 63°51.268N 20°28.646V



Á hægri mynd er kálgarður og fjós 009, horft til ANA. Á vinstri mynd sést fjóstóftin og fjær eru traðir 042 og hesthústóftir 004 og 005, horft til VSV

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús og sambyggður kálgarður um 30 m vestan við bæ 001. Samkvæmt Runólfi Haraldssyni, heimildamanni, var þetta útihús fjós. Tóftarhóll og kálgarður sjást enn á þessum slóðum.
Minjarnar eru við horn á tröðum 042 heim að bænum. Til norðurs er steypt hlaða, til vesturs er gamalt tún, til SSA er tóft 003 og þúst á bæjarhól 001 til austurs.
Minjarnar eru á svæði sem er um 24x11 m að stærð og snýr VSV-ANA. Í ANA enda er tóftarhóll. Hann er um 11x8 m að stærð og snýr NNV-SSA. VSV hliðin er skýr og brattur veggur, um 2 m á hæð. Aðrar hliðar eru rúnaðar og hrundar. Ekki er skýr afmörkun til NNV. Grjót sést í öllum hólnum en ekki fjöldi umfara. Skýr brún er á innanverðum VSV vegg en hann stendur upp úr tóftarhólnum. Í SSA enda hólsins eru líklega leifar af hellulögn en þar sjást 3 stórar, flatar hellur. Kálgarður er fast VSV við hólinn. Hann er líklega torfhlaðinn, ekki sést í grjót. Kálgarðurinn er um 16x10 m að stærð og snýr VSV-ANA. Mesta hæð veggja er um 1 m utanmáls. Rof er í vesturhorni garðsins. Kálgarðurinn er minni en sá sem teiknaður er á túnakort frá 1917 en þar er garðurinn sýndur um 40x20 m að stærð og snýr nálega austur-vestur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-411:010 tóft útihús 63°51.309N 20°28.570V



Tóft 010




Tóft 010, horft til norðurs

Útihús er tæpa 70 m norðaustan við bæ 001 og 20 m norðan við helli 007. Það er ekki sýnt á túnakorti frá 1917 og gæti hafa verið byggt eftir að túnakortið er gert.
Grasivaxið svæði, í halla til austurs. Útihúsið er í brekku, á flötum stalli.
Tóftin er 6x5 m að stærð, einföld og snýr VNV-ASA. Austurhliðin er opin. Veggirnir eru líklega torfhlaðnir en hellugrjót sést inni í tóftinni, líklega þakhellur. Veggirnir eru 0,5-1 m á hæð. Vesturhluti tóftarinnar er raskaður

og sést aðeins dæld þar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-411:011 tóft 63°50.999N 20°28.223V




Tóft 011



Tóft 011, horft til norðvesturs

Tóft er rúmlega 200 m austan við beitarhús 028a og 550 m SSA við bæ 001. Hún er á tungu sem gengur til NNV í gilbotni Stekkjargils og er bratt niður frá tóftinni nema til suðurs. Kindastígur liggur að tóftinni úr NNV, upp hrygg.
Tóftin er á gróinni tungu (nefi), syðst í Stekkjargili, sunnan við Rauðalæk. Rúmlega 8 m há brekka er til austurs, vesturs og norðurs. Hún er brött, stórþýfð og mikið um náttúrulega paldra. Gróið, þýft mólendi er á þessum slóðum.
Tóftin er 8x6 m að stærð, einföld og snýr NNV-SSA. Veggirnir eru grónir og þýfðir. Þeir eru 0,5-1,7 m á hæð og hvergi mótar fyrir opi inn í tóftina. Líklega var það þó á suðurhlið, veggirnir eru hærri til norðurs. Hvergi sést glitta í grjóthleðslu. Ekki sést móta fyrir görðum, jötum né öðru sem gefur hlutverk hennar til kynna. Líklega var þetta beitarhús en ekki er hægt að fullyrða um það.
Hættumat: engin hætta

RA-411:012 *Markhólshellir* hellir beitarhús 63°51.648N 20°27.963V



Uppdráttur af Markhólshelli 012 (Manngerðir hellar, bls. 183



Munni Markhólshellis 012, horft til ASA

"Hér eru tveir hellar [sjá einnig 007] sem notaðir voru fyrir sauðfé," segir í Sunnlenskum byggðum V. Í Sóknarlýsingu Efri-Holtaþinga frá 1840 segir: "Á bænum Syðra-Rauðalæk eru tveir hellrar, báðir klappaðir af

núverandi ábúanda þar, Ásmundi Gíslasyni. Annar þeirra stendur í svokölluðum Markhól, sem reiknast að vera landamerkjahóll milli jarðanna Brekkna [RA-412] og Syðri-Rauðalækjar, upp á holti fyrir ofan eða upp frá samnefndum Rauðalæk. Hóllinn er ílangur frá norðri til suðurs og lítil þúfa upp úr miðju. Vestan í nefndan hól fór bóndinn Ásmundur að grafa árið 1824, og fann þar hart móberg sem hann klappaði inn í hellir, 12 al. Að lengd og 3 al. Að breidd og 3 1/2 al. Að hæð, með strompi upp úr. Þennan hellir brúkaði hann fyrir geldsauði." Markhólshellir er um 870 m norðaustan við bæ 001, í svokölluðum Markhólum.
Markhólar eru röð þriggja hóla á gömlum merkjum milli Brekkna RA-412 og Syðri-Rauðalækjar. Mýri er til norðurs og suðurs og holt til suðvesturs.
Umfjöllun um hellinn er á þessa leið í bókinni Manngerðir hellar á Íslandi: "Hellir í Markhól. Hellir sá sem Ásmundur Gíslason hjó í Markhól á merkjum Syðri-Rauðalækjar og Brekkna árið 1824 stendur enn vel. Hóllinn er eins og skapaður til hellagerðar. Með þremur fagurgrænum hundaþúfum í kollinn rís hann um 10 m upp yfir mýrlendið á bökkum Rauðalækjar. Hellirinn er afar einfaldur í sniði. Dyrnar eru nánast í sömu hæð og mýrarnar fram undan þeim og innan við er hellisgólfið í ámóta hæð. Ekki verður séð að forskáli hafi verið fyrir hellinum og líklega hefur hurðin einfaldlega verið í munnanum sjálfum. Innan við munnann víkkar hellirinn og hækkar lítillega. Bergið er ósvikið foksandsteinn með bogasveigðri lagskiptingu en hellirinn hefur ekki verið lagaður að henni. Hvelfingin er bogasveigð með höggnum útskotum og stalli fyrir jötur meðfram veggjum. Upprunalegt lag hellisins er vel varðveitt nema e.t.v. Innst. Þar er hann víðastur, með dálitlu útskoti til vinstri. Þar eru veggbogarnir horfnir svo og jötustallurinn . Kannski hafa þeir aldrei verið innst því þarna kann að hafa verið geymd heytugga. Lítill strompur er fremst í loftinu, þvermál 40 cm, sandsteinsþykkt 1 m, hleðslur og jarðvegur í strompi 75 cm. Hrunið hefur úr loftinu kring um strompinn. Hellirinn er 10,8 m út úr dyrum en 9,7 m að sandsteinsbrún í munna. För eru í lofti og veggjum eftir stoðir og garðbönd." Hellismunninn er niður við jörðu. Hann er um 1x1 m að stærð. Hellirinn er lágur, 1-1,5 m á hæð. Hann er um 5x3m að innanmáli og snýr ASA-VNV. Hrunið hefur inn í hann úr hellislofti. Hann er skófum vaxinn að innan. Moldarstallur er í munnanum og um 0,5 m niður í hellinn af honum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: SB V, 244; SSR, 179; Manngerðir hellar, 185

RA-411:013 *Skurðgarður* garðlag vörslugarður 63°51.402N 20°28.424V
Örnefnið Skurðgarður er merkt inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar. Garðlagið liggur til ASA frá ræktuðu túni, niður Fögrubrekku, að Rauðalæk og sveigir þar til vesturs.
Ofan við Fögrubrekku og í henni er gróið mólendi en neðan hennar, að Rauðalæk er blautt mýrlendi.
Skurðgarður er 400 m langur og U-laga og var hann vörslugarður. Norður- og suðurhliðarnar eru einungis varðveittar að hluta en ekki er vitað hvort að afmörkun var til vesturs. Garðlagið liggur til ASA frá ræktuðu túni norðan við bæ 001, sveigir til suðausturs niður Fögrubrekku og aftur til vesturs meðfram Rauðalæk. Frá túninu er garðlagið í grónu mólendi, Fagrabrekka er brött til suðurs og mikið um náttúrulega paldra. Sunnan hennar er mýrlendi að læknum. Garðlagið er 0,4-1 m á hæð, 1-1,5 m á breidd og algróið. Líklega er það torfhlaðið. Girt er ofan á hliðina meðfram Rauðalæk og einnig lægra þar en í mólendinu.


Skurðgarður 013, horft til austurs


Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Syðri-Rauðalækur

RA-411:014 *Þvottapyttur* frásögn þvottastaður 63°51.288N 20°28.417V
Örnefnið Þvottapyttur er merkt inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar. Að sögn Runólfs Haraldssonar, heimildamanns, var ull þvegin þar þegar það var hægt fyrir leir í vatninu. Þvottapyttur er rúma 150 m austan við bæ 001 og tæpa 170 m sunnan við tóft 045. Pytturinn var í læknum en líklega fyllst upp í hann.
Rauðilækur er 10-15 m breiður á þessum slóðum og rennur til vesturs. Hann sveigir suðurs á móts við Þvottapytt. Þar eru grunnir, blautir pollar í lækjunum og líklega er einhver þeirra þvottastaðurinn.
Engin ummerki þvottastaðarins sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Syðri-Rauðalækur

RA-411:015 tóft+garðlag túngarður 63°51.393N 20°28.800V



Túngarður 015A og tóft 015B, horft til norðvesturs



Tóft 015B og hluti túngarðs 015A

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var túnið á Syðri-Rauðalæk um 520x220 m að stærð og sneri nálega norður-suður. Enn sjást leifar af túngarði sem afmarkaði túnið nema í brekkunni suðaustan við bæinn 001. Túnið hefur verið fært út til norðurs og er garður umhverfis þann hluta sambyggður garðinum umhverfis gamla heimatúnið. Hann er því skráður undir sama númeri auk tóftar sem er áföst honum. Á túnakorti sést einnig að gerði, líklega túngarður, var í norðausturhorni túnsins og að lítið gerði, mögulega rétt, var sambyggt túngarðinum utanverðum, um 70 m sunnan við Traðarkjaft, sjá 042. Túngarðurinn sést um 155 m vestan við bæ 001.
Garðurinn liggur á mörkum túns og móa um hæðir.
Túngarðsleifar sjást á svæði sem er um 590x140 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Leifar af túngarðinum sjást að litlu leyti í suðurenda túnsins en greinilegastur er garðurinn meðfram vestur- og norðurhliðum túnsins. Garðurinn sést ekki nema sem kantur meðfram norðurjaðri túnsins. Túngarðurinn er víða 1-1,5 m á breidd og 0,5-1 m á hæð. Hann virðist vera torfhlaðinn. Ein tóft er sambyggð garðinum þar sem túnútfærsla til norðurs mætir gamla túngarðinum í norðvesturhorni hans. Tóftin er því utan við gamla heimatúnið og er líklega samtíða garðinum sem afmarkar túnstækkun. Tóftin er 16x7 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún skiptist í 2 hólf. Hólf I er suðvestar. Það snýr norðvestur-suðaustur og er 8x3 m að innanmáli. Hólfið er opið til norðvesturs, yfir í hólf II. Veggirnir eru 1,7-2 m á hæð og torfhlaðnir. Suðurveggurinn er hruninn að hluta inn í hólfið. Ofan á norðurvegg og í þakhruni má sjá hellusteina undir þaksperrur. Ekki mótar fyrir görðum eða jötum. Hólf II er norðvestar. Það er 3x3 m að innanmáli og opið til vesturs. Annað op er í suðausturs, yfir í hólf I. Þetta var líklega rétt eða aðhald utan við hólf I og ekki undir þaki. Veggirnir eru 0,5 m á hæð og algrónir. Rof eru í túngarðinn beggja vegna við tóftina. Ekki sáust ummerki um gerði í norðausturhorni túnsins eins og það var við gerð túnakortsins um 1917 og hefur það líklega verið sléttað í túnið. Litla gerðið sunnan við Traðarkjaft er líka horfið en þar sem það var er túngarðurinn sérlega hár, 1,5 m.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-411:016 *Austastagerði* garðlag túngarður
63°51.131N 20°28.672V
Austasta,- Mið- og Vestastagerði eru merkt á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar, norðan við Rauðalæk. Að sögn Runólfs Haraldssonar, heimildamanns, voru gerðin samtengd með hlöðnum görðum. Þau voru í halla til suðurs frá gamla heimatúninu og niður að Rauðalæk. Gerðin eru líklega nokkurra áratuga gömul en eru skráð þar sem þau voru byggð eftir gamalli byggingarhefð. Þau afmörkuðu túnhluta og vörðu þau fyrir beit búsmala.



Austastagerði 016, horft til norðurs


Garðlögin eru í hárri brekku, til suðurs frá gamla heimatúninu. Þar eru óræktuð tún með hólum, hæðum og smáþýfi.
Á svæði sem er 160x140 m og snýr VSV-ANA sést móta fyrir þremur garðlögum. Svæðið náði líklega lengra til austurs en Austastagerði er horfið. Vestastagerði var vestast. Það var 165x110 m að stærð og snéri NNV-SSA. Vesturhliðin er varðveitt að mestu og er 0,5-1,2 m á hæð, 1 m á breidd og torfhlaðin. Vírgirðing er ofan á henni. Norður- og suðurveggurinn eru horfnir. Baðhellir 032 og tóft 033 eru innan gerðisins og eru líklega eldri minjar. Miðgerði var í miðjunni líkt og nafnið gefur til kynna. Það er illa varðveitt, einungis hluti af vestur- og suðurhlið eru varðveitt. Vesturhliðin skilur á milli Vestasta- og Miðgerðis. Garðlagið er 20 m langt og 0,5 m á hæð. Það liggur í brekku til suðurs frá gamla heimatúninu og að Rauðalæk. Garðlagið sést í brekkunni og hverfur í mýrlendi neðan hennar. Það er algróið. Suðurhliðin er tæplega 70 m löng og tilheyrir bæði Vestasta- og Miðgerði. Það er 0,5 m á hæð og algróið. Austastagerði er horfið. Op voru á veggjunum til að komast á milli gerða.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Syðri-Rauðalækur

RA-411:017 renna áveita 63°51.308N 20°28.816V



Skurður 017A er á vinstri mynd og skurður 017B er á hægri mynd, horft til ANA

Samkvæmt túnakorti frá 1917 voru tveir skurðir á óræktuðu svæði innan túns um 120 m norðvestan við bæ 001. Þar má enn sjá ummerki um skurðina.
Skurðirnir eru í túni en smáþýft er umhverfis þá og svæðið er nýtt til beitar. Hóll er austan við skurð B.
Minjarnar eru á svæði sem er um 25x28 m að stærð og snýr norður-suður. Skurður B er í norðurenda svæðisins. Hann er um 15 m langur og snýr VSV-ANA. Uppkast úr skurðinum er sunnan við hann og er um 0,5 m á breidd og 0,2 m á hæð. Sjálfur skurðurinn er um 0,4 m á breidd innanmáls og 0,1-0,2 m djúpur. Hann er gróinn. Rof er í túngarði 015 við VSV enda skurðarins. Á seinni tímum hefur verið grafin rás frá túngarði til VSV í skurð. Skurður A er mun greinilegri en B. Hann er um 0,5 m á breidd innanmáls og 0,4 m á dýpt. Rof er í túngarði við VSV enda hans. Hann er um 28 m langur og snýr VSV-ANA. Jarðvegurinn sem grafinn var upp úr skurðinum er á suðurbakka skurðarins og hefur samlagast þýfi í túni. Skurðurinn er gróinn. Líklega hafa þessir skurðir átt að ræsa vatn af túninu og er líklegt að uppsprettur hafi verið á þessum stöðum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917



Tóft 018

RA-411:018 tóft útihús
63°51.287N 20°28.570V
Tóft er 40 m norðaustan við bæ 001 og 20 m sunnan við helli 007. Um 15 m vestan við tóftina er gaddavírsgirðing og önnur 15 m til suðurs. Tóftin er útihús en er ekki sýnd á túnakorti frá 1917. Mögulega var það byggt eftir gerð þess og er þá ekki fornleif samkvæmt lögum um fornminjar en er skráð engu að síður þar sem það er til vitnis um forna


byggingarhefð.
Útihúsið er í ofarlega í brekku, til austurs frá bæ 001. Brekkan er 10-15 m há, grasivaxinn og brött.
Útihúsið er 17x9 m að stærð, einfalt og snýr austur-vestur. Það er byggt inn í hól/brekku til norðurs og vesturs. Suðurveggurinn er horfinn og afmarkar moldarflag útlínur hans. Austurveggurinn er torf- og grjóthlaðinn. Hellugrjótið sést í honum innanverðum en árgrjót að utan. Þar sjást 6 umför af smárri grjóthleðslu. Op er í norðausturhorni. Veggirnir eru 0,5-1,3 m á hæð. Þar sem þeir eru byggðir inn í brekku eru þeir 2,5 m á hæð. Bárujárn var í þaki útihússins og ekki mótar fyrir hólfaskiptingu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Tóft 018, horft til norðurs

RA-411:019 heimild um rétt
63°51.178N 20°28.652V
Hestarétt er merkt inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar. Hún var um 180 m sunnan við bæ 001 og 150 m ANA við Baðhelli 032. Hún var á brekkubrún.
Þar sem hestaréttin var er slétt og gróið tún. Þar mótar fyrir hólrimum víða og lautum á milli þeirra. Rúmlega 5 m há brekka er niður að Rauðalæk á þessum slóðum.
Engin ummerki réttarinnar sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Syðri-Rauðalækur

RA-411:020 tóft+garðlag beitarhús
63°51.779N 20°28.727V



Beitarhús og gerði 020



Gerði 020C, horft til norðausturs



Tóft 020A, horft til suðvesturs

Samkvæmt örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar var ærhús við heimreiðina að Syðri-Rauðalæk. Samkvæmt Runólfi Haraldssyni, heimildamanni voru þessi hús notuð fram til 1975. Beitarhúsatóftin og áfast gerði eru um 920 m norðan við bæ 001, fast vestan við heimreiðina.
Minjarnar eru á lágum hólrima á svæði sem áður var blautlent en er nú þurrt vegna framræslu.
Minjarnar eru á svæði sem er um 260x200 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Á svæðinu eru tvö sambyggð gerði sem afmarka tún, ein fjárhústóft og minni og óskýrari tóft. Í lýsingunni sem fylgir er hverju mannvirki gefinn bókstafur til aðgreiningar. Tóft A er einföld torf- og grjóthlaðin tóft. Hún er um 20x15 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Búið er að rífa veggi til norðausturs og norðvesturs og ýta taði inn í tóftina. Líklega hefur verið inngangur á norðausturhlið. Mesta hæð veggja utanmáls er um 1 m en 1,3 m innanmáls og er hún því lítillega niðurgrafin. Mest sjást 6 umför í hleðslum. Tóft B er um 6 m suðaustan við tóft A. Hún er um 9x8 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Eitt óljóst hólf er í henni sem er um 5x1,5 m að innanmáli. Op er á því til suðvesturs en vesturhorn er óljóst. Ekki er vitað um hlutverk þessa mannvirkis. Mesta hæð þess er um 1,3 m. Hún er gróin, ekki sést í hleðslur en hún er líklega torf- og grjóthlaðin. Gerðin C eru líklega torfhlaðin. Þau eru víðast um 1 m á hæð og breidd. Rof er í þau á stöku stað. Þau afmarka minjasvæðið og er hólf I á suðvesturhluta svæðisins. Það er um 100x235 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hólf II er samsíða hólfi I og er um 235x90 m að stærð og snýr eins. Innan þess eru tóftir A og B. Ekki er garður meðfram norðausturhlið þessa hólfs en hann hefur að öllum líkindum horfið vegna vegagerðar.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Syðri-Rauðalækur

RA-411:021 *Brekknagötur* gata leið 63°51.564N 20°28.253V
Brekknagötur eru merktar inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar. Þær lágu eftir Holtsrana og sjást um 550 m norðaustan við bæ 001.
Göturnar liggja um þýfðan móa innan trjáræktar þar sem leiðin var skoðuð.
5-8 grónar götur eru á um 2 m breiðu svæði. Þær eru dýpstar um 0,5 m og breiðastar um 0,5 m en eru víðast um 0,3 m á breidd. Göturnar stefna til norðausturs meðfram norðvestanverðum Holtsrana. Þær hafa líklega legið frá bæ og að Brekkum eins og nafn þeirra gefur til kynna. Göturnar sjást á um 200 m löngum kafla.
Hættumat: hætta, vegna trjáræktar
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Syðri-Rauðalækur


Brekknagötur 021, horft til suðvesturs

RA-411:022 *Þvottapyttsvað* heimild um vað 63°51.289N 20°28.315V
Í grein eftir Guðlaug E Einarsson um Holtaveg hinn forna RA-671:010 segir: "Hjá Brattastíg [RA-367:021] sveigist vegurinn aftur að læknum, og taka aftur við vöð og eyrar. Fyrst er Mógilsvað [RA-367:022], þá Svartabakkavað [038], Steinagilsvað [037], Ásendavað [035], Engjavað (034], Klaufarvað (025], Þvottapyttsvað og Kirkjuvað [024]. Er þá komið upp fyrir bæinn Syðra-Rauðalæk, og eru öll vöð þau, er síðast voru talin, öll, að undanskildu Mógilsvaði, í landi Syðra-Rauðalækjar." Þvottapyttsvað er á Rauðalæk um 80 m austan við Þvottapytt 014 og tæpa 250 m austan við bæ 001. Það var notað á Holtavegi hinum forna RA671:010. Sú leið lá um neðanverð Holtin á milli Þjórsár og Rangár ytri. Rauðilækur rennur til vesturs og er 2-3 m á breidd. Hann er grunnur, 0,3-0,4 m á dýpt. Eyri er í miðjum læknum og sunnan lækjarins svokallaðir Hrafnaklettar. Í þeim miðjum er lág, svokölluð Brattabora og lá leiðin þar.
Fyrir sunnan lækinn er melbrún, rúmlega 5 m há og brött. Fyrir norðan lækinn er gróinn melur.
Engin ummerki um vaðið eða götur að/frá því eru greinileg.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Syðri-Rauðalækur; G.E.E.: Blanda VII, 321


Mógrafir 023, horft til austurs

RA-411:023 náma mógrafir
63°51.198N 20°29.502V
Mógrafir eru á móts við Borgargil, norðan lækjarins, og við suðvesturenda Ásenda að sögn Runólfs Haraldssonar, heimildamanns.
Mógrafir sjást ennþá við Ásendann. Þær eru í mýrlendi norðan lækjarins og er vírgirðing á suðurbakka þeirra. Mógrafirnar eru í beinni röð og snúa austur-vestur. Það má sjá 10-15 stakar grafir og eru þær 3x1 m á stærð. 0,5 m á dýpt, þurrar og grasivaxnar.
Hættumat: engin hætta

RA-411:024 *Kirkjuvað* gata vað 63°61.405N 20°28.107V
Í grein eftir Guðlaug E Einarsson um Holtaveg hinn forna RA-671:010 segir: "Hjá Brattastíg [RA-367:021] sveigist vegurinn aftur að læknum, og taka aftur við vöð og eyrar. Fyrst er Mógilsvað [RA-367:022], þá Svartabakkavað [038], Steinagilsvað [037], Ásendavað [035], Engjavað [034], Klaufarvað [025], Þvottapyttsvað [022] og Kirkjuvað. Er þá komið upp fyrir bæinn Syðra-Rauðalæk, og eru öll vöð þau, er síðast voru talin, öll, að undanskildu Mógilsvaði, í landi Syðra-Rauðalækjar." Kirkjuvað er á Rauðalæk um 470 m norðaustan við bæ 001 og rúma 270 m norðaustan við Þvottapyttsvað 022. Rauðilækur hefur grafið sig niður á þessum slóðum. Lækurinn er 10-15 m breiður, djúpur og lygn.
Gróið mólendi er beggja vegna lækjarins.
Nokkurs konar skábraut eða renna sést að vaðinu úr NNA, niður lækjarbakkann. Svipuð renna er upp lækjarbakkann sunnan lækjarins. Vaðið er á Holtavegi hinum forna RA-671:010 sem liggur um neðanverð Holtin á milli Þjórsár og Rangár ytri. Rennan er 2 m breið, slétt og grasivaxin.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Syðri-Rauðalækur; G.E.E.:Blanda VII, 321

RA-411:025 *Klaufarvað* heimild um vað 63°51.205N 20°28.438V
Í grein eftir Guðlaug E Einarsson um Holtaveg hinn forna RA-671:010 segir: "Hjá Brattastíg [RA-367:021] sveigist vegurinn aftur að læknum, og taka aftur við vöð og eyrar. Fyrst er Mógilsvað [RA-367:022], þá Svartabakkavað [038], Steinagilsvað [037], Ásendavað [035], Engjavað [034], Klaufarvað, Þvottapyttsvað [022] og Kirkjuvað [024]. Er þá komið upp fyrir bæinn Syðra-Rauðalæk, og eru öll vöð þau, er síðast voru talin, öll, að undanskildu Mógilsvaði, í landi Syðra-Rauðalækjar." Klaufarvað/Holtsvað er á Rauðalæk, tæpum 200 m SSA við bæ 001 og 180 m austan við hestarétt 019. Bakkar Rauðalækjar eru ekki háir á þessum slóðum og farið var yfir lækinn á móts við Sandöldu. Hún er sunnan lækjarins.
Rauðilækur er um 10 m breiður og litlar eyrar eru í honum. Hann rennur til suðurs, í bugðu. Vaðið er á Holtavegi hinum forna RA-671:010 sem liggur um neðanverð Holtin á milli Þjórsár og Rangár ytri. Engin ummerki vaðsins sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Syðri-Rauðalækur; G.E.E.: Blanda VII, 321

RA-411:026 *Skástígur* gata leið 63°51.084N 20°28.479V
Skástígur er merktur inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar. Að sögn Runólfs Haraldssonar, heimildamanns, lá leiðin frá bæ og upp í sauðahús 028, sem eru sunnan Rauðalækjar.
Gróið mólendi er uppi á heiðinni sunnan lækjarins og melur og sandur við Stekkjargil.
Skástígur lá upp brekku til vesturs við Stekkjargilskjaft, sunnan Rauðalækjar, og í grónu túni að sauðahúsum 028. Leiðin lá til vesturs upp malarhrygg, sveigði til suðurs og endaði við beitarhúsin. Leiðin sést á rúmlega 200 m löngum kafla. Hún er afar greinileg í grónu mólendi frá beitarhúsunum og að Stekkjargili. Þar sjást nokkrar götur en ein þeirra er áberandi greinileg, 0,2 m á dýpt, 0,4 m á breidd og gróin. Leiðin er ógreinileg við Stekkjargil enda melur þar og sandur. Leiðinni er haldið við af lausagönguhrossum.
Hættumat: engin hætta



Skástígur 026, horft til suðvesturs

Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Syðri-Rauðalækur

RA-411:027 *Brattistígur* gata leið 63°51.002N 20°28.356V

"Næst vestan við þessi gil heitir Stekkagil [sjá 030]. Hjá því heitir Stekkatún og gatan í því Brattistígur," segir í örnefnalýsingu. Brattistígur er merktur á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar. Leiðin liggur upp bratta brekku suðaustan við Rauðalæk og sést vel um 540 m suðaustan við bæ 001.

Fyrir austan leiðina er brött, 15 m há malarskriða en gróin brekka til vesturs með náttúrulegum pöldrum.

Á leiðinni sést mjó og grunn gata upp bratta brekku í suðvestanverðu Stekkagili. Hún er ógróin og er viðhaldið af sauðfé og hrossum. Leiðin er skýr á um 42 m löngum kafla og liggur nálega norður-suður. Leiðin var farin frá bæ að sauðahúsum 028.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Syðri-Rauðalækur; Ö-Syðri-Rauðilækur, 1



Brattistígur 027, horft til NNV

RA-411:028 tóftaþyrping fjárskýli 63°51.027N 20°28.462V



Tóftaþyrping 028



Tóft 028A, horft til norðvesturs



Tóft 028B, horft til suðurs

Sauðahús eru merkt á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar, á vesturbakka Stekkjargils. Þetta er vestara húsið. Fjárborg er sýnd vestan þess og er hún skráð hér með. Tóftirnar eru tæpum 500 m sunnan við bæ 001 og 70 m suðvestan við stekk 030.

Gróið, slétt móendi er á þessum slóðum.

Á svæði sem er 90x90 m að stærð eru þrjár tóftir og garðlag. Var þeim gefinn bókstafur til aðgreiningar. Tóft A er nyrst. Hún er 10x8 m að stærð, tvískipt og snýr austur-vestur. Hólf 1 er austar. Það er 5x3 m að innanmáli og

snýr norður-suður. Veggirnir eru hlaðnir úr móbergi og eru 1,5-1,7 m á hæð. Það sjást 6 umför af grjóthleðslu í þeim. Grjóthleðslan er óvenjuleg og mynstrið kallast klömbruhleðsla en er algengt í torfhleðslum. Hólfið er opið til suðurs. Inni í hólfinu er fullt af timbri og járnarusli. Hólf 2 er vestar. Það er 6x3 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 0,5-1,5 m háir og algrónir. Líklega eru þeir eins og í hólfi 1 en gróið yfir hleðslurnar. Op er á miðri austurhlið, yfir í hólf 1. Þakhrun fyllir hólfið og veggirnir lægri að innan en utan. Suðurhlið tóftarinnar er nokkuð hringlaga og ekki ólíklegt að tóftin hafi verið fjárborg en breytt um hlutverk og lagfærð. Tóft B er 35 m sunnan við tóft A. Hún er 20x8 m að stærð og snýr suðaustur-norðvestur. Tvö hólf eru í tóftinni, beitarhús og hlaða. Hólf 1 sunnar, er 11x4 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Veggirnir eru 1-1,2 m á hæð og sjást 5 umför af grjóthleðslu í þeim. Þeir eru með klömbruhleðslu. Grjóthlaðinn garði liggur eftir hólfinu endilöngu og er hann 0,3 m á hæð. Hann er gerður úr hellugrjóti. Op er á miðri norðvesturhlið. Þar sést mikið af hellugrjóti í veggjum og stétt framan við opið. Hólf 2 er sunnar. Það er 6x5 m að innanmáli og snýr ANA-VSV. Veggirnir eru 1-1,3 m á hæð og algrónir. Bárujárn var í þaki og sést það bæði ofan á veggjum sem og í rusli sem fyllir hólfið. Ekkert op sést inn í hólfið. Gólf hólfsins er lægra en í hólfi 1 og var hlaða. Þúst C er 40 m suðvestan við tóft A. Hún er 6 m í þvermál, 0,5 m á hæð og grasivaxin. Toppur þústarinnar er sléttur og mótar óljóst fyrir veggjabroti til vesturs. Greinilegt er að mannvist er undir sverði og miðað við lag þústarinnar var það fjárborg. Túngarður D sést fyrir sunnan beitarhús B og þúst C. Smá stubbur sést einnig norðan við tóft A og greinilegt að hann afmarkaði allar tóftirnar. Túngarðurinn liggur til norðvesturs frá Stekkjargili og hverfur vestan við þúst C. Hann er 0,5 m á hæð, 1,5 m á breidd og grasivaxinn. Rof er komið í hann á nokkrum stöðum og vel sést að hann er torfhlaðinn. Túngarðurinn er þýfður og virðist ekki vel hlaðinn. Þessi hlið er tæplega 100 m að lengd. Norðan við tóft A sést garðlagið á 5 m löngum kafla og er 0,3 m á hæð. Líklega náði það til austurs að Stekkjargili en sá hluti er horfinn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Syðri-Rauðalækur

RA-411:029 tóft beitarhús 63°50.994N 20°28.320V




Beitarhúsatóft 029, horft til VSV á vinstri mynd. Á hægri mynd er hólf 4, horft til norðvesturs

Sauðahús eru merkt á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar, á vesturbakka Stekkjargils. Þetta er austara húsið en að sögn Runólfs Haraldssonar, heimildamanns, var annað hús á þessum slóðum sem var rifið áður en hann man eftir sér. Beitarhúsið er 580 m suðaustan við bæ 001 og 80 m vestan við tóft 011.

Gróið móendi er á þessum slóðum.


Tóftin er 25x13 m að stærð og snýr NNV-SSA. Hún skiptist í fjögur hólf. Hólf 1 er austast. Það er 7x3 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Veggirnir eru 1-1,5 m á hæð og sjást mest 6 umför af grjóthleðslu í þeim. Garði liggur eftir hólfinu endilöngu og er hann gerður úr hellugrjóti. Hólfið er opið til NNV og annað op er í suðvesturhorni, inn í hólf 2. töluvert hefur hrunið úr veggjunum inni í hólfinu. Hólf 2 er í suðvesturhorni. Það er 2x2 m að innanmáli og veggirnir eru 1 m á hæð. Í þeim sjást 4 umför af grjóthleðslu. Hólfið er opið til austurs, yfir í hólf 1. Hólf 3 er norðan við hólf 2. Það er 4x2 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Veggirnir eru 0,3-0,5 m á hæð og grasivaxnir. Hvergi sést glitta í grjót í þeim. Hólfið er opið til NNV og líklega var ekki þak



Beitarhúsatóft 029

yfir því. Hólf 4 er fyrir norðan hólf 1-3. Það var líklega aðhald fyrir framan tóftina. Veggirnir eru 1-1,5 m á hæð og gerðir úr móbergi. Fimm umför af grjóthleðslu sjást í þeim. Grjóthleðslan er óvenjuleg og mynstrið kallast klömbruhleðsla en er algengt í torfhleðslum. Hólfið er ekki sambyggt hinum hólfunum og eru op í bæði suðaustur og suðvesturhorni. Hólfið er U-laga.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Syðri-Rauðalækur

RA-411:030 *Stekkjartún* tóftir stekkur 63°51.048N 20°28.407V




Stekkjartóftir 030 í Stekkjargili



Tóftir 030 í Stekkjargili, horft til NNA

"Næst vestan við þessi gil heitir Stekkagil. Hjá því heitir Stekkatún og gatan í því Brattistígur [027]," segir í örnefnalýsingu. Stekkjargil er merkt á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar. Stekkurinn er 460 m norðan við bæ 001 og í miðju Stekkjargilinu, austan við lækinn.
Sekkjargil er sunnan við Rauðalæk. Það er myndað úr lækjarsprænum og nokkuð kræklótt. Brattar brekkur og tungur eru á milli lækjanna. Ofan í gilinu er mýrlent og gróið. Gilið er 10-15 m djúpt og hlíðar þess brattar. Þar eru náttúrulegir paldrar og melur.
Tvær tóftir eru í gilinu á svæði sem er 18x16 m að stærð og snýr austur-vestur. Vestari tóftin er hér nefnd A. Hún er 7x6 m að stærð, snýr norður-suður og skiptist í tvö hólf. Hólf 1 er austar og er 5x3 m að innanmáli. Það snýr norður-suður og hvergi mótar fyrir opi. Veggirnir eru 0,5 m á hæð, grasivaxnir og stórþýfðir. Hólf 2 er vestan við hólf 1, í suðvesturhorni. Hólfið er 1x1 m að innanmáli og var lambakró. Veggirnir eru 0,5 m á hæð, grasivaxnir og stórþýfðir. Ekki mótar fyrir opi en líklega var það á austurhlið, úr hólfi 1. Tóftin er sigin og óskýr vegna stórþýfis. Tóft B er 6 m norðaustan við tóft A. Hún er 6x3 m að stærð, einföld og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 0,5-1 m á hæð, grasivaxnir og stórþýfðir. Tóftin er opin til vesturs og ekki mótar fyrir hólfaskiptingu. Báðar tóftirnar eru signar, þýfðar og hvergi mótar fyrir grjóti.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Syðri-Rauðalækur; Ö-Syðri-Rauðilækur, 1



Garðlag og tóftir 031 í Borgarhólum

RA-411:031 *Borgarhólar* tóftir fjárskýli
63°50.887N 20°29.138V
Samkvæmt örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar voru Borgarhólar nálægt Borgargili. Á þessum stað eru tóftir og garðlag um 845 m suðvestan við bæ 001.
Borgarhólar eru fimm hólar sem standa saman á litlu svæði. Þeir eru á grösugu og smáþýfðu flatlendi norðan við


Rauðalæk á milli Jarðfalls og Borgargils.
Minjarnar eru á svæði sem er um 110x90 m að stærð og snýr norður-suður. Innan svæðisins eru fjórir af Borgarhólunum fimm og sjást tóftir í tveimur þeirra en minjar kunna einnig að leynast í hinum tveimur þó að það




Á vinstri mynd er tóft 031A, horft til norðausturs. Á hægri mynd er tóft 031B, horft til norðurs

sjáist ekki skýrt á yfirborði. Öllum rústum og garðlag sem afmarkar svæðið verða gefnir bókstafir í lýsingu þeirri er hér fylgir. Í norðausturenda svæðisins eru þrír stærstu hólarnir allþétt saman A, C og D. Það á sérstaklega við um tvo syðstu hólanna A og C. Í miðið er tóft A á þeim hóli sem þar er en ekki sjást skýrar minjar í hinum tveimur C og D. Tóftin virðist vera tvískipt og torfhlaðin. Hún er um 10x7 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hólf I er í suðvesturenda. Það er óljóst en er um 6x3 m að innanmáli og snýr suðvestur-norðaustur. Op er á því til suðvesturs en veggur í suðvesturenda er óljós. Hólf II er í norðausturenda. Það er um 1x1 m að innanmáli. Ekki er skýrt op inn í það. Mesta hleðsluhæð er um 0,4 m. Hóll B er tæpum 30 m suðvestan við tóft á hól A. Á hólnum er einföld tóft, líklega torfhlaðin. Hún er um 9x5 m að stærð, snýr norður-suður. Veggur í suðurenda er ógreinilegur en þar hefur líklega verið op inn í tóftina. Austurveggur er nokkuð skýr en aðrir veggir mjög hlaupnir í þúfur og fremur óljósir. Mesta hleðsluhæð er um 0,4 m. Mögulega eru minjar í hólum C og D en það er ekki afgerandi. Á þeim eru sléttir blettir en óvíst að þar hafi verið mannvirki. Garðlag E liggur frá vesturenda hóls D í hálfhring að hól C og óljóst á milli hóla A og C. Garðurinn er mjög hlaupinn í þúfur, er um 0,5 m á hæð og 2-3m á breidd, líklega torfhlaðinn.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Syðri-Rauðalækur

RA-411:032 *Baðhellir* hellir bað 63°51.148N 20°28.826V



Uppdráttur af Baðhelli 032 (Manngerðir hellar, bls. 183)



Munni Baðhellis 032, horft til NNV


Í bókinni Manngerðir hellar á Íslandi segir: "Hellirinn er í lækjargilinu suður og niður af bænum, í túnfætinum. [...] Í hellisveggjunum eru för eftir tré sem hafa kaffærst í sandinum. Hellirinn er vel höggvinn, veggir tiltölulega beinir, loftið flatbogamyndað, tæpir 2 m á hæð, og gólfin slétt. Hann skiptist í aðalhelli, hliðarhelli og hlöðuhelli. Steinlagt ræsi er í miðju gólfi allt innan úr hlöðuhelli, út undir forskála aðalhellis og niður brekkuna úti fyrir. [...]

Vandað steinsteypt baðker er í hliðarhelli með tröppum í og hallar gólfinu að því. [...] Í hliðarhelli er brunnur í dálitlu skoti. Hann er nú 1 m á dýpt og fullur af vatni en mikill sandur er í botni hans. Inngangur hefur hugsanlega verið um loftlúgu í hliðarhelli. Þar úti fyrir er tóft, 1,5 x 5 m, með dyrum til suðurs 0,5 m breiðum. Aðalinngangur hefur þó verið um enda á aðalhelli og þar sjást glöggar leifar af vönduðum forskála og basalthleðslur. Lítil ummerki sjást eftir skepnur í hellinum en það er vegna þess að hann var fyrst og síðast notaður sem baðhellir." Í bókinni kemur einnig fram að hellirinn sé gerður 1916. Baðhellir er merktur á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar. Hellirinn er tæpa 300 m suðvestan við bæ 001 og 60 m sunnan við Bólhól 033. Hellirinn er samfallinn og afgirtur. Ekki er hægt að fara inn í hann. Hellirinn er ekki orðinn 100 ára eins og lög kveða á um að fornleifar þurfi að vera. Hann er hins vegar skráður hér vegna þess að hann er til vitnis um gamla byggingarhefð.
Hellirinn er í stórþýfðu mólendi með hólum, rimum og mýrarflákum. Hellirinn er í suðurenda Bólhóls.
Hellirinn, aðalhellirinn, er 10x4 m að stærð og snýr norður-suður. Hlaðinn forskáli/inngangur var til suðurs og sjást þar 6 umför af grjóthleðslu. Hellirinn er klappaður í sandstein og þakið fallið niður. Þar eru rúmlega 3 m niður á gólf. Hellirinn er opinn til SSV og hægt að kíkja þar inn. Þar er 1 m niður á gólf og bratt niður. Líklega voru þar tröppur. Rúmlega 30 m löng og mýrlend renna liggur til suðurs frá hellinum og eru það leifar lokræsisins. Engin ummerki hliðarhellisins né hlöðuhellisins sjást á yfirborði og þeir ekki fallnir niður. Tóftin sem lýst er í bókinni Manngerðir hellar er nú horfin.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Manngerðir hellar, 183-185; IE-Örnefnauppdráttur, Syðri-Rauðalækur

RA-411:033 *Bólhóll* tóft 63°51.181N 20°28.809V



Tóft 033 á Bólhól, horft til norðurs



Tóft 033

"Suðvestur í túninu er hóll, Bólhóll. Í honum eru hellar [sjá 032], sem höggnir hafa verið á síðari árum," segir í örnefnalýsingu. Bólhóll er merktur á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar. Garðbrot, sem tilheyrir Austastagerði 016 liggur þvert yfir hólinn en tóftin er utan þess og ekki sjáanlegt tengsl á milli.
Stórþýft mólendi með hólum, rimum og mýrarflákum er allt umhverfis Bólhól.
Tóft er efst á Bólhól og er byggð inn í hann til NNA. Hún er 6x4 m að stærð, einföld og snýr NNA-SSV. Veggirnir eru 0,5 m á hæð og grasivaxnir. Það sem tóftin er byggð inn í hólinn eru veggirnir 1,4 m á hæð og tóftin líklega niðurgrafin. Op er á miðri suðurhlið, fram á 3 m háa brekkubrún. Brekkan er brött en smá stallur er þar sem opið er. Líklega var þak á tóftinni en búið að rífa það. Ekki mótar fyrir frekari hólfaskiptingu eða öðru sem gefur hlutverk hennar til kynna.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Syðri-Rauðalækur; Ö-Syðri-Rauðilækur, 1

RA-411:034 *Kúavað* heimild um vað 63°51.126N 20°29.061V
Í grein eftir Guðlaug E Einarsson um Holtaveg hinn forna RA-671:010 segir: "Hjá Brattastíg (027] sveigist vegurinn aftur að læknum, og taka aftur við vöð og eyrar. Fyrst er Mógilsvað [RA-367:022], þá Svartabakkavað [038], Steinagilsvað [037], Ásendavað [035], Engjavað, Klaufarvað [025], Þvottapyttsvað [022] og Kirkjuvað [024]. Er þá komið upp fyrir bæinn Syðra-Rauðalæk, og eru öll vöð þau, er síðast voru talin, öll, að undanskildu Mógilsvaði, í landi Syðra-Rauðalækjar." Kúavað/Engjavað er merkt inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar og var það á Rauðalæk á Holtavegi hinum forna RA-671:010. Kúavað er rúma 450 m suðvestan við bæ 001 og 200 m vestan við helli 032. Ekki sést til gatna við lækinn.

Gróið mólendi er beggja vegna lækjarins.
Engin ummerki vaðsins sást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Syðri-Rauðalækur; G.E.E.:Blanda VII, 321

RA-411:035 *Ásendavað* heimild um vað 63°51.169N 20°29.584V
Í grein eftir Guðlaug E Einarsson um Holtaveg hinn forna RA-671:010 segir: "Hjá Brattastíg (027] sveigist vegurinn aftur að læknum, og taka aftur við vöð og eyrar. Fyrst er Mógilsvað [RA-367:022], þá Svartabakkavað [038], Steinagilsvað [037], Ásendavað, Engjavað [034], Klaufarvað [025], Þvottapyttsvað [022] og Kirkjuvað [024]. Er þá komið upp fyrir bæinn Syðra-Rauðalæk, og eru öll vöð þau, er síðast voru talin, öll, að undanskildu Mógilsvaði, í landi Syðra-Rauðalækjar." Ásendavað er merkt inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar og var það á Rauðalæk á Holtavegi hinum forna RA-671:010 sem lá um neðanverð Holtin á milli Þjórsár og Rangár ytri. Ásendavað er 820 m vestan við bæ 001 og 430 m vestan við Kúavað 034.
Rauðilækur rennur til suðurs og eru gróin eyri sunnan hans.
Engin ummerki sjást um vað á þessum slóðum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Syðri-Rauðalækur; G.E.E.: Blanda VII, 321

RA-411:036 *Rauðkutóft* örnefni 63°51.101N 20°30.008V
Á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar er merkt Rauðkutóft um 1,2 km vestan við bæ 001. Tóft fannst ekki á vettvangi á þessum slóðum og taldi Runólfur Haraldsson, heimildamaður, jafnvel að rauð meri hafi drepist og verið husluð á þessum stað og nafnið komið til af því.
Örnefnið er á þeim stað þar sem landið byrjar að lækka niður að Rauðalæk til norðurs, í þýfðum móa.
Ekki fannst tóft á þessum slóðum. Ef hún hefur verið hér er möguleiki að hún sé horfin í þýfi.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Syðri-Rauðalækur

RA-411:037 *Steinagilsvað* heimild um vað 63°51.174N 20°30.197V
Í grein eftir Guðlaug E. Einarsson um Holtaveg hinn forna segir: "Hjá Brattastíg sveigist vegurinn aftur að læknum, og taka aftur við vöð og eyrar. Fyrst er Mógilsvað [RA-367:022], þá Svartabakkavað [038], Steinagilsvað, Ásendavað [035], Engjavað [034], Klaufarvað [025], Þvottapyttsvað [022] og Kirkjuvað [024]. Er þá komið upp fyrir bæinn Syðra-Rauðalæk, og eru öll vöð þau, er síðast voru talin, öll, að undanskildu Mógilsvaði, í landi Syðra-Rauðalækjar." Steinagilsvað er á Rauðalæk, um 1,31 km suðvestan við bæ 001, beint á móts við Steinagil í landi Syðri-Rauðalækjar. Vaðið er á Holtavegi hinum forna sem lá um neðanverð Holtin á milli Þjórsár og Rangár ytri.
Farið er af lágum lækjarbakka yfir sandeyrar upp á um 2 m háan bakka. Mólendi er beggja vegna við lækinn.
Götur sjást liggja á milli Steinagilsvaðs og Svartabakkavaðs 038. Ekki sjást skýr ummerki um vaðið enda eru lækjarbakkarnir talsvert brotnir.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Syðri-Rauðalækur; G.E.E.: Blanda VII, 321

RA-411:038 *Svartabakkavað* heimild um vað 63°51.070N 20°30.358V
Í grein eftir Guðlaug E Einarsson um Holtaveg hinn forna RA-671:010 segir: "Hjá Brattastíg sveigist vegurinn aftur að læknum, og taka aftur við vöð og eyrar. Fyrst er Mógilsvað [RA-367:022], þá Svartabakkavað, Steinagilsvað [037], Ásendavað [035], Engjavað [034], Klaufarvað [025], Þvottapyttsvað [022] og Kirkjuvað [024]. Er þá komið upp fyrir bæinn Syðra-Rauðalæk, og eru öll vöð þau, er síðast voru talin, öll, að undanskildu Mógilsvaði, í landi Syðra-Rauðalækjar." Svartabakkavað er merkt inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar og er um 1,5 km frá bæ 001. Vaðið er á Rauðalæk á Holtavegi hinum forna RA-671:010 sem lá um neðanverð Holtin á milli Þjórsár og Rangár ytri.
Vaðið er sunnan við háa rofbakka í landi Meiri-Tungu, liggur yfir Rauðalæk til austurs, norðan við háa rofabakka. Þar heldur leiðin áfram til norðurs á



Svartbakkavað 038, horft til norðvesturs

grónum og lágum lækjarbakkanum í landi Syðri-Rauðalækjar.
Lágur bakki er við lækinn þar sem vaðið er og dálítið vik er inn í bakkann á þeim stað.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Syðri-Rauðalækur; G.E.E.: Blanda VII, 321

RA-411:039 *Húsamýri* örnefni 63°52.007N 20°28.728V
Inn á örnefnauppdrátt eftir Pálmar Guðjónsson er merkt örnefnið Húsamýri um 1,4 km norðan við bæ 001. Runólfur Haraldsson, heimildamaður þekkti ekki þetta örnefni og það er ekki á örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar. Ekki er því ljóst af hvaða húsum mýrin dregur nafn sitt en líkum má leiða að því að mýrin dragi nafn af beitarhúsum 020 sem eru um 300 m sunnan við mýrina. Einnig má geta þess að tóft 048 á Botnholti sem líklega er fjárskýli er um 380 m SSV við mýrina.
Samkvæmt örnefnauppdrættinum er Húsamýri norðan við Botnholt á milli landamerkja á móti Meiri-Tungu RA-410 og afleggjara heim að bæ. Það svæði er flatlent og grösugt og hefur verið framræst að miklu leyti.
Ekki sást annarra minja en þegar hefur verið getið í námunda við mýrina og engar minjar sáust í mýrinni sjálfri enda ólíklegt að þar hafi verið hús.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Pálmar Guðjónsson: Örnefnauppdráttur, Syðri-Rauðalækur.

RA-411:040 frásögn legstaður
63°51.054N 20°28.999V
Samkvæmt Runólfi Haraldssyni heimildamanni, fyrrum ábúanda á Syðri-Rauðalæk, er dys austan við Rauðalæk, um 530 m suðvestan við bæ 001.
Meint dys er fast sunnan við flatlendisræmu meðfram Rauðalæk, norðan undir brekkum sem eru austan við Jarðfall.
Meint dys er strýtulagaður hóll sem sker sig nokkuð úr umhverfinu vegna sérstæðrar lögunar. Hann er 10-15 m í þvermál og 3-5 m á hæð. Ekki eru augljós mannaverk á honum og virðist hann vera náttúrulegur.



Meint dys 040 fyrir miðri mynd norðan við Rauðalækinn, horft til suðvesturs

RA-411:041 heimild um brunn 63°51.243N 20°28.799V
Brunnur var tæpa 170 m suðvestan við bæ 001 og tæpa 120 m norðan við Bólhól 033. Að sögn Runólfs Haraldssonar, heimildamanns, var hann hlaðinn. Vélgrafinn skurður liggur til vesturs frá áætlaðri staðsetningu brunnsins en fyllt var upp í hann.
Slétt, grasivaxið tún.
Engin ummerki brunnsins sjást á yfirborði. Á svipuðum slóðum er þó vatnsdæla sem notuð er til að brynna hrossum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar


RA-411:042 *Traðarkjaftur* hleðsla traðir
63°51.253N 20°28.791V
Örnefnið Traðarkjaftur er merkt inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar af jörðinni. Traðir eru einnig merktar inn á túnakort frá 1917. Traðirnar sjást enn liggja frá tóft 003 og kálgarði sem er áfastur þúst 009 til vesturs út úr túninu. Þær liggja fast norðan við hesthús 004 og 005 og enda í Traðarkjafti.
Traðirnar eru í gömlu túni.
Traðirnar eru um 110 m að lengd og liggja austur-vestur. Þær eru niðurtroðnar vestast en veggir eru meðfram þeim frá minjum 003 og 009 í austurenda og langleiðina að hesthústóft 004. Allbreitt rof, um 4 m breitt er í traðarveggina um 10 m austan við hesthústóft 004. Traðarveggirnir



Traðir 042, horft til VSV

eru breiðastir um 2 m og hæstir um 1 m. Þeir eru greinilegri norðanmegin. Víðast eru traðirnar 1-2 m á breidd innanmáls. Ekki sést í grjóthleðslur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Syðri-Rauðalækur; Túnakort 1917

RA-411:043 garðlag áveita 63°51.746N 20°28.638V



Gryfjur 043G og H


Gryfjur 043 G og H, horft til norðurs


Garðlag 043A, horft til norðausturs

Áveituminjar eru í Dælumýri, framræstri mýri sem er austan við heimreiðina, um 425 m norðan við bæ 001.
Mýrin er nýtt til beitar en er grösug og vaxin kjarri.
Minjarnar eru á svæði sem er um 660x600 m að stærð og snýr norður-suður. Á svæðinu sjást m.a. nokkur garðlög og skurðir og fá allar minjar bókstafi til aðgreiningar í lýsingunni hér á eftir. Garður A liggur frá austurhlið svæðisins til suðurs á um 455 m löngum kafla. Það liggur áfram yfir holt og langleiðina að bæ. Óvíst er að þetta garðlag tengist áveitunni og kann það að hafa verið hlaðið sem vörslugarður. Það er um 1 m á hæð og um 1 m á breidd og hefur líklega verið torfhlaðið. Samsíða honum, frá norðurenda hans, en með stefnu lítillega til SSA er skurður/rás B sem er um 100 m á lengd og um 0,3 m að breidd og dýpt. Fast norðaustan við norðurenda garðs A liggur skurður C í stefnu norðaustur. Hann er um 520 m á lengd, er um 0,5 m á breidd og 0,4 m á dýpt. Hann er gróinn og endar við landamerkjagarð 047. Skurður D liggur nálega til vestur frá SSA-enda skurðar B. Hann er gróinn, um 300 m á lengd og 0,3 m á breidd og dýpt. Garður E er um 145 m suðaustan við norðausturenda skurðar D. Hann er um 250 m á lengd, snýr norðaustur-suðvestur, er um 1 m á breidd og 0,5 m á hæð, gróinn. Hann er í framhaldi af götum 021 og virðist enda við landamerkjagarð 047. Ef til vill hefur leiðin að Brekkum legið eftir þessum garði. Samskonar garður I er um 45 m austan við garð E. Hann er um 70 m að lengd og liggur norðaustur-suðvestur. Norðausturendi garðsins endar við landamerkjagarð 047. Skurður F sést um 35 m ASA við garð E og liggur frá austurenda yngri vélgrafins skurðar, fast norðan við holt sem götur 021 liggja eftir. Skurðurinn liggur meðfram holtinu til austurs og virðist beygja til suðurs á milli holtsins og Markhóla en sést vel á um 70 m löngum kafla. Hann hefur fyllst af jarðvegi


og er úttroðinn af hrossum. Þar sem hann sést best er hann 1 m á dýpt og 0,5 m á breidd að innanmáli. Á milli holts og Markhóla er mikil gryfja G þar sem safnast vatn og er hún líklega manngerð og hluti af áveitukerfinu. Gryfjan er um 5x7 m að innanmáli og snýr suðaustur-norðvestur. Ekki sést til botns í henni en hún er a.m.k. 2 m djúp. Um 5 m suðaustan við gryfjuna er önnur minni gryfja H sem er um 4x2 m að innanmáli, full af vatni. Hún er a.m.k. 1 m á dýpt og snýr norður-suður. Hlaðið er fyrir suðurenda hennar og gat er á hleðslu í suðvesturhorni. Hleðslan er um 1x1 m að stærð, 0,5 m á hæð og breidd. Hún er líklega torfhlaðin og er gróin. Vatn sitrar úr gryfjunni um gatið á mýrarnar til suðausturs. Ekki er útilokað að skurður eða rás hafi legið til suðurs frá gryfjum G og H en lægðin sunnan við þær kann að vera náttúruleg.
Hættumat: engin hætta

RA-411:044 heimild um traðir 63°51.386N 20°28.665V
Traðir eru sýndar að bæ 001 úr norðri á túnakorti frá 1917. Þar sem traðirnar voru er malarvegur heim að núverandi íbúðarhúsi og þær horfnar. Ekki er vitað hvort þær voru upphlaðnar eða veggir meðfram þeim. Það er þó líklegt því enginn munur er á því hvernig traðir 042 og þessar traðir eru teiknaðar á túnakortið og traðir 042 eru upphlaðnar.
Slétt, grasivaxið tún er beggja vegna við malarveginn.
Engin ummerki traðanna sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-411:045 tóft 63°51.378N 20°28.394V



Tóft 045, horft til suðurs



Tóft 045


Tóft er rúmum 250 m norðaustan við bæ 001 og 170 m norðan við Þvottapytt 014. Hún er neðarlega í brekku sem hallar til suðurs á svæði sem kallast Krókur á örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar. Skurðgarður 013 er norðan við tóftina, uppi á brekkubrúninni. Neðan við brekkuna er blautt mýrlendi.
Brekkan er grasivaxinn, brött og náttúrulegir paldrar víða.
Tóftin er 4x4 m að stærð, einföld og er á stalli í brekkunni. Veggirnir eru 0,3-0,5 m á hæð og grasivaxnir. Hvergi sést glitta í grjóthleðslur. Tóftin er opin til suðurs og ekki mótar fyrir frekari hólfaskiptingu. Rof er á norðurvegg og hluti hans horfinn. Ekki er vitað í hvaða hlutverki tóftin þjónaði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Syðri-Rauðalækur



Beitarhúsatóft 046, horft til norðurs

RA-411:046 tóft beitarhús
63°50.952N 20°28.172V
Tóft er 100 m SSA við tóft 011 og 700 m suðaustan við

bæ 001. Hún er sunnan við Stekkjargil og er vélgrafinn skurður sunnan hennar. Gróið, stórþýft mólendi er á þessum slóðum. Svæðið er óræktað en slétt.
Tóftin er 14x12 m að stærð, skiptist í tvö hólf og snýr norður-suður. Hólf 1 er vestar. Það er 8x2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Ekki er skýrt op inn í hólfið. Veggirnir eru 0,4-1 m á hæð og grónir. Hvergi sést glitta í grjóthleðslu. Veggirnir eru stórþýfðir. Hólf 2 er austar. Það er 6x3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Ekki mótar fyrir opi. Veggirnir eru 0,5-1,2 m á hæð og algrónir. Hvergi glittir í grjót í þeim. Lag og staðsetningu tóftarinnar bendir til að hún hafi verið beitarhús.
Hættumat: engin hætta




Beitarhúsatóft 046

RA-411:047 garðlag landamerki
63°51.572N 20°27.862V


Landamerkjagarður 047, horft til NNV

Garðlag er á gömlum merkjum milli Brekkna og Syðri-Rauðalækjar. Það er um 800 m norðaustan við bæ 001. Fyrrverandi ábúandi á Syðri-Rauðalæk, Runólfur Haraldsson, skipti á landi Syðri-Rauðalækjar sem var norðan við Suðurlandsveg og landspildu í landi Brekku sem liggur meðfram gömlu merkjunum. Garðurinn er því ekki lengur á merkjum.
Garðlagið liggur um þýfðan móa, að Markhólum og áfram NNV við þá.
Garðlagið sést á svæði sem er um 1050x20 m að stærð og snýr NNV-SSA. Það liggur annars vegar suðaustan við Markhóla á um 90 m löngum kafla og hins vegar norðvestan við Markhóla á um 855 m löngum kafla. Garðlagið er um 0,5 m á hæð og breidd. Það er gróið, líklega torfhlaðið.
Hættumat: engin hætta

RA-411:048 tóft fjárskýli 63°51.745N 20°29.064V



Tóft 048



Tóft 048, horft til norðvesturs

Hringlaga tóft er um 940 m norðvestan við bæ 001.
Tóftin er í mólendi á lágu holti sem nefnist Botnholt.
Tóftin er afar sigin og hlaupin í þúfur. Hún er hringlaga, um 10x9 m að stærð, og snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin er einföld. Ekki sést skýrt op inn í hana. Mesta hleðsluhæð er um 0,3 m og hún er líklega torfhlaðin. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en líklegast verður að telja að þetta séu leifar af fjárskýli en til þess benda lögun tóftar og staðsetning hennar.
Hættumat: engin hætta

RA-411:049 tóft beitarhús 63°51.037N 20°28.305V



Beitarhúsatóft 049, horft til suðurs



Beitarhúsatóft 049

Einföld tóft er rúmum 500 m suðaustan við bæ 001 og 100 m norðvestan við tóft 011. Hún er við austurhlið Stekkjargils, alveg uppi á brúninni.
Austan við Sekkjargil er stórþýft, gróið mólendi.
Tóftin er 13x8 m að stærð, einföld og snýr norðvestur-suðaustur. Veggirnir eru 0,4-0,5 m á hæð og stórþýfðir. Þeir eru útflattir, mosavaxnir og hvergi glittir í grjóthleðslu. Veggja- og þakhrun er inni í tóftinni og fyllir hana að hluta. Garði liggur eftir tóftinni endilangri og ekki glittir í grjót í honum. Op er á miðri norðvesturhlið. Uppsöfnuð mannvistarlög sjást umhverfis tóftina, hæst eru þau 0,5 m og fjara út. Lag tóftar og staðsetning bendir til að hún hafi verið beitarhús.
Hættumat: engin hætta


RA-411:050 garðlag vörslugarður 63°50.948N 20°28.326V

Unglegur vörslugarður afmarkar Stekkjargil og allar þær tóftir sem þar eru í kring (sjá 011, 028, 029, 030, 046, 049). Hann er um 300 m suðaustan við bæ 001. Innan garðs er bæði þýfður mói og slétt graslendi sem líklegt er að hafi verið slegið. Ef til vill hefur garðurinn því einnig þjónað hlutverki túngarðs.
Túngarðurinn er á nokkuð flatlendu en sundurskornu svæði suðaustur af Rauðalæk. Innan hans er víðast grasi gróið og þurrlent en mýrlend svæði nyrst.
Túngarðurinn afmarkar svæði sem er 450x420 m að stærð og snýr NNV-SSA. Á nokkrum stöðum er komið rof í hann vegna ágangs búfjár og vatnsaga en einnig hefur verið grafinn skurður í gegnum hann sem hefur raskað honum. Ekki er garðhleðsla til NV á svæðinu en þar opnast Stekkjargil 030 í farveg Rauðalækjar og er nokkuð bratt niður í gilið og lækinn. Garðurinn er víðast gróinn og er líklega torfhlaðinn. Hann er 0,5-1 m á hæð og breidd.



Vörslugarður 050, horft til suðurs

Hættumat: engin hætta



RA-412 Brekkur

10 hdr 1708. JÁM I, 341. 1270: Jarðarinnar er sennilega getið í máldaga Oddakirkju. DI II, 86-88. 1332: Getið í máldaga Árbæjarkirkju. DI II, 698. 1497: Magnús Magnússon lofaði biskup 17 hdr og 6 aura í jörðinni Brekkum. DI VII, 375. Tvíbýli var á Brekkum á 20. öld SB V, 241-243. Þar er ekki lengur föst búseta en jörðin er enn nytjuð.
1917: Tún 6,2 ha, þar af slétt 2,7 ha, garðar 2220 m² . Á báðum jörðin er gott ræktunarland, vel gróið og lítið þurrlendi.

RA-412:001 *Brekkur* bæjarhóll bústaður 63°51.944N 20°27.236V



Á vinstri mynd er Vesturbær Brekkna frá 1944 (Holtamannabók I, bls. 61). Á hægri mynd er Austurbær Brekkna frá 1945 (Holtamannabók I, bls. 62)

Gamli bærinn á Brekkum stóð á hárri hæð vestan við Brekknagil, sunnan við núverandi þjóðveg. Lengi var tvíbýli á bænum og stóðu bæirnir saman á bæjarstæðinu. Ekki er lengur föstu ábúð á bænum en jörðin er enn nytjuð.
Hátt og allbratt er niður af hæðinni til suðurs og austurs.
Ekki sést bæjarhóll á bæjarstæði Brekkna. Hús Austurbæjarins sem byggt var árið 1904 sést á ljósmynd í bókinni Holtamannabók I frá árinu 1945. Það var bárujárnsklætt timburhús með risi á steyptum eða hlöðnum sökkli. Ekki er að sjá að það hafi verið kjallari undir því. Það stóð til ársins 2000 en þá skemmdist það svo mikið í Suðurlandsskjálftanum að það þurfti að rífa það. Í sömu bók er mynd af Vesturbænum frá árinu 1944. Hann var

úr blönduðu byggingarefni. Útveggir til austurs og vesturs voru úr torfi og grjóti en suðurstafn var bárujárnsklæddur, sem og þakið. Tvennar dyr voru á bænum. Austurbærinn og Vesturbærinn voru sambyggðir af myndunum að dæma. Vesturbærinn var fluttur um 60 m vestar árið 1950. Líklega hefur gamli bærinn verið rifinn fljótlega eftir það. Þar er steinsteypt hús og afgirt lóð. Engar byggingar eða rústir eru á bæjarstæði Brekkna eftir að gamli Austurbærinn var rifinn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917; Holtamannabók I, 61, 62




Bæjarstæði Brekkna 001, horft til suðausturs


RA-412:002 heimild um fjós
63°51.951N 20°27.205V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var stórt útihús 10 m norðaustan við bæ 001. Samkvæmt Ragnheiði Jónasdóttur, heimildamanni, var það hús á sama stað og útihúsaþyrping sem hún man eftir og samanstóð af fjósi, smiðju, hænsnakofa og hrútakofa.
Steinsteypt útihús (fjós og hlaða) er nú á sama eða svipuðum stað og útihúsið á túnakortinu var.
Ekki sést til minja um útihúsið og er líklegt að það hafi verið rifið þegar fjós var byggt á sömu slóðum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-412:003 heimild um útihús 63°51.942N 20°27.163V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 60 m austan við bæ 001 og um 20 m suðaustan við steinsteypt útihús.
Útihúsið var frammi á brekkubrún í túni en það er komið í órækt.
Ekki sést til minja um útihúsið en það var líklega rifið.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1917

RA-412:004 hellir fjárhús 63°51.951N 20°27.106V




Manngerðir hellar, bls. 186



Hellismunnar 004A og B auk tóftar C

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708 segir: "Fjárhellir er í túninu fyrir sauði á vetrardag, so ekki þarf fjárhús annars við." Í örnefnalýsingu segir: "Neðst í túninu eru tveir hellar, sem notaðir eru til fjárgeymslu." Samkvæmt túnakorti var hellir um 130 m austan við bæ 001. Hellirinn er neðst í brattri brekku við læk í Brekknagili. Brekkan var áður í túni en það er nú komið í órækt í mesta hallanum.
Lítið undirlendi er á milli hellisins og lækjarins og er þar nokkuð blautlent og grasgefið.
FRIÐLÝSTAR FORNMINJAR: "Hellar tveir manngjörvir í brekku austaní túninu og er gangur milli þeirra," segir í Friðlýsingarskrá. Í Sóknarlýsingu Efri-Holtaþinga frá 1840 er getið um einn helli á Brekkum: "L. Á

bænum Brekkum er hellir austan í túnhólnum. Hann er 12 al. að lengd, 4 al. að breidd, 3 1/2 al. að hæð með strompi upp úr og forskála. Álíst hálfur klappaður af mönnum". Í bókinni Manngerðir hellar á Íslandi segir: "Lýsing þessi virðist eiga við syðri hluta hellisins á Brekkum. Nyrðri hlutinn er síst nýlegri. Hellirinn er grafinn



Á vinstri mynd sést hluti af tóft 004C, hlaða og göng að hellismunna A, horft til norðausturs. Á hægri mynd eru leifar af forskála framan við hellismunna B, horft til suðvesturs

inn í bæjarhólinn upp af bæjarlæknum. Hann er í raun tveir hellar tengdir með göngum. Dyr eru á hvorum helli. Hellirinn er grafinn inn í lárétt lagskipt vatnaset og skiptast þar á leir, sandur og fín möl. Möl er sjaldgæft að sjá í hellum enda óheppilegt hellisgerðarefni. Hellirinn er rakur, einkum nyrðri hlutinn, en það stafar af því að vatn sígur inn með mölinni. Lækur rennur skammt utan hellismunnanna. Þar sér á basaltklöpp. Virðist sem hún muni vera um 2 m undir hellisgólfinu. Syðri hlutinn er laglega bogamyndaður og fremur lítið útgrafinn til veggjanna. Eftir miðjum helli liggur vandaður trégarði á steinhleðslu. Strompurinn er höggvinn upp í gegnum 40 cm sandstein. Þar ofan á er 1,5 m steinhleðsla og efst er um 50 cm torfhleðsla. Strompurinn er 1 m í þvermál neðst en 30-40 cm efst. Í ganginum milli hellanna er steypt baðþró hugvitsamlega staðsett og myndar hún 40 cm þrep í ganginum, en botn nyrðra hellisins liggur nokkuð hærra en þess syðri. Hleðslur við hellismunna eru að falli komnar. Nyrðri hellirinn er víðari og lægri en sá syðri. Lofthæðin er á bilinu 1,5-2,0 m. Öll framhlið hans er hlaðin og út frá einfaldri tréhurð á hellisdyrunum eru hlaðnir veggir sem eitt sinn hafa verið í forskála. Dálítið hrun hefur orðið úr þeim við hurðina. 70 cm hlaðið þrep er innan við hurðina. Á gólfinu er rúmur metri niður á hellisgólfið af dyraþröskuldinum. Tréjöturæfill er við gaflinn hægra megin við innganginn. Vænar hellur, sem standa upp á rönd eftir miðju gólfi, skipta hellinum í tvennt. Sú tilhögun er í tengslum við kartöfluflokkun og geymslu í hellinum. Kartöfluúrgangur myndar lag á gólfinu. Utan við syðri hellinn eru tóftarbrot hlöðu sem reist var milli 1910 og 15. Veggirnir standa enn, mannhæðar háir. Sérkennilega forskálagöng hafa legið meðfram hlöðuveggnum og inn í hellinn. Öll ummerki koma vel heim við lýsingu Matthíasar Þórðarsonar frá 1917. Sunnan við hlöðuna er smátóft, 80-100 cm djúp, sem ekki er gott að sjá af hverju er." Suðaustan við syðri hellismunnann A eru tvær sambyggðar tóftir C, hlaða og hrútakofi að sögn Ragnheiðar Jónasdóttur, heimildamanns. Minjar utan við hellinn eru á svæði sem er um 14x8 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Syðst á svæðinu er tóft af hrútakofa I. Hún er um 4x5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er einföld, líklega torf- og grjóthlaðin en ekki sést í grjót í henni. Ekki er veggur til suðausturs. Sambyggð þessari tóft er hlöðutóft II. Hún er um 8x7 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er einföld og grjóthlaðin. Leifar af timbri og bárujárni eru inni í henni. Op er inn í hana á norðurhlið, um 2 m austan við hellisop. Mesta hleðsluhæð er 1,5 m og sjást 10 umför. Samsíða norðurvegg hlöðu er grjóthlaðinn veggur sem myndar göng til vesturs að hellismunnanum. Skarð er í vegginn um 2 m austan við hellismunnann. Veggurinn er um 2 m á breidd og 1,2 m á hæð. Hann er um 7m á lengd. Grjót hefur hrunið í hellismunnann og hann því ekki orðinn nema 0,5 m á hæð og breidd. Illfært er inn í hellinn og var ekki reynt að fara inn í hann. Annar inngangur B í hellinn er um 6 m norðvestan við fyrrnefndan inngang. Þar eru hlaðnir veggir framan við opið sem snúa suðvestur-norðaustur. Veggirnir eru um 3 m á lengd og svæðið sem þeir ná yfir er um 3x3 m að stærð. Þeir eru grjóthlaðnir, um 1,2 m á hæð. Í þeim sjást 4 umför. Við suðvesturenda veggjanna er um 1 m að hellisopinu en ofan í það hefur hrunið úr þaki á forskálanum og má sjá viðar- og járnleifar úr því. Ekki sást friðlýsingarmerki við minjarnar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: JÁM I, 341; Ö-Brekkur, 1; Túnakort 1917; SB V, 241; ÁG. Friðlýsingarskrá, 69; SSR, 179; Manngerðir hellar, 186-187;


RA-412:005 heimild um útihús 63°51.993N 20°27.119V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 130 m norðaustan við bæ 001.

Útihúsið var í túni, á rana sem áður var í mýri VNV við lækinn í Brekknagili en mýrin hefur verið framræst og túnið fært út.
Ekki sjást neinar leifar af útihúsi á þessum stað og hefur það líklega horfið vegna sléttunar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1917

RA-412:006 heimild um útihús 63°51.978N 20°27.275V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 70 m norðvestan við bæ 001, fast við núverandi heimreið.
Útihúsið var í túni í brekku sem hallar til norðurs.
Ekki sést til minja um útihúsið og hefur líklega verið sléttað úr því.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-412:007 tóft lambhús 63°51.917N 20°27.381V




Lambhústóft 007


Lambhústóft 007, horft til NNV

Samkvæmt túnakorti frá 1917 útihús um 120 m suðvestan við bæ 001. Þar sést enn tóft af lambhúsi.
Tóftin er í gömlu túni sem nýtt er til beitar. Túninu hallar til suðurs.
Tóftin er um 7x6 m að stærð og snýr SSA-NNV. Hún er einföld og er torf- og grjóthlaðin. Op inn í tóftina er úr SSA. Timbur- og bárujárnsþak hefur verið á húsinu sem hefur hrunið ofan í tóftina og fyllt hana. Mesta hleðsluhæð veggja er 1,2 m.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-412:008 tóft hesthús 63°52.068N 20°27.673V



Hesthústóft 008


Tóft 008, horft til norðurs

Hesthústóft er um 425 m norðvestan við bæ 001. Tóftin er sunnan í Brekknaholti, um 80 m norðan við Suðurlandsveg. Garðlag 046 er um 45 m suðaustan við tóftina.
Tóftin er í grónum, fremur sléttlendum móa, á milli Bæjarholts og Suðurlandsvegar.
Tóftin er einföld, torf og grjóthlaðin. Hún er um 6x8 m að stærð og snýr austur-vestur. Mesta hæð veggja er um 1,2 m. Op er á miðri suðurhlið. Tvö umför af hleðslu sjást í tóftinni innanverðri.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

RA-412:009 *Nátthagi* garðlag nátthagi
63°52.070N 20°26.983V
Nátthagi sem er sýndur á örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar er rúma 300 m norðaustan við bæ 001. Nátthaginn er á milli gamla þjóðvegar og núverandi þjóðvegar 1.
Þar sem nátthaginn var er sléttað tún sem er afmarkað til norðurs af gamla þjóðveginum, til suðurs af núverandi þjóðvegi og til vesturs af heimreiðinni sem liggur af gamla þjóðveginum að núverandi vegi. Austan við Nátthagann er Brekknagil.
Leifar af lítilfjörlegu garðlagi sjást norðaustan við Brekknagil, fast norðaustan við gamla þjóðveginn. Líklegt verður að teljast að það hafi afmarkað Nátthagann en aðrar garðaleifar sjást ekki á svæðinu. Garðurinn er um 80 m á lengd og snýr NNV-SSA. Rof er komið í hann á nokkrum stöðum. Hann virðist vera torfhlaðinn, er um 0,4 m á breidd og um 0,3 m á hæð. Líklega hefur verið girt ofan á garðlagið með gaddavírsstrengjum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Brekkur.



Garðlag 009, horft til norðausturs

RA-412:010 varða landamerki
63°52.010N 20°26.045V
"Ég byrja við mörkin við Litlutungu. Þar er markavarða við lækinn og ... [svo] frá hvorum bæ," segir í örnefnalýsingu. Fast við lækinn, vestan við skurð á merkjum milli Brekkna og Litlutungu er mögulega torfhlaðin varða. Hún er um 980 m ANA við bæ 001.
Varðan er í mólendi innan sumarbústaðarlóðar og er bústaðurinn um 10 m norðvestan við vörðuna.
Meint varða er um 2x2 m að stærð og 1 m á hæð. Hún er gróin og hefur ekki afgerandi skýra lögun en líkist þúst frekar en vörðu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Brekkur, 1



Landamerkjavarða 010, horft til norðurs

RA-412:011 heimild um vað 63°51.806N 20°26.611V
"Í Austurbæjarlandi var dæla, sem kölluð var Stóradæla og seinna gerð uppistaða með læknum, var kallaður Bugur. Þar var vað, sem var þrautavað, áður en brúin kom á lækinn. Þar fyrir neðan Kirkjuvað [012]," segir í örnefnalýsingu. Vaðið er á Rauðalæk, rúmlega 550 m suðaustan við bæ 001 og 470 m norðaustan við Ferðamannavað 016. Steinsteypt brú er nú þar sem vaðið var, á móts við Rjómabú 038 og malarvegur beggja vegna að henni. Rúma 20 m til suðvesturs frá vaðinu er foss í Rauðalæk. Líklega var þetta vað þrautavað á leið til kirkju í Árbæ RA-415:002 en Kirkjuvað er um 120 m suðvestan við það.
Rauðalækur er 20 m breiður og rennur til suðvesturs. Lækurinn er grunnur og klappir í botninum. Þær mynda litla stalla sem hefur gert vaðið erfitt. Lækjarbakkarnir eru einnig rúmlega 2 m háir og brattir.
Engin ummerki vaðsins sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Brekkur, 1

RA-412:012 *Kirkjuvað* heimild um vað 63°51.757N 20°26.711V
"Í Austurbæjarlandi var dæla, sem kölluð var Stóradæla og seinna gerð uppistaða með læknum, var kallaður Bugur. Þar var vað [sjá 011], sem var þrautavað, áður en brúin kom á lækinn. Þar fyrir neðan Kirkjuvað," segir í örnefnalýsingu. Kirkjuvað er á Rauðalæk, rúma 550 m ASA við bæ 001 og rúma 120 m suðaustan við vað 011. Ekki sér til gatna við vaðið en nafn þess bendir til þess að það hafi verið notað á leið til kirkju 415:002 í Árbæ.

Rauðilækur rennur til suðvesturs og er fremur grýttur með klöppum og dýpri álum.
Engin ummerki vaðsins sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Brekkur, 1

RA-412:013 *Réttarvað* heimild um vað 63°51.731N 20°26.877V
"Svo koma Fosshólar, þar niður af Undirlendið, þar er Réttarvað," segir í örnefnalýsingu. Vaðið er á Rauðalæk, tæpa 500 m ASA frá bæ 001 og rúma 220 m austan við Ferðamannavað 016. Ekki sést til gatna að vaðinu við lækinn. Ekki er ljóst á hvaða leið vaðið var. Nafn vaðsins er dregið af rétt 014.
Rauðilækur rennur til suðvesturs og er um 50 m breiður. Litlar, grónar og sendnar eyrar eru í læknum og líklega farið yfir þær.
Engin ummerki vaðsins sjást nú (2011)
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Brekkur, 1

RA-412:014 *Réttarvað* örnefni rétt 63°51.738N 20°26.875V
"Svo koma Fosshólar, þar niður af Undirlendið, þar er Réttarvað [sjá 013]," segir í örnefnalýsingu. Ragnheiður Jónasdóttir, heimildamaður, hafði ekki heyrt réttarinnar getið. Hún taldi þó líklegt að réttin hafi verið við Réttarvað, uppi á undirlendinu vestan lækjarfarvegarins. Þar er gróið mólendi og fremur slétt. Réttin var rúma 500 m ASA við bæ 001 og 280 m suðvestan við Mýrarvað 017.
Gróið, þýft mólendi er á þessu svæði. Kjarrgróður vex víða.
Engin ummerki réttar sjást á þessum slóðum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Brekkur, 1

RA-412:015 *Ferðamannagötur* heimild um leið 63°51.732N 20°27.126V
"Vestan við það [vað 013] Litlitangi við gilið. Svo koma Ferðamannagötur, Ferðamannavað [016]," segir í örnefnalýsingu. Líklega voru Ferðamannagötur um 400 m SSA við bæ 001. Ekki er vitað hvert Ferðamannagötur lágu en líklegt er að þær hafi legið á Holtaveg RA-671:010 sem lá um öll neðanverð Holtin á milli Þjórsár og Rángár ytri.
Göturnar lágu þar sem nú (2011) er sléttað tún.
Engin ummerki um göturnar sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Brekkur, 1

RA-412:016 *Ferðamannavað* heimild um vað 63°51.680N 20°27.112V
"Vestan við það [013] Litlitangi við gilið. Svo koma Ferðamannagötur [015], Ferðamannavað," segir í örnefnalýsingu. Ferðamannavað er á Rauðalæk, um 500 m sunnan við bæ 001 og 70 m norðaustan við Mýrarvað 017. Engin ummerki þess sjást á yfirborði né heldur sjást liggja götur að því. Vaðið var líklega notað þegar Ferðamannagötur voru farnar á Holtaveg RA-671:010.
Rauðilækur rennur til suðvesturs og er um 50 m breiður. Litlar, grónar og sendnar eyrar eru í læknum og líklega farið yfir þær.
Engin ummerki vaðsins sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Brekkur, 1

RA-412:017 *Mýrarvað* heimild um vað 63°51.649N 20°27.152V
"Vestan við það [013] Litlitangi við gilið. Svo koma Ferðamannagötur [015], Ferðamannavað [016], þá Rönkuhóll og suður af honum Háibakki, við hann Mýrarvað," segir í örnefnalýsingu. Mýrarvað er er á Rauðalæk, um 550 m sunnan við bæ 001 og tæpa 100 m austan við Surtteigsholt 018. Engin ummerki um vaðið sjást lengur og ekki sjást götur liggja að eða frá því. Líklegt er að farið hafi verið á þessu vaði yfir Rauðalæk frá Brekkum á Holtaveg hinn forna RA-671:010 sem lá um neðanverð Holtin á milli Þjórsár og Rangár ytri.
Rauðilækur rennur til suðurs á þessum slóðum og grynningar eru í honum. Dýpri álar, 0,3-0,5 á dýpt eru á milli þeirra.
Engin ummerki vaðs sjást á þessum slóðum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Brekkur, 1

RA-412:018 *Surtteigsholt* náttúrumin huldufólksbústaður 63°51.654N 20°27.268V
"Þar hjá [017] Surtteigsholt með stórum steinum, og var álitið, að þar væri mikið af huldufólki," segir í


örnefnalýsingu. Surtteigsholt er tæpa 550 m sunnan við bæ 001 og tæpa 80 m suðaustan við tóft 042.
Holtið er mólent en við Rauðalæk er melur og þar koma steinar upp úr sverði, í brekku til suðurs að Rauðalæk. Holtið er náttúrulegt og snýr NNA-SSV. Það er rúmlega 300 m langt og stórir steinar eru í suðurenda þess og melur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Brekkur, 1



Surtteigsholt, huldufólksbústaður 018, horft til vesturs

RA-412:019 *Stöðulmói* örnefni kvíar 63°52.007N 20°27.399V
"Norður af túninu í Vesturbænum Stöðulmói, nú kominn í tún," segir í örnefnalýsingu. Stöðulmói er um 180 m norðvestan við bæ 001 og um 50 m sunnan við Suðurlandsveg.
Tún var ræktað í Stöðulmóa en það er komið í órækt. Austan við það, að heimreið að bæjarstæði Brekkna, er afgirtur reitur og er trjárækt meðfram honum. Stöðulmói hallar lítillega til norðurs.
Ekki sést til minja um kvíar á þessu svæði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Brekkur, 2

RA-412:020 *Smalaskáli* tóft smalakofi 63°53.146N 20°26.323V



Leifar af smalakofa 020



Smalakofatóft 020, horft til austurs

"Þar austur af hólar í mörkum milli Marteinstungu [RA-401], Litlutungu [RA-414] og Brekkna. Þar ber mest á Markhól. Niður undan honum Tryppishóll og Smalaskáli, grjóthóll með vörðu," segir í örnefnalýsingu. Í Þykkskinnu segir: "Brekknavöllur. Á suðausturbrún hans er smá hóll á litlu klettanefi. [...] Þar má sjá ef grannt er skoðað, að syðst á hólnum eru leifar af ævafornri hringlaga borgartóft. Þúfur syðst á borgarrústinni sýnast brot af smáum smalaskála, líklega nokkur hundruð ára gömlum." Smalaskáli er rúma 2,3 km norðan við bæ 001 og 2,5 km norðan við vað 011. Vatnslögn, sem liggur norður-suður, er rúma 3 m til vesturs frá tóftinni og malarslóði vestan hennar.
Smalaskáli er á svokölluðum Velli sem er holt í norðurhluta Brekkna. Smalaskáli er í norðausturhorni hans.
Tóftin, eða þústin, er 6x5 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er 0,5-1 m á hæð og fjarar út til austurs. Einungis vesturveggurinn er greinilegur, þar sést glitta í eitt umfar af grjóthleðslu. Ekki mótar fyrir opi en líklega var hún hringlaga. Hún er algróin, grasivaxin og þýfð. Hún er slétt og grasivaxinn í toppinn og líklega var þak. Engar leifar sáust um vörðuna en ætla má að hún hafi verið á sama stað og tóftin. Líklega var hún torfhlaðinn enda engin grjótdreif á svæðinu. Ekki sáust ummerki um borgartóftina.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Brekkur, 2; HH: Þykkskinna I, 109

RA-412:021 *Tóftarrimi* örnefni 63°53.178N 20°26.606V
"Þau austur af hólar í mörkum milli Marteinstungu, Litlutungu og Brekkna. Þar ber mest á Markhól. Niður undan honum Tryppishóll og Smalaskáli [020], grjóthóll með vörðu. Vestan af honum Slakkinn, oft fullur af krapi og vatni. Þar vestur af Hólabrún, upp af henni Tóftarrimi," segir í örnefnalýsingu. Tóftarrimi er um 2,35 km norðan við bæ 001, út við merki móti Meiri-Tungu RA-410, Þjóðólfshaga RA-409 og Litlu-Tungu RA-414. Örnefnið er um 390 m VSV við fornlegar tóftir RA-414:010 í landi Litlu-Tungu og ekki er útilokað að það tengist eitthvað þeim minjum.
Við norðausturenda Vallarins er þýfð holtabrún á milli mýrarsunda. Tóftarrimi er á þessari holtabrún af lýsingunni að dæma.
Gengið var um stórt svæði á holti næst merkjum en engar tóftir fundust. Víða á holtinu eru litlir hólar og hundaþúfur á nokkrum þeirra. Úr fjarlægð virðast þessar náttúrumyndanir vera tóftir og er nafn Tóftarima ef til vill dregið af því.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Brekkur, 2

RA-412:022 frásögn brunnur 63°51.923N 20°27.235V
Samkvæmt heimildamanni, Ragnheiði Jónasdóttur, var hlaðinn brunnur fast sunnan við kálgarðsvegg 039, 30-40 m sunnan við bæ 001.
Brunnurinn var í brekku sunnan við bæ í ræktarsvæði um 15 m norðan við núverandi túnmörk.
Ekki sést til brunnsins og hefur líklega verið fyllt upp í hann en heimildamaður og aðrir krakkar á bænum settu steina ofan í hann sem komu upp við túnasléttun eftir að hætt var að nota brunninn.
Hættumat: engin hætta

RA-412:023 *Torfdælur* örnefni rista 63°52.831N 20°27.168V
"Niður af vellinum Vondakelda, en norður af vellinum krikinn, blautur. Þaðan rennur kelda fram í dælur, Torfdælur, ... mýrina niður Botna," segir í örnefnalýsingu. Ragnheiður Jónasdóttir, heimildamaður þekkti ekki örnefnið en taldi líklegast að dælurnar hefðu verið í mýrinni norðan við Völlinn, norðvestan við beitarhús 029. Þar voru blautar dælur.
Framræst mýrlendi er á þessum slóðum. Svæðið er þó enn mýrlent og stórþýft.
Engin ummerki ristu sjást á yfirborði og í raun er staðsetning þessa staðar fremur óljós.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Brekkur, 2

RA-412:024 *Torfholt* örnefni rista 63°52.110N 20°26.919V
"Þá telja Króka að vestan, en Tungan austan Torfholtskeldu og Torfholts," segir í örnefnalýsingu. Torfholt er um 400 m norðaustan við bæ 001. Á milli þess og Brekknaholts hefur eitt sinn verið mýrlent og kann torfrista að hafa verið þar en ekki er vitað með vissu hvar torfið var rist.
Brekknagil og lækur eru fast vestan við Torfholt þar sem steypt fjárhús standa. Þar vestan við er framræst mýrarstykki á milli lækjar og skurðar. Þarna kann að hafa verið tún, er smáþýft og grösugt.
Ekki sjást nein ummerki um torfristu á þessum slóðum. Mögulega eru þær horfnar vegna sléttunar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Brekkur, 2

RA-412:025 *Heybandsvað* heimild um vað 63°52.084N 20°27.026V
"Þá telja Króka að vestan, en Tungan austan Torfholtskeldu og Torfholts [024]. Þar neðar var vað, sem hét Heybandsvað," segir í örnefnalýsingu. Líklega er hér átt við að vaðið hafi verið yfir Brekkugil. Ekki fengust nákvæmar upplýsingar um það hvar vaðið var en líklega var það þar sem brú er á gamla þjóðvegi 1, um 310 m norðaustan við bæ 001. Nafn vaðsins gefur til kynna að það hafi verið á heybandsleið 047 en ekki er vitað hvert hún lá nákvæmlega.
Brekknagil er grösugt og grunnt gil og virðist ekki mikið vatnsrennsli í því að jafnaði. Umhverfis það er víðast beitarhólf fyrir hross og sauðfé en suðvestan við vaðið er tún.
Hvorki sáust ummerki um vaðið né götur við Brekknagil þar sem vaðið var skráð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Brekkur, 2


RA-412:026 *Gömlutraðir* örnefni traðir 63°51.954N 20°27.262V
"Upp af þeim Hólabrekka, suður af henni Básar, upp af þeim Miðhóll og upp af honum Lautir, niður af hólabrún og Gömlutraðir," segir í örnefnalýsingu. Ekki er alveg ljóst af örnefnalýsingunni hvar Gömlutraðir voru en líklega voru þær sömu traðir og eru sýndar á túnakorti frá 1917. Þær lágu frá bæ 001 til norðvesturs, út úr túni. Núverandi heimreið er á svipuðum stað en litlu vestar.

Traðirnar eru að líkindum komnar í tún.
Ekki sést til minja um Gömlutraðir. Ekki er útilokað að þær hafi verið annarsstaðar en hér er skráð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Brekkur, 2; Túnakort 1917

RA-412:027 *Gömlufjós* heimild um fjós 63°51.947N 20°27.182V
"Austur (?) fjósinu, sem nú eru, eru Gömlufjós," segir í örnefnalýsingu. Nákvæm staðsetning Gömlufjósa er ekki þekkt en líklegt er að þau hafi verið um 45 m austan við bæ 001, 20 m suðaustan við útihús 002 og 20 m norðvestan við útihús 003.
Gömlufjós voru að líkindum í túni uppi á hólnum sem bærinn stóð á.
Ekki sést til minja um Gömlufjós og hafa þau líklega horfið vegna sléttunar. Ekki er útilokað að leifar af fjósinu leynist undir sverði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Brekkur, 3

RA-412:028 *Fjósbrunnur* heimild um brunn 63°51.951N 20°27.173V
"Austur (?) fjósinu, sem nú eru, eru Gömlufjós. Þar skammt frá Fjósbrunnur, líklega sést [hann] ekki lengur," segir í örnefnalýsingu. Fjósbrunnur hefur að líkindum verið 10 m norðaustan við Gömlufjós 027 og um 50 m austan við bæ 001.
Brunnurinn var að líkindum í hvilft í túni uppi á hólnum sem bærinn stóð á.
Ekki sést til minja um brunninn og kann að hafa verið fyllt upp í hann.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Brekkur, 2

RA-412:029 *Húsabrekka* tóft+garðlag beitarhús 63°52.686N 20°27.036V



Beitarhús 029


Hólf I í tóft 029A, horft til suðvesturs


Gerði 029D, horft til ASA


Fjárhús Austurbæjar í Vallatúni eru merkt inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar. "Hjá húsunum Húsabrekka og vestast í vellinum Skjólbrekka," segir í örnefnalýsingu. Beitarhúsatóft er um 1,4 km norðan við bæ 001.
Minjarnar eru á suðurenda Vallarins, stórs holts sem nær út í norðausturhorn jarðarinnar.
Minjarnar eru innan gerðis sem afmarkar svæði sem er um 140x115 m að stærð og snýr NNA-SSV. Innan gerðisins eru beitarhúsatóft, hlaðinn kantur og þúst.

Minjarnar fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu hér að neðan. Beitarhúsatóft A er sunnarlega innan gerðisins. Hún skiptist í fimm hólf og er grjót- og torfhlaðin. Hún er um 18x16 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hólf I er í suðaustast í tóftinni en þar er stór og niðurgrafin hlaða. Hún er um 4x8 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Hlaðan er 1,5 m á dýpt. Hólf II og III eru norðvestan við hana og er gengt úr þeim í hlöðuna. Op eru á þessum hólfum til norðvesturs út úr tóftinni. Hólf II er um 3x11 m að innanmáli, snýr suðaustur-norðvestur. Í því hólfi er garði eftir endilöngu hólfinu. Ekki sést grjót í honum en hann er að líkindum grjóthlaðinn. Garðinn er um 1 m á breidd og 0,3 m á hæð. Hólf III er 2,5x11 m að innanmáli og snýr eins og hólf II en enginn garði er sýnilegur í því. Hólf VI er næst norðaustan við hólf III. Það er um 4x7 m að innanmáli og snýr suðaustur-norðvestur. Op er inn í það í vesturhorni og mögulega annað í suðurhorni en það er óljóst. Hólf V er norðaustan við hólf IV. Það er 2x2 m að innanmáli. Op er á því á norðvesturhlið. Mesta hleðsluhæð tóftarinnar er 1 m. Í hlöðu sjást 9 umför innanmáls. Fast suðaustan við hlöðu er hlaðinn kantur B sem er um 8 m á lengd og liggur í boga frá norðri til suðvesturs. Hann er um 1,2 m á hæð. Hleðslurnar í kantinum eru hrundar að hluta en 5 umför sjást. Um 14 m suðaustan við hólf IV er ferköntuð þúst C sem er um 2x2 m að stærð og 0,3 m á hæð. Ekki sést í grjót í þústinni og hlutverk hennar er óljóst. Gerðið D er nokkuð heillegt en þó er það sokkið í mýri í suðausturhorni. Mesta hleðsluhæð er 1,2 m og eru hleðslur um 0,5 m á breidd. Gerðið er gróið og er torfhlaðið en grjót kann einnig að hafa verið notað í hleðslur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Brekkur ;Ö-Brekkur, 2

RA-412:030 tóft+garðlag beitarhús 63°52.233N 20°27.916V



Beitarhús 030



Beitarhúsatóft 030, horft til suðausturs



Hluti af gerði í kringum beitarhúsin, horft til suðvesturs

Samkvæmt örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar voru ærhús Vesturbæjar á norðvestanverðu Brekknaholti. Á þessum stað eru beitarhús og gerði umhverfis það um 770 m norðvestan við bæ 001.

Minjarnar eru á háu holti og er mýrlent allt í kringum það. Sunnan við holtið er Suðurlandsvegur.

Minjarnar eru á svæði sem er um 105x120 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Ferhyrnt gerði afmarkar svæðið. Það er enn nokkuð heillegt en um 60 m langur kafli er horfinn á suðausturhlið. Gerðið er að mestu torfhlaðið en þar sem rof er í veggi sést grjót neðst í hleðslunni. Innan gerðisins er sléttað tún. Víðast eru hleðslur í gerðinu um 0,6 m á hæð og 0,5-1 m á hæð. Beitarhúsatóftin er í miðju gerðinu. Hún er einföld, líklega torf- og grjóthlaðin en ekki sést í grjót. Tóftin er niðurgrafin að miklu leyti. Hún er um 13x8 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Fast norðaustan við tóftina er þúst og með henni talinni er tóftin 10 m á breidd. Aðeins er veggur upp úr sverði á norðausturvegg. Þar er hleðsluhæðin 0,5 m. Torfhlaðinn garði er í norðvesturenda tóftarinnar. Hann er um 5x0,5 m að stærð og um 0,3


m á hæð, snýr norðvestur-suðaustur. Líklega var hlaða innan við garðann í suðausturenda tóftarinnar en engin skil eru milli hólfa sem gefur það skýrt til kynna.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Brekkur.

RA-412:031 *Kúagötur?* örnefni leið 63°52.086N 20°27.637V
Á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar eru merktar "Kúagötur(?)" skáhallt á sunnanverðu Brekknaholti en spurningamerkið gefur til kynna að staðsetning þeirra hafi ekki verið kunn með vissu. Fast norðan við Suðurlandsveg er ruddur slóði sem liggur upp á Brekknaholt en hann er á svipuðum stað og Kúagötur eru merktar, um 420 m norðvestan við bæ. Líklega er slóðinn á sama stað og göturnar.
Þar sem meintar götur lágu er smáþýfð brekka í móa.
Ekki sést til ummerkja um Kúagötur en líklega eru þær horfnar vegna rasks við gerð bílslóða.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Brekkur

RA-412:032 *Gerði* örnefni 63°52.001N 20°27.104V
Samkvæmt örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar var Gerði um 150 m norðaustan við bæ 001.
Gerðið hefur líklega verið á þurrum rana í túninu VNV við læk í Brekknagili. Nú er búið að þurrka upp allt í kringum ranann og búið að færa út túnið.
Ekki sést til minja um gerði á þessum stað.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Brekkur.

RA-412:033 *Engjavað* heimild um vað 63°51.986N 20°27.074V
Farið var um Engjavað á leið 048 til að komast á tún austan við læk í Brekknagili. Það er merkt inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar og var um 150 m norðaustan við bæ 001.
Vaðið er á grunnum læk og eru bakkar meðfram læknum fremur lágir en víða nokkuð brattir.
Vaðið stefnir suðaustur-norðvestur yfir lækinn þar sem hann er um 3 m á breidd og lágt er upp á bakka. Lækurinn er grunnur á þessum stað og greinilegt vik er inn í suðausturbakkann. Ofan og neðan við vaðið rennur lækurinn í þrengri og dýpri farvegi.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Brekkur.

RA-412:034 *Myllufoss* þúst mylla 63°51.911N 20°27.071V



Ummerki um myllu 034


Ummerki um myllu 034, horft til suðvesturs

Samkvæmt örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar var mylla við Myllufoss um 150 m suðaustan við bæ 001.
Myllan var fast suðvestan við lítinn foss í læknum sem rennur eftir Brekknagili. Fallhæðin er um 1,5 m.
Á lækjarbakkanum er vik þar sem myllan stóð. Það er um 5x3 m að innanmáli, snýr suðvestur-norðaustur og er um 1,2 m á dýpt. Ekki sjást önnur mannaverk á þessum stað.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Brekkur

RA-412:035 náma mógrafir 63°51.783N 20°27.113V

Mógrafir eru merktar inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar, SSA við bæ 001. Mógrafirnar eru tæpum 300 m sunnan við bæ 001 og rúmum 200 m vestan við Ferðamannavað 016.
Slétt, grasivaxið tún er til suðurs en óræktað svæði til norðurs.
Mógrafirnar sjást vel og ná yfir svæði sem er 120x60 m að stærð og snýr norður-suður. Fyllt var upp í suðurhluta mógrafanna og gert slétt tún. Fjórar dældir sjást þar nú og farið að móta fyrir þeim aftur. Stærsta dældin er 10x4 m að stærð og 0,3-0,5 m djúp. Dældirnar eru í einfaldri röð og snúa austur-vestur. Norðar eru mógrafirnar ennþá greinilegar á yfirborði. Þar er óræktað svæði sem nær frá gili til norðurs. Að sögn Ragnheiðar Jónasdóttur, heimildamanns, fyllti hún upp í þær með gömlum rúllum. Vegna mikils gróðurs og gamalla heyrúllna var ekki hægt að greina stakar grafir.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Brekkur.



Mógrafir 035, horft til austurs

RA-412:036 hellir 63°51.930N 20°27.119V

"Helgi Hannesson nefnir helli sem hefur verið sunnar í brekkunni [en 004] við lækinn," segir í bókinni Manngerðir hellar. Mögulega var þessi hellir um 40 m sunnan við helli 004 og um 115 m austan við bæ 001.
Í brekkunni austur af bænum, miðja vegu milli brekkubrúnar og brekkurótar er mikil hvilft í brekkunni og þar austanvið er bunga sem ætla má að sé móbergshaugur sá sem um er talað í tilvísun hér að neðan. Hann er þó ekki í mýri.
Í bókinni Manngerðir hellar segir einnig: "Það sýnir haugur í móbergsmylsnu í mýrarbletti fyrir framan hvilft í brekkunni. Þegar mýrin var ræst fram fyrir um það bil 50 árum fannst þar aska, viðarkol og tvær stórar tennur. Menn héldu þær vera jaxla úr mjög stórum hesti og sendu þær Fornminjasafninu í Reykjavík. Askan virðist benda til þess að fólk hafi fyrrum búið í helli þessum. Munnmæli herma að hann hafi síðast verið kúafjós og í jarðskjálfta hrunið ofan á kýrnar á Brekkum, fyrir mörgum öldum." Líklega hefur þetta verið í kringum 1930 sem askan og tennurnar fundust. Hvilftin er um 10x5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Hún er um 0,5 m á dýpt.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Manngerðir hellar, 187

RA-412:037 *Heybandsvað* heimild um vað 63°51.513N 20°27.505V

Heybandsvað er sýnt á örnefnauppdrætti Syðri-Rauðalækjar RA-411, rétt austan við landamerki þeirrar jarðar. Vaðið er á Rauðalæk og ekki um sama vað og Heybandsvað 025 að ræða. Vaðið er rúmum 850 m SSV við bæ 001 og rúmum 380 m suðvestan við Mýrarvað 017. Meleyri er norðar Rauðalækjar og vaðið skammt vestar. Bakkar lækjarins eru 0,5 m á hæð og hvergi sést til gatna. Vaðið var notað á heybandsleið 049.
Gróið mólendi er sunnan og norðan við lækinn sem rennur til vesturs á þessu svæði. Hann er 20 m breiður og grunnur.
Engin ummerki vaðsins sjást og ekki sjást götur liggja að því eða frá því.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Syðri-Rauðalækur




Hús þar sem rjómabú 038 var áður, horft til vesturs

RA-412:038 heimild um rjómabú
63°51.805N 20°26.641V

"Við Rauðalæk í Brekknalandi var reist rjómabú 1902. Það starfaði til 1929," segir í Sunnlenskum byggðum V. Rjómabúið var tæpa 550 m ASA við bæ 001, á vesturbakka Rauðalækjar. Húsið sem þar stendur er ennþá í notkun og er m.a. rekið þar söðlaverkstæði. Umhverfis það er byggðakjarni og m.a. bílaverkstæði. Húsið er til móts við vað/brú 011.
Rauðalækur er fyrir suðaustan húsið en til annarra átta er malarplan.
Árið 1912 var rjómabúið endurbyggt með steyptum útveggjum og árið 1934 var reist nýtt hús úr steinsteypu þar sem rjómabúið var áður en þá hafði verið starfrækt sláturhús í húsnæðinu frá 1924. Rjómabúið er því horfið en húsið sem stendur á sama stað er steinsteypt og tvílyft með bárujárnsþaki.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: SB V, 210-213, 241


RA-412:039 gerði kálgarður 63°51.929N 20°27.234V



Kálgarður 039


Kálgarður 039, horft til vesturs

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður fyrir Austur- og Vesturbæ fast sunnan við bæ 001.
Kálgarðarnir voru í brekku móti suðri. Þar sést enn móta fyrir kálgarði en minni en þeim sem sýndur er á túnakorti. Innan hans vex rabarbari og nokkur tré.
Gerðið er um 20x18 m að stærð og snýr norður-suður. Ekki sjást skýrir veggir nema á austurhlið. Þar er hlaðinn veggur, líklega torf- og grjóthlaðinn en ekki sést í hleðslur vegna gróðurs. Veggurinn er um 1 m á hæð og 1-1,5 m á breidd. Annarsstaðar er kantur sem afmarkar garðinn til suðurs og vesturs og hólbrún afmarkar hann til norðurs.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917



Réttartóft 041

RA-412:040 frásögn hlaða
62°51.959N 20°27.237V
Samkvæmt Ragnheiði Jónasdóttur, heimildamanni, var gömul hlaða úr torfi og grjóti frá Vesturbænum fast norðan við bæ 001.
Komið er tún þar sem hlaðan stóð.
Ekki sést til minja um hlöðuna og hefur að líkindum verið sléttað úr minjunum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Réttartóft 041, horft til norðvesturs


RA-412:041 tóft rétt
63°51.917N 20°27.459V
Tóft er um 190 m vestan við bæ 001.
Tóftin er í túni sem nýtt er til beitar.
Aðeins sjást tvær hliðar tóftarinnar og eru timburgrindur ofan á veggjunum. Tóftin er um 12x9 m

að stærð, snýr suðaustur-norðvestur og virðist vera einföld. Veggir eru torfhlaðnir og skemmdir vegna ágangs hrossa en minjarnar eru notaðar sem hrossaskjól. Staðsetning og lag tóftar bendir helst til að hún hafi verið rétt en ekki er ljóst hvert upprunalegt hlutverk minjanna var. Mesta hæð veggja er 1,3 m.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-412:042 tóft 63°51.690N 20°27.333V



Tóft 042, horft til norðausturs



Tóft 042

Einföld tóft er á norðurhluta Surtteigsholts, tæpum 500 m sunnan við bæ 001 og 170 m norðvestan við Mýrarvað 017. Um 30 m VSV frá tóftinni er klettur og 30 m til ANA er gaddavírsgirðing.
Tóftin er 11x7 m að stærð, einföld og snýr norðaustur-suðvestur. Veggirnir eru 0,3-0,4 m á hæð og algrónir. Þeir eru stórþýfðir og skera sig ekki úr nánasta umhverfi. Op er á miðri suðvesturhlið og tré vex þar. Því var líklega ekki plantað þar heldur er það sjálfssáð. Ekki mótar fyrir hólfaskiptingu innan tóftarinnar. Hlutverk tóftarinnar er óþekkt.
Hættumat: engin hætta

RA-412:043 *Markavarða* heimild um landamerki 63°52.201N 20°28.321V
Markavarða er merkt inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar á sunnanverðu Melrakkaholti. Varðan var á merkum Brekkna og Syðri-Rauðalækjar en þau voru færð nokkuð vestar á 20. öld. Þjóðvegur 1 liggur fast sunnan við Melrakkaholt og steinsteyptur súrheysturn er á því miðju. Á örnefnauppdrættinum er tekið fram að varðan sé horfin.
Melrakkaholt er mólent og stórþýft.
Engin ummerki vörðunnar sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Brekkur.

RA-412:044 heimild
"Mikið hellutak til bygginga var áður í farvegi Rauðalækjar," segir í Sunnlenskum byggðum V. Allur farvegur Rauðalækjar er grýttur og grunnur í landi Brekkna. Víða eru litlir klettastallar og klofna steinarnir í hellur. Ekki er vitað á hversu stóru svæði hellutakið var. Hellurnar hafa eflaust verið teknar víða og ekki hægt að staðsetja það nákvæmlega.
Rauðilækur rennur í hlykkjum í gegnum land Brekkna. Hann er á milli 10-20 m breiður og grunnur. Víða koma hellur og lágur klettar upp úr læknum.
Engin ummerki hellutaksins sjást á yfirborði við Rauðalæk í landi Brekkna.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: SB V, 241

RA-412:045 gata leið 63°53.144N 20°26.625V
Norðarlega á Velli eru götur sem liggja austur-vestur, þvert á leið RA-671:012. Leiðin er um 2,3 km norðan við bæ 001.
Leiðin sést þar sem hún liggur um þýft og grösugt holt sem rís ekki hátt upp úr umhverfinu.
Leiðin sést á um 300 m löngum kafla austur-vestur. Gatan á leiðinni er ein gróin rás, 1 m á dýpt og 0,5 m á breidd innanmáls. Ekki er ljóst á hvaða leið þessi gata er en líklegt er að leiðin hafi legið yfir fleiri en eina jörð og verið hluti af stærra samgöngukerfi. Líklegt er til dæmis að hún hafi tengst leið RA-671:013

Hættumat: engin hætta

RA-412:046 garðlag vörslugarður 63°52.054N 20°27.632V

Garðlag og þúst eru sunnan við Brekknaholt, um 45 m suðaustan við tóft hesthústóft 008 og um 380 norðvestan við bæ 001.
Minjarnar eru í grónum, fremur sléttlendum móa, á milli Brekknaholts og Suðurlandsvegar.
Garðurinn snýr nálega austur-vestur og er um 85 m á lengd. Girðing er ofan á honum að hluta. Garðurinn er fast sunnan við gamlan malarveg Suðurlandsvegar þar sem hann liggur litlu norðar en núverandi vegur. Garðurinn er torfhlaðinn, um 1,2 m á hæð og um 1 m á breidd. Vegargerð og skurðgröftur hafa tekið af báðum endum garðsins. Fast norðan við garðinn er þúst sem er um 5x6 m að stærð og snýr austur-vestur. Grjót sést á einum stað. Malarvegurinn liggur yfir norðurjaðar þústarinnar. Hlutverk garðlags og þústar er óþekkt en líklegt er að garðlagið hafi verið vörslugarður og legið meðfram Suðurlandsvegi.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar



Vörslugarður 046, horft til austurs

RA-412:047 heimild um leið 63°52.077N 20°27.080V

"Þá telja Króka að vestan, en Tungan austan Torfholtskeldu og Torfholts [024]. Þar neðar var vað, sem hét Heybandsvað [025]," segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað hvar vaðið var en líklega var það þar sem brú er á gamla þjóðvegi 1, um 310 m norðaustan við bæ 001. Nafn vaðsins gefur til kynna að það hafi verið á heybandsleið sem lá frá bæ að slægjum á norðurhluta jarðarinnar. Ekki er vitað hvar leiðin lá nákvæmlega og ekki sáust nein ummerki um hana við bæ eða við vaðið.
Heimildir: Ö-Brekkur, 2


RA-412:048 heimild um leið 63°51.982N 20°27.136V

Farið var um Engjavað 033 á leið til að komast á tún austan við læk í Brekknagili. Vaðið er merkt inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar og var um 150 m norðaustan við bæ 001. Leiðin lá frá bæ á túnið austan við læk í Brekknagili en nákvæm lega hennar er ekki þekkt og er að miklu leyti horfin í tún. Engin ummerki um hana sáust á vettvangi.
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Brekkur

RA-412:049 heimild um leið 63°51.560N 20°27.485V

Heybandsvað 037 er sýnt á örnefnauppdrætti Syðri-Rauðalækjar RA-411, rétt austan við landamerki þeirrar jarðar og í landi Brekkna. Vaðið er á Rauðalæk og ekki um sama vað og Heybandsvað 025 að ræða. Vaðið er rúmum 850 m SSV við bæ 001 og rúmum 380 m suðvestan við Mýrarvað 017. Leiðin lá frá bæ 001, um vaðið og að slægjum en ekki er vitað hvar leiðin lá nákvæmlega og engin ummerki um hana fundust á vettvangi. Leiðin virðist hafa legið yfir í land Efri-Rauðalækjar RA-413 en sú jörð á land á móti Brekkum suðaustan við Rauðalæk.
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Syðri-Rauðalækur

Túnakort fyrir Efri-Rauðalæk




Byggt á túnakorti frá 1917

RA-413 Rauðalækur efri


15 hdr. 1708. JÁM I, 340. 1270: Getið í máldaga Oddakirkju. DI II, 86-88. 1332: Getið í máldaga Árbæjarkirkju. DI II, 698. Bænhús var á jörðinni. "Landareignin er víðáttumikil, um 600 ha, algróin og grösug, þurrlendi að einum fjórða, í meðallagi skjólsöm. Ræktunarland er gott." SB V, 240. Ekki er lengur föst ábúð á jörðinni en á henni er stunduð hrossarækt.
1917: Tún 4,8 ha, þar af slétt 3 ha, garðar 620 m².

RA-413:001 *Rauðalækur efri* bæjarhóll bústaður 63°51.764N 20°26.096V



Á vinstri mynd er Efri-Rauðalækur árið 1920 (Holtamannabók I, bls. 78). Á hægri mynd er Efri-Rauðalækur frá því um 1940 (Þykkskinna II, bls. 181)

Bæjarhóllinn sést ennþá. Bærinn var fluttur um 40 m til suðurs árið 1933 og byggt nýtt íbúðarhús en það var rifið eftir jarðskjálftann árið 2000. Þar er nú malargrunnur sem byggt var árið 2000. Bæjarhóllinn er hins vegar tæpum 40 m NNV við núverandi íbúðarhús. Ekki er lengur föst ábúð á jörðinni en á henni er stunduð hrossarækt. Norðan og vestan við bæjarhólinn eru malarvegir og skjólbelti í suðausturhorni.



Bæjarhóll 001 og nánasta umhverfi



Bæjarhóll Efri-Rauðalækjar 001, horft til NNA

Bæjarhóllinn er grasivaxinn og sléttur. Til suðausturs eru tré sem plantað er í kálgarð 015. Allt umhverfis hólinn er grasivaxið svæði.
Bæjarhóllinn er 16x16 m að stærð og 0,3-0,6 m á hæð. Stafnar bæjarins snéru til suðurs og að sögn Sigrúnar Haraldsdóttur, heimildamanns, var húsaröðin svona talið frá vestri til austurs: baðstofa, hlóðaeldhús, skemma, smiðja og hænsnakofi. Útihúsin voru áfram í notkun eftir að bærinn var fluttur árið 1933 en þau voru síðar rifin. Líklega eru núverandi útihús byggð að hluta inn í vesturhluta bæjarhólsins. Sléttað var yfir austurhlutann og ekkert byggt þar síðan. Ekki sjást hleðslur, dældir né annað á bæjarhólnum sem gæti gefið stærð bæjarhúsanna til kynna. Bæjarhóllinn er hæstur í miðjunni, 0,6 m á hæð en fjarar út til allra átta. Hann er grasivaxinn og sléttur. Greinilegt er að uppsöfnuð mannvistarlög eru undir sverði. Hóllinn er í vesturenda náttúrulegs holts, Heimaholts.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-413:002 heimild um bænhús 63°51.751N 20°26.059V
EFRI RAUÐILÆKUR Í HOLTUM (ÁRBÆJARÞING) (R)
[1332]: prestur fra aa skal syngia ... til raudalækiar efra oc taka Þar v. aura ... aa hueriu aare; Máld DI II 698 [Árbæjar]
[1371]: [í Árbæ] liggur til tiund heimamanna fra Raudalæk hinum efra prestur fra a skal syngia ... Til Raudalækiar efra oc taka Þar .v. aura; Máld DI III 266-267 [Árbæjar]
1397: [í Árbæ] liggur til tiund heimamanna fra Raudalæk hinum efra oc vr litlu tungv. af Brecku. [heima gröftur og lýsistollar?] prestur fra A skal Þar syngia ... Til Raudalækiar Efra oc taka Þar .v. aura.af ollum Þessum bæium sem hier eru nefnder. skulu menn sækia skriptt oc Þionustv oc adrar naudsyniar til Þess prestz sem ad A syngur; Máld DI IV 87 [Árbæjar]
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708 segir: "Menn segjast heyrt hafa, að hjer hafi fyrrum bænhús verið." "Austur í túninu, segja munnmæli, að verið hafi Bænhús og grafreitur, þó að nú sé ekki hægt að staðsetja það," segir í örnefnalýsingu BK. "Leiðið var nefnt fast við kálgarðsvegg (sem nú er horfinn) [sjá 015] suðaustan við bæinn. Þar kvað hafa verið bænhús og grafreitur," segir í örnefnalýsingu. Bænhúsið var 40 m suðaustan við bæ 001 og tæpa 20 m suðaustan við kálgarð 015. Nákvæm staðsetning er ekki þekkt en örnefnið bænhus er merkt á þessum slóðum á örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar. Hvergi mótar fyrir uppsöfnuðum mannvistarlögum.
Suðaustan við bæ 001 er grasivaxin bakgarður íbúðarhússins sem var byggt eftir 2000. Limgerði liggur til SSA og grasivaxið tún er þar austan við.
Engin ummerki bænhússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: DI II 698; DI III 266-267 ; DI IV 87 ; JÁM I: 340; Ö-Efri-Rauðalækur BK, 1; Ö-Efri-Rauðalækur, 4; IE-Örnefnauppdráttur,Efri-Rauðalækur

RA-413:003 heimild um útihús 63°51.754N 20°25.948V

Útihús er merkt á túnakorti frá 1917 um 120 m austan við bæ 001. Útihúsið var á miðju Heimaholti en er horfið vegna sléttunar.
Slétt, grasivaxið tún er þar sem útihúsið var.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-413:004 *Suðurlambhús* heimild um lambhús 63°51.764N 20°26.213V
"Lambhúshóll var vestur af bænum, um það bil lengd bæjarrandar til vesturs, að sögn Ingveldar Jónsdóttur. Þar var Vesturlambhús [...] Suðurlambhús eða Vesturlambhús var "upp af Svíra", var fram undir túngarðinum [sjá 020]", vestur frá bænum," segir í örnefnalýsingu. Útihús er merkt 90 m vestan við bæ 001 og rúma 210 m vestan við útihús 003 á túnakorti frá 1917 og er hér um sama stað að ræða. Á örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar er lambhúsið kallað Suðurlambhús. Fornufjós 007 voru á sama hólrima. Lambhúsið er horfið.
Slétt, grasivaxið tún nýtt til sláttar er á þessum slóðum.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Efri-Rauðalækur, 4, 5; IE-Örnefnauppdráttur, Efri- Rauðalækur

RA-413:005 frásögn brunnur 63°51.746N 20°26.113V
Að sögn Sigrúnar Haraldsdóttur, var brunnur tæpa 40 m sunnan við bæ 001. Þar eru mörk grasivaxins túns og malarplans. Fyllt var upp í brunninn eftir 1980 að sögn Sigrúnar. Brunnurinn var fast austan við traðir 021. Brunnurinn var hlaðinn og sett dæla í hann á seinni hluta 20. aldar. Sigrún mundi ekki hversu djúpur brunnurinn var né hvenær hann var gerður. Líklega sést glitta í brunninn á ljósmynd í Sunnlenskum byggðum V sem hefur að líkindum verið tekin í tilefni af útgáfu bókarinnar rétt fyrir 1987.
Slétt, grasivaxið tún er á þessum slóðum og malarplan.
Engin ummerki brunnsins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: SB V, 240

RA-413:006 *Borgarhólar* þúst fjárskýli 63°51.485N 20°26.766V




Þúst 006, horft til austurs

"Borgarrimi, vestan við Miðmundarholt. Þar er gömul borgartótt, eða leifar af svonefndum hring, sem hlaðinn var sem skjól fyrir hross og/eða sauðfé," segir í örnefnalýsingu. "Þá er Miðmundarhóll. Vestan við hann er Borgargil og upp af því Borgarhólar, kenndir við fjárborgir, sem þar hafa staðið," segir í örnefnalýsingu BK. Borgarriminn er merktur á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar. Borgarrimi er 750 m norðvestan við bæ 001 og rúma 330 m norðaustan við tóft 026.
Riminn er grasivaxinn og stórþýfður. Framræst mýrlendi er allt umhverfis hann.
Borgarrimi er U-laga og náttúrulegur, vik er inn í hann til austurs. Á norðvesturhluta rimans er þúst, 6x6 m að stærð og 0,3 m á hæð. Þar sjást veggjarbrot á tveimur stöðum. Ekki mótar heldur fyrir dæld. Það sést glitta í grjót á tveimur stöðum í þústinni án þess að um skýrar hleðslur sé að ræða. Þústin er stórþýfð og líklega eru þetta ummerki um fjárborgina sem getið er í örnefnalýsingum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Efri-Rauðalækur, 2; Ö-Efri-Rauðalækur BK, 1; IE-Örnefnauppdráttur, Efri-Rauðalækur

RA-413:007 *Fornufjós* örnefni fjós 63°51.777N 20°26.191V
"Norðvestur af bænum [001] í túninu er hóll, sem heitir Fornufjós," segir í örnefnalýsingu BK. "Fjósaþýfi var skamt vestan við bæinn [001]. Fyrir löngu sléttað út [...] Fornufjós "vestan í Fjósþýfi, þar sem lambhúsið [sjá 004] stóð, vestan af bænum" að sögn Ingveldar Jónsdóttur," segir í örnefnalýsingu. Fornufjós voru á sama hólrima og lambhús 004. Fornufjós voru tæpa 80 m vestan við bæ 001 og 10 m austan við lambhús 004. súrheysgryfja var gerð á þessum slóðum og annað rask hefur átt sér stað. Fornufjós eru merkt inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar.

Grasivaxið svæði með hólrimum er á þessum slóðum. A einum rimanum er sjáanlegt grjót.
Engin ummerki fjóssins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Efri-Rauðalækur BK, 1; Ö-Efri-Rauðalækur, 2-3; IE- Örnefnauppdráttur, Efri-Rauðalækur

RA-413:008 *Borgargil* tóft fjárskýli 63°51.469N 20°27.285V



Tóft 008


Tóft 008, horft til NNV

Tóft er 1,11 km suðvestan við bæ 001 og 70 m norðan við Borgargil.
Tóftin er frammi á holtabrún í smáþýfðum móa. Norðan við brúnina er nokkuð flatlent graslendi meðfram Rauðalæk.
Tóftin er hringlaga, um 11 m í þvermál. Veggir hennar eru um 1,5 m á breidd og hæstir til norðurs þar sem tvær hundaþúfur eru. Þar er mesta hæð 0,5 m. Tóftin er líklega torfhlaðin. Ekki er skýr inngangur inn í tóftina en hann hefur mögulega verið úr suðri. Tóftin hefur líklega verið fjárskýli og ætla má að Borgargil dragi nafn sitt af henni.
Hættumat: engin hætta

RA-413:009 heimild um beitarhús 63°51.521N 20°26.531V
"Miðmundarholt. Suður af Litlaholti og Sundi, skagar til vestnorðvesturs frá Heiðinni, sunnan við Suðurlandsveg. Á vesturenda þess sauðahús," segir í örnefnalýsingu. Beitarhúsin voru 200 m vestan við Borgarrima 006 og rúma 500 m suðvestan við bæ 001. Að sögn Sigrúnar Haraldsdóttur, heimildamanns, eru beitarhúsin horfin. Braggi var byggður í tóftina og öll ummerki hennar hurfu við þá framkvæmd. Fast suðaustan við braggann er nýlegt hesthús sem tilheyrir nýbýlinu Feti sem er á miðju Miðmundarholti. Líklegt er að braki úr beitarhúsunum hafi verið ýtt til austurs, niður af Miðmundarholti. Þar sést mikið af hleðslugrjóti og timburleifum.
Undirstöður braggans eru steinsteyptar og hann byggður inn í holtið til norðurs og suðurs. Umhverfis braggann er hestagerði og hann nýttur sem hesthús.
Engin ummerki beitarhúsanna sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Efri-Rauðalækur, 4

RA-413:010 *Markavarða* heimild um landamerki 63°50.907N 20°25.324V
"Fauskás, í mörkum að Ægissíðu [RA-419] fast sunnan Suðurlandsvegar og austan Bugavegar. Lágt holt. Norðan undir ásnum var reist nýbýlið Lyngás fyrri um 40 árum, og er nú þarna komin dálítil þyrping íbúðarhúsa báðum megin við Suðurlandsveginn. Á Fauskási var Markavarða," segir í örnefnalýsingu. "Ásinn fyrir austan bæinn er í mörkum. Hann heitir Fauskás. Við hann er tengd sú sögn, að þar eigi skip að vera grafið," segir í örnefnalýsingu BK. Varðan var 1,7 km suðaustan við bæ 001 en er horfin. Hún var á bláenda norðurhliðar Fauskáss, hinn hlutinn er í landi Ægisíðu.
Fauskás er grasivaxinn og smáþýfður. Hann er 8-10 m hár og er bátslaga.
Engin ummerki vörðunnar sjást á yfirborði. Ekkert bendir til þess að skip hafi verið grafið í Fauskás eins og sögnin hér að ofan greinir frá. Líkleg skýring á henni er að ásinn er ekki ósvipaður skipi á hvolfi í laginu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Efri-Rauðalækur, 2; Ö-Efri-Rauðalækur BK, 1


RA-413:011 heimild um kálgarð 63°51.754N 20°26.102V
Kálgarður er merktur á túnakort frá 1917. Fast SSV við bæ 001. Líklega var einungis bæjarhlaðið á milli hans og bæjar 001. Traðir 021 lágu til norðurs að bænum og lágu á milli kálgarðsins og kálgarðs 015.
Þar sem kálgarðurinn var er slétt, grasivaxið svæði. Trjám var plantað þar og sjást þau á ljósmynd í Sunnlenskum byggðum sem líklega var tekin fyrir útgáfu bókarinnar rétt fyrir 1987. Einungis eitt þeirra er eftir.
Engin ummerki kálgarðsins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917; SB V, 240

RA-413:012 þúst beitarhús 63°51.745N 20°24.956V



Á vinstri mynd er beitarhúsaþúst 012, horft til vesturs. Á hægri mynd eru leifar af gerði, horft til norðurs

"Holtsendi. Austurendi Heimaholts. Þar eru ærhús," segir í örnefnalýsingu. Á öllu Heimaholti eru slétt og flatlend tún. Í austurenda holtsins er stór þúst þar sem beitarhúsin hafa verið og leifar af gerði, um 935 m austan við bæ 001.
Minjarnar eru að hluta inni á túni og að hluta í órækt rétt utan túns. Fast austan við minjarnar er mikill framræsluskurður.
Minjarnar eru á svæði sem er um 150x90 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Leifar af gerðinu sjást í austurhluta svæðisins. Af því sést austurveggur sem er um 150 m á lengd og snýr norður-suður, og 12 m langur bútur af suðurvegg sem er samtengdur austurvegg. Það er torfhlaðið og er mjög gróið. Mesta hleðsluhæð er um 1 m. Þústin er um 85 m vestan við leifarnar af gerðinu. Hún er inni á túni en er ekki slegin. Hún er um 30x14 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Hún er um 2 m á hæð. Ekki sést móta fyrir hólfum í þústinni eða hleðslum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Efri-Rauðalækur, 3



Þúst 012

RA-413:013 heimild um draug
63°51.601N 20°24.309V
"Ingveldur [Jónsdóttir] segir að þarna [í Rimum] hafi menn þóst sjá óútskýranlegt ljós, þar átti að heyrast útburðarvæl, og smalar voru smeykir ef þeir áttu þar leið um í rökkri eða dimmviðri," segir í örnefnaskrá. Rimar eru um 1,5 km ASA við bæ 001.
Rimar eru smáþýfðir og lágir, suðaustan við Melholt í deiglendi sem hefur verið framræst.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Efri-Rauðalækur, 5

RA-413:014 frásögn hesthús 63°51.613N 20°26.637V
Samkvæmt heimildamanni, Sigrúnu Haraldsdóttur, var hesthús í Stekkatúni (um stekk sjá 017) um 520 m suðvestan við bæ 001, fast austan við Stekkjargil sem er djúpt og allbratt.
Hesthúsið var þar sem nú er tún sem nýtt er til beitar. Skurður sem snýr nálega austur-vestur sunnan við þar sem hesthúsið stóð.
Ekki sést til minja um hesthúsið en það var líklega sléttað í tún. Engar upplýsingar fengust um aldur eða gerð

hesthússins.
Hættumat: engin hætta

RA-413:015 hleðsla kálgarður 63°51.755N 20°26.077V



Kálgarður 015, horft til norðausturs


"Leiðið var nefnt fast við kálgarðsvegg (sem nú er horfinn) suðaustan við bæinn [001]. Þar kvað hafa verið bænhús og grafreitur [sjá 002] ," segir í örnefnalýsingu. Kálgarður er merktur suðaustan við bæ 001 á túnakorti frá 1917. Einungis bæjarhlaðið var á milli þeirra. Trjám var plantað í allan innri hring kálgarðsins á 20. öld, aðallega öspum og grenitrjám. Rólur og þvottasnúrur eru í vesturhluta kálgarðsins.
Kálgarðurinn er á grasivöxnu svæði milli kálgarðs 011 til vesturs, núverandi íbúðarhúss til suðurs og gróins túns til norðurs.
Kálgarðurinn var 27x13 m að stærð og snéri austur-vestur. Austurveggurinn er varðveittur en aðrar hliðar eru horfnar. Að innan er yfirborð kálgarðsins 0,3-0,5 m hærra en utan hans, líklega vegna trjáróta. Austurhliðin er 13 m löng, 1,5 m á hæð, 2 m á breidd og mjókkar upp. Hleðslan er torfhlaðin og algróin, hvergi sést glitta í grjót. Hinar hliðarnar hurfu eflaust vegna rasks á þessum slóðum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Efri-Rauðalækur, 4 og túnakort 1917

RA-413:016 garðlag landamerki
63°51.686N 20°24.134V
Landamerkjagarður er á merkjum milli Árbæjar RA-415 (nú Heiðarbrún, nýbýli úr landi Árbæjar) og Efri-Rauðalækjar. Garðurinn sést um 1,5 km austan við bæ 001.
Garðurinn liggur yfir Melholt og framræstar mýrar sem eru sunnan við það en norðan við holtið hefur garðurinn mögulega horfið þegar skurður var grafinn á merkjunum.
Garðurinn sést á kafla sem er um 1,1 km að lengd. Hann NNV-SSA. Á þessu svæði eru víða komin rof í garðinn. Garðurinn er torfhlaðinn og gróinn og er 0,5-1 m á hæð og breidd. Girt er ofan á hann með tveimur strengjum af gaddavír. Garðurinn virðist ekki vera mjög gamall og er hann reistur þvert á leið á leið RA-671:011.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar



Landamerkjagarður 016, horft til suðurs

RA-413:017 tóft stekkur
63°51.698N 20°26.886V
"Stekkatún var fyrir vestan túnið, rétt fyrir suðvestan Suðurlandsveginn. Þar mótar fyrir stekk og rétt. Og þar er dálítill hellir," segir í örnefnalýsingu. Stekkjartóft er um 540 m suðaustan við bæ 001.
Tóftin er fast sunnan við Rauðalæk, á norðvestur-gilbrún Stekkjargils. Hún er á tanga sem skagar til norðurs. Fast sunnan við hann, um 2 m, er að því er virðist náttúruleg jarðvegsmön sem er um 1,5 m á hæð.
Stekkurinn er að hluta fallinn fram af brúninni sem hann er á, í norðvesturhorni. Tóftin er einföld, um 5x3 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er grjóthlaðin en grjót var tekið úr stekknum og það notað sem púkk með rafmagnsstaurum þegar raflína var lögð fyrir einhverjum árum. Veggir tóftar eru víðast um 0,5 en ná allt að 1 m þar sem hundaþúfur eru á veggjum. Ekki sést inngangur í



Stekkjartóft 017




Vinstri myndin er úr Þykkskinnu II (bls. 307) af stekk 017, ekki kemur fram hvenær myndin var tekin en líklegt er að það hafi verið í kringum miðja 20. öld. Hægri myndin sýnir ástand tóftarinnar 2011, horft til austurs

tóftina en mögulega hefur hann verið í austurenda þar sem hrunið hefur úr henni vegna rofs. Mynd af tóftinni er í bókinni Þykkskinnu II en á þeirri mynd er hún mun heillegri en hún var þegar hún var skráð 2011.
Hættumat: stórhætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Efri-Rauðalækur, 5; Þykkskinnu II, 307

RA-413:018 *Stöðull* örnefni kvíar 63°51.782N 20°26.099V
"Stöðull var fáa tugi metra norðan við bæinn," segir í örnefnalýsingu. Hann er merktur á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar. Sigrún Haraldsdóttir, heimildamaður, man ekki eftir kvíatóft á þessum slóðum. Þær voru annað hvort rifnar eða voru mögulega færikvíar. Stöðullinn var rúmum 30 m norðan við bæ 001, þar sem nú eru steinsteypt útihús.
Allt svæðið er raskað, vegna bygginga eða sléttunar. Stöðullinn er undir útihúsunum.
Engin ummerki kvíanna sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Efri-Rauðalækur, 5; IE-Örnefnauppdráttur, Efri-Rauðalækur

RA-413:019 frásögn mógrafir 63°51.023N 20°24.680V
Að sögn Sigrúnar Haraldsdóttur, heimildarmanns, voru mógrafir í botni Ægissíðugils nálægt merkjum á móti Ægissíðu, um 1,8 km suðaustan við bæ 001.
Úr botni Ægissíðugils er djúpur skurður sem liggur til suðurs. Úr honum rennur vatn í botnana. Umhverfis botna og skarð er þýft beitarhólf og trjárækt er til vesturs.
Ekki sést til ummerkja um mógrafir. Ef til vill sjást þær ekki lengur vegna vatnsins sem er í botnunum, en þær kunna líka að hafa verið fylltar því búfénaður fór ofan í þær.
Hættumat: engin hætta

RA-413:020 heimild um túngarð 63°51.791N 20°26.236V
"Suðurlambhús eða Vesturlambhús [sjá 004] var "upp af Svíra", var fram undir túngarðinum", vestur frá bænum [001]," segir í örnefnalýsingu. Túngarðurinn afmarkaði allt gamla heimatúnið og er lega hans sýnd á túnakorti frá 1917. Hann afmarkaði svæði sem var 350x200 m að stærð og snéri austur-vestur.
Slétt, grasivaxin framræst tún eru allt umhverfis bæ 001.
Öll ummerki túngarðsins eru horfin af yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Efri-Rauðalækur, 5; túnakort 1917

RA-413:021 heimild um traðir 63°51.741N 20°26.107V
"Traðir. Ingveldur Jónsdóttir komst svo að orði: "Gömul heimreið með hlöðnum veggjum; uppgróið um 1910, en mótaði mjög vel fyrir". Suðvestur af bænum," segir í örnefnalýsingu. Traðir eru sýndar á túnakorti frá 1917 og lágu að bænum úr SSV. Líklegt er að um sömu traðir sé að ræða en að árið 1910 hafi þær verið orðnar grónar.Traðirnar lágu þar sem íbúðarhúsið frá 1930 var byggt og áfram til SSV út túnið. Á túnakortinu eru þær 80 m langar.

Slétt, grasivaxið tún er þar sem traðirnar lágu.
Engin ummerki traðanna sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Efri-Rauðalækur, 5; túnakort 1917.

RA-413:022 heimild um fjárhús 63°51.747N 20°26.335V
"Vestast í túninu var ærhús gamalt, nú löngu horfið," segir í örnefnalýsingu. Fjárhúsið var tæpa 300 m vestan við bæ 001 og 90 m vestan við lambhús 004. Það er ekki sýnt á túnakorti frá 1917 og líklega fallið úr notkun þá. Um 50 m vestan við áætlaða staðsetningu fjárhússins er þjóðvegur 1.
Slétt, grasivaxið tún er á þessu svæði.
Engin ummerki fjárhússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Efri-Rauðalækur, 6

RA-413:023 heimild um rétt 63°51.717N 20°25.894V
Samkvæmt örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar og Sigrúnu Haraldsdóttur, heimildamanni, var rétt um 185 m suðaustan við bæ 001.
Þar sem réttin var er nú (2011) sandnáma, allstór gryfja innan um tún á Heimaholti Þar var áður óræktarmói.
Ekki sést til réttarinnar en hún hefur líklega horfið við námugröft eða verið sléttuð í tún.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Efri-Rauðalækur

RA-413:024 *Brúin* vegur brú 63°51.561N 20°26.698V




Upphlaðinn vegur 024, horft til norðvesturs

"Brúin. Götuslóði yfir mýrarsund til vesturs frá sauðahúsi [009] á Miðmundarholti, í stefnu á Brekkuskarð," segir í örnefnalýsingu."Enn heldur vegurinn [Holtavegur RA-671:010] áfram um Breiðavik og Brekkuþýfi, og er þá komið í Efra-Rauðalækjar land. Þá snarbeygir vegurinn til suðausturs um mýrarsund, sem "brúað" hefur verið endur fyrir löngu, um Miðmundarholt, þá um lága lyngheiði, yfir Ægissíðusund og Ægissíðugil, að Ytri-Rangá hjá Ægissíðu og er þá lokið ferðinni yfir holtin," segir í grein um Holtaveg. Brúin er um 620 m suðvestan við bæ 001, nú í landi nýbýlisins Fets, um 50 m norðvestan við hesthús þar.
Brúin er í deiglendi sem hefur verið framræst og er þurrt. Skurður er fast norðaustan við brúna og hefur ef til vill raskað henni að einhverju leyti.
Brúin sést ekki gjörla en hún er sléttlend og sker sig því úr þýfinu sem er til suðvesturs. Hún stendur ekki upp úr umhverfinu. Brúin er um 230 m á lengd og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er um 5 m á breidd.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Efri-Rauðalækur, 2; G.E.E.: Blanda VII, 321

RA-413:025 kuml legstaður 63°51.475N 20°26.405V
Í Kuml og haugfé segir: "Frá þessum stað fékk safnið nokkra gripi árið 1902, og fylgdi þeim ekki önnur greinagerð en sú að þeir fyndust í svonefndu Miðmundaholti, og er ekki skýrt fram tekið að kuml hafi verið. En telja verður það mjög sennilegt." Miðmundarholt liggur NNV-SSA í vesturhluta jarðarinnar. Það er um 600 m suðvestan við bæ 001. Nýbýlið Fet er á vesturhluta holtsins og malarvegur að því liggur eftir honum endilöngum. Holtavegur hinn forni RA-671:010 lá eftir Miðmundaholti og er líklegt að gripirnir sem fundust á því hafi verið við leiðina. Ekki er vitað hvar kumlið fannst nákvæmlega.
Miðmundarholt er grasivaxið og slétt. Þar eru bæði ræktuð tún og mólendi.
Samkvæmt bókinni Kuml og haugfé fundust eftirfarandi gripir í kumlinu: "4946. Öxi af hreinræktaðri G-gerð, Sverd 38. Þegar öxin fannst, sáust á henni leifar af vefnaði, bæði smáofnum og stórgerðum, og mælir þetta sterklega með að gripirnir séu úr kumli. 4947a. Mannbroddur úr járni, þríhyrndur, af sömu gerð og fundizt hefur í Stöng í Þjórsádal, Forntida gårdar i Island, bls. 95, 30. mynd. 4947b. Steinn lítill, gulur og fitukenndur auripigment)."Engin ummerki kumlsins sjást á yfirborði. Adolf Friðriksson, fornleifafræðingur, fór á staðinn fyrir fáum árum til að freista þess að staðsetja kumlið betur og skoða aðstæður. Honum varð ekki ágengt en að sögn hans hafði ekki orðið vart við að minjar kæmu upp við byggingarframkvæmdir á Miðmundaholti.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: KEKH 2000, 67; Adolf Friðriksson, munnleg heimild janúar 2013

RA-413:026 tóft fjárskýli 63°51.340N 20°27.007V



Tóft 026



Tóft af fjárskýli 026, horft til austurs

Hringlaga tóft er rúmum 1 km suðvestan við bæ 001 og rúmum 500 m suðvestan við beitarhús 009. Hún er efst á náttúrulegum hól. Garðlag 029 liggur til VNV rúma 10 m frá suðvestur horni hólsins. Vegslóði er einnig fast austan við hólinn.
Tóftin er efst á 2,5 m háum hól. Umhverfis hann er gróið mólendi.
Tóftin er hringlaga og 10 m í þvermál. Veggirnir eru algrónir og 0,2-0,5 m á hæð. Hvergi mótar fyrir opi inn í tóftina né frekari hólfaskiptingu innan hennar. Veggirnir eru útflattir og 2 m breiðir. Lag tóftar bendir til að um fjárborg eða heyhring að ræða.
Hættumat: engin hætta

RA-413:027 hellir skemma 63°51.715N 20°26.611V



Á miðri mynd sést jarðfall við reiðskemmu og neðst á myndinni er móbergshrun sem nefnt er í texta, horft til austurs

Í bókinni Manngerðir hellar segir: "Á Efri-Rauðalæk er lítill hellir niður með bænum, kippkorn neðan við Rauðalækjarfoss. Honum var einn vetur breytt í íshús og geymt þar ket til refafóðurs." Hellirinn er horfinn en ekki er skýrt hvar hann var nákvæmlega. Að sögn Sigrúnar Haraldsdóttur, heimildamanns, var hellirinn við lækinn og sást op hans frá þjóðveginum. Runólfur, bróðir hennar, sagði hins vegar að hellirinn hefði verið aðeins sunnan við lækinn í jarðvegsbakka þar sem nú (2011) er reiðskemma sem tilheyrir nýbýlinu Feti. Hnit var tekið á báðum stöðum. Af öllum aðstæðum að dæma er líklegra að hellirinn hafi verið á síðarnefnda staðnum en að hann hafi verið alveg við lækinn. Hann var þá um 430 m VSV við bæ 001.
Þýft, gróið mólendi í aflíðandi brekku til vesturs er frá reiðskemmunni og að Rauðalæk.
Engin ummerki hellisins sjást á yfirborði. Við suðvesturenda reiðskemmunnar er jarðfall sem mögulega gæti verið hellir. Þar er nú vatnslögn úr reiðskemmunni. Við Rauðalæk er móbergshrun á þeim slóðum sem hellirinn var að sögn Sigrúnar Haraldsdóttur, heimildamanns. Þar gæti mögulega hafa verið lítið gjögur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Manngerðir hellar, 186

RA-413:028 *Markvarða* heimild um landamerki 63°51.742N 20°24.190V
"Markvarða, önnur, á Melholti, í mörkum að Heiðarbrún," segir í örnefnalýsingu. Markvarðan er merkt á

örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar. Markvarða er horfin en hún var um 1,6 km austan við bæ 001.
Varðan var á lágu og þýfðu holti en þar er nú landamerkjagarður 016 á merkjum milli Efri-Rauðalækjar og Árbæjar RA-415 (nú nýbýlisins Heiðarbrúnar).
Engar leifar sjást af vörðunni á Melholti og er líklegt að þær hafi farið undir landamerkjagarðinn eða horfið þegar hann var reistur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Efri-Rauðalækur, 4; IE-Örnefnauppdráttur, Efri-Rauðalækur



Vörslugarður 029, horft til austurs

RA-413:029 garðlag vörslugarður
63°51.480N 20°26.679V
Garðlag liggur til suðvesturs frá Miðmundarholti, fyrir austan Borgarrima 006 og í átt að tóft 026. Þetta er að öllum líkindum vörslugarður og er hann um 655 m suðvestan við bæ 001.
Stórþýft, framræst mólendi er á þessum slóðum.
Vörslugarðurinn sést á svæði sem er um 830x130 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Eitt gleitt horn er á garðinum sem vísar til suðausturs. Garðurinn er 0,5-1 m á hæð og algróinn. Hann er 1-1,5 m á breidd og torfhlaðinn. Rof er komið í hann á nokkrum stöðum.
Hættumat: engin hætta

RA-413:030 garðlag vörslugarður 63°51.628N 20°27.181V
Garður er meðfram Rauðalæk frá Brekkuskarði og áleiðis til suðvesturs á merkjum móti Brekku. Garðurinn er um 780 m VSV við bæ 001. Hann hefur líklega verið vörslugarður þó að hann sé nálægt merkjum en garðurinn hefur varnað því að búsmali færi yfir lækinn í land Brekku. Mögulega hefur garðurinn einnig þjónað sem landamerkjagarður.
Garðurinn er á lækjarbakka í hæðóttum, grasi grónum móa. Rafmagnsgirðing liggur á sama stað og garðurinn, innan við og utan við garðinn, en sumstaðar ofan á honum.
Garðurinn sést á köflum á svæði sem er um 765x70 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Garðurinn liggur í hlykkjum eftir legu lækjarbakkans. Garðurinn er víða 0,7 m á hæð og breidd. Hann er gróinn og líklega torfhlaðinn. Rof eru á honum á nokkrum stöðum og hefur Rauðilækur sumstaðar valdið rofinu.
Hættumat: hætta, vegna rofs



Vörslugarður 030, horft til suðvesturs

RA-413:031 garðlag áveita
63°51.410N 20°25.403V
Í Sunnlenskum byggðum V segir: "Áveituengi var suðaustur af bænum, nú ræktað land." Nokkrir flóðgarðar eru um 1 km suðaustan við bæ 001 og eru þeir líklega á fyrrnefndu áveituengi.
Framræst, grasivaxin og stórþýfð mýri er á þessum slóðum. Lagir hólrimar standa uppúr flatlendinu á nokkrum stöðum.
Svæðið er um 550x600 m að stærð og snýr austur-vestur. Á því eru fimm flóðgarðar. Var hverjum þeirra gefinn bókstafur til aðgreiningar. Garður A afmarkar svæðið og er ferningslaga. Hann er varðveittur að mestu, einungis norðvesturhornið er horfið í vélgrafinn skurð. Hann er 0,5-0,7 m á hæð, 1-1,3 m á breidd og torfhlaðinn. Vel sést hvar torf var tekið við gerð hans,



Áveitugarður 031A, horft til austurs

0,3 m djúp renna sést meðfram honum. Rof er víða í garðinum og er það vegna ágangs búfjár og hruns. Op er í suðvesturhorni. Innan garðsins eru 2 flóðgarðar B og C. Flóðgarður B er norðar og nær útfyrir garð A til vesturs. Meðfram suðurhlið hans er 0,3 m djúp renna og líklega var torf tekið þar. Hann er tæplega 400 m langur, 0,4-0,6 m á hæð og grasivaxinn. Hann liggur norðaustur-suðvestur og líklega eldri en garður A miðað við legu hans. Flóðgarður C nær einnig útfyrir garð A til vesturs og er líklega eldri en hann miðað við lagið. Þar endar hann við uppgróinn skurð en til austurs endar hann við hólrima. Hann er tæplega 500 m að lengd, 0,5 m á hæð og 1 m á breidd. Garðurinn er gróinn en rof komið í hann á stöku stað. Flóðgarður D er fyrir norðaustan túngarð A og ekki innan hans. Hann er 1,5 m á breidd, 0,7 m á hæð, 150 m á lengd og torfhlaðinn. Garðurinn liggur NNV-SSA og endar við vélgrafna skurði til beggja enda. Flóðgarður E er austan við flóðgarð A, utan hans. Flóðgarðurinn er tæplega 720 m langur, 0,5 m á hæð, 1,3 m á breidd og liggur austur-vestur. Hann er rofinn í sundur af skurði í vesturenda. Ekki mótar fyrir rennu meðfram honum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: SB V, 240



Gata 032, horft til vesturs

RA-413:032 gata leið
63°51.479N 20°24.922V
Djúp gata liggur eftir rima í mýrlendi um 1 km suðaustan við bæ 001. Þrjár leiðir eru skráðar á rimanum, sjá einnig leiðir 034 og 035.
Gatan liggur um þýfðan rima í deiglendi sem hefur verið framræst.
Gatan snýr norðvestur-suðaustur og sést á um 200 m löngum kafla. Aðeins sést ein gata og er hún breiðust og dýpst um 1 m en víðast er hún um 0,5 m á breidd og um 1 m á dýpt, er ógróin. Ekki er ljóst á hvaða leið þessi gata er en hún stefnir að bæ Efri-Rauðalækjar. Ekki er útilokað að gatan hefi legið að mógröfum 019 í Ægisíðugili. Gata á leið 034 liggur þvert á þessa leið en hefur stefnuna NNA-SSV.
Hættumat: engin hætta



Áveitugarður 033, horft til NNV

RA-413:033 garðlag áveita
63°51.919N 20°25.923V
Áveita er við Rauðalæk um 320 m NNA við bæ 001. Minjarnar eru í smáþýfðu beitarhólfi sunnan við Rauðalæk. Svæðið hefur að líkindum verið nokkuð blautlent en búið er að þurrka það með skurðgrefti.
Minjarnar eru á svæði sem er um 140x85 m að stærð og snýr norður-suður. Á svæðinu eru tvö garðlög sem fá bókstafi til aðgreiningar. Garður A er um 150 m á lengd og snýr norðvestur-suðaustur. Hann er gróinn og líklega torfhlaðinn. Hann er um 1 m á hæð og breidd. Garður B er mun ógreinilegri og liggur yfir suðausturenda garðs A. Hann er um 110 m á lengd og snýr NNA-SSV. Hann er líklega torfhlaðinn, er um 1 m á breidd og 0,5 m á hæð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Gata 034, horft til suðurs


RA-413:034 gata leið
63°51.502N 20°24.915V
Djúp gata liggur eftir rima í mýrlendi um 1 km suðaustan við bæ 001 en þrjár leiðir eru skráðar á rimanum (sjá einnig leiðir 032 og 035).
Leiðin liggur um þýfðan rima í deiglendi sem hefur verið framræst.
Gatan snýr NNA-SSV og sést eftir rimanum endilöngum, á 640 m löngum kafla. Aðeins sést einn slóði á leiðinni sem er um 0,5 m á breidd og um 1m á dýpt. Hún er ógróin. Ekki er ljóst á hvaða leið þessi gata er en líklegt er að hún hafi legið frá Holtavegi

671:010 við Ægisíðu RA-419 og mögulega tengst leið 414:013 sem liggur um Litlu-Tungu að Ölvisholti.
Hættumat: engin hætta

RA-413:035 gata leið 63°51.286N 20°25.014V
Allgreinileg gata liggur eftir rima í mýrlendi um 1,2 km suðaustan við bæ 001 en þrjár leiðir eru skráðar á rimanum (sjá einnig leiðir 032 og 034).
Leiðin liggur um þýfðan rima í deiglendi sem hefur verið framræst.
Gatan snýr norðvestur-suðaustur og sést á um 300 m löngum kafla. Leiðin virðist greinast nærri norðvesturenda. Gatan er nokkuð gróin og er um 0,4 m á dýpt og um 0,3 m á breidd innanmáls. Ekki er ljóst á hvaða leið göturnar liggja en þær stefna að bæ 001 til norðvesturs og að mógröfum 019 í Ægisíðugili til suðausturs.
Hættumat: engin hætta

RA-413:036 heimild um leið 63°51.016N 20°26.697V
"Langirimi, allstór þurrlendisspilda vestsuðvestur frá Fauskási og suðvestur frá Heiðinni. Á Langarima eru gamlar ferðamannagötur," segir í örnefnalýsingu. Götur sjást á Langarima á loftmyndum sem teknar voru einhvern tímann á árabilinu 1998-2000 en fundust ekki á vettvangi 2011. Þær eru um 1,45 km SSV við bæ 001.
Langirimi er stór hólrimi. Hann er umkringdur af mýrlendi sem hefur verið framræst og ræktað að hluta. Svæðið er nokkuð gróið og er nýtt fyrir hrossabeit.
Á loftmynd sjást götur á um 500 m löngum kafla á Langarima og liggja þær VNV-ASA. Ekki er hægt að lýsa götunum nánar af loftmyndinni. Ekki er ljóst á hvaða leið göturnar eru en líklegt er að þær hafi legið á Holtaveg hinn forna RA-671:010.
Heimildir: Ö-Efri-Rauðalækur, 4

Túnakort fyrir Litlu-Tungu



Byggt á túnakorti frá 1917

RA-414 Litla Túnga

15 hdr. 1708. JÁM I, 340. 1270: Getið í máldaga Oddakirkju. DI II, 86-88. 1332: Getið í máldaga Árbæjarkirkju. DI II, 698. Tvíbýli var á jörðinni frá síðari hluta 19. aldar. Holtamannabók I, 242-243. Jörðin skiptist í tvo jafna hluta, alls um 400 ha að stærð. SB V, 238-239.
1917: Austurbær, tún 2,7 ha, þar af slétt 2 ha, garðar 760 m² . Vesturbær, tún 2 ,2ha, þar af slétt 1 ha, garðar 690 m².

RA-414:001 *Litla Túnga* bæjarhóll bústaður 63°52.342N 20°24.971V



Mynd tekin af Litlu-Tungu laust fyrir 1930 (Holtamannabók I, bls. 238)



Mynd tekin af Litlu-Tungu um 1940 (Þykkskinna I, bls. 133)

Gamli bærinn í Litlu-Tungu var þar sem nú er malarplan, fast vestan við hlöðu og súrheysturn, en byggingar eru allt í kringum gamla bæjarstæðið nema til vesturs.
Bæjarstæði Litlu-Tungu er á fremur flatlendu svæði sem hallar þó lítillega til suðurs að Rauðalæk sem rennur í hlykkjum á merkjum móti Efri-Rauðalæk RA-413 og Árbæ (Heiðarbrúnar) RA-415.

Ekkert sést til bæjarhóls vegna sléttunar. Samkvæmt heimildamanni, Vilhjálmi Þórarinssyni, var stutt á milli Vestur- og Austurbæjar og hafa þeir verið sambyggðir af myndum að dæma. Gamalt fjós var þar sem núverandi fjós er og var það að öllum líkindum á bæjarhólnum og/eða sambyggt bæjarhúsunum. Nýtt fjós var byggt 1955 og er það enn í notkun. Vilhjálmur greindi einnig frá því að öskuhaugurinn hefði verið þar sem núverandi hlaða stendur og þar hafa líka fundist ummerki um járnvinnslu. Öskuhaugurinn virðist hafa verið á bæjarhólnum er og skráður undir þessu númeri.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917




Malarplan þar sem bæjarstæði Litlu-Tungu 001 var, horft til norðausturs

RA-414:002 heimild um bænhús
63°52.343N 20°24.948V
Samkvæmt heimildum var bænhús í Litlu-Tungu.
Nákvæm staðsetning þess er ekki þekkt en algengast var að bænhús væru nálægt bæ, jafnvel á bæjarhólnum.
Sléttað malarplan er nú (2012) þar sem gamla bæjarstæðið var.
LITLATUNGA Í HOLTUM (ÁRBÆJARÞING) (R)
[1332]: prestur fra aa skal syngia ... j litlu tungu oc taka Þar halfa mork aa hueriu aare; Máld DI II 698 [Árbæjar]
[1371]: [í Árbæ] liggur til tiund heimamanna ... vr litlu tungv. prestur fra a skal syngia ... j litlu Tungv oc taka Þar halfa mork a hueriu are; Máld DI III 266-267 [Árbæjar]
1397: [í Árbæ] liggur til tiund heimamanna ... vr litlu tungv. prestur fra A skal Þar syngia ... J litlu Tungv oc taka Þar halfa mork aa hveriu are.
af ollum Þessum bæium sem hier eru nefnder. skulu menn sækia skriptt oc Þionustv oc adrar naudsyniar til Þess prestz sem ad A syngur; Máld DI IV 87 [Árbæjar]. Ekki sést til minja um bænhús og er nákvæm staðsetning þess ókunn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: DI II, 698; DI III, 266-26; DI IV 87

RA-414:003 heimild um útihús 63°52.340N 20°24.926V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 25 m suðaustan við bæ 001.
Útihúsið hefur líklega verið þar sem sléttað malarplan er nú, sunnan við súrheysturn og fjós.
Ekki sést til minja og hefur að líkindum verið sléttað úr þeim.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-414:004 heimild um hesthús
63°52.349N 20°24.916V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var tvískipt útihús um 30 austan við bæ 001.
Þar sem útihúsið var er nú sléttað malarplan og á því er stór gámur en hann er ofan á strompi sem lá úr helli 008 og upp í hesthúsið.
Minjar um hesthúsið eru horfnar vegna niðurrifs eða sléttunar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917



Stekkjartóft 005

RA-414:005 *Stekkatún* tóft stekkur
63°52.336N 20°24.371V
"Austan við bæinn að Rauðalæk liggur áðurnefnt Brandsholt. Suður af því við lækinn heitir Stekkatún," segir í örnefnalýsingu. Stekkjartóft er um 490 m austan við bæ 001.
Tóftin er fast suðvestan við túnjaðar, um 50 m norðaustan við Rauðalæk. Á milli lækjar og tóftar er mýrlent smáþýft svæði.
Tóftin er torf- og grjóthlaðin, um 15x17 m að stærð og snýr

norðaustur-suðvestur. Hún skiptist í þrjú hólf. Hólf I er um 10x3 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Op er á því í suðurhorni. Í norðausturenda þess er lítil hólf II sem stendur hærra en hólf I. Það er um 1x1,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op er á því í vesturenda. Hólf III er um 8x4 m að innanmáli og snýr ASA-VNV. Op er á því í VSV-enda. Hólf III er ógreinilegt og er mögulega náttúrulegt. Mesta hleðsluhæð tóftar er um 1,5 m í norðausturenda.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Ö-Litlatunga BK, 1



Stekkjartóft 005, horft til norðausturs

RA-414:006 *Veita* heimild um vatnsból
63°52.312N 20°24.978V
"Mýrarblettur niður undan Vatnsbólinu heitir Veita," segir í örnefnalýsingu BK. "Veita, spildan sunnan og neðan við Austurbæ, að Lækjarbakka. Ofan við Veitu var brunnur, hið gamla vatnsból," segir í örnefnalýsingu. Brunnurinn var um 50 m suðvestan við bæ 001 og 6-8 m suðvestan við garð umhverfis syðsta íbúðarhúsið á bænum. Veituörnefnið gefur til kynna að áveita hafi verið neðan við brunninn, til suðurs. Ekki er ólíkleg að vatni úr vatnsbólinu hafi verið veitt á það svæði. Engin áveitumannvirki sáust á svæðinu.
Brunnurinn var þar sem nú er sléttað tún sem hallar 5° til suðurs. Það er nýtt fyrir hrossabeit.
Samkvæmt Vilhjálmi Þórarinssyni, heimildamanni, var brunnurinn grjóthlaðinn. Annar yngri brunnur var um 5 m austan við hlaðna brunninn en hann var höggvinn í bergið og steyptur. Vatnshrútur var í honum og seinna dæla. Ekki sést til minja um brunnana og hafa þeir verið fylltir af jarðvegi.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Litlatunga BK, 1; Ö-Litlatunga, 3


RA-414:007 garðlag túngarður 63°52.287N 20°24.793V
Tún- og vörslugarður sést á köflum meðfram norðurbakka Rauðalækjar um 180 m suðaustan við bæ 001. Þessi garður afmarkar ekki túnið sem sýnt er á túnakorti frá 1917, heldur stærra tún og er því að líkindum yngri en frá 1917.
Garðurinn er á flatlendum, smáþýfðum og mýrlendum bökkum lækjarins.
Garðurinn sést á svæði sem er um 1000x130 m að stærð og snýr austur-vestur. Hann er líklega torfhlaðinn og víða sést pæla eftir efnistökuna. Hann er hæstur um 0,8 m og er 0,67 m á breidd. Hann er gróinn en rof er komið í hann víða. Um 200 m suðaustan frá bæ 001 liggur stuttur garðbútur af þessum garði að læknum til ASA. Hann er slitróttur, um 7 m langur, 0,5 m á hæð og 0,5-1 m á breidd. Á loftmynd sést framhald af garðinum í landi Árbæjar RA-415:012. Þetta er líklega samskonar garður og skráður var í Efri-Rauðalæk RA-413:030, Meiri-Tungu (Moldartungu) RA-410:019 og á Berustöðum RA-368:034. Í skráningunni á Berustöðum kemur fram að garðurinn hafi verið hlaðinn á 20. öld til þess að varna því að búpeningur kæmist inn á tún. Tveir gaddavírsstrengir voru hafðir ofan á garðinum. Ekki er víst að hann nái 100 ára aldri en hann er engu að síður skráður því hann ber fornu verklagi vitni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Túngarður 007, horft til norðausturs

RA-414:008 hellir fjárhús 63°52.340N 20°24.894V
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1708 segir: "Jörðunni er til hlunninda hellir í túninu fyrir fje á vetrardag, so ekki þarf fjárhús við." Í Friðlýsingaskrá segir: "Hellir manngjörvir fyrir austan bæinn." "Í hæð austan við bæinn eru tveir hellar. Annar 6x10m, en hinn 6x30 m (eða nálægt því). Þeir eru notaðir til fjár- og heygeymslu," segir í örnefnalýsingu. Hellarnir tveir sem nefndir eru í örnefnaskrá eru samtengdir og því skráðir undir einu númeri. Þeir eru um 60 m austan við bæ 001.

Hellismunninn er í aflíðandi, þýfðri og grasi gróinni brekku sem hallar til suðurs í átt að Rauðalæk. Hellirinn nær undir lágu hæðina sem bærinn 001 var á.



Uppdráttur af helli 008 (Manngerðir hellar, bls. 188)



Munni hellis 008, horft til norðurs



Aðalrými hellis 008 þar sem enn má sjá garða í miðju, horft til norðurs

FRIÐLÝSTAR FORNMINJAR. Í Sóknarlýsingu Efri-Holtaþinga frá 1840 segir: "M. Á bænum Litlu-Tungu er þrídyraður hellir sem brúkast fyrir fé, hey og lömb. Hann liggur í túnhólnum fáa faðma austur frá bænum. Allar dyrnar eru gerðar af mönnum og 3 strompar. Afdeilingin fyrir féð er 14 al. að lengd, 4 al. að vídd 3. al. að hæð. Afdeilingin fyrir heyið er 8 al. að lengd, 6 al. á vídd, 5 al. að hæð, með stúku til vesturs úr norðurendanum. Hún er 5 al. að lengd, 6 al. að vídd, 3 al. að hæð. Til hægri hliðar þegar inn er gengið í fjárhellinn er afdeiling fyrir lömbin. Hún er 8 al. að lengd, 6 al. að vídd, 4 al. að hæð. Norður af henni er aftur stúka til norðurs og suður, 5 al. að lengd, 3 al. að vídd og 3 al. að hæð. Þessi hellir er að fornu allur klappaður og boraður. Ekkert letur er í honum ellegar neinum af þeim fyrrtöldu hellrum." Í bókinni Manngerðir hellar segir: "Að sögn Vilhjálms Þórarinssonar bónda var hellirinn að Litlu-Tungu notaður sem fjárhús þar til nokkru fyrir 1980. Hann tók milli 70-80 fjár. Að stofni til er hann löng hvelfing en út frá henni liggja þrír afhellar. Í ytri hluta hellisins var fjárhús og er þar enn garði eftir miðju gólfi en undir honum er steinræsi sem áður fyrr lá út í forskálann. Vinstra megin við munnann er samfallinn gangur fullur af mold en beint á móti hægra megin er annar gangur, um 10 m langur, og sveigir síðan til hægri þar sem hefur verið inngangur. Nú er þessi hellishluti nokkru hærri en gólfið í aðalhellinum og lokar tréverk hellinum. Í aðalhellinum er innfall um 6 m frá munna og í afhelinum til hægri er einnig innfall um 5 m frá inngangi. Moldarhrúgur hafa hlaðist upp neðan við innföllin. Innsti hluti hellisins hefur verið notaður sem hlaða og er hann skilinn frá fjárgeymslunni með trégirðingu. Þarna er innfall á lofti en gafl aðalhellisins er nú mikið til hruninn. Á enda þessa afhellis eru göng sem nú eru full af mold. Vilhjálmur Þórarinsson getur sér þess til að þessi göng liggi yfir íhelli undir súrheysgeymslunni en þar heyrist tómahljóð undir ef barið er í. Matthías Þórðarson hefur það hins vegar eftir gömlum manni í Litlu-Tungu að göng þessi hafi legið upp á hlað og þar hafi verið annar inngangur í hellinn. Rétt fyrir innan tréskilrúmið milli hellishlutanna er brunnur og yfir honum tréhlemmur. Brunnurinn er um 0,5 m í þvermál og ekki gamall. Veggir hans eru fóðraðir með olíutunnu. Aðalhellishvelfingunni lauk svo í hesthúsi sem áður stóð á hlaðinu og var þar enn einn inngangurinn í hellinn. Forskálaleifum hjá hellinum var rutt burt fyrir nokkrum árum." Hellismunninn horfir mót SSA og er hann um 4 m á breidd. 1,4-1,8 m eru til lofts í hellinum þar sem hæst er. Engin ummerki

forskála sjást lengur og er þýft og grasi gróið framan við hellinn. Hellisgólfið er þakið fokmold og plastrusli. Afhellir vestan megin við inngang er fallinn en annars virðist hellirinn vera í ágætu ásigkomulagi. Að sögn Vilhjálms Þórarinssonar, heimildamanns, hrundi strompur í hellinum í Suðurlandsskjálfta árið 2000. Inni í hellinum sjást enn viðarleifar úr skilrúmi milli hlöðu og fjárhúss og úr garðanum. Frá hellisopinu er um 3 m breið "tröð" frá hellisopi sem liggur til SSA og endar við brekkurætur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: JÁM I, 340; ÁG: Friðlýsingarskrá, 69; Ö-Litlatunga, 1; SSR, 179; Manngerðir hellar, 189-190

RA-414:009 heimild um mógrafir 63°52.330N 20°25.679V
"Mógrafir voru við Engjagil suðaustan við Botnholt," segir í örnefnalýsingu. Mógrafirnar voru um 580 m vestan við bæ 001.
Austan við Engjagil eru sléttuð tún og þýfð framræst mýri er vestan við það en lengra til vesturs eru einnig sléttuð tún.
Ekki sjást skýr ummerki um mótak við Engjagil og eru þau líklega að mestu horfin vegna túnræktunar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Litlatunga, 1

RA-414:010 *Vilborgarhóll* tóftir býli 63°53.226N 20°26.179V




Á vinstri mynd er tóft 010A, horft til austurs. Á hægri mynd er tóft 010B, horft til austurs



Á vinstri mynd er tóft 010C, horft til austurs. Á hægri mynd er tóft 010D, horft til norðausturs

"Vilborgarhóll, sagður vera nærri suðausturshorni Vallar við mörk að Brekkum. Rústir eru þar, að sögn Helga Hannessonar frá Sumarliðabæ, fyrrum kaupfélagsstjóra á Rauðalæk," segir í örnefnalýsingu. Í bókinni Þykkskinna I segir: "Á hallfleyttum móa skammt sunnan Markhóls, við landamörk Brekkna og Litlutungu er húsarúst á lágri brekkubrún. Sigurður Sigurðsson bóndi Brekkum sagði gamall, að hún héti Vilborgarhóll. Á því sýnist enginn efi, að það sé bæjarrúst og þar hafi smábær staðið fyrir nokkrum öldum. Garðbrot og grænn litur í hlaðbrekku í fyrsta gróanda á vori, eru til vitnis um það. Síðar hefur fjárborg verið reist um bæinn." Tóftir á og við Vilborgarhól eru um 1,9 km norðvestan við bæ 001.

Minjarnar eru á Velli milli Flatholts og Smalaskála (skráður í landi Brekkna RA-412:020) á holtabrún nærri merkjum á móti Marteinstungu RA-401 og Brekkna RA-412. Sunnan við holtabrúnina er víðfeðmt mýrlent svæði sem hefur verið framræst. Götur liggja meðfram holtinu sunnanverðu, sjá leið RA-671:013. Fast norðvestan við minjasvæðið er vegarslóði sem liggur NNA-SSV. Þar vestan við er gróið flag.



Tóftir 010

Minjar ná yfir á svæði sem er um 70x25 m að stærð og snýr ANA-VNV. Alls eru fjórar tóftir á svæðinu og verður hverri þeirra gefinn bókstafur til aðgreiningar í lýsingu. Tóft A er í VSV-enda svæðisins. Það er tóftin sem talað er um í heimildum hér að framan og er á Vilborgarhól. Hún er um 14x10 m að stærð og snýr norður-suður. Tóft A virðist vera yngsta tóftin á svæðinu og er líklegt að fjárborg hafi verið byggð á grunni eldri minja á þessum stað. Tóftin er sú eina sem er grasi vaxin og ekki eins sigin og hinar tóftirnar á svæðinu. Hún skiptist óljóst í 3 hólf. Í suðurenda er hólf I sem virðist vera leifar af fjárborg. Hólfið er um 4x3 m að innanmáli og er sporöskjulaga. Norðan við það er óljóst hólf II sem er um 2x2 m að innanmáli. Þar vestan við er óljóst hólf III sem er um 3x1 m að innanmáli, snýr austur-vestur. Um 2 m vestan við það er rof í tóftinni fast við vegarslóðann og í því sést laust grjót en ekki hleðslur. Mesta hleðsluhæð tóftarinnar er um 0,3 m. Hún er nokkuð hlaupin í þúfur og er grasgefin. Enginn skýr inngangur sést inn í tóft eða hólf innan hennar. Vestan við hólf I er kantur meðfram utanverðri vesturhlið þess. E.t.v. eru það leifar af eldra mannvirki. Meint tóft B er um 20 m austan við tóft A. Hún sést aðeins sem dæld og eru veggir alveg útflattir. Hún er um 6x1,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Dældin er um 0,5 m á dýpt. Tóftin er mjög sigin og hlaupin í þúfur. Tóft C er um 22 m norðan við tóft B og um 30 m norðaustan við tóft A. Hún er einföld og mosagróin, hlaupin í þúfur. Ekki er skýr inngangur inn í hana. Hún er um 7x7 m að stærð, ferköntuð. Mesta hleðsluhæð er 0,3 m. Tóft D er um 10 m norðaustan við tóft C og um 50 m norðaustan við tóft A. Hún er þrískipt og er um 31x8 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Hólf I er í suðvesturenda. Það er um 11x3 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Innri veggir þess eru lítillega bogadregnir. Hólf II er þar norðaustan við og ekki er skýrt op á milli hólfa eða inn í hólf I. Hólf II er um 7x4 m að innanmáli og snýr eins og hólf I. Það er breiðast í norðausturenda. Ógreinilegt op er úr því til norðausturs inn í hólf III. Það er um 3x2 m að innanmáli og snýr eins og hólf I og II. Sunnan við hólf II er skýr lína í þýfinu sem myndar horn. Það virðist hafa myndast við niðurgröft. Líklegt er að þarna hafi verið kálgarður eða heystæði. Að innanmáli er hornið um 6x11 m og snýr það norðaustur-suðvestur. Hvorki sáust leifar af túngarði á vettvangi né af loftmynd. Minjarnar virðast vera allfornar en tóft A sker sig úr og er mun unglegri. Ekki er útilokað að fleiri minjar leynist á svæðinu þó að þær hafi ekki sést á vettvangi en svæðið allt er mjög þýft. Minjarnar eru nokkuð sannfærandi bæjarrústir.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Litlatunga, 1; HH: Þykkskinna I, 109

RA-414:011 tóftir beitarhús
63°53.024N 20°25.791V


Sauðahús eru merkt inná örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar við Einstökusnös. Beitarhúsatóftir og garðlag eru um 1,4 km norðvestan við bæ 001 og um 400 m suðaustan við tóftir 010.

Minjarnar eru á þýfðum grasigrónum hól í framræstri mýri sem er flatlend og þýfð. Hóllinn er 2-5 m á hæð og er klettasnös í honum sunnanverðum. Minjarnar eru syðst á hólnum, þar sem hann er hæstur.


Tóft 011A, horft til norðvesturs



Á vinstri mynd er tóft 011B, horft til norðvesturs. Á hægri mynd er tóft 011D, horft til SSA



Tóftir 011

Svæðið er um 100x120 m að stærð og er afmarkað af gerði sem liggur í kringum hólinn og girðir hann af. Minjarnar fá bókstafi til aðgreiningar í umfjölluninni sem hér fylgir á eftir. Gerðið E er mjög illa farið og er það horfið að mestu að sunnanverðu þar sem það er lítið annað en þúfur. Það er torfhlaðið, um 1,5 m á breidd þar sem það er breiðast og 0,2-1,2 m á hæð. Það er grasi- og mosavaxið. Innan gerðisins eru fjórar tóftir. Tóftir A og B eru mjög greinilegar en tóftir C og D eru eldri og óljósari. Tóft A er 13x6 m að stærð og snýr VNV-ASA. Inngangur er á VNV gafli. Tóftin er úr torfi og grjóti og skiptist í tvö hólf. Hólf I er í VNV enda og er um 6x1,5 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Grjóthrun er úr veggjum í miðju hólfinu. Ekki er veggur á milli hólfa en hólf II er um 0,5 m dýpra en hólf I og er gengið niður í það til ASA úr hólfi I. Það er hefur þjónað sem hlaða og er um 2x3 m að innanmáli, snýr eins og tóft. Grjóthrun úr veggjum er einnig í því. Veggir tóftar eru 2-3 m á breidd og eru þeir hlaðnir úr hellugrjóti. Þeir eru 0,4-1,5 m á hæð, mosa- og grasigrónir. Hleðslur eru greinilegar í innanverðu hólfi I og sjást 1-6 umför. Tóft B er um 20 m norðvestan við tóft A. Hún er um 15x10,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin er torf- og grjóthlaðin og skiptist í þrjú hólf. Hólf I er í norðvesturenda tóftarinnar. Það er um 7x2 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Inngangur í tóftina og hólf I er á norðvesturgafli en hann er samanfallinn. Úr hólfi I er gengið til suðausturs inn í hólf II sem er hlaða. Það er um 3x4 m að innanmáli en er allt samansigið. Það er 0,5-1 m dýpra en hólf I og er líklega leifar af hlöðu. Ekki er veggur á milli hólfa I og II. Ógreinilegt hólf III er suðvestast í tóftinni. Það er um 2,5x1,5 m að innanmáli og sést sem dæld sem er 0,2-0,3 m á dýpt. Það snýr norðvestur-suðaustur. Óljóst op er inn í það úr norðvestri. Veggir tóftarinnar eru hæstir í suðausturenda þar sem þeir eru 1,2 m á hæð en lægstir eru þeir 0,4 m. Veggir eru grasi- og mosavaxnir . Hleðslugrjótið er hellur úr klettasnös á hólnum en fjöldi umfara sem sjást í dag eru ekki fleiri en 2-3. Ógreinileg tóft C er um 6 m norðvestan við tóft A og um 1 m sunnan við suðurhorn tóftar B. Tóftin er um 6x7 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Eitt hólf er greinanlegt og er óljós inngangur inn í það úr norðvestri. Veggir tóftarinnar eru útflattir,

grasi- og mosagrónir. Þeir eru 2-3 m á breidd og 0,2-0,5 m á hæð. Engar grjóthleðslur eru sýnilegar í tóftinni. Tóft D er um 5 m suðaustan við tóft A, á SSA-brún klettasnasar á hólnum. Hún er um 12x8 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Hún skiptist í tvö óljós hólf. Í norðausturenda er hólf I sem er um 2,5x1,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki sést op inn í það. Hólf II er í suðvesturenda og er um 3x2 m að innanmáli en útlínur þess eru mjög óskýrar. Það snýr norðvestur-suðaustur. Ekki er skýrt hvar inngangur hefur verið inn í tóftina en líklegast er að hann hafi verið á norðvesturvegg. Veggir eru 0,2-0,8 m á hæð, hæstir í SSA horni. Engar grjóthleðslur sjást í veggjum og er tóftin tekin að hlaupa í þúfur. Ekki er útilokað að grjót hafi verið tekið úr veggjum tóftarinnar og notað sem byggingarefni í tóftir A og/eða B.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Litla-Tunga

RA-414:012 frásögn fjárhús 63°52.498N 20°24.891V
Samkvæmt heimildamanni, Vilhjálmi Þórarinssyni, voru fjárhús á Bæjarholti, um 300 m norðaustan við bæ 001. Tún er á Bæjarholtinu sem er allhátt og fremur flatt að ofan.
Búið er að slétta minjarnar í tún.
Hættumat: engin hætta

RA-414:013 gata leið 63°52.822N 20°24.422V
Á herforingjaráðskorti sést leið liggja frá Ölvesholti RA-399 til suðvesturs að Litlu-Tungu 001. Leiðin liggur yfir Útgil á mörkum milli jarðanna en skömmu eftir að komið er suðvestur yfir gilið greinist leiðin í tvær leiðir og liggur önnur þeirra heim að Litlu-Tungu en hin beint niður að Rauðalæk. Leiðirnar sameinast líklega aftur þegar komið er yfir Rauðalæk og liggja áfram að Rauðalæk þar sem stofnað var Rjómabú 1902 (sjá RA412:038) og eru þess vegna skráðar saman. Á túnakorti frá 1917 sést leið liggja úr norðaustri til suðvesturs að bæ 001 og frá bæ til suðausturs í átt að Rauðalæk. Leiðin var skráð í landi Ölversholts árið 2004 á númerið RA-399:040.
Engin ummerki um gömlu leiðina sjást í námunda við gamla bæinn en miklar breytingar hafa orðið á gamla túnstæðinu og á hlaðinu vegna bygginga og sléttunar. Göturnar sjást greinilega á Eystra-Langholti sem er allhátt holt, smáþýft. Á milli holtsins og Ölversholts er mýrlendi sem hefur verið þurrkað að miklu leyti.



Götur 013, horft til norðausturs


Göturnar eru grónar og var fylgt á um 230 m löngum kafla yfir Eystra-Langholt. Leiðin liggur norðaustur-suðvestur. Við umferð um göturnar hefur myndast djúpt skarð sem er um 1,2 m á dýpt og 4-10 m á breidd. Ekki sjást skýrar götur þegar komið er niður af holtinu og hafa þær horfið í gróna mýrina. Ruddur vegur er um 130 m suðaustan við göturnar og hefur hann sömu stefnu og göturnar. Ekki er ljóst hvenær þær samgöngubætur voru gerðar að ryðja veg á þessum kafla. Aðrar götur með sömu eða svipaða stefnu eru um 200 m norðvestan við leiðina. Þar sjást 4-5 götur saman á holtinu á svæði sem er 10-20 m breitt. Göturnar eru 0,3-0,5 m á breidd og 0,5-1 m á dýpt. Þegar komið er niður af holtinu sameinast göturnar í eina breiða götu. Líklegt er að þessar götur séu allar á sömu leiðinni þó að ekki sé hægt að segja það með fullri vissu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Herforingjaráðskort, Túnakort 1917



Hesthústóft 015, hólf I, horft til norðvesturs


RA-414:014 heimild um kálgarð
63°52.353N 20°24.908V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður um 10 m norðaustan við bæ 001.
Þar sem kálgarðurinn var áður er nú fjós og hlaða.
Ekki sést til minja um kálgarð og hefur hann líklega horfið vegna bygginga.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-414:015 tóft hesthús
63°52.474N 20°24.813V
Tvískipt tóft er um 275 m norðaustan við bæ 001 og samkvæmt Vilhjálmi Þórarinssyni var hún hesthús.
Tóftin er í túni suðaustan við Bæjarholt sem er komið í órækt.
Tóftin er tvískipt, torf- og grjóthlaðin. Hún er um 12x16 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin hefur L lögun. Hólf I er í norðvesturhluta tóftarinnar og snýr norðvestur-suðaustur. Það er um 4,5x2,5 m að innanmáli og er að mestu leyti grafið inn í holtið. Inngangur er inn í það úr suðaustri. Grjóthleðslur sjást í veggjum hólfsins að innanverðu og sjást þar mest 2 umför. Hólf II er mun ógreinilegra og veggir lægri en í hólfi I. Líklegt er að þar hafi verið hlaða eða heystæði. Það er um 9x4 m að innanmáli, snýr SSV-NNA. Op er á því til SSV. Mesta hleðsluhæð tóftar er um 1 m.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Hesthústóft 015

RA-414:016 heimild um kálgarð
63°52.333N 20°24.958V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður fast suðaustan og suðvestan við bæinn 001. Vilhjálmur Þórarinsson, heimildamaður, man eftir kálgarði á þessum slóðum en búið er að slétta úr honum.
Slétt malarplan er þar sem kálgarðurinn var áður.
Ekki sést til minja um kálgarðinn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917



RA-415 Árbær

40 hdr 1708 með afbýlunum Helli og Vesturhjáleigu. JÁM I, 337. 1847 40 hdr. með eyðihjáleigunni Kornhóli 007 og hjáleigunum Árbæjarhelli, Árbæjarhjáleigu og Gilsbakka. JJ, 42 (sjá nmgr. 31). c. 1200: Jarðarinnar er getið í kirknaskrá Páls biskups, DI XII, 7. [1332]: Máldagi kirkjunnar. "a prestz skylld j heima landi Þar liggur til tiund heima manna fra raudalæk hinum efra. Oc vr litlu tunghu. Af brecku groptur af Þessum bæium raudalæk hinum nedra oc af arnkotlustodum. Oc vr meiri tungu oc Þadann halfur lysitollur." DI II, 698. [1367]: Máldagi kirkjunnar. DI III 218. [1371]: Máldagi kirkjunnar. DI III 266-267. 1397: Máldagi kirkjunnar DI IV, 87. 1575: Máldagi kirkjunnar DI XV, 660. 1708: "Skógarítak á þessi jörð, kallast Árbæjartorfa, í Næfurholtslandi. Hefur verið í manna minni brúkað af eigendum jarðarinnar bæði til húsa áreftis og kolagjörðar, nú segja menn það nærri eytt og er ekki nú brúkað." JÁM I, 339. Heiðarbrún einnig byggð úr Árbæjarlandi árið 1929. Árbær er kirkjustaður, í eyði frá 1977. SB V, 235, 237.
1708: "Engjum spillir Rángá nokkuð bæði með landbroti og vikursábúrði í vatnavöxtum." JÁM I, 339 1917: Tún 8,9 ha, þar af slétt 5,3 ha, garðar 1000 m².

RA-415:001 *Árbær* bæjarhóll bústaður
63°51.904N 20°20.989V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var bæjarsamstæðan þá um 60x20 m stór og sneri austur-vestur, fast vestan við kirkju og kirkjugarð 002. Framhlið bæjarhúsa námu við dyr inn í kirkjuna. Bærinn var rifinn 1977 og jafnaður við jörðu. Núverandi íbúðarhús í Árbæ er á Lambhúshól 004, um 240 m SSV við bæ 001.
Þar sem bærinn stóð er slétt malarplan.
Ekki sést bæjarhóll á bæjarstæðinu.



Mynd af Árbæ og Árbæjarkirkju á árunum 1950-1955 (Holtamannabók I, bls. 39)

Mögulega hefur honum verið raskað þegar bærinn var rifinn en á gömlum myndum af bænum er ekki að sjá að það hafi verið afgerandi bæjarhóll fyrir niðurrifið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917



Bæjarstæði Árbæjar 001, horft til vesturs

RA-415:002 kirkjugarður kirkja
63°51.916N 20°20.940V
Kirkja og kirkjugarður eru fast austan við bæ 001, litlu sunnan við veginn um sveitina.
Kirkja og kirkjugarður eru á sléttri og flatlendri brún áður en landi fer að halla til suðurs í átt að Rangá ytri. Dálítill halli er í suðausturhorni garðsins.
ÁRBÆR Í HOLTUM (R) -Jóni babtista, Maríu (HOLTAÞING)
c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 7
[1332]: a prestz skylld j heima landi Þar liggur til tiund heima manna fra raudalæk hinum efra. oc vr litlu tunghu. af brecku groptur af Þessum bæium raudalæk hinum nedra oc af arnkotlustodum. oc vr meiri tungu oc Þadann halfur lysitollur prestur fra aa skal syngia j tungu oc taka Þar ij merkur. til raudalækiar efra oc taka Þar v. aura j litlu tungu oc taka Þar halfa mork aa hueriu aare af ollum Þessum bæium sem her eru nefnder. skulu menn sækia skrift oc Þionustu oc adrar naudsyniar. til Þess prestz sem at aa syngur; Máld DI II 698
[1367]: a prestskylld j heimalande. vj kyr oc vj ær. messuklæde oc kaleik les Vilchins maldaga Þui hann er fyllre; Hítardalsbók, sjá [1371]; DI III 218
[1371]: a prestskylld j heimalande Þar liggur til tiund heimamanna fra Raudalæk hinum efra oc vr litlu tungv. gropttur af Þessum bæium. Radalæk hinum nedra og af arnkotlustodum oc vr meiri tungv oc Þadan halfur lysitollur. prestur fra a skal syngia j Tungv oc taka Þar ij. merkur. Til Raudalækiar efra oc taka Þar .v. aura. j litlu Tungv oc taka Þar halfa mork a hueriu are. af ollum Þessum bæium sem hier eru nefnder skulu menn sækia skript oc Þionustu oc adrar naudsyniar til Þess prestz sem ad a syngur; Máld DI III 266-267
1397: a prestskylld j heimalandi Þar liggur til tiund heimamanna fra Raudalæk hinum efra oc vr litlu tungv. af Brecku. gropttur af Þessum bæium. Raudalæk hinumm nedra og af Arnkotlustodum oc vr meiri tungv oc Þadann halfur lysitollur prestur fra A skal Þar syngia j Tungv oc taka Þar .ij. merkur. Til Raudalækiar Efra oc taka Þar .v. aura. J litlu Tungv oc taka Þar halfa mork aa hveriu are. af ollum Þessum bæium sem hier eru nefnder. skulu menn sækia skriptt oc Þionustv oc adrar naudsyniar til Þess prestz sem ad A syngur. Þetta a hun vmm framm Þad sem adur er skrifad j fornum maldogum. hefur Jon Haralldsson tillagt [ornmenti] Hafa logd verid messuklædi firir tiolld. Jtem bvinn stenn med helgumm domumm er Herra Wilchin biskup lagdi til. Jtem kaleikur er vegur .vj. aura er gaf Kolbeinn Pietursson [ofl. ornamenti] Portio Ecclesiæ wmm .xix. ær .vijc. oc fimm aurar; Máld DI IV 87
1575: Kirkian ad Ærbæ ä prestskijlldu i heimalandj. Jtem ä kirkian vj mälnijtu kugillde. Hälfpart huort. Jtem eirn lijtinn Bismara. Jtem vj Bækur med einum vondum [psalltara. Jtem i kirkiunni ij messuklæde. Eirn silffur kaleikur vænn. Item iij kluckur. Ij komparpijpur. Og ein vond klucka. Fastagötz hundrad hundrada. Xxvc. Máld






Árbæjarkirkja 002 á vinstri mynd, horft til austurs. Á hægri mynd er garðlag sem afmarkar kirkjugarð til austurs, horft til suðurs

DI XV 660
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708 segir: "Á heimajörðunni er alkirkja og embættað Þriðja hvern helgan dag á móts við Marteinstúngu og Haga."
16.11.1907: HoltaÞing lögð niður og Árbæjarkirkja lögð til Kálfholts; (PP, 68) [lög]. Torfhlaðinn garður afmarkar kirkjugarð til austurs. Hann er um 28 m á lengd, og snýr norður-suður. Ekki sjást hlaðnir garðar meðfram öðrum hliðum en garðurinn var um 35x30 m að stærð áður en hann var stækkaður til norðurs og snýr ANA-VSV eins og kirkjan. Torfgarðurinn er um 0,5 m á hæð og um 1 m á breidd, gróinn. Girðing er ofan á honum. Eins og áður segir hefur kirkjugarðurinn hefur verið stækkaður til til norðurs og er garðlagið ekki meðfram stækkuninni. Nokkur tré eru innan garðs. Elstu merktu leiðin eru frá lokum 19. aldar en mörg ómerkt leiði eru norðan við kirkjuna. Kirkjan sem stendur í miðjum gamla kirkjugarðinum var vígð 1887 en veggir hennar voru klæddir með bárujárni 1920. Hún er um 10x5 m að stærð, snýr austur-vestur. Steyptur sökkull er undir henni og steypt þrep upp að dyrum hennar. Ekki sjást ummerki um eldri kirkju í garðinum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1917; SB V, 229-231; DI XII, 7; DI II 698; DI III 218; DI III 266-267; Máld DI IV 87; DI XV, 660; JÁM I, 337; PP, 68

RA-415:003 heimild um hesthús 63°51.893N 20°21.030V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús og sambyggður kálgarður eða rétt um 20 m vestan við bæ 001. Að sögn Lóu Jónsdóttur, heimildamanns, var útihúsið hesthús.
Þar sem hesthúsið var áður er slétt, grasivaxið svæði og vex þar mikið af njóla (2011).
Ekki sést til minja um hesthúsið og er líklegt að það hafi verið sléttað í tún.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917


RA-415:004 *Lambhúshóll* heimild um lambhús 63°51.811N 20°20.904V
"Austan við Pínu við Rangá er hóll, sem heitir Lambhúshóll," segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús á litlum túnskika í mýrlendi um 230 m sunnan við bæ 001. Útihúsið var á Lambhúshól.
Lambhúshóll er dálítil hæð í mýrlendi sunnan undir brún þeirri sem bærinn stendur á. Nýlegt íbúðarhús stendur á hólnum og á honum og allt í kringum hann er mikil skógrækt. Mýrlendið hefur verið framræst að miklu leyti.
Ekki sést til minja um útihús á Lambhúshól og hefur húsið að líkindum verið sléttað rifið þegar íbúðarhús var byggt eða sléttað í tún áður.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Árbær og Árbæjarhjáleiga, 2

RA-415:005 gripir
Í skýrslu Forngripasafns Íslands frá 1870 segir: "Gömul SYLGJA þornlaus úr kopar, stór, ofan á hana hafa verið lóðaðar 2-3 aflangar plötur úr tini, líkt og á Þjms. 198. Ofaná henni er og máð samskonar letur, eða líkt. ... Hún fannst uppblásin á sandi nálægt Árbæ sumarið 1869." Ekki er vitað nákvæmlega hvar sylgjan fannst en líklegt að að hún hafi fundist ofan brúnarinnar sem er norðan við Rangá ytri. Þar hefur verið uppblástur á köflum en er nú gróið. Jörðin er gríðarstór og ekki hægt að staðsetja líklegan fundarstað án frekari upplýsinga.
Heimildir: Skýrsla FÍ II, 136




Seltóft 006A og beitarhúsatóftir 006B og C

RA-415:006 *Selhólar* tóftir sel
63°52.615N 20°21.841V
"Vestur af Langarima eru Selhólar. Þar eru tættur, en nú eru þær að nokkru leyti sléttaðar í Fjárhústún," segir í örnefnalýsingu. Ærhús er merkt í Selhólum á örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar. Tvær beitarhúsatóftir eru innan gerðis auk ógreinilegrar seltóftar um 1,5 km norðvestan við bæ 001.
Selhólar eru hólaröð í þýfðu og flötu mýrlendi sem hefur verið framræst að miklu leyti. Hólaröðin er 1-3 m á hæð og snýr VSV-ANA. Lítil tjörn er um 50 m VSV við seltóftina.
Gerðið afmarkar minjasvæðið sem er um 100x200 m að stærð og snýr ANA-VSV. Minjarnar fá bókstafi til aðgreiningar í umfjöllun til einföldunar. Meint seltóft A er austasta tóftin á svæðinu. Túnið hefur verið sléttað



Á vinstri mynd sjást yfir minjasvæðið í Selhólum 006, horft til norðvesturs. Á Hægri mynd er seltóft 006A, horft til norðurs



Á vinstri mynd er tóft 006B, horft til norðvesturs. Á vinstri mynd er tóft 006C, horft til suðausturs

innan gerðisins og er tóftin nánast útflött. Tóftin er um 12x8 m að stærð og snýr norður-suður. Aðeins sjást veggjaleifar í suðurenda tóftarinnar og eru þeir 0,2 m á hæð. Óljóst sjást þrjú hólf í tóftinni. Skýrasta hólfið I er í suðurenda og er það um 2x3 m að innanmáli, snýr norður-suður. Op er á því til suðurs. Norðan við það er óljóst hólf II sem er um 1x0,5 m að innanmáli, snýr austur-vestur. Op er á því til norðurs inn í hólf III sem er um 3x1,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Líklega er tóftin torfhlaðin en einnig kann grjót að vera í hleðslum. Tóft B er ANA við hæð á miðju svæðinu. Hún er um 24x11 m að stærð, snýr NNV-SSA. Tóftin er torf- og grjóthlaðin og skiptist í tvö hólf. Bæði hólf snúa NNV-SSA. Veggir tóftarinnar eru niðurtroðnir og eru 3-4 m á breidd og 0,3-1 m á hæð. Hleðsluhellur sjást á tveimur stöðum en annars er ekkert grjót sýnilegt í veggjum. Syðra hólfið I er um 9x2,5-3 m að innanmáli og nyrðra hólfið II er 5x3 m að innanmáli. Op er á tóftinni í SSA-enda. Tóft C er um 14x9 m að stærð og snýr NNV-SSA. Hún er grjót- og torfhlaðin og tvískipt. Veggir eru niðurtroðnir, 0,2-0,5 m á hæð og 2-3 m á breidd. Tóftin er grasi- og mosagróin og farin að hlaupa í þúfur. Hellugrjót er greinilegt í vesturvegg. Í norðurenda er hólf I, það er um 5x2 m að innanmáli og snýr NNV-SSA eins og tóftin sjálf. Op inn í hólf I er á NNV-hlið. Hólf II er í suðurenda tóftar. Það er um 3x3 m að innanmáli. Ekki sést op inn í það. Þar hefur hugsanlega verið hlaða. Fast VSV við hólf II er mögulega þriðja hólfið en það er útflatt og rétt mótar fyrir innanmáli þess sem er um 4x4 m. Ekki sést op á því. Mögulega er þetta hólf hluti af eldri tóft, sem ef til vill tilheyrði selinu. Gerði D er torfhlaðið og afmarkar, sem fyrr segir, svæði sem er um 100x200 m að stærð. Hleðslan er um 1,5 m á breidd í grunninn en 0,5 m efst, og 0,5-1 m á hæð. Hún er mosa- og grasivaxin en víða eru rof í gegnum hana..

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Árbær og Árbæjarhjáleiga, 1; IE-Örnefnauppdráttur, Árbær, Árbæjarhellir, Árbæjarhjáleiga, Heiðarbrún

RA-415:007 *Kornhóll* heimild um býli

Í Holtamannabók segir: "'Í skrá séra Einars Þorleifssonar í Guttormshaga um byggðar jarðir og óbyggðar í sóknum hans, sem gerð var 31. mars 1794 er nefnt eyðibýlið Hóll hjá Árbæ. Þar segir um býlið: "að sögn í eyði hér undir 30 ár en hvar fyrir vita menn ekki." Í jarðabók frá 1803 er þess getið að með eigninni Árbæ í Holtum sé talin eyðihjáleigan Kornhóll. Þetta mun vera eitt og sama býlið og finnast ekki aðrar heimildir um það." Býlisins er ekki getið í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708. Ekki er vitað hvar þetta býli var og eru hvorki heimildir né örnefni sem gefa vísbendingu um staðsetningu þess. Því reyndist ekki unnt að staðsetja býlið með innan við 50 m skekkju.
Heimildir: Holtamannabók I, 223

RA-415:008 *Pétursborg* heimild um býli 63°51.973N 20°21.113V
Á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar er merkt eyðibýlið Pétursborg á móts við heimreiðina að Árbæ 001. Býlisins er ekki getið í örnefnaskrá. Það mun hafa verið um 160 m NNV við bæ 001.
Býlið var að líkindum fast norðvestan við núverandi bílveg, Árbæjarbraut, en þar er reiðstígur meðfram veginum og þar ofan við til norðurs taka við flatlend tún.
Engin ummerki um býlið sjást lengur en líklegt er að það hafi annaðhvort horfið við vegagerð eða að sléttað hafi verið úr því í tún.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Árbær, Árbæjarhellir, Árbæjarhjáleiga, Heiðarbrún

RA-415:009 þúst
63°51.782N 20°24.124V
Á Melholti er þúst sem hlaupin er í þúfur. Rof hefur komist í þústina og standa bein út úr grassverði síðan að rofið greri á ný. Ekki er ljóst um hvers konar minjar er hér að ræða en beinin sem standa út úr þústinni eru heilleg og eru sennilega af hesti. Líklegt er að hestur hafi verið huslaður á þessum stað. Melholt er um 2,5 km vestan við bæ 001.
Þústin er efst á fremur lágu og þýfðu holti. Allt í kring eru framræstar mýrar.
Þústin er um 4x3 m að stærð og snýr norður-suður. Mesta hæð hennar er 0,5 m.
Hættumat: engin hætta



Þúst 009, horft til norðurs

RA-415:010 *Skógarvað* heimild um vað 63°52.193N 20°20.575V
"Eftir endilangri heiðinni frá suðri til norðurs eru tvær samliggjandi lautir með smáhrygg á milli; þær heita Skollalautir, og segir þjóðtrúin, að þar hafi Kölski dregið viðardrögur á leiðinni frá fjalli til fjöru. Við endann á lágum þessum er vað á gilinu, sem heitir Skógarvað," segir í örnefnalýsingu. Skógarvað er sýnt á örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar vestan við Árbæjarbraut. Það er um 630 m norðaustan við bæ 001.
Þar sem vaðið var er nú (2011) bílvegurinn um sveitina, Árbæjarbraut. Gerð hans hefur líklega raskað vaðinu og ummerkjum um það. Vestan vegarins er lág í annars fremur djúpu gili með móbergsklettum beggja vegna. Lúpínubreiða er austan vegarins og gróið svæði til vesturs.
Engin ummerki um vaðið eru nú merkjanleg en það hefur væntanlega verið farið á sömu leið og bílvegurinn liggur um nú, á leið sem lá um sveitina en það gæti bæði hafa verið á Vatnshólaleið RA-671:020 og leið sem lá eftir Skollalautum RA-671:008.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Árbær og Árbæjarhjáleiga, 3; IE-Örnefnauppdráttur, Árbær, Árbæjarhellir, Árbæjarhjáleiga, Heiðarbrún

RA-415:011 heimild um beitarhús 63°53.149N 20°20.433V
Samkvæmt örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar voru sauðahús norðaustast á Langarima á merkjum milli Árbæjar og Árbæjarhellis RA-416. Sauðahúsin voru um 2,4 km NNA við bæ 001.
Tún er nú á Langholti þar sem sauðahúsin voru og meðfram túninu að austan er trjágróður og svo er slóði austan við hann fast vestan við skurð á landamerkjunum.
Engin ummerki um beitarhúsin sjást á vettvangi og hafa þau líklega verið sléttuð í tún.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Árbær, Árbæjarhellir, Árbæjarhjáleiga, Heiðarbrún

RA-415:012 garðlag vörslugarður 63°52.864N 20°22.069V

Garðlag er á bakka Rauðalækjar í landi Árbæjar, Árbæjarhjáleigu og Heiðarbrúnar. Garðlagið hluti af garðakerfi sem einnig er skráð í Litlu-Tungu undir samtölunni 414:007.
Garðlagið liggur eftir þýfðum og mýrlendum suðurbakka Rauðalækjar.
Á lofmynd sést garðlagið frá landamerkjum Efri-Rauðalækjar og Árbæjar (þar sem nú er nýbýlið Heiðarbrún) og að skurði sem er á merkjum milli Árbæjar og Ölversholts. Svæðið er um 3300x50 m að stærð og snýr ANA-VSV. Garðurinn var skoðaður um 500 m NNV við sel 006. Hann er torfhlaðinn, er um 0,7 m á hæð og 1 m á breidd. Hann er gróinn en ummerki um efnistöku í hleðsluna sjást beggja vegna við garðinn. Garðurinn er vörslugarður og líklega hlaðinn á fyrri hluta 20. aldar. Óvíst er að hann nái 100 ára aldri og teljist fornleif samkvæmt lögum en hann er skráður vegna þess að hann er til vitnis um forn verklag.



Vörslugarður 012, horft til suðvesturs

Hættumat: engin hætta

RA-415:013 frásögn brunnur 63°51.895N 20°21.028V

Að sögn Lóu Jónsdóttur, heimildamanns, var hlaðinn brunnur við hesthús 003. Var þetta aðalvatnsból bæjarins að hennar sögn. Brunnurinn var 20 m suðvestan við bæ 001.
Þar sem brunnurinn var er slétt grasivaxið svæði þar sem mikið vex af njóla.
Brunnurinn er horfinn og hefur líklega verið fyllt upp í hann. Engin ummerki um hann sjást á yfirborði. Lóa mundi ekki hversu djúpur brunnurinn var.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar


RA-415:014 tóftir beitarhús 63°51.734N 20°23.883V



Tóft 014A, horft til norðvesturs



Tóft 014B, horft til norðvesturs




Beitarhúsatóftir 014

Beitarhúsatóftir eru í austanverðu Melholti, um 2,4 km vestan við bæ 001. Þær eru nú í landi Heiðarbrúnar, nýbýlis, sem byggt var á spildu sem keypt var úr landi Árbæjar 1929. Líklegt er að beitarhúsin hafi verið frá Heiðarbrún og eru þau um 1,1 km NNV við það býli. Ef það er rétt ályktað eru minjarnar ekki fornleifar samkvæmt lögum sem kveða á um að minjar þurfi að vera orðnar 100 ára til að geta talist til fornleifa. Minjarnar eru skráðar engu að síður þar sem þær eru til vitnis um forna búskaparhætti og byggingarhefð auk þess sem vafi leikur á nákvæmum aldri þeirra.
Tóftirnar eru í þýfðu holti. Umhverfis holtið er þýft deiglendi sem hefur verið framræst að miklu leyti.
Á þessum stað eru tvær tóftir á svæði sem er um 50x20 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tóft A er í suðurenda

svæðisins, neðarlega á holtinu. Hún virðist að mestu vera torfhlaðin en líklega er einnig eitthvað grjót í hleðslum. Tóftin er einföld, um 10x6 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á tóftinni til suðausturs. Mesta hleðsluhæð er um 0,6 m en ekki sést í grjóthleðslur í veggjum. Um 25 m norðan við tóft A er tóft B. Hún er uppi á holtinu og er orðin mjög óskýr og úttroðin. Tóftin er einföld og torfhlaðin. Hún er um 6x14 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki er hægt að greina veggjahleðslur í suðausturenda tóftarinnar og kann þar að hafa verið timbur- og bárujárnsþil en minjarnar bera það með sér að vera ekki mjög fornar. Mesta hæð veggja er 0,4 m. Frá suðausturenda tóftarinnar er mjó kindagata sem liggur til suðausturs.
Hættumat: engin hætta

RA-415:015 tóft 63°51.898N 20°23.861V



Tóft 015


Tóft 015, horft til norðvesturs

Tóft er í landi nýbýlisins Heiðarbrúnar, um 270 m norðan við beitarhús 014, um 2,3 km vestan við Árbæ 001 og um 1,4 m SSV við Heiðarbrún.
Tóftin er á lágum hól í þýfðu mýrlendi sem hefur verið framræst.
Tóftin er einföld og torfhlaðin en laust hellugrjót úr þaki sést inni í tóftinni. Tóftin er um 8x7 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Rof er komið í norðvesturenda tóftarinnar og eru veggir hennar útflattir, víðast um 0,3 m á hæð. Ekki er ljóst hvar inngangur hefur verið inn í tóftina. Umhverfist tóftina sést hvar torf hefur verið tekið í hana. Tóftin er ekki fornleg og er líklegt að hún tilheyri Heiðarbrún og sé því frá 1929 eða yngri. Hún er engu að síður skráð því hún ber fornum búskaparháttum vitni.
Hættumat: engin hætta


RA-415:016 garðlag túngarður 63°52.121N 20°20.675V

Garðlag sem hefur að líkindum verið túngarður utan um nýrækt er um 500 m norðaustan við bæ 001, meðfram Árbæjargili vestanverðu.
Minjarnar eru á gilbrún við túnjaðar.
Garðurinn er um 180 m langur og snýr NNA-SSV. Hann er um 0,5 m á hæð og um 0,5 m á breidd, líklega torfhlaðinn. Rof er komið í garðinn á um 22 m löngum kafla NNA við miðjan garðinn. Girðing er ofan á garðinum. Við NNA-enda garðsins er vegurinn um sveitina, Árbæjarbraut. Þar sem garðurinn endar til SSV er brött gilbrún og heldur girðingin áfram niður í gilið. Undir girðingunni í gilinu virðist vera lítilfjörleg hleðsla en ekki er um garðlag eins og það sem er ofan gilsins að ræða. Minjarnar virðast fremur ungar en eru skráðar engu að síður þar sem þær bera fornri búskapar- og byggingarhefð vitni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Túngarður 016, horft til norðurs

RA-415:017 heimild um fjárskýli
63°51.179N 20°23.121V
"Borgarvik er sunnan við bæinn Heiðarbrún. Neðan við það er Lindin. Í því var lítil borgartótt, áður en það var sléttað," segir í örnefnalýsingu. Borgarvik er um 2,2 km suðvestan við bæ 001 og um 100 m sunnan við Heiðarbrún.
Þar sem borgartóftin var er smáþýfi á flötum bakka norðvestur af Ytri-Rangá. Há og allbrött brekka er upp af svæðinu til norðvesturs.
Ekki sést til minja um borgartóftina og hafa ummerki um hana horfið við sléttunina.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Árbær, 1

RA-415:018 *Hellir* hellir fjárhús 63°51.998N 20°20.734V



Uppdráttur af fjárhúshelli 018 (Manngerðir hellar, bls. 192)

"Í Gili, sem er milli Árbæjar og Árbæjarhellis er Hellir. Hann er höggin í móberg af fyrri ábúenda jarðarinnar nálægt 1914, og er nú notaður til fjárgeymslu," segir í örnefnalýsingu. "Hellirinn í Árbæ er í lækjargili á merkjum Árbæjar og Árbæjarhellis. Hann er grafinn í sandsteinslög inn frá gilinu og inn undir túnfótinn sem þarna nær fram á gilbarminn," segir í bókinni Manngerðir hellar. Hellirinn er um 260 m ANA við bæ 001.
Hellirinn er ofarlega í gilinu á milli Árbæjar og Árbæjarhellis og er aflíðandi, grasigróin brekka neðan við hellismunnann, til vesturs.
Í bókinni Manngerðir hellar segir einnig: "Hellir þessi er haglega gert hús. Munninn er víður og fyrir honum er nýlegt bárujárnsklætt framhús með trégrind, 5 x 5 m2. Hellirinn hefur sýnilega verið notaður fyrir skepnur til skamms tíma en svo er ekki lengur. Hann er



Forskáli hellis 018, horft til VSV




Gripahellir í helli 018, horft til VSV



Heyhellir í helli 018, horft til VNV

tvískiptur í gripahelli og heyhelli. Gripahellirinn er 15 x 5 m2 auk 7 m2 útskots og 2-2,5 m há hæð. Engar jötur eru í honum né neins konar innanbúðar, nema hvað frumstæð trégrind er á milli hellishlutanna. Þegar hellirinn var höggvinn út hefur verið skilinn eftir sandsteinstallur á miðju gólfi fyrir garða. Leifar hans sjást enn ef vel er skoðað. Framarlega í gripahellinum er lítill krókur inn í vegginn, e.t.v. gerður fyrir hrúta. Gegnt hrútakróknum gengur heyhellirinn hornrétt út frá gripahellinum. Gólf hans er 0,5-1,0 m lægra en gólf gripahellisins. Í einu horni hans er brunnur, 70 cm víður, hálffullur af sandi svo dýpt hans er nú 1,5 m. Tréhleri byrgir brunninn. Baggagatið í heyhellinum er mikið mannvirki, 8-9 m eru frá gólfi og upp úr, en lofthæðin er þarna um 3,5 m. Sjálfur er hellirinn 4 x 10 m2 og sennilega yfir 100 m3. Smá upphækkun er að baggagatinu úti fyrir. Hellirinn er prýðilega staðsettur með tilliti til heyskapar og hefur verið létt verk að koma í hann töðunni, einkum þeirri sem verkuð hefur verið á vellinum við lækjargilið. Hellirinn er þurr og þrifalegur. Axar- og meitilför eru greinileg á veggjum, einkum í gripahelli." Þegar hellirinn var skoðaður á vettvangi árið 2011 var hann í góðu ástandi og forskálinn stóð þá enn. Lítillega hefur hrunið úr austurjaðri hellismunnans á milli forskála og meginrýmis hellisins og inn í heyhellinn úr baggaopinu. Að öðru leyti virðist lítið hafa hrunið í hann. Gripahellirinn snýr VSV-ANA en heyhellirinn snýr VNV-ASA. Mesta hæð innan hellisins er um 2 m.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Árbær og Árbæjarhjáleiga, 2; Manngerðir hellar, 190-191

RA-415:019 tóft+garðlag útihús 63°51.188N 20°23.075V



Tóft og hluti garðlags 019


Tóft og garðlag 019, horft til suðurs

Túngarður og áföst tóft eru um 90 m SSA við nýbýlið Heiðarbrún og um 2,2 km VSV við Árbæ 001. Minjarnar eru að öllum líkindum frá því Heiðarbrún byggðist upp á fyrri hluta 20. aldar og uppfylla ekki 100 ára viðmið fornminjalaga en eru skráðar vegna þess að þær bera fornu byggingarlagi vitni.
Minjarnar eru í gróinni brekku SSA við Heiðarbrún sem nær niður að Rangá ytri.
Minjarnar eru á svæði sem er um 105x6 m að stærð og snýr NNV-SSA. Um er að ræða túngarð A og áfasta tóft B. Túngarðurinn snýr NNV-SSA niður að Rangá eystri frá brún rima sem nýbýlið Heiðarbrún stendur á. Túngarðurinn er um 105 m á lengd, 1-1,5 m á breidd og 0,5-1 m á hæð. Hann er grasi gróinn og girðing er ofan á honum. Garðlag tengist austurvegg tóftar. Hún er 6x4 m að stærð og snýr austur-vestur. Tóftin er full af drasli. Gengið er inn í tóftina að sunnan, upp í brekkuna. Líklega er tóftin niðurgrafin að hluta til. Hún er torfhlaðin og einföld. Veggir hennar eru grónir og eru 1-1,5 m á breidd og 0,4-1 m á hæð. Tóftin hefur að öllum líkindum gegnt hlutverki útihúss.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-415:020 heimild um traðir 63°51.913N 20°21.038V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 voru traðir heim að bæ 001 sem lágu frá norðvestanverðum túnjaðri til SSA og enduðu á bæjarhlaðinu á milli hesthúss 003 og austurenda bæjarraðarinnar. Lóa Jónsdóttir, heimildamaður, mundi ekki eftir upphlöðnum, eða niðurgröfnum tröðum á þessum stað en núverandi heimreið liggur á sama stað.
Malbikuð heimreið er nú (2011) þar sem traðirnar voru og eru slétt tún báðum megin við hana.
Ekki sést til minja og er líklegt að þær hafi horfið vegna vegagerðar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917


RA-415:021 heimild um leið 63°51.886N 20°21.011V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 lá leið á milli heimatúnsins þar sem bærinn 001, kirkjan 002 og hesthús 003 voru að túnskika á Lambhúshól þar sem lambhús 004 var. Að sögn heimildamanns, Lóu Jónsdóttur, voru ekki hlaðnir veggir meðfram leiðinni en hún man eftir leiðinni sem sléttum slóða í grónum slægjulöndum á milli túnanna.
Leiðin lá yfir mýrlendi í halla til SSA í átt að Rangá ytri. Nú hefur mýrlendið verið þurrkað að miklu leyti og mikill trjágróður á svæðinu.
Ekki sést til minja um leiðina og er líklegt að hún sjáist ekki fyrir gróðri.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-415:022 heimild um kálgarð 63°51.900N 20°20.966V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var tvískiptur kálgarður fast sunnan við bæ 001.
Sunnan við kálgarða er náttúruleg brún sem þeir enduðu við. Þar sem kálgarðarnir voru er nú óræktarblettur og vestast á svæðinu er þjónustuhús fyrir kirkjuna.
Ekki sést til minja um kálgarðinn en þeir kunna að hafa horfið vegna sléttunar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-415:023 heimild um túngarð 63°52.013N 20°20.817V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var túngarður meðfram norðvestur- og VSV-hlið túnsins í Árbæ. Hann var líklega á syðri brún Skollalauta sjá RA-671:008.
Sléttuð tún eru þar sem túngarðurinn var áður.
Ekki sést til minja um túngarðurinn en hann hefur að líkindum verið sléttaður þegar túnið var fært út til norðvesturs.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-415:024 heimild um leið 63°51.925N 20°20.917V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var leið fast utan við norðausturhorn kirkjugarðs 002 sem lá norðvestur, frá túngarði 023 að óræktuðu svæði utan túns. Leiðin var um 70 m norðaustan við bæ 001.
Meint leið lá af flatlendi við túngarð 023, þar sem nú eru slétt tún og útfærsla kirkjugarðs, niður brekku á mýrlent svæði þar sem nú er órækt, grasgefið og trjárækt.
Ekki sést til ummerkja um leiðina og ekki er ljóst hvert hún lá.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1917

Túnakort fyrir Árbæjarhelli



Byggt á túnakorti frá 1917

RA-416 Árbæjarhellir

Heimajörðin 40 hdr 1708 með afbýlunum Helli og Vesturhjáleigu. JÁM I, 337. Jörðin fór í eyði 1983 þegar síðustu ábúendur fluttu burt. Jörðin er nýtt fyrir frístundabyggð og hrossabeit. Holtamannabók I, 22.
1917: Tún 3,1 ha, þar af slétt 1,4 ha, garðar 420 m² . "Landareignin öll er algróin og fremur skjólsöm, um 1/3 hluti landsins er móar og valllendi og ræktunarlandið í heild eitt hið besta í Holtahreppi." SB V, 234.

RA-416:001 *Árbæjarhellir* bæjarhóll bústaður 63°51.999N 20°20.579V




Mynd af Árbæjarhelli, líklega frá 9. áratug 20. aldar (SB V, bls. 234)



Bæjarstæði Árbæjarhellis 001, horft til norðvesturs


Gamli bærinn í Árbæjarhelli stendur enn og er um 380 ANA við Árbæ 415:001 og um 660 m norðan við Rangá ytri. Jörðin er ekki lengur í ábúð en er nýtt undir frístundabyggð og hrossabeit. Ekki hefur verið föst ábúð á jörðinni frá 1983 þegar síðustu ábúendur fluttu burt.
Bærinn er í aflíðandi brekku mót suðri og umhverfis bæinn er að mestu sléttað tún. Girt er í kringum bæinn og helli 013. Malarvegur er um 2 m austan við bæjarhúsin.



Byggingar á bæjarstæði Árbæjarhellis 001

Ekki er afgerandi bæjarhóll á bæjarstæði Árbæjarhellis. Bæjarhúsin standa ennþá en fóru illa í Suðurlandsskjálftanum árið 2000 og hefur bænum verið lokað af öryggisástæðum. Bærinn er um 36x14 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Hann er torf- og grjóthlaðinn, með timburgrind og þili. Þrjú hús eru í bæjarröðinni. Austast og vestast eru útihús og í miðjunni er íbúðarhús. Ein burst er á hverju þessara húsa. Þau snúa framgöflum til suðurs og eru þeir úr timbri og klæddir með bárujárni. Norðurgafl vestasta hússins er einnig bárujárnsklæddur timburveggur. Útihúsaburstirnar eru um 3 m á hæð en íbúðarhúsið er 3-6 m á hæð. Hlaðnir veggir eru mosa- og grasigrónir. Þeir eru 1-2 m á hæð, hæstir að húsabaki. Hlaðinn veggur er 3-6 m norðan við bæinn. Hann liggur samsíða bænum og er 30 m á lengd og 2 m á breidd. Veggurinn er gróinn en er líklega torf- og grjóthlaðinn. Hann er 0,5-1 m á hæð. Þetta eru að öllum líkindum leifar af útihúsi sem var sambyggt bænum og sést á ljósmynd í bókinni Manngerðir hellar sem er líklega tekin á 9. áratug síðustu aldar. Ekki er ólíklegt að þetta hafi verið hlaða. Líklegt er að fjós hafi verið í útihúsinu sem er vestan við íbúðarhúsið því sagt er um hellinn 013 sem er fast vestan við bæinn að gengt hafi verið úr fjósi í hellinn.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1917; Manngerðir hellar, 193

RA-416:002 þúst útihús 63°52.015N 20°20.625V



Þúst 002



Þúst 002, horft til vesturs

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 45 m NNV við bæ 001. Þar sem útihúsið var sést nú óljós þúst.
Þústin er í þýfðu túni.
Þústin er um 6x5 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er 0,2-0,4 m á hæð. Óljóst sést móta fyrir dæld í miðri þústinni sem snýr eins og hún. Dældin er um 2,5x0,5 m að innanmáli og 0,3 m á dýpt.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1917

RA-416:003 heimild um útihús 63°52.026N 20°20.549V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 55 m norðaustan við bæ 001.
Útihúsið var fast austan við veg sem liggur heim að bæ, í sléttu túni.
Ekki sést til minja um útihúsið og hefur það líklega verið sléttað í tún.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

RA-416:004 heimild um útihús 63°52.025N 20°20.530V
Samkvæmt túnakorti var útihús um 60 m norðaustan við bæ og um 15 m austan við útihús 003.
Þar sem útihúsið var er sléttað tún.
Ekki sést til minja um útihúsið og hefur það að líkindum verið sléttað í tún.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-416:005 heimild um útihús 63°52.045N 20°20.520V
Samkvæmt túnakorti var útihús um 90 m norðaustan við bæ 001.
Þar sem útihúsið var er stór hringlaga hóll í sléttu túni.
Ekki sjást skýr ummerki um útihúsið en mögulega hefur því verið ýtt saman þar sem nú er hóll í túninu en hann er um 2 m á hæð og gróinn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917



Þúst 006, horft til NNV. Útihús 005 var líklega þar sem hóllinn er á myndinni

RA-416:006 þúst útihús
63°52.030N 20°20.475V
Samkvæmt túnakorti var útihús um 100 m ANA við bæ 001 og um 50 m suðaustan við útihús 005. Þar sést ógreinileg þúst.
Þústin er í sléttu túni.
Þústin er egglaga, um 10x9 m að stærð, snýr austur-vestur. Hún er um 0,4 m á hæð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-416:007 heimild um útihús 63°52.023N 20°20.444V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 115 m austan við bæ 001 og um 30 m suðaustan við þúst 006.
Útihúsið var í sléttu túni þar sem nú er gróinn jarðvegshaugur. Sumarhús er um 60 m ANA við hauginn.
Ekki sjást neinar leifar af útihúsinu en mögulega hefur þeim verið ýtt saman í haug sem sést á sama eða svipuðum stað og útihúsið stóð áður. Haugurinn er um 13x10 m að stærð og snýr austur-vestur. Hann er aflangur og ávalur og er um 1,5 m á hæð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-416:008 *Háugötur* vegur leið 63°52.146N 20°20.332V
Samkvæmt örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar voru Háugötur neðan (sunnan) núverandi vegar, norðvestan við bæ 001. Líklega eru Háugötur heiti á ruddri leið þar sem áður hafa verið reiðgötur. Leiðin sést fyrst um 200 m norðaustan við bæ 001.
Háugötur liggja um smáþýft, fremur flatlent og gróið svæði. Á löngum kafla liggur leiðin meðfram Skollalautum 671:008.
Á vettvangi sást ruddur vegur á ríflega 1 km löngum kafla. Hann sést fyrst um 120 m austan við Árbæjargil og liggur svo að Árbæjarbraut, núverandi vegi um sveitina, til norðausturs. Suðvestast á leiðinni liggur hún suðaustan við Skollalautir á um 212 m löngum kafla. Þá liggur leiðin yfir lágina og er fast norðvestan við hana á um 350 m löngum kafla. Vegurinn er gróinn og er um 2 m á breidd innanmáls og um 0,4 m á dýpt. Hjólför sjást á veginum. Vegurinn er líklega á sömu leið um sveitina og Árbæjarbraut er nú (2012).



Háugötur 008, horft til suðvesturs

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Árbær, Árbæjarhellir, Árbæjarhjáleiga, Heiðarbrún

RA-416:009 garðlag túngarður 63°52.040N 20°20.653V


Túngarður liggur úr Árbæjargili til austurs meðfram NNV-verðu túni Árbæjarhellis. Garðurinn er um 90 m NNV við bæ 001 og um 30 m NNV við útihús 005.
Garðurinn er á flatlendu svæði þegar komið er austur úr gilinu og er sléttað tún innan við hann til SSA en smáþýfður móa utan við hann til NNV.
Garðurinn er um 170 m á lengd og snýr ANA-VSV. Á túnakorti frá 1917 sést að túngarður var meðfram norður- og vesturhliðum túnsins. Garðurinn er horfinn meðfram vesturhlið gamla heimatúnsins en túnið hefur verið fært út til vesturs. Á túnakortinu er garðurinn meðfram norðurhliðinni ekki í beinni línu eins og hann er nú (2012) heldur var vestari helmingur hans um 40 m sunnar en eystri helmingurinn. Þar sést móta fyrir eldri túngarði sem hefur verið sléttaður í tún. Túnið hefur því verið fært út á þeim hluta og er það greinilegt að vesturhluti garðsins sem skráður var er mun greinilegri og beinni en eystri hlutinn. Hann er þá frá því eftir 1917. Garðurinn er torfhlaðinn, um 1 m á hæð og breidd. Girt er ofan á garðinn.



Túngarður 009, horft til suðausturs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-416:010 tóft+garðlag beitarhús



Tóft 010B og fjárhús 010A



Tóft 010B, horft til suðurs



Fjárhús 010A, horft til SSA

Sauðahús er merkt inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar um 660 m austan við bæ 001. Þar er hús undir þaki, tóft og fleiri minjar á jarðvegsstalli í aflíðandi halla.
Minjarnar eru að mestu leyti innan sumarbústaðarlóðar og er búið að slétta í kringum þær og byggja ýmis mannvirki innan um þær.
Minjarnar eru á svæði sem er um 260x190 m að stærð og snýr norður-suður. Þar eru hús undir þaki, veggur af tóft, leifar af gerði og garðlag. Minjarnar frá bókstafi til aðgreiningar í umfjöllun. Hús A og hleðsla B eru innan gerðis C. Gerðið afmarkar nú (2012) svæði sem er um

160x80 og snýr nálega austur-vestur. Aðeins sjást leifar af því að norðanverðu og að hluta að vestanverðu en aðrir hlutar gerðisins hafa verið sléttaðir út. Gerðið er torfhlaðið og er 0,5-0,7 m á hæð og 0,5 m á breidd. Trjáplöntur vaxa á eða við innanverða norðurhlið gerðisins og víða hafa mannvirki verið reist við eða ofan á hleðslur þess. Hús A er vestarlega innan gerðis. Það er um 18x6 m að stærð og snýr norður-suður. Þak og gaflar eru bárujárnsklæddir en veggir eru úr torfi og grjóti. Húsið skiptist í hlöðu og fjárhús. Fjárhúsin eru um 11 m að lengd að utanmáli og hlaðan um 7 m að lengd. Dyr inn í fjárhús eru á norðurgafli en á suðurgafli er stór gluggi. Um 2,5 m eru upp í mæni á fjárhúsunum og um 3 m upp í mæni í hlöðu. Veggir hússins standa grónir og eru um 1,5 m á hæð. Í þeim sjást 6-12 umför af hleðslu. Húsið er nú nýtt sem geymsla. Hleðsla B er um 60 m vestan við hús A. Þar er austurveggur tóftar sem hefur verið rifin að öðru leyti. Veggurinn er um 15x2 m að stærð og snýr norður-suður. Innri brún veggja á öðrum hliðum tóftarinnar sjást ógreinilega og hefur tóftin verið um 15x7 m að innanmáli. Veggurinn er torf- og grjóthlaðinn. Hann er um 1,5 m á hæð og sjást 7 umför hleðslu. Um 7 m sunnan við norðurenda veggjarins eru skil í vegghleðslunni. Norðan við skilin er tilhöggvið móberg, 6 umför. Sunnan við skilin er þynnra grjót (blágrýti) og sumstaðar sést klömbruhleðsla úr grjóti og eru 7 umför sýnileg. Í þessum hluta er mjór stallur meðfram veggnum sem er um 0,5 m á hæð og um 0,3 m á breidd. Sennilega hefur verið jata á stallinum. Leifar af viði og þakjárni sjást efst í veggnum. Austan við vegginn, á gólffleti tóftarinnar, hefur trjám verið plantað. Garðlag D liggur frá u.þ.b. Miðjum norðurvegg gerðis C til NNA á um 130 m löngum kafla og beygir svo til norðausturs á um 78 m löngum kafla. Girt er ofan á þetta garðlag sem er 0,4-0,6 m á hæð og 1 m á breidd. Minjarnar eru líklega allar frá 20. öld og stafar þeim hætta af framkvæmdum á sumarhúsalóðinni sem þær eru nú innan.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Árbær, Árbæjarhellir, Árbæjarhjáleiga, Heiðarbrún


RA-416:011 *Tjaldlág* örnefni tjaldstæði 63°51.957N 20°19.985V
Tjaldlág er merkt inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar. Af örnefnauppdrættinum að dæma var lágin um 490 m austan við bæ 001 og um 30 m norðvestan við þúst 028.
Tjaldlág er líklega suðaustan við lága hóla (sjá 028) sem skera sig úr flatlendum og þýfðum móa. Í móanum vex lágur kjarrgróður og er hann nýttur fyrir hrossabeit.
Ekki sést til mannvirkja eða ummerkja um tjaldstæði á þessu svæði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Árbær, Árbæjarhellir, Árbæjarhjáleiga, Heiðarbrún

RA-416:012 *Borgarhóll* örnefni fjárskýli 63°51.890N 20°20.525V
"Hæð í túninu niðri við ána heitir Borgarhóll," segir í örnefnalýsingu. Borgarhóll er merktur inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar og er um 200 m sunnan við bæ 001.
Borgarhóll er suðvestast í túninu og skagar vestur í Árbæjargil. Búið er að slétta hólinn að ofan og á honum og við hann er sumarbústaðarlóð með trjágróðri og litlum sumarbústað auk undirstaðna annars húss. Sunnan hólsins er þýfð mýri.
Ekki sjást ummerki um fjárborg eða fjárskýli á hólnum og er líklegt að sléttað hafi verið úr minjunum við túnrækt.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Árbær, Árbæjarhellir, Árbæjarhjáleiga, Heiðarbrún; Ö-Árbæjarhellir, 1

RA-416:013 *Árbæjarhellishellir* hellir fjárhús 63°51.997N 20°20.603V



Krossaþrenning í Árbæjarhellishelli 013 (Manngerðir hellar, bls. 195)



Uppdráttur af Árbæjarhellishelli 013 (Manngerðir hellar, 194)

"Heima við bæinn er Hellir allmerkilegur. Stærð hans er 4x8 metrar, en hæðin nálægt 3 m. Allmikið er af gamalli áletrun í hellinum," segir í örnefnalýsingu. Hellirinn er fast norðvestan við bæ 001.
Hellirinn er í túni vestan við bæinn.
FRIÐLÝSTAR FORNMINJAR. Í Friðlýsingaskrá segir: "Hellir manngjörður rjett fyrir vestan bæjarhúsin." Í bókinni Manngerðir hellar segir: "Hellirinn í Árbæjarhelli er tvímælalaust meðal merkustu fornminja á Íslandi. Fyrst er komið inn í feiknlegan hlaðinn forskála með traustum steinþrepum ofan í hellishvelfinguna. Þar innst, á bogasveigðum gaflveggnum er höggvinn krossaþrenning í bergið; tákn krossa Krists og ræningjanna á Golgata, en undir henni er ógreinileg brík þvert yfir vegginn með máðum rúnum. Þá er fornlegt letur, bandrúnir, búmerki og fleira um hliðarveggi; blær forneskju og dulúðar andar hér um gesti. ... Í fornleifaskýrslu frá 4. ágúst 1817 segir séra Einar Þorleifsson ...: "Hellir hjá Árbæ sem brúkast til heygeymslu ..." Hellir sá sem þarna er minnst á mun vera Árbæjarhellishellir því að ekki er vitað til að á sjálfri Árbæjarjörðinni hafi verið manngerður hellir fyrr en á þessari öld. Í sóknalýsingu séra Sigurðar Sigurðssonar frá 1840, sem áður var vitnað til, er enn minnst á heyhelli á þessum slóðum en þar er hann staðsettur: "Á afbýlinu Hellir frá Árbæ ..." þar segir enn fremur "... Í hann er innangengt úr fjósinu. Hann tekur 90 hesta af heyi. Hann er 15 al. að lengd, 6 al. að vídd og 5 al. að hæð. Hann er að því leyti merkilegur, að í hann eru klappaðir stafir ..." Hellirinn er rétt vestan við bæjarhúsin á Árbæjarhelli. Matthías Þórðarson skoðaði hann 15. ágúst 1911. Þá hafði Gísli Gíslason þáverandi bóndi í Helli nýlega byggt forskálann sem enn stendur og eru hleðslur raunar í furðu góðu standi við aldur. Í staðinn fyrir hellur og torf, sem voru í þaki forskálans þegar Matthías Þórðarson kom að Árbæjarhelli, hefur verið sett bárujárn, sem nú er farið að gefa sig hér og þar. Utan frá að sjá er forskálinn heldur tilkomulítill. Dyrnar eru úr óvönduðum kassafjölum 1,0 x 0,7 m2, og á ónýtum hjörum. Inngangurinn er suður úr austurenda hellisins, en að sögn Matthíasar Þórðarsonar var áður forskáli austur og upp úr þessum sama enda, en sá var brattur og erfiður svo hann var rifinn 1906-07. Líklega hefur Gísli þá byrjað að byggja nýja forskálann. Forskálahleðslan lokar nú fyrir austurvegginn niðri, þannig að ekki sést lengur móta fyrir gamla innganginum. Matthías Þórðarson segir þrepin niður í hellinn 12, en eitt er líklega sokkið í gólf, því að nú eru þau aðeins 11 - myndarleg helluþrep. Þegar niður þau er komið gengur hellirinn hornrétt út til vinstri beinn og hvelfdur vel. Efst í rjáfrinu er hann þó sléttur eins og lárétt lagskipting í berginu gefur tilefni til, en hellirinn er grafinn í lárétt lagskipt straumvatnaset. Í innri enda hans gengur afhellir hornrétt inn til vinstri og er svo að sjá sem þar hafi verið op eða inngangur út úr hellinum. Nú er hlaðið þarna fyrir. Hellirinn er allur fornlegur en þó sjást glöggt axarför í hvelfingunni fyrir ofan 1,60 m. Þar fyrir neðan eru veggirnir nokkuð útgrafnir. Sandsteinsþykktin við stromp er 35 cm; strompurinn er kringlóttur, vel hlaðinn úr tilhöggnum sandsteini og mjókkar upp. Lág grjóthleðsla, ca 60 cm,




Árbæjarhellishellir 013. Á vinstri mynd eru tröppur niður í hellinn, horft til norðausturs. Á hægri mynd sést uppgerður forskáli hellisins, horft til NNA

gengur út á mitt gólf skammt innan við inngang og víða eru för eftir milliverk á veggjum. Árið 1911 voru höfð 50 lömb í hellinum og var þá trégarði á miðju gólfi. Hann var notaður fyrir fé fram undir 1975. Rúnir og ristingar í Árbæjarhellishelli. Einar Benediktsson kom í Árbæjarhelli laust eftir aldamótin. Í áðurnefndri grein í Fjallkonunni 1905 skrifar hann: "Í Árbæjarhelli í Holtum hefi eg fundið glöggvastar og merkilegastar rúnir, mjög blandaðar afbökuðu rómversku letri. Því miður hefur verið höggvið mikið af letri út úr þessum helli og hefur mér ekki tekist enn að lesa greinilega úr rúnunum þar, annað en skammstöfuð nöfn. Þess skal getið, að í þeim helli, eins og víðar, er rúmstæði og sæti einsetumanns höggvið út úr berginu og krossmörk víða höggvin og

meitluð í hvelfinguna". Skáldinu blandast lítt hugur um aldur og uppruna hellisins. Í rúmlega ærhæð frá gólfi, allt um kring í hellinum - hefur myndast dálítil brík, en undan helli hefur sauðfé að öllum líkindum sorfið í aldanna rás. Á gaflvegg, undir krossunum mótar fyrir letri víða á þessari brík sem nú er svo máð að það er ólæsilegt. Þarna gæti einhvern tíma hafa verið löng rúnalína, því að þeir stafir sem helst má sjá lag á líkjast rúnum. E.t.v. Er þetta hið "afbakaða rómverska letur" sem Einar Benediktsson minnist á. Matthías skráir komu sína í hellinn á suðvesturvegg hans, MÞS 15 VIII 1911. hann mældi hann upp og hripaði niður þær ristur sem hann sá. Aldursgreining hans er allt önnur en Einar gefur í skyn: "virðist mest vera frá 17.-18. öld", segir hann sjálfum sér samkvæmur um ungan aldur veggjaristinganna. Rúmstæðið eða sæti nefnir hann ekki. Nokkrum árum síðar er Kjarval í hellinum og teiknar risturnar með vísindalegri nákvæmri. Hellirinn að Árbæjarhelli er sá af þeim hellum sem Kjarval kom í sem minnst hefur breyst síðan hann var á ferð. Þar getur enn að líta nær allar þær ristur sem hann dró upp. Af myndunum fjórum sem hann teiknaði á þessum stað eru þrjár af stöfum og rúnum en ein af krossasamstæðu á hellisgafli. Þetta eru sundurleitar ristur. Vera má að einhverjar þeirra séu búmerki og fangamörk en tæplega allar og ekki verður séð á hvaða rökum Matthías Þórðarson byggir þá skoðun sína, að þær séu mest frá 17. og 18. öld. Á gaflvegg Árbæjarhellis, örlítið hægra megin við miðju í u.þ.b. mannhæð frá gólfi, er stór kross og annar minni af sömu gerð undir hægra armi stóra krossins (frá áhorfanda séð). Undir vinstri armi virðist vera leifar af öðrum krossi af minni gerðinni sem molnað hefur upp úr, sérstaklega vinstra megin. Matthías segir frá aðalkrossinum og þeim litla til hægri, en teiknar þá ekki upp. Kjarval teiknar þá hins vegar nokkuð nákvæmlega. Hvorugur virðist hafa veitt leifunum af litla krossinum til vinstri athygli. Þótt krossaþrenningin sé ólík Gengishólakrossinum er samsvörunin auðsæ. Hér, eins og á Gengishólum, er stór kross frelsarans fyrir miðju, hinum til vinstri handar er kross illvirkjans sem bað hann ásjár, en til hægri örlar á krossi hins illvirkjans, þess sem glötunin beið." Forskálinn og tröppur niður í hellinn hafa nýlega verið endurhlaðin og er allur frágangur að utan til fyrirmyndar en torfveggir í tröppum eru þó teknir að halla nokkuð inn yfir tröppurnar og hefur verið stutt við þá með spýtu. Eigandi bæjarins, Valtýr Guðmundsson, stóð fyrir framkvæmdinni. Þak yfir forskálann er með glærum plastplötum (báruplast) sem veitir birtu niður í tröppurnar. Þak með samskonar efni er yfir strompinum. Inngangurinn með þrepunum liggur norðaustur-suðvestur og er gengið inn í helli til norðvesturs. Talin voru 10 steinþrep niður í hellinn sem virðist vera í frábæru ásigkomulagi.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Árbæjarhellir, 1; ÁG Friðlýsingarskrá, 69; Manngerðir hellar, 191-196



Tóft 014

RA-416:014 *Stekkatúnshólar* tóft stekkur
63°52.422N 20°20.303V


Tóft 014 í Stekkatúnshólum, horft til vesturs

"Norður af bænum heita Stekkatúnshólar. Þar var áður fjárrétt," segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar eru Stekkatúnshólar á merkjum milli Árbæjar og Árbæjarhellis. Tóftin er um 815 m norðaustan við bæ 001.

Tóftin er í Stekkatúnshólum sem eru þýfðir sandsteinsrimar og eru rofabörð í þeim hér og hvar vegna hrossabeitar. Rimarnir snúa norðaustur-suðvestur. Deiglent er í miðri dæld milli rima um 4 m norðvestan við tóftina.

Tóftin er um 32x11 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er hlaðin upp við sandsteinsrima og hann nýttur sem norðvestur-langveggur. Veggjahleðslur eru úr sandsteini. Þær eru 2-3 m á breidd og 0,4-1 m á hæð, grasi grónar. Tóftin er tvískipt. Hólf I er í suðvesturenda og er það um 16x5 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Inngangur í tóftina er í suðvesturenda tóftar og op á milli hólfa I og II. Hólf II er um 9x5 m að innanmáli og snýr eins og hólf I.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Árbæjarhellir, 1; IE-Örnefnauppdráttur, Árbær, Árbæjarhellir, Árbæjarhjáleiga, Heiðarbrún

RA-416:015 *Brúargil* örnefni brú 63°51.997N 20°19.433V


Brúargil er um 900 m austan við bæ 001 og er það sýnt á örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar.
Efribotn og Austurbotn eru gildrög sem sameinast í Brúargili. Gilið er um 80 m á lengd og snýr nálega norður-suður. Það er alldjúpt en grynnkar mikið þegar nær dregur Rangá ytri þar sem það enda. Vatn rennur eftir gilinu.
Ekki er ljóst hvort Brúargil dregur nafn sitt af brúarmannvirki eða hvort náttúruleg brú eða ákjósanlegar aðstæður hafi verið við gilið til að komast yfir það. Ekki fundust óyggjandi minjar um brúarmannvirki við gilið en sunnarlega í gilinu, um 60 m sunnan við tóft 028 er um 2 m breið jarðvegstota á vesturbakka gilsins sem liggur til norðausturs og er um 8 m löng. Allhátt er niður af henni við bakkann en svo lækkar hún snarlega og er hægt að stökkva yfir á austurbakkann af henni en hann er nokkuð hár og brattur. Ekki er útilokað að hér hafi verið hlaðin brú yfir sem hafi rofnað en líklegra er að þetta sé náttúrulegt. Engar götur sáust við gilið.



Möguleg brú í Brúargili 015, horft til suðvesturs

Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Árbær, Árbæjarhellir, Árbæjarhjáleiga, Heiðarbrún

RA-416:016 tóft útihús 63°52.043N 20°20.659V



Tóft 016




Tóft 016, horft til vesturs

Lítil tóft er um 105 m norðvestan við bæ 001, á vesturbakka Árbæjargils um 8 m norðan við túngarð 009. Tóftin er því utan túns.
Árbæjargil er allbratt og grasigróið. Vestan við gilið er smáþýft og nokkuð flatlent.
Tóftin er einföld og líklega torfhlaðin. Hún er um 4x3 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er grafinn inn í gilbakkann að hluta en mesta hæð veggja er um 1 m. Leifar af þaki hafa hrunið ofan í tóftina. Op er á henni til austurs, og er snarbratt gilið fast austan við opið. Ekki er ljóst hvaða hlutverki tóftin þjónaði en líklegt er að hér hafi verið einvers konar útihús, ef til vill hænsnakofi. Ekki er víst að minjarnar séu a.m.k. 100 ára gamlar eins og

laganna skilgreining kveðjur á um en aldur þeirra er ekki þekktur og tóftin því látin njóta vafans.
Hættumat: engin hætta

RA-416:017 tóft rétt 63°52.044N 20°20.424V



Réttartóft 017



Réttartóft 017, horft til SSA


Stór tóft af heimarétt er um 150 m norðaustan við bæ 001.
Tóftin er á sléttri flöt innan túns sem er fast vestan við gamla heimatúnið. Sumarhús er um 25 m suðaustan við réttina og réttin virðist vera inni á lóð sem því tilheyrir þó að ekki sé girt í kringum lóðina.
Tóftin er um 14x9 m að stærð og snýr SSA-NNV. Hún er torf- og grjóthlaðin og skiptist í tvö hólf. Mesta hleðsluhæð er um 1 m og sjást 5 umför í hleðslum. Grjótið í veggjunum er þunnt hellugrjót. Hólf I er í SSA-enda, það er um 4,5x6 m að innanmáli og snýr ANA-VSV. Hólf II er í NNV-enda og er um 4x6 m að innanmáli og snýr eins og hólf I. Á milli hólfanna eru leifar af vegg sem liggja frá báðum langveggjum en opið á milli hólfanna er um 3 m á breidd. Ófúin timburgrind er meðfram veggjum í tóftinni. Það er líklega seinni tíma viðbót. Tóftin er ungleg og líklegt er að hún sé hlaðin á 20. öld en nákvæmur aldur hennar er ekki þekktur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-416:018 garðlag vörslugarður
63°52.037N 20°20.192V
Garðlag liggur á mörkum túns og mýrlendis um 325 m ANA við bæ 001.
Garðurinn er sunnan og suðvestan við tún sem er í halla mót suðri. Mýrlendi er sunnan við garðinn en það hefur verið framræst að miklu leyti.
Garðurinn er um 540 m á lengd og liggur í boga með hvössum hornum frá vestri til austurs og endar við Austurbotn, gildrag. Garðurinn er torfhlaðinn, um 1 m á hæð og breidd. Hann virðist ekki mjög gamall og hefur líklega þjónað sem vörslugarður og/eða túngarður. Girðing er ofan á garðinum og aspir vaxa fast við garðinn á kafla og ógna minjunum.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar



Vörslugarður 018, horft til austurs

RA-416:019 tóft 63°52.617N 20°19.666V
Ein ógreinileg tóft er norðan í Vatnshólum, skammt austan við Vestastavatn, um 1,4 km norðaustan við bæ 001.
Í Vatnshólum eru sumarhúsalóðir og er tóftin á næstvestustu lóðinni, hæst á miðjum hólrima. Riminn er þýfður og grasgefinn en gróin rofabörð eru víða í honum.




Tóft 019



Tóft 019, horft til norðvesturs

Tóftin er um 18x12 m að stærð og snýr suðaustur-norðvestur. Hún er tvískipt og algróin. Engar grjóthleðslur sjást í veggjum. Tóftin snýr þvert á legu hólrimans sem hún er á. Í Suðausturenda er hólf I, það er um 7x4 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Hólf II er um 4x3 m að innanmáli og snýr eins. Veggir tóftar eru signir og eru < 0,5 m á hæð. Ekki sjást op inn í tóftina eða á milli hólfa. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þessi tóft gegndi.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Árbær, Árbæjarhellir, Árbæjarhjáleiga, Heiðarbrún

RA-416:020 gerði kálgarður 63°52.027N 20°20.397V



Kálgarður 020



Kálgarður 020, horft til norðvesturs

Hlaðinn kálgarður er fast sunnan við sumarbústað um 150 m ANA við bæ 001.
Kálgarðurinn er í brekku sem hallar 2-5° til suðurs. Sléttað tún er vestan við kálgarðinn og innan hans er trjálundur.
Utan um kálgarðinn er hlaðið gerði sem er um 21x14 m að stærð og snýr VSV-ANA. Það er gróin og virðist vera torfhlaðin. Gerðið skiptist í tvö hólf og er hólf I í ANA enda um 9x5 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Ekki er op á því. Hólf II er um 12x10 m að innanmáli og snýr eins og gerði. Ekki er veggur fyrir VSV hlið og aðeins er veggur að hálfu leyti fyrir SSA-hlið hólfsins. Mesta hleðsluhæð er 1,5 m og eru hleðslur um 2 m á breidd neðst en mjókka upp og eru um 0,5 m á breidd efst. Ekkert er vitað um aldur minjanna og vel mögulegt að þær séu frá 20. öld. Þær eru þó látnar njóta vafans og því skráðar.
Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

RA-416:021 heimild um kálgarð 63°51.994N 20°20.587V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður fast sunnan við bæ 001.
Kálgarðurinn var þar sem nú (2012) er sléttað tún í aflíðandi halla til suðurs.


Ekki sést til minja um kálgarðinn og hefur hann verið sléttaður í tún.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917



Landamerkjagarður 022, horft til suðurs

RA-416:022 garðlag landamerki
63°52.433N 20°18.953V
Garðlag er á merkjum milli Árbæjarhellis og Árbakka (áður Snjallsteinshöfðahjáleiga) RA-455, um 1,6 km norðaustan við bæ 001.
Garðlagið liggur um smáþýft, flatlent mólendi. Á milli Árbæjarbrautar og Vestastavatn er malarvegur meðfram garðinum sem liggur að sumarbústöðum þar vestan við. Garðurinn sést á stuttum spotta sunnan við Árbæjarbraut en svo tekur við skurður á merkjum og hverfur garðurinn þar.
Garðurinn var skoðaður sunnan Vestastavatns en á loftmynd sést hann á löngum köflum frá hornmarki móti Ölversholtshjáleigu, Köldukinn, Austvaðsholti og Snjallsteinshöfða að skurði sunnan við Árbæjarbraut. Á milli hornmarks og skurðar eru 2,8 km og sést garðurinn á öllu því svæði fyrir utan þar sem landamerkin liggja yfir Vestastavatn á 180 m löngum kafla og mögulega er hann horfinn eða skemmdur meðfram skurði sem grafinn er á 400 m löngum kafla um 770 m norðan við Vestastavatn. Garðurinn er torfhlaðinn og er 0,5-1 m á hæð og um 1 m á breidd. Girt er ofan á hann.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

RA-416:023 tóft beitarhús 63°52.674N 20°19.492V



Beitarhúsatóft 023



Beitarhúsatóft 023, horft til suðurs

Einföld tóft er um 1,53 km norðaustan við bæ 001 og um 175 m norðaustan við tóft 019. Sauðahús voru á þessum slóðum samkvæmt örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar og er líklegt að tóftin sé af þeim.
Tóftin er á hól í norðvestast í Vatnshólum, á mörkum hóla og mýrlendis. Tóftin er innan sumarbústaðarlóðar og er trjágróður allt í kringum tóftina. Vestan og suðvestan við tóftina eru hvompur sem virðast vera gróin rofabörð eða ummerki um efnistöku. Um 5 m austan við tóftina er nýlegt skeifulaga gerði sem hlaðið er umhverfis minnismerki eða leiði.
Tóftin er torf- og grjóthlaðin og er einföld. Hún er um 9x6 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Inngangur er á norðurgafli en hann er samanfallinn að miklu leyti. Austurveggur tóftarinnar er einnig að miklu leyti hruninn. Aðrir veggir tóftarinnar standa vel og sést hluti af þekjunni efst á vesturvegg. Í henni sést timbur og grjóthellur. Mesta hleðsluhæð er 1,7 m og sjást mest 4 umför af hleðslu. Í veggjum er bæði móberg og blágrýtishellur. Ekki sést móta fyrir garða eða jötum í tóftinni. Tóftin virðist á síðustu árum hafa verið notuð sem bú fyrir börn af sumarhúsaeigendum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Árbær, Árbæjarhellir, Árbæjarhjáleiga, Heiðarbrún

RA-416:024 garðlag 63°52.044N 20°20.651V


Fornlegt garðlag sést fyrst um 100 m norðvestan við bæ 001 við Árbæjargil og liggur það um stórt svæði norðan og norðaustan við bæ.
Garðlagið liggur yfir þýfðan mosa- og grasigróinn móa á fremur flatlendu svæði.
Garðurinn liggur í L á svæði sem er um 390x715 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hann má greina við Árbæjargil við tóft 016 og liggur meðfram Skollalautum 671:008 að suðaustanverðu þar til kemur að Lymskulág eða Prestslág um 700 m norðaustan við bæ 001. Þar beygir garðurinn til NNV. Frá Árbæjargili að Lymskulág er garðurinn um 715 m á lengd en hann er horfinn á stuttum köflum vegna túnræktar og bygginga. Frá Lymskulág til NNV er garðurinn um 325 m á lengd en beygir þar til norðausturs og heldur áfram á um 60 m löngum kafla en hættir að sjást í Stekkatúnshólum 014. Þar sem garðurinn beygir til norðausturs virðist hann einnig hafa haldið áfram til NNV á um 65 m löngum kafla en það er ekki skýrt. Mögulega heldur garðurinn áfram til norðausturs norðaustan við Stekkatúnshóla en það er óljóst. Garðurinn er hlaupinn í þúfur og er víðast um 4 m á breidd. Hann er 0,3-0,6 m á hæð, líklega torfhlaðinn. Árbæjarbraut liggur í gegnum garðinn. Ekki er ljóst hvaða hlutverki garðurinn gegndi en hann virðist vera forn.



Fornlegt garðlag 024, horft til suðurs

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

RA-416:025 tóft fjárskýli 63°52.081N 20°19.190V



Tóft 025




Tóft af fjárskýli 025, horft til suðausturs

Tóft af fjárborg er um 1,15 km austur af bæ 001 á suðausturbrún Svartabakka og um 235 m norðaustur af tóft 029.
Tóftin er í smáþýfðum móa, frammi á brún jarðvegsbakka eða lítils holts. Til suðurs eru flatlendar og blautar engjar sem liggja að Rangá ytri. Uppsprettur koma undan holtinu og renna suður í ána.
Tóftin er einföld og líklega torfhlaðin. Hún hefur verið hringlaga en syðsti hluti hennar hefur sigið eða brotnað fram af holtabrúninni. Tóftin er um 18x12 m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur. Mesta hleðsluhæð er um 0,6 m en veggir eru mjög signir og eru um 3 m á breidd. Ekki sést skýrt op inn í tóftina. Fjárgötur liggja yfir hana miðja frá suðvestri til norðausturs.
Hættumat: hætta, vegna rofs

RA-416:026 tóftir beitarhús 63°52.238N 20°19.673V



Beitarhúsatóftir 026, yfirlit, horft til NNA



Beitarhúsatóftir 026

Tvær tóftir og þúst eru um 860 m norðaustan við bæ 001, önnur þeirra er að hluta til hlaðin ofan í Skollalautir 671:008 og hin er norðan við þær.
Minjarnar eru í þýfðum, grasi- og mosagrónum haga sem nýttur er til hrossabeitar. Haginn er í 2-5° halla til suðurs.
Minjarnar eru á svæði sem er um 32x20 m að stærð og snýr norður-suður. Tóft A er syðst á svæðinu. Hún er um 19x10 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er tvískipt og torfhlaðin. Hólf I er í norðurenda tóftar. Það er um 3x2 m að innanmáli, snýr norður-suður. Ógreinilegur inngangur er í suðurenda þess. Hólf II er hlaðið ofan í Skollalautum sem snúa austur-vestur um svæðið. Það er um 5x4 m að innanmáli og snýr einnig norður-suður. Líklegt er að hlaða hafi verið í hólfi II. Tóft B er um 2 m norðvestan við tóft A. Hún er um 12x7 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er torfhlaðin og tvískipt. Hólf I er í suðurenda og er það um 3x2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Ógreinilegur inngangur er í suðurenda tóftar. Hólf II er í norðurenda tóftar og er um 2x2 m að innanmáli. Ekki sést op inn í það. Mesta hleðsluhæð tófta er 0,2-0,5 m og eru veggir 2-3 m á breidd. Tóftirnar hafa látið á sjá vegna ágangs búpenings (hrossa). Þúst C er um 5 m vestan við tóft A, fast sunnan við Skollalautir. Hún er 8x5 m að stærð og snýr norður-suður. Þústin er 0,2-0,4 m á hæð og í henni miðri er gróið rof sem er 0,2-0,3 m á dýpt. Hlutverk tóftanna er ekki þekkt en miðað við gerð þeirra og fjarlægð frá bæ er sennilegt að þær séu af beitarhúsum. Við yfirferð loftmynda í tengslum við vettvangsskráningu virtust vera tóftir um 80 m suðvestan við þessar minjar en ekki sáust þær á vettvangi.
Hættumat: engin hætta



Götur 027, horft til vesturs

RA-416:027 gata leið
63°52.258N 20°19.684V
Reiðgötur sjást um 15 m norðan við tóftir 026 og um 875 m norðaustan við bæ 001. Þær eru líklega á sömu leið og Háugötur 008 og seinna Árbæjarbraut um sveitina.
Göturnar eru þýfðum og fremur sléttlendum móa sem nýttur er til hrossabeitar.
Um 10 götur sjást saman á svæði sem er 8-10 m á breidd. Göturnar eru grónar og eru 0,2-0,4 m á beidd og 0,2-0,5 m á dýpt. Leiðin liggur gróflega austur-vestur en henni var ekki fylgt eftir.




Þúst 028, horft til austurs

Hættumat: engin hætta

RA-416:028 þúst
63°51.965N 20°20.021V
Þúst er um 460 m austan við bæ 001 og um 30 m norðvestan við Tjaldlág 011.
Þústin er í lágum hólum sem skera sig samt greinilega frá umhverfinu en allt í kringum hólana er flatur, þýfður móí sem nýttur eru til hrossabeitar. Kjarrgróður vex á svæðinu.
Þústin er að líkindum að einhverju leyti náttúrulegur hóll. Hún er um 14 m í þvermál og 1,3 m á hæð, hæst í austurhluta. Þar eru mögulega veggjaleifar en það er óljóst. Fast norðan við hólinn er moldarflag. Það var þurrt þegar skráningarmaður var á ferð að en mögulega hefur verið vatnsból á þessum stað. Hóllinn sem þústin er á sker sig úr hólunum í kring að því leyti að hann er nálega þúfnalaus og er hæsti hóllinn á svæðinu.
Hættumat: engin hætta

RA-416:029 tóft 63°52.027N 20°19.455V




Tóft 029


Tóft 029, horft til suðvesturs

Einföld tóft er um 920 m austan við bæ 001, fast sunnan undir Miðholti þar sem Efribotn og Austurbotn sameinast í Brúargil 015.
Tóftin er á afar litlu undirlendi í krók á milli gildraga sem sameinast sunnan við hana í Brúargil. Norðaustan við tóftina er brött brekka upp á Miðholt.
Tóftin er einföld og líklega torfhlaðin. Ekki er útilokað að grjót sé einnig í hleðslum en tóftin er gróin og sigin. Hún er um 5x8 m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur. Tóftin er hlaupin í þúfur og er orðin óljós í norðausturenda. Inngangur hefur líklega verið á þeim enda. Veggir tóftarinnar eru um 1,2 m á breidd og 0,5 m á hæð. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt.
Hættumat: hætta, vegna rofs

RA-416:030 garðlag túngarður 63°52.057N 20°20.236V
Unglegt garðlag er um 190 m ANA við bæ 001 og um 20 m ANA við sumarhús.
Tún er beggja vegna við garðinn sem liggur eftir hæðarbrún á kafla svo og niður af henni á flatlendi.
Garðurinn er um 370 m á lengd og liggur í hlykkjum frá VNV til ASA. Líklegt er að hér sé um ungan túngarð að ræða. Hann er torfhlaðinn, 1,2 m á hæð þar sem hann er hæstur og um 1 m á breidd. Rof er komið í garðinn hér og hvar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Túnakort fyrir Árbæjarhjáleigu



Byggt á túnakorti frá 1917

RA-417 Árbæjarhjáleiga

Heimajörðin 40 hdr 1708 með afbýlunum Helli og Vesturhjáleigu. Sama og Vesturhjáleiga. JÁM I, 337-339. "Landareignin er alls 210 ha, algróin og grösug en skjóllítil." SB V, 236.
1917: Tún 2,4 ha, þar af slétt 1,2 ha, garðar 940 m² . "Þurrlendi var hér að 1/4 en nú er annað land að mestu framræst." SB V, 236.

RA-417:001 *Árbæjarhjáleiga* bæjarhóll bústaður 63°51.787N 20°21.389V



Mynd af Árbæjarhjáleigu frá 1944 (Holtamannabók I, bls. 23)



Bæjarstæði Árbæjarhjáleigu 001, horft til suðvesturs

Bær Árbæjarhjáleigu var fast norðan við íbúðarhús Kristins Guðnasonar og Marjolyn Tiepen sem heitir Árbæjarhjáleiga II. Hann var rifinn fyrir fáum árum og einu ummerkin um hann eru steyptur kjallari sem tyrft hefur verið yfir. Á honum stóð timburhús sem var endurbyggt 1967-68. Bæjarhóll er ekki sýnilegur á bæjarstæðinu og engar upplýsingar fengust um eldri gerð bæjarins.
Bærinn var frammi á hæðarbrún en niður af henni hallar til suðausturs að Ytri-Rangá.
Ekki sjást leifar af bæjarhól í Árbæjarhjáleigu og óvíst að hann hafi náð að myndast. Ætla má að eldri minjar um búsetu á staðnum hafi raskast við gerð kjallara á bæjarstæðinu og vegna niðurrifs gamla bæjarins og byggingar nýs húss litlu sunnar. Að sögn heimildamanns, Kristins Guðnasonar, voru 20. aldar útihús norðvestan við bæinn


rifin í kringum árið 2000 og önnur byggð í staðinn.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1917

RA-417:002 heimild um útihús 63°51.779N 20°21.410V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús og áfastur kálgarður fast suðvestan við bæ 001. Minjarnar voru fast sunnan við bæinn og frammi á hæðarbrún.
Útihúsið var líklega á svipuðum slóðum og íbúðarhús Árbæjarhjáleigu II er nú (2012). Mikið rask hefur átt sér stað í námunda við gamla bæinn vegna niðurrifs og nýbygginga.
Ekki sést til minja um útihús eða kálgarð og er líklegt að búið hafi verið að slétta þær í tún eða að þær hafi horfið vegna niðurrifs. Kálgarðurinn sést á ljósmynd af bænum frá 1944 í Holtamannabók I.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917; Holtamannabók I, 23

RA-417:003 heimild um útihús 63°51.790N 20°21.426V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús fast norðvestan við bæ 001 og var kálgarður áfastur því sem náði að túngarði.
Líklegt er að minjarnar hafi verið þar sem nú er slétt malarplan.
Ekki sést til minja um útihús eða kálgarð og hafa þær líklega horfið vegna sléttunar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1917

RA-417:004 heimild um útihús 63°51.758N 20°21.592V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 190 m VNV við bæ 001.
Útihúsið var líklega á hæð í túni norðvestan við sumarbústaðarlóð (Árbæjarhjáleigu I)
Ekki sést til minja um útihúsið en líklegt er að minjar um það leynist undir sverði í allháum hól í túni sem er ekki sleginn.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1917

RA-417:005 *Þorleifstættur* þúst beitarhús 63°51.920N 20°23.122V



Þústir 005


Þústir 005, horft til austurs

"Uppi í heiðinni í suðvestur frá Árbæjarhjáleigu er hóll, sem heitir Litlihóll. Í mýrinni norður af honum er hóll, sem heitir Skurðahóll. Suðvestur af honum eru rimar í mýrinni, sem, heita Þorleifstættur," segir í örnefnalýsingu. Þorleifstættur eru um 1,4 km VNV við bæ 001.
Minjarnar eru á lágum rima í framræstri mýri á flatlendi. Svæðið er nýtt til beitar.
Minjarnar eru á svæði sem er um 40x10 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Á því sjást tvær niðurtroðnar þústir sem eru grasigrónar og þýfðar. Þúst A er um 12x10 m að stærð og snýr VNV-ASA. Í henni sjást tvær óljósar dældir sem eru um 0,3 m á dýpt. Þær eru hvor um sig um 2x4 m að innanmáli og snúa SSV-NNA. Þústin er líklega úr torfi og er hún 0,5-1 m á hæð. Þúst B er um 20 m suðvestan við A. Hún er um 10x7 m að stærð, snýr

norðaustur-suðvestur. Hún er líklega úr torfi og er 0,5-0,8 m á hæð. Í henni sést ein óljós dæld sem er um 4x2 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Ætla má að Þorleifstættur séu leifar af beitarhúsum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Árbær og Árbæjarhjáleiga, 3

RA-417:006 *Guddutótt* tóft bústaður 63°51.731N 20°21.439V
"Sunnan við Pínu niður með ánni heitir Hjáleigustykki. Mýrin þar fyrir ofan heitir Stallamýri. Í rima í mýrinni er tóttarbrot, sem heitir Guddutótt, kennd við einsetukonu, sem þar á að hafa búið," segir í örnefnalýsingu. Guddutótt var á milli Árbæjarvaðs 008 og bæjar 001, um 110 m suðvestan við bæ 001.
Sléttað tún er á hjalla þar sem tóftin var.
Ekkert sést til tóftarinnar og er líklegt að sléttað hafi verið úr henni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Árbær og Árbæjarhjáleiga, 3

RA-417:007 *Vagnvað* heimild um vað 63°51.774N 20°21.726V
Samkvæmt örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar var Vagnvað á eða við Árbæjarbraut um 275 m vestan við bæ 001.
Árbæjarbraut er malbikaður vegur á þessum slóðum. Reiðstígar eru beggja vegna við veginn, svo taka við tún á flatlendi.
Líklegt er að Vagnvað hafi verið á leið 671:008 yfir lænu sem áður rann á þessum slóðum. Ekki sjást ummerki um vaðið á vettvangi og hefur það líklega farið undir veg eða reiðstíga.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Árbær, Árbæjarhellir, Árbæjarhjáleiga, Heiðarbrún

RA-417:008 *Árbæjarvað* heimild um vað 63°51.433N 20°21.598V
Á Herforingjaráðskorti er merkt reiðleið RA-661:030 frá Helluvaði RA-307 til norðausturs að Árbæjarvaði yfir Rangá ytri að Árbæ RA-415 norðan við ána. Árbæjarvað er um 680 m SSV við bæ 001.
Vaðið er við sendinn, sléttlendan árbakka sem er 0,5-1 m á hæð. Áin er straumhörð og um 100 m á breidd á þessum stað. Aðeins er fært yfir sandhólma sem er í miðri á.
Engar götur eru sýnilegar í landi Árbæjarhjáleigu á leið RA-661:030 sem vaðið er á sést en auðfært gil er á suðurbakka árinnar í landi Helluvaðs. Nú (2012) er sendinn vegslóði sem liggur út í áðurnefndan sandhólma.
Hættumat: engin hætta


Árbæjarvað 008, horft til SSV

RA-417:009 *Hjáleiguvað* frásögn vað 63°51.408N 20°21.863V
Samkvæmt Kristni Guðnasyni, heimildamanni, var vað litlu norðan við Árbæjarvað 008 sem hann hafði heyrt kallað Hjáleiguvað. Vaðið er um 220 m vestan við Árbæjarvað 008 og um 800 m suðvestan við bæ 001.
Vaðið er við mosagróna áreyri sem er tengd árbakkanum með litlum stíg í tengslum við fiskeldi.
Bakkinn í landi Árbæjarhjáleigu er grasigróinn og 2-3 m á hæð en lækkar til vesturs. Ekki er ómögulegt að komast niður af bakkanum en hann er í 45° halla. Áin er straumhörð á þessum stað og um 200 m breið. Sléttað tún er á nyrðri bakkanum og þar sést ekki til gatna. Óljósar götur sjást hinum megin árinnar á suðurbakka í landi Helluvaðs. Líkega hefur þetta vað verið á sömu leið og Árbæjarvað 008 eða leið RA-661:030.
Hættumat: engin hætta

RA-417:010 *Gamlatótt* heimild 63°51.602N 20°22.278V
Samkvæmt örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar var Gamlatótt fast norðvestan við Árbæjarbraut skammt suðvestan við Litlahól. Gamlatótt var líklega um 800 m suðvestan við bæ 001.
Gamlatótt var fast ofan við Árbæjarveg milli vegar og túns.
Gamlatótt er horfin, líklegast vegna vegagerðar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Árbær, Árbæjarhellir, Árbæjarhjáleiga, Heiðarbrún

RA-417:011 heimild um fjárhús 63°51.727N 20°21.762V

Samkvæmt örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar voru ærhús á milli Litlahóls og Vagnvaðs 007. Á sama eða svipuðum stað eru fjárhús frá 20. öld sem enn eru í notkun. Að sögn Kristins Guðnasonar, heimildamanns, hafa lengi verið fjárhús á þessum stað og líklegt að ærhúsin sem merkt eru á örnefnauppdráttinn séu á sama stað og fjárhúsin og hafi verið um 325 m VSV við bæ 001.

Fjárhúsin eru í suðvesturenda túns fast sunnan við Árbæjarbraut.

Engar minjar um eldri hús sjást á vettvangi og hafa þær væntanlega horfið vegna bygginga á sama stað.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Árbær, Árbæjarhellir, Árbæjarhjáleiga, Heiðarbrún

RA-417:012 garðlag túngarður 63°51.804N 20°21.609V

Unglegur túngarður sést á tveimur stöðum við túnjaðar fast suðaustan við Árbæjarbraut. Hann sést fyrst um 180 m norðvestan við bæ 001. Túngarðurinn er nokkuð utan við gamla heimatúnið sem hefur verið stækkað mikið frá því túnakortið frá 1917 var gert. Túngarðurinn nær því líklega ekki 100 ára aldri og er því ekki fornleif í lagalegum skilningi en er engu að síður skráð þar sem í honum felst vitnisburður um fornt verklag.




Túngarður 012, horft til SSV

Garðurinn er á flatlendu svæði suðaustan við Árbæjarbraut.

Garðurinn er torfhlaðinn og víðast gróinn. Hann sést á tveimur stöðum á svæði sem er um 200x230 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Annars vegar sést hann á um 210 m löngum kafla meðfram Árbæjarbraut þar sem hann snýr suðvestur-norðaustur, hins vegar sést hann á um 24 m löngum kafla við suðvesturenda túnsins þar sem hann snýr NNV-SSA. Meðfram Árbæjarbraut er garðurinn 1,2 m á hæð og 1 m á breidd og er girðing ofan á honum. Við túnendann er garðurinn illa farinn vegna ágangs búpenings og er hann þar 0,3-1 m á hæð og 1,5 m á breidd.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

RA-417:013 þúst útihús 63°51.781N 20°21.538V



Þúst 013



Þúst 013, horft til norðurs

Stór þúst er í gamla heimatúninu sem nú er hluti af stærra túni, um 130 m vestan við bæ 001.

Þústin er óslegin í miðju túni sem er nokkuð flatlent en þó eru mishæðir í því í næsta nágrenni við þústina.

Þústin er um 24x12 m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur. Mesta

hæð þústarinnar er um 1,3 m og er hún gróin og grasgefin. Í norðausturenda hennar mótar óljóst fyrir hólfi sem er um 1x1 m að innanmáli. Líklegt er að þarna séu leifar af útihúsi en það er ekki sýnt á túnakorti og gæti verið yngra en það en ekki er útilokað að það sé eldra en hafi verið komið úr notkun þegar túnakortið var gert 1917.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-417:014 heimild um túngarð 63°51.800N 20°21.447V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var túngarður meðfram öllum hliðum túnsins í Árbæjarhjáleigu nema meðfram suðurhliðinni. Túngarðurinn afmarkaði tún sem var um 350x120 m að stærð, breiðast í norðausturenda.
Gamla túnið er á nokkuð harðlendri brún norðvestan við Ytri-Rangá og í aflíðandi brekku suðaustan undir henni.
Ekki sést til minja um túngarð umhverfis gamla heimatúnið og hefur líklega verið sléttað úr honum þegar túnið var stækkað.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-417:015 heimild um traðir 63°51.799N 20°21.426V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 lágu traðir frá túnjaðri í norðri, suður að bæ 001. Öll ummerki um traðir eru horfin en ekki er vitað hvort traðirnar voru hlaðnar eða niðurgrafnar.
Malarvegur liggur að núverandi íbúðarhúsi á svipuðum stað og traðir voru áður. Svæðið er nokkuð flatlent.
Ekki sést til minja um traðirnar og hafa þær líklega horfið vegna sléttunar eða vegagerðar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-418 Gilsbakki

1847: Hjáleiga Árbæjar, 5 h. Að dýrleika. JJ, 43.

RA-418:001 *Gilsbakki* bæjarhóll bústaður 63°51.995N 20°20.784V

"Upp með Gili voru lengi tættur, sem sagt er, að verið hafi bær, og heitir Gilsbakki, en ekki er þess getið í Jarðabók Árna Magnússonar," segir í örnefnalýsingu. Gilsbakki var að öllum líkindum um 240 m norðaustan við Árbæ 415:001 en á túnakorti Árbæjar frá 1917 eru merktir kálgarðar á þessum stað. Lóa Jónsdóttir, heimildamaður, benti einnig á þennan stað af loftmynd.

Bærinn var þar sem Árbæjartún rís hæst í norðausturenda. Skollalautir RA-671:008 eru norðan við bæjarstæðið og há brún er fram af túninu til suðurs.


Bærinn er kominn í tún og er skjólbelti úr trjám meðfram norðurenda túnsins. Ekki sést móta fyrir bæjarhól á þessum stað. Mögulega er búið að slétta hann í tún en óvíst er að hann hafi náð að safnast upp vegna fremur skammrar búsetu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Árbær og Árbæjarhjáleiga, 2



Bæjarstæði Gilsbakka 001, horft til norðausturs



RA-447 Heysholt

10 hdr., 1708, Skálholtskirkjueign. JÁM I, 311. "Jörðin er um 284 ha að stærð og skiptist í uppgróið Þjórsárhraun, valllendi og mýrar." SB V, 185. Ekki er föst ábúð á jörðinni en hrossabeit er á vesturhluta jarðarinnar þar sem einnig er heilsárshús. Á austurhluta jarðarinnar er nýbýlið Stekkjarhóll og er ferðaþjónusta stunduð þar.
1708: "Engjaplátsi, sem var, hefur vatn spilt og rót úr eytt, so nú verður ekki til slægna brúkað." JÁM I, 311
1917: Tún 3,4 ha, sléttað 1 ha, garðar 455 m².

RA-447:001 *Heysholt* bæjarhóll bústaður 63°58.688N 20°15.569V




Mynd af Heysholti frá 1944 (Þykkskinna I, bls. 55)



Bæjarstæði Heysholts 001, horft til norðurs

Á ljósmynd í Þykkskinnu I frá 1944 er mynd af gamla bænum í Heysholti. Núverandi bær stendur á sama stað og gamli bærinn og er útlit þeirra svipað. Nýja bæinn byggði Guðmundur M.J. Björnsson, heimildamaður 2005, en Guðmundur er eigandi að stórum hluta jarðarinnar. Vesturhluti gamla bæjarins fauk í óveðri í febrúar 1981 en gamla baðstofan stendur enn og er hluti af húsunum sem voru byggð 2005. Hún er önnur frá vestri í


bæjarröðinni. Gamla fjósið var vestast en það er horfið. Ekki er föst ábúð í Heysholti. Guðmundur Björnsson nýtir bæinn sem heilsárshús og nýbýlið Stekkjarhóll er á austurhluta hennar.
Bærinn er á austurbrún náttúrulegs holts. Austan við hann er brekka sem hallar til ASA og er 10-15 m há og brött. Mikið rask hefur átt sér stað umhverfis bærinn. Þar eru 20. aldar byggingar, slétt malarplan og vegur.
Ekki sést afgerandi bæjarhóll á bæjarstæðinu. Núverandi bæjarhús eru 50x20 m að stærð og snúa norðaustur-suðvestur. Húsin náðu lengra til suðvesturs, þar var fjós sem fauk í febrúar 1981. Þegar skrásetjarar voru á ferð í september 2011 var opin lagnaskurður þar og sást glitta í hellugrjót og hleðslusteina í honum. Hann sneri norður-suður. Skurðurinn var 1 m á dýpt og 0,2 m á breidd. Í suðurenda skurðarins sást ekki grjót. Uppsöfnuð mannvistarlög sjást þar sem fjósið var og eru þau 0,4 m á hæð. Ekki sést til annarra mannvistarlaga, brött brekka er fyrir sunnan bæinn, slétt malarplan norðan hans og útihús frá 20. öld byggð við norðausturendann. En mannvist er undir sverði líkt og sést í lagnaskurðinum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917; HH: Þykkskinna 1, 55



Byggingar á bæjarstæði Heysholts 001

RA-447:002 heimild um útihús 63°58.679N 20°15.662V
Útihús er merkt 80 m vestan við bæ 001 og 60 m sunnan við útihús 003 á túnakorti frá 1917.
Þar sem útihúsið var er hólrimi. Þar eru mörk grasivaxið túns og skjólbeltis sem plantað var umhverfis bæinn. Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-447:003 tóft+garðlag útihús 63°58.712N 20°15.628V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús fast við túngarð um 60 m norðvestan við bæ 001. Þar er enn greinileg tóft auk fleiri minja og túngarðurinn sést enn á nokkrum stöðum en afgirtur nátthagi er sambyggður túngarði.
Tóftin er á mörkum túns og smáþýfðs móa.
Minjarnar eru á svæði sem er um 340x190 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í umfjöllun hér á eftir. Samkvæmt túnakorti afmarkaði túngarður tún sem var um 340x160 m að stærð og sneri norðaustur-suðvestur. Leifar af túngarði A sjást á svæði sem er um 320x140 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Garðurinn er skýrastur suðaustan við bæinn neðan við holtið sem bærinn er á. Eins er hann greinilegur við norðausturenda túnsins en túnið hefur verið fært út um 50 m í þá átt frá því túnakortið var gert og er því garðurinn þar yngri en túnakortið. Lítilsháttar leifar af garðinum sjást svo um 60 m norðvestan við bæ þar sem útihúsatóft er áföst honum. Túngarðurinn er torf- og grjóthlaðinn og sjást 4 umför í hleðslum á einum stað við heimreiðina. Gerði B umhverfis nátthaga er samsíða norðvesturhluta túnsins, á milli túngarðs og malarvegar



Tóftir við utanverðan túngarð 003



Á vinstri mynd eru tóft 003D og kantur E í forgrunni, tóft C er fjær, horft til NNA. Á hægri mynd er Tóft 003C bak við tré sem eru innan gamla túnsins, horft til norðvesturs


heim að Flagbjarnarholti. Nátthaginn er um 140x75 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hann virðist vera eingöngu torfhlaðinn. Mesta hæð garðhleðslna er um 1,2 m. Aðrir hlutar túngarðs hafa líklega horfið vegna sléttunar. Tóftin C er einföld, torf- og grjóthlaðin. Hún er 8x7 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Inngangur er í suðurhorni. Þak hefur hrunið ofan í tóftina. Mesta hleðsluhæð er um 1,6 m og sjást 7 umför hleðslu. Tóftin hefur orðið fyrir raski, m.a. annars vegna ágangs hrossa sem hafa nuddað sér utan í hana. Tóftin virðist vera áföst túngarði en hann er grjóthlaðinn næst tóft til suðvesturs og er óvönduð hleðsla þar, líklega ungleg viðgerð. Hann er um 1,2 m á hæð en lengra frá tóftinni til suðvesturs er túngarðurinn gróinn og lægri, um 0,7 m á hæð. Hann liggur að stórri grjóthrúgu við nýtt tún, utan þess gamla. Lítil tóft D er áföst utanverðum túngarði, um 11 m suðvestan við tóft C. Hún er um 4x4 m að stærð, einföld. Mesta hleðsluhæð er um 0,3 m. Fast norðaustan við tóft er kantur E sem er um 5x4 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Umhverfis er niðurtroðið af hrossum. Hann er um 0,3 m á hæð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-447:004 heimild um útihús 63°58.714N 20°15.610V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 50 m norðvestan við bæ 001.
Útihúsið var líklega þar sem nú (2011) er girðing umhverfis lóð og skjólbelti innan gamla túnsins á flatlendi skammt frá túnmörkum.
Ekki sést til minja um útihúsið og er líklegt að það hafi verið sléttað í tún.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-447:005 heimild um útihús 63°58.748N 20°15.588V
Útihús er merkt 115 m norðaustan við bæ 001 og 90 m austan við útihús 004 á túnakort frá 1917. Útihúsið er horfið, líklega vegna sléttunar.
Þar sem útihúsið var er slétt tún með náttúrulegum hólrimum.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-447:006 heimild um útihús 63°58.773N 20°15.597V
Útihús er merkt 160 m austan við bæ 001 og 80 m austan við útihús 003 á túnakort frá 1917. Það er horfið en líklega var það á hól sem er 30 m í þvermál og 0,5 m á hæð.
Grasivaxið og slétt tún er þar sem útihúsið var.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-447:007 hús hrútakofi 63°58.681N 20°15.533V
Útihús úr torfi sést á ljósmynd í Sunnlenskum byggðum V. Líklega er myndin tekin um miðja 20. öld en hún er ekki ársett. Það er tæpum 40 m austan við bæ 001 og traðir 022 liggja fast norðan þess. Að sögn Guðmundar



Hrútakofi 007




Hrútakofi 007, horft til norðurs

M.J. Björnssonar, heimildamanns, var þetta hrútakofi sem stendur enn. Útihúsið er ekki sýnt á túnakorti frá 1917 og líklega yngra. Guðmundur ætlar að rífa húsið niður og byggja nýtt í staðinn á næstu árum. Tæpum 2 m sunnan við hrútakofann er malarvegur að bæ 001. Hrútakofinn er neðst í brekku sem hallar til austurs frá bæ 001. Brekkan er grasivaxin og slétt.

Hrútakofinn er 7x5 m að stærð og snýr austur-vestur. Hann skiptist í tvö hólf og eru bæði undir þaki. Hólf 1 er austar. Það er 4x4 m að stærð og suðurhliðin úr bárujárni. Þar eru dyr og gluggi sem fyllt er upp í. Hún 2,3 m á hæð og rauðmáluð. Aðrir veggir eru 1,4 m á hæð og sjást 7 umför af grjóthleðslu í þeim. Torfþak er yfir hólfinu. Ekki var hægt að fara inn, hurðin var læst. Hóflið er byggt inn í suðurvegg traða 021. Hólf 2 er vestar. Það er 4x3 m að stærð og snýr norður-suður. Það nær 1 m lengra til suðurs en hólf 1. Dyr eru á miðri suðurhlið en þakið hrunið. Veggirnir eru 1,4 m á hæð og hvergi sést glitta í grjóthleðslu vegna gróðurs. Hólfið er byggt inn í brekku til norðurs. Húsið er skráð þó að það sé ekki nógu gamalt til að teljast til fornleifa af því að það er byggt samkvæmt fornri byggingarhefð.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: SB V, 185

RA-447:008 *Stekkjardæla* örnefni stekkur 63°58.792N 20°14.851V
"Austan við Krókadælur er Stekkjardæla. Hún er á mörkum Heyholts og Minni-Vallar. ... Austur frá ærhúsinu [009], en suðaustur frá Stekkjardælunni er stór allstrýtumyndaður hóll, er kallast Stóri-Stekkjarhóll. Norðan við hann er lítill grýttur hóll með vörðu [010], nefnist hann Litli-Stekkjarhóll. Hann er á mörkum Heyholts og Minni-Valla," segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað hvar stekkurinn sem örnefnin draga nafn sitt af var en ekki er ólíklegt að hann hafi verið norðvestan við Stóra-Stekkjarhól, sunnan við Stekkjardælu, um 615 m austan við bæ 001.
Norðvestan við Stóra-Stekkjarhól er flatlent og sléttað tún sem nýtt er sem beitarhólf. Meðfram Stóra-Stekkjarhól að norðvestanverðu hefur miklu verið raskað vegna byggingarframkvæmda og vegagerð í tengslum við ferðaþjónustu á nýbýlinu Heimalandi.
Engar stekkjarleifar eru norðvestan við Stóra-Stekkjarhól og nákvæm staðsetning hans er ókunn. Ekki er útilokað að stekkurinn hafi verið þar sem beitarhús 009 byggðust síðar upp en dæmi eru um að beitarhús séu reist á gömlum stekkjum.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Heysholt, 1

RA-447:009 þúst beitarhús 63°58.750N 20°14.972V
"Austan við Krókadælur er Stekkjardæla [sjá 008]. Hún er á mörkum Heyholts og Minni-Vallar. ... Austur frá ærhúsinu, en suðaustur frá Stekkjardælunni er stór allstrýtumyndaður hóll, er kallast Stóri-Stekkjarhóll. Norðan við hann er lítill grýttur hóll með vörðu, nefnist hann Litli-Stekkjarhóll [010]. Hann er á mörkum Heyholts og Minni-Valla," segir í örnefnalýsingu. Ærhúsin voru um 500 m austan við bæ 001. Umhverfis þau var gerði sem afmarkaði líklega tún.
Minjarnar eru í hæðóttum móa en til norðvesturs er tún sem nýtt er til beitar. Um 20 m suðaustan við minjarnar eru vegur að nýbýlinu Heimalandi.
Minjarnar eru á svæði sem er um 100x50 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þar er þúst og gerði og er



Þúst og gerði 009




Þúst og gerði 009, horft til austurs

hverju mannvirki gefinn bókstafur til aðgreiningar í lýsingu. Í suðurhorni svæðisins er stór þúst A þar sem beitarhúsin voru, fast norðan við garðinn B sem afmarkar svæðið til allra átta nema norðvesturs. Þústin er um 22x18 m að stærð, snýr nánast austur-vestur. Hún er um 1,5 m á hæð. Í suðurhluta er um helmingur þústarinnar sléttur og nánast ekkert grjót sýnilegt. Tvær dældir sjást þar, annars vegar dæld I sem er um 2x3 m að innanmáli og snýr suðvestur-norðaustur. Hins vegar dæld II sem er um 3x4 m að innanmáli og snýr suðaustur-norðvestur. Hún er ógreinileg. Dæld I er um 0,3 m á dýpt, en sú dæld II er aðeins um 0,1 m á dýpt. Gerðið sem afmarkar svæðið er mjög eytt af troðningi hrossa og norðvesturveggur þess horfinn, líklega vegna sléttunar. Garðurinn er um 0,7 m á breidd og 0,5-1 m á hæð. Hann er víðast torfhlaðinn en á stöku stað sést í grjót. Við fyrstu sýn mætti ætla að garðlag sambyggt þessu gerði liggi til vesturs úr suðurhorni en á einum stað sést í ónýtt hitaveiturör/vatnsrör í rofi þannig að ekki virðist vera um garðlag að ræða við nánari athugun.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Heysholt, 1

RA-447:010 heimild um landamerki 63°58.816N 20°14.760V
"Austan við Krókadælur er Stekkjardæla [sjá 008]. Hún er á mörkum Heyholts og Minni-Vallar. ... Austur frá ærhúsinu [009], en suðaustur frá Stekkjardælunni er stór allstrýtumyndaður hóll, er kallast Stóri-Stekkjarhóll. Norðan við hann er lítill grýttur hóll með vörðu, nefnist hann Litli-Stekkjarhóll. Hann er á mörkum Heyholts og Minni-Valla," segir í örnefnalýsingu. Varða á Litla-Stekkjarhól var um 475 m suðaustan við Mýrarvörðu 014 og um 700 m austan við bæ 001.
Varðan var að líkindum norðaustarlega á hól í hæðóttum móa. Íbúðarhús sem tilheyrir nýbýlinu Heimalandi er um 30 m sunnan við staðinn þar sem varðan var, á milli Litla- og Stóra-Stekkjarhóls.
Ekki sést til vörðunnar en líklegt er að hún hafi verið þar sem merkjagirðing liggur nú (2011). Þar er stórgrýti á hólnum sem stendur upp úr sverði. Vera má að grjót úr vörðunni hafi verið notað til að hlaða undir girðingu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Heysholt, 1

RA-447:011 gerði kálgarður
63°58.321N 20°14.951V
Tvö gerði eru um 830 m suðaustan við bæ 001, um 30 m vestan við veg sem liggur að malarnámu skammt frá.
Minjarnar eru á svæði sem hefur blásið upp en er nú nokkuð gróið, mishæðótt hraun.
Gerðin eru á svæði sem er um 70x20 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þeim eru gefnir bókstafir til aðgreiningar í lýsingu. Gerði A er í suðvesturenda svæðisins. Það er grjóthlaðið, einfalt, og er um 15x11 m að stærð og snýr suðaustur-norðvestur. Ekki sést op á því. Mesta hleðsluhæð er um 0,6 m og sjást 3 umför af hleðslu. Gerði B er um 45 m norðaustan við gerði A. Það er líka grjóthlaðið og einfalt. Það er hlaðið á hól og hallar mót suðaustri. Það er um 15x10 m að stærð og snýr suðaustur-norðvestur. Ekkert sýnilegt op er á því. Mesta hleðsluhæð er um 1 m og sjást 4 umför af hleðslu. Stórt bjarg er í norðurhorni gerðisins. Innan beggja gerðanna er gróið og grasgefið og bendir það, ásamt legu þeirra til



Gerði 011



Gerði 011A er á vinstri mynd og gerði 011B er á hægri mynd, horft til norðvesturs á báðum myndum

þess að þeir hafi afmarkað kálgarða eða kartöflugarða. Það er hins vegar óvenjulegt að kálgarðar séu í grónu hrauni og ekki útilokað að gerðin hafi haft annað hlutverk.
Hættumat: engin hætta

RA-447:012 *Gamli-Stekkjartúnshóll* garðlag vörslugarður 63°58.346N 20°15.828V



Garðlag 012 við Gamla-Stekkjartúnshól, horft til norðvesturs

"Mýrin framan við túnið heitir Kríumýri. Framan við Kríumýrina er strýtumyndaður hóll, sem heitir Gamli-Stekkjartúnshóll. Þar er gamalt garðbrot," segir í örnefnalýsingu. Garðbrotið er um 670 m sunnan við bæ 001.
Garðbrotið er hæðóttum móa en mýrlendi er til norðvesturs.
Garðurinn liggur í sveig frá Gamla-Stekkjartúnshól í suðaustri til vesturs. Hann er um 30 m á lengd, 0,3 m á hæð og 2-3 m á breidd. Hann er gróinn og líklega torfhlaðinn. Sléttur völlur er á milli hóls og garðs sem liggur eftir lágum hólrana. Á vellinum er lág bunga þar sem stekkur kann að hafa verið en staðsetning stekkjar á þessum slóðum er ekki þekkt. Hins vegar gefur örnefnið Gamli-Stekkjartúnshóll það sterklega til kynna að slíkt mannvirki hafi verið í grennd við hann.
Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Heysholt, 1

RA-447:013 *Markvarða* heimild um landamerki 63°58.226N 20°16.143V
Landamerki: "Að vestan úr svonefndri Markavörðu í Vallartanga til norð-norðvesturs í Steinarima, sem er hornmark Heyholts, Þúfu og Flagbjarnarholts. Að norðvestan úr Steinarima til norðausturs í Rauðhól og þaðan ívið meir norður á við í Smyrilshól, sem er hornmark Heysholts, Flagbjarnarholts og Minnivalla. Að norðaustan úr Smyrilshól til suð-suðausturs í Mýrarvörðu [014], þaðan meir til suðausturs yfir suðvesturenda Leirtjarnar í Litla-Stekkjarhól, og úr honum til suð-suðausturs í Moshól í ytri jaðri Stóruvallaheiðar; en þar er hornmark Heysholts, Minnivalla, Tjörvastaða, Bjalla og Lækjarbotna. Að suðvestan er markalínan úr Moshól til vest-norðvesturs í Jaðarsvörðu [015] og þaðan nokkru norðan en til vesturs í Markavörðu á Vallartanga, en það er hornmark Heysholts, Lækjarbotna og Þúfu." Markvarða var um 970 m suðvestan við bæ 001.
Markvarða var að líkindum í hæðóttum móa þar sem þrjár girðingar mætast á sverum tréstaur.
Ekki sést til minja um vörðuna en ef til vill hefur hún verið rifin þegar tréstaurinn var settur niður.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Heysholts viðb., 1

RA-447:014 *Mýrarvarða* varða landamerki 63°59.004N 20°15.160V
"Mýrarvarða er í mörkum með Minnivöllum, skammt norðvestur af Leirtjörn en norðaustur af Litlutjörn," segir í viðbótum við örnefnalýsingu. Landamerki: "Að vestan úr svonefndri Markavörðu í Vallartanga [013] til norð-

norðvesturs í Steinarima, sem er hornmark Heyholts, Þúfu og Flagbjarnarholts. Að norðvestan úr Steinarima til norðausturs í Rauðhól og þaðan ívið meir norður á við í Smyrilshól, sem er hornmark Heysholts, Flagbjarnarholts og Minnivalla. Að norðaustan úr Smyrilshól til suð-suðausturs í Mýrarvörðu, þaðan meir til suðausturs yfir suðvesturenda Leirtjarnar í Litla-Stekkjarhól, og úr honum til suð-suðausturs í Moshól í ytri jaðri Stóruvallaheiðar; en þar er hornmark Heysholts, Minnivalla, Tjörvastaða, Bjalla og Lækjarbotna. Að suðvestan er markalínan úr Moshól til vest-norðvesturs í Jaðarsvörðu [015] og þaðan nokkru norðan en til vesturs í Markavörðu á Vallartanga [013], en það er hornmark Heysholts, Lækjarbotna og Þúfu." Mýrarvarða er á merkjum um 675 m norðaustan við bæ 001.



Mýrarvarða 014, horft til austurs

Varðan er á grónu en mýrlendu svæði sem nýtt er til hrossabeitar.
Varðan er torfhlaðin og er þríhyrningslaga timburgrind í kringum hana til að verja hana fyrir hnjaski. Hún er um 1,1 m á hæð og um 1,5 m í þvermál.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Heysholts viðb., 1, 3

RA-447:015 *Jaðarsvarða* varða landamerki 63°58.186N 20°15.749V

"Jaðarsvarða er um eða yfir 100 m austan við þjóðveginn á Jaðrinum, í mörkum að Lækjarbotnum," segir í viðbótum við örnefnalýsingu. Landamerki: "Að vestan úr svonefndri Markavörðu í Vallartanga [013] til norð-norðvesturs í Steinarima, sem er hornmark Heyholts, Þúfu og Flagbjarnarholts. Að norðvestan úr Steinarima til norðausturs í Rauðhól og þaðan ívið meir norður á við í Smyrilshól, sem er hornmark Heysholts, Flagbjarnarholts og Minnivalla. Að norðaustan úr Smyrilshól til suð-suðausturs í Mýrarvörðu [014], þaðan meir til suðausturs yfir suðvesturenda Leirtjarnar í Litla-Stekkjarhól, og úr honum til suð-suðaustus í Moshól í ytri jaðri Stóruvallaheiðar; en þar er hornmark Heysholts, Minnivalla, Tjörvastaða, Bjalla og Lækjarbotna. Að suðvestan er markalínan úr Moshól til vest-norðvesturs í Jaðarsvörðu og þaðan nokkru norðan en til vesturs í Markavörðu á Vallartanga [013], en það er hornmark Heysholts, Lækjarbotna og Þúfu." Um 940 m sunnan við bæ 001 eru mögulegar leifar vörðunnar og frá henni til suðausturs er einföld grjótlína sem hefur verið undir girðingu á merkjum.



Mögulegar leifar af Jaðarsvörðu 015, horft til suðausturs

Varðan var að líkindum á mörkum gróins hrauns og mólendis.
Þar sem varðan var að líkindum sést stórt grjót í lítilli holu sem er um 1 m í þvermál. Mögulega hefur grjót verið tekið úr vörðunni til að raða undir girðinguna. Ef varðan var á þessum stað er búið að rífa hana og ekki hægt að segja annað um hana en að hún hafi líklega verið 1 m í þvermál.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Heysholts viðb., 1, 2

RA-447:016 heimild um lambhús 63°58.686N 20°15.690V

"Lambhúsbrekka er örlítill halli mót suðri, í túninu, örfáa tugi metra beint vestan við bæinn, í stefnu af Heyholtsbænum í Gömlu-Þúfu. Í þessari brekku stóð lengi lambhús, sem hún er kennd við, en lambhús þetta er horfið fyrir nokkru," segir í viðbótum við örnefnalýsingu. Lambhúsbrekka er merkt inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar. Lambhúsið var 100 m vestan við bæ 001, líklega rétt utan gamla heimatúnsins. Þar er slétt, grasivaxið tún í lágri brekku sem hallar til norðurs.


Slétt, grasivaxið tún er þar sem lambhúsið var.
Engin ummerki lambhússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Heysholts viðb., 2; IE-Örnefnauppdráttur, Heysholt

RA-447:017 heimild um ristu 63°58.658N 20°15.318V
"Torfdæla er skammt suður af Krókadælum og fáa tugi metra suðaustur af vegamótum heimreiðar að Heysholti og vegar að Flagbjarnarholti. Nafnið mun vera dregið af torfskurði," segir í viðbótum við örnefnalýsingu. Torfdæla er 230 m austan við bæ 001og rúma 300 m suðaustan við útihús 006. Þjóðvegur að Heimalandi liggur þvert yfir norðurhluta Torfdælar. Hún er þurr og grasivaxin.
Torfdæla er sléttur mýrarfláki í grónu hrauni. Lágir, þýfðir rimar eru í dælunni en hvergi má greina skýra ristu. Torfið var að öllum líkindum tekið í dælunni. Hún er 120x40 m að stærð og snýr austur-vestur.
Engin ummerki ristunnar sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Heysholts viðb., 3

RA-447:018 tóft beitarhús 63°58.419N 20°15.652V



Beitarhúsatóft 018, horft til suðausturs




Beitarhúsatóft 018

Beitarhúsatóft er um 500 m sunnan við bæ 001.
Tóftin er í hólóttum móa.
Tóftin er tvískipt og grjóthlaðin. Hún er um 15x6,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á norðvesturgafli. Mesta hæð veggja er um 1,2 m og mest sjást 5 umför í innanverðum hleðslum. Hólf I er í suðausturenda. Þar var hlaða sem er um 4x3 m að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur. Um 0,4 m hár kantur er niður í hlöðuna úr hólfi II. Það hólf er um 2x7,5 m að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur. Ekki er garði í hólfinu en líklega hafa verið jötur meðfram langveggjum. Meðfram suðvestur-langvegg er stallur neðarlega á veggnum þar sem jatan kann að hafa verið. Fast suðaustan við tóftina er hlaðinn veggur sem er um 7 m langur og snýr nálega austur-vestur. Hann er um 1,3 m á hæð, mosagróinn. Um 1 m suðaustan við austurenda veggjarins er grjóthrúga sem er um 1,5 m í þvermál og um 0,2 m á hæð.
Hættumat: engin hætta

RA-447:019 heimild um kálgarð 63°58.674N 20°15.574V
Á túnakorti frá 1917 er kálgarður merktur 3 m suðaustan við bæ 001. Bæjarhlaðið var á milli þeirra og traðir 022 komu að bæ 001 fast austan hans. Á þessum slóðum er aflíðandi halli til suðurs og vestur frá bæ 001.
Slétt, grasivaxið tún er þar sem kálgarðurinn var áður.
Engin ummerki kálgarðsins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-447:020 tóft 63°58.804N 20°15.455V



Tóft 020



Tóft 020, horft til suðvesturs

Stór tóft er um 235 m norðaustan við bæ 001, fast NNA við austurhorn túngarðs 003.
Tóftin er á holtabrún sem hallar til austurs, á mörkum mólendis og túns.
Tóftin er einföld og gróin, líklega torfhlaðin. Hún er um 10x9 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Ekki er skýr inngangur en í suðausturenda tóftarinnar er mjótt op eða rof, mögulega eftir kindur. Mesta hleðsluhæð tóftarinnar er um 0,7 m. Hlutverk hennar er óþekkt.
Hættumat: engin hætta

RA-447:021 garðlag landamerki 63°59.016N 20°15.178V

Gamall merkjagarður sést á tveimur stöðum nærri núverandi merkjum milli Heysholts og Minni-Valla. Hann er merktur inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar. Annars vegar er garðurinn í landi Heysholts og hins vegar í landi Minni-Valla. Í landi Heyshols sést garðurinn í mýri SSA við Smyrilshól og að Mýrarvörðu 014. Framhaldið frá henni er ekki skýrt og er líklega hinum megin við merkjagirðingu í landi Minni-Valla. Þar er búið að tæta jarðveg meðfram girðingu á kafla og kann það að hafa raskað garðinum. Aftur sést garðurinn um 400 m suðaustar í landi Minni-Valla og virðist enda við Litla-Stekkjarhól 010.
Garðurinn liggur um mýrlent svæði þar sem hafa verið tjarnir en er nú (2011) þurrt.
Garðurinn sést á um 350 m löngum kafla í landi Heysholts. Garðurinn er gróinn, líklega torfhlaðinn. Hann er hlaupinn í þúfur og rof komið í hann á stöku stað. Mesta hæð er um 0,5 m og mesta breidd um 2 m. Í landi Minni-Valla sést garðurinn mjög greinilega á um 100 m löngum kafla á milli Leirtjarnar og Litla-Stekkjarhóls 010. Alls sjást því leifar af þessum landamerkjagarði á svæði sem er um 850x30 m að stærð og snýr hann norðvestur-suðaustur.



Landamerkjagarður 021 þar sem hann liggur í landi Minni-Valla í sveig að Litla-Stekkjarhól, horft til norðurs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Heysholt

RA-447:022 hleðsla traðir 63°58.679N 20°15.546V

Inn á túnakort frá 1917 eru merktar traðir að bæ 001, úr ANA. Þær eru ennþá varðveittar og liggja fast norðan við hrútakofa 007 en hverfa í slétt, grasivaxið tún sunnan við bæ 001.
Traðirnar liggja skáhallt upp brekku sem hallar til suðurs. Brekkan er 15 m á hæð, aflíðandi og grasivaxin.
Suðurveggur traðanna er hlaðinn en sá nyrðri grafinn inn í brekkunna og ekki er hægt að sjá hvort hann hefur verið upphlaðinn. Traðirnar eru 1 m á breidd og varðveittar á 20 m löngum kafla. Veggurinn er 0,6-1 m á hæð og algróinn. Hvergi sést glitta í grjót vegna gróðurs. Traðirnar eru fallnar saman á kafla.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917



Traðir 022, horft til ANA


RA-447:023 garðlag landamerki
63°58.935N 20°15.013V



Landamerkjagarður 023, horft til suðausturs

Unglegt garðlag er á merkjum um 175 m suðaustan við Mýrarvörðu 014 og um 640 m norðaustan við bæ 001.
Garðurinn liggur til norðvesturs frá tjörn á merkjum í móa sem áður var mýrlendi en er allþurrt nú.
Garðurinn er sennilega torfhlaðinn, um 1 m á breidd og 0,5-1 m á hæð. Hann er 100 m langur og liggur suðaustur-norðvestur. Aldur garðsins er ekki þekktur en líklegt er að hann sé yngri en 100 ára og teljist því ekki til fornleifa samkvæmt skilgreiningu laganna. Hann er þó skráður þar sem hann ber fornri byggingarhefð vitni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-447:024 hús útihús 63°58.627N 20°15.450V



Útihús 024



Útihús 024, horft til suðausturs

Útihús úr torfi og grjóti en undir þaki er um 150 m suðaustan við bæ 001.
Húsið er í hæðóttu landslagi utan túns.
Húsið er torf- og grjóthlaðið og er gróið. Það er hringlaga, um 5 m í þvermál og er grafið inn í hól að hluta. Mesta hæð hússins er um 2,5 m. Dyr eru um 1 m á hæð og um 0,5 m á breidd. Viðarhleri er fyrir dyrunum og ekki var hægt að komast inn í það. Inngangurinn, og líklega allt húsið, er fullt af hruni úr veggjum en þakið en enn óskemmt að sjá utanfrá. Um 4 m suðvestan við húsið er dæld inn í sömu hólaröð og húsið er grafið inn í. Hún er líklega manngerð en hlutverk hennar er óljóst. Hún er um 2,5x2 m að innanmáli og snýr suðaustur-norðvestur. Hún er um 1,5 m á dýpt. Hlutverk hússins er ekki ljóst en afar líklegt er að það hafi verið útihús.
Hættumat: engin hætta

RA-447:025 garðlag vörslugarður
63°58.577N 20°15.546V
Fornlegt garðlag er um 200 m sunnan við bæ 001.
Garðlagið liggur yfir skarð á milli hólrana, sem er fast sunnan túns, og hóla til suðurs.
Garðlagið sést á um 30 m löngum kafla og snýr suðaustur-norðvestur. Það er gróið og sigið, líklega torfhlaðið. Það er hæst um 0,7 m og 3-4 m á breidd. Þar sem það liggur yfir skarð á milli hólrana og hóla er hann mjög útflattur en fjöldi kindagatna liggja þar yfir garðlagið, líklega á leiðinni í beitarhús 018. Hlutverk garðlagsins er óþekkt en lega þess bendir helst til að það hafi verið vörslugarður.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar




Garðlag 025, horft til norðausturs

RA-447:026 tóft fjárhús
63°58.705N 20°15.679V




Fjárhústóft 026, horft til ANA



Fjárhústóft 026

Tóft er 100 m vestan við bæ 001 og rúma 50 m norðan við útihús 002. Hún var skammt utan gamla heimatúnsins. Rúmum 20 m til austurs frá tóftinni er grasivaxið tún.
Gróið, stórþýft mólendi með hólrimum er á þessum slóðum.
Tóftin er 7x5 m að stærð, skiptist í tvö hólf og snýr norður-suður. Hólf 1 er sunnar. Það er 3x2 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hólfið er opið til suðvesturs. Veggirnir eru 0,6 m á hæð og grónir. 1-2 umför af grjóthleðslu sjást í þeim. Rof er komið í þá vegna ágangs hrossa. Hólf 2 er norðar. Það er 4x2 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Veggirnir eru 0,6 m á hæð og 1 umfar af grjóthleðslu sést í þeim. Hólfið er opið til suðvesturs. Lag og staðsetning tóftar bendir til að hún hafi verið fjárhús.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Tóft 027

RA-447:027 tóft
63°58.736N 20°15.669V
Tóft er tæpa 120 m norðvestan við bæ 001 og rúma 50 m norðan við tóft 026.
Tóftin er í grónu stórþýfi, byggð að austan inn í hólrima. Tóftin er 10x5 m að stærð, einföld og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir eru 0,3 m á



Tóft 027, horft til norðurs

hæð og grasivaxnir. Hvergi sést glitta í grjót í þeim né mótar fyrir opi. Að innan er tóftin slétt og grasivaxin. Rof er í veggjum vegna ágangs hrossa og þeir líklega torfhlaðnir. Ekki er vitað í hvaða tilgangi tóftin var hlaðin.
Hættumat: hætta, vegna rofs



Garðlag 028, horft til VNV

RA-447:028 garðlag vörslugarður
63°58.797N 20°15.446V
Garðlag, líklega vörslugarður, liggur frá túngarði 003 við norðausturenda túnsins. Það er um 230 m norðaustan við bæ 001.
Garðurinn er í móa og liggur upp á holti, beygir svo til norðausturs og er þar í mýrlendi.
Garðlagið er myndar horn sem er um 300x460 m að stærð. Frá túngarði liggur garðurinn um 300 m til NNV og beygir svo til VNV þar sem það er um 460 m á lengd. Það virðist liggja í hornmark Flagbjarnarholts, Þúfu og Heysholts á Steinarima. Garðurinn er um 1 m á breidd og 0,5-1 m á hæð. Hann er gróinn, líklega torfhlaðinn. Garðlagið er mun ógreinilegra í mýrinni en á holtinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-663 Laufaleitir

Laufaleitir eru afréttur Rangvellinga. Austurmörk eru um Mælifellssand, austan um Mælifell, Strút og í Hólmsá. Norðurmörk eru hábunga Torfajökuls og þaðan lína um hæstu fjöll í Laufafell. Ekki er skýrt afmarkað milli Landmanna og Rangvellinga um Reykjadali þó þeir tilheyri frekar Landmönnum. Suðurmörk eru Mýrdalsjökull, þá Bláfjallakvísl-Kaldaklofskvísl í Markarfljót þar til Hvítmaga rennur í það og með henni upp í Tindfjallajökul. Laufaleitir eru tvö leitarsvæði; Austurfjall og Vesturfjall, hvort með sinn fjallkóng.

RA-663:001 *Lambadalur* heimild um náttstað 63°50.168N 19°45.500V

"Lambadalur er tangi, sem afmarkast af Rangá að vestan en Valá að sunnan. Að norðan og austan eru Dalöldur," segir í ritinu Göngur og réttir I. Í Árbók Ferðafélags Íslands frá 1976 stendur: "Í Dalnum lágu bæði Austurfjallsmenn og Vesturfjallsmenn [...] í tjöldum því þar er enginn gangnamannakofi, og höfðu hvorir sína flötina til að tjalda á." Líklegast var náttstaðurinn innarlega í Lambadal, austanverðum en um það er ekki vitað með vissu. Þar litlu utar er nýleg netgirðing.


Í ritinu Göngur og réttir I segir: "Þarna er nokkurt graslendi, sem hestum er beitt á, en upp af tjaldstaðnum er löng og falleg brekka lyngi gróin og finnaskeggi. Heitir hún Dalabrekka. Þar er gott berjaland eins og raunar víðar á afréttinum." Grasi gróinn völlur er í Lambadal en vikur er í grassverði. Vestan við meintan náttstað er dálítil mýri og er grasið þar dekkra en annarsstaðar. Lítill lækur rennur hér norðan við en stutt er í vatn víðast hvar í dalnum.

Í Göngum og réttum I segir einnig: "Frá Fossi og Rauðnefsstöðum héldu fjallamenn inn í Lambadal en hann er syðst á afréttinum [...]. Þarna voru saman komnir 13 menn með 3-4 tjöld [...]. Í Lambadal var einnig legið síðustu nóttina á leið af fjalli." Ekki sést til minja um náttstað í Lambadal.


Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

Heimildir: GR I, 230, 229, 242; ÁFÍ 1976, 113

RA-663:002 *Dalsrétt* gerði rétt 63°50.381N 19°47.050V



Dalsrétt 002



Dalsrétt 002, horft til austurs

Í skrá um örnefni og leiðir á Laufaleitum eftir Þorstein Oddsson segir: "Í Lambadal. Þar rétt ofar er Dalréttin við Rangá, sem þar er nokkuð aðþrengd svo kindur fóru ekki yfir hana og því hægt að nota sem aðhald á eina hlið, en annars hlaðin úr hraungrjóti. Réttin var byggð 1925. Tók Skúli Guðmundsson á Keldum það verk að sér fyrir 100 krónur.[...] Réttin hálffylltist af vikri í Heklugosinu 1947 og því ekki notuð eftir það." "Síðar var hlaðin rétt eða aðhald úr hraungrýti í Dalnum vestur við Rangá, þar sem eru dálitlar fossaflúðir," segir í Árbók Ferðafélagsins frá 1976. Dalsrétt er á austurbakka Rangár, tæpum 20 m norðvestan við vörðu 025 og 850 m austan við vörðu 039.

Réttin er á brún gils sem Eystri-Rangá rennur í á þessum slóðum. Umhverfis hana er vikur, hraungrýti og toppar af grasi og mosa.

Dalsrétt er á austurbakka Eystri-Rangár sem rennur í 3 m djúpu gili til suðurs. Gilið afmarkar vesturhlið réttarinnar. Réttin er 40x21 m að stærð, er einföld og snýr norður-suður. Hún er grjóthlaðin. Op er á miðri austurhlið og liggur timburgrind inni í réttinni sem þar var. Veggir réttarinnar eru 1,3 m á hæð og sjást sjö umför af grjóthleðslu í þeim. Hæð veggjanna sést einna best í opinu, vikur hefur fyllt réttina sem og blásið að veggjum hennar, þannig að víðast sést aðeins glitta í topp þeirra. Það sjást yfirleitt um 0,3 - 0,5 m af veggjunum og þrjú umför af grjóti. Grjótið er vaxið skófum og mosa.

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

Heimildir: ÞO: Laufleitir, Rangárvallaafréttur, 2; ÁFÍ 1976, 113

RA-663:003 *Kerling* náttúrumin manndómsraun 63°50.758N 19°36.871V

"Þegar komið er yfir Blesá, tekur við sandhraunsbelti en innarlega á því stendur stór klettur við veginn [Fjallabaksleið syðri]. Heitir hann Kerling, og þykir ekki viðeigandi annað, er menn fara þar um í fyrsta sinn, en að kerlingu sé sinnt, enda munu margir það gert hafa. Sýna það börn hennar mörg, þótt úr grjóti séu, er standa umhverfis hana," segir í bókinni Göngur og réttir. Í skrá um örnefni og leiðir á Laufaleitum eftir Þorstein Oddsson segir: "Þar er nokkuð stór klettur norðan við gömlu hestagötuna sem kallaður er Kerling. Margar smá vörður eru þar í kring en þeir sem fóru í fyrsta sinn á fjall áttu að eiga barn með kerlingunni þ.e. Hlaða vörðu sem var barnið." Kerling er 1 km suðaustan við sæluhús 041 og 8,4 km austan við Dalsrétt 002. Allt umhverfis Kerlingu eru mörg lítil vörðubrot.

Kerling stendur í sléttri vikurbreiðu með hraungrýti víða. Vikurinn er lítið sem ekkert gróin.

Kerling sem og vörðurnar umhverfis hana eru í hrauni sem vikur hefur þakið að mestu. Hraunklettar og hólar standa þó víða upp úr vikrinum en lítið er um gróður. Kerling er stór klettur, rúmir 2,5 m á hæð og sker sig úr umhverfinu. Kletturinn er að náttúrulegur og umhverfis hann standa fjölmörg vörðubrot sem ekki er hægt að festa tölu á.



Kerling 003, horft til vesturs


Hættumat: engin hætta

Heimildir: GR I, 231, 239; ÞO: Laufleitir, Rangárvallaafréttur, 3

RA-663:004 náttúrumin manndómsraun 63°50.568N 19°34.409V



Gerði við klett 004 í Hungurskarði, horft til vesturs



Gerði við klett 004 í Hungurskarði

Í Hungurskarði er einstakur klettur við veginn niður á sandi. Áttu þeir menn, er í fyrsta sinn fóru til fjalls, að klifra upp á klett þennan á vissum stað á skinnsokkum og með vettlinga á höndum. Skyldu þeir eigi teljast fjallfærir, sem ekki gátu leyst þessa þraut, en mörgum reyndist hún torleyst, þótt kletturinn sé varla yfir þrjár mannhæðir, svo slútir hann fram yfir sig. Ekki munu menn þó hafa verið gerðir afturreka af fjalli, þótt þeir sigruðu ekki klett þennan," segir í Göngum og réttum. Steinninn er 2 km suðaustan við Kerlingu 003 og 3,7 km vestan við Reiðskarð (sjá Fjallabaksveg 661:021).

Steinninn er í skarði milli tveggja lægða, þar sem Fjallabaksleið syðri liggur nú í gegn. Þar er mikið um vikur, hraungrýti og gróðurfláka.


Steinninn er 5x2 m að stærð og 4 m á hæð. Þeir sem reyndu sig við steininn áttu að klífa upp suðurhlið hans. Við vesturhlið steinsins er grjóthlaðið gerði, 5x2 m að stærð. Það er einfalt og veggirnir 0,6 m á hæð. Það sjást mest tvenn umför af grjóthleðslu. Í norðvesturhorni er op, 1 m á breidd. Gerðið hefur líklega verið rétt eða aðhald.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: GR I, 231. 239

RA-663:005 frásögn sæluhús

Samkvæmt Boga Thorarensen, heimildamanni, er hleðsla í gili í Skyggnishlíðum. Hann rakst á hleðsluna við



Hvítmöguból 006



Hleðsla í Hvítmögubóli 006, horft til suðvesturs

RA-663:006 *Hvítmöguból* hleðsla náttstaður 63°49.615N 19°25.105V
Í skrá um örnefni og leiðir á Laufaleitum eftir Þorstein Oddsson segir: "Aðalfossinn er nefndur Hvítmögufoss. Uppi í brekkunni er all stór klapparbrún. Innundir hana er skúti og framan við hann er hlaðinn veggur upp að berginu með dyrum á og var þá kominn allgóður skúti, Hvítmöguból. Í því var oft gist í seinni leitum. Illa gekk að halda vegghleðslunni við bólið í lagi og vildi hún síga frá berginu vegna þess hve bratt var þarna. Síðast var gist í Hvítmögubóli í fjórðu leit 1928, en þá var bólið ekki betra en það að kindum hélst það ekki svo að treysta mætti, en þær höfðu smalar inni hjá sér í þetta sinn og töpuðust út tvö eða þrjú lömb um nóttina sem náðust morguninn eftir. Kalt þótti að gista í Hvítmögubóli." Í Göngum og réttum segir: "Rétt hjá er ból, sem oft var legið við í seinustu leitum, og þótti betra en úti, þótt kalt væri og óvistlegt. Heitir það Hvítmöguból. [...] Sóttist honum ferðin seint [í eftirleit árið 1896] um daginn, og var hann aðeins komin að Hvítmögubóli, þegar aldimmt var orðið. [...] Ból þetta er skúti undir berg, allstór ummáls, en svo lágur, að menn gátu eigi setið þar réttum beinum, heldur urðu að hallast á hlið eða liggja endilangir. Hlaðið hafði verið fyrir op skútans, en hleðslunni hætti til að síga frá berginu, svo að stórar rifur urðu á milli." Hvítmöguból er undir klettum sem eru norðvestan við ánna Hvítmögu. Bólið er 1 km suðvestan við Krók 007 og tæpa 8 km austan við manndómsraun 004. Rúmum 2 m fyrir sunnan bólið er snarbrött brekka, um 15 m há, til suðurs, niður að Hvítmögu.
Bólið er í klettum ofarlega í gilinu. Það er grasivaxið og bratt.
Það eina sem nú [ágúst 2009] sést af Hvítmögubóli er grjóthlaðin hleðsla fyrir sunnan skútann. Hún snýr austur-vestur, er 0,4 m á hæð og sjást tvö umför af grjóthleðslu. Hleðslan er 6 m löng en skútinn 2 m breiður og lofthæð mest 1,5 m. Náttúrulegt berg afmarkar skútann til norðurs og vesturs en hleðslan til suðurs og austurs. Hleðslan er grasivaxin og sést glitta í grjót í henni. Inngangur er á miðri suðurhlið.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: ÞO: Laufleitir, Rangárvallaafréttur, 3-4; GR I: 231, 246, 251


RA-663:007 *Krókur* heimild um ferju 63°50.007N 19°24.225V
Krókur heitir austan við Faxa þar sem Hvítmaga fellur í Markarfljót. Í Árbók Ferðafélags Íslands frá 1976 segir: "Markarfljót rennur þröngt á Króknum. Lengi var erfitt að koma fé þar yfir, því Fljótið getur verið strangt og hætta að fé færist í því [...] Reynt var að hafa bát og ferja fráfærulömb yfir, en síðar var sett lausabrú á klöppunum neðan við kofann." Ferjan hefur verið smölun þegar hann var ungur drengur. Nokkur gil eru í Skyggnishlíðum en Bogi mundi ekki í hvaða gili hleðslan var en taldi að þetta væri gamalt ból eða sæluhús. Skrásetjarar leituðu ekki markvisst að hleðslunni enda um stórt svæði að ræða.



Feriustaður 007 í Krók, horft til austurs

rúmum 100 m norðaustan við gerði 042.
Ferjan hefur verið þar sem klettar fylla því sem næst út í farveginn en litlu neðar, þar sem styst er á milli kletta í farveginum er færibrú, um 20 m norðaustan við ferjuna.
Krókur er 6 tíma ferð úr Lambadal. Þar var áður farið yfir Markarfljót með fráfærnalömb á báti á vorin "og var bæði seinlegt verk og vont, því að fljótið er þarna alls staðar straumþungt og fellur víða þröngt," eins og segir í ritinu Göngur og réttir I. Á þessum stað var síðar komið fyrir lausabrú sem er lýst þannig í sama riti: "Eru fjögur tré, um 8,5 m löng, lögð milli klappa yfir fljótið, og eru timburflekar lagðir ofan á. Þarna er fé rekið yfir haust og vor, en brúin ætíð tekin af þess á milli." Í Göngum og réttum I kemur fram að árið 1928 lá enn spýtnabrak úr bátinum á árbakkanum og notuðu eftirleitarmenn spýtnabrakið sem eldivið til að halda á sér hita í Hvítmögubóli.
Á vesturbakka árinnar er dálítið vik inn í kletta, um 5x5 m að innanmáli, er leir og sandur neðst í því. Ferjað hefur verið frá þessu viki. Lágt er upp á bakkann austan megin. Áin er um 15 m breið hjá ferjunni og alldjúp. Ekki er að sjá mannaverk við ferjustaðinn.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: GR I, 231-232, 251; ÁFÍ, 66

RA-663:008 *Hvanngil* tóft sæluhús 63°49.894N 19°12.317V



Tóft af sæluhúsi 008 í Hvanngili



Tóft af sæluhúsi 008 í Hvanngili, horft til vesturs

Hvanngil er austan undir Ófæruhöfða, þar er tjaldstaður og eftirleitakofi. Tóft sæluhúss er fast vestan við vörðu 009 og um 30 m suðvestan við skála Ferðafélags Íslands.
Hvanngili er lýst á þennan veg í bókinni Göngur og réttir: "... langur og mjór dalur, að mestu gróinn í botninn, en umkringdur háum fjöllum." Tóftin er á milli hraunhóla við tjaldstæðið í Hvanngili.
"Þarna er náttstaður fjallmanna [aðra] nótt. ... Þegar fjallmenn hafa tjaldað, flutt hesta í haga og fengið sér hressingu, er farið að aðgæta fjárrétt og hestarétt, sem þarna eru, svo allt verði í fullu lagi í bakaleiðinni. Í Hvanngili er sæluhús, sem legið er í, þegar illviðri eru og í eftirleitum, en annars nota fjallmenn tjöld sín," segir í bókinni Göngur og réttir. Sæluhústóftin í Hvanngili er ekki gömul og nær ekki 100 ára aldri. Hún er því ekki fornleif í laganna skilningi en er skráð vegna forns byggingarlags. Tóftin er fast vestan við sléttan 2 m háan bergvegg og og myndar hann austurgafl tóftarinnar. Tóftin er grjóthlaðin og einföld en þó eru hleðslur innan tóftar sem hafa þjónað óljósu hlutverki. Tóftin er um 8x5 m að stærð og snýr austur-vestur. Inngangur er á norður-langhlið. Mesta hleðsluhæð er um 1,4 m. Mest sjást 7 umför hleðslu. Að innanmáli er tóftin um 4,5x2 m ef frá er talinn grjóthlaðinn kantur sem liggur meðfram innanverðum vesturgafli og suðurlanghlið. Hann er um 2 m breiður meðfram vesturgafli og um 0,5 m breiður meðfram suðurhlið en mjókkar í austurenda. Mesta hæð kantsins er um 0,5 m og mest sjást 2 umför. Inni í miðri tóftinni er borð með áföstum




Varða 009, horft til suðurs

bekkjum.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir: GR I, 233-34

RA-663:009 varða samgöngubót
63°49.894N 19°12.308V
Stór varða er fast austan við tóft sæluhúss 008. Ekki er vitað um aldur hennar og virðist hún fremur ungleg. Líklegt er að hún hafi vísað á sæluhúsið.
Varðan er á flötum hraunhól á milli skála Ferðafélags Íslands og tjaldsvæðis.
Varðan er um 1,5x1 m að stærð í grunninn og snýr norður-suður. Hún er um 1,6 m á hæð en afar smáir steinar eru efst í henni. Í henni sjást greinilega 5 umför stórra steina og svo er fjöldi smásteina þar ofaná.
Hættumat: hætta, vegna rasks

RA-663:010 tóft rétt
63°49.908N 19°12.328V



Réttartóft 010

"[Í Hvanngili] er náttstaður fjallmanna [aðra] nótt. ...


Hólf I í réttartóft 010, horft til norðurs


Hólf II í réttartóft 010, horft til suðurs

Þegar fjallmenn hafa tjaldað, flutt hesta í haga og fengið sér hressingu, er farið að aðgæta fjárrétt og hestarétt, sem þarna eru, svo allt verði í fullu lagi í bakaleiðinni," segir í bókinni Göngur og réttir. Sambyggð tóft hestaréttar og fjárréttar er um 25 m NNV við tóft sæluhúss 008.
Tóftin er norðaustanundir klapparhól, 15-20 m vestan við skála Ferðafélags Íslands.
Tóftin er tvískipt og grjóthlaðin. Veggir hennar eru hlaðnir ofan á og innan um klappir og þær þannig nýttar sem hluti af mannvirkinu. Hleðslan er ekki mjög vönduð og er hún einföld röð steina á breiddina. Tóftin er um 19x10 m að stærð og snýr suðaustur-norðvestur. Mesta hleðsluhæð er um 1 m og sjást mest 4 umför af grjóthleðslu. Mesta breidd veggja er um 0,5 m. Í suðausturenda tóftarinnar er hólf I. Það er um 10x7 m að innanmáli. Op er á því á suðausturhlið. Í norðvesturenda tóftar er hólf II. Það er um 7x9 m að innanmáli og snýr suðaustur-norðvestur. Op er á því í vesturhorni. Ekki er ljóst hvort hólfið var fjárrétt og hvort hestarétt.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir: GR I, 234, 238

RA-663:011 *Skiptingaralda* örnefni áfangastaður 63°49.877N 19°03.413V
Skiptingaralda er norðan við Mælifellssand, undir hlíðum Torfajökuls. Skiptingaralda er um 100 m norðaustan

við vörðu 020.
Óvíst er hvar á Skiptingaröldu áð var en ekki er ólíklegt að það hafi verið suðvestan í öldunni strax þegar komið er austan úr Svartaklofi. Þar er mosagróinn, harður malarvöllur.
Í bókinni Göngur og réttir I kemur fram að um þriggja tíma lestagangur sé úr Hvanngili að Skiptingaröldu. Þar áðu leitarmenn, fjallkóngur skipaði í leitir og þær hófust á þessum stað. Ekki sjást nein ummerki um áningarstað á Skiptingaröldu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: GR I, 235

RA-663:012 *Strútsrétt* heimild um rétt
Í Árbók Ferðafélags Íslands frá 1976 segir: "Suður með Strút að austan er Strútsgil og opnast niður að Brennivínskvísl við suðaustushorn hans. Um það fellur kvísl og í henni allstór foss. Þar austan undir Strút, í gilinu, er Strútsver, fagur graslendi fyrrum. Haustið 1918 var byggð þarna fjárrétt til að nota við sundurdrátt á fé Rangvellinga og Skaftártungumanna. Réttin átti að taka fast að hundrað fjár. Einn veggur hennar var hamraveggur af náttúrunnar hendi. "urðu veggir hennar að lokum í axlarhæð. [...] Tæpum mánuði seinna gaus Katla og næsta haust sást aðeins í efsta grjótlagið í réttinni upp úr Kötluöskunni [...]." Nákvæmt staðsetning réttarinnar er ekki kunn en gengið var austur fyrir Strút, áleiðis niður Strútsgil. Þar eru grónir aursandar þar sem réttin kann að hafa verið. Minjar um réttina sáust ekki á vettvangi en ekki var allt gilið gengið. Möguleiki er að réttin hafi verið sunnan við svæðið sem gengið var en litlar líkur eru á því að það sjáist til minja um hana.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: ÁFÍ 1976, 103

RA-663:013 *Móhella* mannvirki
63°50.045N 19°04.907V
Í bókinni Göngur og réttir segir: "...út með Strútsöldum, er kennileiti eitt sérkennilegt, sem Móhella heitir. Er það há og þunn mógrýtis eða þursabergshella, sem stendur upp úr sandfletinum austan við Kaldaklof. Eru ótal göt í gegnum hellu þessa, sem fjallmenn hafa borað að gamni sínu." Móhella er um 1,23 km vestan við Skiptingaröldu 011.
Móhella er ein margra móbergsganga(hellna) sem standa upp úr sandöldu norður af Mælifellssandi. Kaldaklofskvísl rennur meðfram öldunni sunnan við helluna.
Hellan er greinileg og stendur hátt upp úr sandinum. Hún er 2,5-3 m á hæð. Hún liggur í sveig og er um 8 m á lengd. Aðeins sjást þrjú göt í hellunni og hafa hin líklega veðrast burt. Hellan er þykkust um 1 m og þynnst um 10 sm.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: GR I, 237



Móhella 013, horft til norðurs



Torfahlaup 014, horft til norðausturs

RA-663:014 *Torfahlaup* þjóðsaga
63°50.722N 19°19.077V
"Torfahlaup er á fljótinu, þar sem það rennur í þrengslum fram milli tvítugra hamra. Um það er sögð eftirfarandi þjóðsaga: Maður nokkur, er Torfi hét, felldi hug til stúlku, en fékk ekki að eiga hana. Hann tekur þá til bragðs að flýja til fjalla með stúlkuna, og riðu þau einum hesti bæði. En þau voru elt að föður, aðrir segja bróðir, stúlkunnar. Þegar þau urðu vör eftirreiðarinnar, herða þau undanreiðina sem mest þau mega, og sprakk hestur þeirra á Blesamýri, er ber það nafn síðan, því hesturinn var blesóttur. Hann tekur þá stúlkuna í fang sér og flýr sem fætur

toga. Þegar hann kemur að Markarfljóti, hleypur hann yfir það með stúlkuna í faginu. En þá var faðir stúlkunnar kominn á hæla honum. Hann hleypur þegar á eftir, en nær aðeins í hríslu í austurbakkanum og hangir þar yfir gínandi djúpinu. "Hvað skal nú?" segir sveininn. "Höggva á," svarar mærin. Greinir mönnum svo á um sögulokin, hvort Torfi fylgdi ráðum stúlkunnar eða hann bjargaði honum og þeir sættust," segir í örnefnaskrá.
Torfahlaup er gil sem Markarfljót rennur eftir. Þar eru brattir hamrar beggja vegna.
Heimildir: Ö-Laufleitir, 3

RA-663:015 heimild um rétt 63°51.033N 19°06.142V
"Frá Móhellu [sjá 013] er safnið rekið yfir Kaldaklof, og styttist nú á milli leitarmanna. Koma þeir allir saman við Þvergil austan í Sléttafelli. Í gili þessu er rétt, hlaðin undir berg," segir í Göngum og réttum. Í Árbók Ferðafélags Íslands frá 1976 stendur: "Síðan var hist í Þvergili. Fyrir féð var þar svolítið aðhald í gili." Að sögn Boga Thorarensen, heimildamanns, sést lítið sem ekkert af réttinni nú. Skrásetjarar reyndu að fara inn að Þvergili en tókst ekki. Kaldaklof rennur fyrir framan (suðaustan) Þvergil og breiðir úr sér. Erfitt reyndist að vaða kvíslarnar og var minjastaðurinn því staðsettur af loftmynd. Réttin er um 3 km norðan við Slysaöldu 038 og 4,7 km ANA við Gamla kofa 035.
Heimildir: GR I, 238; AFÍ 1976, 108

RA-663:016 *Grashagi* heimild um náttstað 63°53.209N 19°14.493V
Í skrá um örnefni og leiðir á Laufaleitum eftir Þorstein Oddsson segir: " Vestast í Jökultungum móts við Sátuborna er Grashaginn sem er vel gróið svæði. Þar var náttstaður vesturfjallsmanna meðan afrétturinn var smalaður [...] Í Grashaganum er heitt vatn." "Áður var fé það, er fundist hafði [fyrsta daginn], rekið suður í Sátu, alla leið suður fyrir Tvíeggjar, en nú er komin fjárheld girðing í Grashaganum. Tvær nætur gista Vesturfjallsmenn þarna, enda er gott til dvalar: heitar laugar og loðnir hesthagar. [...] Grashagi eru grasi vaxnar hlíðar sunnan Torfajökuls og austan Markarfljóts," segir í Göngum og réttum. "Féð var rekið suður í Sátu eða í girðingu í Grashaganum eftir að hún kom (milli 1940-1950). Hún stóð annars stutt, eyðilagðist fljótlega af snjó [...]," segir í Árbók Ferðafélags Íslands frá 1976. Að sögn Boga Thorarensen, heimildamanns, eiga einhverjar leifar af girðingunni að sjást í Grashaga. Þrátt fyrir mikla leit tveggja skrásetjara tókst þó ekki að hafa upp á þeim leifum. Nátthagi er 2,9 km austan við Álftavatnsból 017.
Grashagi er í halla suðurs niður af Jökultungum. Grashagi er brattur og sundurskorinn af lækjarsprænum.
Engin ummerki girðingarinnar fundust á svæðinu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: ÞO: Laufleitir, Rangárvallaafréttur, 6; GR I, 239, 245; ÁFÍ 1976, 110


RA-663:017 *Álftavatnsból* hleðsla sæluhús 63°51.662N 19°14.912V



Álftavatnsból 017, horft til NNV á vinstri mynd. Á hægri mynd er hluti af þeim fjölmörgu áletrunum sem eru inni í bólinu



Á vinstri mynd er hleðsla 017A í skútanum, horft til norðurs. Á hægri mynd er hleðsla 017B, horft til norðvesturs



Hleðsla 017B

"Í Álftaskarði [...] er eftirleitarkofi, bergskúti, sem hlaðið hefur verið fyrir. Hafa margir aukaleitarmenn átti honum líf að launa. Á kofabergið hafa margir stungið fangamark sitt og ártal. Sést það allt gjörla," segir í Göngum og réttum. Í Árbók Ferðafélags Íslands stendur: "Skammt sunnan við vegamótin í Álftaskarði, líklega 2-300 metra frá vegamótunum, er byrgi uppi í móklöppunum um 30-40 mera frá götunni. Þar höfðu fjallmenn í seinni leitum gististað í skúta sem hlaðið var fyrir og hurð höfð í dyrum. Þetta var kallað "skútinn í Álftaskarði". Þarna var einnig byrgi fyrir fé. Ekki komust margir fyrir í þessari vistarveru en hún gat veitt gott skjól og lá oft við. [...] seinnileitarmenn krotuðu fangamark sitt í bergið í skútanum til sönnunar því að þar hefðu þeir komið." Álftavatnsból er tæpum 3 km sunnan við Grashaga 016 og 3,6 km norðvestan við Gamla kofa 035. Hellirinn er 8 m hár og áberandi í umhverfi sínu. Rúmum 50 m austan við bólið er bílaplan við Álftavatn og brautin að Torfahlaupi 014 liggur þar á milli.

Álftavatnsból er í móbergskletti vestan við norðurenda Álftavatns. Til austurs og suðurs er sléttur sandur að vatninu, Álftaskarð til norðurs og Torfatindur til vesturs.

Á svæði sem er 15x15 m að stærð eru tvær hleðslur. Hleðsla A er í fyrrnefndum bergskúta eða helli og er sæluhúsið. Hleðslan snýr austur-vestur, þvert yfir op hellisins. Hellirinn snýr norður-suður og mjókkar eftir því sem innar dregur. Lofthæðin inni í hellinum er 5 m og nyrst í hellinum er bálkur, um 0,5 m á hæð og 2 m þvermál. Mögulega var sofið þar. Grunnflötur hellisins er um 6x6 m. Hleðslan er 1,2 m á hæð og 5 m löng. Hún er hlaðin úr móbergi og er grjótið fremur stórt. Í henni sjást mest 5 umför af grjóthleðslu. Fyrir sunnan hleðsluna, er 2 m breið og slétt grasspila. Frá henni hallar til suðurs og austurs niður á jafnsléttu. Hvergi sést skýrt op á hleðslunni en líklega var það til vesturs. Veggir hellisins eru þaktir áletrunum, mest nöfn og fangamörk frá ýmsum tímabilum. Sú elsta sem skrásetjara tókst að greina var ártalið 1924. Ekki er vitað hversu há hleðslan fyrir hellinn var en ólíklegt er að hún hafi verið 5 m há. Engin ummerki um hurðina sem þar var sáust á vettvangi. Hleðsla B er 10 m fyrir austan hleðslu A. Hún er hlaðin undir móbergsgjögur og er fjárbyrgið sem talað er um í lýsingum að ofan. Hleðslan er 10x3 m að stærð og snýr norður-suður. Að vestan afmarkar sami hraunklettur og sæluhús A er í, byrgið en annars eru veggirnir hlaðnir úr móbergi. Þeir eru 0,6 m á hæð og mest sjást 4 umför af grjóthleðslu.



Blesárból 018, horft til suðurs

Hleðslan er vaxið mosa og skófum. Töluvert af grjóti hefur hrunið úr hleðslunni, inn í byrgið.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: GR I, 240; ÁFÍ 1976, 80

RA-663:018 *Blesárból* mannvirki náttstaður
63°50.925N 19°38.008V
Í skrá um örnefni og leiðir á Laufaleitum eftir Þorstein Oddsson segir: "Rétt innan við Blesmýri er all djúpt gil sem heitir Blesárgil. Neðarlega í því er Blesárból. Þar var oft gist í aukaleitum." Í Árbók Ferðafélags Íslands frá 1976 segir: "Í Blesárgili er ból sem legið var í oft í seinni leitum áður fyrr, að mörgu leyti góð vistarvera þótt þar væri lágt undir loft. Þar var tæpast hægt að sitja uppréttur, en hlýtt og gott gat verið þar inni þegar búið var að setja hurðina fyrir og ganga frá öllu." Hátt uppi í hlíð í sunnanverðu Blesárgili er Blesárból sem hefur verið endurgert. Það er um 6,3 km ANA frá Lambhaga.
Bólið er hátt uppi í snarbröttum hlíðum gilsins sem eru gróin að hluta en einnig eru í þeim malarskriður.
Í Göngum og réttum segir að gamalt grjótbyrgi hafi verið skammt frá bólinu og að það hafi verið hresst við í eftirleitum 1928. Nýlega (2009) var smíðuð hurð fyrir skýlið og því lokað. Skútinn er um 1,5x2,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Um 1,2 m eru til lofts. Hlaðið er meðfram dyrum inn í bólið. Um 3 m norðvestan við bólið er lítill hellisskúti þar sem eru viðarleifar og var hann hafður fyrir fé að sögn Boga Thorarensen. Ekki er ljóst hvort þetta séu leifar gamla grjótbyrgisins sem nefnt er í Göngum og réttum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: GR I, 252; ÞO: Laufleitir, Rangárvallaafréttur, 3; ÁFÍ 1976, 46

RA-663:019 *Hagafellskofi* heimild um sæluhús
"Öndverðan vetur einn skömmu fyrir jarðskjálftana miklu (1896) fóru þrír menn í eftirleit [...] Skyldu þeir allir hittast í Hagafellskofa um kvöldið, norðan í Hagafelli, sem er nær beint suður af Laufafelli og skammt vestan Markarfljóts. [...] Áður en hann yfirgaf kofann, tók hann hurðarflekann sem var hvítveðraður, og rispaði með vasahníf sínum orðin: Sigurgeir er farinn fram," segir í Göngum og réttum. Staðsetning Hagafellskofa er týnd. Bogi Thorarensen, heimildamaður, hefur alloft leitað að kofanum í gegnum árin án árangurs.
Hagafell er rúmlega 900 m hátt. Norðurhlíðar fjallsins eru brattar og ekki sést til kletta þar.
Engin ummerki Hagafellskofa fundust.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: GR I, 244-245

RA-663:020 *Beinakerling* varða samgöngubót
63°49.843N 19°03.535V
Í bókinni Sumar á fjöllum eftir Hjört Björnsson segir: "Beinakerlingar hafa verið afarvíða, svo sem á ... Fjallabaksvegi (Mælifellssandi) [RA-661:021] ..." Varða sem gæti verið kerlingin er 120 m suðvestan við Skiptingaröldu á Mælifellssandi.
Varðan er á grýttri tungu í sandi.
Varðan er hlaðin úr móbergi, óvönduð hleðsla. Hún er um 1 m í þvermál og um 0,7 m á hæð. Steinum virðist hafa verið bætt í hana og ekki hægt að telja eiginleg umför hleðslu þar sem varðan líkist meira grjóthrúgu en vörðu. Engir beinaleggir sáust í eða við vörðuna.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: HB Sumar, 13




Meint Beinakerling 020, horft til SSV

RA-663:021 *Ferðamannaalda* heimild um leið 63°53.210N 19°19.200V
"En hér greinast leiðir leitarflokkanna. [...] Tvo menn sendir hann [fjallkóngurinn] með áburðarhestana austur Hungurfitjar, gegnum Reiðskarð, inn með Faxa og alla leið austur á Launfit, sem er fyrir austan Markarfljót." segir í Göngum og réttum.Í Árbók Ferðafélags Íslands frá 1979 stendur: "Milli giljanna er Ferðamannaalda (720 m) , einnig nefnd Vegalda. [...] Reiðvegur af Sultarfit inn á Launfit liggur upp Ferðamannaöldu, inn Faxa og austur um skarð innarlega á Faxa, eina sex kílómetra frá Sultarfit, inn undir Hagafelli." Þetta er sama leið og samkvæmt Bogi Thorarensen, heimildamanni lá upp svokallaða Ferðamannaöldu. Hún er í vesturhlíðum fjallsins Faxa. Þaðan lá leiðin yfir Hagafellskvísl, eftir suðausturhlíðum Hagafells, að Standi og yfir Markarfljót. Á þessum slóðum eru fjölmargir kindastígar og erfitt að ákvarða nákvæma legu leiðarinnar. Afar líklegt er að einhver þeirra sé fyrrnefnd leið.

Leiðin lá eftir söndum, yfir fjöll, ár og mýrar.
Engin skýr ummerki leiðarinnar sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: GR I, 239; ÁFÍ 1976, 60

RA-663:022 *Torfafit* heimild um áfangastað
63°50.937N 19°19.212V
"Vestan við Torfatind sunnanverðan er dálítill grasgeiri, Torfafit, í dal sem verður þarna á milli fjallanna. [...] Torfafit var algengur áningarstaður leitarmanna fyrrum," segir í Árbók Ferðafélags Íslands frá 1976.Torfafit er 3,8 km VSV við Álftavatnsból 017.
Torfafit eru sundurskorin af lækjum og árfarvegum.
Engin ummerki áningarstaðins sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: ÁFÍ 1976, 72

RA-663:023 *Krókur* tóft sæluhús 63°49.967N 19°24.181V



Tóft af sæluhúsi 023 í Krók



Tóft af sæluhúsi 023 í Krók, horft til austurs

Í skrá um örnefni og leiðir á Laufaleitum eftir Þorstein Oddsson segir: "Á Króknum var byggður leitama nnakofi 1929. Veggir úr torfi og grjóti, pallur í öðrum enda þar gátu 4-5 menn legið. Rúm fyrir hesta þeirra í hinum enda. Þetta hús stóð til 1963 en þá var byggður skúr fyrir menn og hesta. Haustið 1929 var girt smá girðing sem safnið var geymt í yfir nóttina en áður en sú girðing kom var vakað yfir safninu niður við Fljótið eða á Klöppunum eins og það var nefnt." Í Árbók Ferðafélags Íslands 1979 segir: "Tanginn sem verður milli Hvítmögu og Markarfljóts myndar dálítinn hrygg, allan gróinn, 10-20 metra háan. Markarfljótsmegin á honum stendur leitarmannakofi, [...] Tjaldstæði eru þar góð. Áður stóð annar kofi á brúninni nær fljótinu. Sá kofi var stækkaður 1928 og tók eftir það fjóra menn á palli auk hesta niðri. Áður munu aðrir kofar hafa verið þarna." Sæluhúsið er tæpa 5 km suðaustan við Reiðskarð (sjá Fjallabaksveg 661:021) og 10 km suðaustan við Kerlingu 003.
Skálinn er á sléttu, grasivöxnu svæði milli ánna Hvítmögu til suðurs og Markarfljóts til norðurs.
Tóftin er 8 x 5 m að stærð, er einföld og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir tóftarinnar eru 0,5 - 1 m á hæð og sjást í þrenn umför af grjóti í þeim. Að utan eru veggirnir alveg grónir. Austurendi tóftarinnar er 0,4 m dýpri en sá vestari og gæti það gefið hólfaskiptingu til kynna eða þar hafi fyrrnefndur pallur verið. Inngangur er á miðri norðurhlið. Að innan er tóftin full af bárujárni, gaddavír, glerbrotum og steinum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: ÞO: Laufleitir, Rangárvallaafréttur, 4; ÁFÍ 1979, 64

RA-663:024 *Hungurfitjar* heimild um náttstað 63°50.547N 19°32.835V
"Milli Hungurskarðs og Reiðaskarðs eru Hungurfitjar. Þær er allgrösugar að innanverðu, en árennslissamar að framan. Austanmenn höfðu stundum legið þar í kaupstaðaferðum," segir í örnefnalýsingu. Náttstaðurinn er um 10,4 km austan við Lambadal og um 1,3 km austan við manndómsraun og rétt 004 í Hungurskarði 004.
Hungurfitjar eru grænar sléttur innan um fjallahring. Stórt og rennislétt svæði um hvert árkvíslar renna.

Náttstaðurinn var líklega norðarlega í fitjunum skömmu eftir að komið er austur úr Hungurskarði, nálægt gamla Gaddstaðabænum (sjá RA-308:002) sem var fluttur hingað eftir að hann fór í eyði 1957. Ekki sést til neinna minja um náttstað á þessum stað en auk hússins er hestagirðing á svæðinu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Laufleitir, 5

RA-663:025 varða 63°50.368N 19°47.017V
Varða er 15 m fyrir norðvestan rétt 002 og 200 m fyrir austan vað 027. Varðan er austast á 2 m hárri malarbungu sem nær frá gili Eystri-Rangár. Hlutverk vörðunnar er óþekkt en mögulega var hún kennileiti sem vísaði að rétt 002 eða á leið 032.
Varðan er 1 m á hæð, 1,5 m á breidd og stendur efst á malarhól. Hún er hlaðin á hraunklett sem myndar undirstöður vörðunnar. Alls sjást þrjú umför af grjóti í vörðunni. Grjótið er lítt gróið og úfið.
Hættumat: engin hætta



Varða 025, horft til suðvesturs

RA-663:026 heimild um leið
63°50.595N 19°45.980V
Í skrá um örnefni og leiðir á Laufaleitum eftir Þorstein Oddsson segir: "Austan Rangár er Dalhraun norður af Rauðöldu sem er gamall gígur við suðvestur endann á Dalöldum. Sunnan við Rauðuöldu lá hestagatan upp á Dalaöldur, þar var ævinlega farið þegar farið var til fjalls þar til eftir Heklugos 1947 ..." Gengið var áleiðis upp Dalöldur en þar sáust ekki skýr ummerki um götur en grunnir skorningar eru víða í brattanum sem kunna að vera gamlar götur en geta líka verið eftir vatnsrennsli.
Í Dalöldunum og nánasta umhverfi er allt blásið og mikið um vikur allsstaðar. Gróðurtorfur eru hér og hvar. Bratt er upp Dalöldur, mosagróið og ekki mjög grýtt.
Ekki sást til minja um leið upp Dalöldur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: ÞO: Laufleitir, Rangárvallaafréttur, 2

RA-663:027 *Dalvað* heimild um vað
63°50.326N 19°47.254V
"Suður á móts við Daltanga eru Hvammar og Nes við Dalvað," segir í örnefnalýsingu. Í skrá um örnefni og leiðir á Laufaleitum eftir Þorstein Oddsson segir: "Þegar komið er fyrir suðurenda Hafrafells liggur vegaslóði að Rangá og á vaði yfir í Lambadal." Vaðið er um 200 m vestan við rétt 002 og rúma 350 m norðaustan við smalakofatóft 033. Vaðið var notað á Fjallabaksleið RA-661:021og leið 026.
Eystri- Rangá rennur til suðurs á þessum slóðum og er lygn. Svæðið umhverfis ánna er uppblásið með hraungrýti og vikri.
Eystri-Rangá er um 40 m breið á þessum slóðum. Vesturbakki árinnar er 0,3 m á hæð en til austurs er grýttur ármelur. Vaðið er um 0,5 m djúpt og lygnt. Vegslóði er beggja vegna vaðsins.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Laufleitir, 6; ÞO: Laufleitir, Rangárvallaafréttur, 2



Dalvað 027, horft til vesturs

RA-663:028 heimild
Í skrá um örnefni og leiðir á Laufaleitum eftir Þorstein Oddsson segir"Hverfum þá aftur fram í Faxaskarð, en þar kemur vegurinn upp á Faxa. Skarðið markast af tveimur all háum móbergshnausum. Sunnan undir nyrðri hnausnum er hlaðið lítið byrgi sem fannst fyrir fáum áratugum, ekki hef ég heyrt hverju það hefur átt að þjóna eða nein ummæli um það." Byrgið fannst ekki á vettvangi þó að allstórt svæði hafi verið gengið sunnan undir

nyrðri móbergshnausnum.
Hrjóstrugt og gróðurlítið svæði í mikilli hæð.
Ekki sást til minja.
Heimildir: ÞO: Laufleitir, Rangárvallaafréttur, 4

RA-663:029 heimild um náttstað 63°53.182N 19°19.123V


Í skrá um örnefni og leiðir á Laufaleitum eftir Þorstein Oddsson segir: "Þegar ekið hefir verið nokkurn spöl eftir Laufalæk norðan undir Hagafelli er komið að Hagafellsrana, liggur leiðin yfir hann og hallar þá fljótlega austur af í áttina að Markarfljóti. Þegar komið er niður brekkuna er farið yfir Laufalæk sem rennur þar í fljótið nokkuð neðar. Þar er hár og gildur móbergshnaus milli norðurenda Faxa og Markarfljóts sem nefndur er Standur eða Standurinn. Í gilskorningi vestan við standinn var lítill skúti þar var stundum gist í seinnileitum, nú niðurfallinn." Í örnefnalýsingu segir: "Í Standinum var fyrrum skýli til að liggja í." Standurinn er um 4,5 km norðvestan við Álftavatnsból 017.
Vestan við standinn þar sem skútinn var, eru allbrattar grjótskriður.
Ekki sést lengur til leifa af skútanum vegna hruns.



Standurinn, horft til VSV

Hættumat: engin hætta
Heimildir: ÞO: Laufleitir, Rangárvallaafréttur, 5; Ö-Laufleitir, 4

RA-663:030 hleðsla 63°56.312N 19°21.047V



Hleðsla 030




Hleðsla 030, horft til VSV

"Á móts við fossinn, sunnan við Markarfljót er dálítill hvammur gróðurlaus og grýttur. Í honum er allstór klettur, við hann er hlaðið byrgi úr hraungrjóti sem Guðmundur Kjartansson jarðfræðingur mun hafa hlaðið sér til skjóls og gist í er hann var við jarðfræðirannsóknir á Torfajökulssvæðinu," segir í örnefnaskrá fyrir Laufaleitir eftir Þorstein Oddsson. Vestan við foss í Markarfljóti, skömmu áður en það beygir til norðurs að Laufafelli er hleðsla. Ekki er ósennilegt að hleðsla þessi sé á sama eða svipuðum stað og byrgi Guðmundar Kjartanssonar var á og kann hleðslan að vera úr grjóti í byrginu. Ekki fannst annar líklegri staður en þessi, þrátt fyrir allmikla leit ofar og neðar með ánni. Byrgi Guðmundar er ekki nógu gamalt til að teljast til fornleifa og einnig er líklegt að hleðslan sem fannst sé of ung til að teljast til fornleifa. Þessar minjar eru skráðar engu að síður þar sem heimildir eru um að byrgið hafi verið grjóthlaðið af gamalli hefð og hleðslan sem fannst er það einnig.
Hleðslan liggur milli árbrúnar og kletts sem skagar fram í árfarveginn. Á milli kletts og árbrúnar er dálítið mosagróið haft.
Hleðslan er um 5 m á lengd og 0,5-1 m á breidd. Hún liggur í dálitlum sveig til VNV frá ASA. Mesta hæð þess

er 0,5 m. Hleðslan er ekki vönduð og virðist fremur ungleg. Í henni sjást þrjú umför. Mögulega hefur hleðslan það hlutverk að varna því að vatn flæði á milli árbrúnar og klettsins í flóðum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: ÞO: Laufleitir, Rangárvallaafréttur, 5


RA-663:031 *Launfit* heimild um náttstað 63°53.528N 19°18.868V
"Þegar komið er yfir Ljósá á veginum er farið yfir litla grasflöt nafnlausa og upp sandbrekku er þá komið upp á Launfitasand. Niður af Launfitasandi meðfram Markarfjóti er allstór grasfit, Launfit. Launfit er talin vera gamall vatnsbotn, vatnið síðan grafið Fljótsgil milli Faxa og Sátu. Á Launfit höfðu Skaftfellingar gjarnar náttstað er þeir ráku fé til slátrunar Fjallabaksleið syðri og fóru efri leiðina sem svo var nefnd," segir í örnefnaskrá. Í Árbók Ferðafélags Íslands frá 1976 stendur: "Á Launfit mun oft hafa verið áð og gist, enda góðir hestahagar. Leifar gamalla hlóða eru sagðar sjást þar á fljótsbakkanum og talið að þær hafi einkum verið notaðar af ferðamönnum." Launfit eru 3,6 km vestan við Grashaga 016.
Grónir ármelar og lækjarsprænur eru í Launfitjum. Afar ólíklegt er að fyrrnefndar hlóðir séu varðveittar vegna vatnavaxta sem verða reglulega í nærliggjandi vatnsföllum.
Engin ummerki mannvirkja sáust á þessum slóðum við vettvangsathugun.
Heimildir: ÞO: Laufleitir, Rangárvallaafréttur, 5; ÁFÍ 1976, 69

RA-663:032 gata leið 63°50.387N 19°46.803V



Á vinstri mynd sjást götur á leið 032, horft til norðurs. Á hægri mynd sést stæðileg varða, ein af 17 vörðum sem skráðar voru við leiðina, horft til norðvesturs

Samkvæmt herforingjaráðskorti lá leið frá Rauðnefsstöðum að Valadalsá áður en hún sameinast Rangá eystri. Í Lambadal sést framhald þessarar leiðar en þar er hún vörðuð og liggur áleiðis upp á Dalöldur.
Leiðin liggur yfir sendið hraun í Lambadal.
Leiðinni var fylgt á um 1,2 km löngum kafla og á honum eru sýnilegar 17 vörður en einnig sjást götur á einum stað og ummerki við Valadalsá þar sem farið var yfir hana á vaði. Leiðin liggur til norðausturs frá Valadalsá. Vaðið yfir Valadalsá er mögulega það sama og Dalvað 027. Áin er ekki mjög djúp en fara þarf niður bakka að ánni norðaustanmegin og sést skarð í honum. Ekki sést hvar komið er upp hinum megin en líklega er farið eftir grjóteyrum til vesturs og svo upp á bakkann því allbratt er beint upp hinum megin árinnar. Næst vaðinu er dálítill gróður og þar eru vörðurnar grónar. Þar sjást einnig 10 götur saman á um 5 m breiðu svæði. Annarsstaðar eru vörður í svörtum sandi og á köflum sést ein allbreið gata, um 1 m að innanmáli en allar götur á leiðinni eru grunnar vegna sands sem safnast fyrir í þeim. Vörðurnar eru allar hlaðnar úr hraungrýti og eru margar þeirra niðurfallnar. Algengt er að þær séu 0,6-1 m í þvermál og hæsta varðan er 1,4 m. Í henni sjást 6 umför grjóts.
Hættumat: hætta, vegna uppblásturs
Heimildir: Herforingjaráðskort



Smalakofatóft 033

RA-663:033 tóft smalakofi
63°50.174N 19°47.515V


Smalakofi er tæpa 550 m suðvestan við rétt 002 og 350 m austan við vað 027. Kofinn stendur syðst í svokölluðum Dalöldum. Tóftin er við ármót Eystri- Rangár og Valár.
Tóftin er á gróinni vikurbreiðu. Þar vex gras, mosi og lyng.
Tóftin er 5 x 4 m að stærð, er einföld og snýr suðvestur-norðaustur. Op er á tóftina á miðjum suðurvegg og eru ennþá uppistandandi. Þær eru 0,5 m á hæð en þakið hefur hrunið ofan í tóftina. Hún virðist vera grjóthlaðin en er orðin grasivaxin að utan. Veggir tóftarinnar eru talsvert raskaðir. Inni í tóftinni sést bárujárn og timbur úr þaki. Tóftin virðist hafa verið topphlaðin. Suðurveggurinn er um 1,1 m á hæð og sjást 4 umför af grjóthleðslu þar.
Hættumat: engin hætta



Smalakofatóft 033, horft til norðausturs

RA-663:034 heimild um vað
63°49.976N 19°24.203V
Í skrá um örnefni og leiðir á Laufaleitum eftir Þorstein Oddsson segir: "Hverfum þá að syðri leiðinni fram á Krók þar sem áður var frá horfið. Vað er á [Markar]fljótinu rétt neðan við þar sem skyndi brúin er sett." Vaðið er 30 m norðaustan við sæluhús 023 og tæpum 5 km suðaustan við Reiðskarð (sjá Fjallabaksveg 661:021). Vaðið var notað á smalaleið um afréttinn.
Markarfljót er um 30 m breitt, lygnt og fremur djúpt í miðri ánni. Ekki var farið beint yfir ána, heldur grynningum í henni fylgt til suðausturs. Kindaslóðar sjást þar nú.
Kindastígur liggur niður sandgil að Markarfljóti. Stígurinn kemur um 50 m suðaustar upp úr ánni og liggur þar áfram um afréttinn.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: ÞO: Laufleitir, Rangárvallaafréttur, 7

RA-663:035 *Gamli kofi* hús sæluhús 63°50.343N 19°11.611V



Gamli kofi 035




Gamli kofi 035, horft til vesturs

Í skrá um örnefni og leiðir á Laufaleitum eftir Þorstein Oddsson segir: "Í miðju Hvannagili við vesturhlíðina er malarhryggur sem nær niður á sléttu. Á honum er lítil kofarúst, Gamli kofi, saman sigin svo að ekki er hægt að komast þar inn, hefur þó ekki hrunið." Sæluhúsið er merkt Gamlaból á skilti og greinilegt að skálinn hefur verið endurhlaðin á einhverjum tímapunkti. Gamli kofi er rúma 950 m norðan við núverandi skála Ferðafélags Íslands í Hvanngili. Sæluhúsið er á gróinni malarskriðu og 30 m austan þess, niðri á jafnsléttu er stikuð gönguleið.
Hvanngil snýr því sem næst norður-suður og er víðfermt. Það er mýrlent og lækjarspræna rennur eftir því endilöngu. Þar vex gras og mosi. Hlíðar Hvanngils eru brattar og grýttar.
Gamli kofi er uppistandandi og merktur með skilti. Sæluhúsið er 4x4 m að utanmáli, 1,5 m á hæð og dyr eru til

ANA. Lofthæðin inni í sæluhúsinu er 1 m og dyrnar eru 0,5 m á hæð. Sæluhúsið er grjóthlaðið og sjást mest 7 umför af grjóthleðslu í veggjum. Það er hlaðið úr hraungrýti. Stór hraunhella er efst á sæluhúsinu en að öðru leyti er það topphlaðið. Mögulega var sæluhúsið áður stærra en það er nú, austurs er 0,5 m breið hleðsla með fram veggjum. Hún er grjóthlaðin og 0,3 m á hæð. Ekki mótar fyrir hólfaskiptingu inni í sæluhúsinu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: ÞO: Laufleitir, Rangárvallaafréttur, 7

RA-663:036 hleðsla náttstaður 63°52.527N 18°56.672V



Hleðsla 036


Hleðsla 036, horft til norðurs

Í skrá um örnefni og leiðir á Laufaleitum eftir Þorstein Oddsson segir: "Norðaustan við Svartafell eru Hólmsárbotnar. Þar var náttstaður Rangvellinga. Lítill grasbali er þar oft vel loðinn en beist fljótt upp af hestum fjallamanna." Í Árbók Ferðafélags Íslands frá 1976 stendur: "Vestan Hólmsár þarna ofan við lónið er Strútslaug sem fyrr getur og gott gras á dálitlum bala umhverfis hana. Á þessum bala var tjaldstaður ferðamanna fyrrum. [...] Uppi á balanum hafa aðkomumenn hlaðið grjótgarða, trúlega til skjóls fyrir tjöld [...]." Tjaldstaðurinn er við Strútslaug sem er náttúruleg. Fyrir norðan hana er rúmlega 40 m langur grasbali og tjaldað var á honum. Náttstaðurinn er rúma 40 m norðaustan við rétt 037 og rúma 9,6 km norðaustan við vörðu 038.
Sléttur grasbali er á milli Hólmsárbotna til austurs og annars gils til vesturs. Grasbalinn er sléttur, í aflíðandi halla til suðurs. Hann endar 10 m norðan við laugina.
Þar sem náttstaðurinn var er U-laga grjótdreif, líklega ekki mjög gömul. Grjótdreifin er 12x7 m að stærð og 0,3 m á hæð. Ekki um skýrar hleðslur að ræða heldur er árgrjóti hrúgað í einfalda röð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: ÞO: Laufleitir, Rangárvallaafréttur, 9; ÁFÍ 1976, 103

RA-663:037 heimild um rétt 63°52.506N 18°56.691V
Í skrá um örnefni og leiðir á Laufaleitum eftir Þorstein Oddsson segir: "Norðaustan við Svartafell eru Hólmsárbotnar. Þar var náttstaður [sjá 036] Rangvellinga. Lítill grasbali er þar oft vel loðinn en beist fljótt upp af hestum fjallamanna. Neðan við hann var rétt þar sem kindur þær sem fundust voru geymdar yfir nóttina." Í Árbók Ferðafélags Íslands frá 1976 segir: "Vestan Hólmsár þarna ofan við lónið er Strútslaug sem fyrr getur og gott gras á dálitlum bala kringum hana. Á þessum bala var tjaldstaður [036] fjallmanna fyrrum. Neðan við bakkann var einnig hlaðin dálítil rétt til að geyma fé í nætursakir, en ánni tókst að fylla hana af aur og grjóti, og eftir að hætt var að liggja í Hólmsárbotnum þótti ekki þörf að halda réttinni við.". Í Göngum og réttum segir ennfremur: "Samtímis því að Rangvellingar fóru réttarferðir á Álftaversafrétt, sóttu Álftveringar og Skaftártungumenn fé sitt til Rangvellinga í rétt við Strútslaug, sem er sunnan undir Torfajökli. En fyrir 60-70 árum [um 1945] var því hætt af Álftveringum, og tóku þá Skaftártungumenn að sér að hirða fé Álftveringa ásamt sínu eigin fé, sem þar var í Strútsrétt. [...] Þarna er legið þriðju nóttina, en féð rekið í rétt, og komu venjulega tveir menn úr Skaftártungu til að sækja fé sitt, enda oftar fleira en Rangvellinga." Líklegt er að réttin hafi verið grjóthlaðin en hún sést ekki lengur. Hún var 40 m suðvestan við tjaldstað 037 og 8,2 km ANA við rétt 015.
Sléttur grasbali er á milli Hólmsárbotna til austurs og annars gils til vesturs. Grasbalinn er sléttur, í aflíðandi halla til suðurs. Hann endar 10 m norðan við laugina.
Engin ummerki réttarinnar sjást á yfirborði.
Hættumat: stórhætta, vegna landbrots
Heimildir: ÞO: Laufleitir, Rangárvallaafréttur, 9; ÁFÍ 1976, 103; GR I, 163, 236,

RA-663:038 *Slysaalda* varða 63°49.424N 19°06.116V

Í skrá um örnefni og leiðir á Laufaleitum eftir Þorstein Oddsson segir: "Austur á miðjum Mælifellssandi suður af Kaldaklofi nokkuð norðar en bílbrautin liggur er alda sem snýr frá norðri til suðurs, vestan við hana er ávöl móbergstunga. Á henni stendur lítil varða. Norðan undir þessari öldu, Slysaöldu fundust bein Skaftfellinganna sem, urðu þar úti er þeir voru á leið til vers haustið 1868. 11. okt lögðu þeir af stað, en tíu árum síðar eða 24. sept 1878 fundust bein þeirra stuttan veg frá þeim leiðum sem farnar eru venjulega. Þarna hafa þau allan þennan tíma legið hulin snjó og sandi. Margt hefur verið tætt og ritað um örlög þeirra þeirra fjórmenninga, en það er saga sem verður aldrei skýrð." Í Árbók Ferðafélags Íslands frá 1976 kemur fram að minnismerki hafi verið sett á klöppina árið 1968, þegar 100 ár voru liðin frá atburðunum. Varðan er á lágri móbergsöldu, fast vestan við stærri sandöldu sem kallast Slysaalda eftir þessum atburði. 50-60 m eru milli þeirra. Varðan er tæpum 5 km ASA við Gamla kofa 035



Varða 038 á Slysaöldu, horft til norðurs

Varðan er á ávölum móbergshrygg sem snýr austur-vestur. Hryggurinn er 100 m að lengd og 50 að breidd. Norðurhlið hryggarins er veðruð.

Varðan er 1,7 m á hæð, 2 m í þvermál og stendur ennþá. Hún er grjóthlaðin og úr nokkrum bergtegundum sem finnast á þessum slóðum. Grjótið hlaðið úr misstórum steinum og smásteinum troðið inn á milli þeirra. Sex umför af grjóthleðslu sjást í vörðunni sem stendur ennþá. Minningarskjöldur úr málmi er norðan við vörðunnar. Þar stendur þar hafi menn orðið úti seint á 19. öld.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: ÞO: Laufleitir, Rangárvallaafréttur, 9; ÁF'I 1976, 98



Varða 039, horft til suðvesturs

RA-663:039 varða

63°50.390N 19°48.088V

Varða er nærri Lambadal, vestan Rangár eystri. Hún er tæpa 700 m VNV við Dalvað 027 og 850 m vestan við rétt 002. Ekki er vitað í hvaða tilgangi varðan var hlaðin en mögulega var hún vegvísir að Lambadal eða á leið 032.

Á þessum slóðum er uppblásið hraun og sandur. Mikið af sandinum er aska úr Heklugosinu frá 1947 en það var tæplega 50 m þykkt þarna. Hraunklettar og -hólar standa uppúr sandinum og vex gras og mosi á þeim.

Grunnur vörðunnar er náttúrulegur hraunklettur, um 1,5 m í þvermál og 0,5 m á hæð. Ofan á hann er búið að hlaða tveimur umförum af hraungrýti. Varðan er 1,3 m á hæð og 1,5 m að breidd.

Hættumat: engin hætta



Garðlag 040, horft til norðvesturs

RA-663:040 garðlag

68°49.893N 19°12.263V


Garðlag er á milli tveggja klapparhóla um 20 m suðaustan við skála Ferðafélags Íslands í Hvanngili og um 25 m austan við vörðu 009.

Garðlagið er í lítt grónu, sendnu hrauni.

Garðlagið er grjóthlaðið og er um 13 m langt. Það snýr suðaustur-norðvestur. Það beygir lítillega til austurs í suðausturenda. Garðlagið er ekki vandlega hlaðið, er um 1 m á breidd og 0,4 m á hæð. Ekki er

ljóst hvaða tilgangi garðlagð þetta þjónaði eða hversu gamalt það er. Líklegt er að það tengist öðrum minjum um eftirleitir í Hvanngili en kann að vera mun yngra.
Hættumat: hætta, vegna rasks

RA-663:041 hleðsla rétt 63°51.008N 19°37.961V




Rétt 041


Hleðslur í rétt 041, horft til suðvesturs

Í bókinni Göngur og réttir er lýsing á eftirleit sem farin var 1896 og annarri árið 1928. Þar segir: "Þeir félagar héldu svo sem leið liggur inn í Blesárból [sjá 018] við Blesá, og lágu þar um nóttina, en að morgni skiptu þeir með sér leitum. [...] Þegar fram í Blesárból kom, var kindunum þar hleypt út til að kroppa, en á meðan hresstu þeir Oddur við gamalt grjótbyrgi skammt frá bólinu, og þar var síðan allt það fé, sem fundist hafði, geymt um nóttina [...]." Réttarhleðslu er enn hægt að greina í suðurhluta Blesárgils. Bólið er 7,4 km austan við rétt 002 og rúmum 150 m norðan við Blesárból 018. Ekki er ljóst hvert hlutverk gamla grjótbyrgisins var áður en það var endurhlaðið og notað sem rétt. Mögulega hefur það verið notað sem gangamannkofi.
Bólið er undir klettahamri, fast vestan við Blesá. Þar er melur og smá mosagróður.
Hleðslan, eða bólið, er 4x3 m að stærð. Hleðslan er undir slútandi klettum sem mynda skjól þar yfir. Hleðslan er 0,3 m á hæð, grjóthlaðin og sjást mest fjögur umför af grjóti í henni. Ekki sést neinn inngangur inn í bólið. Grjót liggur víða utan við hleðsluna og telja má líklegt að veggirnir hafi verið mun hærri. Hleðslan snýr norður-suður og er einföld.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: GR I, 244, 252


Rétt 042, horft til austurs



Rétt 042

RA-663:042 gerði rétt 63°49.953N 19°24.263V
Lágt hlaðið gerði er við sæluhús eða gangnamannakofa 023 í Krók.

Flatlendi er ofan við gerði, grasi gróið að mestu leyti. Brekka er til vesturs og Markarfljót er til austurs.
Gaddavírsgirðing er ofan á hlaðna gerðinu sem er líklega notað fyrir hesta frekar en fé. Gerðið er um 37x37 m að stærð, ferkantað. Hæð og breidd veggja er um 0,5 m. Rof er í gerðið um 5 m sunnan við norðausturhorn. Það er um 3 m breitt og er þar hlið á gaddavírsgirðingunni. Ekki sést í grjóthleðslur og er gerðið sennilega torfhlaðið, stungið upp utan við það.
Hættumat: engin hætta

RA-671 Fornleifar á fl. en einni jörð

RA-671:001 *Kirkjugötur* gata leið 63°56.966N 20°21.840V



Kirkjugötur 001 á Messurima í landi Mykjuness, horft til suðurs

"Kirkjugötur, fornlegar, á Brýnisrima í Pululandi og Messurima í Mykjuneslandi," segir í örnefnaskrá Pulu. Kirkjugötur eru sýndar á örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar fyrir sömu jörð. Þetta er ekki sama leið og Kirkjugötur 003. Leiðin sést í landi Pulu, Mykjuness og líklega er framhald af henni í landi Skammbeinsstaða. Leiðin hefur að líkindum verið kirkjuleið til Marteinstungu RA-401 frá þessum þremur bæjum. Ekki er ólíklegt að leiðin hafi verið hluti af stærra samgöngukerfi og verið farin í fjölbreyttum tilgangi. Í landi Pulu sjást götur í Brýnisrima nærri merkjum móti Mykjunesi. Í landi Mykjuness sjást götur í Messurima, meðfram vestanverðu Holti og í Brekkum í vestanverðum Mykjunesási. Í landi Skammbeinsstaða sjást göturnar í Klauf sem er vestan við Mykjunesás. Leiðin var skoðuð á vettvangi á Messurima í landi Mykjuness og í Klauf í landi Skammbeinsstaða. Að öðru leyti var leiðin rakin af loftmynd.
Holtavegur sem liggur um ofanverð Holtin liggur eftir Mykjunesási og er því stutt af honum að götunum sem liggja eftir ásnum vestanverðum. Mikil skógrækt er á vestanverðum ásnum og sumarbústaðarlóð er í Klauf í landi Skammbeinsstaða. Á Messurima er grösugt og smáþýft og beggja vegna við hann er framræst mýrlendi.
Alls var leiðin rakin af loftmynd á um 2,5 km löngum kafla sem snýr nálega norður-suður. Í Klauf sjást tvær djúpar og grónar götur saman á um 5 m breiðu svæði. Göturnar snúa norður-suður og eru um 0,5 m á dýpt og 0,3 m á breidd. Í Messurimanum eru grónar götur, 5-10 saman. Þær eru um 0,3 m á dýpt.
Hættumat: hætta, vegna trjárækta
Heimildir: Ö-Pula, 5; IE-Örnefnauppdráttur, Pula; Loftmyndir frá Loftmyndum ehf.

RA-671:002 *Skógargötur* gata leið 63°54.717N 20°23.140V



Skógargötur 002 í landi Köldukinnar, horft til norðausturs

"Vestur frá botni hennar [Vöðlakeldu] liggur ás, sem heitir Skógargötur...," segir í örnefnalýsingu Hallstúns. Skógargötur eru merktar inn á örnefnauppdrátt Ölversholts eftir Ingólf Einarsson og eru þar sýndar götur sem liggja úr Hallstúnslandi RA-403, eftir Klettholti yfir norðurenda Ölversholtslands RA-399 og inn í land Köldukinnar RA-398. Skógargötur sjást um 880 m suðaustan við bæ Hallstún RA-403:001, litlu sunnan við nýbýlið Holtabrúnir. Skógargötur eru ekki merktar inn á örnefnauppdrátt Köldukinnar en á það eru hins vegar merktar Nónvörðugötur sem sýndar eru liggja frá bæ RA-398:001 til suðvesturs yfir Klettholt en þó ekki á nákvæmlega sama stað og Skógargötur. Um Nónvörðugötur segir í örnefnaskrá Köldukinnar eftir Ingólf Einarsson: "Nónvörðugötur. Frá Köldukinn til suðvesturs yfir Holtið og norðurtögl Klettholts." Mögulega er hér um tvær ólíkar leiðir að ræða en líklegt er að þetta sé ein og sama leiðin þó hún hafi haft mismunandi heiti eftir jörðum. Leiðin var skoðuð í landi Hallstúns á ásnum Skógargötur og í landi Köldukinnar.
Göturnar liggja annars vegar eftir lágum þýfðum ási í landi Hallstúns, innan um mýrar sem búið er að ræsa fram að miklu leyti. Hins vegar sjást göturnar í grónu, stórþýfðu mólendi í landi Köldukinnar.
Leiðin var skráð á vettvangi og rakin af loftmynd á Klettholti. Hún sést á svæði sem er um 2,4 km á lengd og snýr nálega austur-vestur. Í landi Hallstúns sést djúp, breið og gróin gata sem er um 2 m á breidd þar sem hún er

breiðust og um 1,5 m djúp þar sem hún er dýpst en er víðast mjórri og grynnri eða 0,5 m á breidd og dýpt. Leiðin liggur suðaustur-norðvestur meðfram suðvestanverðum ásnum. Í landi Köldukinnar sést leiðin frá gamla heimatúninu á um 500 m löngum kafla sem er 5-10 m á breidd en hverfur í tún. Hægt er að greina 6 götur við Nónvörðu RA-398:015. Þær eru 0,7-1 m á dýpt og mold í botni þeirra. Á köflum er leiðin óskýr vegna stórþýfis. Ekki er nákvæmlega vitað hvert göturnar lágu en nafnið bendir til þess að þær hafi verið farnar til að stunda skógnytjar. Aðrar götur sem eru minna grónar eru meðfram norðaustanverðum ásnum og virðast þær vera framhald af Kirkjugötum 003, sjá þar.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir: Ö-Hallstún, 1; IE-Örnefnauppdráttur, Ölversholt og Ölversholtshjáleiga, Marteinstunga, Bjálmholt, Gata, Hallstún; Ö-Kaldakinn IE, 6: IE- Örnefnauppdráttur, Kaldakinn; Loftmyndir frá Loftmyndum ehf.

RA-671:003 *Kirkjugötur* gata leið 63°54.972N 20°21.097V



Kirkjugötur 003 í landi Hallstúns, horft til vesturs

"Á holtinu fyrir vestan túnið er svonefnt Messuflag, rétt við það liggja Kirkjugötur vestur holtið," segir í örnefnalýsingu Köldukinnar RA-398. Þetta er önnur kirkjuleið en Kirkjugötur 001. Leiðin er merkt inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar af sömu jörð. Á kortinu sést að leiðin liggur yfir í land Pulu RA-397, í suðaustanverðum Selási. Leiðin hefur legið frá Köldukinn að kirkju í Marteinstungu RA-401. Á milli bæjanna eru um 3 km í beinni loftlínu.
Leiðin liggur um mýrlendi og lág holt og ása. Hún er horfin á löngum köflum vegna túnræktar og annars rask.
Leiðin sást ekki á vettvangi í landi Köldukinnar. Á loftmynd sést hvar leiðin liggur suðaustan í Selási í landi Pulu og líklega er framhald leiðarinnar á lágum ás sem heitir Skógargötur í landi Hallstúns. Þar eru götur á norðaustanverðum ásnum sem liggja samhliða Skógargötum 002 á kafla. Göturnar sást 8 saman á um 8 m breiðu svæði. Þær eru um 0,3 m á dýpt og 0,2 m á breidd að innanmáli. Göturnar eru grónar að mestu leyti. Á ásnum Skógargötur sést leiðin á um 300 m löngum kafla og liggur hún nálega austur-vestur. Götur á leiðinni í Selási sjást á um 400 m löngum kafla af loftmynd þar sem leiðin liggur suðvestur-norðaustur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kaldakinn, 4; IE-Örnefnauppdráttur, Kaldakinn; Loftmyndir frá Loftmyndum ehf.

RA-671:004 *Mykjunesgötur* gata leið 63°55.425N 20°20.705V



Mykjunesgötur 004 í landi Mykjuness, horft til norðurs

"Mykjunesgötur. Frá Köldukinn [RA-398] að nágrannabænum Mykjunesi [RA-396]: norður Heiðarhrygg, vestan Berj[a]hóls og þá til norðvesturs um Syðsta-, Mið og Innstahvamm, í austurrótum Köldukinnarheiðar," segir í örnefnalýsingu Köldukinnar. Leiðin er sýnd á örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar af sömu jörð. Þar er aðeins sýnt hvar hún liggur norðan Landvegar (þjóðvegur) en líklega lá hún frá tröðum í Köldukinn RA-398:009 og þaðan áfram til norðurs eins og lýst er í örnefnaskrá. Í landi Mykjuness lá leiðin um Stekkatún RA-396:007 og Pokalág heim að bæ RA-396:001. Á milli bæjanna Mykjuness og Köldukinnar eru 3 km í beinni loftlínu.
Leiðin liggur í grónu, þýfðu mólendi þar sem hún sést í landi Köldukinnar en í landi Mykjuness er hún að miklu leyti horfin undir tún og veg.
Leiðin sést ennþá vel í landi Köldukinnar á um 1,2 km löngum kafla sem liggur NNA-SSV. Yfir syðsta hluta

hennar er malarslóði að sumarbústöðum í einkaeign og að nýbýlinu Skeiðvöllum. Leiðin kemur aftur í ljós austan við sumarbústaði innan nýbýlisins Skeiðvalla, við svokallaðan Berjahól, um 790 m NNA við Köldukinn RA-398:001. Svo liggur hún vestan við Kollóttahól RA-398:007 og áfram norður eftir fyrrnefndum hvömmunum. Leiðin er óskýr sökum þýfis og ágangs hrossa á köflum en er augljós á loftmynd. Við Berjahól sjást á milli 10-20 götur og leiðin breiðir úr sér. Göturnar eru 0,2 m á dýpt og grónar. Leiðin mjókkar þegar norðar dregur og 5 götur sjást þar. Í landi Mykjuness er leiðin að mestu leyti horfin í túnrækt, undir veg og vegna annarskonar rasks en Pokalág sem leiðin lá líklega eftir sést enn á loftmynd. Pokalág liggur eftir svokölluðu Holti. Þar sem leiðin fer niður af Holti til norðurs er hún allgreinileg en vel gróin. Þar liggur hún í 2 m djúpri lág, í beinni stefnu á veg RA-396:012 og sést á 150 m löngum kafla. Í miðri hlíðinni breikkar lágin og gatan verður óskýrari. Hún sveigir síðan til norðausturs við enda Holtsins og liggur fyrir norðan helli RA-396:015. Þar hverfur hún. Líklega lá leiðin einnig áfram til norðurs og sameinaðist veg RA-396:012 en þar er nú slétt, gróið svæði. Leiðin er 3-5 m á breidd og sjást tvær götur. Göturnar eru 0,6-1 m á dýpt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Kaldakinn, 6; IE-Örnefnauppdráttur, Kaldakinn

RA-671:005 gata leið

63°54.225N 20°25.985V

Leið liggur til suðurs frá Lýtingi RA-401:010 í landi Marteinstungu, meðfram svokölluðum Snösum sem sýndar eru á örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar af jörðinni. Leiðin sveigir síðan til suðvesturs að beitarhúsum RA-401:008 í Skollagrenisrima og áfram yfir í land Þjóðólfshaga RA-409.

Leiðin þræðir gróið mólendi, rima og framræstar mýrar.

Leiðin hlykkjast norður-suður í landi Marteinstungu meðfram Snösum sem eru holtabrúnir. Þar sést ein breið gata sem er 1-1,5 m á breidd á dýpt og mold í botninum. Leiðin kvíslast víða og sjást allt upp í 5 götur á köflum. Leiðin sveigir til suðvesturs yfir framræstar mýri, Snasamýri, og er þar illgreinileg á yfirborði en auðrakin á loftmynd. Þar sést hún liggja yfir í land Þjóðólfshaga, austast á Velli, þar sem leiðin sameinast leið RA-671:012.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Marteinstunga, Bjálmholt, Gata, Hallstún



Götur á leið 005 í landi Marteinstungu, horft til suðurs

RA-671:006 vegur leið 63°55.218N 20°24.521V

Að sögn Sigrúnar Ingólfsdóttur, heimildamanns í Götu RA-404, lá leið upp Götubrekkur frá Götu að Nefsholti RA-405 þar sem hún tengdist Ferðamannagötum 007. Ummerki um leiðina sjást enn í brekkunni og er greinilegt að þar var ruddur, bílfær vegur en löngu fallin úr notkun.

Vegurinn er í gróinni brekku, í halla til suðurs. Brekkan eru gróin kjarri og alls kyns blómum. Gróðurinn er mittishár víða og mikið af náttúrulegum pöldrum.

Vegurinn sést liggja upp Lambhúsbrekku (sjá RA-404:008) og hverfur við landamerki Nefsholts. Þar er slétt, grasivaxið tún. Hann sést á 100 m löngum kafla og snýr austur-vestur. Vegurinn sést einungis í brekkunni en til austurs hverfur hann í mikinn gróður. Vegurinn er 3 m breiður og sléttur.

Hættumat: engin hætta



Vegur á leið 006 í landi Götu, horft til VSV

RA-671:007 *Ferðamannagötur* vegur leið 63°55.710N 20°25.015V

Rudd leið liggur í gegnum land Hvamms, Nefsholts, Hreiðurs og yfir í land Þverlækjar en sést ekki gjörla innan þeirrar jarðar. Um leiðina segir í minnisblaði Olgeirs Engilbertssonar, heimildamanns í Nefsholti: "Enn er eftir að geta um gamla vegslóðann frá Fagurhól inn eftir högunum upp í Holt. Þarna fóru bílar upp að Þverlæk og



Ferðamannagötur 007 í landi Nefsholts, horft til austurs

víðar áður en Hagabrautin var lögð 1947-50. Götur eru líka frá Fagurhól heim að Nefsholti. Þessi leið var mikið farin af því að mýrin þar sem Laugaland er núna var mjög blaut og erfið yfirferðar og ekki kom ræsi í lækinn fyrr en gamla sundlaugin var byggð 1936." Í örnefnaskrá Hreiðurs segir: "Þarna heita og Jaðar, Vondadý og Vatnsgrafarlækur, og nú er komið að örnefnum þeim, er áður voru nefnd í "áreiðinni". Þó eru eftir að nefna Klifhóla, sem eru austast á moldunum, eru þar Krossgötur. Til austurs liggja Kirkjugötur [RA-671:014], en Ferðamannagötur til vesturs." Ferðamannagötur sjást víða, t.d. Um 2 km sunnan við Hreiður RA-384:002 og um 1,2 km SSV við Gamla-Hreiður RA-384:001. Nýivegur í landi Hreiðurs RA-384:015 og Ferðamannagötur mætast fast norðan við landamerkjagarð í landi Hreiðurs RA-384:016. Lega leiðarinnar er sýnd á örnefnauppdrætti fyrir Hreiður.
Leiðin liggur um þýft mólendi, um holt og mýrarsund.
Leiðin var skoðuð í landi Hvamms, Nefsholts og Hreiðurs en sást ekki skýrt í landi Þverlækjar. Hún sést fyrst SSA undir Kambsheiði í landi Hvamms og heldur áfram meðfram heiðinni, krækir suður fyrir Fagurhól á merkjum milli Nefsholts og Hvamms og liggur síðan annars vegar heim að Nefsholti til suðausturs og hins vegar nokkuð beina leið til norðausturs. Í landi Hreiðurs liggur hann meðfram sunnanverðum Moldunum. Við suðausturhorn þeirra voru krossgötur Kirkjuvegar RA-671:014 og Ferðamannagatna. Ferðamannagöturnar halda áfram í NNA yfir Murnardæluholt vestanvert og yfir Forna-Hreiður austanvert fast austan við bæjarhólinn RA-384:001. Áfram halda þær yfir vesturbrún Sandskarðsheiðar inn í land Þverlækjar RA-394 þar sem leiðin kallast Þverlækjarvegur. Í landi Nefsholts er mýrarbrú RA-405:028 á leiðinni. Nýivegur RA-384:015 í landi Hreiðurs liggur á þá leið sem hér er skráð og sameinast henni við landamerkjagarð RA-384:016 á syðri landamerkjum Hreiðurs. Hluti leiðarinnar var ruddur vegur og er hann almennt nokkuð gróinn. Hann er víðast hvar 0,5-2 m á breidd innanmáls og dýpstur um 1 m. Sumstaðar er komið rof í veginn vegna vatnsaga. Alls sést leiðin á um 4 km löngum kafla. Ekki fengust upplýsingar um nákvæman aldur vegarins en líklegt er að hann sé frá byrjun 20. aldar. Hins vegar er sennilegt að leiðin sjálf sé miklu eldri.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hreiður, 3; IE-Örnefnauppdráttur, Hreiður; Olgeir Engilbertsson, minnisblað

RA-671:008 *Skollalautir* gata leið 63°52.049N 20°20.903V



Skollalautir 008 í landi Árbæjarhjáleigu, horft til VNV

"Eftir endilangri [Árbæjar-]heiðinni frá suðri til norðurs eru tvær samliggjandi lautir með smáhrygg á milli; þær heita Skollalautir, og segir þjóðtrúin, að þar hafi Kölski dregið viðardrögur á leiðinni frá fjalli til fjöru. Við endann á lágum þessum er vað á gilinu, sem heitir Skógarvað [RA-415:010]," segir í örnefnalýsingu Árbæjar og Árbæjarhjáleigu. Skollalautir eru merktar inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar og samkvæmt því eru þær í landi Árbæjar RA-415 og Árbæjarhellis RA-416. Eftir vettvangsskoðun og ítarlega skoðun loftmynda er ljóst að eftir Skollalautum liggur gömul leið sem ekki hafa fundist beinar heimildir um. Skollagróf er skráð í Rangárvallahreppi RA-661:009 en það virðist vera náttúruleg laut sem liggur frá Selsundsfjalli að Odda RA-311. Það þyrfti þó að kanna betur með tilliti til leiðarinnar í Skollalautum. Sama skýring fylgir báðum örnefnum. Ekki er útilokað að einhver ruglingur hafi orðið og sögnin færst af Skollagróf í Rangárvallahreppi yfir á gróf sem liggur frá Árbæ upp með Rangá ytri.

Hún liggur reyndar norðaustur-suðvestur en ekki norður-suður og aðeins sést ein gróf en ekki tvær samsíða. Minjarnar voru skoðaðar í landi Árbæjar og Árbæjarhellis og sjást þær um 280 m NNA við Árbæ RA-415:001 og um 210 m norðaustan við Árbæjarhelli RA-416:001.
Gróf sést slitrótt í landi Árbæjar en á samfelldum kafla um allt land Árbæjar í stórþýfðu mólendi á brúninni ofan (norðvestan) við Rangá ytri. Grófin er 40-180 m NNV við veginn um sveitina, Árbæjarbraut í landi Árbæjarhellis. Í landi Árbæjar er grófin fast við veginn á einum stað en mest 100 m norðvestan (ofan) við hann.
Í landi Árbæjarhellis þar sem grófin sést á samfelldum kafla er hún 2-5 m á breidd að innanmáli og 0,3-,1,5 m á dýpt. Ef grófinni er fylgt eftir til norðausturs sést hún á köflum alla leið að landamerkjum milli Efra-Sels RA-457 og Bjalla RA-458, alls á um 8,7 km löngum kafla. Leiðin virðist tengjast leið 302:085 í landi Geldingalækjar á Rangárvöllum og hefur líklega legið áfram að Þingskálum og upp með suðausturbakka Rangár ytri. Þar sem leiðin virðist enda við landamerki Efra-Sels og Gamla-Bjalla sést áframhald hennar ekki en hún hefur líklega legið yfir Rangá ytri og haldið áfram í landi Hrólfsstaða/Fornufjósa þar sem mikill uppblástur hefur afmáð ummerki um framhald leiðarinnar. Í landi Árbæjarhellis hafa beitarhús RA-416:026 verið byggð að hluta ofan í grófinni eftir að hætt var að nota leiðina. Um 710 m norðaustan við Árbæjarhelli 416:001 er beygja á leiðinni og liggur Lymskalág (Prestslág) frá beygjunni til norðvesturs en Skollalautir halda áfram til suðvesturs. Þar sem beygjan er á grófinni er líka horn á garði RA-416:024.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Árbær og Árbæjarhjáleiga, 3; IE-Örnefnauppdráttur, Árbær, Árbæjarhellir, Árbæjarhjáleiga, Gilsbakki; Loftmyndir frá Loftmyndum

RA-671:009 heimild um leið
"Hann [Daníel Jónsson] hefur heyrt, að bærinn [Akbrautarholt] dragi nafn af því, að braut þeirra Skálholtsbiskupanna hafi legið þar um, er þeir drógu að sér föng sunnan af Landeyjarsandi." Við aðalskráningu fornleifa í landi Akbrautar árið 2010 fundust engin ummerki um þessa leið og óvíst hvar hún hefur legið nákvæmlega. Ekki reyndist því unnt að staðsetja leiðin með innan við 50 m skekkju. Tvö vöð voru skráð á jörðinni við Þjórsá. Annars vegar Bótvað RA-391:026 sem er vestan við Hamarinn, háan klett sem skagar fram í ána. Hins vegar er nafnlaust vað RA-391:027 sem er beint austur af yngsta bæjarstæði Akbrautarholts RA-391:007 en það er á suðvesturenda Hamarsins. Mögulega hefur meint leið sem hér er skráð legið yfir Þjórsá á öðru hvoru vaðinu en þó virðist Bótvað liggja betur við, miðað við stefnu frá Skálholti.
Heimildir: Ö-Akbraut, 2

RA-671:010 *Holtavegur hinn forni* gata leið 63°51.043N 20°31.342V



Götur í landi Arnkötlustaða á Holtavegi hinum forna 010, horft til norðvesturs

Í greininni "Holtavegur hinn forni" eftir Guðlaug E.Einarsson segir um þessa fornu leið: "Allt þar til er brúin kom á Þjórsá hjá Þjótanda árið 1895, lá vegur þessi upp bakkana hjá Ferjuhamri [sjá RA-357:007 í landi Sandhólaferju], yfir mýrarsund að Hrútsvatni og meðfram því að norðanverðu, fyrir neðan bæinn Ásmúla, yfir Ásengjar og að læknum Rauðalæk, þar sem hann beygir til suðurs í Andalæk. Eftir það lá vegurinn með Rauðalæk um 10-12 km. leið eftir eyrum hans og bökkum, og er vegarstæðið sýnilega valið með það fyrir augum, að þarna var þurrlendast yfirferðar að minnsta kosti að sumrinu, þegar mest var umferðin. Rauðalækur rennur í bugðum og krókum eftir eyrum og með bökkum, en til þess að vegurinn væri sem beinastur og stytztur, var farið yfir vöð á læknum. Voru þau 18 á allri leiðinni, sem farin var, og höfðu hvert sitt nafn. [...] Á móts við Arnkötlustaði rennur Rauðalækur í allmiklum boga, og tekur þá vegurinn beina stefnu úr Hrossaviki um holtabörð, en kemur aftur að læknum hjá Brattastíg, sem er móklapparbrekka nálægt sauðahúsum [RA-367:008] hjá Arnkötlustöðum, er stóðu í svonefndum Borgarhólum [RA-367:054]." Um Brattastíg segir í örnefnaskrá Arnkötlustaða: "Brattistígur er móbergsstígur, sem hallar norður að læknum frá Borgarhólum. Þar lá áður fyrr ferðamannavegur með Rauðalæk." Holtavegur er að hluta til skráður í Ásahreppi undir númeri RA-358:036. Öll vöð og vegabætur sem á leiðinni eru í Holtamannahreppi eru skráð á tilheyrandi jörðum. Í Holtamannhreppi liggur Holtavegur yfir þrjár jarðir: Arnkötlustaði RA-367, Syðri-Rauðalæk RA-411 og Efri-Rauðalæk RA-413. Leiðin sést allvel á öllum þessum jörðum.

Leiðin sést þar sem hún liggur eftir bökkum Rauðalækjar sem eru yfirleitt grónir og lágir. Brattistígur í landi Arnkötlustaða liggur norðaustur-suðvestur frá norðurbakka Rauðalækjar upp á um 4 m háa brún ofan við lækinn. Á þessu svæði er þýfður grasi og mosagróinn mói. Brekkan hallar 10-30° í NNA.
Í landi Arnkötlustaða sjást greinilegar götur á suðurbakka Rauðalækjar um 400 m VNV við beitarhús RA-367:008. Einnig sjást merki um Brattastíg um 70 m suðaustan við Brattastígsvað RA-367:023. Á suðurbakka Rauðalækjar sjást margar samhliða götur eða paldrar. Þær liggja samsíða á 10-20 m breiður svæði og eru mjóar og grunnar. Við Brattastíg er ennþá greinilegur stígur upp á holtið. Niðri við Rauðalæk eru greinilegar 1-8 samsíða götur en aðeins 1-2 liggja í suðvestur upp á holtið. Götuslóðarnir eru 0,2-0,4 m á breidd, 0,2-0,4 m á dýpt og liggur stígurinn gróflega í suðvestur upp frá Rauðalæk. Uppi á holtinu liggja göturnar frá Brattastíg á um 5 m breiðu svæði áfram meðfram Rauðalæk sunnanverðum í VSV í átt að Krikavaði heimra RA-367:028 um 1 km VSV. Þar hverfa göturnar í Rauðalæk rétt áður en komið er að Lambakeldu. Yfir Lambakeldu var áður Arnkötlustaðabrú RA-367:021. Næst sést til leiðarinnar í landi Syðri-Rauðalækjar, á milli Svartbakkavaðs RA-411:038 og Steinagilsvaðs RA-411:037. Þar er þýfður, láglendur bakki og sjást 10 götur saman á um 15 m breiðu svæði. Þær eru grónar og eru um 0,2 m á dýpt og breidd innanmáls. Í landi Efri-Rauðalækjar sést leiðin frá Brúnni RA-413:024 en þar er vegarslóði í djúpu skarði um Brekkuþýfi. Þegar komið er suðvestur úr því sjást 3 götur liggja samsíða til suðvesturs. Slóðinn er um 2 m breiður og um 1 m á dýpt. Göturnar eru þrjár saman á 2 m breiðu svæði. Þær sjást á um 200 m löngum kafla þar sem þær liggja austur-vestur. Þær eru hálfgrónar, um 0,2 m á breidd innanmáls og 0,1-0,2 m á dýpt.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: G.E.E: Blanda VII, 319-320; Ö-Arnkötlustaðir, 2

RA-671:011 gata leið 63°51.709N 20°24.133V
Götur sjást á Melholti sem greinast í tvær leiðir um holtið. Melholt er á merkjum milli Árbæjar og Efri-Rauðalækjar, um 2,5 km vestan við Árbæ RA-415:001 og um 1,5 km austan við Efri-Rauðalæk 413:001. Líklegt er að syðri leiðin hafi legið á milli Efri-Rauðalækjar og Árbæjar og verið farin til kirkju í Árbæ og til verslunar á Rauðalæk. Sú leið er skráð hér. Hins vegar hefur nyrðri leiðin 022 mögulega legið milli Árbæjar og Litlu-Tungu.
Göturnar sjást á Melholti sem er fremur lágt og þýft holt. Allt í kring er mýrlendi sem hefur verið framræst að miklu leyti.
Syðri leiðin á Melholti liggur til vesturs í átt að Efri-Rauðalæk. Alls sést leiðin á um 600 m löngum kafla og liggur hún nálega austur-vestur. Í landi Árbæjar sjást 2-3 djúpar götur sem eru víðast grónar. Þær eru 0,5-0,7 m á dýpt og eru á 5-8 m breiðu svæði. Í landi Efri-Rauðalækjar er leiðin í gróinni djúpri götu sem er um 1 m á breidd og 0,5-1 m á dýpt. Fast norðan við hana eru fleiri grynnri götur á 10-15 m breiðu bili en þær götur eru líklega yngri. Nyrsta gatan af þeim er alldjúp, 1 m á dýpt og 0,5 m á breidd. Hún er ógróin og virðist hafa verið notuð fram á síðustu ár en nú (2011) er rammgerð girðing á merkjum. Landamerkjagarður RA-413:016 liggur yfir göturnar og er leiðin því eldri en hann.



Götur á leið 012 í landi Efri-Rauðalækjar, horft til vesturs

Hættumat: engin hætta

RA-671:012 gata leið
63°53.413N 20°28.835V
Götur liggja eftir endilöngum Velli í landi Þjóðólfshaga og beygja af honum til suðurs og liggja í þá átt eftir öðrum Velli í landi Brekkna (Brekknavelli) en þær hverfa við beitarhús RA-412:029 í landi Brekkna. Ekki er ljóst hvert leiðin lá en hún er hluti af stóru og flóknu samgöngukerfi í Holtunum.
Leiðin sést þar sem hún liggur um þýfð og gróin



Götur á leið 012 í Þjóðólfshaga, horft til suðvesturs

en lág holt.
Leiðin sést á um 3,5 km löngum kafla. Á Velli í Þjóðólfshaga greinist leiðin í nokkrar breiðar götur eða farvegi sem eru 0,5-1 m á dýpt og 0,2-0,5 á breidd að innanmáli. Leiðin er ógróin enda farin af sauðfé og hrossum. Í landi Brekkna er leiðin gróin en upp Brekknavöll eru nokkrar götur eða farvegir sem hafa sömu eða svipaða stefnu til norðurs. Víðast er um djúpar götur að ræða, 0,5 m á dýpt og 0,2-0,5 m á breidd að innanmáli.
Hættumat: engin hætta

RA-671:013 gata leið 63°53.110N 20°26.524V



Götur á leið 013 í landi Litlu-Tungu, horft til norðausturs

Leið liggur frá beitarhúsum RA-412:029 í landi Brekkna, eftir Velli (Brekknavelli) og beygir til norðausturs inn í land Litlu-Tungu RA-414 þar sem hún liggur suðaustan við tóftir RA-414:010. Leiðin sést liggja yfir í land Marteinstungu RA-401 á merkjum móti Litlu-Tungu en hverfur á löngum kafla í mýrlendi. Götur sjást aftur í Snösum í landi Marteinstungu, nærri merkjum móti Bjálmholti RA-402. Líklegt er að þessi leið hafi legið frá Marteinstungu, Bjálmholti og fleiri bæjum þar í kring niður að Brekku og á Rauðalæk þar sem var mjólkurbú og síðar kaupfélag. Leiðin var skoðuð í landi Brekkna og Litlu-Tungu en að öðru leyti rakin af loftmynd.
Leiðin liggur um holt og mýrar en sést nær eingöngu þar sem hún lá yfir þýfð og þurrlend holt og hólrima.
Hægt er að fylgja leiðinni á loftmynd frá Grátjarnarmýri í landi Marteinstungu, að fyrrnefndum beitarhúsum í landi Brekkna. Alls er leiðin um 3,6 km á lengd og liggur norðaustur-suðvestur. Þar sem leiðin var skoðuð í landi Brekkna er hún um 1 m a dýpt og 0,5 m á breidd að innanmáli. Hún er gróin og 2-3 paldrar sjást. Þar sem leiðin var skoðuð í landi Litlu-Tungu suðaustan við tóftir RA-414:010 sést að göturnar eru farnar af sauðfé og eru sumar þeirra ógrónar. Alls sjást 3-5 götur saman og eru þær 0,2-0,5 m á breidd og dýpt.
Hættumat: engin hætta

RA-671:014 *Kirkjugötur* gata leið 63°56.558N 20°24.407V

"Þarna heita og Jaðar, Vondadý og Vatnsgrafarlækur, og nú er komið að örnefnum þeim, er áður voru nefnd í "áreiðinni". Þó eru eftir að nefna Klifhóla, sem eru austast á moldunum, eru þar Krossgötur. Til austurs liggja Kirkjugötur, en Ferðamannagötur [007] til vesturs," segir í örnefnalýsingu Hreiðurs en þessar kirkjugötur lágur frá Hreiðri RA-384:002 að kirkju í Marteinstungu RA-401. Kirkjugötur sjást enn vel, t.d. um 400 m vestan við Gamla-Hreiður RA-384:001 í Kindalautum. Kirkjugötur lágu um þýfða grasi- og mosagróna móa.
Kirkjugötur lágu um Gömlubrú RA-384:020 fast austan við Grenishóla í suðaustur um Kindalautir yfir Klifhóla austur fyrir Moldir. Þar beygðu þær í SSA upp á Sótás og svo í suður við Jaðra inn í land Nefsholts RA-405 í gegn um landamerkjagarð RA-384:016. Leiðin var skoðuð í landi Hreiðurs. Göturnar eru mjög greinilegar og sjást víða á 3-5 m breiðu svæði. Víða sjást 5-8 götur hlið við hlið og eru þær um 0,3 m á breidd og 0,2-0,5 m á dýpt. Göturnar eru á kafla nokkuð rofnar vegna vatnsaga. Í landi Hreiðurs eru Kirkjugötur um 1,8 km langar. Af loftmynd er hægt að rekja leiðina áfram í landi Nefsholts á 300-500 m löngum kafla þar sem hún liggur samsíða landamerkjum milli Nefsholts og Götu RA-404 en ekki er ljóst hvar leiðin beygir inn í land Götu og þaðan áfram að Marteinstungu.



Kirkjugötur 014 í landi Hreiðurs, horft til norðvesturs

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hreiður, 3

RA-671:015 gata leið 63°57.208N 20°25.180V



Götur á leið 015 í landi Hreiðurs, horft til norðvesturs

Samkvæmt Jónu Heiðbjörtu Valdimarsdóttur heimildamanni, lá alfaraleið frá Guttormshaga RA-385:001 að Hreiðri RA-384:002 og áfram á leið sem liggur suður. Líklega tengist hún Nýjavegi RA-384:015 sem lá síðan á Ferðamannagötur 007. Á herforingjaráðskorti af svæðinu sem gert var snemma á 20. öld er einmitt merkt leið frá Hreiðri til norðurs að Guttormshaga. Götur á þessari leið sjást í Norðurmýri í landi Hreiðurs, suðvestan við Litlarima (sjá RA-384:025), um 200 m norðvestan við bæ RA-384:002. Á loftmynd sjást göturnar liggja til norðurs yfir Stórarima, vestan í Hádegisfelli í landi Guttormshaga og áfram að gamla bæjarstæði þess bæjar RA-385:001. Í landi Guttormshaga tengist þessi leið annarri leið sem er númer RA-385:027 en sú leið liggur um Borgarfellskrika.
Þar sem leiðin var skoðuð í landi Hreiðurs liggja göturnar um framræsta mýri en í landi Guttormshaga liggur hún að mestu leyti um gróin holt.
Göturnar sjást á um 20 m breiðu svæði þar sem um 15 götur liggja samsíða. Þær eru grónar og eru 0,2-0,4 m á dýpt. Þar sem göturnar voru skoðaðar í landi Hreiðurs sjást þær á um 1,5 km löngum kafla en Frá Hreiðri RA-384:002.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Herforingjaráðskort

RA-671:016 gata leið 63°55.887N 20°26.491V



Götur á leið 016 í landi Kvíarholts, horft til norðurs

Samkvæmt Hjalta Sigurjónssyni og Jónu Benediktsdóttur, heimildamönnum, lá gamla leiðin frá Kvíarholti til suðurs yfir Nes og Kringlumýri upp á Kambsheiði þar sem hún lá yfir leið 018 og sameinaðist leið 019. Örnefnin Brúarrimi og Brúarkelda norðvestan í Stórarima tengjast trúlega þessari leið. Leiðin sést norðan og sunnan við bæinn í Kvíarholti RA-383:001 og hefur því legið áfram til norðurs frá Kvíarholti.
Leiðin lá um þýfða grasigróna mýri og um holt og móa.
Leiðin var skoðuð í landi Kvíarholts. Norðan við Kvíarholtsbæinn RA-383:001 sjást göturnar austan við nýbýlið Skinnhúfu, í móa á milli nýlegs túns til norðurs og skemmu til suðurs. Göturnar eru 30-40 saman á um 60 m breiðu svæði og liggja nálega norður-suður. Margar þeirra eru um 0,5 m djúpar en aðrar eru grynnri. Flestar eru þær 0,2-0,3 m á breidd og grónar. Þær stefna heim að Kvíarholti, líklega frá Guttormshaga RA-385. Götunum hefur verið raskað að hluta vegna túnræktar og byggingar stórrar skemmu sem tilheyrir nýbýlinu Skinnhúfu. Á loftmynd af jörðinni sjást götur liggja frá nýju túni norðan við bæ að Norðurgili á mörkum Guttormshaga og Kaldárholts. Líklega heldur leiðin áfram í landi Guttormshaga en þar eru göturnar ekki eins skýrar. Sunnan við bæ er gamli vegurinn svo gott sem horfinn í mýri en þegar komið er yfir Nesið og Kringlumýri upp á Stórarima að austanverðu koma í ljós greinilegar götur meðfram og yfir um 4 m breiðan vegslóða fyrir bíla. Reiðgöturnar eru mjóar og liðast um landið í sveigjum en eru þó smám saman að hverfa í þúfur. Göturnar eru 0,1-0,4 m djúpar, 0,3-0,5 m breiðar og liggja norður-suður. Á loftmynd má sjá að þessi leið liggur áfram inn í land Hvamms RA-406, um 160 m austan við Krosshól. Þaðan heldur hún áfram inn í landi Lýtingsstaða RA-407 og hverfur þar í jarðvegsnámu sem er beggja vegna við núverandi malarveg um sveitina. Alls sjást minjar um leiðina á um 4 km löngum kafla en eru illgreinanlegar í kringum Kvíarholtsbæinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-671:017 gata leið 63°57.445N 20°30.819V



Götur á leið 017 í landi Gíslholts, horft til norðurs

Í Sýslu- og sóknalýsingum segir þar sem fjallað er um Neðri-Holtaþing (nú Ásahreppur): "Alfaraleiðir yfir sóknirnar eru: Fyrst frá Egilsstaðaferju [RA-375:018] á Þjórsá yfir Kálfholtssókn liggur vegurinn fyrst spölkorn inn með ánni austur yfir mýrarsundið í svokallað Fjárhúsholt [RA-376:007] austur fyrir framan Lónsheiði, yfir Lónið á jarðbrú [RA-377:027] í landnorður upp á Miðmundarholt austur fyrir norðan Krosshól fyrir norðan Brattahól austur á Kambsheiði í Marteinstungusókn [sjá leið 019 í Marteinstungusókn] eða upp á milli Gíslholtsvatna í Hagasókn [sjá RA-380:016]." Í sama riti segir þar sem fjallað er um Efri-Holtaþing: "Úr Hagakirkjusókn liggur alfaravegur til kaupstaða og annarra nauðsynja aðflutningsferða að norðanverðu yfir fyrrnefnt Gíslaholtsfjall til útsuðurs að lögferjunni Egilsstöðum [RA-375:018] við Þjórsá fyrir framan afbýlið Kamb [RA-381]." Í örnefnaskrá Kambs segir: "Þessi brún dalsins heitir Tófubær [ekki fornleif]. Skammt fyrir ofan Tófubæ, þar sem gömlu ferðamannagöturnar lágu er dálítill klettóttur mosagróin hóll, sem heitir Litli-Tófubær." Leiðin sem lýst er í Sýslu- og sóknalýsingum í Neðri-Holtaþingi greinist þegar hún kemur inn í land Raftholts RA-382. Þar liggur önnur leiðin áleiðis í átt að Gíslholti RA-380, á milli Gíslholtsvatna og er sú leið skráð hér. Hin leiðin liggur til austurs, upp á Kambsheiði (sjá 019). Áður en leiðin greinist í landi Raftholts er hún skráð í bútum innan Ásahrepps og eru götur sem skráðar eru í Sumarliðabæ og á Heiði í Ásahreppi (sjá RA-408:046 og RA-378:018) hluti af þeim hluta leiðarinnar. Frá Raftholti liggur leiðin yfir land Raftholts og Gíslholts og að litlu leyti yfir land Kambs, á merkjum milli Gíslholts og Kambs. Á þessa leið hafa legið aðrar leiðir frá bæjum sem norðar og austar voru í sveitinni. Líklega eru götur sem skráðar voru í

Leiðin liggur um holt og mýrar, að mestu leyti gróið land. Gíslholt: Sunnan við bæ liggur gatan í suður upp á Byrgisheiði eftir Löngulaut í þýfðum móa. Malarvegur liggur þar skammt austan við leiðina.

Leiðin var skoðuð í landi Raftholts, Gíslholts og Kambs í Rangárþingi og verður henni lýst frá suðri til norðurs. Leiðin sést á litlum kafla innan Raftholts og liggur vestanvert við Hádegisholt og niður brekku til norðurs í landi Gíslholts en leiðin hverfur í tún þegar komið er niður á Eiði á milli Gíslholtsvatnanna. Aftur sést leiðin meðfram vestanverðu Gíslholti og í landi Kambs á milli Kambsfjalls og Gíslholtsfjalls. Þar liggur leiðin að mestu í NNA meðfram rótum Gíslholtsfjalls að vestanverðu, austan við Reiðingshól og meðfram útjaðri Kostholtsmýrar, aftur inn í land Gíslholts. Þá beygir leiðin í norðaustur upp á og yfir Drangsheiði, norðan við Drangana. Í landi Raftholts sjást göturnar enn greinilega og hlykkjast þær oftast nokkrar hlið við hlið á 4-8 m breiðu svæði og eru 0,2-1 m á dýpt. Sunnan við Eiði á milli Gíslholtsvatna er leiðin í rás sem er um 5 m á breidd og 1,5 m á dýpt. Líklega hefur rásin myndast af umferð. Í rásinni sjást 3-4 götur sem eru um 0,2 m á breidd og um 0,5 m djúpar. Þar sem leiðin liggur á milli Kambsfjalls og Gíslholtsfjalls er göturnar greinilegar og allt að 0,5 m djúpar, bæði grónar og ógrónar. Þegar farið var yfir loftmyndir að lokinni vettvangsvinnu komu í ljós götur sem liggja af leiðinni skáhallt yfir Gíslholtsfjall með stefnuna suðvestur-norðaustur og liggja þær norðvestan við Illavatn. Líklegt er að þessar götur hafi verið hluti af sömu leið en verið mun brattari en hin útgáfa leiðarinnar. Leiðin er um 6 km á lengd.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: SSR, 210, 191

RA-671:018 gata leið 63°55.973N 20°27.629V

Samkvæmt Hjalta Sigurjónssyni, heimildamanni, lá kirkjuleiðin frá Raftholti RA-382 að Marteinstungu RA-401 lá til ANA frá bæ RA-382:001 upp á Kambsheiði og sjást göturnar m.a. um 790 m austan við Raftholtsbæinn. Á loftmynd sjást nokkuð skýrar götur á um 1,5 km löngum kafla, frá Hagabraut suðaustan við Raftholt og upp á Kambsheiði. Þar hverfur hún á kafla á gömlu uppblásturssvæði en af loftmyndum að dæma virðist hún liggja niður af Kambsheiði í landi Hvamms RA-406 um 100 m vestan við beitarhús RA-406:010 og þaðan suður fyrir Fagurhól á merkjum milli Nefsholts RA-405 og Hvamms, heim að Nefsholti og áfram um Götu RA-404 að Marteinstungu.

Göturnar liggja um þýfðan móa, blautlendan á kafla áður en komið er austur á Kambsheiði. Á heiðinni er uppblásturssvæði en grónir móar og mýrlendi það sem eftir er af leiðinni til Nefsholts. Á milli Nefsholts og Marteinstungu sést ekki til leiðarinnar vegna ræktunar og annars rasks.
Leiðin var skoðuð á vettvangi í landi Raftholts. Þar sést hún á um 1100 m löngum kafla en alls er leiðin um 4,2 km löng. Götur sjást á um 20 m breiðu bili og eru þær um 13 saman þar sem þær liggja upp á Kambsheiði. Sumstaðar hafa myndast djúp skörð í jarðveginn og eru þau stærstu um 1 m á breidd og dýpt.
Hættumat: engin hætta



Götur á leið 018 í landi Raftholts, horft til norðvesturs

RA-671:019 *Skollagróf* gata leið
63°55.613N 20°28.870V





Á vinstri mynd er mýrarbrú á leið 019 í landi Raftholts, horft til ANA. Á hægri mynd sjást götur á leið 019 í landi Raftholts, horft til VSV

Í Sýslu- og sóknalýsingum segir þar sem fjallað er um Neðri-Holtaþing (nú Ásahreppur): "Alfaraleiðir yfir sóknirnar eru: Fyrst frá Egilsstaðaferju [RA-375:018] á Þjórsá yfir Kálfholtssókn liggur vegurinn fyrst spölkorn inn með ánni austur yfir mýrarsundið í svokallað Fjárhúsholt [RA-376:007] austur fyrir framan Lónsheiði, yfir Lónið á jarðbrú [RA-377:027] í landnorður upp á Miðmundarholt austur fyrir norðan Krosshól fyrir norðan Brattahól austur á Kambsheiði í Marteinstungusókn eða upp á milli Gíslholtsvatna [017] í Hagasókn." Í sama riti segir þar sem fjallað er um Efri-Holtaþing: "Alfaravegur úr Landsveit til nefndrar ferju [Egilsstaðaferju RA-375:018] liggur til útsuðurs eftir Kambsheiði [...]." Leiðin frá Egilsstaðaferju greinist í tvær leiðir í landi Raftholts RA-382; leiðir 017 og 019. Hér er skráður sá hluti leiðarinnar sem liggur upp á Kambsheiði inn í Landsveit. Líklega eru götur sem skráðar voru í Sumarliðabæ og á Heiði í Ásahrepp (sjá RA-408:046 og RA-378:018) hluti af þessari sömu leið.
Leiðin liggur að mestu um holt en að litlu leyti yfir mýrlendi. Víða er landið gróið en á Kambsheiði er allnokkur uppblástur.
Leiðin liggur um land Raftholts RA-382, Kvíarholts RA-383 og Hvamms RA-406 þar sem hún hverfur á löngum kafla vegna uppblásturs á Kambsheiði. Hún hefur engu að síður legið áfram í landi Nefsholts RA-405 og sést aftur í landi Hreiðurs RA-384, þá Þverlæk RA-394 og Skammbeinsstöðum RA-395. Í landi Skammbeinsstaða virðist leiðin greinast um 1 km suðvestan við bæ RA-395:001 og liggur annar armur leiðarinnar í átt að bæ en hinn heldur áfram í sömu stefnu til NNA, vestan við Vakurstaði RA-395:012 og norður fyrir Hnúðholt þar sem hún hættir að sjást. Sá hluti leiðarinnar sem liggur í átt að Skammbeinsstaðabænum gæti hafa tengst leið RA-395:034 sem lá yfir að Hjallanesi RA-451 í Landsveit. Leiðin var skoðuð á vettvangi í landi Raftholts og Skammbeinsstaða en lega leiðarinnar á öðrum jörðum var kortlögð af loftmyndum. Þrasabraut RA-382:005 liggur samsíða leiðinni á um 350 m löngum kafla þar sem báðar leiðir koma yfir í land Raftholts. Þrasabraut

liggur svo yfir leiðina og heldur áfram til norðausturs. Í landi Raftholts liggur hún til ASA að jarðvegsrofi sem er á merkjum milli Raftholts og Sumarliðabæjar RA-408. Líklegt er að leið RA-408:026 í landi Sumarliðabæjar tengist leiðinni á þessum slóðum en það sést ekki nógu vel vegna jarðvegsrofsins. Á áðurnefndu svæði sjást nokkrar götur saman á 4-8 m breiðu svæði og eru 0,2-1 m á dýpt. Frá jarðvegsrofinu stefnir leiðin til norðausturs og liggur yfir mýrarbrú sem er um 105 m á lengd og liggur yfir mjóasund. Hleðslurnar eru orðnar frekar ógreinilegar vegna mýrlendis og þúfnamyndunar. Brúin hefur verið um 4 m breið og staðið 0,2-0,5 m upp úr mýrinni. Norðaustan og vestan við brúna er leiðin hlaupin í þúfur en óljósar götur eru þó greinanlegar. Uppi á Kambsheiði hverfur leiðin vegna jarðvegsrofs á um 2 km löngu kafla en er svo nokkuð skýr á loftmyndum þangað til hún hættir að sjást við Hnúðholt í landi Skammbeinsstaða. Leiðin var skoðuð í landi Skammbeinsstaða þar sem hún liggur sunnan við Háheiði og beygir meðfram austurhlið hennar og liggur svo til norðurs eftir Löngulág. Leiðin er sýnd á örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar af jörðinni og liggur hún um svokallaða Skollagróf. Gróið stórþýft mólendi er á þessum slóðum. Leiðin er 10 m breið þar sem hún sveigir inn í Löngulág. Þar eru 10-15 óljósir paldrar en stórþýft er á milli þeirra. Götunar eru grasivaxnar og eru um 0,3 m á dýpt. Alls er leiðin um 10 km löng. Örnefnið Skollagrófir er á þessari leið í landi Hreiðurs og fylgir því þjóðsaga: "Fyrir framan Murnadælu er Kambsréttarholt, þar eru Skollagrófir. Það er gömul sögn, að þar hafi Kölski átt leið um, er hann flutti hrísbagga að Odda. Mun fremur kennt við skolla = tófu." Þetta er sama sögn og fylgir leið 008 um Skollalautir í landi Árbæjar, Árbæjarhellis og fleiri jarða upp með Rangá ytri. Eins á sama þjóðsaga við um Skollagróf sem er skráð í Rangárvallahreppi RA-661:009. Hún virðist vera náttúruleg og er ekki skráð leið þar. Líklegt er að Skolla-nöfnin á leiðum 008 og 019 og þjóðsagan sem þeim tengist hafi færst yfir á leiðirnar þegar þær voru orðnar niðurgrafnar og breiðar rennur sem minna á Skollagróf í Rangárvallahreppi. Sú gróf liggur eftir Rangárvöllum á milli Odda og Næfurholts en Oddi átti eldiviðartak á þeirri jörð, í Oddagljúfri.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: SSR, 210, 191; IE-Örnefnauppdráttur, Skammbeinsstaðir; Ö-Hreiður, 2

RA-671:020 *Vatnshólagötur* gata leið 63°52.295N 20°20.299V

Í örnefnaskrá Árbakka, áður Snjallsteinshöfðahjáleigu RA-455, segir:"Frá Vötnununum upp í Vallartögl og Ranatögl er um hálfs kílómetra spölur yfir Blautumýrina. Enn mótar vel fyrir gömlum og víða alldjúpum götutroðningum ofan frá Sandvelli, suðvestur Vesturrana, fram úr Ranatöglum og suðvestur yfir Blautumýri, fast í vesturbakka Vestastavatns og svo áfram suður um Vatnshóla í Árbæjarhellislandi." Vatnshólagötur eru merktar inn á örnefnauppdrátt Árbæjarhellis RA-416 og sjást greinilega um 440 m NNA við bæinn í Árbæjarhelli RA-416:001 þar sem þær eru fast norðan við Árbæjarbraut á merkjum milli Árbæjar RA-415 og Árbæjarhellis. Leiðin var skoðuð í landi Árbæjarhellis. Hún sést frá Árbæjargili að Vestastavatni á merkjum móti Snjallsteinshöfðahjáleigu (nú Árbakka). Á loftmynd má sjá hvar leiðin virðist halda áfram meðfram vatninu að norðvestan- og norðanverðu, yfir Blautumýri og áfram til norðausturs, lengra inn í Landsveitina. Leiðin virðist liggja framhjá beitarhúsum RA-416:019 og RA-416:023 í Vatnshólum en eflaust hefur verið farið að þeim húsum eftir þessari leið.



Vatnshólagötur 020 í landi Árbæjarhellis, horft til norðausturs

Leiðin liggur um þýfðan grasi- og mosavaxinn móa fast suðaustan við læk sem skilur Vatnshóla frá Stekkatúnshólum RA-416:014.
Götunar sjást á um 1,35 km löngum kafla og liggja norðaustur-suðvestur. Þær eru 10-20 saman á 20-30 m breiðu svæði. Götunar eru vel grónar og eru 0,2-0,4 m á dýpt og 0,2-0,3 m á breidd að innanmáli. Leiðinni gæti stafað hætta af nýbyggingum og/eða sumarhúsabyggð sem er orðin nokkur á svæðinu.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Árbær, Árbæjarhellir, Árbæjarhjáleiga, Gilsbakki

RA-671:021 gata leið 63°53.216N 20°28.471V
Gata liggur frá vesturenda Vellis í landi Þjóðólfshaga RA-409 og meðfram honum sunnanverðum. Gatan beygir til suðausturs á Byrgisvöll (sjá RA-409:022) og áfram til austurs inn í Meiri-Tungu RA-410 þar sem hún hverfur

í mýrlendi. Mögulega hefur leiðin tengst leið RA-412:045 í landi Brekkna, um 1 km austar.
Gatan liggur um lágt en allstórt holt eða rima í mýlendi sem hefur verið framræst að miklu leyti. Svæðið er gróið og smáþýft.
Ein afgerandi djúp gata sem er 0,5-1 m á dýpt og er um 0,2-0,5 m á breidd sést víðast hvar. Sumstaðar er gatan þó allt að 2 m á breidd þar sem rof hefur orðið átt sér stað. Gatan er ógróin í landi Þjóðólfshaga og er farin af ríðandi mönnum og skepnum. Sá hluti leiðarinnar sem sést er um 1 km á lengd.
Hættumat: engin hætta

RA-671:022 gata leið
63°51.782N 20°24.017V
Götur sjást á Melholti sem greinast í tvær leiðir um holtið. Melholt er á merkjum milli Árbæjar og Efri-Rauðalækjar, um 2,5 km vestan við Árbæ RA-415:001 og um 1,5 km austan við Efri-Rauðalæk 413:001. Líklegt er að syðri leiðin 011 hafi legið á milli Efri-Rauðalækjar og Árbæjar og verið farin til kirkju í Árbæ og til verslunar á Rauðalæk. Hins vegar hefur nyrðri leiðin mögulega legið milli Árbæjar og Litlu-Tungu og er sú leið skráð hér.
Göturnar sjást á Melholti sem er fremur lágt og þýft holt. Allt í kring er mýrlendi sem hefur verið framræst að miklu leyti.
Nyrðri leiðin á Melholti er mun óskýrari en leið 011, syðri leiðin á holtinu. Á henni sjást 1-2 grónar götur saman á svæði sem er 1-3 m á breidd. Leiðin var skoðuð á vettvangi í landi Árbæjar en á loftmynd sést hún á um 380 m löngum kafla og liggur norðvestur-suðaustur. Göturnar eru um 0,5 m á dýpt.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Loftmyndir frá Loftmyndum ehf.



Götur á leið 021 í landi Þjóðólfshaga, horft til vesturs



Götur á leið 022 í landi Árbæjar, horft til norðvesturs

V. Byggð í Holtahreppi

Hér verður fjallað um upphaf byggðar og byggðarþróun á því svæði sem fjallað er um í skýrslu þessari. Kaflinn byggir á kafla Sædísar Gunnarsdóttur um byggðarþróun úr skýrslu um svæðisskráningu fornleifa í Rangárvallasýslu.[1] Jarðirnar sem skráðar voru eru allar innan gamla Holtahrepps fyrir utan jörðina Heysholt sem tilheyrði áður Landmannahreppi. Ekki verður fjallað sérstaklega um jörðina Heysholt í þessum undirkafla en henni verða gerð skil í sambærilegum kafla í skýrslu um jarðir í Landmannahreppi sem gert er ráð fyrir að komi út árið 2014.

Hinn forni Holtamannahreppur náði áður yfir mjög stórt svæði á milli Rangár ytri og Hólsár að austan og Þjórsár að vestan. Norðausturmörk hreppsins voru við Hjallaneslæk sem rennur til norðurs í Þjórsá og á upptök sín á u.þ.b. miðju svæðinu á milli ánna. Frá upptökum Hjallaneslækjar til suðurs liggur línan í Hamarsholt þar sem er hornmark fjögurra jarða, tveggja í Holtahreppi og tveggja í Landmannahreppi, og þaðan að Rangá eystri. Árið 1892 var samþykkt að Holtamannahreppi yrði skipt upp í Ásahrepp og Holtahrepp. Árið 1936 var svo Ásahreppi skipt upp í Ásahrepp og Djúpárhrepp.[2] Holtahreppur hélst hins vegar óbreyttur að stærð fram að sameiningu hans við Landmannahrepp, Rangárvallahrepp og Djúpárhrepp í Rangárþing ytra árið 1993. Í allri umfjöllun um Holtahrepp hér að neðan er átt við hreppinn eins og hann var eftir 1892. Þegar fjallað er um Holtahrepp fyrir breytingarnar 1892 er talað um hinn forna Holtamannahrepp. Holtahreppur liggur á milli Rangár eystri og Þjórsár. Norðausturmörk hreppsins eru óbreytt frá elstu tíð. Suðvesturmörk hreppsins eru á svipuðum slóðum og þjóðvegur 1 en ein jörð er að öllu leyti suðvestan hans og hann liggur í gegnum fjórar jarðir sem eru við suðvesturmörk hreppsins. Landslag á skráningarsvæðinu í Holtahreppi einkennist af grónum holtum og blautum mýrum. Lítið er um uppblástur á svæðinu þó er hann helst á bökkum Þjórsár nyrst á svæðinu og á Kambsheiði á miðju svæðinu.

Aðferðin sem hér beitt er til þess að skoða þróun byggðar byggist á því að skoða fyrst landnám í hinum forna Holtamannahreppi eins og sagt er frá því í Landnámabók og reyna að geta sér til um hvaða jarðir byggðust fyrst í Holtahreppi á grunni þess, staðsetningu kumla, kirkna og annarra fornleifa, dýrleika, landgæða og landamerkja. Kuml eru sjálfstæð heimild um byggð fyrir árið 1000 en staðsetning kirkna og bænhúsa gefur einnig vísbendingu um forna byggð þar sem hvort tveggja er yfirleitt talið reist mjög skömmu eftir kristnitöku. Nærtækasta skýringin á miklum fjölda guðshúsa á fyrri öldum er að þau hafi upphaflega verið

[1] Sædís Gunnarsdóttir, Menningarminjar í Rangárvallasýslu, 2000.
[2] Lýður Björnsson, Saga sveitarstjórnar á Íslandi, síðara bindi, 47-48

við heimagrafreiti sem voru á felstum bæjum eins og kumlateigar í heiðni. Sé svo má nota bænhús eða kirkju sem vísbendingu um að viðkomandi bær hafi verið kominn í byggð á fyrri hluta 11. aldar. Jarðir þar sem kirkjur og bænhús hafa verið, eru að jafnaði stærri og dýrari en þær sem ekki höfðu slík hús og er því oft freistandi að álykta að minniháttar jarðir þar sem ekki hafa verið bænhús kunni að vera seinna til komnar, eða hafi að minnsta kosti ekki verið orðnar sjálfstæð býli á fyrri hluta 11. aldar. Ritaðar heimildir eru helstar Landnámabók og fornbréf en jarða á svæðinu er ekki getið í fornsögum svo vitað sé. Elstu fornbréfin sem geta jarða á svæðinu eru frá 13. og 14. öld og má af þeim fá nokkra hugmynd um byggðaskipun þess.

Holtahreppur er innan landnáms Ketils Hængs, sem samkvæmt Landnámu nam lönd milli Markarfljóts og Þjórsár og bjó á Stórahofi.[3] Innan *hins forna Holtamannahrepps* er getið um fjóra landnámsmenn í Landnámu. Jarðir þriggja þeirra eru að stórum hluta innan Holtahrepps. Í Landnámu segir af bræðrunum Ráðormi og Jólgeiri sem námu land milli Þjórsár og Rangár. Ráðormur eignaðist land fyrir austan Rauðalæk og bjó í Vetleifsholti, nú í Ásahreppi, en Jólgeir eignaðist land fyrir utan Rauðalæk og til Steinslækjar og bjó hann á Jólgeirsstöðum, einnig í Ásahreppi.[4] Frásagnirnar koma ekki heim og saman því að Jólgeir er aðeins sagður hafa eignast landið að Steinslæk en mikið land er milli Þjórsár og Steinslækjar. Efri mörk hafa verið við landnám Þorsteins lunans en neðri mörkin eru óljós en ná að landnámi Þorkels Bjálfa.[5] Landnám Jólgeirs er nú nær allt horfið í sand, eitt af fáum uppblásturssvæðum í Holtum. Áskell hnokkan Dufþaksson nam land milli Steinslækjar og Þjórsár og bjó í Áskelshöfða.[6] Mörkin að ofan eru óljós, en líklegt má telja að hann hafi numið land allt upp að Hjallaneslæk og þýðir það að landnám hans hefur verið mjög stórt, stór hluti hins forna Holtahrepps. Ekki er vitað hvar Áskelshöfði var en margar hugmyndir hafa verið settar fram um hvaða bæir (í byggð) gætu verið hinn upprunalegi Áskelshöfði.[7] Hluti þess landnáms sem hér hefur verið nefnt tilheyrir Ásahreppi og Djúpárhreppi. Ekkert landnámsbýli er innan Holtahrepps sem hér er til umfjöllunar og engra býla á skráningarsvæðinu er getið í Landnámu.

Aðeins er eitt kuml skráð á svæðinu, í landi Efri-Rauðalækjar. Sagnir hafa varðveist um hauga/legstaði á fimm stöðum og í öllum tilfellum á sá sem fyrst byggði bæinn á að hafa verið grafinn skammt frá bænum (Ölversholt, Kaldakinn, Stúfholt, Lýtingsstaðir og

[3] Íslensk fornrit I, 347
[4] Íslensk fornrit I, 367
[5] Íslensk fornrit I, 452-453
[6] Íslensk fornrit I, 367
[7] Haraldur Matthíasson: *Landið og landnáma* II, 455

Arnkötlustaðir). Þessir minjastaðir hafa yfir sér þjóðsagnakenndan blæ og óvíst er að um raunverulega legstaði sé að ræða. Kumlfundurinn bendir sterklega til þess að byggð hafi verið hafin á Efri-Rauðalæk í heiðni, þ.e. fyrir árið 1000.

Sóknarkirkjur í Holtahreppi voru í Haga, Marteinstungu og Árbæ. Útkirkja var á Skammbeinsstöðum. Bænhús voru í Akbrautarholti, Stúfholti, Meiritungu, Syðri-Rauðalæk, Efri-Rauðalæk, Litlutungu og jafnvel í Pulu en þar segja gamlar sagnir að kirkja eða bænhús hafi verið og síðan hafi það verið flutt í Tungu sem þá var nefnd Sóttartunga en síðar Marteinstunga.

Út frá þeim upplýsingum sem hér hafa komið fram er líklegt að Efri-Rauðalækur, Hagi, Marteinstunga, Árbær, Skammbeinsstaðir, Akbrautarholt, Stúfholt, Meiritunga, Syðri-Rauðalækur, Litlatunga og Pula hafi verið komin í byggð mjög snemma. Dýrleiki þessara jarða í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708 styður þetta að miklu leyti. Jörðin Pula var lengi í eyði en milli 1660 og 1700 var byggt þar aftur á öðrum stað undir nafninu Litla-Pula. Í Jarðabókinni er dýrleiki Litlu-Pulu aðeins 10 hundruð. Akbrautarholt er aðeins 10 hundruð að dýrleika í Jarðabókinni en það er væntanlega vegna þess að uppblástur ógnaði jörðinni og rýrði gæði hennar. Hagi, Marteinstunga, Árbær, Skammbeinsstaðir, Stúfholt og Meiritunga voru 30-40 hundruð að dýrleika. Ein jörð til viðbótar kemst í flokk hæst metnu jarða í hreppnum en það er Kaldárholt. Efri- og Syðri Rauðalækir og Litlatunga voru 15-20 hundruð að dýrleika.

Kaldárholts, Hreiðurs, Guttormshaga, Þverlækjar, Köldukinnar, Hvamms, Lýtingsstaða, Þjóðólfshaga, og Arnkötlustaða er getið í máldaga Oddakirkju frá 1270.[8] Brekkna er ef til vill getið í sama máldaga en jarðarinnar er örugglega getið í máldaga Árbæjarkirkju 1332.[9] Ölversholts (Ölvaðsholts) er fyrst getið í heimildum árið 1503[10] en Nefsholts ekki fyrr en árið 1540.[11] Eins og sjá má er flestra lögbýla í Holtahreppi getið á miðöldum og munar þar mestu um máldaga Oddakirkju. Nokkur lögbýli eru ekki nefnd í skjölum fyrr en á 17. eða 18. öld en eru líklega byggð miklu fyrr og má ætla það út frá dýrleika jarðanna, landamerkjum og hjáleigum sem hafa byggst út frá þeim. Má þar nefna Gíslaholt, Kvíarholt og Saurbæ.

Á nokkrum stöðum í Holtahreppi reyndust greinileg ummerki um stöðuga býlisbyggð. Þar hafa byggst upp myndarlegir bæjarhólar og býli jafnvel verið í byggð fram á þessa öld. Á mun fleiri stöðum voru hins vegar vísbendingar um byggð sem hefur annaðhvort varað í

[8] Diplomatarium Islandicum II, 86-88
[9] Diplomatarium Islandicum II, 86-88
[10] Diplomatarium Islandicum VII, 635
[11] Diplomatarium Islandicum X, 501

stuttan tíma eða þar sem hjáleigur eða afbýli hafa lagst í eyði fyrir 1847. Lítið er vitað um hvenær sumir þessir staðir voru í byggð en flest býlin voru þó í byggð á síðari hluta 17. aldar (380:016 Sæld, 385:006 Guttormshagahjáleiga, 387:013 Krosshús, 390:009 Kaldárholtshjáleiga, 393:010 Vesturhjáleiga, 393:012 Eystri hjáleiga/Hjáleiga (byggist aftur um 1930)) og má greina ris í þróun hjáleigubyggðar á þeim tíma. Um býlið Kornhól/Hól 415:007 er lítið vitað annað en að það var komið úr byggð 1794. Þrjú býli voru í byggð um stutt skeið undir lok 19. aldar (399:006 Hafursholt, 406:021 nafnlaust býli, 407:029 "Á Flötunum") og tvö býli voru í byggð um og eftir aldamótin 1900 (404:007 Móí og 410:025 Ranakot). Þau býli sem ætla má að séu með elstu býlum í Holtahreppi eru Vakurstaðir 395:012 sem taldir eru fara í eyði um 1500 og Vilborgarhóll 414:010 og Borg 385:008 þar sem eru fornlegar rústir.

Tafla 1. Lögbýli skráð 2010-2012

Númer	**Heiti jarðar**	**Byggt/Fyrst getið í**
RA-367	Arnkötlustaðir	Máldaga Oddakirkju 1270
RA-380	Gíslaholt	JÁM 1708
RA-381	Kambur	JÁM 1708
RA-382	Raftholt	JÁM 1708
RA-383	Kvíarholt	JÁM 1708
RA-384	Hreiður	Máldaga Oddakirkju 1270
RA-385	Guttormshagi	Máldaga Oddakirkju 1270
RA-386	Saurbær	JÁM 1708
RA-387	Hagi	Kirknaskrá Páls biskups ca 1200
RA-388	Hagahjáleiga	Skrá um byggðar jarðir og óbyggðar í Efriholtaþingum 1794
RA-389	Ketilstaðir	JÁM 1708
RA-390	Kaldárholt	Máldaga Oddakirkju 1270
RA-391	Akbrautarholt	Máldaga Oddakirkju 1270
RA-392	Lækur	JÁM 1708
RA-393	Stúfholt	Máldaga Oddakirkju 1270
RA-394	Þverlækur	Máldaga Oddakirkju 1270
RA-395	Skammbeinstaðir	Máldaga Oddakirkju 1270
RA-396	Mykjunes	JÁM 1708
RA-397	Pula	Máldaga Oddakirkju 1332
RA-398	Kaldakinn	Máldaga Oddakirkju 1270
RA-399	Ölversholt	Íslensku fornbréfasafni 1503
RA-400	Ölversholtshjáleiga	Byggt 1670
RA-401	Marteinstunga	Kirknaskrá Páls biskups ca 1200
RA-402	Bjálmholt	JÁM 1708
RA-403	Hallstún	JÁM 1708
RA-404	Gata	JÁM 1708
RA-405	Nefsholt	Íslensku fornbréfasafni 1540
RA-406	Hvammur	Máldaga Oddakirkju 1270
RA-407	Lýtingsstaðir	Máldaga Oddakirkju 1270
RA-409	Þjóðólfshagi	Máldaga Oddakirkju 1270
RA-410	Meiri-Tunga	Máldaga Árbæjarkirkju 1332
RA-411	Syðri-Rauðalækur	Máldaga Oddakirkju 1270
RA-412	Brekkur	Máldaga Oddakirkju 1270
RA-413	Efri-Rauðalækur	Máldaga Oddakirkju 1270
RA-414	Litla-Tunga	Máldaga Oddakirkju 1270
RA-415	Árbær	Kirknaskrá Páls biskups ca 1200

RA-416	Árbæjarhellir	JÁM 1708
RA-417	Árbæjarhjáleiga	JÁM 1708 en þar nefnd Vesturhjáleiga
RA-418	Gilsbakki	Jarðabók Johnsens 1847
RA-447	Heysholt	JÁM 1708

Þétt byggð hefur myndast snemma í Holtahreppi og hefur byggðin verið nokkuð stöðug í gegnum tíðina. Ekki virðist hafa verið mikið um hjáleigubyggð en hún virðist hafa dreifst nokkuð jafnt um svæðið þó að mest beri henni á kirkjujörðunum.

VI. Minjaflokkar

Samtals voru skráðar 1246 fornleifar í Holtahreppi og Heysholti í Landsveit. Minjarnar sem skráðar voru reyndust margvíslegar og verður nú fjallað um helstu minjaflokka á svæðinu, ástand þeirra og einkenni.

Bæjarhólar og bæjarstæði

Alls voru skráð 40 lögbýli á skráningarsvæðinu. Lögbýli eru talin allir þeir bæir sem voru skilgreindir sem slíkir í Jarðatali Johnsens frá 1847. Skráð bæjarstæði á lögbýlum voru aðeins fleiri þar sem eitthvað er um að bæjarstæði hafi verið færð til á svæðinu. Bæirnir í Hreiðri, Guttormshaga, Akbrautarholti og Pulu hafa verið fluttir til og sagnir eru um að bærinn í Kaldárholti hafi áður verið á öðrum stað en hann er nú. Tveir bæjarhólar eru skráðir í Meiri-Tungu en þar hefur lengi verið tvíbýli og greinileg skil á milli bæjanna. Á lögbýlunum 40 voru því skráðir 47 bæjarhólar og bústaðir.

Almenna reglan er sú að oftast standa bæir á svipuðum stað öldum saman, jafnvel allt frá landnámsöld til þessarar, og myndast þá bæjarhólar sem eru samsettir úr byggingaleifum og mannvistarlögum. Í bæjarhólum er mikilla og fjölbreytilegra fornminja að vænta. Í þeim varðveitist saga daglegs lífs kynslóðar á kynslóð ofan og í þeim er vanalega marga forngripa að vænta. Bæjarhólar teljast því mjög mikilvægir minjastaðir og brýnt að koma í veg fyrir að þeir verði eyðileggingu að bráð. Vandinn við bæjarhóla er að í meirihluta tilfella er enn búið á þeim og víða hafa steypuhús með djúpum kjöllurum verið byggð á þeim og skemmt þá að talsverðu leyti. Þar sem enn er búið á bæjarhólum er hæpið að réttlætanlegt eða raunhæft sé að friða þá fyrir frekara raski, en þó að einhverjar skemmdir hafi orðið á bæjarhólum geta þeir verið markverð rannsóknarefni og er mikilvægt að reynt verið að finna leiðir til að fylgjast með framkvæmdum á þeim.

Á skráningarsvæðinu voru skráðir 43 bæjarhólar og er ástand þeirra nokkuð misjafnt. Rask hefur orðið á mörgum þeirra af mannavöldum, einkum vegna bygginga og túnasléttunar,

eða á 28 bæjarhólum. Einn bæjarhóll er illa farinn vegna uppblásturs. Nokkrir bæjarhólar (14 hólar) virðast hafa sloppið að mestu við rask. Ekki er lengur búið á 33 bæjarhólum, ýmist vegna þess að bæirnir hafa farið í eyði eða bæjarstæðið verið flutt af bæjarhólnum sjálfum.

Tafla 2. Skráðir bæjarhólar

Samtala	**Sérheiti**	**Búseta**	**Ástand**
RA-367:001	Arnkötlustaðir	Í byggð	Íbúðarhús með kjallara stendur á bæjarhólnum, byggt 1970-71
RA-380:001	Gíslaholt	Bærinn var færður af bæjarhól árið 1927	Bæjarhóll raskaður vegna túnasléttunar
RA-381:001	Kambur	Bærinn var færður af bæjarhól um 1930 og á enn annan stað árið 1975	Bæjarhóll raskaður vegna byggingaframkvæmda og skógræktar
RA-382:001	Raptholt	Annað íbúðarhús byggt á öðrum stað 1976	Gamalt bárujárnshús án kjallara stendur á bæjarhólnum, byggt fyrir 1900, en nýlega er hætt að búa í því
RA-383:001	Kvíarholt	Bærinn var færður í vesturjaðar bæjarhóls árið 2000	Íbúðarhús án kjallara stóð á bæjarhólnum en var rifið eftir jarðskjálftann árið 2000
RA-384:001	Forna-Hreiður	Bærinn fór í eyði og var reistur á nýjum stað - ekki vitað hvenær	Óljósar tóftaleifar
RA-384:002	Hreiður	Fór í eyði árið 1964	Tóftir
RA-385:001	Guttormshagi	Bærinn var færður af bæjarhól árið 1897	Bæjarhóll raskaður vegna túnasléttunar
RA-386:001	Saurbær	Flutt úr gamla bænum árið 1976	Kjallari var undir timburhúsi sem reist var á bæjarhólnum árið 1910 og rifið um 1990
RA-387:001	Hagi	Í byggð	Steyptur kjallari var undir húsi sem reist var á bæjarhólnum árið 1942 og var seinna rifið. Búið er í húsi sem reist var á bæjarhólnum árið 1979
RA-388:001	Hagahjáleiga	Fór í eyði á seinni hluta 19. aldar	Bæjarhóll óraskaður
RA-389:001	Ketilsstaðir	Flutt úr gamla bænum á síðari hluta 20. aldar	Íbúðarhús með kjallara er á bæjarhólnum og hann er raskaður vegna byggingaframkvæmda á síðustu árum
RA-390:001	Kaldárholt	Flutt úr gamla bænum árið 2000	Kjallari er undir steinhúsi á bæjarhólnum sem byggt var árið 1953 og eyðilagðist í jarðskjálfta árið 2000
RA-391:001	Akbrautarholt	Bærinn færður af bæjarhólnum vegna uppblásturs - ekki vitað hvenær	Uppblástur hefur raskað bæjarhólnum
RA-391:007	Akbraut	Flutt úr gamla bænum 2010/2011 vegna fyrirhugaðra virkjanaframkvæmda í Þjórsá	Íbúðarhús með kjallara sem byggt var árið 1928 er á bæjarhólnum
RA-392:001	Lækur	Í byggð	Íbúðarhús með kjallara sem byggt var árið 1958 er á bæjarhólnum
RA-393:001	Stúfholt	Í byggð	Útihús og tvö íbúðarhús með kjallara, byggð 1927 og 1929, eru á bæjarhólnum
RA-394:001	Þverlækur	Flutt úr gamla bænum á síðari hluta 20. aldar	Íbúðarhús án kjallara byggt árið 1948 er á bæjarhólnum og sambyggð útihús
RA-395:001	Skammbeinstaðir	Tvíbýli. Bæirnir færðir af bæjarhólnum 1930 og 1948	Bæjarhóllinn er raskaður vegna niðurrifs, húsbygginga og sléttunar
RA-396:001	Mykjunes	Í eyði frá því um aldamótin 2000	Íbúðarhús með kjallara byggt árið 1941 er á bæjarhólnum

RA-397:003	Litla-Pula	Í eyði frá því skömmu eftir aldamótin 2000	Bæjarhóllinn er raskaður vegna sléttunar og byggingar íbúðarhúss vestan við hann 1960-1961
RA-398:001	Kaldakinn	Bærinn var færður af bæjarhólnum árið 1942	Bæjarhóllinn raskaður vegna túnræktar
RA-399:001	Ölversholt	Fór í eyði árið 1949	Tóftir
RA-400:001	Ölversholtshjáleiga	Fór í eyði árið 1947	Tóftir
RA-401:001	Marteinstúnga	Í byggð	Íbúðarhús með kjallara stendur á bæjarhólnum, byggt árið 1930
RA-402:001	Bjálmholt	Flutt var úr gamla bænum 1930	Bæjarhóllinn óraskaður
RA-403:001	Hallstún	Fór í eyði árið 1965	Íbúðarhús með kjallara stendur á bæjarhólnum, byggt 1924-1927
RA-404:001	Gata	Flutt var úr gamla bænum 1972	Bæjarhóllinn raskaður vegna túnræktar
RA-405:001	Nefsholt	Í byggð	Íbúðarhús án kjallara byggt árið 1929 og viðbygging frá 1960 eru á bæjarhólnum
RA-406:001	Hvammur	Flutt var úr gamla bænum 1995	Íbúðarhús með kjallara sem byggt var 1930 er á bæjarhólnum
RA-407:001	Lýtíngstaðir	Flutt var úr gamla bænum 1929	Kjallari er undir íbúðarhúsi sem byggt var 1928-1929 skammt norðan gamla bæjarins
RA-409:001	Þjóðólfshagi	Tvíbýli. Flutt var úr Vesturbænum 1977 og Austurbænum seint á 20. öld	Tóftir
RA-410:001	Moldartúnga	Í byggð	Íbúðarhús með kjallara stendur á bæjarhólnum, byggt árið 1902
RA-410:003		Í byggð	Íbúðarhús án kjallara byggt árið með yngri viðbyggingum er á bæjarhólnum
RA-411:001	Rauðalækur neðri (syðri)	Flutt var úr gamla bænum 1980	Bæjarhóll er raskaður vegna niðurrifs og annars rasks
RA-412:001	Brekkur	Tvíbýli. Flutt úr vesturbænum 1950, Austurbærinn rifinn eftir jarðskjálftann 2000	Bæjarhóll er raskaður vegna niðurrifs og sléttunar
RA-413:001	Rauðalækur efri	Flutt var úr gamla bænum 1933	Bæjarhóll er óraskaður
RA-414:001	Litla Túnga	Tvíbýli. Flutt úr Austurbænum 1970-71, flutt úr Vesturbænum 1980	Bæjarhóll er raskaður vegna niðurrifs og sléttunar
RA-415:001	Árbær	Fór í eyði 1977. Aftur í byggð 1995 og nýtt íbúðarhús byggt á öðrum stað	Bæjarhóll er raskaður vegna niðurrifs og sléttunar
RA-416:001	Árbæjarhellir	Fór í eyði árið 1983	Uppistandandi torfbær
RA-417:001	Árbæjarhjáleiga	Nýtt íbúðarhús byggt fast sunnan við gamla bæinn 2004	Íbúðarhús með kjallara var á bæjarhólnum, endurbyggt 1967-68, rifið í kringum 2005
RA-418:001	Gilsbakki	Fór í eyði árið 1886	Bæjarhóll er raskaður vegna túnræktar
RA-447:001	Heysholt	Fór í eyði árið 1985	Bæjarhóll er raskaður vegna byggingaframkvæmda á síðustu árum

Samtals voru skráð 19 býli á 15 jörðum. Tvö býli voru skráð á jörðunum Guttormshaga, Haga, Stúfholti og Árbæ en á hinum 12 jörðunum er skráð eitt býli. Hagi og Árbær eru kirkjujarðir og Guttormshagi og Stúfholt voru stórar og landgóðar jarðir. Margt er enn á huldu um hjáleigubyggðina í Holtahreppi og lítið vitað um sum býlin. Ekki tókst að staðsetja þrjú býli á skráningarsvæðinu, Krosshús 387:013 í landi Haga, Kaldárholtshjáleigu 390:009 í landi

Kaldárholts og Kornhól/Hól 415:007 í landi Árbæjar. Engar heimildir fundust um staðsetningu þeirra, heimildamenn gátu ekki heldur gefið vísbendingar um staðsetningu þeirra og líklega eru öll þessi býli horfin. Líklegt er að Krosshús hafi verið sléttuð í tún þar sem það býli var við heimatúnið í Haga. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín kemur fram að Kaldárholtshjáleiga hafi verið komin í eyði um 1673 vegna uppblásturs og sandágangs. Líklegt er því að allar leifar býlisins hafi horfið í uppblástur en einnig er mögulegt að það hafi horfið í Þjórsá ef það hefur staðið á bökkum hennar. Engar upplýsingar fengust um staðsetningu Kornhóls/Hóls og engar vísbendingar haldbærar um hvers vegna ekki sjást minjar um það býli á yfirborði. Á níu stöðum er staðsetning býlanna þekkt en engin ummerki um þau sjást á yfirborði. Oftast var það vegna túnasléttunar, enda voru hjáleigur oft í eða við heimatún. Það á við um Guttormshagahjáleigu 385:006, Vesturhjáleigu 393:010, Móa 404:007, nafnlaust býli í landi Hvamms 406:021 og Ranakot 410:025. Fleiri býli hafa horfið við túnasléttun en eru lengra frá bæ; Guðjónshóll 394:023, Pétursborg 415:008 og Guddutóft 417:006. Í Guttormshagahjáleigu og Móa er reyndar einnig mögulegt að byggingaframkvæmdir hafi raskað minjum og mögulegt er að vegagerð hafi raskað minjum um Pétursborg. Þar sem býlið Sæld 381:009 er talið hafa staðið var á síðari tímum fjárhús sem var jafnað við jörðu þegar bílaplan var gert á sumarbústaðarlóð.

Einhver ummerki fundust um önnur býli í Holtahreppi. Nýbýlið Stúfholtshjáleiga er á sama stað og Eystri hjáleiga og síðar Hjáleiga 393:012 var og er nýlegt íbúðarhús fast norðan við minjar um býlin. Þar sjást leifar af litlum bæjarhól og tóft af bæ sem byggður var á staðnum um 1930. Bæjarhóllinn er um 12x12 m að stærð og í honum sjást tvær dældir. Vestan og suðvestan við hólinn eru tvær tóftir og gryfja, leifar af yngsta bænum. Minjar um sex býli sem eru fjarri heimatúnum og samgöngumannvirkjum hafa að mestu sloppið við rask og eru heillegar. Þrjú þessara býla eru allforn og eru tvö þeirra friðlýst, Borg 385:008 og Vakurstaðir 395:012. Þriðja býlið er Vilborgarhóll 414:010. Því tilheyra fjórar tóftir. Þrjár þeirra eru mjög signar og hlaupnar í þúfur en ein þeirra virðist hafa verið endurnýtt sem fjárborg og er því yngri að sjá. Meint bæjartóft er þrískipt og er um 31x8 m að stærð. Ekki sást túngarður í kringum minjarnar. Af býlinu Borg sjást fjórar tóftir innan túngarðs og ein tóft skammt utan túngarðs sem talin er tengjast býlinu. Stærsta tóftin á svæðinu er um 22x7 m að stærð og skiptist í fjögur hólf. Á Vakurstöðum sjást umfangsmiklar minjar, túngarður, fjórar tóftir og tvær þústir. Ein tóftin er áföst túngarði. Stæðileg bæjartóft er á Vakurstöðum en hún er um 32x19 m að stærð og skiptist í 11 hólf. Þau þrjú býli sem eru óröskuð og enn eru ótalin eru ekki mjög gömul en heimildir herma að Hafursholt 399:015 og "Á Flötunum" 407:029 séu

býli frá því eftir miðja 19. öld sem ekki var lengi búið á. Aldur Kots 387:010 er ekki þekktur nákvæmlega en af minjunum að dæma er býlið ekki fornt og líklegt að það sé einnig frá 19. öld þó að búseta þar gæti hafa náð lengra aftur. Í Koti voru skráðar þrjár tóftir, tvö gerði, ein þúst og túngarður. Í Hafursholti voru skráð bæjartóft með kálgörðum, þrjár litlar tóftir og túngarður með tveimur áföstum gerðum. "Á Flötunum" voru skráðar fimm tóftir.

Tafla 3. Skráð býli

Samtala	Sérheiti	Fyrst byggt/Í eyði	Ástand
RA-381:009	Sæld	Fyrst byggt um 1660, í eyði um 1700	Ekki sér til fornleifa
RA-385:006	Guttormshagahjáleiga	Fyrst byggt um 1658, í eyði árið 1701	Ekki sér til fornleifa
RA-385:008	Borg	Ekkert vitað um upphaf eða endalok byggðar	Tóftir
RA-387:010	Kot	Ekkert vitað um upphaf eða endalok byggðar	Tóftir innan túngarðs
RA-387:013	Krosshús	Fyrst byggt árið 1684, í eyði árið 1697	Ekki sér til fornleifa
RA-390:009	Kaldárholtshjáleiga	Fyrst byggt um 1660, í eyði um 1673	Staðsetning ókunn
RA-393:010	Vesturhjáleiga	Fyrst byggt um 1660, í eyði um 1700	Ekki sér til fornleifa
RA-393:012	Eystri hjáleiga/Hjáleiga	Ekki vitað hvenær fyrst byggð, í eyði um 1700. Byggist aftur upp um 1930	Bæjarhóll og tóft frá 20. öld
RA-394:023	Guðjónshóll	Ekkert vitað um upphaf eða endalok byggðar	Ekki sér til fornleifa
RA-395:012	Vakurstaðir/Akurstaðir	Ekkert vitað um upphaf byggðar en talið fara í eyði um 1500	Tóftir innan túngarðs
RA-399:015	Hafursholt	Fyrst byggt árið 1861, í eyði árið 1886	Tóftir innan túngarðs
RA-404:007	Mói	Fyrst byggt árið 1897, í eyði árið 1902	Ekki sér til fornleifa
RA-406:021		Líklega fyrst byggt og í eyði á síðari hluta 19. aldar	Ekki sér til fornleifa
RA-407:029	"Á Flötunum"	Fyrst byggt árið 1863, í eyði árið 1872	Tóftir
RA-410:025	Ranakot	Fyrst byggt árið 1893, í eyði árið 1934	Ekki sér til fornleifa
RA-414:010	Vilborgarhóll	Ekkert vitað um upphaf eða endalok byggðar	Tóftir
RA-415:007	Kornhóll/Hóll	Fyrst byggt eftir 1708, í eyði um 1764	Staðsetning ókunn
RA-415:008	Pétursborg	Ekkert vitað um upphaf eða endalok byggðar	Ekki sér til fornleifa
RA-417:006	Guddutótt	Ekkert vitað um upphaf eða endalok byggðar	Ekki sér til fornleifa

Kirkjur og legstaðir

Þrjár kirkjujarðir eru í Holtahreppi, Hagi 387:002, Marteinstunga 401:002 og Árbær 415:002. Kirknaskrá Páls biskups frá 1200 er elsta heimild um kirkjur á þessum jörðum en kirkjur eru enn á þeim öllum. Í Haga sem reist var 1891 í miðjum kirkjugarðinum. Hún var upphaflega bárujárnsklædd en miklar endurbætur hafa verið gerðar á henni og hún klædd að utan að nýju. Elstu legsteinar í garðinum eru frá upphafi 20. aldar en mörg leiði eru ómerkt. Í

Marteinstungu er kirkja sem byggð var 1896. Hún hefur verið endurbætt og í kringum 1990 var gerður nýr grunnur undir hana. Kirkjugarðurinn var sléttaður fyrir nokkrum árum og stækkaður til norðurs. Einungis nokkur leiði er sjáanleg á yfirborði. Kirkjan í Árbæ er frá 1887 en hún var klædd með bárujárni 1920. Elstu merktu leiðin eru frá lokum 19. aldar en mörg ómerkt leiði eru norðan við kirkjuna.

Útkirkja frá Marteinstungu var á Skammbeinsstöðum 395:002. Hennar er fyrst getið í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá árinu 1708.[12] Staðsetning kirkjunnar er ekki lengur þekkt og engin ummerki um hana sáust á vettvangi. Ætla má að hún hafi verið nærri bæ. Heimildir eru um að bænhús hafi verið í Stúfholti 393:002, Pulu 397:002, Meiri-Tungu 410:002, Efri-Rauðalæk 413:002 og í Litlu-Tungu 414:002 en nákvæm staðsetning þeirra er ókunn. Miklar líkur eru til þess að þau hafi verið fast við eða á bæjarhólunum. Ummerki um meint bænhús sáust á Syðri-Rauðalæk 411:002 en þar er þúst sem heitir Bænhúshóll. Þústin er um 160 m norðaustan við bæ og er það nokkuð langt frá bæ miðað við það sem talið er að algengast hafi verið. Í Akbrautarholti sést bænhúsþúst og leifar af kirkjugarði 391:002. Minjarnar eru friðlýstar en eru mjög illa farnar af uppblæstri og ætla má að ekkert verði eftir af þeim annað en grjótið innan fárra ára nema gripið verði til aðgerða strax.

Aðeins eitt kuml er þekkt á skráningarsvæðinu en það fannst í landi Efri-Rauðalækjar 413:025. Engin ummerki um kumlið sáust á vettvangi og er allt svæðið í kringum fundarstaðinn raskað af byggingum og vegagerð. Kumlið var nálægt Holtavegi hinum forna 671:010 en engar upplýsingar hafa varðveist um fundaraðstæður. Ein af ástæðunum fyrir því að ekki hafa fleiri kuml fundist í Holtahreppi gæti verið sú að flestallar samgönguleiðir um Holtin eru gjörbreyttar frá því sem var fyrir komu bílsins og því hafa kuml ekki fundist við vegagerð eins og víða annarsstaðar þar sem bílvegir voru lagðir á sama eða svipuðum stað og reiðleiðirnar. Sjö meintir legstaðir voru skráðir á svæðinu og í fimm tilfellum fylgja sagnir um að á staðnum hvíli landnámsmaður; Kötlhóll 367:045 á Arnkötlustöðum, legstaður Stúfs 393:011 í Stúfholti, Kaldólfskinn 398:019, þúst í Köldukinn, hóllinn Ölver 399:005 í Ölversholti og legstaður Lýtings 401:010 sem nam Lýtingsstaði í samnefndum hól eða holti í landi Marteinstungu. Allir þessir staðir eru innan gamla heimatúnsins og/eða á bæjarhólum nema legstaður Lýtings. Frásagnir af þessum stöðum eru fremur þjóðsagnakenndar og ekki fá þekkt dæmi er um að heiðin kuml hafi fundist í heimatúnum. Ekki er þó hægt að útiloka að þarna séu heiðin kuml án frekari rannsóknar. Fyrrverandi ábúandi á Syðri-Rauðalæk greindi frá því að hann teldi að strýtulagaður hóll á landareigninni, alllangt frá bæ, en nærri Holtavegi

[12] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín I, 320

hinum forna, sé haugur úr heiðnum sið. Hóllinn ber það ekki með sér að vera manngerður en ekki verður skorið úr því nema með rannsókn. Heimildamaður frá Hvammi sagði skrásetjara frá því að þar sem örnefnið Elsa er að finna í heimatúninu væri legstaður 406:026. Samkvæmt heimildamanni á þar kona með þessu nafni að hvíla og aldrei var slegið á þessum stað með sláttuvél þegar heimildamaður var í Hvammi, aðeins með orfi og ljá. Að lokum eru munnmæli um að tvær þúfur sem heita Leiði/Barnsleiði, neðan við bæinn í Stúfholti, séu legstaðir 393:019. Ekki er ólíklegt að legstaðurinn tengist bænhúsinu sem þekkt er á jörðinni en búið er að slétta úr þúfunum og ekki er vitað til þess að bein hafi komið í ljós.

Útihús og túngarðar

Fyrir utan sjálf bæjarhúsin voru skepnuhús algengustu byggingar á hverri jörð. Eins og víðast á Íslandi voru útihús á skráningarsvæðinu dreifð um túnin. Flest slík hús voru fyrir sauðfé, en minna af hesthúsum og lítið af fjósum. Fjós hafa sennilega verið hluti af bæjarhúsunum á flestum bæjum eins og meginþorri smiðja og skemma á skráningarsvæðinu. Hlöður urðu ekki algengar á Íslandi fyrr en undir lok 19. aldar eða í byrjun þeirrar 20. og munu hey víðast hafa verið geymd í stæðum eða gryfjum við skepnuhús þótt ekki séu til glöggar heimildir um þetta. Á nokkrum stöðum voru svokölluð heykuml greinanleg aftan við skepnuhúsin og munu þau hafa verið nokkuð algeng á Suðurlandi. Á skráningarsvæðinu voru aðeins skráðar fjórar hlöður.

Útihús virðast oftast hafa staðið á sömu stöðum um aldir og á slíkum stöðum hafa gjarnan myndast litlir rústahólar. Fyrir einni öld síðan voru langflestar byggingar á Íslandi skepnuhús, en síðan þá hefur þeim fækkað meira en nokkurri annarri tegund mannvirkja. Ástæðan er fyrst og fremst túnrækt með stórvirkum vinnuvélum og einnig hafa yngri skepnuhús úr steypu víða verið byggð ofan á eldri útihúsarústir og stórar byggingar oft tekið við hlutverki margra minni húsa.

Tafla 4. Skráð útihús

Tegund	**Heildarfjöldi**	**Þar af horfin**
Útihús-nánara hlutverk óþekkt	127	84
Fjárhús	34	14
Lambhús	22	16
Hesthús	22	8
Fjós	16	9
Hlaða	4	2
Hrútakofi	2	0

Hænsnakofi	3[13]	0
Smiðja	1	0
Heystæði	3	0
Alls	**234**	**133**

Tæplega 57% allra skráðra útihúsa í Holtahreppi eru horfin. Alls sá til 19 fjárhúsa á svæðinu. Fjárhús voru í sjö hellum á svæðinu en en ekki tókst að staðsetja einn þeirra 395:045 og því er ástand hans ekki þekkt. Aðrir hellar fundust 409:007, 410:022, 412:004, 414:008, 415:018, 416:013 og eru þeir allir friðlýstir nema hellir í Árbæ 415:018 en hann er yngstur þeirra. Aðeins sjást þústir á fjórum stöðum en tóftir sjást á hinum níu stöðunum. Þrjár fjárhústóftir ná ekki 100 ára aldri og eru því ekki fornleifar samkvæmt skilgreiningu laganna en þær eru byggðar samkvæmt fornri byggingarhefð og voru skráðar og verður byrjað að fjalla um þær. Fjárhústóft 384:038 skiptist í hlöðu og fjárhús með garða fyrir miðju. Fjárhústóft 386:010 er einföld og sjást hvorki jötur né garðar í henni. Í Kaldárholti eru tvær fjárhústóftir saman, 390:037. Önnur tóftin skiptist í fimm hólf en hin tóftin skiptist í fjögur. Tveir hlaðnir og steyptir garðar eru í einu hólfinu í síðarnefndu tóftinni og þar er einnig stór, niðurgrafin hlaða. Tóftir 384:005, 393:004, 406:002 og 447:026 eru tvískiptar. Í tóft 384:005 er garði í stærra hólfinu sem var fyrir ær og jötur voru meðfram veggjum í minna hólfinu sem var fyrir lömb. Hvorki sjást leifar af jötum né görðum í hinum þremur tóftunum. Af fjárhúsum 394:004 sjást aðeins leifar af sambyggðri hlöðu en fjárhúsin sjálf voru rifin og steypt hús voru byggð í staðinn en þau eru ekki lengur í notkun og hafa einnig verið rifin að mestu leyti. Einföld og lítil fjárhústóft 386:012 var mögulega byggð ofan á eldra mannvirki í landi Saurbæjar en einnig getur verið að rof umhverfis hana hafi breytt ásýnd hennar.

Önnur hús sem tengjast sauðfjárbúskap eru lambhús og hrútakofar. Tveir hrútakofar voru skráðir fyrir utan þann sem skráður var með fjárhúsum og hlöðu 412:004. Annar þeirra 447:007 er tvískiptur og enn undir þaki en hinn 391:030 er einfaldur og er þakið nýlega hrunið ofan í hann í heilu lagi. Alls voru skráð 22 lambhús og sjást minjar um 6 þeirra, þar af eru þrír hellar. Lambhústóftirnar voru ýmist einfaldar eða tvöfaldar. Í tveimur tóftum var bárujárnsþak hrunið ofan í þær svo ekki sást hvernig umhorfs var innan í þeim.

Skráð voru 16 fjós og einhver ummerki sjást um sjö þeirra. Ummerki umFornufjós 392:008 í landi Lækjar eru óveruleg en þó sjást þar þústir húsanna. Mikið rask hefur orðið í kringum þústina vegna byggingaframkvæmda við nýlegt útihús. Eitt fjós á skráningarsvæðinu

[13] Upplýsingar um tvo hænsnakofa bárust eftir að vettvangsvinnu lauk og ekki er því vitað fyrir víst hvort eitthvað sjáist til þeirra eða hvort þeir eru horfnir. Líklegra er að þeir séu horfnir.

stendur enn undir þaki en það er í landi Arnkötlustaða 367:002. Hlaða, heygarður og tvískipt hús auk annarra minja eru samtengd fjósinu sem er með þrjár burstir og skiptist í þrjú rými. Aðrar ungar fjósminjar eru í Akbrautarholti en þar er tvískipt tóft af fjósi og hlöðu 391:011. Ekki markar fyrir básum í tóftinni. Leifar af tveimur fjósum sjást á Syðri-Rauðalæk. Annars vegar sjást tveir veggir fjóstóftar 411:003 og hins vegar sést rústahóll þar sem fjós 411:009 var. Aðeins sést einn skýr veggur þar en aðrir hlutar mannvirkisins eru hrundir. Kálgarður er sambyggður fjóstóftinni. Leifar af fjóstóft 390:004 í Kaldárholti eru norðan við steinsteypt fjós sem leysti gamla fjósið af hólmi. Þar er enn þrískipt tóft og er nyrsta hólfið undir þaki og nýtt sem reykkofi. Að lokum var skráð fjós í Stúfholti en þar er sigin, einföld tóft 393:017 í svokölluðum Fjósakróki um 325 m vestan við bæ. Það er alls ekki dæmigert að fjós séu svona langt frá bæ og óvíst er að tóftin sé af fjósi þó að örnefnið bendi til þess.

Skráð voru 22 hesthús og sjást leifar af 14 þeirra. Eitt hesthúsið er undir þaki 382:002 en óvíst er hversu gamalt það er. Það nú notað sem geymsla. Algengt er að hesthústóftir séu fremur litlar og einfaldar. Það á við um tóftir 412:008, 411:005, 411:004, 405:019, 384:037 og 391:013. Tvær síðastnefndu tóftirnar ná ekki 100 ára aldri en voru skráðar vegna þess að þær eru byggðar samkvæmt fornri byggingarhefð. Að auki eru tóftir 384:007 og 407:025 litlar og einfaldar en sú fyrrnefnda er áföst vörslugarði og sú síðarnefnda er áföst gerði utan um s.k. Stekkjartún en enginn er þar stekkurinn. Hesthústóftir 407:015 og 414:005 eru tvískiptar. Með tóft 407:015 er skráð tvískipt lambhús. Annað hólfið í tóft 414:005 er hlaða og líklega hefur það verið heykuml en ekki yfirbyggð hlaða. Í landi Ölversholts er fjórskipt hesthústóft þar sem eitt hólfið er rétt. Þá eru enn ótaldar þústir tvær þar sem áður voru hesthús í Bjálmholti 402:004 og í Köldukinn 398:002.

Alls voru skráðar fjórar hlöður og þrjú heystæði. Öll heystæðin sjást enn og helmingur hlaðanna. Heystæðin eru fjarri bæ þar sem útheyja var aflað. Í landi Skammbeinsstaða eru tvær einfaldar tóftir 395:041 saman við engjar sem áður voru slegnar en hafa nú verið þurrkaðar upp að miklu leyti með framræslu. Í landi Mykjuness er ein lítil tóft 396:005 í jaðri mýrlends svæðis. Í landi Ölversholts er lítil, einföld tóft 399:026 í grasgefnum haga. Hlöðurnar sem sjást eru annars vegar hellir 367:057 og hins vegar niðurgrafin tóft 390:003 sem var við hliðina á fjósi 390:004. Hellirinn er frá 1935 en upphaflega átti að gera fjárhús og hlöðu en ekki var lokið við að gera fjárhúsin. Hellirinn nær ekki 100 ára aldri en þar sem hann er gerður af fornri hefð var hann hafður með á fornleifaskrá. Lítill forskáli er framan við hellismunnann og tröppur niður í hann. Hann hefur verið notaður sem kartöflugeymsla en er

ekki lengur í notkun. Fleiri minjar um hlöður sem sést til hafa verið skráðar en eru skráðar með öðrum minjum. Þær eru oft sambyggðar skepnuhúsum og er lýst með þeim.

Aðeins ein smiðja var skráð á svæðinu og sést tóft hennar enn í Meiritungu. Tóftin 410:014 er ungleg og óvíst að hún nái 100 ára aldri. Ekki er útilokað að smiðja hafi verið endurbyggð á grunni eldri smiðju en ekki sést mikil uppsöfnun mannvistarlaga undir tóftinni. Lítil tóft af hænsnakofa var skráð á Arnkötlustöðum 367:042. Tóftin er um 3 m í þvermál, torf- og grjóthlaðin. Tóftin er ekki fornleif samkvæmt skilgreiningu laganna því kofinn var byggður 1935 en eins og með fleiri yngri minjar úr torfiog grjóti var hann tekinn með á fornleifaskrá þar sem hann var byggður samkvæmt fornri byggingarhefð.

Alls voru skráðir 46 túngarðar á skráningarsvæðinu og fundust leifar þeirra á 38 stöðum. Víða sést nú aðeins lítill hluti túngarðanna og sumsstaðar eru þeir alveg horfnir. Annarsstaðar eru þeir nokkuð heillegir t.d. túngarður 399:022 í Ölversholti. Mikið er af unglegum túngörðum á skráningarsvæðinu sem voru hlaðnir umhverfis ný stakstæð tún utan heimatúnsins eða þegar gömlu heimatúnin voru færð út. Þótt sumstaðar leiki vafi á að túngarðar og önnur garðlög séu meira 100 ára gömul var ákveðið var ákveðið að skrá slíka garða bæði til að gæta samræmis í skráningunni en einnig sökum þess að garðarnir voru byggðir að fornri byggingarhefð og setja mikinn svip á landslagið. Víða eru tóftir af útihúsum eða réttum áfastar túngörðunum og þá eru þær skráðar með görðunum. Á fyrri hluta 19. aldar voru tún almennt ekki girt á Íslandi og virðist svo hafa verið um allnokkrar aldir. Á 19. öld var rekinn áróður fyrir túngarðahleðslum. Líklegast verður að telja að flestir túngarðanna sem skráðir voru séu frá 19. öld eða síðar.

Tafla 5. Skráðir túngarðar

Samtala	Heiti jarðar	Tegund	Hlutverk	Ástand	Ef horfin, af hverju
RA-367:011	Arnkötlustaðir	garðlag	túngarður	hleðslur signar	
RA-367:065	Arnkötlustaðir	garðlag	túngarður	hleðslur signar	
RA-380:018	Gíslaholt	garðlag	túngarður	hleðslur signar	
RA-380:027	Gíslaholt	garðlag	túngarður	hleðslur signar	
RA-380:028	Gíslaholt	garðlag	túngarður	hleðslur signar	
RA-382:017	Raftholt	garðlag	túngarður	hleðslur signar	
RA-382:021	Raftholt	garðlag	túngarður	hleðslur signar	
RA-383:014	Kvíarholt	heimild	túngarður	ekki sést til fornleifar	vegna sléttunar
RA-383:028	Kvíarholt	garðlag	túngarður	hleðslur signar	
RA-384:013	Hreiður	heimild	túngarður	ekki sést til fornleifar	vegna sléttunar

RA-386:027	Saurbær	garðlag	túngarður	hleðslur signar	
RA-387:008	Hagi	garðlag	túngarður	hleðslur signar	
RA-389:009	Ketilstaðir	garðlag	túngarður	hleðslur signar	
RA-390:006	Kaldárholt	garðlag	túngarður	hleðslur standa grónar	
RA-391:023	Akbrautarholt	garðlag	túngarður	hleðslur signar	
RA-392:007	Lækur	garðlag	túngarður	hleðslur standa grónar	
RA-392:015	Lækur	frásögn	túngarður	ekki sést til fornleifar	vegna sléttunar
RA-393:027	Stúfholt	garðlag	túngarður	hleðslur signar	
RA-393:035	Stúfholt	garðlag	túngarður	hleðslur signar	
RA-394:025	Þverlækur	garðlag	túngarður	hleðslur signar	
RA-394:032	Þverlækur	garðlag	túngarður	hleðslur signar	
RA-395:044	Skammbeinsstaðir	garðlag	túngarður	hleðslur standa grónar	
RA-396:013	Mykjunes	garðlag	túngarður	hleðslur signar	
RA-399:022	Ölversholt	garðlag	túngarður	hleðslur standa grónar	
RA-400:009	Ölversholtshjáleiga	tóft+garðlag	túngarður	hleðslur signar	
RA-400:014	Ölversholtshjáleiga	tóft+garðlag	túngarður	hleðslur signar	
RA-402:020	Bjálmholt	heimild	túngarður	hleðslur signar	
RA-405:020	Nefsholt	garðlag	túngarður	hleðslur standa grónar	
RA-406:011	Hvammur	tóft+garðlag	túngarður	hleðslur signar	
RA-407:017	Lýtingsstaðir	garðlag	túngarður	hleðslur signar	
RA-407:037	Lýtingsstaðir	garðlag	túngarður	hleðslur signar	
RA-409:043	Þjóðólfshagi	garðlag	túngarður	hleðslur signar	
RA-410:005	Meiri-Tunga	heimild	túngarður	ekki sést til fornleifar	vegna sléttunar
RA-410:019	Meiri-Tunga	garðlag	túngarður	hleðslur signar	
RA-410:039	Meiri-Tunga	garðlag	túngarður	hleðslur signar	
RA-410:043	Meiri-Tunga	garðlag	túngarður	hleðslur signar	
RA-411:015	Syðri-Rauðalækur	tóft+garðlag	túngarður	hleðslur signar	
RA-411:016	Syðri-Rauðalækur	garðlag	túngarður	hleðslur signar	
RA-413:020	Efri-Rauðalækur	heimild	túngarður	ekki sést til fornleifar	vegna sléttunar
RA-414:007	Litla-Tunga	garðlag	túngarður	hleðslur signar	
RA-415:016	Árbær	garðlag	túngarður	hleðslur signar	
RA-415:023	Árbær	heimild	túngarður	ekki sést til fornleifar	vegna sléttunar
RA-416:009	Árbæjarhellir	garðlag	túngarður	hleðslur signar	
RA-416:030	Árbæjarhellir	garðlag	túngarður	hleðslur standa grónar	
RA-417:012	Árbæjarhjáleiga	garðlag	túngarður	hleðslur signar	
RA-417:014	Árbæjarhjáleiga	heimild	túngarður	ekki sést til fornleifar	vegna sléttunar

Stekkir, kvíar, réttir og smalakofar

Stekkir eru yfirleitt einfaldar tóftir eða gerði með litlu hólfi (lambakró) á einni hlið/við annan endann þar sem fært var frá. Sumstaðar hafa myndast litlir túnblettir í kringum stekki sem voru slegnir. Skráðir voru 28 stekkir á skráningarsvæðinu á 22 jörðum og sáust mannvirkjaleifar á 19 stöðum á 16 jörðum. Skráðar voru stakar tvískiptar stekkjartóftir á sjö stöðum 383:009, 385:010, 394:018, 394:019, 394:028, 396:007, 416:014. Ein þeirra, stekkur í

landi Árbæjarhellis er áberandi umfangsmest 416:014 en hún er 32x11 m að stærð. Samkvæmt heimildum var rétt á sama stað og er líklegt að tóftin sem sést sé af réttinni en ekki stekknum. Stakar, einfaldar stekkjartóftir voru skráðar á fjórum stöðum 384:031, 389:007, 407:026, 413:017. Stekkjartóft 413:017 sem skráð var á Efri-Rauðalæk er að hluta hrunin fram af gilbrún sem hann stendur á. Einnig var grjót úr honum tekið og notað sem púkk með rafmagnsstaurum þegar raflína var lögð um svæðið. Í Litlu-Tungu var skráður þrískiptur stekkur 414:005 og er það eini þrískipti stekkurinn sem skráður var á svæðinu. Í Stúfholti voru skráðar fjórar tóftir 393:015 saman í Stekkjarlág. Stærsta tóftin er sú eina sem er tvískipt. Á Syðri-Rauðalæk voru skráðar tvær tóftir 411:030 saman í Stekkagili og eru þær signar og fornlegar. Önnur þeirra er tvískipt og hin er einföld. Á fjórum stöðum eru skráðir stekkir innan gerðis auk annarra tófta. Í Hreiðri eru fjórar tóftir innan gerðis 384:017. Ein þeirra er af beitarhúsum og ein líklega af stekk en sú tóft er einföld. Í Ölversholti eru tvær tóftir 399:008 saman og liggur garður í boga umhverfis tóftirnar að norðvestanverðu en ekki er um lokað gerði að ræða. Fleiri garðlög tengjast þessum garði. Stærri tóftin er tvískipt en minni tóftin er einföld. Í Marteinstungu voru skráðar tvær tóftir innan gerðis 401:018. Önnur þeirra er tvískipt og hin einföld. Í Nefsholti er sigið unglegt gerði sem afmarkaði Stekkatún 405:014 og innan þess eru sex þústir og dældir en engin skýr stekkjartóft. Beitarhús voru innan gerðisins eftir að hætt var að nota stekkinn en ekki sjást heldur skýr ummerki um þau. Í Bjálmholti sést aðeins garðlag 402:005 þar sem gerði afmarkaði Stekkatún en engin ummerki sjást um stekkinn og hefur hann líklega verið sléttaður. Auk þeirra stekkja sem hér hafa verið taldir eru sjö aðrir staðir þar sem örnefni benda til þess að stekkir hafi verið þó að minjar um þá hafi ekki fundist. Á tveimur af þessum stöðum voru skráðar beitarhúsatóftir (380:010 Pálsstekkatún og 395:025 Stekkatún). Við Stekkatúnshelli 409:018 eru skráð beitarhús og óskilgreind tóft. Mögulega var stekkurinn sem örnefnið vísar til í tóft sem er sambyggð hellinum en það er óvíst. Heimildir eru um að beitarhús 398:013 hafi verið á Stekkjartúni í landi Köldukinnar. Þar fundust hvorki leifar af beitarhúsum né stekk og er líklegt að beitarhúsin hafi verið reist á rústum stekkjarins og að minjarnar hafi horfið við túnasléttun. Hlutverk Stekkatúnshellis 410:034 í landi Meiri-Tungu er ekki þekkt og ekki er vitað hvort stekkur var í hellinum eða hvort hann var í Stekkatúni sem hellirinn dregur nafn sitt af. Engar minjar um stekk fundust þar. Á Stekkjarholti í landi Lýtingsstaða var skráð hesthústóft sem er áföst gerði 407:025. Minjarnar eru fremur ungar og afmarkar gerðið gamalt stekkjartún sem slegið var til skamms tíma. Engar minjar um stekkinn fundust og hafa þær líklega horfið við túnasléttun. Að lokum bendir örnefnið Gamli-Stekkjartúnshóll í landi Heysholts til þess að þar

hafi verið stekkur. Einu minjarnar sem fundust í næsta nágrenni hans er siginn vörslugarður 447:012 sem kann að tengjast stekknum en það er óljóst.

Kvíar voru yfirleitt mun nær bæ en stekkirnir og oftast í eða við túnjaðar. Ekki hafa það alltaf verið hlaðnar kvíar, heldur var stundum aðeins um ákveðinn stað að ræða þar sem ær voru mjaltaðar og sumstaðar voru færikvíar notaðar, sérstaklega þegar komið var fram á 20. öld. Hugtakið „stöðull“ er stundum notað um kvíar sem ær voru mjólkaðar í en oftast er það þó notað um stað eða réttir þar sem kýr voru mjólkaðar á sumrum. Ætla má að þær hafi verið á flestum bæjum. Líklegasta ástæða þess að þeirra er ekki getið nema á hluta jarðanna er sú að færikvíar voru mikið algengari í seinni tíð og hafa sennilega ekki staðið á sama stað nema nokkur ár í einu. Auk þess má gera ráð fyrir að margar kvíar hafi horfið við túnastækkun, þar sem þær voru oft við jaðar túna. Á skráningarsvæðinu voru skráðar 22 kvíar en mannvirkjaleifar sáust á fimm stöðum. Á Arnkötlustöðum sést aðeins dæld 367:047 í túni þar sem talið er að kvíar hafi verið. Í landi Lýtingsstaða voru kvíar innan svokallaðs Magragerðis 407:019. Engar leifar af kvíunum sjást en ekki er ólíklegt að um færikvíar hafi verið að ræða því í örnefnalýsingu segir að grjót hafi allsstaðar verið upp úr sverði innan gerðisins en það hafi gróið fljótt upp vegna þess að kvíar voru hafðar þar. Lítilsháttar leifar af gerðinu sjást enn en þeim stafar ógn af trjárækt. Á hinum þremur stöðunum sjást kvíatóftir. Kvíarnar 399:010 í Ölversholti eru óvenjulegar en þær eru 30x14 að stærð og skiptist í tvö samsíða hólf og áfast gerði. Kvíarnar eru um 230 m norðan við túngarð 399:022. Í Marteinstungu er einföld, torfhlaðin tóft 401:020 sem er austan undir lágu holti fast við gömlu heimreiðina að bænum og 360 m sunnan við jaðar gamla heimatúnsins. Í Gíslholti er einföld tóft 380:021 sem er líklega af kvíum. Hún er í dálítilli brekku fáum metrum utan við túngarð 380:018.

Einn smalakofi 663:033 var skráður á Rangárvallaafrétti syðst í Dalöldum við ármót Eystri-Rangár og Valár. Tóft kofans er einföld og grjóthlaðin. Þakið var úr timbri og bárujárni og er hrunið ofan í tóftina. Einn smalakofi 412:020 var skráður í Holtahreppi, í landi Brekkna á landamerkjum milli Brekkna og Litlu-Tungu. Af kofanum sést óljós tóft sem er grasi gróin og sigin. Í heimildum segir að varða hafi verið á sama stað en ekki sáust ummerki um hana.

Aðhöld til að hemja skepnur, önnur en fjárskýli, gæsaréttir, hrossaborgir, kvíar og stekkir eru flokkuð sem *réttir* í fornleifaskráningu. Réttir eru aðallega notaðar til að geyma skepnur tímabundið (t.d. í rekstri), draga sundur og/eða til að fást við þær, t.d rýja, mjalta eða gelda. Alls voru skráðar 33 réttir á skráningarsvæðinu af ýmsum gerðum og stærðum og sáust leifar af 20 þeirra. Kambsrétt er skráð á þremur stöðum á skráningarsvæðinu verða þær að teljast athyglisverðustu réttirnar á svæðinu. Heimildir greina frá því að elsta Kambsréttin hafi

verið í landi Kambs 381:006. Réttin var suðvestan á svokölluðu Flatholti og voru þar fimm tóftir saman, hlið við hlið, svipaðar að stærð. Ekki sáust minjar um réttina á vettvangi og eru þær orðnar illgreinilegar sökum þýfis og gróðurs. Á loftmynd má hins vegar greina óljós hólf á þessum slóðum samkvæmt henni virðast minjarnar ná yfir svæði sem er um 100x60 m að stærð. Ætla má að leifar um réttina séu enn óraskaðar að mestu undir sverði. Sögn er til um að réttin hafi verið flutt í land Hreiðurs þar sem Gamla Kambsrétt 384:019 er, suðaustan í Kambsheiði. Hvorki er vitað hvenær hún var flutt þangað eða þaðan en ar á hún að hafa verið lengi þangað til hún var flutt að Lýtingsstöðum 407:004 vegna reimleika. Þar var réttað til 1941 er því var hætt vegna „sauðfjárveikivarna, fjárfæðar og breyttra aðstæðna.“ Gamla-Kambsrétt er enn vel greinileg. Hún er um 60x35 m að stærð og sjást 22 hólf í henni að almenningnum meðtöldum. Hleðslur eru signar og grónar og sést ekki gjóthleðslur í veggjum. Yngsta Kambsréttin er grjóthlaðin hringlaga rétt með dilka eins og geisla út frá hringlaga almenningi í miðju. Tóftin er um 38 m í þvermál og í henni eru 17 dilkar í kringum almenninginn. Nokkuð er tekið að hrynja úr veggjum en þó stendur réttin enn vel. Grjóthlaðin hestarétt er um 100 m norðaustan við fjárréttina og voru réttirnar skráðar saman. Sögnin um þessar réttir er merkileg og í þeim felst einstakt tækifæri til að rannsaka gerðfræðiþróun skilarétta. Eins og ætla mætti er nokkuð um réttir sem hlaðnar hafa verið í tengslum við göngur og eftirleitir á Rangárvallaafrétti. Þar voru skráðar sjö réttir og fundust leifar af fjórum þeirra. Strútsrétt 663:012 fannst ekki og engin ummerki fundust heldur um rétt 663:037 við Strútslaug . Ekki varð komist að rétt í Þvergili 663:015 og því ekki hægt að segja til um gerð eða ástand þessara rétta. Dalsrétt 663:002 er stór rétt í Lambadal. Hún er um 40x21 m að stærð, grjóthlaðin. Önnur stór rétt 663:042 er í Króki en þar er torfhlaðið, unglegt gerði og er gaddavírsgirðing ofan á veggjunum. Réttin er fremur ungleg. Í Hvanngili er tvískipt réttartóft 663:010 og var hestarétt í öðrum hlutanum og fjárrétt í hinum hlutanum. Réttin er grjóthlaðin innan um stór björg á svæðinu sem spöruðu hleðslu. Í Blesárgili var skráð lítil rétt 663:041 sem var gamalt grjótbyrgi en var breytt í rétt fyrir fé sem fannst í leitum. Réttin er grjóthlaðin, um 4x3 m að stærð.

Beitarhús, sel og fjárskýli

Beitarhús eru fjárhús í úthögum fjarri bæ, nýtt til útbeitar á vetrum. Sel eru bústaðir í úthögum eða inn til fjalla sem voru notaðir um sumar til að nýta beit og jafnvel slægjur. Oft er erfitt að skera úr um hvort um sel eða beitarhús eru að ræða en selbyggingar voru oft notaðar sem beitarhús á vetrum eða voru byggð upp á rústum selja eftir að þau féllu úr notkun. Fjárskýli

eru hvers kyns skjól eða afdrep fyrir sauðfénað, þ.m.t. fjárborgir. Samtals voru skráð 27 fjárskýli, 104 beitarhús og níu sel á svæðinu.

Beitarhús

Eins og fyrr segir voru alls skráð 104 beitarhús á svæðinu og sést til fornleifa á öllum stöðunum nema sex. Beitarhúsatóftirnar eru ólíkar að gerð. Næstum því jafnalgengt er að beitarhúsatóftinar séu stakar (43 staðir) og að skráðar séu fleiri en ein tóft (41 staður). Á fjórum stöðum sást aðeins þúst en á einum stað var enn þak á beitarhúsunum 409:013. Beitarhús voru í hellum á níu stöðum. Hvort sem um eina eða fleiri tóftir er að ræða er algengt þar sem beitarhús eru skráð sé a.m.k. ein fremur stór tvískipt tóft sem skiptist í fjárhús og hlöðu. Ekki er mjög algengt að undirstöður garða sjáist í þeim. Sumsstaðar sjást undirstöður jata en oft er ekki hægt að greina þær ef hleðslur eru signar og er líklegt að þæer séu mun algengari en kemur fram í skráningunni. Beitarhúsatóftir sem eru úr torfi og grjóti standa að jafnaði nokkuð vel en þau sem eru eingöngu úr torfi eru mun signari og ógreinilegri. Stærsti hluti beitarhúsatóftanna virðist vera frá 19. öld og byrjun 20. aldar. Sumsstaðar sjást þó ummerki þess að beitarhús hafi verið endurbyggð þar sem eldri hús voru fyrir. Beitarhús voru skráð á öllum lögbýlunum nema á Hagahjáleigu RA-388. Býlið fór líklega í eyði á seinni hluta 19. aldar en ekki er útilokað að eitt af þeim fimm beitarhúsum sem skráð eru í Haga, gömlu heimajörðinni, hafi tilheyrt Hagahjáleigu. Sá gríðarlegi fjöldi beitarhúsa sem skráður var á svæðinu bendir til að mjög mikil áhersla hafi verið lögð á vetrarbeit á svæðinu og á flestum jörðum þar sem beitarhús voru á annað borð skráð voru fleiri en ein beitarhús. Flest beitarhús voru skráð í landi Þjóðólfshaga þar sem þau eru sjö talsins. Næstflest beitarhús, sex talsins, voru skráð í landi Marteinstungu og Kaldárholts. Meðalfjarlægð beitarhúsa frá bæ var 1,1 km. Flest beitarhús voru 1 km eða styttra frá bæ eða 57 beitarhús, 55% allra skráðra beitarhúsa. Í 37 tilvikum voru beitarhúsin 1,1-2 km frá bæ, eða 36% allra skráðra beitarhúsa. Fæst beitarhús voru 2,1 km eða lengra frá bæ eða 10 slík, 9% allra skráðra beitarhúsa. Þau beitarhús sem voru lengst frá bæ voru beitarhús 387:025 en þau voru 2,9 km frá bæ.

Tafla 6. Skráð beitarhús

Samtala	**Tegund**	**Fjarlægð frá bæ**	RA-381:007	tóft	0,4 km
RA-367:008	tóft	0,9 km	RA-381:020	tóft	2,3 km
RA-367:015	tóft	0,5 km	RA-382:008	tóft	0,7 km
RA-380:008	tóftir	2 km	RA-383:011	tóftir	0,8 km
RA-380:010	tóft	0,5 km	RA-383:012	tóft	3 km
RA-380:011	tóft	0,8 km	RA-383:020	tóft+garðlag	6 km
RA-380:012	tóftir	2,5 km	RA-385:009	tóftir	8 km

RA-385:019	tóft	0,4 km
RA-385:023	tóftir	1,4 km
RA-386:008	tóftir	1,5 km
RA-386:020	tóftir	0,6 km
RA-387:014	tóft	1,2 km
RA-387:020	tóftir	1,4 km
RA-387:022	tóftir	1,7 km
RA-387:025	tóft	2,9 km
RA-387:026	tóft	2,8 km
RA-390:017	tóft	1,5 km
RA-390:036	tóft+garðlag	0,5 km
RA-390:044	tóft	1,2 km
RA-390:045	tóft	2,2 km
RA-390:047	tóft	1,3 km
RA-390:048	tóftir	1,6 km
RA-391:017	tóftir	1,3 km (frá 007)
RA-391:018	tóftir	1,1 km (frá 007)
RA-391:019	tóft	0,8 km (frá 007)
RA-392:006	tóftir	1,1 km
RA-392:011	tóft	4 km
RA-393:020	tóft	1,2 km
RA-393:021	tóft+garðlag	0,8 km
RA-393:023	heimild	0,6 km
RA-394:013	tóftir	1,4 km
RA-395:025	tóft+garðlag	0,8 km
RA-395:028	tóft+garðlag	1,1 km
RA-395:033	tóft+garðlag	1,3 km
RA-395:035	tóft	2,1 km
RA-395:037	tóft	2,5 km
RA-396:004	tóftaþyrping	0,6 km
RA-396:008	tóft+garðlag	0,7 km
RA-396:016	tóft	0,4 km
RA-396:023	tóft	0,7 km
RA-397:007	tóft	0,7 km (frá 003)
RA-398:008	heimild	0,9 km
RA-398:010	tóftir	0,6 km
RA-398:013	heimild	0,9 km
RA-399:007	tóft	5 km
RA-399:017	þúst	0,4 km
RA-399:018	tóftir	1,1 km
RA-399:035	tóft	1,4 km (frá 400:001)
RA-400:010	tóftir	0,8 km
RA-400:012	tóft	0,9 km
RA-401:008	tóft	2,5 km
RA-401:011	tóft	1,7 km
RA-401:013	tóft	2,5 km
RA-401:027	tóft	0,5 km
RA-401:028	tóft	0,9 km
RA-401:030	tóft+garðlag	1,9 km
RA-402:006	tóft+garðlag	1,4 km
RA-402:009	tóft	0,9 km
RA-403:004	tóftir	0,4 km
RA-403:005	tóft+garðlag	0,8 km
RA-403:006	tóftir	1,1 km
RA-404:004	tóft	0,7 km
RA-404:006	tóft+garðlag	0,7 km
RA-405:009	tóft+garðlag	1,1 km
RA-406:010	tóft+garðlag	7 km
RA-406:018	tóft	0,7 km
RA-407:005	hellir	0,6 km
RA-407:006	hellir	1,3 km
RA-409:009	hellir	1 km
RA-409:010	hellir	0,9 km
RA-409:013	hús	2 km
RA-409:016	tóft+garðlag	1,5 km
RA-409:018	hellir	0,4 km
RA-409:023	tóft	1,7 km
RA-409:024	tóft	1,1 km
RA-410:023	frásögn	1,8 km
RA-410:031	tóft	2 km
RA-410:033	hellir	0,5 km
RA-410:037	hellir	1,2 km
RA-410:038	hellir	1,1 km
RA-411:012	hellir	0,9 km
RA-411:020	tóft+garðlag	0,9 km
RA-411:029	tóft	0,6 km
RA-411:046	tóft	0,7 km
RA-411:049	tóft	0,5 km
RA-412:029	tóft+garðlag	1,4 km
RA-412:030	tóft+garðlag	0,8 km
RA-413:009	heimild	0,5 km
RA-413:012	þúst	0,9 km
RA-414:011	tóftir	1,4 km
RA-415:011	heimild	2,4 km
RA-415:014	tóftir	1,1 km (frá Heiðarbrún)
RA-416:010	tóft+garðlag	0,7 km
RA-416:023	tóft	1,5 km
RA-416:026	tóftir	0,9 km
RA-417:005	þúst	1,4 km
RA-447:009	þúst	0,5 km
RA-447:018	tóft	0,5 km

Fjárskýli

Af þeim 27 fjárskýlum sem skráð voru í Holtahreppi sést til minja á 20 stöðum. Í flestum tilvikum (eða á 14 stöðum) var skráð stök tóft. Á þremur stöðum voru skráðar fleiri en ein tóft, á tveimur stöðum sést aðeins þúst 390:021, 413:006 og á einum stað var fjárskýli skráð í helli 390:040. Þar sem skráðar voru stakar tóftir er oftast um að ræða einfaldar, hringlaga, signar tóftir sem eru 10-18 m í þvermál. Þessar tóftir eru af fjárhringjum eða gjafahringjum. Á tveimur stöðum sást greinilega að skýlin voru grjóthlaðin 382:011, 385:011. Þau skýli voru 7-8x5-7 m að stærð og er líklegt að það hafi verið topphlaðnar fjárborgir. Eitt fjárskýli 409:039 var hringlaga, 7x6 m að stærð en mjög sigið og sáust ekki hleðslur í því. Á Skammbeinsstöðum 395:042 voru skráðar saman átta tóftir, tvær þeirra voru að öllum líkindum fjárskýli en þær eru einfaldar og hringlaga. Önnur þeirra er 9x7 m að stærð en hin er 8 m í þvermál. Ekki er víst að hlutverk hinna tóftanna hafi verið það sama og er ekki ólíklegt að hlutverk minjastaðarins hafi breyst í gegnum tíðina. Á Syðri-Rauðalæk voru skráðar tvær tóftir, ein þúst og eitt garðlag 411:028. Þar hafa beitarhús verið byggð á sama stað og fjárskýli voru áður. Þústin sem enn sést hefur lag fjárskýlis og er 6 m í þvermál og í annarri beitarhúsatóftinni sjást mögulegar leifar af hringlaga fjárskýli þar sem beitarhúsatóftir hafa verið reistar. Á sömu jörð eru skráð fjárskýli í Borgarhólum 411:031 en þar er stórt svæði afmarkað af hringlaga gerði og innan þess eru fjórir hólar. Á tveimur þeirra eru tóftir og mögulega eru mannvistarleifar undir sverði á hinum tveimur. Önnur tóftin er tvískipt og er 10x7 m að stærð en hin er einföld og óskýr, 9x5 m a stærð.

Sel

Á skráningarsvæðinu voru skráð níu sel og sjást ummerki um þau á fimm stöðum en örnefni og heimildir eru til vitnis um sel á hinum fjórum stöðunum 397:006, 390:016, 391:009, 410:020. Í landi Árbæjar eru tvær beitarhúsatóftir á selstæðinu og gerði afmarkar tún í kringum þær. Innan túnsins má enn sjá óljósa seltóft 415:006 sem virðist vera þrískipt en hún hefur verið sléttuð og er afar ógreinileg. Líklegt er að frekari leifar af selinu leynist á svæðinu, undir sverði eða undir beitarhúsatóftum. Í landi Haga eru einnig beitarhúsatóftir á selstæði en þar er seltóftin 387:024 óröskuð. Skiptist hún í fjögur hólf og er úr torfi og grjóti. Í landi Gíslaholts sjást tvær þústir og réttartóft í seli 380:007 ogí landi Stúfholts eru tvær signar tóftir 393:014 sem báðar virðast einfaldar. Umfangsmestu seltóftirnar á svæðinu voru skráðar í landi Marteinstungu en þar voru skráðar sjö tóftir 401:014 saman. Fjórar tóftanna eru á rústahólum sem gefur til kynna langa notkun húsanna.

Mógrafir, kolagrafir, torfrista og hellutak

Gera má ráð fyrir að mór hafi verið aðaleldsneytið á flestum jörðum á skráningarsvæðinu fram um aldamótin 1900. Þó að mógrafir teljist kannski ekki mjög athyglisverðar fornleifar í sjálfu sér er mikilvægt er að halda til haga upplýsingum um hvar mór var tekinn. Á skráningarsvæðinu voru skráðar 39 mógrafir og sáust ummerki grafanna á 21 stað. Mógrafir eru skráðar á 26 af þeim 40 jörðum sem skráðar voru á svæðinu. Mógrafir hafa væntanlega verið víðar þó að ekki hafi varðveist heimildir eða ummerki um þær. Engin kolagröf er skráð á svæðinu en í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1708 kemur fram að Árbær átti skógarítök í Næfurholtslandi.

Skráðir voru 16 torfristustaðir á skráningarsvæðinu. Ummerki um torfristu sáust á þremur stöðum 398:011, 398:012, 410:013 þar sem sjást púfnalaus og sléttlend svæði. Hellutak var skráð í Rauðalæk í landi Brekkna 412:044 en engin ummerki um það sáust á vettvangi.

Samgönguminjar

Mikill fjöldi leiða og samgöngumannvirkja voru skráð í Holtahreppi og Rangárvallaafrétti. Holtahreppur er fremur illur yfirferðar en hann er á milli Þjórsár og Rangár ytri og innan hans skiptast á þurr holt og blautar mýrar. Eftir neðanverðu svæðinu endilöngu rennur Rauðalækur. Alls voru skráðar 99 leiðir á svæðinu. Af þeim voru 22 leiðir sem liggja yfir fleiri en eina jörð. Aðrar leiðir lágu flestar innan jarða. Þar sem ummerki um leiðir sáust á vettvangi var algengast að sæist til gatna, oft margra saman, en einnig sáust sumstaðar upphlaðnir vegkaflar eða ruddir vegir. Víða liggja leiðir yfir ár og læki og voru alls skráð 63 vöð. Fimm brýr voru skráðar og sást til ummerkja um um mýrarbrýr á tveimur stöðum 404:005 og 413:024. Tvær ferjur voru skráðar, önnur þeirra á Þjórsá í landi Kaldárholts 390:055 og hin var á Markarfljót í Krók á Rangárvallaafrétti 663:007. Tveir áfangastaðir voru skráðir á svæðinu, 663:011 og 663:022, báðir á Rangárvallaafrétti. Átta náttstaðir voru skráðir og eru þeir einnig allir á Rangárvallaafrétti. Til undantekninga heyrir ef ummerki um áfangastaði eða náttstaði sjást á vettvangi og engin slík ummerki fundust í skráningunni. Þá voru skráð fjögur tjaldstæði og var eitt þeirra 367:009 við leið, Holtaveg hinn forna 671:010. Ekki eru heimildir um að hin tjaldstæðin 384:018, 399:021, 416:011 hafi verið við leiðir og er líklegt að tjaldað hafi verið á þeim þegar verið var við slátt á útengjum. Traðir flokkast sem samgönguminjar en þær vörnuðu ágangi ferðafólks á heimatúnin og beindu umferð til og frá bæ í markaðan farveg.

Alls voru skráðar 27 traðir og sáust leifar traða á níu stöðum. Stæðilegustu og heillegustu traðirnar var að finna á Syðri-Rauðalæk 411:042. Þar liggja traðirnar frá bæ til vesturs að Rauðalæk. Traðirnar eru 1-2 m á breidd innanmáls og um 110 m á lengd.

Minjar tengdar þjóðsögum og þjóðtrú

Fjölmargir minjastaðir voru skráðir á svæðinu sem tengdust þjóðtrú á einhvern hátt. Örnefni eða aðrar heimildir um Huldufólksbústaði voru skráðir á 19 stöðum. Ekki hafa varðveist sagnir um huldufólksbústaðina í öllum tilvikum. Heimildamaður í Gíslholti greindi frá því að afi sinn hefði sagt sér frá huldufólksbústað 380:017 sem er skammt frá bænum. Huldukona sem þar bjó bjargaði afanum frá drukknun. Heimildamaður í Hreiðri greindi frá því að amma sín hefði átt í samskiptum við huldufólk í Hreiðurs-Bjalla 384:008, hún hafi m.a. lánað huldukonu kaffi og fengið það ríflega til baka og mjög gott kaffi. Í Saurbæ er huldufólksbústaður í Kletti 386:013 og mátti ekki raska honum á neinn hátt. Fylgir sú sögn huldufólksbústaðnum að bóndi á bænum hafi tekið grjót úr Klettinum og notað til stíflugerðar í Saurbæjargili og var heilsuleysi sonar hans og ógæfa bóndans sjálf síðari ár hans tengt við þetta athæfi hans. Einnig eru frásagnir af því að núverandi heimasæta á bænum hafi séð huldudreng við Klettinn og viljað leika við hann. Þriðja sögnin er um mann sem sá ljós í Klettinum og missti húfuna sína í lækinn við Klettinn vegna þess hversu stíft hann horfði í ljósið. Álagablettir voru skráðir á þremur stöðum. Hey áttu ekki að hrekjast á Kaldólfskinn 398:019 þar sem meintur legstaður Kaldólfs, frumbyggja í Köldukinn, á að vera og svipaða sögu var að segja um Litlahól 367:058 í landi Arnkötlustaða. Á Fornufjósum átti líka að vera álög og þegar reynt var að fylla upp í og hylja leifar fjósins 392:008 styggðust kýrnar á bænum og urðu ekki samar fyrr en farið var að ráði manns sem lagði til að allt yrði fært í upprunalegt horf.

Sú þjóðsaga fylgir Skollalaut 671:008 að að þar hafi Kölski dregið viðardrögur á leiðinni frá fjalli til fjöru. Forn og allmerkileg leið liggur eftir Skollalaut. Svipuð örnefnaskýring fylgir Skollagróf 661:009 sem skráð er í Rangárvallahreppi en hún virðist vera náttúruleg gróf sem liggur eftir endilöngum Rangárvöllum. Mögulega hefur sögnin færst yfir á leið 671:008 vegna þess hve grófin sem myndaðist við umferð á leiðinni líktist Skollagróf 661:009.

Að lokum má nefna að frásögn um reimleika er skráð í Gömlu-Pulu 387:001 en þar eru skráðar umfangsmiklar minjar um miðaldabýli. Heimildum ber ekki saman um ástæður þess að bærinn fór í eyði en annars vegar eru nefndar náttúrulegar orsakir s.s. að hann hafi

farið í eyði í Svartadauða á15. öld eða í jarðskjálfta og hins vegar að orsakir eyðingarinar hafi verið þær að ekki hafi verið vært þar eftir að bærinn fór í eyði vegna reimleika. Ýmis óhöpp sem urðu við lagningu Hagabrautar í gegnum túnstæði Gömlu-Pulu eru rakin til reimleikanna. Önnur frásögn um draugagang var skráð á Þverlæk. Heimildamaður á bænum var að eigin sögn ásóttur í tvígang af draugi sem var í fjárhúsum 394:004. Hann fékk miðil til að koma sem taldi að þarna hefði orðið dauðsfall sem ekki hefði borið að með eðlilegum hætti. Miðillinn kom draugnum á rétta braut og ásóknin hætti eftir það.

Áveitur

Áveitumannvirki voru býsna algengi í Holtahreppi en þar voru skráð 21 áveita. Ummerki fundust um alla staðina nema tvo 385:011 og 393:009. Umfangsmestu áveitumannvirkin eru á Syðri-Rauðalæk 411:043 og eru þau líklega frá lokum 19. aldar eða byrjun 20. aldar. Þar sjást garðlög og skurðir auk tveggja gryfja þar sem vatni virðist hafa verið safnað til að veita áfram á svæði sem er um 660x600 m stórt. Áveitugarðar eru einnig á stóru svæði í landi Efri-Rauðalækjar 413:031. Þar sem sjást fimm garðar á svæði sem er 600x550 m að stærð. Á fjórum stöðum fundust einungis framræsluskurðir 394:005, 399:036, 407:028 og 411:017 en annarsstaðar eru áveitugarðar einn eða fleiri á misstórum svæðum. Stíflugarður 386:024 var gerður í Saurbæjargili en ummerki hans sjást ekki lengur. Hins vegar er áveitugarður skammt frá gilinu sem tengst hefur áveitunni. Á öllum stöðum þar sem sást til áveitumannvirkja má ætla að minjarnar séu ungar, frá 19. og 20. öld.

Fyrir utan stærstu minjaflokkana sem þegar hefur verið fjallað sérstaklega um eru margir aðrir minni minjaflokkar á svæðinu. Tafla 7 sýnir hlutverk og fjölda þeirra fornleifa sem fjallað er um í þessari skýrslu.

Tafla 7. Hlutverk skráðra minja

aftökustaður	2	bænhús	7	hlaða	4
akur	2	draugur	3	hrútakofi	2
áfangastaður	2	eldhús	1	huldufólksbústaður	19
áveita	21	eyktamark	5	hænsnakofi	3
bað	1	ferja	2	kálgarður	48
beitarhús	104	fjárhús	34	kirkja	3
brunnur	19	fjárskýli	27	kvíar	22
brú	5	fjós	16	lambhús	22
bústaður	49	göngugarður	1	landamerki	36
byrgi	1	hesthús	22	legstaður	9
býli	17	heystæði	3	leið	99

lending	1	Rista	16	útihús	127
manndómsraun	2	samgöngubót	6	útkirkja	1
mógrafir	39	sel	9	vað	63
mylla	1	skemma	2	varnargarður	2
naust	1	smalakofi	3	vatnsból	11
nautarétt	1	smiðja	1	vörslugarður	37
Nátthagi	11	stekkur	29	þingstaður	2
Náttstaður	8	sundlaug	3	þvottalaug	1
Óþekkt	124	sæluhús	6	þvottastaður	6
Óskilgreint	12	tjaldstæði	4	Alls	1246
Refagildra	1	traðir	27		
Rétt	32	túngarður	46		

Þær 1246 fornleifar sem fjallað er um í skýrslunni hafa 64 mismunandi hlutverk þar sem þau eru þekkt og er það til marks um mikla fjölbreytni fornleifa í Holtahreppi. Í allmörgum tilvikum reyndist ekki unnt að skera úr um hlutverk minjanna með vissu.

VII. Varðveisla og kynning minja á skráningarsvæðinu

Þær minjar sem skráðar voru í Holtahreppi og Rangárvallaafrétti reyndust í mjög mismunandi ástandi. Ástand fornleifa var metið á hverjum minjastað og skiptist það í sex mismunandi flokka:

a) Ekki sést til fornleifar. Rústin er horfin, byggt hefur verið á henni eða henni rutt burt.

b) Hleðslur signar. Hleðslur hrundar að því marki að lögun tófta er orðin ógreinileg og gjarnan hlaupnar í púfur. Hleðsluhæð 20-80 cm en getur verið hærri þar sem rústir eru afmyndaðar af stórþýfi.

c) Hleðslur standa grónar. Hleðslur byrjaðar að renna í sundur en standa enn að mestu leyti þannig að lögun og herbergjaskipun tófta er greinileg, gróið yfir grjót í veggjum og gólfi. Hleðsluhæð 80-150 cm.


d) Hleðslur standa. Þök hrunin en hleðslur standa enn þannig að greina má einstök umför af torfi/grjóti. Hleðsluhæð 150 cm +

e) Undir þaki. Húsið er enn undir þaki. Miðað er við að þakið sé allt uppistandandi.

f) Sést til fornleifar. Þar sem ekki er um eiginlega tóft að ræða en leifarnar sjást hinsvegar, t.d. mógrafir, áletranir og lendingar.


Skífurit 1 sýnir ástand þeirra minja sem voru skráðar voru sumurin 2010, 2011 og að hluta 2012.

Skífurit 1. Ástand fornleifa




Ekki sést til um 39% skráðra fornleifa á svæðinu en á öðrum stöðum fundust einhver ummerki um minjarnar. Þar sem ekki sást til fornleifa var metið hvaða ástæður lágu að baki því að minjarnar voru horfnar af yfirborði. Ekki reyndist alltaf unnt að segja til um það með vissu en flestar minjarnar virðast hafa horfið við túnasléttun eða um 37% af þeim stöðum þar sem minjaspjöll höfðu átt sér stað. Skífurit 2 sýnir flokkun minjaspjalla á þeim minjastöðum þar sem ekki sást til fornleifa á yfirborði.

Skífurit 2. Minjaspjöll




Hættumat var einnig unnið á vettvangi. Hættustigin eru þrjú eins og greint var frá í kafla III, engin hætta, hætta og stórhætta. Skífurit 3 sýnir hættumat á þeim fornleifum sem skráðar voru á svæðinu. Hættumat var gert á öllum þeim minjastöðum sem unnt var að staðsetja. Af þeim fornleifum sem hættumat var gert fyrir voru um 46% í hættu. Lágt hlutfall, eða 3% (39 fornleifar) töldust í stórhættu en engin hætta steðjar að 51% minjanna.

Skífurit 3. Hættumat fornleifa



Á skífuriti 4 má sjá hverjar hættuorsakirnar voru og hvert hlutfall þeirra er þar sem fornleifar voru metnar í hættu.


Skífurit 4. Hættuorsakir þar sem fornleifar eru í hættu



Langflestar fornleifar eru í hættu vegna ábúðar eða 79% þeirra. Allar minjar sem skráðar eru í heimatúnum eru metnar í hættu vegna ábúðar sem skýrir þetta háa hlutfall. Athygli vekur að mjög fáar fornleifar eru í hættu vegna uppblásturs, ólíkt því sem var raunin í Rangárvallahreppi, en þar hefur uppblástur haft gríðarlega mikil áhrif á byggðina og eytt mörgum minjastöðum.

Á skífuriti 5 má sjá hverjar hættuorsakirnar voru og hvert hlutfall þeirra er þar sem fornleifar voru metnar í stórhættu.

Skífurit 5. Hættuorsakir þar sem fornleifar eru í stórhættu



Langflestum minjunum sem eru í stórhættu stafar hætta af trjárækt eða 59% þeirra. Frístundabyggð færist í aukana í Holtahreppi og fylgifiskur hennar er oft trjárækt á sumarbústaðalóðum en einnig eru stórir skógræktarreitir í Holtahreppi, m.a. í Mykjunesi, í Ölversholti og Ölversholtshjáleigu svo dæmi séu tekin.

Um dreifingu minjastaða á skráningarsvæðinu gildir sú meginregla að flestar fornleifarnar eru í heimatúnunum, í og við bæi. Því fækkar fornleifum að jafnaði eftir því sem fjær dregur frá bæ. Á bæjum sem búið hefur verið á alla 20. öld hafa undantekningalítið átt sér stað gagngerar breytingar, ný íbúðarhús hafa verið byggð og útihús endurnýjuð eða byggð frá grunni. Sömuleiðis hafa tún verið sléttuð, skurðir grafnir, vegir heim að bæ lagfærðir o.s.frv. Það er því algengt að lítið sem ekkert lifi eftir af þeim fornleifum sem voru sýnilegar heim við

bæi í upphafi 20. aldar. Af þessum sökum er algengt að talsvert hlutfall fornminja á hverri jörð sé horfið af yfirborði. Ástand minja á skráningarsvæðinu var sæmilegt. Af þeim 1246 minjum í fornleifaskrá sem hægt var að staðsetja sáust einhver ummerki um 732 fornleifar eða 59%.

Allar minjar á skráningarsvæðinu njóta verndar samkvæmt þjóðminjalögum og eru því jafn hátt settar í lögunum. Hins vegar eru minjarnar eins misjafnar og þær eru margar. Sumir minjastaðanna kunna að vera frá fyrstu öldum byggðar á svæðinu en aðrir eru frá því um aldamótin 1900, sumar minjanna eru alveg horfnar á meðan aðrar standa enn undir þaki eða eru greinilegar rústir.

Fjöldi fornleifa er friðlýstur á svæðinu en auk þeirra leynast þar margir áhugaverðir en lítt þekktir minjastaðir og er hér vakin athygli á nokkrum þeirra. Hér á eftir fylgir umfjöllun um friðlýsta minjastaði sem og aðra minjastaði sem taldir eru hafa sérlega mikið varðveislu- og/eða rannsóknargildi eða henta vel til kynningar fyrir almenning.

Friðlýstar fornminjar:

Á skráningarsvæðinu eru 13 friðlýstir minjastaðir á tíu jörðum. Meirihluti þeirra eru manngerðir hellar, eða 10 staðir. Flestir af friðlýstu minjastöðunum virðast hafa sloppið við rask og er varðveisla þeirra allgóð en einn þeirra er illa farinn af uppblæstri 391:002 og vegagerð hefur raskað einum staðnum að hluta 397:001. Sumir hinna friðlýstu staða eru merktir með þar til gerðu skilti.

Tafla 8. Friðlýstar minjar á skráningarsvæðinu

Samtala	**Sérheiti**	**Tegund**	**Hlutverk**	**Ástand**	**Merktur með friðlýsingarstaur**
RA-385:008	Borg	tóft+garðlag	býli	hleðslur signar	Nei
RA-391:002	Kirkjuhóll	þúst	kirkja	hleðslur útflattar	Já
RA-395:012	Vakurstaðir	tóft+garðlag	býli	hleðslur signar	Nei
RA-397:001	Gamla-Pula	tóft+garðlag	bústaður	hleðslur signar	Nei
RA-407:005	Ærhellir	hellir	fjárhús	sést til	Nei
RA-407:006		hellir	fjárhús	sést til	Já
RA-409:005	Lambahellir	hellir	lambhús	sést til	Nei
RA-409:007	Fjárhellir	hellir	fjárhús	sést til	Nei
RA-409:018	Stekkatúnshellir	hellir	beitarhús/stekkur	hleðslur signar	Nei
RA-410:022	Hellishóll	hellir	fjárhús	sést til	Já
RA-412:004		hellir	fjárhús	sést til	Nei
RA-414:008		hellir	fjárhús	sést til	Já
RA-416:013	Árbæjarhellishellir	hellir	fjárhús/hlaða	sést til	Nei

Í landi Guttormshaga er einn friðlýstur minjastaður. *Borg 385:008* er býli sem var friðlýst árið 1927. Þar sést sporöskjulaga túngarður og innan hans eru fjórar tóftir og ein tóft er utan hans. Minjarnar eru fornlegar en svo virðist sem fjárborg eða fjárskýli hafi verið byggð ofan í stærstu tóftina eftir að býlið fór í eyði. Að öðru leyti eru minjarnar heillegar en þeim stafar hætta af jarðrækt.

Í landi Akbrautarholts er einn friðlýstur minjastaður. Á *Kirkjuhól 391:002* eru kirkja og kirkjugarður sem voru friðlýst árið 1927. Minjarnar eru að hverfa vegna uppblásturs á bökkum Þjórsár og stafar þeim stórhætta af áframhaldandi uppblæstri og rofi. Enn sést þúst þar sem kirkja eða bænhús var og stuðlabergsdrangar afmarka kirkjugarðinn. Mannabein hafa blásið þar upp, síðast í apríl 2013. Mjög brýnt er að gripið verði til viðeigandi ráðstafana til að hamla uppblæstri eða ellegar safna upplýsingum um staðinn með frekari skráningu og uppgreftri.

Í landi Skammbeinsstaða er einn friðlýstur minjastaður. *Vakurstaðir 395:012* er býli sem var friðlýst árið 1968. Þar sést túngarður með stórri áfastri tóft, bæjarhóll með stórri bæjartóft auk tveggja annarra tófta og tveggja þústa. Ekki er talið að minjarnar séu í yfirvofandi hættu.

Í landi Pulu er einn friðlýstur minjastaður. *Gamla-Pula 397:001* er býli sem var friðlýst árið 1927. Minjasvæðið er 500x500 m að stærð. Túngarður með áföstum akurgerðum afmarkar svæðið að mestu leyti og innan hans eru níu tóftir auk þess sem heimild er um að *bænhús 397:002* hafi verið á bænum og hljóta þær minjar einnig að vera friðlýstar.

Í landi Lýtingsstaða eru tveir friðlýstir minjastaðir. *Ærhellir 407:005* og *manngerður hellir 407:006* voru friðlýstir árið 1927. Ærhellir var notaður sem fjárhús fram til 1973. Austurhluti hellisins var grafinn út árið 2010 en hann hafði fallið saman. Forskáli hellisins er samanfallinn. Hellirinn er talinn vera í hættu vegna ábúðar. Hellir 006 er í Kambsheiði og var notaður sem beitarhús en hans er getið í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708[14]. Hann er heillegur þó að forskáli sé horfinn og auðvelt er að komast inn í hann. Hellirinn telst ekki vera í hættu.

Í landi Þjóðólfshaga eru þrír friðlýstir minjastaðir, *Lambahellir 409:005, Fjárhellir 409:007*

[14] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín I, 344

og Stekkatúnshellir 409:018 sem voru friðlýstir árið 1927. Hellarnir eru manngerðir og voru notaðir sem fjárhús og lambhús og sá þriðji var mögulega notaður sem stekkur. Lambahellir er samfallinn og af honum sést aðeins dæld á yfirborði sem gefur staðsetningu hans til kynna. Hann er í gamla heimatúninu og er talinn vera í hættu vegna ábúðar. Heillegur forskáli er framan við Fjárhelli og er hellirinn sjálfur í nokkuð góðu ástandi. Hann er einnig í gamla heimatúninu og er talinn vera í hættu vegna ábúðar. Stekkatúnshellir er um 400 m sunnan við bæ. Hann er samfallinn að hluta en hann skiptist í tvö hólf og er meint stekkjartóft sambyggð honum. Hellirinn er í stórhættu vegna trjáræktar en allt í kringum hellinn vaxa stórar aspir.

Í landi Meiri-Tungu er einn friðlýstur minjastaður. Í *Hellishól 410:022 eru tveir samtengdir hellar* sem voru friðlýstir árið 1927. *Hellir 022* var notaður sem fjárhús langt fram eftir 20. öld. Hann er samfallinn og forskáli hans er hruninn. Hellirinn er í gamla heimatúninu og telst vera í hættu vegna ábúðar.

Í landi Brekkna er einn friðlýstur minjastaður *manngerður hellir 412:004* sem var friðlýstur árið 1927. Um er að ræða tvo samtengda hella sem skráðir eru undir einu númeri. Hellisins er getið í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1708.[15] Hellirinn var notaður sem fjárhús langt fram eftir 20. öld. Tveir hellismunnar eru á hellinum og eru forskálar þeirra beggja hrundir og því erfitt að komast inn í þá. Framan við syðri munnann eru tóftir af hlöðu og hrútakofa. Minjarnar teljast ekki í hættu.

Í landi Litlu-Tungu er einn friðlýstur minjastaður, *manngerður hellir 414:008* sem var friðlýstur árið 1927. Hellisins er getið í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1708.[16] Hellirinn var notaður sem fjárhús fram undir lok 20. aldar. Strompur í honum hrundi í Suðurslandsskjálftanum árið 2000 en að öðru leyti er hann heillegur. Ekki er forskáli fyrir honum og er hann því opinn fyrir veðrum og vindum. Hellirinn er talinn vera í hættu vegna ábúðar.

Í landi Árbæjarhellis er einn friðlýstur minjastaður, *Árbæjar(hellis)hellir 416:013*, sem var friðlýstur árið 1927. Hellirinn var notaður sem fjárhús og hlaða. Aldur hellisins er ekki þekktur en hann er talinn allforn. Til þess bendir fornlegt letur og rúnir sem ristar hafa verið í veggina. Krossaþrenning er höggvin í bergið á vegg sem blasir við þegar gengið er niður

[15] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín I, 341
[16] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín I, 340

steinþrepin ofan í hellinn. Krossarnir eru taldir tákn um krossa Krists og ræningjanna á Golgata. Forskáli hellisins hrundi í Suðurslandsskjálftanum árið 2000 en var endurbyggður af myndarbrag árið 2003. Hellirinn er opinn og ekki talinn vera í hættu.

Auk þeirra friðlýstu minjastaða sem hér hefur verið fjallað um eru margir aðrir mjög athyglisverðir minjastaðir á skráningarsvæðinu sem hafa mikið kynningar-, varðveislu og rannsóknargildi og verða hér nefndir þeir helstu.

1) **Kambsrétt** er skráð á þremur jörðum á svæðinu. Samkvæmt sögn um réttina er elsta réttin í landi Kambs 381:006, þaðan var hún færð í land Hreiðurs á Kambsheiði 384:019 og að lokum var hún flutt að Lýtingsstöðum 407:004. Réttirnar þrjár gefa einstakt tækifæri til að rannsaka þróun og gerð skilarétta á Íslandi. Eins er flutningurinn sjálfur mjög áhugaverður og þær ástæður sem hafa raunverulega legið að baki honum. Engar leifar elstu réttarinar í landi Kambs sáust á jörðu niðri á vettvangi hins vegar sást móta fyrir tóftum undir sverði á loftmynd. Réttin í landi Hreiðurs sést vel en hún er þó sigin og gróin. Þar er réttin með almenningi og 22 minni hólfum eða dilkum. Réttin í landi Lýtingsstaða er grjóthlaðin og stendur hún enn. Hún er hringlaga og er almenningur í miðju og 17 dilkar eins og geislar út frá honum. Minjarnar hafa mikið rannsóknar-, varðveislu- og kynningargildi.
2) **Akbrautarholt, bæjarhóll og meint smiðja**. Í Akbrautarholti er friðlýstur kirkjugarður og kirkja eins og þegar hefur verið nefnt en ekki eru aðrar rústir í túninu friðlýstar. Skammt frá er bæjarhóll elsta þekkta bæjarstæðisins í Akbrautarholti 391:001. Þar sjást garðlög, undirstöður húsa og vísbendingar um smiðju. Minjarnar eru í stórhættu vegna uppblásturs og gríðarlega mikilvægt er að rannsókn fari fram á minjastaðnum áður en hann hverfur að öllu.
3) **Minjaheild á Syðri-Rauðalæk**. Á Syðri-Rauðalæk er skemmtileg minjaheild í gamla heimatúninu þar sem enn er að finna mjög heillegar traðir 411:042 , tvö hesthús 411:004, 411:005, kálgarðsleifar (sjá 411:009) og leifar af tveimur fjósum 411:009, 411:003. Minjarnar hafa mikið kynningar- og varðveislugildi.
4) **Vilborgarhóll 414:010**. Í landi Litlu-Tungu eru fornlegar minjar sem líklegt er að sé af litlu býli. Á staðnum var skráð ein stór þrískipt tóft auk þriggja annarra minni. Í einni af minni tóftunum virðist hafa verið hlaðin fjárborg löngu eftir að býlið fór í eyði. Minjarnar hafa mikið varðveislu- og rannsóknargildi og geta hjálpað við að varpa frekara ljósi á þróun og drefingu byggðar á svæðinu.

5) **Kot 387:010 í landi Haga**. Í landi Haga er falleg minjaheild í hjáleigunni Koti. Ekki er vitað hvenær býlið var í byggð en af minjunum að dæma fór það í eyði á 19. öld. Þar er túngarður sem afmarkar túnið og innan þess eru fimm tóftir og þústir auk kálgarða.
6) **Beitarhús í Brekkum 412:029**. Minjarnar eru gott dæmi um beitarhús í Holtahreppi sem eru gríðarlega algeng á svæðinu. Innan torfhlaðins gerðis er stór beitarhúsatóft sem skiptist í fimm hólf. Minjarnar hafa mikið kynningar- og varðveislugildi.
7) **Seljatóftir í Marteinstungu 401:014**. Minjasvæðið er mjög fallega staðsett og þar er fjölmargar tóftir saman. Minjarnar eru það umfangsmiklar að ætla má að lengi hafi verið haft í seli á þessum stað og ekki útilokað að föst búseta hafi einnig verið þar á einhverjum tímapunkti. Minjarnar hafa mikið kynningar-, varðveislu og rannsóknargildi en þetta eru hvað umfangsmestu og heillegustu seljatóftirnar á skráningarsvæðinu og þótt víðar væri leitað.
8) **Minjar um Forna-Hreiður 384:001**. Ekki er vitað af hverju eða hvenær bærinn í Heiðri var fluttur en í Forna-Hreiðri sést enn bæjarhóll og hægt er að greina hólf í bæjartóftinni. Minjarnar hafa mikið varðveislu- og rannsóknargildi, ekki síst í sambandi við rannsóknir á þróun byggðar á svæðinu.
9) **Forn leið leið 671:008**. Upp með Rangá ytri er löng, fornleg leið sem liggur yfir margar jarðir en heimildir virðast þegja um. Leiðin var skoðuð í landi Árbæjarhellis og Árbæjar. Í landi Árbæjarhellis heitir leiðin Skollalautir, 2-5 m breið renna sem er 0,3-1,5 m á dýpt. Skollalautum fylgir svipuð sögn og Skollagróf 661:009 sem skráð var á Rangárvöllum. Þær eiga að hafa myndast við það að kölski dró viðardrögur frá fjalli til fjöru. Leiða má líkum að því að leiðin sé að stofni til frá því að viður var sóttur í Næfurholtsskóga t.d. fyrir Þykkvabæ og Árbæ svo dæmi séu tekin en leiðin liggur upp með Rangá ytri í átt að Næfurholti. Leiðin hefur afar mikið gildi fyrir rannsóknir á samgönguleiðum á svæðinu og skógarhöggi auk þess sem það er rannsóknarefni út af fyrir sig hvernig sögn sem virðist eiga uppruna sinn á einu fyrirbæri færist yfir á annað og hvort í öllum sögnunum leynist sannleikskorn um tilurð þessara grófa.
10) **Kvíatóft í landi Marteinstungu 401:020**. Sjaldgæft er að kvíatóftir varðveitist vegna þess hversu nálægt túnum þær eru oftast. Í Marteinstungu er heilleg kvíatóft sem hefur mikið kynningar- og varðveislugildi.

Heimildaskrá

ÁFÍ 1966: Dr. Haraldur Matthíasson. 1966. „Rangárvallasýsla vestan Markafljóts“. *Árbók Ferðafélags Íslands 1966*.

ÁFÍ 1976: Árni Böðvarsson. 1976. „Fjallabaksleið syðri“. *Árbók Ferðafélags Íslands 1976*.

ÁG: Friðlýsingarskrá: *Skrá um friðlýstar fornleifar*. 1990. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Fornleifanefnd – Þjóðminjasafn Íslands, Reykjavík.

BFE: Fornleifaskráning við Þjórsá_Núpsvirkjun: Bjarni F. Einarsson. 2002. *Fornleifasrkáning við Þjórsá vegna mats á umhverfisáhrifum. Núpsvirkjun*. Fornleifafræðistofan og Landsvirkjun, Reykjavík.

BFE: Fornleifaskráning við Þjórsá_Urriðafossvirkjun: Bjarni F. Einarsson. 2002. *Fornleifaskráning við Þjórsá vegna mats á umhverfisáhrifum Urriðafossvirkjunar*. Fornleifafræðistofan og Landsvirkjun, Reykjavík.

BJ: Árbók 1898: Brynjúlfur Jónsson. „Skrá yfir eyðibýli í Landsveit, Rangárvallasveit og Holtasveit í Rangárvallasýslu“. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1898*: 1-28.

DI=ÍF: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn* I-XVI. 1857-1972. Hið íslenzka bókmenntafélag, Kaupmannahöfn og Reykjavík.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2004. *Fornleifaskráning í Ölversholti*. Fornleifastofnun Íslands.

FF: *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823* I-II. 1983. Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar, Reykjavík.

G.E.E.: Guðlaugur E. Einarsson. 1940-1943. „Holtavegur hinn forni“. *Blanda VII*: 319-324.

GIH: Guðjón Ingi Hauksson. 1983. „Þjóðleiðir og vegaframkvæmdir frá Sandhólaferju að Ytri-Rangá í Holtamannhreppi hinum forna“. *Saga XXI*: 131-161.

GJ: Árbók 1963: Guðjón Jónsson. „Kambsrétt“. *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1863*: 100-105.

GR I: *Göngur og réttir. Skaftafells- og Rangárvallasýsla* I. 1983. Önnur prentun aukin og endurbætt. Bragi Sigurjónsson bjó til prentunar. Bókaútgáfan Skjaldborg, Akureyri.

HB: Sumar: Hjörtur Björnsson. 1943. *Sumar á fjöllum*. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.

HH: Þykkskinna I: Helgi Hannesson. 2003. *Þykkskinna*. Sunnlenskar sögur og þættir. Sunnlenska bókaútgáfan, Selfossi.

HH: Þykkskinna II: Helgi Hannesson. 2005. *Þykkskinna hin síðari*. Sunnlenskar sögur og þættir II. Sunnlenska bókaútgáfan, Selfossi.

Holtamannabók I: Valgeir Sigurðsson. 2006. *Holtamannabók I. Holtahreppur*. Rangárþing ytra, Hellu.

HÞ: Hannes Þorsteinsson. 1923. „Rannsókn og leiðrjettingar á nokkrum bæjanöfnum á Íslandi“. *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1923*: 1-96.

ÍF I: *Íslenzk fornrit I. Íslendingabók og Landnáma*. 1986. Hið íslenzka fornritafélag, Reykjavík.

JÁM: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns I. Vestmanneyja- og Rangárvallasýsla.* 1913-1917. Kaupmannahöfn.

JJ: Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi.* Gefið út af J. Johnsen, Kaupmannahöfn.

KEKH: Kristján Eldjárn. 2000. *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi.* 2. útg. Adolf Friðriksson (ritstj.). Mál og menning, Reykjavík.

Lýður Björnsson. 1979. *Saga sveitarstjórnar á Íslandi* II. Almenna Bókafélagið, Reykjavík.

Manngerðir hellar: Árni Hjartarson, Guðmundur J. Guðmundsson og Hallgerður Gísladóttir. 1991. *Manngerðir hellar á Íslandi.* Menningarsjóður, Reykjavík.

MÞ: Árbók 1930-1931: Matthías Þórðarson. „Manngerðir hellar í Árnessýslu og Rangárvallasýslu“. *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1930-1931*: 1-76.

PP: Sveinn Níelsson. 1869. *Prestatal og prófasta á Íslandi*. 2. útgáfa. Hið íslenzka bókmenntafélag, Reykjavík.

PS: Páll Sigurðsson, 1886. „Um forn örnefni, goðorðaskipun og fornmenjar í Rángárþíngi“. *Safn til sögu Íslands II*: 498-557.

SB V: *Sunnlenskar byggðir. V Rangárþing vestan Eystri-Rangár.* 1987. Búnaðarsamband Suðurlands, [Selfoss].

Skýrsla FÍ I: *Skýrsla um Forngripasafn Íslands í Reykjavík* I, *1863-1866.* 1868. Hið íslenzka bókmenntafélag, Kaupmannahöfn.

Skýrsla FÍ II: *Skýrsla um Forngripasafn Íslands í Reykjavík* II, *1867-1870*. 1874. Hið íslenzka bókmenntafélag, Kaupmannahöfn.

SSR: *Sýslu og sóknalýsingar Hins íslenzka bókmenntafélags 1839-1845, 1856 og 1872-1873. Rangárvallasýsla.* 1968. Rangæingafélagið í Reykjavík, Reykjavík.

Sædís Gunnarsdóttir. 2000. *Menningarminjar í Rangárvallasýslu. Greinagerð um svæðisskráningu*. Fornleifastofnun Íslands.

Stafræn gögn:

Loftmyndir frá Loftmyndum ehf.

Herforingjaráðskort: Landmælingar Íslands. 2003. *Íslandskort* 1:100 000.

Óprentaðar heimildir:

Adolf Friðriksson, munnleg heimild.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir, munnleg heimild.

IE-Örnefnauppdráttur, Akbrautarholt: Ingólfur Einarsson. 1977-84. Örnefnauppdráttur af Akbrautarholti. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

IE-Örnefnauppdráttur, Arnkötlustaðir: Ingólfur Einarsson. 1975-85. Örnefnauppdráttur af Arnkötlustöðum. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

IE-Örnefnauppdráttur, Árbær, Árbæjarhellir, Árbæjarhjáleiga, Heiðarbrún: Ingólfur Einarsson. 1974-80. Örnefnauppdráttur af Árbæ, Árbæjarhelli, Árbæjarhjáleigu, Heiðarbrún. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

IE-Örnefnauppdráttur, Brekkur: Ingólfur Einarsson. 1971-74. Örnefnauppdráttur af Brekkum. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

IE-Örnefnauppdráttur, Efri-Rauðalækur: Ingólfur Einarsson. 1974-76. Örnefnauppdráttur af Efri-Rauðalæk. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

IE-Örnefnauppdráttur, Gíslholt og Kambur: Ingólfur Einarsson. 1978-79. Örnefnauppdráttur af Gíslholti og Kambi. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

IE-Örnefnauppdráttur, Guttormshagi: Ingólfur Einarsson. 1977-78. Örnefnauppdráttur af Guttormshaga. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

IE-Örnefnauppdráttur, Heysholt: Ingólfur Einarsson. 1968. Örnefnauppdráttur af Heysholti. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

IE-Örnefnauppdráttur, Hreiður: Ingólfur Einarsson. 1975-79. Örnefnauppdráttur af Hreiðri. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

IE-Örnefnauppdráttur, Kaldakinn: Ingólfur Einarsson. 1974-84. Örnefnauppdráttur af Köldukinn. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

IE-Örnefnauppdráttur, Kaldárholti: Ingólfur Einarsson. 1978-94. Örnefnauppdráttur af Kaldárholti. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

IE-Örnefnauppdráttur, Kvíarholt: Ingólfur Einarsson. 1979-92. Örnefnauppdráttur af Kvíarholti. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

IE-Örnefnauppdráttur, Litlatunga: Ingólfur Einarsson. 1974-79. Örnefnauppdráttur af Litlutungu. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

IE-Örnefnauppdráttur, Lýtingsstaðir: Ingólfur Einarsson. 1976. Örnefnauppdráttur af Lýtingsstöðum. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

IE-Örnefnauppdráttur, Lækur: Ingólfur Einarsson. 1977-81. Örnefnauppdráttur af Læk. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

IE-Örnefnauppdráttur, Marteinstunga, Bjálmholt, Gata, Hallstún : Ingólfur Einarsson. 1975-85. Örnefnauppdráttur af Marteinstungu, Bjálmholti, Götu, Hallstúni. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

IE-Örnefnauppdráttur, Meiritunga: Ingólfur Einarsson. 1975-77. Örnefnauppdráttur af Meiritungu. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

IE-Örnefnauppdráttur, Mykjunes: Ingólfur Einarsson. 1975. Örnefnauppdráttur af Mykjunesi. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

IE-Örnefnauppdráttur, Nefsholt: Ingólfur Einarsson. 1974-75. Örnefnauppdráttur af Nefsholti. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

IE-Örnefnauppdráttur, Pula: Ingólfur Einarsson. 1975-77. Örnefnauppdráttur af Pulu. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

IE-Örnefnauppdráttur, Saurbær: Ingólfur Einarsson. 1977-78. Örnefnauppdráttur af Saurbæ. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

IE-Örnefnauppdráttur, Skammbeinsstaðir: Ingólfur Einarsson. 1977-78. Örnefnauppdráttur af Skammbeinsstöðum. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

IE-Örnefnauppdráttur, Stúfholt: Ingólfur Einarsson. 1977-78. Örnefnauppdráttur af Stúfholti. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

IE-Örnefnauppdráttur, Syðri-Rauðalækur: Ingólfur Einarsson. 1975-79. Örnefnauppdráttur af Syðri-Rauðalæk. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

IE-Örnefnauppdráttur, Þjóðólfshagi: Ingólfur Einarsson. 1975-78. Örnefnauppdráttur af Þjóðólfshaga. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

IE-Örnefnauppdráttur, Þverlækur: Ingólfur Einarsson. 1978-79. Örnefnauppdráttur af Þverlæk. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

IE-Örnefnauppdráttur, Ölversholt og Ölversholtshjáleiga: Ingólfur Einarsson. 1974-84. Örnefnauppdráttur af Ölversholti og Ölversholtshjáleigu. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Landamerkjalýsing Pulu. Ljósrit af útskrift úr Landamerkjabók Rangárvallasýslu í vörslu Örnefnasafns Stofnunar Árna Magnússonar í íslensku fræðum.

Landamerkjalýsing Ölversholts. Ljósrit í vörslu Örnefnasafns Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ljósmynd af bænum í Kaldárholti í einkaeigu ábúanda, Guðrúnar Laufeyjar Magnúsdóttur.

Minnisblað Einars Olgeirssonar í Nefsholti.

Pálmar Guðjónsson. Örnefnauppdráttur af Syðri-Rauðalæk. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Túnakort: Túnakort Holta- og Landmannahrepps 1917. Þjóðskjalasafn Íslands.

ÞO: Laufaleitir, Rangárvallaafréttur, Fjallabaksleið syðri. Örnefni og leiðir. Þorsteinn Oddsson frá Heiði skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Akbraut. Björn Þorsteinsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Arnkötlustaðir. Björn Þorsteinsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Árbær og Árbæjarhjáleiga: Bergsteinn Kristjánsson skráði. Björn Þorsteinsson skráði inngang. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Bjálmholt: Bergsteinn Kristjánsson skráði. Björn Þorsteinsson skráði inngang. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Brekkur: Halldór Teitsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Efri-Rauðalækur BK: Bergsteinn Kristjánsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Efri-Rauðalækur: Ingólfur Einarsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Gata: Bergsteinn Kristjánsson skráði. Björn Þorsteinsson skráði inngang. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Gíslholt. Bergsteinn Kristjánsson skráði. Björn Þorsteinsson skráði inngang. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Guttormshagi: Bergsteinn Kristjánsson skráði. Björn Þorsteinsson skráði inngang. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Hagi. Bergsteinn Kristjánsson skráði. Björn Þorsteinsson skráði inngang. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Hallstún: Bergsteinn Kristjánssons skráði. Björn Þorsteinsson skráði inngang. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Heysholt, viðb.: Ingólfur Einarsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Heysholt: Svanur Pálsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Hreiður. Skrásetjari ókunnur. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Hvammur: Bergsteinn Kristjánsson skráði. Björn Þorsteinsson skráði inngang. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Kaldakinn IE: Ingólfur Einarsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Kaldakinn: Guðsteinn Þorsteinsson skráði. Björn Þorsteinsson skráði inngang. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Kaldárholt. Bersteinn Kristjánsson skráði. Björn Þorsteinsson skráði inngang. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Kambur. Árni Guðmundsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Kvíarholt. Jón í Lækjarbotnum skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Laufaleitir: Helga Skúladóttir skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Litlatunga BK: Bergsteinn Kristjánsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Litlatunga: Ingólfur Einarsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ölversholt (samantekt): Magnús K. Sigurjónsson. 2003. Ölversholt. Greinargerð um jörðina Ölversholt í Rangárþingi ytra.

Ö-Lýtingsstaðir, aths. og viðb.: Jónína Hafsteinsdóttir skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Lýtingsstaðir: Jónína Hafsteinsdóttir skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Lækur. Bergsteinn Kristjánsson skráði. Björn Þorsteinsson skráði inngang. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Marteinstunga: Kristján Gunnarsson skráði. Björn Þorsteinsson skráði inngang. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Meiritunga: Bergsteinn Kristjánsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Mykjunes BK: Bergsteinn Kristjánsson skráði. Björn Þorsteinsson skráði inngang. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Mykjunes: Ingólfur Einarsson skáði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Nefsholt: Ingólfur Einarsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Pula: Ingólfur Einarsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Raftholt. Bergsteinn Kristjánsson skráði. Björn Þorsteinsson skráði inngang. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Saurbær. Ingólfur Einarsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Skammbeinsstaðir. Bergsteinn Kristjánsson skráði. Björn Þorsteinsson skráði inngang. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Skammbeinsstaðir: Bergsteinn Kristjánsson skráði. Björn Þorsteinsson skráði inngang. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Stúfholt. Bergsteinn Kristjánsson skráði. Björn Þorsteinsson skráði inngang. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Syðri-Rauðalækur: Bergsteinn Kristjánsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Þjóðólfshagi: Bergsteinn Kristjánsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Þverlækur. Björn Þorsteinsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Ölversholt og Ölversholtshjáleiga BK: Bergsteinn Kristjánsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Ölversholt og Ölversholtshjáleiga: Bergsteinn Kristjánsson skráði. Björn Þorsteinsson skráði inngang. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Heimildamenn í stafrófsröð:

Andrés Eyjólfsson (f. 15.1.1942) - Lækur

Auður Karlsdóttir (f. 05.11. 1938) - Skammbeinsstaðir

Bogi Thorarensen (f. 18.05. 1947) - Laufaleitir

Daníel Magnússon (f. 13.03. 1953) - Akbrautarholt

Eiríkur Benjamínsson (f. 24.04. 1946) - Ölversholt
Elías Pálsson (f. 22.02. 1950) - Saurbær
Filippus Björgvinsson (f. 16.10. 1931) - Ölversholtshjáleiga
Guðmundur M. J. Björnsson (f. 03.05. 1937) - Heysholt
Guðni Guðmundsson (19.12.1933) - Þverlækur
Guðný Finna Benediktsdóttir (f. 03.05. 1934) - Nefsholt
Guðrún Kjartansdóttir (f. 15.06.1952) - Stúfholt
Guðrún Laufey Magnúsdóttir (f. 19.06. 1945) - Kaldárholt
Gunnar Guttormsson (f. 29.04. 1960) - Marteinstunga
Gunnar Harðarson (f. 15,09. 1954) - Ölversholt
Hannes Birgir Hannesson, (f. 15.08. 1960) - Arnkötlustaðir
Hjalti Sigurjónsson (f. 29.04. 1931) - Raftholt
Höskuldur Kjartansson (f. 28.09.1958) - Stúfholt
Jóna Heiðbjört Valdimarsdóttir (f. 11.10. 1943) - Hreiður
Jóna Steinunn Sveinsdóttir (f. 27.02. 1944) - Meiri-Tunga
Jóna Veiga Benediktsdóttir (f. 03.05. 1934) - Kvíarholt
Katrín Samúelsdóttir (f. 07.02. 1950) - Pula
Kristinn Guðnason (f. 06.12. 1950) - Árbæjarhjáleiga
Lóa Jónsdóttir (f. 25.04. 1932) - Árbær, Árbæjarhjáleiga
Magnús Reynir Ástþórsson (f. 03.11. 1956) Bjálmholt
Magnús Reynisson (f. 02.06. 1962) - Bjálmholt
Margrét Eggertsdóttir (f. 04.08. 1953) - Kaldakinn
Olgeir Engilbertsson (f. 01.07. 1936) - Nefsholt
Ólafur Helgason (f. 27.03. 1946) - Pula
Ólafur Pálsson fæddur (28.06. 1953) - Saurbær
Ólafur Sigfússon, (f. 20.05.1938) Lækur og Ketilsstaðir
Ólafur Þorsteinsson (f. 03.12. 1946) - Guttormshagi
Ragnheiður Jónasdóttir (f. 05.10. 1957) - Brekkur
Runólfur Haraldsson (f. 26.10. 1941) - Syðri-Rauðalækur
Salvör Hannesdóttir (f. 20.11. 1936) - Arnkötlustaðir
Sigrún Haraldsdóttir (f. 02.09. 1939) - Lýtingsstaðir, Efri-Rauðalækur
Sigrún Ingólfsdóttir (f. 11.10. 1938) - Gata
Sigurbjörg Elimarsdóttir (f. 21.01. 1957) - Hvammur
Sigurgeir Ingimundarson (f. 12.06.1924) - Stúfholt

Stefán Þ. Sigurðsson (f. 01.07. 1971) - Þjóðólfshagi
Stella Björk Georgsdóttir (f. 08.05. 1937) - Hallstún
Sverrir Kristinsson (f. 16.09. 1962) - Gíslholt
Valtýr Valtýsson (f. 22.10. 1960) - Meiri-Tunga
Vilhjálmur Þórarinsson (f. 19.112. 1950) - Litla-Tunga
Þórdís Ingólfsdóttir (f. 17.03. 1952) - Kambur

Viðauki 1: Hnitaskrár á ISN93

Samtala	Austur	Norður
367001A	424625.58	372811.16
367001B	424629.72	372799.92
367002	424661.08	372842.91
367003	424595.2	372715.3
367004	424579.82	372658.3
367005	424576.66	372826.74
367006	424602.3	372844.3
367007A	425737.19	372700.51
367007B	425699.32	372630.89
367008	425469.15	372605.84
367009	425381.97	372616.49
367010	424893.03	373290.64
367011	424565.02	372608.99
367012	424538	372254.36
367013	424176.87	372797.75
367014A	424477.85	372199.73
367014B	424424.59	372138.98
367014C	424410.98	372123.01
367014D	424389.68	372099.14
367014E	424123.41	371842.73
367014F	424114.14	371840.17
367014G	424105.47	371838.99
367014H	424096.2	371837.41
367014I	424087.72	371836.42
367014J	424068.39	371832.48
367014K	424059.51	371831.1
367014L	424040.77	371829.91
367015A	423998.57	372980.78
367015B	423999.75	373011.75
367016A	423941.56	373217.27
367016B	423947.28	373235.81
367017	424483.76	372922.99
367018A	424211.78	372892.22
367018B	424143.73	372946.46
367019	424113.95	373116.68
367020A	424154.38	373318.65
367020B	424207.44	373328.9
367021	424647.86	372310.97
367022	425739.76	372762.64
367023	425461.66	372740.35
367024	424978.43	372843.51
367025	424781	372725.16
367026	424720.84	372654.95
367027	424636.42	372448.44
367028	424602.1	372290.06
367029	424565.81	372246.28
367030	424495.99	372188.69
367031	424091.46	371783.17
367032	423620.47	371658.12
367033	424812.55	373587.28
367034	425002.3	373125.36
367035	424943.91	373045.67
367036	424908.02	372899.72
367037	424841.35	372877.04
367038	424796.18	372870.13
367039	424455.95	372587.49
367040	424672.52	372892.22
367041	424676.86	372895.38
367042	424523.61	372551.2
367043	424921.03	373110.56
367044	424610.59	372724.77
367045	424563.25	372788.48
367046	424534.45	372786.7
367047	424543.33	372736.21
367048	424546.68	372741.73
367049	424617.29	372904.25
367050	424622.22	373060.86
367051	424616.5	373047.84
367052A	424388.7	372953.96
367052B	424150.83	373117.07
367053	424607.63	372841.73
367054A	425511.16	372547.06
367054B	425490.26	372539.96
367054C	425474.87	372542.92
367055	424903.48	373305.63
367056A	424532.28	373553.75
367056B	424544.91	373555.72
367056C	424522.03	373551.19
367056D	424743.52	373646.85
367056E	423656.95	373097.55
367057A	423904.48	372946.07
367057B	423880.03	372941.73
367058	424600.92	373066.78
367059	424655.75	372846.46
367060	424544.71	372717.87

367061	424028.94	373236.6
367062	424083.57	373242.12
367063	423871.94	373216.48
367064	424595.79	372710.37
367065	424636.23	372594.2
367066	424589.28	372834.83
367067	424640.17	372807.61
367068	424670.35	372835.62
380001	426353.36	383501.51
380002	426426.93	383592.83
380003	426492.01	383599.33
380004	426290.04	383683.75
380005	427838.14	386497.31
380006A	426332.65	383627.14
380006B	426325.74	383637.6
380006C	426316.47	383636.81
380006D	426331.46	383644.5
380006E	426331.46	383651.8
380007A	427196.73	385811.33
380007B	427174.05	385747.82
380007C	427176.62	385754.13
380007D	427185.49	385743.68
380007E	427185.49	385747.42
380007F	427176.81	385743.08
380008A	427167.35	385336.19
380008B	427160.25	385319.03
380008C	427142.3	385286.68
380009	426993.58	384866.77
380010	426777.02	383814.32
380011	426250.2	382726.57
380012A	426710.75	385991.21
380012B	426700.29	385995.54
380012C	426722.19	385989.04
380012D	426732.44	385994.36
380013	427293.38	387117.02
380014	427560.83	385409.95
380015	426113.52	383836.21
380016A	427229.48	385336.78
380016B	426607.79	383623.99
380017	426327.72	383573.69
380018A	426521.8	383535.82
380018B	426338.37	383657.52
380018Ci	426517.65	383505.84
380018Cii	426507.4	383604.86
380019	426171.51	383454.96
380020	427018.04	384711.54
380021	426350.2	383664.42
380022A	426833.62	384961.24
380022B	426813.31	384929.69
380022C	426816.86	384919.23
380022D	426815.28	384902.66
380022E	426753.74	384865.58
380022F	426813.11	384997.73
380023A	426335.8	383599.14
380023B	426341.32	383603.08
380024	426312.73	383583.36
380025	426381.76	383594.6
380026	426209.77	383653.77
380027A	426446.06	382924.99
380027B	426412.92	382908.62
380027C	426042.51	382733.47
380028	426221.6	383342.14
380029	426353.36	383487.11
381001	425392.03	384165.4
381002	425447.06	384168.16
381003	425437.99	384183.35
381004	425491.83	384207.02
381005	425499.72	384221.41
381006	424648.46	383502.1
381007	425332.47	384514.7
381008	424931.09	384539.36
381009A	425699.72	384116.68
381009B	425761.06	384122.2
381010	425861.45	384298.93
381011	425392.03	384155.34
381012	425342.33	385324.16
381013A	424961.66	383309.99
381013B	425155.74	383256.93
381014	426179.59	386566.74
381015	425567.18	384161.26
381016	425256.93	384446.26
381017	425321.82	384533.24
381018	425935.61	385270.11
381019	425923.38	385095.17
381020	426161.45	386279.56
381021	425548.04	384163.43
381022	425608.4	384400.7
381023A	425281.19	384169.15
381023B	425273.3	384176.84
381024	425360.08	384148.44
381025	424603.29	383543.32
382001	427570.69	381915.34

382002	427607.38	381960.7
382003	427613.29	381956.76
382004	427562.41	381913.17
382005A	427408.96	382767.59
382005B	427462.41	382833.27
382005C	427382.14	382732.68
382005D	427362.41	382707.63
382005E	427254.52	382572.13
382005F	427237.76	382547.87
382005G	427237.56	382517.1
382005H	427148.61	382344.52
382005I	427020.6	382209.81
382006	427660.24	381900.55
382007	427453.73	381958.53
382008	426893.19	381719.29
382009A	428381.92	382608.62
382009B	428410.72	382632.68
382009C	428414.27	382591.46
382010A	427431.64	381719.29
382010B	427366.55	381908.04
382010C	427363.99	382041.37
382011	426648.62	382042.95
382012	427759.84	382186.54
382013	427835.18	382349.65
382014A	426563.02	382118.89
382014B	426648.22	382264.45
382014C	426700.1	382354.39
382014D	426713.9	382376.28
382014E	426246.65	381583.98
382014F	426152.57	381422.05
382014G	426193.99	381405.09
382014I	426337.38	381345.92
382014J	426339.94	381346.51
382014K	426843.88	381145.14
382014L	426946.84	381109.83
382014M	426944.47	382796
382014N	426951.97	382802.31
382014O	427153.74	381027.78
382015	427785.28	382007.65
382016	427598.7	381958.53
382017	427513.3	382052.02
382018	427489.83	381944.14
382019A	427738.74	381707.26
382019B	427737.75	381574.12
382019C	427799.88	381738.03
382019D	427745.25	381410.42
382020A	427158.08	382342.16
382020B	427127.31	382350.05
382021A	427779.17	382235.45
382021B	427835.18	381953.21
382021C	427709.55	382225.59
383001	429514.45	382965.42
383002	429494.72	382974.1
383003	429532.99	383025.38
383004	429616.81	383021.83
383005	429575.59	382866.61
383006	429401.43	382872.72
383007	429680.52	383011.18
383008	429675.59	383040.17
383009	429417.41	383346.87
383010	430033.57	383334.84
383011A	429896.69	383698.94
383011B	429915.62	383698.35
383012	430045.6	382164.25
383013A	429850.53	381850.25
383013B	429924.3	381885.75
383013C	429835.94	381935.26
383013D	429696.1	382004.69
383013E	429690.97	382007.65
383013F	429597.28	382052.62
383013G	429582.49	382093.64
383013H	429578.94	382101.92
383013I	429511.09	382302.51
383013J	429506.95	382311.78
383013K	429506.75	382331.9
383013L	429510.89	382349.45
383013M	429552.71	382456.75
383013N	429544.42	382463.65
383013O	429511.09	382484.76
383013P	429567.3	382508.03
383014	429512.67	383036.03
383015	429645.41	382951.42
383016A	430137.31	383642.92
383016B	430280.31	383759.69
383017	429584.27	382850.43
383018	429821.15	383116.9
383019	429512.87	382951.42
383020A	429353.3	382007.45
383020B	429335.75	382010.01
383020C	429319.18	382003.9
383020D	429318	381997
383020E	429317.21	381987.92

383020F	429359.81	382004.49
383020G	429381.31	382011.2
383020H	429382.1	382101.73
383020I	429351.73	382094.23
383020J	429348.57	382094.82
383020K	429317.6	382091.08
383020L	429327.07	382008.83
383020M	429334.37	382008.43
383020N	429339.3	382006.86
383020O	429343.05	382009.42
383021	429492.95	383004.47
383022A	429187.43	381859.13
383022B	429204.19	381853.61
383022C	429204.19	381850.65
383022D	429235.16	381837.43
383022E	429231.81	381806.86
383022F	429226.28	381783.98
383022G	429221.75	381761.89
383022H	429218.79	381747.3
383022I	429175.2	381746.7
383022J	429128.26	381746.51
383022K	429093.15	381746.31
383022L	429085.26	381775.7
383023	429478.75	383057.33
383024	429185.46	381911.99
383025	429350.35	382827.95
383026A	430260.78	382112.18
383026B	430247.96	382234.47
383027	429756.85	383809.19
383028A	429348.96	382999.34
383028B	429342.46	382979.23
383028C	429345.41	382967.98
383028D	429327.07	382911.97
383028E	429320.96	382854.38
383028F	429321.35	382851.22
383028G	429321.55	382836.23
383028H	429341.86	382753.98
383028I	429342.26	383003.68
383028J	429353.9	383084.94
383028K	429305.97	383091.85
383028L	429240.29	383098.95
383028M	429360.21	383129.91
383028N	429563.56	383128.73
383028O	429569.08	383127.94
383028P	429575.19	383128.93
383028Q	429580.52	383130.7
383028R	429651.13	383142.34
383028S	429727.26	383093.03
383028T	429344.03	382974.3
383029	430091.16	383829.7
383030	430099.05	384009.19
383031	429458.63	383394.8
384001	431425.06	382949.25
384002	430608.51	383841.14
384003	430642.43	383975.26
384004A	430665.51	383912.35
384004B	430665.51	383918.66
384004C	430670.64	383925.36
384005	430714.03	383915.7
384006	430366.11	384242.91
384007A	430554.47	383942.72
384007B	430743.61	384040.35
384008	430680.5	383962.25
384009	430540.66	383848.25
384010	430527.25	383860.28
384011	430563.93	383814.32
384012	430574.58	383844.69
384013	430548.35	383958.5
384014	430588	383813.33
384015A	430892.13	382782.58
384015B	430853.28	382476.67
384015C	430917.38	381903.9
384016A	430817.97	381781.81
384016B	430826.85	381780.43
384016C	430831.19	381778.85
384016D	431565.49	381593.45
384016E	431663.32	381671.36
384016F	431639.26	383727.73
384017A	431047.75	383028.14
384017B	431033.55	383046.29
384017C	431042.82	383049.44
384017D	431051.1	383044.12
384017E	431045.98	383055.36
384017F	431018.17	383078.44
384017G	430947.16	383017.49
384017H	430989.37	382957.73
384017I	431081.28	383028.93
384018	431405.34	383364.23
384019A	431506.52	382437.22
384019B	431490.35	382437.62
384019C	431483.25	382439.59
384019D	431481.67	382430.32

384019E	431480.88	382423.02
384019F	431499.81	382415.33
384019G	431504.35	382424.21
384019H	431512.44	382425.98
384019I	431515.2	382426.57
384019J	431517.57	382428.35
384019K	431520.72	382428.94
384019L	431515.79	382431.7
384019M	431513.62	382432.69
384019N	431511.65	382434.07
384019O	431501.79	382443.93
384019P	431496.86	382439
384019Q	431503.56	382439.99
384019R	431511.65	382441.37
384019S	431518.55	382441.76
384019T	431521.71	382438.6
384019U	431507.31	382425
384019V	431496.26	382438.8
384020	430811.66	383168.97
384021	430618.57	383830.69
384022	430266.11	383717.68
384023	430286.82	383762.45
384024	430616.99	383947.26
384025	430481.69	384146.46
384026	430538.69	383868.17
384027	430110.88	383274.88
384028	431453.66	383010.98
671019E	431552.67	382564.84
384030A	431595.28	383303.68
384030B	431617.37	383362.85
384030C	431452.48	383311.96
384030D	431366.68	383355.16
384030E	430989.76	383528.72
384030F	430935.33	383565.61
384030G	430907.52	383615.9
384031A	430644.41	384054.95
384031B	430641.84	384077.83
384032	430691.74	383835.23
384033	430656.83	383876.84
384034	430686.61	383096.98
384035	430710.68	383825.76
384036A	430509.5	383695.58
384036B	430471.04	383685.33
384037	430600.82	383594.21
384038	430629.02	383556.53
384039	430590.17	383703.47
384029A	430310.09	383753.37
384029B	430496.87	383709.79
385001	430125.09	385979.37
385002	430243.23	386076.41
385003	430235.34	386122.76
385004	430177.16	386165.56
385005	430134.95	386230.65
385006	430209.5	386197.51
385007	430078.34	386129.86
385008A	431012.05	385824.94
385008B	430994.5	385860.24
385008C	430970.63	385826.71
385008E	431024.08	385835
385008F	431041.24	385893.97
385009	431141.64	385931.05
385010	430210.49	386600.86
385011	429880.91	386687.64
385012A	430079.72	386145.05
385012B	430132.97	386185.48
385013A	429541.66	385991.99
385013B	429575.59	386269.9
385014	429987.02	386107.97
385015	430283.27	386107.18
385016	430290.96	386003.43
385017	430201.42	385908.76
385018	430580.7	385854.52
385019	429775.58	385732.63
385020	430321.53	386725.32
385021	429466.91	385605.02
385022A	430360.19	385508.18
385022B	430357.82	385528.29
385022C	430358.81	385485.69
385023A	429934.56	384556.32
385023B	429933.96	384565.59
385023C	429944.62	384570.91
385023D	429950.73	384587.48
385023E	429943.63	384563.62
385024	431264.91	386562.4
385025	430287.02	385929.27
385026	430816.99	386608.16
385027	430858.41	385995.15
385028	430804.17	386594.75
385029	430271.83	386645.63
385030	429817	385981.34
385031	430007.73	384623.77
385032	430038.89	386122.96

385033	430389.38	385444.27
385034	429994.71	384515.29
385035A	430054.08	384638.17
385035B	430085.05	384654.94
385036	430070.45	384633.83
386001A	430456.44	387776.58
386001B	430466.3	387780.33
386001C	430469.26	387778.16
386002	430265.52	387739.1
386003	430432.38	387792.95
386004A	430478.53	388328.84
386004B	430490.96	388353.49
386004C	430435.34	388359.21
386004D	430466.3	388315.82
386004E	430848.35	388870.84
386004F	430289.38	388118.98
386005A	431179.7	389701
386005B	431166.29	389699.23
386005C	431153.86	389688.18
386005D	431162.54	389674.38
386005E	431163.53	389671.42
386005F	431164.51	389669.64
386005G	431166.49	389665.89
386005H	431169.05	389663.13
386005I	431173.59	389662.94
386005J	431179.5	389666.88
386005K	431191.14	389671.61
386005L	431194.89	389678.52
386005M	431195.28	389685.22
386005N	431204.95	389687
386005O	431216.19	389692.72
386006A	430710.28	388161.58
386006B	430688.59	388132.59
386007	430477.74	387736.74
386008A	431451.29	388967.88
386008B	431494.29	388939.08
386008C	431497.25	388965.91
386008D	431510.47	388991.35
386008E	431422.1	388887.01
386008F	431475.16	388876.76
386008G	431484.23	388880.7
386008H	431497.45	388933.96
386008I	431515.99	388942.63
386008J	431511.25	388981.29
386008K	431415.2	388888
386008L	431504.75	389014.03
386008M	431456.03	389022.32
386008N	431412.05	389019.95
386008P	431393.7	388894.31
386008Q	431492.71	388970.05
386008R	431493.5	388961.96
386008S	431492.12	388954.27
386008T	431495.08	388950.13
386009	430657.82	388056.46
386010A	430605.35	387859.42
386010B	430594.51	387892.95
386010C	430622.12	387846.2
386010D	430629.81	387833.38
386010E	430610.48	387860.01
386010F	430609.1	387868.1
386011	430431	387792.75
386012	430532.77	387956.46
386013	430150.92	387604.79
386014	430467.09	387810.9
386015	430449.93	387910.5
386016A	431177.93	389624.67
386016B	431199.82	389645.78
386017	430078.14	387801.43
386018	430200.43	387625.1
386019	430466.11	388260.4
386020A	430664.33	388369.07
386020B	430647.36	388339.49
386021	430478.14	387764.15
386023	430462.75	387692.56
386024A	430160.59	387586.84
386024B	430134.16	387636.34
386025A	430171.63	387732.99
386025B	430153.09	387725.3
386026	431251.5	389555.44
386027A	430458.41	387930.42
386027B	430584.45	387918
387001	429470.46	387277.97
387003	429475	387255.68
387002	429498.67	387265.94
387004	429374.41	387191.18
387005	429624.7	387258.84
387006	429447.78	387010.71
387007	429448.96	386957.07
387008A	429386.44	386868.11
387008B	429432.59	387061.8
387008C	429397.88	386929.06
387009	429430.62	387349.56

387010A	429162.97	387722.14
387010B	429136.94	387713.66
387010C	429126.48	387681.31
387010D	429113.47	387689.6
387010E	429181.31	387767.31
387010F	429149.36	387773.42
387010G	429114.25	387681.12
387010H	429145.22	387768.69
387011	429763.95	387412.48
387012	429829.82	387414.65
387014	428834.97	386169.9
387015A	429258.04	386023.75
387015B	429279.14	386071.68
387015C	429147.19	386155.9
387016	429388.81	387390.59
387017	429377.96	386778.57
387018	429362.57	386638.93
387019A	429113.27	387920.56
387019B	429108.14	387934.17
387020A	429343.05	385902.45
387020B	429346.8	385881.94
387020C	429342.06	385917.05
387020D	429327.86	385940.71
387020E	429375	385900.08
387021	429033.98	387881.9
387022A	428818.4	385648.41
387022B	428805.78	385641.31
387022C	428801.05	385565.18
387023	429054.1	387587.04
387024A	428744.44	385133.23
387024B	428727.87	385119.43
387025	428766.53	384446.26
387026A	428510.12	384647.64
387026B	428485.27	384634.03
387027A	428683.3	384614.31
387027B	428682.51	384625.55
387027C	428651.34	384613.52
387027D	428658.84	384569.34
388001	429377.37	386833.99
389001	428643.45	386762.4
389002	428648.58	386838.53
389003	428690.99	386862.39
389004	428587.83	386832.22
389005	428642.47	386747.21
389006	428505	386359.05
389007	428679.35	387248.38
389008A-E	428591.78	386818.21
389008F	428607.95	386847.8
389009A	428645.62	386882.71
389009B	428633.59	386875.21
389009C	428625.9	386866.14
389009D	428601.64	386839.12
389009E	428586.26	386829.46
389009F	428532.61	386802.63
389010	428647.2	386758.65
390001	427900.86	389777.92
390002	427892.58	389790.94
390003	427881.73	389791.14
390004	427862.99	389797.25
390005	427918.42	389949.72
390006	427613.69	389385.82
390008A	429860.2	390880.67
390008B	429868.68	390875.14
390010	428189.42	389500.81
390011	428281.73	389541.05
390012	428386.85	389792.91
390013	426894.57	387780.33
390015	427305.81	388461.97
390016	429285.65	389511.46
390017	429337.92	390045.77
390018	429136.94	389924.27
390019	429063.17	388158.62
390020A	429842.45	388637.31
390020B	429861.58	388580.71
390020C	430036.33	388419.76
390020D	430118.58	388458.03
390021A	427301.27	387681.71
390021B	427291.01	387661.39
390022	429426.87	388032.98
390023	429676.38	388052.91
390024	428409.93	388005.96
390025	429741.86	388047.97
390026	427155.12	387153.71
390027	426858.48	387226.29
390028	427807.57	389710.08
390029	427737.55	389678.12
390030	428932.8	388187.22
390031A	428183.5	389446.96
390031B	428152.34	389486.41
390031C	428049.38	389720.33
390031D	428048.2	389704.36

390032	427829.46	389753.47
390033	428979.15	388248.76
390034	428083.7	389763.33
390035A	427639.53	389668.66
390035B	427600.47	389643.61
390036A	428254.31	389414.22
390036B	428256.68	389437.5
390037A	428048.59	389862.54
390037B	428056.09	389827.63
390038	429347.98	390646.75
390039	428713.67	390302.57
390040A	429414.05	389740.45
390040B	429401.82	389720.53
390041	427718.82	389532.17
390042	428530.24	390288.57
390043	428550.56	390354.25
390044	429056.86	390175.75
390045A	430052.11	389183.46
390045B	430061.58	389175.96
390045C	430062.36	389180.89
390045D	430088.6	389247.95
390045E	430106.74	389356.24
390045F	429987.61	389325.27
390045G	430048.36	389151.11
390046	427566.75	389228.23
390047	427435.59	388569.86
390048A	428045.24	388157.83
390048B	428018.42	388139.69
390048C	427998.3	388138.11
390048D	427985.67	388128.25
390049	429843.24	388017.4
390050A	427056.11	387195.13
390050B	427181.94	387158.05
390051	427918.81	389775.95
390052	428237.15	389481.28
390053	428202.83	389480.3
390054	427907.37	389765.1
390055	429860.79	390925.44
390056	427850.96	389792.32
391001A	431710.26	390209.28
391001B	431684.23	390208.88
391001C	431737.88	390194.88
391002	431749.91	390202.97
391003	433385.78	390977.11
391004	433384.2	390933.92
391005	433411.62	390811.04
391006	431881.27	390143.2
391006A	431787.19	390101.59
391006B	431806.52	390107.11
391006C	431809.87	390102.38
391006D	431799.02	390098.63
391006E	431783.24	390172.59
391006F	431786.59	390167.86
391006G	431787.19	390163.12
391006H	431772.99	390136.89
391006I	431772.99	390129.4
391006J	431780.68	390124.47
391006K	431782.65	390125.65
391006L	431801.98	390141.43
391006M	431785.41	390146.36
391007	433453.23	391006.7
391008	433694.65	389918.95
391009	433085.98	389922.1
391010A	432171.6	389398.25
391010B	433022.47	389791.14
391010C	432805.31	389274.19
391010D	432034.32	389343.42
391010E	432275.94	389450.71
391011	433468.03	391023.66
391012	431822.89	390896.45
391013	433480.45	391040.23
391014	432052.07	390133.15
391015	432026.24	390088.96
391016	433410.63	390862.52
391017A	433079.87	389778.52
391017B	433099.2	389809.68
391018A	433348.5	389926.64
391018B	433365.66	389944.79
391019	433212.8	390260.16
391020	432642	390915.38
391021	433243.37	390860.35
391022	432942.39	390457.99
391023	433335.68	390957.39
391024	433416.74	390977.11
391025	433228.38	390237.29
391026	432871.59	391348.9
391027	433520.69	390959.17
391028	433259.94	390451.88
391029	434189.91	390558.98
391030	433450.67	391020.9
391031	433492.09	391072.18
391032	433441.99	391004.53

392001	434367.22	388230.22
392002	434375.9	388310.3
392003A	434351.24	388324.5
392003B	434361.9	388315.03
392004	434249.67	388172.43
392005	434246.32	388196.89
392006	434380.63	389345.98
392007A	433763.48	388084.66
392007B	434292.27	389531.38
392007C	434336.65	389540.06
392008	434301.94	388218.98
392009	434578.85	388655.66
392010	434315.74	389284.24
392011	433896.81	387379.74
392012	434521.85	387096.51
392013	434145.13	387218.6
392014	434711.79	389437.69
392015	434351.64	388190.97
392016	434372.94	388219.37
392017	434352.03	388228.05
393001	432267.06	387415.84
393002	432290.53	387362.19
393003	432182.05	387616.62
393004	432241.02	387563.56
393005	432321.5	387555.28
393006	432327.41	387516.03
393007	432322.88	387494.34
393008	432248.52	387381.71
393009	432063.12	389222.31
393010	432024.66	387484.08
393011	432273.37	387408.14
393012	432831.35	387189.21
393013	431783.24	388755.65
393014	432916.56	388740.66
393015A	431880.48	386885.67
393015B	431872.59	386871.27
393015D	431857.6	386886.06
393016	431174.77	386656.09
393017	431978.7	387283.69
393018	431704.74	387107.56
393019	432268.05	387365.54
393020	432242.6	388621.53
393021A	432285.8	388184.26
393021B	432321.3	388209.71
393021C	432294.28	388121.74
393021D	432368.24	388172.23
393021E	432368.64	388178.35
393021F	432334.12	388228.25
393021G	432250.89	388176.37
393021H	432199.61	388160.99
393022	432127.22	388645.01
393022A	432129	388622.32
393022B	432111.44	388633.57
393022D	432128.4	388663.74
393023	431671.21	387655.28
393024	431216.39	386830.64
393025	432048.52	387796.89
393026	431339.86	386712.69
393027	432180.67	387626.09
393028A	432875.73	387326.88
393028B	432761.53	387141.09
393029	432335.7	387441.28
393030	431292.52	387677.37
393031	432863.3	387073.04
393032	432261.93	387598.28
393033	433332.72	387468.1
393034	431607.9	387997.68
393035	432378.5	387482.3
394001	431816.57	384831.27
394002	431828.41	384701.09
394003	431809.87	384658.49
394004	431768.45	384663.22
394005	431692.51	385012.92
394006	431711.05	384945.86
394007	431909.87	384906.02
394008	431641.04	385995.54
394009	431548.73	384295.97
394010	431587.19	385949.79
394011	431893.3	384400.11
394012	431697.25	385259.46
394013	431900.6	386187.65
394014	431898.23	385977.99
394015A	431792.31	385344.27
394015B	431794.09	385379.58
394015C	431795.47	385406.21
394015D	431795.47	385421
394015E	431796.46	385430.47
394015F	431792.12	385436.58
394015G	431795.86	385431.25
394015H	431763.32	385521.98
394015I	431754.64	385532.63
394015J	431748.33	385556.7

394015K	431705.14	385698.9
394015L	431672	385687.46
394016	431774.56	384831.66
394017	431780.48	384743.69
394018	431726.04	385758.86
394019	431885.61	383955.15
394020A	432470.8	385821.78
394020B	432511.43	385453.35
394020C	432501.38	385272.87
394021	431486.99	385053.75
394022	431616.78	384007.61
394023	431802.77	385660.44
394024A	432087.77	384768.74
394024B	432092.31	384787.68
394025A	431868.25	384695.76
394025B	431843.99	384655.53
394025C	431834.13	384629.69
394025D	431684.23	384611.94
394026	431805.13	384869.53
394027	431861.35	384772.69
394028	432040.44	384074.08
394029	431989.16	384041.93
394030	431580.68	384973.27
394032A	431743.2	384984.71
394032B	431687.19	384996.75
394032C	431624.66	384968.94
394033	431593.3	385944.26
395001	433475.72	384234.23
395003	433321.87	384179.21
395004	433391.7	384173.49
395005	433388.54	384154.35
395006	433444.75	384142.91
395007	433455.99	384113.92
395008	433475.91	384121.61
395009	433595.04	384340.54
395010	433604.51	384345.08
395011	433506.68	384273.48
395012A	433446.13	386007.97
395012B	433452.05	386070.69
395012C	433512.4	386117.04
395012D	433500.37	386001.66
395012E	433553.23	386020.59
395012F	433640.61	386034.6
395012G	433676.5	386148.2
395013	432980.66	383940.16
395014	433950.27	383866
395015	434719.88	384486.7
395016	435123.62	384936
395017	435134.27	385011.34
395018	435149.06	384988.46
395019A	434471.95	383580.2
395019B	434614.16	383489.67
395020	433524.63	384961.44
395021	433325.42	384351.79
395022	433209.45	384849.41
395023	433466.84	384256.32
395024	433408.26	384346.46
395025A	433966.04	384909.96
395025B	433937.44	384902.27
395025D	433928.37	384966.77
395025E	433918.71	384929.09
395025F	433893.46	384871.5
395026	433272.76	384061.46
395027	433485.18	384215.89
395028A	434450.45	383727.14
395028B	434465.44	383620.04
395029	434884.96	383958.3
395030A	434975.1	383995.38
395030B	434962.08	383993.8
395030C	434985.16	384015.89
395030D	434999.56	384011.95
395030E	435028.75	384026.35
395030F	435022.44	384039.56
395031	435187.52	384818.84
395032	435012.57	384966.96
395033A	434668	384758.29
395033B	434630.13	384756.71
395034	434625.8	384690.04
395035	433761.91	386288.24
395036	433549.29	385307.59
395037	433470.59	386691.39
395038	433518.91	385999.88
395039	433008.86	386513.68
395041	434306.87	386176.8
395042A	433417.93	386551.35
395042B	433403.92	386548.4
395042C	433411.02	386575.81
395042D	433394.65	386597.9
395042E	433433.31	386608.35
395042F	433423.45	386616.44
395042G	433505.3	386629.85
395042H	433398.8	386634.19

395043	434549.07	386376.01
395044A	433069.81	384160.47
395044B	433239.23	384260.07
396001	433315.76	382827.55
396002	433339.62	382813.55
396003	433315.96	382833.08
396004A	432729.38	383059.5
396004B	432736.87	383062.46
396004C	432755.81	383028.14
396004D	432764.29	383017.69
396004E	432762.12	382977.65
396005	432673.36	382745.7
396006	433232.92	381726.59
396007	433462.9	381869.38
396008A	434003.72	383212.36
396008B	433939.22	383250.03
396008C	434081.82	383316.5
396009A	433344.16	382860.69
396009B	433356.78	382854.97
396010	432866.06	383213.94
396011	433322.27	382806.25
396012	433330.95	382708.03
396013	433350.67	382927.95
396014	433335.29	382858.32
396015	433421.48	382706.84
396016	432994.86	383073.31
396017	433226.21	383151.41
396018	432941.41	382976.07
396019	434160.32	383471.13
396020	433623.64	381816.92
396021	433254.62	382070.76
396022	434396.81	383179.03
396023	433166.65	382150.05
396024	433616.15	382614.54
396025	432353.84	383439.77
397001A	433155.6	380739.42
397001B	433130.56	380717.33
397001C	433177.3	380753.82
397001D	433182.82	380775.32
397001E	433111.03	380657.18
397001F	433123.26	380615.95
397001G	433235.68	380699.98
397001H	433186.96	380928.37
397001I	433153.24	380684.99
397001J	433001.17	380688.93
397002	433164.68	380723.45
397003	432436.29	381240.99
397004	432459.36	381252.04
397005	431566.09	381593.06
397006	432865.27	379970.01
397007	432893.08	380650.67
397008	432760.35	381473.53
397009	432778.69	380855
397010	433625.81	381686.35
397011	433349.49	381022.65
397012	432845.16	381319.69
397013	431869.24	381690.69
397014	432456.6	381230.14
397015	432796.64	380743.17
397016	432886.77	379929.18
397017	432917.15	380875.52
397018A	431757.4	381331.72
397018B	432312.03	381011.41
397019	432841.8	380770.98
398001	434317.32	379997.42
398002	434345.52	380084.01
398003	434443.75	380066.46
398004	434460.12	380058.37
398005	434386.15	379871.59
398006	434534.67	380392.49
398007	433975.12	380968.61
398008	433704.12	380678.28
398009	434276.69	379986.18
398010A	434846.7	379686.19
398010B	434857.55	379687.57
398010C	434844.53	379709.86
398010D	434835.26	379685.6
398010E	434812.38	379696.44
398010F	434812.97	379650.49
398010G	434828.95	379650.09
398011A	434794.23	378607.31
398011B	434741.97	378513.03
398011C	434715.74	378545.97
398012	434203.12	379356.21
398013	433994.45	379185.6
398014	434772.74	378642.81
398015	434076.89	379678.5
398016	434493.25	380078.88
398017	433736.07	380394.06
398018	434440.59	379844.37
398019	434315.54	379955.81
398020	434313.38	379984.41

399001	432482.05	377688
399002	432421.49	377703.18
399003	432404.93	377684.25
399004	432383.23	377632.57
399005	432493.09	377711.07
399006	432717.94	379149.12
399007	431872.98	376961.38
399008	432201.77	377613.25
399008B	432188.36	377635.14
399008P	432299.01	377682.47
399008Q	432316.17	377718.57
399008R	432322.68	377716.6
399008S	432300	377741.05
399008T	432241.81	377687.21
399008U	432222.29	377680.5
399008V	432203.16	377642.04
399008W	432192.5	377635.73
399008X	432164.89	377585.44
399008Y	432181.85	377644.21
399008Z	432182.05	377732.18
399009	432436.09	378047.95
399010	432465.48	377766.69
399011	433414.18	377507.53
399012	433318.32	377198.46
399013	432607.09	378905.53
399014	432358.58	379024.07
399015	432614.59	378906.71
399015A	432682.04	378951.88
399015B	432677.31	378933.34
399015C	432642.79	378881.47
399015D	432654.23	378897.44
399015F	432634.11	378907.31
399015V	432684.02	378900.99
399015W	432667.84	378955.63
399015X	432637.27	378963.71
399015Y	432579.28	378931.37
399015Z	432682.24	378879.5
399016	433279.86	377036.14
399017	432818.33	377931.98
399018	433425.22	378289.17
399019	432641.41	377624.09
399020	432379.68	377612.46
399021	433342.39	376840.28
399022A	432369.23	377629.42
399022B	432316.96	377616.8
399022C	432345.95	377730.99
399022D	432453.05	377741.84
399022E	432465.48	377742.83
399022F	432480.27	377740.66
399022G	432498.42	377731.39
399022H	432529.19	377726.46
399022I	432553.25	377729.61
399022J	432573.96	377729.02
399022K	432594.67	377719.56
399022L	432608.87	377703.78
399022M	432620.31	377684.45
399022N	432637.86	377655.26
399022P	432641.22	377648.75
399022Q	432640.62	377634.94
399022R	432619.12	377612.06
399022S	432599.01	377582.67
399022T	432566.46	377571.83
399022U	432491.32	377575.97
399022V	432404.73	377590.37
399022W	432378.3	377598.85
399023	432636.48	377644.61
399024	432618.34	377678.33
399025	431801.78	377632.97
399026	432239.05	377629.81
399027A	431928.6	377584.65
399027B	431940.24	377621.53
399027C	431992.11	377618.57
399027D	431990.54	377571.83
399028	433288.94	376988.01
399029	432460.35	377662.16
399030	431889.95	377122.92
399031	432165.68	377313.84
399032	432047.73	377255.86
399033	431586.01	377155.46
399034	431218.75	377629.02
399035	434001.15	377688
399036A	433510.63	377462.75
399036B	433493.67	377174.99
399036C	433479.46	377166.11
399037	433341.99	378344.4
400001	432618.34	377271.24
400002	432622.67	377313.45
400003	432653.64	377248.75
400004	432646.15	377208.91
400005	431778.11	376029.05
400006	432493.49	375771.86
400007	432759.75	377382.48

400008	432708.27	377326.27
400009	432673.36	377254.08
400010A	432170.41	376641.47
400010B	432214.2	376630.82
400010C	432240.24	376631.41
400010D	432195.86	376630.82
400011	432584.61	377271.24
400012	432887.36	376430.82
400013	432659.95	377270.65
400014A	432653.05	377372.03
400014B	432771.39	377387.61
400014C	432607.69	377161.38
400015	432633.33	377208.12
400016	432625.24	377199.84
400017	432633.52	377220.55
400018	432575.54	377301.22
400019	432548.12	377342.84
400020	432678.1	377288.79
400021	433379.66	376787.22
401001	431209.09	380068.43
401002	431221.91	380092.1
401003	431190.35	380089.34
401004	431194.69	380113
401005	431241.83	380169.22
401006	431263.13	380203.93
401007	431277.33	380083.42
401008A	429487.42	378199.03
401008B	429496.69	378209.09
401009	430886.81	379267.65
401010	429554.68	378982.85
401011	430443.03	378586.21
401012	429999.45	379266.47
401013	430013.45	377903.97
401014A	430197.67	378380.88
401014B	430199.64	378409.68
401014C	430176.56	378437.29
401014D	430168.87	378414.81
401014E	430169.66	378399.62
401014F	430156.25	378383.65
401014G	430091.36	378416.58
401015	431194.3	380051.47
401016	431363.13	379497.43
401017	430475.38	379617.16
401018A	430734.74	379609.46
401018B	430739.08	379642.99
401019	431085.62	379902.36
401020	431026.84	379578.3
401021	431218.95	380057.78
401022	431240.25	380070.8
401023	430674.78	379728.2
401024	431267.47	380067.64
401025	431181.48	380030.17
401026A	431168.26	380017.15
401026B	431119.94	379957.78
401027	430873.99	379772.77
401028	430778.53	379332.74
401029A	431021.52	379789.34
401029B	431015.41	379785.4
401030A	429607.34	378965.29
401030B	429652.51	378940.44
401031	430108.12	379507.69
401032	431177.53	380087.17
401033	431166.49	380092.69
402001	431295.48	379265.09
402002	431284.63	379198.82
402003	431274.57	379171.4
402004	431390.74	379267.26
402005	431628.41	379026.83
402006A	430628.43	378014.03
402006B	430604.96	378055.45
402006C	430667.09	377965.51
402007	431268.85	379269.03
402008	431302.97	379258.98
402009	431588.37	378406.53
402010	431804.54	378973.18
402011	431310.67	378900.21
402012	430777.74	378281.68
402013	431324.28	379285.41
402014	431333.74	379162.53
402015	431336.5	379115.98
402016	431406.52	379213.22
402017	431162.74	379031.17
402018	431179.5	379098.23
402019	431238.08	378959.77
402020	431234.93	379214.99
402021	431291.93	379233.93
402022	431094.1	378871.41
403001	431375.16	380087.96
403002	431386.21	380121.09
403003	431397.25	380184.4
403004A	431718.55	379913.4
403004B	431716.18	379942.99

403005	432174.36	379999.2
403006A	432174.75	379379.68
403006B	432174.56	379365.88
403007	431485.81	379885.2
403008	431603.76	379849.89
403009	431313.03	380102.95
403010	431606.12	380295.05
403011A	431552.67	380246.14
403011B	431602.57	380288.74
404001	430964.72	380318.72
404002	431039.47	380308.27
404003	431134.14	380463.89
404004	431711.05	380736.66
404005	431015.8	380535.29
404006A	431330.39	380843.76
404006B	431306.52	380869.6
404007A	431034.34	380190.91
404007B	431021.52	380217.34
404008A	430985.82	380451.66
404008B	430968.46	380450.87
404009	430884.05	380350.87
404010	430998.64	380314.58
404011	430742.04	379918.93
404012A	430990.55	380598.4
404012B	431562.93	381584.58
404013	431006.92	380584.99
404014	431272.6	380449.49
405001	430492.93	380262.31
405002	430514.03	380263.69
405003	430516.99	380301.36
405004	430523.11	380352.45
405005	430406.15	380191.5
405006	430574.98	380296.83
405007	430612.06	380301.76
405008	430446.38	380269.81
405009A	430623.89	381377.28
405009B	430596.48	381389.71
405010	430382.08	380231.15
405011	430608.51	380362.7
405012	430322.12	380418.52
405013	430559.4	380014.58
405014B	430223.11	380886.76
405014C	430229.23	380894.65
405014D	430237.11	380886.36
405014E	430223.9	380876.7
405014F	430248.36	380894.45
405015	430523.5	380327.79
405016	430506.74	380162.9
405017A	430514.62	380541.6
405017B	430523.7	380530.16
405018	430422.32	380712.6
405019	430581.88	380478.28
405020A	430517.19	380415.96
405020B	430749.33	380242.79
405021	430447.37	379846.15
405022	430320.35	380157.58
405023	430419.16	380164.68
405024	430485.63	380254.62
405025	430511.07	380256.2
405026A	430114.43	380911.61
405026B	430121.93	380925.42
405027	430111.08	381003.72
405028	430273.21	381056.58
405029	430157.63	381041.59
405030	430839.47	381444.14
405031	430630.8	379819.72
406001	429144.23	380310.04
406002	428998.28	380273.55
406003	429178.36	380394.06
406004A	429878.54	380512.01
406004B	429870.85	380548.89
406005	429347.19	380021.49
406006	429265.93	379895.06
406007	429064.75	380373.16
406008	428920.77	380413.99
406009	429243.05	380329.77
406010	429903	380893.86
406011A	429051.14	380414.38
406011B	429259.03	380404.32
406011C	429272.24	380389.92
406012	429151.73	380310.04
406013	429218.99	380467.44
406014	428995.72	380248.9
406015	430079.13	380843.96
406016	429094.14	380298.6
406017	429136.54	380300.97
406018	429368.29	379617.16
406019	429150.15	380297.62
406020	429844.62	380303.14
406021	428973.82	380309.65
406022	429858.62	380539.03
407001	428451.54	379676.33

407002	428457.07	379669.42
407003	428451.35	379733.13
407004A	428217.23	380049.69
407004B	428265.95	380146.34
407005	428480.54	379082.06
407006	427866.94	380827.78
407007	428939.7	381233.3
407008	429145.62	379462.72
407009	427852.34	381104.11
407010	428399.87	379740.23
407011	427782.52	379427.81
407012	428412.1	379754.63
407013	428416.24	379685.6
407014	428415.25	379734.71
407015A	428505	379758.38
407015B	428511.9	379761.53
407016	428820.57	381009.24
407017	428506.38	379805.12
407018	428536.36	379907.88
407019	428688.82	379747.53
407020	428385.27	380233.52
407021	427967.92	380693.47
407022	428901.04	379199.21
407023	428572.84	379505.52
407024	428394.94	379363.91
407025	428447.01	379098.82
407026	428556.28	379165.09
407027	427743.86	381046.52
407028	428388.82	379450.69
407029A	428080.55	379840.62
407029B	428069.3	379828.2
407029C	428062.6	379819.52
407029D	428046.82	379812.62
407029E	428095.73	379850.09
407030	428218.02	379872.77
407031	428360.62	379883.23
407032	427208.96	380333.32
407033	428064.57	379912.61
407034	428156.28	379601.77
407035	428121.37	379902.55
407036	427515.27	378764.11
407037A	427385.09	378815
407037B	427259.06	378933.74
407038A	428314.86	379711.04
407038B	428379.55	379472.78
407039A	428200.07	379781.06
407039B	428291.98	379856.8
407040	427948.59	379473.37
407041	428836.35	380383.02
407042A	428240.5	380358.76
407042B	428331.82	380354.22
407043	428318.41	380167.64
407044	427975.42	378619.93
407045	428470.08	379931.75
407046	427464.38	379995.85
409001	426867.15	378070.83
409002	426904.63	378083.26
409003	426908.18	378102.39
409004	426813.7	378026.85
409005	426802.66	378034.34
409006	426957.69	377977.14
409007	426843.29	378049.53
409008	426801.87	378048.94
409009	427553.14	378712.63
409010	427534.4	378710.07
409011	427002.26	378022.11
409012	426777.02	378266.29
409013	427559.06	378727.03
409014	427881.14	377858.01
409015	426958.08	376965.72
409016	428258.45	377398.85
409017	427102.65	378211.46
409018A	426794.57	377668.67
409018B	426778.79	377635.53
409018C	426785.89	377691.94
409018D	426761.04	377717.58
409019	426832.05	378089.17
409020A	426800.49	378022.9
409020B	426881.95	378073.4
409021	427289.43	377148.56
409022	427579.76	376765.73
409023	428141.89	376931.99
409024	425943.11	377390.37
409025	426747.43	378055.84
409026	427530.06	378389.17
409027	427285.49	378638.08
409028	427084.9	377538.89
409029	426561.04	377893.12
409030	426874.65	378065.7
409031	426759.46	377997.26
409032	426675.64	377961.37
409033	426878	377680.31

409034	427901.65	378573.98
409035	427272.47	378615.2
409036	428044.85	378466.68
409037A	426777.21	377590.96
409037B	426823.57	377620.74
409038	427501.86	376752.91
409039	428394.15	377186.23
409040	426802.46	377867.68
409041	427472.67	378643.21
409042	425308.6	376994.72
409043	426751.97	378071.62
410001A	425781.18	374781.14
410001B	425760.07	374798.7
410001C	425756.52	374805.8
410002	425772.3	374798.5
410003	425800.9	374777.4
410004	425839.76	374869.11
410005	425595.58	374923.94
410006	425600.12	374875.42
410007	425571.32	374872.66
410008	425565.6	374856.88
410009	425948.24	374750.38
410010	426101.68	374840.32
410011A	425838.97	374801.07
410011B	425811.55	374752.55
410011C	425818.06	374748.8
410012	426526.13	376618
410013	425342.33	373759.86
410014	425752.97	374751.56
410015A	425174.09	373779.58
410015B	425183.16	373782.94
410015C	425164.82	373774.26
410016	425529.9	374280.76
410017	425563.63	374886.86
410018	425521.02	375285.87
410019A	425421.62	374786.08
410019B	425170.14	374591.8
410019C	425146.08	374424.74
410019D	425160.67	374333.42
410019E	425195.39	374301.27
410019F	425211.36	374286.48
410019G	425254.36	374247.23
410019H	425285.52	374217.64
410020	426979.38	376099.86
410021	425798.34	374815.66
410022	425948.04	374758.86
410023	426981.94	376097.1
410024	425402.68	375149.38
410025	425593.8	374856.29
410026	425419.05	374860.24
410027	425447.65	374372.28
410028	424763.84	374032.64
410029	425446.27	374370.11
410030	426912.91	376610.11
410031	427290.62	376107.16
410032	425967.17	374779.17
410033	426177.23	375026.7
410034A	425587.29	374462.61
410034B	425590.65	374455.51
410034C	425587.49	374465.77
410035A	425737	374579.18
410035B	425733.25	374569.71
410035C	425737.59	374578.58
410035D	425739.95	374578.19
410035E	425729.3	374567.34
410036	426586.69	376466.13
410037	425068.57	373789.84
410038	425164.62	373824.16
410039A	426078.21	374901.66
410039B	426109.18	374846.63
410040A	425775.06	374763.99
410040B	425772.1	374753.33
410040C	425756.33	374756.49
410040D	425760.27	374775.62
410041	425749.03	374770.1
410042	425869.74	374959.05
410043A	425900.9	374795.54
410043B	425917.86	374780.95
410043C	425937.78	374762.21
410043D	425953.56	374748.01
410043E	425969.34	374734.01
410044	425598.54	374834.79
410045	425529.9	375313.88
410046	425518.07	375348
410047	425591.24	375315.46
410048	424958.9	373674.85
410049	425026.16	373978
410050	424785.93	374033.62
411001	427358.27	373159.67
411002	427278.59	373304.64
411003	427333.22	373130.88
411004	427249.59	373114.51

411005	427238.15	373113.13
411007	427391.01	373198.92
411008	427357.88	373276.83
411009	427329.08	373142.91
411010	427392.98	373218.45
411011	427664.58	372636.01
411012	427905.4	373836.39
411013	427517.24	373387.68
411014	427518.23	373176.24
411015A	427208.96	373377.62
411015B	427219.42	373393.79
411015C	427235.19	373053.36
411016	427302.06	372888.48
411017A	427191.61	373221.61
411017B	427182.73	373252.37
411018	427392.39	373177.03
411019	427320.4	372975.65
411020A	427284.9	374094.77
411020B	427294.76	374080.96
411020C	427220.8	374047.23
411021	427664.38	373685.9
411022	427601.26	373175.85
411023A	426624.95	373030.09
411023B	426462.03	373055.34
411024	427777.39	373387.48
411025	427496.73	373021.61
411026	427457.87	372799.13
411027	427555.7	372642.92
411028A	427469.51	372692.23
411028B	427472.47	372656.13
411028C	427444.46	372658.3
411029	427584.5	372627.93
411030A	427515.27	372729.11
411030B	427524.74	372726.94
411031A	426909.56	372444.1
411031B	426873.47	372424.38
411032	427176.42	372924.37
411033	427191.61	372984.33
411034	426982.73	372888.08
411035	426555.72	372976.64
411036	426205.23	372859.48
411037	426054.15	372998.14
411038	425917.27	372808.6
411039	427294.37	374517.64
411040	427030.86	372753.37
411041	427203.24	373099.71
411042	427209.75	373117.47
411043A	427356.69	374031.06
411043D	427414.88	373889.25
411043E	427781.54	373861.24
411043F	427860.04	373801.87
411043G	427862.6	373752.17
411043I	427854.51	373890.63
411044	427319.02	373363.02
411045	427540.91	373341.72
411046	427703.83	372547.06
411047	427985.28	373692.21
411048	427007.19	374037.57
411049	427598.5	372707.81
411050	427577.79	372541.93
412001	428514.07	374371.68
412002	428539.31	374385.49
412003	428573.63	374366.95
412004A	428621.17	374383.52
412004B	428614.86	374394.96
412005	428611.5	374460.64
412006	428483.3	374435.98
412007	428394.15	374323.95
412008	428160.82	374611.52
412009	428726.69	374600.67
412010	429492.35	374472.67
412011	429020.17	374104.23
412012	428936.35	374014.89
412013	428798.88	373969.32
412014	428800.85	373983.13
412015	428594.93	373976.62
412016	428604.01	373879.98
412017	428570.08	373822.98
412018	428475.41	373834.61
412019	428382.71	374491.41
412020	429312.67	376588.61
412021	429082.5	376653.3
412022	428513.48	374333.03
412023	428607.36	376019.19
412024	428780.73	374673.65
412025	428691.78	374628.09
412026	428492.96	374391.41
412027	428558.45	374376.22
412028	428565.74	374384.11
412029	428709.33	375746.02
412030	427969.11	374921.97
412031	428191	374642.69


412032	428624.13	374476.22
412033	428648.39	374447.62
412034	428647.2	374307.98
412035A	428607.75	374070.31
412035B	428604.99	374147.82
412036	428609.33	374343.09
412037	428275.02	373577.22
412038	428995.72	374102.46
412039	428514.66	374344.27
412040	428513.87	374399.89
412041	428329.65	374325.53
412042	428423.73	373902.66
412043	427636.37	374869.31
412045	429065.34	376589.79
412046	428194.15	374583.91
412047	428647	374616.85
412048	428597.3	374441.7
412049	428292.97	373663.41
413001	429440.09	374017.06
413002	429470.07	373991.22
413003	429561.39	373994.37
413004	429344.23	374019.23
413005	429425.69	373982.54
413006	428879.15	373510.16
413007	429362.97	374041.71
413008	428453.71	373490.63
413009	429073.43	373572.49
413010	430037.12	372410.38
413011	429434.96	373998.91
413012	430373.6	373960.45
413013	430898.05	373680.97
413014	428990.59	373746.45
413015	429455.47	373999.7
413016A	430908.9	374160.25
413016B	431044.6	373835.4
413016C	431339.27	373133.05
413017	428790	373907.79
413018	429438.51	374049.6
413019	430569.65	372613.53
413020	429326.87	374068.73
413021	429430.03	373973.66
413022	429243.64	373990.23
413023	429603.79	373925.74
413024	428938.72	373650.59
413025	429174.61	373485.9
413026	428675.6	373246.26
413027A	429016.23	373935.6
413027B	428960.81	373975.44
413028	431001.01	373939.54
413029A	428950.55	373499.12
413029B	428239.32	373142.12
413030	428545.23	373784.52
413031A	429992.94	373345.86
413031B	429907.93	373662.03
413031C	429931.99	373570.12
413031D	430200.23	373649.01
413031E	430476.76	373621.2
413032	430390.17	373464.99
413033	429588.8	374300.68
413034	430396.68	373508.39
413035	430307.13	373109.18
413036	428916.43	372639.17
414001	430386.42	375069.11
414002	430404.96	375071.67
414003	430422.91	375064.18
414004	430431.79	375082.13
414005	430877.54	375046.43
414006	430379.32	375013.88
414007	430529.42	374963.39
414008	430449.54	375064.37
414009	429806.16	375060.82
414010A	429433.78	376733.77
414010B	429463.36	376728.84
414010C	429459.81	376753.69
414010D	429485.25	376770.06
414011A	429743.44	376351.93
414011B	429719.18	376373.82
414011C	429726.08	376361.99
414011D	429751.72	376344.63
414011E	429764.93	376421.16
414011F	429730.02	376431.81
414011G	429712.07	376421.55
414011H	429689.59	376393.35
414011I	429682.88	376358.83
414011K	429735.55	376308.93
414011L	429753.89	376304.98
414011M	429776.57	376337.73
414011N	429780.12	376384.67
414011P	429746.2	376425.69
414011Q	429736.33	376429.83
414012	430458.22	375358.45
414013A	430855.45	375951.14

414013B	430671.62	376108.14
414014	430438.29	375087.85
414015	430521.33	375311.31
414016	430396.68	375052.54
415001	433630.35	374183.52
415002	433670.98	374206.2
415003	433596.23	374164
415004	433696.82	374009.96
415006A	432960.93	375519.99
415006B	432916.75	375531.82
415006C	432939.63	375503.62
415006D	433008.66	375513.08
415008	433531.53	374314.09
415009	431057.02	374013.9
415010	433981.23	374714.87
415011	434135.47	376487.62
415012	432784.21	375986.65
415013	433598	374167.74
415014A	431252.28	373920.61
415014B	431242.62	373957.29
415015	431277.53	374224.55
415017	431853.85	372876.25
415018	433843.36	374353.93
415019A	431892.31	372891.83
415019B	431932.55	372813.33
415019C	431885.41	372902.68
415020	433591.1	374202.65
415021	433612.2	374150.58
415022	433649.09	374176.42
415023	433775.91	374382.93
415024	433690.7	374222.77
416001	433970.19	374353.93
416002	433933.5	374384.7
416003	433996.02	374403.04
416004	434011.8	374401.07
416005	434020.68	374437.36
416006	434056.77	374409.36
416007	434081.82	374395.55
416008A	434178.66	374621.98
416008B	434617.12	374851.76
416009A	433911.61	374430.07
416009B	434055.79	374485.29
416009C	433959.14	374388.84
416010A	434672.93	374480.95
416010B	434616.92	374491.6
416010C	434597.79	374524.54
416010D1	434755.38	374679.57
416010D2	434686.35	374645.05
416010D3	434663.47	374517.24
416011	434455.58	374265.97
416012	434010.62	374150.39
416013	433950.86	374349.59
416014	434213.18	375134.79
416015	434909.62	374330.07
416016	433906.68	374436.97
416017	434098.78	374433.81
416018A	434288.72	374416.65
416018B	434794.04	374401.47
416018C	434816.13	374407.19
416019	434742.36	375485.27
416020A	434113.97	374405.41
416020B	434138.82	374401.47
416020C	434131.72	374410.74
416020D	434126	374396.93
416020E	434130.74	374403.44
416020F	434120.08	374402.26
416021	433963.68	374343.87
416022	435319.08	375131.24
416023	434886.94	375587.84
416024A	433913.38	374437.96
416024B	433946.12	374458.47
416024C	433999.18	374489.63
416024D	434518.3	374867.93
416025	435111.59	374481.15
416026A	434722.24	374780.95
416026B	434711	374798.7
416026C	434711.2	374771.09
416027	434713.76	374819.61
416028	434426.39	374281.55
416029	434892.26	374386.87
416030	434253.81	374456.1
417001	433298.6	373974.26
417002	433280.85	373959.27
417003	433267.83	373980.57
417004	433130.75	373923.57
417005A	431883.63	374252.36
417005B	431869.04	374232.63
417006	433254.62	373871.1
417007	433021.29	373956.11
417008	433112.8	373319.43
417009	432894.47	373279.2
417010	432562.32	373646.85

417011	432990.12	373868.34
417012A	433118.92	374008.77
417012B	433026.81	373737.57
417012C	433039.04	373717.06
417013	433175.53	373965.38
417014	433251.07	373998.71
417015	433268.62	373996.74
418001	433802.14	374349.99
447001	438322.38	386695.14
447002	438246.05	386680.74
447003A	438385.1	386648.99
447003C	438275.04	386740.3
447003D	438265.57	386728.27
447004	438290.03	386745.04
447005	438334.41	386815.45
447006	438374.25	386848.98
447007	438351.96	386681.13
447008	438912.31	386876.59
447009	438812.31	386800.07
447010	438987.85	386920.58
447011A	438813.49	386004.03
447011B	438851.76	386048.4
447012A	438098.71	386063.59
447012B	438078.99	386031.64
447013	437837.38	385846.83
447014	438667.93	387276.39
447015	438157.29	385765.57
447016	438224.35	386693.95
447017	438526.71	386636.16
447018	438245.06	386196.53
447019	438318.04	386669.5
447020	438419.81	386909.34
447021	438653.73	387298.48
447022	438340.92	386677.58
447023	438785.09	387145.23
447024A	438417.84	386579.56
447024B	438410.35	386574.43
447025	438337.17	386488.83
447026	438233.62	386729.26
447027	438242.5	386785.47
447028A	438426.91	386896.91
447028B	438306.6	386958.25
663001	462672.64	370474.12
663002	461406.39	370885.95
663003	469762.07	371492.64
663004	471777.61	371121.45
663006	479397.4	369291.3
663007	480124.41	370015.15
663008	489893.47	369758.16
663009	489900.77	369756.77
663010	489884.4	369783.6
663011	497199.26	369710.62
663013	495973.64	370023.24
663014	484354.32	371319.27
663015	494963.99	371862.06
663016	488131.57	375924.12
663017A	487766.88	373045.87
663017B	487777.53	373050.01
663018A	468833.29	371812.16
663018B	468831.9	371812.36
663020	497099.66	369648.1
663021	484276.8	375942.86
663022	484246.03	371718.08
663023	480159.72	369939.61
663024	473068.91	371071.74
663025	461432.82	370860.5
663026	462288.43	371272.33
663027	461237.17	370785.55
663029	484339.52	375890.2
663030	482796.16	381714.55
663031	484551.55	376532.4
663032A	461608.95	370893.84
663032B	461580.16	370835.65
663032C	461577.79	370816.13
663032D	461563.98	370798.37
663032E	461532.62	370754.79
663032F	461515.27	370704.1
663032G	461500.87	370653.21
663032H	461308.37	370556.37
663032I	461236.57	370522.64
663032J	461119.22	370488.52
663032K	461071.29	370473.72
663032L	461047.43	370471.36
663032M	461393.97	370584.18
663032N	461629.47	370948.08
663032O	461646.23	370991.27
663032P	461694.75	371085.94
663032Q	461733.41	371172.92
663032R	461776.21	371272.92
663033	461020.01	370505.68
663034	480141.37	369956.97
663035	490475.31	370589.7


663036	502726.38	374634.01
663037A	502711	374596.34
663037B	502696.01	374636.57
663038	494980.36	368870.79
663039	460555.13	370912.57
663040	489937.85	369754.41
663041	468873.13	371966.6
663042	480092.26	369914.17
671001A	433136.08	383603.67
671001B	433030.95	382018.1
671002A	431983.04	379447.73
671002B	434073.93	379737.47
671003A	433664.27	379884.8
671003B	432112.82	379435.11
671004A	434002.73	380720.09
671004B	433349.49	382596
671004C	433406.29	382720.65
671005	429634.96	378586.01
671006	430874.18	380404.12
671007A	430490.76	381326.2
671007B	430915.01	381901.14
671007C	430831.78	381788.12
671007D	431301.79	382426.57
671008A	433706.48	374451.96
671008B	434709.62	374784.5
671010A	425109.79	372777.83
671010B	425519.64	372699.92
671010C	426016.68	372893.8
671010D	428485.86	373658.09
671011A	431046.57	373878.2
671011B	431014.42	373869.92
671012	427267.34	377131.6
671013	429211.49	376485.06
671014A	431022.7	382890.27
671014B	431573.19	381616.53
671015	430418.18	384112.93
671016A	429291.37	381682.8
671016B	429643.63	383421.03
671017A	425978.21	384784.52
671017B	426500.1	382735.84
671018A	428365.16	381864.65
671018B	428512.69	381833.68
671019A	427334.8	381217.92
671019B	427231.25	381191.68
671019C	426919.22	381232.31
671019D	433377.49	386018.42
671020A	434096.42	374806.98
671020B	434211.21	374899.29
671020C	434782.99	375446.62
671021	427556.89	376759.22
671022	431144.99	374011.73

Viðauki 2: Örnefnakort Ingólfs Einarssonar[17]





[17] Birt með góðfúslegu leyfi Örnefnasafns Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Maríu Eggertsdóttur, ekkju Ingólfs Einarssonar.



Holtahreppur, Rang.
GÍSLHOLT og KAMBUR
Lauslegur örnefnauppdráttur eftir flugmynd, án engum mælingum.
Heimildarmenn um örnefni:
Kristinn Kristinsson (f. 1918), í Gíslholti 1927 og síðan, staðsetti Gíslholtsörnefni á upprættinum. Helstu heimildarfólk hans og föður hans, Kristins Kristjánssonar (f. 1872, d. 1953), var:
Þorsteinn Erlendsson, f. 1885 á Ketilsstöðum, d. 1967, lengstum bóndi þar; var í Gíslholti 1894–1908.
Erlendur Erlendsson, f. 1878 í Skarðssveit, d. 1963, lengstum bóndi í Þjóðólfshaga; var í Gíslholti 1894–1907.
Jónína Þórðardóttir, f. 1877 í Gíslholti, d. 1958, kona Erlendar Erlendssonar.
Halldóra Magnúsdóttir, f. 1875 á Ketilsstöðum, d. 1970, bjó í Snjallsteinshöfða, var í Gíslholti 1894–1902. Sagði mér margt af æskustöðum sínum í Upp-Holtum.
Árni Guðmundsson, f. 1900 í Kambi, var þar til 1920. Örnefnalýsing skráð af honum sjálfum 1975.
Guðmundur Guðmundsson, f. 1899, bóndi í Kambi 1944–64. Örnefnalýsing hans, skráð af Berg steini Kristjánssyni.
Gert með styrk og stuðningi Örnefnastofnunar Þjóðminjasafns 1970-79.
KAMBUR
Gíslholt
Kambsland (Holtahreppur)
Kambsá
Kambsvað
Kambsvatn
Kambsvatnsá
Kambsvatnsmýri
Kambsvatnsvað
Kambsvatnsvatn
Kambsvatnsvatnsá
Kambsvatnsvatnsmýri
Kambsvatnsvatnsvað
Kambsvatnsvatnsvatn
Kambsvatnsvatnsvatnsá
Kambsvatnsvatnsvatnsmýri
Kambsvatnsvatnsvatnsvað
Kambsvatnsvatnsvatnsvatn
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsá
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsmýri
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvað
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatn
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsá
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsmýri
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvað
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatn
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsá
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsmýri
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvað
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatn
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsá
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsmýri
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvað
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatn
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsá
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsmýri
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvað
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatn
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsá
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsmýri
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvað
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatn
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsá
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsmýri
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvað
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatn
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsá
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsmýri
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvað
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatn
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsá
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsmýri
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvað
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatn
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsá
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsmýri
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvað
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatn
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsá
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsmýri
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvað
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatn
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsá
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsmýri
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvað
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatn
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsá
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsmýri
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvað
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatn
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsá
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsmýri
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvað
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatn
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsá
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsmýri
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvað
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatn
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsá
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsmýri
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvað
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatn
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsá
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsmýri
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvað
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatn
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsá
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsmýri
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvað
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatn
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsá
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsmýri
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvað
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatn
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsá
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsmýri
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvað
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatn
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsá
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsmýri
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvað
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatn
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsá
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsmýri
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvað
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatn
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsá
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsmýri
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvað
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatn
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsá
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsmýri
Kambsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvatnsvað
Kambsvatn



Holtahreppur, Rang.
KVÍARHOLT
Mjög lauslegur örnefnauppdráttur eftir flugmynd, en engum mælingum
Heimildir:
Örnefnalýsingar Jóns Árnasonar (1881-1968) bónda í Kvíarholti 1907-10 og Þórðar Runólfssonar (1897-1965) bónda þar 1924-64; handrit í Örnefnastofnun.
Karl Þórðarson (f. 1923), sem hefur verið bóndi í Kvíarholti frá 1966, er uppalinn þar. Hann staðsetti örnefnin á hinum lauslega uppdrætti.
Gert með styrk og stuðningi Örnefnastofnunar Þjóðminjasafns.
1979-92
Högnalækur
Lækjamót
land Guttormshaga
Skurður
Skurðamýri
Skinnhúfa
Norðurgil
Holtstagl
Norðurnes
Kringluflóð
Flóðalækur
Flóð
Langaflóð
Flóðamýri
land Haga
Vélgrafinn skurður
Byrgisás
Breiðibakki
Breiðursgil
Kvíarholt
Litli-Byrgisás
Suðurgil
Hengandar
Hörmi
Stekkatúnshóll
Litlihóll
Barnabali
Bjallamýri
Gilbólar
Illalækjarós
Stekkatún
Hóltún
Bjalli
KVÍARHOLT
Eldiviðarfjós
Eldiviðarhóll
Kinn
Leynir
Hallishóll
Buna
Keldan
Lambaflóð
Toppurimi
Toppukelda
Holtsendi
Lambhúshóll
Álfakletta
Dagmálarimar
land Hreiðurs
Dynjandi
Breiðakelda
Brúarrimi
Brúarkelda
Stóririmi
Kringlumýri
Stórholtstagl
Stórholl
land Raftholts
Einbúi
Miðmundasnös
Brúnir
Breiðavík
Dýjalækur
Kimar
Háheiðarlautir
Háheiði
Dýjalækjarheiði
land Hvamms
Hrammsvík
Krossholl
0
500
1000 m
1 km (ónákvæmt)



Hreppur, Rang.
HREIÐUR
Lauslegur örnefnauppdráttur eftir flugmynd, en engum mælingum.
Heimildarmenn:
Albert Valdimarsson (f. 1933 í Hreiðri) staðsetti örnefnin á uppdrættinum.
Stuðst við örnefnalýsingu föður hans, Valdimars Sigurjónssonar (f. 1906 í Hreiðri), bónda í Hreiðri, skráða af Bergsteini Kristjánssyni; einnig lýsingu skráða af Guðlaugi E. Einarssyni eftir fyrirsögn Kristins Sigurjónssonar (f. 1902 í Hreiðri) bónda á Brautarhóli í Biskupstungum
Gert með styrk og stuðningi Örnefnastofnunar Þjóðminjasafns.
1975-79
HREIÐUR
KVÍARHOLT
Markhóll
Markarlæk
Laxá
ÞVERLÆKUR
Litlirimi
Lambhúsdý
Langir (Rimi)
Sandskarð
Hellraheiði
Lágheiði
Kambur
Nefsholtsland
Sölvadæla
Grástein
Mjóumýri
Pulumýri
NOKKUR ÖRNEFNI HJÁ HREIÐRI:
1. Flötin
2. Austurkinn
3. Gömlutraðir
4. Stóðtúnlaut
5. Norðurtún (Lambhúsmói)
6. Brekkukofalaut
7. Kúadý



GUTTORMSHAGI
Lauslegur örnefnauppdráttur eftir flugmynd, en engum mælingum.
Heimildarmaður um örnefni:
Þorsteinn Daníelsson
bóndi í Guttormshaga.
Ingólfur Einarsson
1977-78
SAURBÆR
HAGI
Hagaá
Hagaós
Hagaland
Hagabraut
Prestsbakki
Skinnhúfuvegur
Leirulækur
Stakksengi
Leirubakki
Kringlufláð
Markaflóð
Hagaleira
Hagakot
Kotsgil
Tangi
Ávelta
Þjakrókur
Lítla-Reiðholt
Reiðholtsvað
Hörgá
Hörgárfarvegur
Mógrafir
sauðahús
Heinasti-Nönhóll
Mið-Nönhóll
Syðsti-Nönhóll
Brúargil
Hagaland
Sauðagil
Merkihvoll
Framstagil
Lækjamót
Stjörnubyrgi
Kvíarholtsgil
Kvíarholtsland
Hólmundarfell
Sauðahús
Stóririmi
HREIÐUR
Skinnhúfuvegur
Sauðargil
Langholt
Markakelda
Helltún
Helltúr
Langholtsrimi
Stúfholtsgil
Stúfholtsvað
Fossnef
Stúfholtsland
Lækjarmógrafir
Stórihvammur
Friðrannsóknarhvammar
Langholtsgil
Stórhólstagl
Hjáleigumýri
Stekkatún
Kringlumýri
Skildingur
Langholtslaut
Stúfholtslaut
Móflöt
Borgarfellskriki
Stórhóll
Lindargata
Lind
Lindarbrekka
Lindarbrekkuhóll
Lindarbrekkuhólsbrekka
Lindarbrekkuhólsbrekkuhóll
Lindarbrekkuhólsbrekkuhólsbrekka
Lindarbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhóll
Lindarbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekka
Lindarbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhóll
Lindarbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekka
Lindarbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhóll
Lindarbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekka
Lindarbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhóll
Lindarbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekka
Lindarbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhóll
Lindarbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekka
Lindarbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhóll
Lindarbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekka
Lindarbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhóll
Lindarbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekka
Lindarbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhóll
Lindarbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekka
Lindarbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhóll
Lindarbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekka
Lindarbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhóll
Lindarbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekka
Lindarbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhóll
Lindarbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekka
Lindarbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhóll
Lindarbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekka
Lindarbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhólsbrekkuhóll


SAURBÆR
Lauslegur örnefnauppdráttur eftir flugmynd, en engum mælingum.
Heimildarmenn um örnefni:
bræðurnir
Páll Elíasson
Valdimar Elíasson
Þórður Elíasson
Stuðst við örnefnalýsingu föður þeirra, Elíasar Þórðarsonar bónda í Saurbæ 1910-46, skráða af Bergsteini Kristjánssyni.
1977-78
Vesturskurður
Saurbæjarengjar
Austurskurður
Saurbæjartangi
Saurbæjarholt
Smalanípumýri
Uppárholt
Bæjarholt
Kringlumýri
Fjallið
Fjárhús
Fjárhúsvatn
Fjárhúsvatnsá
Fjárhúsvatnsmýri
Fjárhúsvatnsmýrarhóll
Fjárhúsvatnsmýrarhólsá
Fjárhúsvatnsmýrarhólsáarós
Fjárhúsvatnsmýrarhólsáarósbakki
Fjárhúsvatnsmýrarhólsáarósbakkaós
Fjárhúsvatnsmýrarhólsáarósbakkaósbakki
Fjárhúsvatnsmýrarhólsáarósbakkaósbakkaós
Fjárhúsvatnsmýrarhólsáarósbakkaósbakkaósbakki
Fjárhúsvatnsmýrarhólsáarósbakkaósbakkaósbakkaós
Fjárhúsvatnsmýrarhólsáarósbakkaósbakkaósbakkaósbakki
Fjárhúsvatnsmýrarhólsáarósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaós
Fjárhúsvatnsmýrarhólsáarósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakki
Fjárhúsvatnsmýrarhólsáarósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaós
Fjárhúsvatnsmýrarhólsáarósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakki
Fjárhúsvatnsmýrarhólsáarósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaós
Fjárhúsvatnsmýrarhólsáarósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakki
Fjárhúsvatnsmýrarhólsáarósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaós
Fjárhúsvatnsmýrarhólsáarósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakki
Fjárhúsvatnsmýrarhólsáarósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaós
Fjárhúsvatnsmýrarhólsáarósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakki
Fjárhúsvatnsmýrarhólsáarósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaós
Fjárhúsvatnsmýrarhólsáarósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakki
Fjárhúsvatnsmýrarhólsáarósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaós
Fjárhúsvatnsmýrarhólsáarósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakki
Fjárhúsvatnsmýrarhólsáarósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaós
Fjárhúsvatnsmýrarhólsáarósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakki
Fjárhúsvatnsmýrarhólsáarósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaós
Fjárhúsvatnsmýrarhólsáarósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakki
Fjárhúsvatnsmýrarhólsáarósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaós
Fjárhúsvatnsmýrarhólsáarósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakki
Fjárhúsvatnsmýrarhólsáarósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaós
Fjárhúsvatnsmýrarhólsáarósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakki
Fjárhúsvatnsmýrarhólsáarósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaós
Fjárhúsvatnsmýrarhólsáarósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakki
Fjárhúsvatnsmýrarhólsáarósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaós
Fjárhúsvatnsmýrarhólsáarósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakki
Fjárhúsvatnsmýrarhólsáarósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaós
Fjárhúsvatnsmýrarhólsáarósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakki
Fjárhúsvatnsmýrarhólsáarósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaós
Fjárhúsvatnsmýrarhólsáarósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakki
Fjárhúsvatnsmýrarhólsáarósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaós
Fjárhúsvatnsmýrarhólsáarósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakkaósbakki
Fjárhúsvatnsmýrarhólsáarósbakkaós
Fjárhúsvatnsmýrarhólsáarósbakkaósbakki
Fjárhúsvatnsmýrarhólsáarósbakkaós
Fjárhúsvatnsmýrarhólsáarósbakkaósbakki
Fjárhúsvatnsmýrarhólsáarósbakkaós
Fjárhúsvatnsmýrarhólsáarósbakkaósbakki
Fjárhúsvatnsmýrarhólsáarósbakkaós
Fjárhúsvatnsmýrarhólsáarósbakkaósbakki
Fjárhúsvatnsmýrarhólsáarósbakkaós
Fjárhúsvatnsmýrarhólsáarósbakkaósbakki
Fjárhúsvatnsmýrarhólsáarósbakka


Holtahreppur, Rang.
Kaldárholt
Mjög lauslegur örnefnauppdráttur eftir flugmynd
HEIMILDIR:
Einar Ingimundarson (f. 1917) og Þuríður Guðmundsdóttir (f. 1875) í Kaldárholti til 1930; einnig Tómas Tómasson (f. 1898): Örnefnaflýsing í Örnefnastofnun. Ingimundur Benediktsson býð í Kaldárholti frá 1904.
Árni Einarsson (f. 1931), Unnur Einarsdóttir (f. 1933) og Jóna Einarsdóttir (f. 1936) í Kaldárholti til 1942. Foreldrar þeirra bjuggu þar frá 1930.
Staðsetningar örnefna að langmestu leyti: Gísli Helgason (f. 1943) bóndi í Kaldárholti, í samráði við systkini sín: Pál (f. 1935), Jón (f. 1937), Kristín (f. 1943) og Dagnýju (f. 1944). Foreldrar þeirra bjuggu þar frá 1930.
Nokkrar ábendingar frá Þóeði Eliassyni (f. 1917) frá Saurbæ.
Gert með styrk og aðstoð Örnefnastofnunar 1978-94
Kaldárholtsmýri
Kaldárholt
Árbakkar
Árbakkagerði
Árbakkaá
Árbakkaós
Árbakkaréttir
Árbakkar
Árbakkar
Árbakkar


Holtahreppur, Rang.
AKBRAUTARHOLT
Mjög lausiegur örnefnauppdráttur eftir flugmynd, en engum mælingum.
HEIMILDARMENN:
Jón Guðfinnsson, í Akbraut 1918-44.
Daníel Jónsson (f. 1878, d. 1959): Örnefnalýsing hans, skráð af Birni Þorsteinssyni.
Bræðurnir í Akbraut: Daníel (f. 1953) og Bjarni (f. 1956) Magnússynir.
Gert með styrk og stuðningi Örnefnastofnunar bjöðminjasafns 1977-84.
Árnessporður
Pjórsá (Árnesskvísl)
Eyri (vestur á Sandi)
Nátthagahóll
Nátthagi
Gamla-Akbraut (örnefni)
Kirkjuhóll
Kirkjuholt
Ósvatn (nú burrlendi)
Saurbæjarland
Brunurimi
Kirkjurimi
Kyrrholt
Hálfstöðuholt
Rauðskjólsrimi
Stafholtsland
Selholt
Breiðavík
Flatskerðar
Hryggur
Berjanef
Akbrautarholt (Akbraut)
Hamarinn
Pinghóll
Gilgarlettur
Kringlurimi
Austurspýrur
Hestakletter
Hestaflatir
Langvíðishólar
Hádegishóll
Sönghóll
Eystri-Hólhólar
Vestri-Hólhólar
Eystri-Langholtsendi
Vestri-Langholtsendi
Langholt
Melur
Ósinn
Hnúkur
Gapi
Lækjarland
Fitjaengi
Fitjaengjadý
Fitjaengjaós
Fitjaengjaós-Stífla
Fitjaengjaós-Stífla (Akbraut-Stífla)
Kaldárholtsland
Lækjarósar
Lækjarósar-Stífla
Lækjarósar-Stífla (Akbraut-Stífla)
Lækjarósar-Stífla (Akbraut-Stífla) (Stífla)
Lækjarósar-Stífla (Akbraut-Stífla) (Stífla) (Stífla)
Lækjarósar-Stífla (Akbraut-Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla)
Lækjarósar-Stífla (Akbraut-Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla)
Lækjarósar-Stífla (Akbraut-Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla)
Lækjarósar-Stífla (Akbraut-Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla)
Lækjarósar-Stífla (Akbraut-Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla)
Lækjarósar-Stífla (Akbraut-Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla)
Lækjarósar-Stífla (Akbraut-Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla)
Lækjarósar-Stífla (Akbraut-Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla)
Lækjarósar-Stífla (Akbraut-Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla)
Lækjarósar-Stífla (Akbraut-Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla)
Lækjarósar-Stífla (Akbraut-Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla)
Lækjarósar-Stífla (Akbraut-Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla)
Lækjarósar-Stífla (Akbraut-Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla)
Lækjarósar-Stífla (Akbraut-Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla)
Lækjarósar-Stífla (Akbraut-Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla)
Lækjarósar-Stífla (Akbraut-Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla)
Lækjarósar-Stífla (Akbraut-Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla)
Lækjarósar-Stífla (Akbraut-Stífla) (Stífla)
Lækjarósar-Stífla (Akbraut-Stífla) (Stífla)
Lækjarósar-Stífla (Akbraut-Stífla) (Stífla)
Lækjarósar-Stífla (Akbraut-Stífla) (Stífla)
Lækjarósar-Stífla (Akbraut-Stífla) (Stífla)
Lækjarósar-Stífla (Akbraut-Stífla) (Stífla)
Lækjarósar-Stífla (Akbraut-Stífla) (Stífla)
Lækjarósar-Stífla (Akbraut-Stífla) (Stífla)
Lækjarósar-Stífla (Akbraut-Stífla) (Stífla)
Lækjarósar-Stífla (Akbraut-Stífla) (Stífla)
Lækjarósar-Stífla (Akbraut-Stífla) (Stífla)
Lækjarósar-Stífla (Akbraut-Stífla) (Stífla)
Lækjarósar-Stífla (Akbraut-Stífla) (Stífla)
Lækjarósar-Stífla (Akbraut-Stífla) (Stífla)
Lækjarósar-Stífla (Akbraut-Stífla) (Stífla)
Lækjarósar-Stífla (Akbraut-Stífla) (Stífla)
Lækjarósar-Stífla (Akbraut-Stífla) (Stífla)
Lækjarósar-Stífla (Akbraut-Stífla) (Stífla)
Lækjarósar-Stífla (Akbraut-Stífla) (Stífla)
Lækjarósar-Stífla (Akbraut-Stífla) (Stífla)
Lækjarósar-Stífla (Akbraut-Stífla) (Stífla)
Lækjarósar-Stífla (Akbraut-Stífla) (Stífla)
Lækjarósar-Stífla (Akbraut-Stífla) (Stífla)
Lækjarósar-Stífla (Akbraut-Stífla) (Stífla)
Lækjarósar-Stífla (Akbraut-Stífla) (Stífla)
Lækjarósar-Stífla (Akbraut-Stífla) (Stífla)
Lækjarósar-Stífla (Akbraut-Stífla) (Stífla)
Lækjarósar-Stífla (Akbraut-Stífla) (Stífla)
Lækjarósar-Stífla (Akbraut-Stífla) (Stífla)
Lækjarósar-Stífla (Akbraut-Stífla) (Stífla)
Lækjarósar-Stífla (Akbraut-Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (Stífla) (


Holtahreppur, Rang.
LÆKUR
Lauslegur örnefnauppdráttur eftir flugmynd, en engum mælingum.
Heimildarmenn:
Sigfús Davíðsson, bóndi á Læk frá 1934, Hargrét S. Eyjólfsdóttir kona hans og Pálmi Sigfússon, nú bóndi á Læk. Einnig Sigurgeir Ingimundarson frá Stúfholti, sem aðstoðaði við staðsetningar örnefna.
Gert með styrk og stuðningi Örnefnastofnunar Þjóðminjasafns 1977-81.
Viðauki 1984:
Fiesjar
Heimribakkar
Klauf
Merkahólmi
Merkakelda
Eyrar
Dagmálaref
Brúnir
Hestaklettur
Hestafoss
Akbrautarland
Langholtshólar
Fossmýri
Árnesvísl (Þjórsá)
Langholt
mörk ónákvæm
Langholtskrókur
Mógil
Strymphólsgil
Strymphóll
Lækjarey
að Akbraut
Fiesjar
Tjörn
Syðri-Langholtsendi
Melur
Sleggjubjalli
Vesturbjalli
Klauf
Austurbjalli
Kinn
Stúfholtsland
Holdir
Gildarholt (Gyltuholt)
Fornufjós
LÆKUR
Kríueyri
Lækjarflóð
Lyngholt
Rás
Leira
Heimribakkar
Melar
Helamýri
Á
S
Grjót
Flatholt
Fremribakkar
Flagbjarnarholtsland
(Landmannahreppur)
Leira
Myrarbrún
Dammur
Bali
Hjallanesgkur
Hjallanesland
Flóðkíll
mörk ónákvæm
Hnúðholtskelda
Hnúðholt
Skammbeinsstaðaland
0
500
1000 m
1km (ónákvæmt)


STÚFHOLT
Lauslegur örnefnauppdráttur eftir flugmynd, en engum mælingum.
Heimildarmaður um örnefni:
Sigurgeir Ingimundarson, f. 1924
ólst upp frá 12 ára aldri hjá hjónunum Eyjólfi Þórðarsyni frá Hjallanesi (bjó í Vesturbænum í Stúfholti 1914-56) og Jónínu Sigbrúði Jónsdóttur frá Akbraut.
1977-78
Stúfholtstjörn
Stúfholtshjáleiga eystri (Eystri-hjáleiga)
Stúfholtshjáleiga vestari (Vestri-hjáleiga)
Saurbæjarholt (vestur Stúfholtshalt frá Saurbæ)
Saurbæjarland
Smalaskáli
Smalaskáli
Gildarholt
Gerði
Einbúi
Dalur
Bæjarholt
Vesturbær
Austurbær
Hellisbrekka
Lækur
Kringlumýri
Fjárhús-tótt
Fjósakrókur
Kálfalág
Litlirimi
Stóririmi
Torfrimi
Holtsendi
Kelda
Þorgilsarvík
Klöpp
Klöpp
Stakkur
Stakkjarlág
Torfholtslág(-laut)
Hólar
Nes
Þjófarimi
Lækur
Gutlaraholtsland
Þverrimjarland
Skambalnesteigsland
Fjárhús (Fjósholtsfjárhús)
Lækur
Lækur
Lækur

Holtahreppur, Rang.

ÞVERLÆKUR

Lauslegur örnefnauppdráttur eftir flugmynd, en engum mælingum.

Heimildarmenn fjórir ættliðir á Þverlæk:


Friðgerður Friðfinnsdóttir (f.1872 í Kvíarholti), bjó á Þverlæk 1900-1931. Stuðst við örnefnalýsingu hennar, skráða af Bergsteini Kristjánssyni.

Guðmundur Þorleifsson bóndi, f.1903 á Þverlæk og hefur alltaf átt þar heima.


Guðni Guðmundsson, f. 1933 á Þverlæk, bóndi þar.


Þórður Guðnason á Þverlæk, f.1957. Hann og Guðni faðir hans staðsettu örnefnin á uppdrættinum.

Gert með styrk og stuðningi Örnefnastofnunar þjóðminjasafns 1978-79.




SKAMMBEINSSTAÐIR
Mjög lauslegur örnefnauppdráttur eftir flugmynd, en engum mælingum. Heimildarmenn um örnefni bænda- ir á Skammbeinsstöðum:
Kari Pétursson
Sigurður Sigurðsson
1977-78
Stóri-Hraunsá
Tangi
Sandrimi
Lækjarland
Stóri-Hraunsá
Stóri-Hraunsá (Lindarsel-Skammbeinsstaðir)
Stóri-Hraunsá (Skammbeinsstaðir-Hjallanes)
Stóri-Hraunsá (Hjallanes-Ós)
Stóri-Hraunsá (Ós-Sjór)
Stóri-Hraunsá (Sjór-Ós)
Stóri-Hraunsá (Ós-Lindarsel)



MYKJUNES
Örnefni
Mjög lauslegt riss eftir flugmynd,
en engum mælingum.
Heimildarmaður um örnefni:
Magnús Guðmundsson
Mykjunesi
1975
MYKJUNES
Markhóll
Stórholt
Ásnef
Hellirar
Kofarimar
Dagmálarimi
Lindarnáll
Pokalág (Baggalág)
H o l t
Langirimi
Fiskirimi
Fiskarimi (Staðirimi)
Nónhnúkur
Brekkuvik
Steinkastun
Fit
Baulusker
Mógrafir
Grenjamýri
Hestadalur
0
500
1000 m
1 km (ónákvæmt)


PULA
Lauslegur örnefnauppdráttur eftir flugmynd, en engum mælingum.
Heimildarmaður um örnefni Bjarni Bjarnason dýralæknir í Vestmannaeyjum (hann var í Pulu 1908-20).
Stuðst við örnefnalýsingar Sigurþórs Þorleifssonar (í Pulu 1901-08) og Önnu Brynjólfsdóttur (í Pulu 1926-51), skráðar af Bergsteini Kristjánssyni.
1975-77
Flóðarimi (Markarimi, Stakirimi)
Mykjunesland
Bauluskurðsbotn
Botnarimi
Messurimi
Bauluskurður
Hegabraut
Hreiðurstand
Grásteinsholtskriki
Flóð (Flóðamýri)
Dýjamýri
Brýnisrimi
Grenjamýri
Hestadalur
Grásteinn
Litladý
Stóradý
Grásteinsholt
Kriki
Miðás
Miðáslaut
Grenjalaut
Kelduhinnarland
Götuland
Tagl
PULA (Litla-Pula)
Heimadæla
Miðdæla
Hádegisholt
Bæjarholt
Nóndæla
Nónholt
Hádegisdæla
Stórholt
Hellisholt
Hundraðsmannahellir sagður hafa verið í Hellisholti, óvíst hvar
Mjósund
Flatholt
Pululaut
Gamla-Pula (Stóra-Pula)
Pulutjörn
Landvegur
Bjarnatjörn
Langás
Ásamýri
Selás
Selaslaut
Flatholtslaut (Lágir)
Flatholtsmýri
Hrútaberjalaut
Hallstúnsland
Klettholt
0
500
1000 m
1 sm (einkvarði)


KALDAKINN
Örnefni
Mjög lauslegt riss eftir flugmynd, en engum mælingum.
Heimildarmaður um örnefni:
Guðsteinn Þorsteinsson frá Kaldukinn.
1974-75
KALDAKINN
Markakíll
Fjárskarð
Langaklofi
Innsti hvammur (Myrztihvammur)
Miðhvammur
Syðsti hvammur
Litlaskurður
Kolláttuhóll
Dýhóll
Berj(a)hóll
Stóri-Puluhóll
Gamla-Pula (Stóra-Pula)
Litli-Puluhóll
Pulutjörn
Lambhúshóll
Louhóll
Eldjárnshóll
Lambhús
Lind
Messuflag
Kaldálfur (Kaldálfskinn)
Réttarrimi
Nónvarða
Hryggskarð
Torfdæla
Stekkatún
Kringlumýri
Kirkjugata
Flatholtsmýri
Flatholtstagl
Nónvörðugata
Skarðahryggur
Réttarhryggur
Stakirimi
Litla-Skógarholt
Skógarholt (Stóra-Skógarholt)
Lágamýri
Fagrabrekka
Rimatagl
Fimmhundraðadý
Stekkatúnsskeið
Grænhóll
Dýjalækur
Fljót
Fljótsbyrfi (Fljótsárfit)
Einbúi
Brúnskeiðastur
Heimaskeið
Markakíll
Fjárskarð
Hlíðarhryggur
Skeiðvöllur
Hlíðarhryggur
Dý
Bál
Blautumýrarkrika
Blautaskeið
Hryggjakíll
Torfhóll
Nónholt
Hamarsholt
Blautamýri
0 500 1000 m
1 km (ónákvæmt)


Holtskreppur, Rang.
ÖLVERSHOLT
og
ÖLVERSHOLTSHJÁLEIGA
Örnefni
Hjög lauslegt riss eftir flugmynd, en engum mælingum. Mörk ónákvæm.
Heimildarmenn um örnefni:
Arnleif Einarsdóttir (f. 1889) frá Ölvesholti og Margi Bergsteinsson (f. 1911) bóndi í Ölvesholti 1938-47: Örnefnalýsingar beirra, skráðar af Bergsteini Kristjánssyni, í Örnefnastofnun.
Baldur (f. 1922) og Ólafur Örn (f. 1921) Árnasynir frá Ölversholtshjáleigu staðsettu örnefni á kortinu og bættu mjög miklu við skráðar lýsingar.
Gert með styrk og stuðningi Örnefnastofnunar Þjóðminjasafns.
Ingólfur Arnarson
1974-84
N e s
Hafursholt
Ölversholt
Ölversholtshjáleiga
Hamarshott
Stórhöll
Lágarnes
Gilsstaðir (Vestargil)
Sparðar
Rauðsbrekkur
Skarðsmýrarfjall
Fiskidalsfjall
Bjarnarey
Hólmur
Haukhólar
Skógarrimi
Prestarimi (ærhús Hjáleigu)
Hlöðundarimi (Elmi) (ærhús Hjáleigu)
Stóririmi
Hjáleigurimi
Litlirimi
Krossrimi (sauðahús Hjáleigu)
Poningafjós
Hlöðutóft
Skipastígur
Hlöðuvegur
Hlöðuhóll
Hlöðuhólsmýri
Hlöðuhólsengjar
Hlöðuhólsbrekka
Hlöðuhólsbrekkur
Hlöðuhólsbrekkuvegur
Hlöðuhólsbrekkuvegir
Hlöðuhólsbrekkuvegirnir
Hlöðuhólsbrekkuvegirnirnir
Hlöðuhólsbrekkuvegirnirnirnir
Hlöðuhólsbrekkuvegirnirnirnirnir
Hlöðuhólsbrekkuvegirnirnirnirnirnir
Hlöðuhólsbrekkuvegirnirnirnirnirnirnir
Hlöðuhólsbrekkuvegirnirnirnirnirnirnirnir
Hlöðuhólsbrekkuvegirnirnirnirnirnirnirnirnir
Hlöðuhólsbrekkuvegirnirnirnirnirnirnirnirnirnir
Hlöðuhólsbrekkuvegirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnir
Hlöðuhólsbrekkuvegirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnir
Hlöðuhólsbrekkuvegirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnir
Hlöðuhólsbrekkuvegirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnir
Hlöðuhólsbrekkuvegirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnir
Hlöðuhólsbrekkuvegirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnir
Hlöðuhólsbrekkuvegirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnir
Hlöðuhólsbrekkuvegirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnir
Hlöðuhólsbrekkuvegirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnir
Hlöðuhólsbrekkuvegirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnir
Hlöðuhólsbrekkuvegirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnir
Hlöðuhólsbrekkuvegirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnir
Hlöðuhólsbrekkuvegirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnir
Hlöðuhólsbrekkuvegirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnir
Hlöðuhólsbrekkuvegirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnir
Hlöðuhólsbrekkuvegirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnir
Hlöðuhólsbrekkuvegirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnir
Hlöðuhólsbrekkuvegirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnir
Hlöðuhólsbrekkuvegirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnir
Hlöðuhólsbrekkuvegirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnir
Hlöðuhólsbrekkuvegirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnir
Hlöðuhólsbrekkuvegirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnir
Hlöðuhólsbrekkuvegirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnir
Hlöðuhólsbrekkuvegirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnir
Hlöðuhólsbrekkuvegirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnir
Hlöðuhólsbrekkuvegirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnir
Hlöðuhólsbrekkuvegirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnir
Hlöðuhólsbrekkuvegirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnir
Hlöðuhólsbrekkuvegirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnir
Hlöðuhólsbrekkuvegirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnir
Hlöðuhólsbrekkuvegirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnir
Hlöðuhólsbrekkuvegirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnir
Hlöðuhólsbrekkuvegirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnir
Hlöðuhólsbrekkuvegirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnir
Hlöðuhólsbrekkuvegirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnir
Hlöðuhólsbrekkuvegirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnir
Hlöðuhólsbrekkuvegirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnirnir
Hlöðuhólsbrekkuvegirn


MARTEINSTUNGA, BJÁLMHOLT
GATA, HALLSTÚN
Lausleguir örnefnauppdráttur eftir flugmynd frá 1960, en engum mælingum. Dagbjartur Gunnarsson (f. 1913) í Marteinstungu og Sigurður Karlsson (f. 1928) í Bjálmholti settu örnefni á uppdráttinn, hvor á sínu svæði. Farið var eftir örnefnalýsingum Kristjáns J. Gunnarssonar (f. 1919) frá Marteinstungu, Sigurjóns Sigurðssonar (f. 1865) frá Bjálmholti (síðar í Raftholti) og Gunnars Einarssonar (f. 1876) í Marteinstungu (en Götu og Hallstún). Allar þær lýsingar varðveittar í Örnefnastofnun. Árbjörg Ólafsdóttir (f. 1915) frá Götu rifjaði upp marg örnefni.
Gert með stuðningi Örnefnastofnunar Þjóðminjasafns 1979-82
Örnefni, sem vantar á kortið:
Í MARTEINSTUNGU:
Kvíaflatir, í Framtúni, rétt ofan við Tagl, sem hætir Traðir.
Í BJÁLMHOLTI:
Lindarholtsgötur, norðan við Lindarholt.
Mosaróður, niður af Tígulsteykki.
Tígulsteykki, subur af Rúbusesk.
Torfsundshalda, grafhalda í Torfsundi.
Tryppagrjótur, í nánunvarðri Torfsundshaldu.



Lauslegur ör
flugmynd, en en
Stuðzt við
dikts Guðjónsso
Nefsholti 1896
skráða af Bergs
Aðrir heimil
jónsdóttir (í N
Páll Guðjónsson
holti 1910-32).


LÝTINGSSTAÐIR
Lausiegur örnefnauppdráttur efti
flugmynd, en engum mælingum.
Heimildarmenn um örnefni:
Lýtingur Jónsson,
á Lýtingsstöðum 1907-59.
Katrín Sigríður Jónsdóttir,
á Lýtingsstöðum 1913-53:
Örnefnalýsing skráð af
Bergsteini Kristjánssyni.
1976
Lýtingsstaðir
Fosshólar
Þjóðólfshagi
Gráitangi
Grótti
Gljúfurá
Gljúfurgljúfur
Gljúfurfoss
Stóri-Hvammur
Litli-Hvammur
Stóra-Grásteinsholt
Litla-Grásteinsholt
Stóra-Botnholt
Litla-Botnholt
Botnholt
Einbúi
Einbúahólar
Hellislækur
Hellisgerði
Hellisholt
Hellisholtsmýri
Hellisholtsgerði
Hellisholtsgerðismýri
Hellisholtsgerðisgil
Hellisholtsgerðisgilsmýri
Hellisholtsgerðisgilsmýrarhólar
Hellisholtsgerðisgilsmýrarhólarnir
Hellisholtsgerðisgilsmýrarhólarnir
Hellisholtsgerðisgilsmýrarhólarnir



MEIRITUNGA
Laustegur örnefnauppdráttur eftir flugmynd, en engum mælingum.
Heimildarmenn um örnefni bændurnir í Meiritungu:
Ketill Vilhjálmsson
Ragnar Marteinsson
Þórður Bjarnason
Stuðst við örnefnalýsingu Þorsteins Jónssonar bónda í Meiritungu, skráða af Bergsteini Kristjánssyni.
1975-77
MEIRITUNGA (áður Meldertunga)
Vestri-Vallarbrún
Eystri-Vallarbrún
Kistuhóll
Mið-Sandhóll
Brúnarhóll
Vegamót
Lambarimi
Gildruhóll
Hólmar
Hólmarimi
Meiritungubót
Hádegishóll
Hádegishólsrimi
Hellishólar
Engjaskarð
Engjahóll
Irphólarimar
Irphóll
Rauðalækur
Stóri-Rauðilækur
Litli-Rauðilækur
Tittlingagil
Svartabakkagil
Steinagil
Bergsteinsbrunnur
Meiritungulækur
Meiritungubót
Meiritungubótarimi
Meiritungubótarlækur
Meiritungubótarhólmi
Meiritungubótarhólmarimi
Meiritungubótarhólmarlækur
Meiritungubótarhólmarlækurbrú
Meiritungubótarhólmarlækurbrúarrimi
Meiritungubótarhólmarlækurbrúarrimiarlækur
Meiritungubótarhólmarlækurbrúarrimiarlækurbrúarrimiarlækurbrúarrimi


Holtahreppur, Rang.
SYÐRI-RAUÐALÆKUR
Mjög lausiegur örnefnauppdráttur eftir flugmynd, en engum mælingum. Heimildarmaður um örnefni,
Pálmar Guðjónsson
staðsetti þau á uppdráttinum. Hann „átti heima á Syðri-Rauðalæk frá sjö ára aldri á árunum 1941-67. Þá bjuggu þar Gunnar Runólfsson (1883-1967), Valgerður Runólfsdóttir (1876-1957) og Lára Pálsdóttir (1900-67). Sama ættin hefur búið þar frá árinu 1824". Samráð var haft við Runólf Haraldsson frá Efri-Rauðalæk, íbúanda á Syðri-Rauðalæk frá 1967.
Gert með styrk og stuðningi Örnefnastofnunar Þjóðminjasafns 1975-79.
ÖRNEFNI KRINGUM SYÐRI-RAUÐALÆK
1. Varpi
2. Rani
3. Traðarkjaftur
4. Skak
5. Gróningakrókur
6. Krókar
7. Skurðgarður
8. Þvottapyttur
9. Lambahellir
10. Kúadalur
11. Kúmensdalur
12. Hábraka
13. Hundalaut
14. Hrafnabjörg
15. Bora
16. Pallur
17. Brandskurð
18. Austastagerði
19. Miðgerði
20. Vestastagerði
21. Hestaréttí (aflögð)
Holtahnaust
Suðurlandsvegur
Gilsárlækur
Gilsárlækjarland
Gilsárlækjarmýri
Steinagil
Steinagilsmýri
Steinagilsás
Litlaholt
Litlaholtsmýri
Litlaholtsás
Litlaholtsgil
Litlaholtsmýrarás
Litlaholtsmýrarás
Litlaholtsmýrarás


BREKKUR
ÖRNEFNI
Mjög lauslegt riss, eftir flugmynd og korti, en engum mælingum.
Heimildarmenn um örnefni:
Hannes Árnason á Brekkum
Helgi Hannesson frá Sumarliðabæ
Margrét Sigurðardóttir frá Brekkum
Sigurður Guðmundsson á Brekkum
1971-74
Brekkunamýri
Selhólamýri
Vallarhólar
Vegamót
SYÐRI-RAUÐALÆKUR
EFRI-RAUÐALÆKUR
LITLATUNGA
BREKKUR
Vesturbær
Austurbær
Brekkuhóll
Brekkuhæð
Lágamýri
Merkihóll
Uppistaða
Efstadela
Grjótlækur
Litlatungugil
Vallarlækur
Vallargil
Smalaskáli
Ugluhóll
Berjahóll
Vallartún, Vallarhús (fjárhús Austurbæjar)
Vatnsstæði
Fossbrekka
Prestsdý
Rauðá
Nokkur örnefni merkt á brekkmagili og raudalæk:
1. Hálshagi
2. Gerði
3. Engjavað
4. Lambahellar, tveir
5. Stóralaut
6. Myllufoss, Fossbrekka
7. Jarðfall, Kattahellir
8. Fjárskrúkar
9. Mógrafir
10. Surtleigsklettar
11. Surtleigstangi
12. Flóð
13. Flóðarnef
14. Markhólspyttur
15. Eyrar
16. Slátturhóll
17. Kjámaskáli


LITLATUNGA
Lauslegur örnefnauppdráttur eftir flugmynd, en engum mælingum.
Heimildarmenn um örnefni
Ragnar Marteinsson
í Litlutungu 1923-31
Þórarinn Vilhjálmsson
í Litlutungu frá 1946
Stuðst við örnefnalýsingu Haraldar Eyjólfssonar, bónda í Litlutungu 1936-46, skráða af Bergsteini Kristjánssyni.
1974-77
Marteinstunguland
Markhóll
Völlur
Flatholt
Tryppishóll
Vilbergarhóll (rústir)
Smalaskóli
Einstakasnös (sauðahús)
Ugluhóll
Brekknaland
Gilja tunga
Austurgil
Vesturgil
Músarrimi
Langholtsmýri
Öldubakkakelda
Smárimar
Vestra- og Eystra-Langholt
Langholtsendi
Öldubakkagil
Botnholtsspýfi
Gilbotn (Botn)
Botnholt
Kattarrimi (Litlirimi)
Vondakelda
Útgil (nefnt svo í Litlutungu)
Ölversholtsgil (nefnt svo í Litlutungu)
Heimaholt
Brandsholt
LITLATUNGA
Vesturbær
Austurbær
Veita
Mógrafir
Stóririmi
Sótakelda
Stekkatún
Lækjarbakki
Rauðalækur
0
500
1000 m
1 km (ónákvæmt)



ÁRBÆR, ÁRBÆJARHELLIR
ÁRBÆJARHJÁLEIGA
HEIÐARBRÚN



HEYSHOLT
ÖRNEFNI
Lauslegt riss, að mestu eftir flug-
myndum Landmælinga Íslands.
Heimildarmaður um örnefni:
Óskar J. Guðmundsson, Heysholti.
Óskar Jónsson frá Holtsmúla aðstoðaði
við staðsetningar örnefna.
1968.
Smyrilshóll
Magnhildartjörn
Torfholt
Rauðhóll
Flagbjarnarholtsland
Steinarimi
Mýrarvarða
Litli-Stekkjarhóll
Stekkjardæla
Stóri-Stekkjarhóll
HEYSHOLT
Torfdæla
Dagmálahóll
Krúmýrarflóa
Krúmýri
sauðahús
Gamli-Stekkjartúnshóll
Vallartangi
Markavarða í Vallartanga
Jaðarsvarða
Steinborg
Moshóll
0
500 m
1000 m
(Ónákvæmt)


Viðauki 3: Minjakort


Við kortagerð voru notaðar loftmyndir frá Loftmyndum ehf.


Yfirlitskort: Landamerki og minjastaðir í Holtahreppi






Minjakort: Arnkötlustaðir
N
367033
367056A-E
367020A-B
367055
367010
367062
367061
367016A-B
367052B
367019
367063
367058
367050
367051
367034
367043
367035
367015A-B
367018B
367052A
367017
367049
367041
367040
367036
367037
367018A
367057A-B
367013
367038
367024
367025
367023
367022
367007A
367026
367009
367008
367007B
367039
367065
367042
367054A-C
367027
367021
367028
367012
367029
367030
367014A-D
367014E-L
367031
367032
0
0,5
1
kílómetrar



Minjakort: Gíslholt
N
380013
380005
380012A-D
380007A-F
380014
380016A
380008A-C
380022A-F
380009
380020
380015
380021
380004
380010
380023A-B
380026
380006A-E
380016B
380024
380025
380019
380028
380027A-C
380011
0
0,5
1
kílómetrar



Minjakort: Kambur
381014
N
381020
381012
381018
381019
381008
381017
381007
381016
381022
381010
381021
381023A-B
381015
381009A-B
381025
381006
0
0,5
1
kílómetrar



Minjakort: Raftholt
N
382009A-C
382013
382021A-C
382012
382005A-I
382011
382010A-C
382015
382008
382019A-D
382014A-O
0
0,5
1
kílómetrar



Minjakort: Kvíarholt
N
383030
383027
383029
383011A-B
383016A
383031
383009
383010
383018
383023
383028A-T
383013A-P
383026A-B
383012
383020A-O
383024
383022A-L
0
0,5
1
kílómetrar



Minjakort: Hreiður
N
384006
384025
384031A-B
384007B
384032
384035
384023
384022
384029A-B
384039
384036A-B
384037
384038
384016F
384030A-G
384018
384027
384020
384034
384017A-I
384028
384001
384015A-C
384019A-V
384016A-E
0
0,5
1
kílómetrar



Minjakort: Guttormshagi
N
385020
385011
385029
385010
385026
385024
385028
385013B
385006
385032
385014
385015
385013A
385030
385016
385025
385027
385009
385008F
385018
385008A-E
385019
385021
385022A-C
385033
385031
385035A-B
385036
385023A-E
385034
0
0,5
1
kílómetrar



Minjakort: Saurbær
N
386005A-O
386016A-B
386026
386008A-Q
386004A-F
386020A
386020B
386019
386006A
386006B
386009
386012
386010DB-F
386017
386025A-B
386023
386024B
386013
386018
386024A
0
0,25
0,5
kílómetrar



Minjakort: Hagi og Hagahjáleiga
N
387019A-B
387021
387010A-H
387023
387011
387012
387016
388001 Hagahjáleiga
387017
387018
387014
387015C
387015A-B
387020A-E
387022A-B
387022C
387024A-B
387026A-B
387027A-D
387025
0
0,5
1
kílómetrar



Minjakort: Ketilsstaðir
N
389007
389006
0
0,25
0,5
kílómetrar



Minjakort: Kaldárholt 1/2
N
390035A
390035B
390010
390031A-D
390006
390046
390047
390015
390013
390021A-B
390027
390050A
390050B
390026
0
0,5
1
kílómetrar



Minjakort: Kaldárholt 2/2
N
390055
390008A-B
390038
390043
390039
390042
390044
390017
390037A-B
390018
390034
390012
390040A-B
390053
390011
390016
390052
390036A-B
390045A-G
390020A-D
390033
390019
390030
390025
390048A-D
390023
390024
390049
0
0,5
1
kílómetrar



Minjakort: Akbraut(arholt)
N
391026
391012
391020
391021
391027
391029
391022
391028
391001A-C
391002
391006
391014
391006A-M
391015
391019
391025
391018A-B
391009
391008
391017A-B
391010D
391010A-E
0
0,5
1
kílómetrar



Minjakort: Lækur
N
392007B-C
392014
392006
392010
392009
392007A
392011
392013
392012
0
0,5
1
kílómetrar



Minjakort: Stúfholt
N
393013
393014
393022A-D
393020
393021A-H
393034
393025
393030
393023
393027
393032
393033
393028A
393017
393012
393028B
393018
393031
393015A-D
393024
393026
393016
0
0,5
1
kilometers



Minjakort: Þverlækur
N
394013
394008
394033
394014
394018
394023
394015A-L
394012
394020A-C
394021
394005
394030
394007
394024A-B
394025A-C
394025D
394011
394009
394028
394029
394022
394019
0
0,5
1
kílómetrar



Minjakort: Skammbeinsstaðir
N
395037
395042A-H
395039
395043
395035
395041
395012A-G
395038
395036
395020
395025A-F
395022
395032
395017
395018
395016
395031
395033A-B
395034
395015
395021
395024
395044A-B
395026
395013
395014
395030A-F
395029
395028A-B
395019A
395019B
0
0,5
1
kílómetrar



Minjakort: Mykjunes
N
396025
396019
396010
396017
396008A-C
396022
396016
396004A-E
396018
396005
396012
396015
396024
396023
396021
396007
396020
396006
0
0,5
1
kílómetrar



Minjakort: Pula
N
397013
397005
397010
397008
397018A
397012
397018B
397011
397009
397017
397019
397001A-J
397015
397002
397007
397006
397016
0
0,5
1
kílómetrar



Minjakort: Kaldakinn
N
398007
398008
398017
398006
398016
398018
398015
398010A-G
398012
398013
398014
398011A-C
0
0,5
1
kílómetrar



Minjakort: Ölversholt og Ölversholtshjáleiga
N
399006
399014
399015A-Z
Ölversholt
399037
399018
399009
399017
399008A-Z
399010
399025
399034
399035
399027A-D
399026
400014A-B
399011
399036A-B
400019
400007
399031
400008
399032
400020
399033
399030
400014C
399012
399016
399007
399028
399021
400021
400010A-D
400012
Ölversholtshjáleiga
400005
400006
0
0,5
1
kílómetrar



Minjakort: Marteinstunga
N
401007
401019
401029A-B
401027
401023
401017
401018A-B
401020
401016
401031
401028
401009
401012
401030A-C
401011
401014A-G
401008A-B
401013
0
0,5
1
kílómetrar



Minjakort: Bjálmholt, Hallstún og Gata
N
Gata
Hallstún
Bjálmholt
404012B
404006A-C
404004
404012A
404013
404005
404003
404014
404008A-B
404009
403010
403011A-B
403009
403005
403004A-B
403007
403008
404011
403006A-B
402016
402015
402018
402017
402005
402010
402019
402011
402022
402009
402012
402006A-C
0
0,5
1
kílómetrar



Minjakort: Nefsholt
N
405030
405009A-B
405028
405029
405027
405026A-B
405014A-F
405018
405017A-B
405019
405012
405011
405010
405016
405013
405021
405031
0
0,25
0,5
kílómetrar



Minjakort: Hvammur
N
406010
406015
406004B
406022
406004A
406013
406008
406020
406005
406006
406018
0
0,25
0,5
kílómetrar



Minjakort: Lýtingsstaðir
N
407007
407009
407027
407016
407006
407021
407032
407042A
407042B
407041
407020
407043
407004B
407004A
407046
407033
407035
407045
407030
407031
407018
407029A-E
407039B
407017
407010
407015A-B
407038A
407019
407034
407023
407040
407038B
407028
407008
407011
407024
407022
407026
407025
407005
407037B
407037A
407036
407044
0
0,5
1
kílómetrar



Minjakort: Þjóðólfshagi
N
409013
409009
409010
409041
409027
409035
409036
409026
409017
409025
409032
409029
409031
409018CA-D
409033
409037B
409037A
409028
409014
409024
409016
409039
409021
409042
409015
409022
409023
409038
0
1
2
kílómetrar



Minjakort: Meiri-Tunga
N
410012
410030
410036
410023
410031
410046
410047
410018
410045
410024
410033
410017
410042
410026
410035A-E
410034A-C
410019A-H
410029
410016
410028
410050
410049
410037
410038
410013
410015A-C
410048
0
0,5
1
kílómetrar



Minjakort: Rauðalækur neðri (syðri)
N
411039
411020A-C
411048
411043A-I
411012
411021
411047
411013
411024
411045
411008
411010
411007
411022
411018
411014
411041
411023B
411023A
411025
411037
411035
411036
411038
411034
411032
411026
411040
411030A-B
411049
411028A-C
411027
411011
411029
411046
411050
411031A-E
0
0,5
1
kílómetrar



Minjakort: Brekkur
N
412021
412020
412045
412023
412029
412030
412043
412031
412008
412046
412047
412024
412025
412009
412019
412033
412048
412041
412034
412035B
412035A
412011
412038
412012
412013
412014
412015
412042
412016
412018
412017
412049
412037
0
0,5
1
kílómetrar



Minjakort: Rauðalækur efri
N
412010
413033
413016A
413027B
413027A
413017
413023
413012
413028
413016B
413030
413014
413024
413009
413031A-E
413013
413008
413006
413025
413034
413032
413026
413029A-B
413035
413036
413019
413010
0
0,5
1
kílómetrar



Minjakort: Litla-Tunga
N
414010A-D
414011A-Q
414013B
414013A
414012
414015
414009
414005
414007
0
0,5
1
kílómetrar


Minjakort: Árbær og Árbæjarhjáleiga
N
415011
415012
415006A-D
415010
415016
Árbær
415008
415015
417005A-B
415009
415014A-B
417012A
417007
Árbæjarhjáleiga
417011
417006
417012B-C
417010
417009
417008
415019A-C
415017
0
0,5
1
kílómetrar


Minjakort: Árbæjarhellir
N
416023
416019
416014
416022
416024A-D
416026A-C
416008A-B
416016
416030
416017
416020A-F
416010A-D
416025
416018A-C
416029
416015
416028
416011
416012
0
0,5
1
kílómetrar


Minjakort: Heysholt
N
447021
447014
447023
447028A-B
447020
447010
447008
447009
447027
447026
447016
447017
447024A-B
447025
447018
447012A-B
447011A-B
447013
447015
0
0,25
0,5
kílómetrar


Minjakort: Laufaleitir
N
663030
663031
663021
663016
663029
663037B
663036
663037A
663017A-B
663022
663015
663010
663035
663013
663011
663009
663008
663020
663038
663040
663014
663034
663007
663023
663042
663006
663003
663041
663018A
663018A-B
663024
663004
663002
663025
663026
663027
663032A-R
663039
663001
663033
0
5
10
kílómetrar
MÝRDALSJÖKULL
TINDFJALLAJÖKULL
SLÉTTJÖKULL
Laufafell
Ljósártungur
Grasleysufjöll
Mælifellssandur
Hrafntinnusker
Torfajökull
Kaldaklofsfjöll
Hábarmur
Hraun
Austurhraun
Laufahraun
Langavatnshraun
Dalakvísl
Markarfljótsaurar
Markarfljót
Entujökull
Merkurjökull
Krossárjökull
BOTNJÖKULL
ÖLDUFELLSJÖKULL
SANDFELLSJÖKULL


Minjakort: Fornleifar á fleiri en einni jörð
N
671019D
671017A
671001A
671016B
671014A
671017B
671019E
671004B-C
671007D
671001B
671018A-B
671007B-C
671016A
671014B
671019A-C
671007A
671004A
671006
671002A
671003A
671003B
671002B
671005
671012
671021
671013
671020C
671020A-B
671022
671008B
671011A-B
671008A
671010D
671010A
671010C
671010B
0
2
4
kílómetrar